

AUGLÝSING

um birtingu á tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og ESB-gerðum á sviði fjármálaþjónustu sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn.

Eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar fela í sér að tilteknar reglugerðir á sviði fjármálaþjónustu eru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn var upphaflega birtur:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019, birt á bls. 59 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020. Tekin er upp m.a. eftirtalin reglugerð, með aðlögunum:
 - a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfallið, sjá fylgiskjal nr. 1 með auglýsingu þessari.
2. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020, sjá fylgiskjal nr. 2 með auglýsingu þessari.
3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021, sjá fylgiskjal nr. 3 með auglýsingu þessari.
4. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021, sjá fylgiskjal nr. 4 með auglýsingu þessari. Teknar eru upp m.a. eftirtaldar reglugerðir, með aðlögunum:
 - a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar, gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sjá fylgiskjal nr. 5 með auglýsingu þessari.
 - b. Reglugerð (ESB) 2020/873 frá 24. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar tilteknar aðlaganir til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum, sjá fylgiskjal nr. 6 með auglýsingu þessari.

Þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og reglugerðir sem að framan greinir og hafa ekki verið birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari. Birtingin er liður í undirbúningi þess að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvarp til innleiðingar á viðkomandi reglugerðum í íslenskan rétt, með þeim aðlögunum sem gerðar hafa verið við upptöku þeirra í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sömu ákvarðanir og reglugerðir verða jafnframt á síðara stigi birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 17. mars 2022.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Gunnlaugur Helgason.

Fylgiskjal 1.**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/62****frá 10. október 2014****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013
að því er varðar vogunarhlutfallið**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum j-lið 1. mgr. 456. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Frá 1. janúar 2015 eiga stofnanir að birta vogunarhlutfallið sem reiknað er út í samræmi við 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; fyrir þá dagsetningu hefur framkvæmdastjórnin fullt umboð til að samþykka framselda gerð til að breyta mælistærðum áhættuskuldbindingar og fjármagns við útreikning á vogunarhlutfallinu, til að leiðrétta mögulega annmarka sem greinast á grundvelli tilkynninga frá stofnunum.
- 2) Mismunur hefur komið í ljós milli tilkyntra vogunarhlutfalla, sem um getur í 2. mgr. 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem stafar af ólíkri túlkun stofnana á skuldajöfnun veðtrygginga í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og endurhverfum viðskiptum. Þessi mismunur í túlkun og skýrslugjöf hefur sýnt sig í kjölfar greiningarskýrslunnar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) birti 4. mars 2014.
- 3) Þar sem ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 endurspeglar Basel-staðlana er einnig hægt að nota lausnirnar sem fundist hafa á annmörkunum á Basel-reglunum til þess að ráða bót á samsvarandi annmörkunum í viðkomandi ákvæðum þeirrar reglugerðar.
- 4) Baselnefndin samþykkti 14. janúar 2014 endurskoðaðar reglur um vogunarhlutfallið, einkum með sérstökum viðbótarmælingum og skuldajöfnunarfyrirkomulagi fyrir endurhverf viðskipti og fjármögnunarviðskipti með verðbréf. Samræming ákvæðanna í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 varðandi útreikninginn á vogunarhlutfallinu með alþjóðlega viðurkenndum reglum ætti að taka á ólíkum túlkunum stofnana við skuldajöfnun veðtrygginga í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og endurhverfum viðskiptum og ætti einnig að auka alþjóðlega samanburðarhæfni ásamt því að skapa jöfn samkeppniskeyrði fyrir stofnanir sem eru með staðfestu í Sambandinu og starfa á alþjóðavísu.
- 5) Greiðslujöfnun fyrir milligöngu miðlægra mótaðila samkvæmt grundvallarlíkaninu sem alla jafnan er notað í Sambandinu orsakar tvítalningu á vogun í mælistærð áhættuskuldbindingar stofnunar sem er í hlutverki stöðustofnunaraðila.
- 6) Greiðslujöfnun fjármögnunarviðskipta með verðbréf, sérstaklega hvað varðar endurhverf viðskipti, í gegnum fullgilda, miðlæga mótaðila (QCCPs) getur haft í för með sér ávinning s.s. marghliða skuldajöfnun og traustar aðferðir við umsjón veðtrygginga sem auka á fjármálastöðugleika. Þess vegna ætti að leyfa að viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir í reiðufé í endurhverfum verðbréfa kaupum og endurhverfri verðbréfasölu fyrir milligöngu sama fullgilda, miðlæga mótaðila séu skuldajafnaðar.
- 7) Endurhverf viðskipti sem hægt er að slíta hvenær sem er, með fyrirvara um samþykktan uppsagnarfrest, ættu að teljast jafngild því að hafa tiltekinn líftíma, jafnan uppsagnarfrestinum, og „sami tiltekni lokauppgjörsdagur“ ætti að teljast vera uppfyllt þannig að slík viðskipti séu hæf til skuldajöfnunar á viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé í endurhverfum verðbréfa kaupum og endurhverfri verðbréfasölu við sama mótaðilann.
- 8) Endurskoðaða vogunarhlutfallið ætti að leiða til nákvæmari mælingar á vogun og ætti að þjóna sem viðeigandi takmörkun á uppsöfnun vogunar í stofnunum með staðfestu í Sambandinu.
- 9) Tímasetning skýrslugjafar um vogunarhlutfallið við lok ársfjórðungslegs reikningsskilatímabils, fremur en skýrslugjöf á grundvelli þriggja mánaða meðaltals, aðlagar vogunarhlutfallið betur að gjaldþolsskýrslugjöfinni.
- 10) Það að nota vergar grundvallarfjárhæðir fyrir selda útlánavör, sem gefin er út af stofnun, endurspeglar

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

betur vögun í samanburði við að nota markaðsvirðisaðferðina fyrir þessa gerninga.

- 11) Samstæðuumfangið fyrir útreikning á vögunarhlutfallinu ætti að vera sambærilegt hinu eftirlitsbundna samstæðuumfangi sem notað er til að ákvarða áhættuvegnu eiginfjárlutföllin.
- 12) Breytingarnar sem kynntar eru með þessari reglugerð ættu að auðvelda samanburð á vögunarhlutfallinu sem stofnanir birta og stuðla að því að ekki sé villt um fyrir markaðsaðilum hvað varðar raunverulega vögun stofnana. Það er þess vegna nauðsynlegt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.
- 13) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 429. gr. kemur eftirfarandi:

„429. gr.

Útreikningur á vögunarhlutfalli

1. Stofnanir skulu reikna út vögunarhlutfall sitt í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram í 2.–13. mgr.
2. Vögunarhlutfallið skal reiknað sem mælistærð fjármagns stofnunar, deilt með heildarmælistærð áhættuskuldbindingar þeirrar stofnunar og skal gefið upp í hundradshlutum.
Stofnanir skulu reikna út vögunarhlutfallið á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafarinnar.
3. Að því er varðar 2. mgr. skal mælistærð fjármagns vera eiginfjárbáttur 1.
4. Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar skal vera summan af virði áhættuskuldbindinga af:
 - a) eignum, sem um getur í 5. mgr., að því undanskildu að þær séu dregnar frá þegar mælistærð fjármagns er ákvörðuð, sem um getur í 3. mgr.,
 - b) afleiðum sem getur í 9. mgr.,
 - c) viðbótum fyrir útlánaáhættu mótaðila af endurhverfum viðskiptum, lánveitingum eða lántökum vegna verðbréfa eða hrávöru, gnóttsamningum og viðbótalanveitingum vegna kaupa/sölu verðbréfa, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings, sem um getur í 429. gr. b,
 - d) liðum utan efnahagsreiknings sem um getur í 10. mgr.
5. Stofnanir skulu ákvarða virði áhættuskuldbindingar af eignum, að undanskildum samningum sem taldir eru upp í II. viðauka og lánaafleiðum, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:
 - a) áhættuskuldbindingarvirði eigna merkir virði áhættuskuldbindingar í samræmi við fyrsta málslið 1. mgr. 111. gr.,
 - b) áþreifanlegar eða fjárhagslegar veðtryggingar, ábyrgðir eða mildun útlánaáhættu, sem keypt er, skal ekki nota til að lækka áhættuskuldbindingarvirði eigna,
 - c) ekki skal skuldajafna útlán með innlánnum,
 - d) að endurhverfum viðskiptum, lánveitingum eða lántökum vegna verðbréfa eða hrávöru, gnóttsamningum og viðbótalanveitingum vegna kaupa/sölu verðbréfa, skuli ekki vera skuldajafnað.
6. Stofnanir geta dregið frá mælistærð áhættuskuldbindingar, sem sett er fram í 4. mgr. þessarar greinar, fjárhæðirnar sem dregnar eru frá almennu eigin fé þáttar 1, í samræmi við d-lið 1. mgr. 36. gr.
7. Lögbær yfírvöld geta leyft stofnun að taka ekki með í mælistærð áhættuskuldbindingar áhættuskuldbindingar sem geta notið ávinnings af meðhöndluninni sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 113. gr. Lögbær yfírvöld geta veitt þetta leyfi eingöngu þegar öll skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-liðum 6. mgr. 113. gr. eru uppfyllt og þegar þau hafa gefið samþykkið sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 113. gr.
8. Þrátt fyrir d-lið 5. mgr. geta stofnanir ákveðið virði áhættuskuldbindingar af viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé í endurhverfum viðskiptum, lánveitingum eða lántökum vegna verðbréfa eða hrávöru, gnóttsamningum og viðbótalanveitingum vegna kaupa/sölu verðbréfa við sama mótaðila á hreinum grunni, eingöngu ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - a) viðskiptin hafi sama tiltekna lokauppgjörsgdag,

- b) rétturinn til að jafna saman fjárhæðinni sem skulduð er mótaðilanum með fjárhæðinni sem mótaðilinn skuldar er framfylgjanlegur samkvæmt lögum í öllum eftirfarandi aðstæðum:
 - i. í venjubundnum viðskiptum,
 - ii. ef um er að ræða vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot,
- c) mótaðilarnir hafa í hyggju að jafna saman, gera upp samtímis, eða viðskiptin falla undir uppgjörsfyrirkomulag sem hefur í för með sér virkt ígildi uppgjör á hreinum grunni.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar leiðir uppgjörsfyrirkomulag til virks ígildis uppgjör á hreinum grunni ef hrein niðurstaða sjóðstreymis viðskiptanna samkvæmt því fyrirkomulagi er á greiðsludeginum jafngild einstöku hreinu fjárhæðinni við uppgjör á hreinum grunni.

9. Stofnanir skulu ákvarða virði áhættuskuldbindingar af samningum, sem taldir eru upp í II. viðauka, og af lánaafleiðum, þ.m.t. þeirra sem eru utan efnahagsreiknings, í samræmi við 429. gr. a.

10. Stofnanir skulu ákvarða virði áhættuskuldbindingar liða utan efnahagsreiknings, að undanskildum samningum sem taldir eru upp í II. viðauka, lánaafleiðum, endurhverfum viðskiptum, lánveitingum eða lántökum vegna verðbréfa eða hrávöru, gnóttsamningum og viðbótalánveitingum vegna kaupa/sölu verðbréfa, í samræmi við 1. mgr. 111. gr. Samt sem áður skulu stofnanir ekki lækka nafnvirði þessara liða með sértækum leiðréttingum á útlánaáættu.

Þegar skuldbinding vísar til framlengingar á annari skuldbindingu skal, í samræmi við 9. mgr. 166. gr., nota þann breytistuðul sem lægri er af þeim tveimur sem tengdir eru hvorri skuldbindingu um sig. Virði áhættuskuldbindingar liða með litla áhættu utan efnahagsreiknings, sem um getur í d-lið 1. mgr. 111. gr., skal heyra undir neðri mörk jöfn 10% af nafnvirði þeirra.

11. Stofnun sem er stöðustofnunaraðili fullgilds, miðlægs mótaðila (QCCP) má í útreikningnum á mælistærð áhættuskuldbindingar undanskilja viðskiptastöður eftirfarandi liða, að því tilskildu að þessar viðskiptastöður séu gerðar upp við þann fullgilda, miðlæga mótaðila og uppfylli, á sama tíma, skilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 306. gr.:

- a) samninga, sem taldir eru upp í II. viðauka,
- b) lánaafleiður,
- c) endurhverf viðskipti,
- d) viðskipti í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru,
- e) gnóttsamninga,
- f) lánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa.

12. Þegar stofnun sem er stöðustofnunaraðili fullgilds, miðlægs mótaðila ábyrgist gagnvart þeim fullgilda, miðlæga mótaðila frammistöðu viðskiptavinar sem gengur beint inn í afleiðuviðskipti við hinn fullgilda, miðlæga mótaðila, skal hún taka með í mælistærð áhættuskuldbindingar áhættuskuldbindinguna sem stafar af ábyrgðinni, sem afleiðuáhættuskuldbindingu gagnvart viðskiptavininum, í samræmi við 429. gr. a.

13. Ef góðar reikningsskilavenjur viðkomandi lands viðurkenna fjárvörslueignir í efnahagsreikningi, í samræmi við 10. gr. tilskipunar 86/635/EBE, má undanskilja þær eignir frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar í tengslum við vogunarhlutfallið, að því tilskildu að þær uppfylli skilyrði fyrir því að vera ekki teknar til greina sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum (IAS) 39, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og, ef við á, skilyrði fyrir því að falla ekki undir samstæðu-reikningsskil sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum (IFRS) 10, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

14. Lögbær yfirlögd geta leyft stofnun að undanskilja frá mælistærð áhættuskuldbindingar, áhættuskuldbindingar sem uppfylla öll af eftirfarandi skilyrðum:

- a) þær eru áhættuskuldbindingar gagnvart opinberum aðila,
- b) þær eru meðhöndlaðar í samræmi við 4. mgr. 116. gr.,
- c) þær stafa af innstæðum sem stofnunin er lagalega skuldbundin að yfirfæra til opinbers aðila, sem um getur í a-lið, í þeim tilgangi að fjármagna fjárfestingar í þágu almannahagsmuna.“

- 2) Eftirfarandi 429 gr. a og 429 gr. b bætast við:

„429. gr. a

Virði áhættuskuldbindingar afleiðna

1. Stofnanir skulu ákvarða virði áhættuskuldbindingar samninga sem taldir eru upp í II. viðauka og lánaafleiðna, þ.m.t. þeirra sem eru utan efnahagsreiknings, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 274. gr. Stofnanir skulu beita a-lið 2. mgr. 299. gr. til að ákvarða um hugsanlega framtíðarútlánaáhættuskuldbindingu fyrir lánaafleiður.

Við ákvörðun um hugsanlega framtíðarútlánaáhættuskuldbindingu lánaafleiðna skulu stofnanir beita þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 299. gr. á allar lánaafleiður sínar, ekki einungis þær sem eru færðar í veltubók.

Við ákvörðun á virði áhættuskuldbindingar geta stofnanir tekið tillit til áhrifanna af samningum fyrir skuldskeytingu og aðra skuldajöfnunarsamninga, í samræmi við 295. gr. Skuldajöfnun milli afurða skal ekki beitt. Samt sem áður geta stofnanir skuldajafnað innan vörflokksins sem um getur í c-lið 25. liðar í 272. gr. og lánaafleiðna þegar þær heyra undir samningsbundinn skuldajöfnunarsamning milli afurða, sem um getur í c-lið 295. gr.

2. Þegar veiting veðs í tengslum við afleiðusamninga lækkar fjárhæð eigna, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, skulu stofnanir snúa þeirri lækkun við.

3. Að því er varðar 1. mgr. geta stofnanir dregið viðbótartryggingu, sem móttækin er í reiðufé frá mót-aðilanum, frá núgildandi endurnýjunarkostnaðarhlutanum af virði áhættuskuldbindingar, svo fremi að viðbótartryggingin hafi ekki þegar, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, verið færð sem frádráttur frá virði áhættuskuldbindingar, og þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) reiðufénu sem mótaðilinn móttækur er ekki haldið aðskildu, að því er varðar viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð fyrir milligöngu fullgilds, miðlægs mótaðila,
- b) viðbótartryggingin er reiknuð og henni skipt út daglega á grundvelli mats á markaðsvirði afleiðustaðna,
- c) viðbótartryggingin, sem móttækin er í reiðufé, er í sama gjaldmiðli og gjaldmiðill uppgjörnsins á afleiðusamningnum,
- d) viðbótartryggingin sem skipt er út er heildarfjárhæðin sem nauðsynleg væri til að útrýma að fullu áhættuskuldbindingu afleiðunnar sem grundvallast á matinu á markaðsvirði með fyrirvara um viðmiðunar- og lágmarksfjárhæðir millifærslu sem eiga við um mótaðilann,
- e) afleiðusamningurinn og viðbótartryggingin milli stofnunarinnar og mótaðilans að þeim samningi falla undir einstakan greiðslujöfnunarsamning sem stofnunin má líta svo á að dragi úr áhættu, í samræmi við 295. gr.

Að því er varðar c-lið fyrsta undirgreinar, ef afleiðusamningurinn fellur undir hæfan rammasamning um skuldajöfnun merkir gjaldmiðill uppgjörnsins hvern þann gjaldmiðil uppgjörns sem tilgreindur er í afleiðusamningnum, gildandi hæfum rammasamningi um skuldajöfnun eða lánastuðningsviðaukanum (e. *credit support annex*) við hinn hæfa rammasamning um skuldajöfnun.

Þegar stofnun færir, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, viðbótartrygginguna sem greidd er með reiðufé á mótaðilann sem móttækna eign, má hún undanskilja þá eign frá mælistærð áhættuskuldbindingar, að því tilskildu að skilyrðin í a- til e-liðum séu uppfyllt.

4. Að því er varðar 3. mgr. skal eftirfarandi eiga við:

- a) frádráttinn af viðbótartryggingunni sem móttækin er skal takmarka við jákvæðan núgildandi endurnýjunarkostnaðarhluta af virði áhættuskuldbindingarinnar,
- b) stofnun skal ekki nota viðbótartryggingu sem móttækin er í reiðufé til að lækka fjárhæðir hugsanlegrar framtíðarútlánaáhættuskuldbindingar, þ.m.t. í tilgangi ii. liðar c-liðar 1. mgr. 298. gr.

5. Til viðbótar við meðhöndlunina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. fyrir skriflegar lánaafleiður, skulu stofnanir taka með í virði áhættuskuldbindingar hinar raunverulegu grundvallarfjárhæðir sem vísað er til í seldu lánaafleiðunum, að frádræginni sérhverri neikvæðri breytingu á gangvirði sem hefur verið tekið upp í eiginfjárbætti 1 að því er varðar seldu lánaafleiðuna. Færa má framkomið virði áhættuskuldbindingar enn frekar niður með raunverulegu grundvallarfjárhæðinni af keyptri lánaafleiðu á sama tilvísunarnafni, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) fyrir lánaafleiður gagnvart einum aðila verða keyptu lánaafleiðurnar að vera á tilvísunarnafni sem metið er jafn réttátt eða réttlægra undirliggjandi tilgreindri skuldbindingu af seldu lánaafleiðunni og að lánaatburður á réttæri tilgreindri eign muni leiða af sér lánaatburð á hinni víkjandi eign,
- b) þegar stofnun kaupir vörn á safn tilvísunarnafna getur vörnin sem keypt er þá aðeins vegið á móti seldri vörn á safn tilvísunarnafna að hópur tilgreindra aðila og stig undirskipunar í báðum viðskiptum sé eins,
- c) eftirstöðvartími keyptu lánaafleiðunnar er jafn eða lengri en eftirstöðvartími seldu lánaafleiðunnar,
- d) við ákvörðun á viðbótarvirði áhættuskuldbindingar fyrir seldar lánaafleiður er grundvallarfjárhæðin á lánaafleiðunni sem keypt er lækkuð með sérhverri jákvæðri breytingu á gangvirði sem hefur verið tekið upp í eiginfjárbátt 1, að því er varðar keyptu lánaafleiðuna,
- e) að því er varðar áhættulög eignasafns er lánaafleiðan, sem keypt er sem vörn, á tilgreinda skuldbindingu sem flokkast jöfn undirliggjandi tilgreindri skuldbindingu af seldu lánaafleiðunni.

Þegar grundvallarfjárhæð seldrar lánaafleiðu er ekki lækkuð með grundvallarfjárhæð lánaafleiðu sem keypt er, geta stofnanir dregið hina einstöku hugsanlegu framtíðaráhættuskuldbindingu, þeirrar seldu lánaafleiðu, frá hugsanlegu heildarframtíðaráhættuskuldbindingunni sem ákvörðuð er skv. 1. mgr. þessarar greinar, í tengslum við 2. mgr. 274. gr. eða a-lið 2. mgr. 299. gr., eftir því sem við á. Þegar mögulega framtíðarlánaáhættan á að vera ákvörðuð í tengslum við ii. lið c-liðar 1. mgr. 298. gr. má lækka PCE_{gross} með hinni einstöku hugsanlegu framtíðarlánaáhættu seldrar lánaafleiðu án þess að leiðrétting sé gerð á nettó/brúttó-hlutfallinu.

6. Stofnanir skulu ekki lækka hina raunverulegu grundvallarfjárhæð seldu lánaafleiðunnar þegar þær kaupa útlánavörn í gegnum heildarskiptasamning og skrá hreinar móttæknar greiðslur sem hreinar tekjur, en skrá ekki á móti neina rýrnun á virði hinnar seldu lánaafleiðu sem endurspeglast í eiginfjárbætti 1.

7. Þegar um er að ræða lánaafleiður sem keyptar eru á hóp viðmiðunaraðila geta stofnanir, skv. 5. mgr., ekki fært til frádráttar seldar lánaafleiður á einstök tilvísunarnöfn nema ef keypta vörnin er fjárhagslega jöfn því að kaupa aðskilda vörn á hvert og eitt einstakt nafn í hópnum. Ef stofnun kaupir lánaafleiðu á hóp tilvísunarnafna getur hún aðeins fært lækkun á safn seldra lánaafleiðna þegar safn tilgreindra aðila og stig undirskipunar í báðum viðskiptum eru eins.

8. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir einungis nota aðferðina, sem sett er fram í 275. gr., til að ákvarða virði áhættuskuldbindingar samninga sem taldir eru upp í 1. og 2. lið II. viðauka, ef þær nota þá aðferð einnig til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði þessara samninga, í þeim tilgangi að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns sem sett er fram í 92. gr.

Þegar stofnanir beita aðferðinni, sem sett er fram í 275. gr., skulu þær ekki lækka mælistærð áhættuskuldbindingar um móttækna fjárhæð viðbótartryggingarinnar í reiðufé.

429 gr. b

Viðbót við útlánaáhættu mótaðila að því er varðar endurhverf viðskipti, lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru, gnóttsamninga og viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa

1. Í viðbót við virði áhættuskuldbindingar í endurhverfum viðskiptum, lántökum eða lánveitingum í verðbréfum eða hrávöru, gnóttsamningum og viðbótarlánveitingum vegna kaupa/sölu verðbréfa, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings í samræmi við 5. mgr. 429. gr., skulu stofnanir taka með í mælistærð áhættuskuldbindingar viðbót fyrir útlánaáhættu mótaðila sem ákvörðuð er í samræmi við 2. eða 3. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á.

2. Að því er varðar 1. mgr., vegna viðskipta við mótaðila sem ekki falla undir rammasamning um skuldajöfnun, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 206. gr., skal viðbótin (E_i^*) ákvörðuð í hverjum viðskiptum fyrir sig í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$E_i^* = \max\{0, E_i - C_i\}$$

þar sem:

E_i er gangvirði verðbréfa eða reiðufjár sem lánað er mótaðilanum í viðskiptum i ,

C_i er gangvirði reiðufjár eða verðbréfa sem móttækið er frá mótaðilanum í viðskiptum i .

3. Að því er varðar 1. mgr., fyrir viðskipti við mótaðila, sem falla undir rammasamning um skuldajöfnun, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 266. gr., skal viðbótin fyrir þessi viðskipti (E_i^*) ákvörðuð í hverjum viðskiptum fyrir sig í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$E_i' = \max \left\{ 0, \left(\sum_i E_i - \sum_i C_i \right) \right\}$$

þar sem:

E_i er gangvirði verðbréfa eða reiðufjár sem lánað er mótaðilanum fyrir viðskiptunum sem heyra undir rammasamning um skuldajöfnun i ,

C_i er gangvirði reiðufjár eða verðbréfa sem móttakið er frá mótaðilanum sem heyra undir rammasamning um skuldajöfnun i .

4. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir nota aðferðina sem sett er fram í 222. gr., með fyrirvara um 20% neðri mörk fyrir viðeigandi áhættuvog, til að ákvarða viðbótina fyrir endurhverf viðskipti, lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru, gnóttsamninga og viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa, þ.m.t. þau sem eru utan efnahagsreiknings. Stofnanir mega eingöngu nota þessa aðferð þegar þær nota hana einnig til að ákvarða virði áhættuskuldbindingar þessara viðskipta í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar vegna eiginfjárgrunns, eins og sett er fram í 92. gr.

5. Þegar reikningsskil vegna sölu eru gerð fyrir endurhverf viðskipti, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, skal stofnun snúa við öllum sölutengdum reikningsskilafærslum.

6. Þegar stofnun kemur fram sem umboðsaðili fyrir tvo aðila í endurhverfum viðskiptum, lánveitingum eða lántökum vegna verðbréfa eða hrávöru, gnóttsamningum og viðbótarlánveitingum vegna kaupa/sölu verðbréfa, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings, skal eftirfarandi eiga við:

- a) þegar stofnunin útvegar viðskiptavinum eða mótaðila tryggingu eða ábyrgð sem takmarkast við mismuninn á milli virðis verðbréfsins eða reiðufjárupphæðarinnar, sem viðskiptavinur hefur lánað, og virðisins á veðinu sem lántakinn hefur útvegað, skal hún eingöngu taka með í mælistærð áhættuskuldbindingar viðbótina sem ákvörðuð er í samræmi við 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á,
- b) þegar stofnunin útvegar ekki neinum hinna hlutaðeigandi aðila tryggingu eða ábyrgð skulu viðskiptin ekki tekin með í mælistærð áhættuskuldbindingar,
- c) þegar stofnunin ber fjárhagslega áhættu gagnvart undirliggjandi verðbréfi eða reiðufé í viðskiptunum, umfram áhættuskuldbindinguna sem viðbótin nær yfir, skal hún einnig taka með í mælistærð áhættuskuldbindingar áhættuskuldbindingu sem er jöfn allri upphæð verðbréfsins eða reiðufjárins.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

Fylgiskjal 2.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 16/2020

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingarvernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 0630**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 (Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4).“

2. Aðlögunartexti l) er endurtölusettur sem aðlögunartexti m).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta k).

„l) Í gr. 469a, að því er varðar EFTA-rikin, orðast „26. apríl 2019“ sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020“.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/630, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

Fylgiskjal 3.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 50/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunar skyldu, frestun á stöðustofnunar skyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrárm og kröfum fyrir afleiðuviðskiptaskrárm ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42.

2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,
TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 0834**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42).“

2. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta e):

„ea) Í 2. mgr. 4. gr. a og 2. mgr. 10. gr. koma orðin á „gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021“ í stað orðanna hinn „17. júní 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin.“

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta liðar f).

„fa) Í 6. gr. a:

(i) í 1. mgr. er orðunum „og, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“, og í 2. mgr. „og, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnunar EFTA“ á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.

(ii) í 4. mgr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal Eftirlitsstofnun EFTA, án ótilhlýðilegrar tafar, eftir viðtöku beiðni eins og um getur í 1. mgr., á grundvelli þess rökstuðnings og gagna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram, annaðhvort fresta stöðustofnunaraskyldunni vegna hinna tilteknu flokka OTC-afleiðna eða hinnar tilteknu tegundar mótaðila sem um getur í 1. mgr. með ákvörðun eða synja um umbeðna frestun. Synji Eftirlitsstofnun EFTA um umbeðna frestun skal hún veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skriflegan rökstuðning fyrir synjuninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal tafarlaust gera fastanefnd EFTA-ríkjanna viðvart og framsenda þeim rökstuðninginn sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram. Þær upplýsingar skulu ekki gerðar opinberar.“

Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu eiga samstarf með það fyrir augum að taka samhljóða afstöðu að því er varðar frestun stöðustofnunaraskyldunnar og, eftir því sem við á, viðskiptaskyldu og að því er varðar framlengingu frestunarinnar í samræmi við 8. mgr.“

(iii) í fyrstu málsgrein 8. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „getur Eftirlitsstofnun EFTA, með ákvörðun,“ í stað orðanna „getur framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerð,“.

(iv) í þriðju málsgrein 8. mgr. er orðunum „og fastanefndar EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðinu „ráðsins“.

(v) í fjórðu málsgrein 8. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „framkvæmdargerðinni“ sem „ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA“.

fb) Í 1. mgr. 9. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „12. febrúar 2014“ sem „gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016“ og á „gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016“.

4. Í stað aðlögunartexta liðar g) kemur eftirfarandi:

„Í 3. mgr. 11. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „16. ágúst 2012“ sem á „gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016“.“

5. Eftirfarandi kemur í stað liðar iii) í aðlögunartexta liðar r):

„að því er EFTA-ríkin varðar kemur hugtakið „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað hugtaksins „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“, í 2., 3., 4., og 5. mgr. og í fyrsta og öðrum málslíð 6. mgr.“

6. Í stað liðar iii) í aðlögunartexta liðar s) kemur eftirfarandi:

„að því er EFTA-ríkin varðar kemur hugtakið „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað hugtaksins „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 2. til 8. mgr. og í fyrsta, öðrum og þriðja málslíð 9. mgr.“

7. Í stað liðar v) í aðlögunartexta liðar t) kemur eftirfarandi:

„í 4. og 6. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninnar“;

8. Liður iv) í aðlögunartexta liðar t) og liður v) í aðlögunartexta liðar t) eru endurtölusettir sem liður v) í aðlögunartexta liðar t) og liður iv) í aðlögunartexta liðar t), í þeirri röð.

9. Í stað i) liðar í aðlögunartexta liðar w) kemur eftirfarandi:

„í 1. mgr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við á eftir annarri undirgrein:

„Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA skv. 1. mgr. 73. gr. og um dagsektir skv. 66. gr. skal hún gefa aðilunum sem málsmeðferðin varðar tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum um niðurstöðurnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einungis byggja drög sín á niðurstöðum sem þeir aðilar sem málsmeðferðin varðar hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis byggja ákvarðanir sínar skv. 1. mgr. 73. gr. og um dagsektir skv. 66. gr. á niðurstöðum sem þeir aðilar sem málsmeðferðin varðar hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

Þriðja og fjórða undirgrein þessarar málsgreinar skulu ekki eiga gilda um ákvarðanir sem vísað er til í a-, c-, og d-lið 1. mgr. 73. gr. ef grípa þarf til tafarlausra aðgerða til að koma í veg fyrir umtalsverðan og yfirvofandi tjón í fjármálakerfinu eða til þess að koma í veg fyrir umtalsverðan og yfirvofandi skaða á heilleika, gagnsæi, skilvirkni og trúverðugleika fjármálamarkaða, m.a. stöðugleika eða nákvæmni gagna sem tilkynnt eru afleiðuviðskiptaskrá. Í slíkum tilvikum getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útbúið drög og Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt bráðabirgðaákvörðun. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til þess að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að slík drög hafa verið samin.“;

10. Texti liðar iii) í aðlögunartexta liðar zd) fellur brott.

11. Í stað liðar i) í aðlögunartexta liðar zh) kemur eftirfarandi:

„í 1. mgr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við á eftir fyrstu undirgreininni:

„Í tvö ár eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021 gildir stöðustofnunaraskyldan, sem sett er fram í 4. gr., ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, og um aðila með staðfestu í EFTA-ríki í því skyni að annast bætur til aðila slíks kerfis ef vanskil verða.

Stöðustofnunaraskyldan sem sett er fram í 4. gr. skal ekki gilda um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í annarri undirgrein þessarar málsgreinar sem lífeyriskerfi hafa gert frá 2. júlí 2020 til síðasta dags fyrir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021.“;

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/834, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal 4.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 301/2021
frá 29. október 2021
um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar nettó-fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 65, 25.2.2021, bls. 61.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/873 frá 24. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar tilteknar breytingar vegna COVID-19 heimsfaraldursins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/424 frá 17. desember 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar óhefðbundna staðalaðferð fyrir markaðsáhættu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/453 frá 15. mars 2021 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar sérstakar skýrslugjafarkröfur fyrir markaðsáhættu ⁽⁵⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 71.
- 6) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/451 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerðir (ESB) nr. 680/2014 ⁽⁶⁾, (ESB) 2015/79 ⁽⁷⁾, (ESB) 2015/227 ⁽⁸⁾, (ESB) 2015/1278 ⁽⁹⁾, (ESB) 2016/313 ⁽¹⁰⁾, (ESB) 2016/322 ⁽¹¹⁾, (ESB) 2016/428 ⁽¹²⁾, (ESB) 2016/1702 ⁽¹³⁾, (ESB) 2017/1443 ⁽¹⁴⁾, (ESB) 2017/2114 ⁽¹⁵⁾, (ESB) 2018/1627 ⁽¹⁶⁾ og (ESB) 2020/429 ⁽¹⁷⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.
- 7) IX. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 204, 26.6.2020, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 97, 19.3.2021, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 89, 16.3.2021, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 191, 28.6.2014, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 14, 21.1.2015, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 48, 20.2.2015, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 205, 31.7.2015, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 60, 5.3.2016, bls. 5.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2016, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 83, 31.3.2016, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 263, 29.9.2016, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 213, 17.8.2017, bls. 1.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 321, 6.12.2017, bls. 1.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 281, 9.11.2018, bls. 1.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 96, 30.3.2020, bls. 1.

I. gr.

Lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:
 - „– **32019 R 0876**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 65, 25.2.2021, bls. 61,
 - **32020 R 0873**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/873 frá 24. júní 2020 (Stjtið. ESB L 204, 26.6.2020, bls. 4),
 - **32021 R 0424**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/424 frá 17. desember 2019 (Stjtið. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 1).“
2. Eftirfarandi kemur í stað aðlögunartexta e) til m)
 - „e) 1. mgr. 4. gr.:
 - i) í 75. tl. koma orðin „Noregi og“ fyrir framan orðið „Svíþjóð“,
 - ii) í 128. tl. að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „löggiöf Sambandsins eða landslöggiöf“ „EES-samningnum eða landslögum“.
 - f) „Í a-lið 7. mgr. 18. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „28. desember 2020“ sem á „gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021“.
 - g) Í b-lið 1. mgr. 31. gr. að því er varðar EFTA-ríkin orðast „framkvæmdastjórn“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“.
 - h) Að því er varðar EFTA-ríkin skal b-liður 1. mgr. 36. gr. gilda frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur tæknilega eftirlitsstaðla sem vísað er til í 4. mgr. 36. gr.
 - i) Í lið n) í annarri málsgrein 72. gr. b. og fyrstu málsgrein 448. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „28. júní 2021“ sem „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021“.
 - j) Í 1. og 2. mgr. 80. gr. er orðunum „eða, ef um er að ræða EFTA-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“.
 - k) Í 4. mgr. 329. gr., 2. mgr. 344. gr., 6. mgr. 352. gr. og 4. mgr. 358. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, er orðunum „ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur“ bætt við á eftir „gildistökudegi“.
 - l) Í 395. gr.:
 - i) í 7. og 8. mgr. gilda gildir orðið „ráðið“ ekki að því er varðar EFTA-ríkin,
 - ii) 1. undirgrein 8. mgr. hljóðar, að því er varðar EFTA-ríkin, sem hér segir:

„Fastanefnd EFTA-ríkjanna hefur heimild til að samþykkja ákvörðun um að samþykkja eða hafna fyrirhugaðri innlendri ráðstöfun sem um getur í 7. mgr.“,
 - iii) eftirfarandi kemur í stað fyrsta málsliðar annarrar undirgreinar 8. mgr.:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal innan eins mánaðar frá því að tilkynningin, sem um getur í 7. mgr. berst láta í ljós álit sitt á þeim atriðum sem nefnd eru í þeirri málsgrein við ráðið, framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki eða, ef álit hennar varðar innlendar ráðstafanir sem EFTA-ríki leggur til, fastanefnd EFTA-ríkjanna og hlutaðeigandi EFTA-ríki.“
 - m) Í 413. gr. og 415. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „lögum Sambandsins“ sem „ákvæðum EES-samningsins“.
 - n) Skilja ber vísanir til ríkisaðstoðarreglna Sambandsins svo að þær vísi til reglna um ríkisaðstoð sem kveðið er á um í 2. kafla IV. hluta EES-samningsins, þ.m.t. viðeigandi viðaukar og bókanir við EES-samninginn, og að því er EFTA-ríkin varðar, viðeigandi ákvæðum samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
 - o) Í 458. gr.:
 - i) Að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar fyrsta undirgrein 2. mgr. svo:

„Ef yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. þessa ákvæðis greinir breytingar á styrk þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáætlu í fjármálakerfinu sem getur haft alvarlegar neikvæðar afleið-“

ingar í fjármálakerfinu og raunhagkerfinu í tilteknu EFTA-ríki og sem það yfirvald telur ekki unnt að fást við með öðrum þjóðhagsvarúðartækjum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í tilskipun 2013/36/ESB með jafn skilvirkum hætti og með því að innleiða strangari innlendar ráðstafanir skal það tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópska kerfisáættaráðinu (ESRB) samkvæmt því. ESRB skal framsenda fastanefnd EFTA-ríkjanna tilkynninguna og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni án tafar.“

- ii) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar 1. undirgrein 4. mgr. sem hér segir:

„Fastanefnd EFTA-ríkjanna hefur, að fenginni tillögu frá Eftirlitsstofnun EFTA, heimild til þess að samþykkja ákvörðun um að hafna drögum að innlendum ráðstöfunum, sem um getur í d-lið 2. mgr.“,

- iii) í annarri undirgrein 4. mgr. er eftirfarandi bætt við:

„Ef álit þeirra varðar drög að innlendum ráðstöfunum EFTA-ríkis skulu ESRB og EBA láta álit sitt í ljós við fastanefnd EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi EFTA-ríki.“,

- iv) að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar þriðja til áttunda undirgrein 4. mgr. sem hér segir:

„Að teknu tilliti til þeirra álita sem um getur í annarri undirgrein og ef fyrir hendi eru sterkar, kröftugar og ítarlegar vísbendingar um að ráðstöfunin hafi neikvæð áhrif á innri markaðinn sem vegur þyngra en fjárhagslegur stöðugleiki, sem leiðir til lækkunar á þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáættu sem tilgreind hefur verið, getur Eftirlitsstofnun EFTA innan eins mánaðar lagt til við fastanefnd EFTA-ríkjanna að hafna drögum að innlendum ráðstöfunum.“

Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemur ekki með tillögu innan þessa eins mánaða tímabils getur hlutaðeigandi EFTA-ríki tafarlaust samþykkt drög að innlendum ráðstöfunum í allt að tvö ár, eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáættan er liðin hjá ef það gerist fyrir.

Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal taka ákvörðun um tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA innan eins mánaðar frá móttöku tillögunnar og tilgreina ástæður þess að hafna eða samþykkja drögin að innlendum ráðstöfunum.

Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal einungis hafna drögum að innlendum ráðstöfunum ef hún telur að einu eða fleirum eftirfarandi skilyrða sé ekki fullnægt:

- breytingar á styrk þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáættu eru þess eðlis að það veldur hættu fyrir fjármálastöðugleika á landsvísu,
- þjóðhagsvarúðartækin sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB eiga síður við eða eru óskilvirkari en drög að innlendum ráðstöfunum í því skyni að fást við þá þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáættu sem búið er að greina,
- drög að innlendum ráðstöfunum fela ekki í sér óhóflega skaðleg áhrif á fjármálakerfið á heildina litið eða að hluta hjá öðrum samningsaðilum eða á EES-svæðinu í heild, sem myndi leiða til eða skapa hindrun í starfsemi innri markaðarins, og
- málið varðar einungis eitt EFTA-ríki.

Mat fastanefndar EFTA-ríkjanna skal taka tillit til álits ESRB og EBA og byggjast á þeim gögnum sem lögð eru fram í samræmi við 2. mgr. af hálfu þess stjórnvalds sem hefur verið tilnefnt í samræmi við 1. mgr.

Ef ekki liggur fyrir ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna um að hafna drögum að innlendum ráðstöfunum innan eins mánaðar frá viðtöku tillögu af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA, getur EFTA-ríkið samþykkt ráðstafanirnar og beitt þeim í allt að tvö ár eða þangað til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáættu hættir að vera til staðar ef það gerist fyrir.“

- v) að því er varðar EFTA-ríkin orðast 6. mgr. sem hér segir:

„Ef EFTA-ríki viðurkennir ráðstafanir sem kveðið er á um samkvæmt þessari grein skal það tilkynna það fastanefnd EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA, EBA, ESRB og samningsaðilum að EES-samningnum sem hefur heimild til að beita ráðstöfunum.“

- vi) í 9. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „framkvæmdastjórn“.

- p) Í 469. gr. a., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „26. apríl 2019“ sem „gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020“.

- q) EFTA-ríkin geta gert ráð fyrir því í landslögum sínum að undanþágurnar sem kveðið er á um í 494. gr. gildi um tímabil sem ekki eru lengri en 30 mánuðir frá gildistöku degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021.
- r) Í 500. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „í eitt ár eftir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021“ í stað orðanna „28. júní 2022“.

2. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 14ab (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„**32021 R 0451**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 (Stjtið. ESB L 97, 19.3.2021, bls. 1).“

3. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1889) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azv. **32021 R 0453**: Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/453 frá 15. mars 2021 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar sérstakar skýrslugjafarkröfur fyrir markaðs-áhættu (Stjtið. ESB L 89, 16.3.2021, bls. 3) sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 71.“

4. gr.

Lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 0876**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).“

2. Texti v-liðar aðlögunartexta liðar zh) fellur brott.

5. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2019/876, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 65, 25.2.2021, bls. 61, og (ESB) 2020/873, framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/424 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/451 og (ESB) 2021/453, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 71, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal 5.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/876**

frá 20. maí 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar fjármálakreppunnar sem reið yfir á árunum 2007–2008 gerði Sambandið verulegar endurbætur á lagaramma sínum um fjármálaþjónustu til þess að efla viðnámsþrótt fjármálastofnana sinna. Þessar endurbætur voru grundvallaðar á alþjóðlegum stöðlum sem Baselnefndin um bankaeftirlit (e. *Basel Committee on Banking Supervision* (BCBS)) samþykkti 2010 og þekktir eru sem Basel III ramminn. Ein þeirra mörgu ráðstafana sem endurbótapakinn fól í sér var samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽⁴⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽⁵⁾ sem styrktu varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (stofnanir).
- 2) Þrátt fyrir að endurbæturnar hafi eflt stöðugleika fjármálakerfisins og aukið þol þess gegn mörgum tegundum mögulegra áfalla og kreppa í framtíðinni tóku þær ekki á öllum þeim vandamálum sem greindust. Helsta ástæðan fyrir því var að þeir aðilar sem settu alþjóðlegu staðlana, s.s. Baselnefndin um bankaeftirlit og ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika (e. *Financial Stability Board* ((FSB)) höfðu á þeim tíma ekki lokið vinnu sinni við að finna alþjóðlega samþykktar lausnir á þessum vandamálum. Nú þegar lokið hefur verið við mikilvægar viðbótar endurbætur ætti að takast á við þau vandamál sem enn eru óleyst.
- 3) Í orðsendingu sinni frá 24. nóvember 2015 undir heitinu „Að koma sambandi bankamála endanlega á“ viðurkenndi framkvæmdastjórnin að þörf væri á því að draga frekar úr áhættu og skuldbatt sig til að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf sem myndi byggja á alþjóðlega samþykktum stöðlum. Ráðið viðurkenndi einnig þörfina á frekari raunverulegum lagalegum ráðstöfunum til að draga úr áhættu í bankageiranum í niðurstöðum sínum frá 17. júní 2016 og jafnframt Evrópuþingið í ályktun sinni frá 10. mars 2016 um bankamál Sambandsins – Ársskýrsla 2015 ⁽⁶⁾.
- 4) Ráðstafanir til að draga úr áhættu ættu ekki aðeins að styrkja viðnámsþrótt evrópska bankakerfisins og traust markaðanna á því heldur einnig að mynda grundvöll fyrir frekari framförum við að fullgera samband bankamála. Þessar ráðstafanir ætti einnig að skoða með tilliti til almennari áskorunar sem efnahagslíf Sambandsins stendur frammi fyrir, einkum þess að þörf er á að stuðla að auknum vexti og atvinnu á tímum óvissu í efnahagsmálum. Í þessu tilliti hefur verið haft frumkvæði að ýmsum stórum stefnumálum, s.s. fjárfestingaráætlun fyrir Evrópu og sambandi fjármagnsmarkaða til að styrkja efnahag Sambandsins. Því er mikilvægt að allar ráðstafanir til að draga úr áhættu tengist á samræmdan hátt þessum stefnufrumkvæðum sem og víðtækari nýlegum umbótum í fjármálageiranum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 34, 31.1.2018, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 209, 30.6.2017, bls. 36.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2019.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfæriseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 50, 9.2.2018, bls. 80.

- 5) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að vera jafngild alþjóðlega samþykktum stöðlum og tryggja áframhaldandi jafngildi milli tilskipunar 2013/36/ESB, reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og Basel III rammans. Aðlaganirnar sem miðast við að endurspeglar sérstaka eiginleika Sambandsins og almennari pólitísk sjónarmið ættu að vera takmarkaðar að því er varðar umfang og gildistíma til þess að skaða ekki almenna skilvirkni varfærirammans.
- 6) Núgildandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, einkum kröfur um skýrslu- og upplýsingagjöf ætti einnig að bæta til að tryggja að hægt sé að beita þeim á hófstiltari hátt og að þær skapi ekki of mikið álag að því er varðar hlítungu, einkum fyrir litlar og einfaldari stofnanir.
- 7) Markviss einföldun á kröfum að því er varðar beitingu meðalhófsreglunnar kalla á nákvæma skilgreiningu á litlum og einföldum stofnunum. Eitt algilt hámark tekur í sjálfu sér ekki mið af sérstökum eiginleikum landsbundinna bankamarkaða. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að aðildarríkin geti að eigin ákvörðun aðlagð hámarkið að innlendum aðstæðum og fært það niður ef við á. Þar sem stærð stofnunar er í sjálfu sér ekki afgerandi fyrir áhættusnið hennar er einnig nauðsynlegt að beita viðbótar eigindlegum viðmiðunum sem tryggja að stofnun sé eingöngu talin vera lítil og einföld stofnun og geti nýtt sér hóflegri reglur ef hún uppfyllir allar viðeigandi viðmiðanir.
- 8) Vogunarhlutföll stuðla að því að viðhalda fjármálastöðugleika með því að virka sem varnagli (e. *backstop*) fyrir áhættumiðaðar eiginfjárkröfur og takmarka uppsöfnun óhóflegar skuldsetningar meðan uppgangur er í efnahagslífinu. Baselfélagið um bankaefirlit hefur endurskoðað alþjóðlega staðalinn um vogunarhlutfallið til þess að skilgreina nánar tiltekna þætti við útfærslu á þessu hlutfalli. Aðlaga ætti reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að endurskoðuðum staðli til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavettvangi fyrir stofnanir sem hafa staðfestu innan Sambandsins en sem starfa utan þess og til að tryggja að þetta vogunarhlutfall verði áfram skilvirk viðbót við áhættutengdar kröfur um eiginfjárgrunn. Því ætti að innleiða kröfu um vogunarhlutfall sem viðbót við núverandi kerfi fyrir skýrslu- og upplýsingargjöf að því er varðar vogunarhlutfallið.
- 9) Til þess að hindra ekki að nauðsynjalausu útlán stofnana til fyrirtækja og einkaheimila og til að koma í veg fyrir óæskileg neikvæð áhrif á seljanleika á markaði ætti að fastsetja kröfuna um vogunarhlutfallið þannig að það virki sem trúverðugur varnagli gagnvart hættunni á of mikilli vogun án þess að draga úr hagvexti.
- 10) Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaefirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁷⁾ komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni frá 3. ágúst 2016 um kröfuna um vogunarhlutfallið að vogunarhlutfall eiginfjárpáttar 1 kvarðaður við 3% fyrir allar tegundir lánastofnana myndi virka sem trúverðugur varnagli. Baselfélagið um bankaefirlit samþykkti einnig á alþjóðavísu kröfuna um 3% vogunarhlutfallið. Því ætti að kvarða kröfuna um vogunarhlutfall við 3%.
- 11) Krafa um 3% vogunarhlutfall myndi því hefta ákveðin viðskiptalíkön og atvinnugreinar meira en önnur. Einkum myndu almennar lánveitingar frá opinberum þróunarböndum og útflutningslán sem njóta opinbers stuðnings verða fyrir ótilhlýðilegum áhrifum. Því ætti að aðlaga vogunarhlutfallið fyrir þessar tegundir af áhættu. Því ætti að setja skýrar viðmiðanir sem stuðla að því að fastsetja opinbert umboð slíkra lánastofnana sem skulu ná yfir þætti á borð við stofnsetningu þeirra, tegund starfsemi þeirra, markmið og ábyrgðar-fyrirkomulag opinberra aðila og takmarkanir á innlánastarfsemi. Form og háttur stofnsetningar slíkra lánastofnana ætti þó áfram að vera háð ákvörðun ríkis, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds hvers aðildarríkis og getur falist í því að slík opinber yfirvöld komi á fót nýrri lánastofnun, kaupi eða taki hana yfir, þ.m.t. með eftirgjöf og ef um er að ræða skilameðferð, á fyrirliggjandi stofnun.
- 12) Vogunarhlutfall ætti ekki heldur að hindra stöðustofnunarþjónustu stofnana til handa viðskiptavinum sínum. Því ætti upphafstryggingin fyrir miðlægt stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem stofnanir taka við frá viðskiptavinum sínum og koma áfram til miðlægra mótaðila að vera útilokuð frá slíkri heildarmælistærð áhættuskuldbindingar.
- 13) Í sérstökum aðstæðum sem réttlæta útilokun tiltekinnar áhættuskuldbindinga gagnvart seðlaböndum frá vogunarhlutfallinu og til að auðvelda framkvæmd stefnu í peningamálum ættu lögbær yfirvöld að geta útilokað tímabundið slíkar áhættuskuldbindingar frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar. Í þessu skyni ættu þau að lýsa því yfir opinberlega, að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka, að slíkar sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Endurkvarða ætti vogunarhlutfallið hlutfallslega til að vega upp á móti áhrifum útilokunarinnar. Slík endurkvörðun ætti að tryggja útilokun alls sem stofnað gæti fjármálastöðugleika í hættu og hefði áhrif á viðkomandi bankageira og viðhalda þanþolinu sem vogunarhlutfallið veitir.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópski eftirlitsstofnun (Evrópska bankaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

- 14) Rétt þykir að innleiða kröfu um vogunarhlutfallsauka fyrir stofnanir sem auðkenndar eru sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (e. *global systemically important institutions* (G-SIIs)) í samræmi við tilskipun 2012/36/ESB og staðal Baselnefndarinnar um bankaeftirlit sem varðar vogunarhlutfallsauka fyrir kerfislega mikilvæga banka á alþjóðavísu (e. *global systemically important banks* (G-SIBs)) sem var birtur í desember 2017. Vogunarhlutfallsaukinn var kvarðaður af Baselnefndinni um bankaeftirlit í þeim sérstaka tilgangi að milda hlutfallslega meiri hættu sem fjármálastöðugleika stafar af kerfislega mikilvægum bönkum á alþjóðavísu og með það í huga ætti hann sem stendur að gilda eingöngu um kerfislega mikilvæga banka á alþjóðavísu. Hins vegar ætti að fara fram frekari greining til að ákvarða hvort rétt væri að beita kröfu um vogunarhlutfallsauka gagnvart öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum (e. *other systemically important institutions* (O-SIIs)), eins og skilgreint er í tilskipun 2013/36/ESB, og ef svo er, hvernig aðlaga ætti kvörðunina að sérkennum þessara stofnana.
- 15) Ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika birti 9. nóvember 2015 skilmálaskjal varðandi heildartappól („TLAC-staðallinn“) sem G-20 hópurinn samþykkti á leiðtogafundinum í Tyrklandi í nóvember 2015. TLAC-staðallinn gerir kröfu um að kerfislega mikilvægir bankar á alþjóðavísu búi yfir nægilega miklu tappóli skuldbindinga (eftirgefanlegra skuldbindinga) til að tryggja að tapi sé mætt og endurfjármögnun fari fram á snurðulausan og skjótan hátt komi til skilameðferðar. Taka ætti TLAC-staðallinn upp í lög Sambandsins.
- 16) Við upptöku TLAC-staðalsins í lög Sambandsins verður að taka tillit til fyrirliggjandi lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ⁽⁸⁾. Þar sem TLAC-staðallinn og lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stefna að sama markmiði, þ.e. að tryggja að stofnanir hafi nægilega tappólsgetu, ættu þessar tvær kröfur að vera hvor annarri til fyllingar innan sameiginlegs ramma. Í reynd ætti að taka samræmt lágmarksstig TLAC-staðalsins upp í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með nýrri kröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en fjalla ætti um viðbót fyrir hverja kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu fyrir sig og kröfuna fyrir hverja stofnun fyrir sig sem er ekki kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu með markvissum breytingum á tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ⁽⁹⁾. Ákvæðin sem innleiða TLAC-staðalinn í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ætti að túlka með hliðsjón af ákvæðunum sem innleidd eru í tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014, og með hliðsjón af tilskipun 2013/36/ESB.
- 17) Í samræmi við TLAC-staðalinn sem tekur aðeins til kerfislega mikilvægra banka á alþjóðavísu ætti lágmarkskrafan um nægilega stóran eiginfjárgrunn og nægilega mikið tappól skuldbindinga sem innleidd er í þessari reglugerð eingöngu að gilda um kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu. Hins vegar ættu reglur um hæfar skuldbindingar sem innleiddar eru í þessari reglugerð að gilda um allar stofnanir í samræmi við þær viðbótarleiðréttingar og -kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2014/59/ESB.
- 18) Í samræmi við TLAC-staðalinn ætti krafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að gilda um skilaeiningar sem eru annaðhvort sjálfar kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða hluti af samstæðu sem tilgreind er sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu. Krafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ætti að gilda annaðhvort á einingargrunni eða samstæðugrunni allt eftir því hvort slíkar skilaeiningar eru einstakar stofnanir án dótturfélaga eða móðurfélaga.
- 19) Samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB er ekki aðeins heimilt að nota skiláurræði í tengslum við stofnanir heldur einnig í tengslum við eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi. Móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi ættu því að hafa nægilega tappólsgetu á sama hátt og móðurfélög.
- 20) Til að tryggja skilvirkni kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er nauðsynlegt að gerningarnir sem varðveittir eru til að uppfylla þessa kröfu hafi mikla tappólsgetu. Skuldbindingar sem eru útilokaðar frá eftirgjafarúrræðinu sem um getur í tilskipun 2014/59/ESB hafa ekki þessa getu og það hafa ekki heldur aðrar skuldbindingar, sem að meginreglu falla undir eftirgefanlegar skuldbindingar en sem í reynd getur verið erfitt að gefa eftir. Þessar skuldbindingar geta því ekki talist hæfar með tilliti til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Hins vegar hafa fjármagnsgerningar sem og víkjandi skuldir

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinnar verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB L 225, 30.7.2014, bls. 1).

mikla tappolsgetu. Á sama hátt ætti að viðurkenna upp að vissu marki tappolsmöguleika skuldbindinga sem metnar eru jafngildar tilteknum skuldbindingum sem eru útilokaðar, í samræmi við TLAC-staðalinn.

- 21) Til að komast hjá tvítalningu skuldbindinga með tilliti til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ætti að setja reglur um frádrátt eignarhluta í hæfum skuldbindingum sem endurspeglar frádráttaradferðina sem þegar hefur verið þróuð í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar fjármagnsgerninga. Samkvæmt þeirri adferð ætti fyrst að draga eignarhluti hæfra skuldbindingargerninga frá hæfum skuldbindingum og síðan, að því marki sem þær duga ekki, ætti að draga þessar hæfu skuldbindingargerninga frá gerningum undir þætti 2.
- 22) TLAC-staðallinn inniheldur nokkrar hæfisviðmiðanir fyrir skuldbindingar sem eru strangari en núgildandi hæfisviðmiðanir fyrir fjármagnsgerninga. Til að tryggja samræmi ætti að aðlaga hæfisviðmiðanir fyrir fjármagnsgerninga að því er varðar óhæfi gerninga sem gefnir eru út af sérstökum verðbréfunaraðilum frá 1. janúar 2022.
- 23) Nauðsynlegt er að kveða á um skýrt og gagnsætt samþykkisferli fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem getur stuðlað að því að viðhalda miklum gæðum þessara gerninga. Í þessu skyni ættu lögbær yfirvöld að bera ábyrgð á því að samþykkja þessa gerninga áður en stofnanir geta flokkað þá sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Hins vegar ættu lögbær yfirvöld ekki að þurfa að krefjast leyfis fyrirfram fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem gefnir eru út á grundvelli lagalegra skjala sem lögbæra yfirvaldið hefur þegar samþykkt og sem að mestu leyti falla undir sömu ákvæði og þau sem gilda um fjármagnsgerninga sem stofnunin hefur fengið leyfi fyrirfram frá lögbæra yfirvaldinu til að flokka sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Þegar svo háttar ættu stofnanir að geta tilkynnt lögbærum yfirvöldum sínum um þá fyrirætlun sína að gefa út slíka gerninga í stað þess að biðja um leyfi fyrirfram. Þau ættu að gera það með hæfilegum fyrirvara áður en gerningarnir eru flokkaðir sem almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 til þess að lögbærum yfirvöldum gefist tími til að endurskoða gerningana ef nauðsyn krefur. Að teknu tilliti til hlutverks Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem er að stuðla að samleitni eftirlitsaðferða og efla gæði eiginfjárgrunnsgerninga ættu lögbær yfirvöld að hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en þau samþykkja nýtt form almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.
- 24) Fjármagnsgerningar teljast ekki uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða 2 nema þeir uppfylli viðeigandi hæfisviðmiðanir. Slíkir fjármagnsgerningar geta samanstaðið af eigin fé eða skuldbindingum, þ.m.t. víkjandi lánum sem uppfylla þessar viðmiðanir.
- 25) Fjármagnsgerningar eða hlutar fjármagnsgerninga ættu ekki að teljast uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga nema að svo miklu leyti sem þeir hafa verið greiddir upp. Svo lengi sem hlutar gernings eru ekki greiddir upp ættu þessir hlutar ekki að teljast uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga.
- 26) Eiginfjárgrunnsgerningar og hæfar skuldbindingar ættu ekki að falla undir jöfnunar- eða skuldajöfnunarsamninga (e. *set-off or netting arrangements*) sem gætu skaðað tappolsgetu þeirra við skilameðferð. Þetta ætti ekki að þýða að ákvæði í samningi um skuldbindingar ættu að fela í sér skilmála þar sem sérstaklega er tekið fram að gerningurinn falli ekki undir jöfnunar- eða skuldajöfnunarréttindi.
- 27) Þar sem bankageirinn færir í æ ríkara mæli yfir í stafrænt umhverfi þá er hugbúnaður að verða mikilvægari tegund eigna. Hugbúnaðareignir sem metnar eru á varfærinn hátt ættu ekki að falla undir frádrátt óefnislegra eigna frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 enda rýrnar virði þeirra ekki verulega við skilameðferð, ógjaldfærni eða félagsslit stofnunar. Þessi tilgreining er mikilvæg þar sem hugbúnaður er víðtækt hugtak sem tekur til margra mismunandi tegunda eigna sem halda ekki allar virði sínu við slit (e. *gone concern*). Í þessu samhengi ætti að taka tillit til mismunandi mats og afskriftar á hugbúnaði og raunverulegar sölu slíkra eigna. Enn fremur ætti að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og þess mismunar sem gæti í reglusetningu um meðferð fjárfestinga í hugbúnaði, mismunandi varfærnisreglna sem gilda um stofnanir og váttryggingafélög og fjölbreytni fjármálageirans í Sambandinu, einkum að því er varðar óeftirlitsskylda aðila á borð við fjármálatæknifyrirtæki.
- 28) Til þess að koma í veg fyrir hengiflugsáhrif (e. *cliff-edge effects*) er nauðsynlegt að láta eldri reglur gilda um núverandi gerninga að því er varðar ákveðnar hæfisviðmiðanir. Að því er varðar skuldbindingar sem hafa verið gefnar út fyrir 27. júní 2019 ætti að veita undanþágu fyrir ákveðnar hæfisviðmiðanir fyrir eiginfjárgrunnsgerninga og hæfar skuldbindingar. Þetta ákvæði um að eldri reglur ætti að gilda um skuldbindingar sem, eftir atvikum, eru reiknaðar með inn í víkjandi hluta heildartappols og víkjandi hluta lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB, sem og um skuldbindingar sem, eftir atvikum, eru reiknaðar með í þeim hluta heildartappols sem ekki er víkjandi og þeim hluta lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ekki er víkjandi

samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB. Að því er varðar eiginfjárgrunnsgerninga þá hætta eldri reglurnar að gilda 28. júní 2025.

- 29) Hæfa skuldbindingargerninga, þ.m.t. þá sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár, er ekki hægt að innleysa fyrr en skilavald hefur veitt til þess leyfi fyrirfram. Slíkt fyrirframleyfi gæti einnig verið almennt fyrirframleyfi, en í því tilvikum verður innlausnin að hafa átt sér stað innan tiltekinna tímamarka og fyrir fyrirframákveðna fjárhæð sem er tilgreind í almenna fyrirframleyfinu.
- 30) Frá því reglugerð (ESB) nr. 575/2013 var samþykkt hefur alþjóðlega staðlinum um varfærnismeðferð á áhættuskuldbindingum stofnana vegna miðlægra mótaðila verið breytt til þess að bæta meðferðina á skuldbindingum stofnana vegna fullgildra miðlægra mótaðila (e. *qualifying CCPs* (QCCPs)). Meðal helstu breytinga á þessum staðli má telja notkun á einni aðferð til að ákvarða kröfuna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar allar áhættuskuldbindingar vegna framlaga í vanskilasjóð, skýrt þak á heildarkröfur vegna eiginfjárgrunns sem gilda um skuldbindingar vegna fullgildra miðlægra mótaðila og áhættunæmari nálgun til að fastsetja virði afleiðna við útreikning á hugsanlegu fjármagni sem fullgildur, miðlægur mótaðili hefur yfir að ráða. Meðferð áhættuskuldbindinga gagnvart miðlægum mótaðilum sem ekki eru fullgildir hélst þó óbreytt. Þar sem endurskoðaðir alþjóðlegir staðlar innleiddu meðferð sem hentar betur umhverfi miðlægra mótaðila ætti að breyta lögum Sambandsins þannig að þau nái yfir þessa staðla.
- 31) Til að tryggja að stofnanir geti með fullnægjandi hætti stýrt áhættuskuldbindingum sínum í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu ættu reglurnar um hvernig eigi að meðhöndla þessar áhættuskuldbindingar að vera áhættunæmar og stuðla að gagnsæi að því er varðar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hlutabréfanna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Baselnefndin um bankaeftirlit hefur því samþykkt endurskoðaðan staðal sem fastsetur skýra stigskiptingu aðferða til að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna slíkra áhættuskuldbindinga. Þessi stigskipting endurspeglar gagnsæi undirliggjandi áhættuskuldbindinga. Aðlagð ætti reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að þessum reglum sem samþykktar hafa verið á alþjóðavísu.
- 32) Hvað varðar stofnun sem lætur í té lágmarksvirðisskuldbindingu, sem á endanum er í þágu almennra fjárfesta, vegna fjárfestingar í hlutdeildarskírteini eða hlutabréfi í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. sem hluti af kerfi séreignarsparnaðar með ríkisábyrgð, er ekki krafist neinnar greiðslu af hálfu stofnunarinnar eða fyrirtækisins sem fellur undir sama gildissvið varfærinnar samstæðu nema virði hlutdeildarskírteina eða verðbréfa viðskiptavinarins í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu fari niður fyrir hina tryggðu fjárhæð á einum eða fleiri tímupunktum sem tilgreindir eru í samningnum. Líkurnar á að þessi skuldbinding komi til framkvæmdar eru því í reynd litlar. Ef lágmarksvirðisskuldbinding stofnunar takmarkast við hundraðshluta þeirra fjárhæðar sem viðskiptavinur fjárfesti upphaflega í hlutabréfum eða hlutdeildarskírteinum í sjóði um sameiginlega fjárfestingu (skuldbinding um lágmarksvirði fastrar fjárhæðar) eða við fjárhæð sem miðast við niðurstöðu fjárhagslegra mælikvarða eða markaðsvísa fram að tilteknum tímupunkti, myndar sérhver fyrirliggjandi mismunur á virði hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina viðskiptavinarins og núvirði tryggðrar fjárhæðar á tiltekinni dagsetningu, vernd og dregur úr hættunni á því að stofnunin þurfi að greiða fjárhæðina sem tryggð er. Allar þessar ástæður réttlæta lækkaðan breytistuðul.
- 33) Til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga samkvæmt reglum um útlánaáhættu mótaðila gefur reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem stendur stofnunum kost á að velja um þrjár mismunandi staðal-aðferðir: stöðluðu aðferðina (e. *Standardised Method* (SM)) markaðsvirðisaðferðina (e. *Mark-to-Market Method* (MtMM)) og aðferð upprunalegrar áhættu (e. *Original Exposure Method* (OEM)).
- 34) Þessar stöðluðu aðferðir taka þó ekki nægilegt tillit til þeirra áhrifa sem tryggingar hafa til mildunar áhættu. Kvörðun þeirra er úrelt og endurspeglar ekki það mikla flökt sem átti sér stað í fjármálakreppunni. Þær taka heldur ekki sem skyldi tillit til jákvæðra áhrifa skuldajöfnunar. Til að takast á við þessa annmarka hefur Baselnefndin um bankaeftirlit ákveðið að láta nýja staðalaðferð, svokallaða staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila (e. *Standardised Approach for Counterparty Credit Risk* (SA-CCR)) koma í stað stöðluðu aðferðarinnar og markaðsvirðisaðferðarinnar til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga. Þar sem endurskoðaðir alþjóðlegir staðlar hafa innleitt nýja staðalaðferð sem hentar betur umhverfi miðlægra mótaðila ætti að breyta lögum Sambandsins þannig að þau nái yfir þessa staðla.
- 35) Staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila er áhættunæmari en staðalaðferðin og markaðsvirðisaðferðin og ætti því að leiða til eiginfjárgrunnskrafna sem endurspeglar betur þá áhættu sem tengist afleiðuvíðskiptum stofnunar. Á sama tíma getur verið að staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila reynist of flókin og íþyngjandi í framkvæmd fyrir þær stofnanir sem nú nota markaðsvirðisaðferðina. Hvað varðar stofnanir sem uppfylla fyrirframskilgreindar kröfur og stofnanir sem eru hluti af samstæðu sem uppfylla þær kröfur á samstæðugrunni ætti að setja fram einfaldaða útgáfu af staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu mótaðila (e. *the simplified SA-CCR*). Þar sem slík einfölduð útgáfa er ekki jafn áhættunæm og staðalaðferðin fyrir

útlánaáhættu mótaðila ætti hún að vera kvörðuð á þann hátt að tryggt sé að hún vanmeti ekki áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga.

- 36) Hvað varðar stofnanir sem hafa takmarkaðar afleiðuáhættuskuldbindingar og sem nú nota markaðsvirðis- aðferðina eða aðferð upprunalegrar áhættu gætu bæði staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila og einfaldaða staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila verið of flóknar í framkvæmd. Aðferð upprunalegrar áhættu ætti því að nota til vara sem aðra aðferð fyrir þessar stofnanir sem uppfylla fyrirframskilgreindar hæfisviðmiðanir og stofnanir sem eru hluti af samstæðu sem uppfyllir þessar viðmiðanir á samstæðugrunni en þær ætti að endurskoða til að ráða bót á helstu annmörkum þeirra.
- 37) Val á heimiludum aðferðum ætti að byggjast á skýrum skilyrðum. Þau skilyrði ættu að grundvallast á umfangi starfsemi stofnunarinnar með afleiður sem ætti svo að endurspegla getu stofnunar til að beita flóknari aðferðum við útreikning áhættuskuldbindingarvirðis.
- 38) Á meðan á fjármálakreppunni stóð var verulegt tap í veltubók sumra stofnana með staðfestu í Sambandinu. Hjá sumum þeirra nægði tilskilið eigið fé ekki til þess að mæta tapinu sem varð til þess að þær leituðu eftir sérstökum fjárstuðningi frá hinu opinbera. Þetta leiddi til þess að Baselnefndin um bankaeftirlit leiðrétti fjölda ágalla sem vörðuðu varfærnis meðferðina fyrir stöður í veltubók sem tengdust eiginfjárkröfum vegna markaðsáhættu.
- 39) Árið 2009 lauk fyrstu syrpu endurbóta á alþjóðavísu sem var leidd í lög Sambandsins með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/EB⁽¹⁰⁾. Endurbæturnar 2009 tóku hins vegar ekki á kerfislægum ágöllum í tengslum við staðlana um eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu. Skýr skil milli veltubóka og fjárfestingarbóka sem vantaði gerði eftirlitshögnun mögulega meðan skortur á áhættunæmi eiginfjárfrafnanna vegna markaðsáhættu fól í sér að ekki var hægt að taka fullt tillit til þeirrar áhættu sem stofnanir voru óvarðar fyrir.
- 40) Baselnefndin um bankaeftirlit hratt af stað gagngerri endurskoðun á veltubókinni (e. *fundamental review of the trading book* (FRTB)) til að ráða bót á kerfislægum ágöllum í tengslum við staðlana um eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu. Sú vinna leiddi til þess að í janúar 2016 var birtur endurskoðaður rammi fyrir markaðsáhættu. Í desember 2017 kom hópur seðlabankastjóra og forstöðumanna fjármálaeftirlita sér saman um að framlengja frestinn fyrir framkvæmd endurskoðaða rammans fyrir markaðsáhættu til að gefa stofnunum meiri tíma til að þróa nauðsynleg innviðakerfi og einnig til þess að Baselnefndin um bankaeftirlit gæti fjallað um tiltekin sértæk málefni sem vörðuðu rammann. Þetta felur í sér endurskoðun á kvörðunum á staðalaðferðinni og innramatsaðferðinni til að tryggja samkvæmni við upphaflegar væntingar Baselnefndarinnar um bankaeftirlit. Að lokinni endurskoðun og áður en áhrifin sem endurskoðunin á rammanum um gagngera endurskoðun á veltubókinni hefur á stofnanir í Sambandinu eru metin ættu allar stofnanir, sem myndu falla undir rammann um gagngera endurskoðun á veltubókinni í Sambandinu, að taka til við að tilkynna um útreikningana sem leiðir af endurskoðaðri staðalaðferð. Í þessu skyni ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerð í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) til að gera útreikningana vegna krafna um skýrslugjöf tilbúna til notkunar í samræmi við þróun á alþjóðavísu. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa framseldu gerð eigi síðar en 31. desember 2019. Stofnanir ættu að byrja að tilkynna þennan útreikning eigi síðar en einu ári eftir að þessi framselda gerð hefur verið samþykkt. Auk þess ættu stofnanir sem fá samþykki fyrir að nota, í tilkynningarskyni, endurskoðuðu eiginlíkansaðferðina fyrir rammann um gagngera endurskoðun á veltubókinni, einnig að tilkynna útreikninginn samkvæmt eiginlíkansaðferðinni þremur árum eftir að hún kemur að fullu til notkunar.
- 41) Innleiðing skýrslugjafarkrafna vegna aðferðanna um gagngera endurskoðun á veltubókinni ætti að teljast vera fyrsta skref í átt að framkvæmd rammans um gagngera endurskoðun á veltubókinni í Sambandinu. Að teknu tillit endanlegrar endurskoðunar Baselnefndarinnar um bankaeftirlit á rammanum um gagngera endurskoðun á veltubókinni, afleiðinganna af áhrifum þessarar endurskoðunar á stofnanir í Sambandinu og á aðferðirnar um gagngera endurskoðun á veltubókinni sem þegar eru settar fram í þessari reglugerð fyrir skýrslugjafarkröfur, ætti framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. júní 2020 um hvernig ætti að koma rammanum um gagngera endurskoðun á veltubókinni til framkvæmdar í Sambandinu til að fastsetja eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu.
- 42) Meðhöndlun vegna markaðsáhættu þar sem meðalhófs er gætt ætti einnig að gilda um stofnanir með takmarkaða starfsemi í veltubók, þannig að fleiri stofnanir með litla starfsemi í veltubók geti notað rammann um útlánaáhættu fyrir stöður í fjárfestingarbók eins og sett er fram í endurskoðaðri útgáfu af undanþágu

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB að því er varðar eiginfjárkröfur vegna veltubókar og endurverðbréfana og eftirlit með starfskjarastefnu (Stjtíð. ESB L 329, 14.12.2010, bls. 3).

fyrir lítil viðskipti í veltubók. Einnig ætti að taka mið af meðalhófsreglunni þegar framkvæmdastjórnin endurmetur hvernig stofnanir með meðalstór viðskipti í veltubók ættu að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáættu. Einkum ætti að endurskoða kvörðunina á eiginfjárgrunnskröfunum vegna markaðsáættu fyrir stofnanir með meðalstór viðskipti í veltubók í ljósi þróunar á alþjóðavísu. Á meðan ættu stofnanir með meðalstór viðskipti í veltubók, sem og stofnanir með lítil viðskipti í veltubók að vera undanskilin skýrslugjafarkröfunum í tengslum við gagnera endurskoðun á veltubókinni.

- 43) Styrkja ætti rammann um stórar áhættuskuldbindingar til að auka getu stofnana til að bera tap og hlíta betur alþjóðlegum stöðlum. Í þessu skyni ætti að nota eigið fé af meiri gæðum sem eiginfjárgrunn fyrir útreikninginn á takmörkun stórra skuldbindinga og áhættuskuldbindingar vegna lánaafleiðna ætti að reikna út í samræmi við staðalaðferðina fyrir útlánaáættu mótaðila. Enn fremur ætti að lækka takmörkunina á áhættuskuldbindingar sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu kunna að hafa vegna annarra kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu til að draga úr kerfisáættu tengdri innbyrðis sambandi stórra stofnana og áhrifunum sem vanskil mótaðila kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu kunna að hafa á fjármála-stöðugleika.
- 44) Lausafjárþekjuhlotfall (e. *liquidity coverage ratio* (LCR)) tryggir að stofnanir koma til með að þola mikið álag til skamms tíma en tryggir ekki að þessar stofnanir muni vera með stöðugra fjármögnunarskipulag til lengri tíma lítið. Þannig varð ljóst að þróa ætti nákvæma bindandi kröfu um stöðuga fjármögnun á vettvangi Sambandsins sem ávallt ætti að uppfylla til að koma í veg fyrir verulegt gjalddagamisræmi milli eigna og skulda og oftrú á heildsölu fjármögnun til skemmri tíma.
- 45) Í samræmi við staðal Baselnefndarinnar um bankaefirlit um stöðuga fjármögnun ætti því að samþykkja reglur sem skilgreina kröfuna um stöðuga fjármögnun sem hlutfallið milli fjárhæðar tiltækrar stöðugar fjármögnunar og fjárhæðar nauðsynlegrar stöðugar fjármögnunar á eins árs tímabili. Þessi bindandi krafa ætti að vera kölluð krafan um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar (e. *net stable funding ratio* (NSFR)). Fjárhæð tiltækrar stöðugar fjármögnunar ætti að reikna með því að margfalda skuldbindingar stofnunarinnar og eiginfjárgrunn með viðeigandi stuðlum sem endurspeglar áreiðanleika þeirra miðað við hlutfall stöðugar fjármögnunar á eins árs tímabili. Fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar ætti að vera reiknuð út með því að margfalda eignir stofnunarinnar og áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings með viðeigandi stuðlum sem endurspeglar seljanleikaeiginleika þeirra og eftirstöðvartíma hlutfalls stöðugar fjármögnunar á eins árs tímabili.
- 46) Hlutfall stöðugar fjármögnunar ætti að setja fram sem hundraðshlutfall og miðast við minnst 100% lágmark sem gefur til kynna að stofnunin hafi yfir að ráða fullnægjandi stöðugri fjármögnun til að mæta fjármögnunarbörf sinni á eins árs tímabili bæði við venjulegar aðstæður og á álagstímum. Fari hlutfall stöðugar fjármögnunar niður fyrir 100% lágmarkið ættu lánastofnanir að hlíta þeim sérstöku kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til að endurheimta lágmarkshlutfall stöðugar fjármögnunar í tæka tíð. Ef kröfunni um hlutfall stöðugar fjármögnunar er ekki hlítt ætti ekki að beita eftirlitsráðstöfunum með sjálfvirkum hætti. Þess í stað ættu lögbær yfirvöld að meta ástæðurnar fyrir því að hlutfall stöðugar fjármögnunar er ekki virt áður en þau skilgreina mögulegar eftirlitsráðstafanir.
- 47) Í samræmi við tilmæli Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar í skýrslu hennar frá 15. desember 2015 um kröfur um stöðuga fjármögnun skv. 510. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þá ættu reglurnar um útreikning á hlutfalli stöðugar fjármögnunar að vera vel samræmdar stöðlum Baselnefndarinnar um bankaefirlit, þ.m.t. þróun þessara staðla að því er varðar meðhöndlun afleiðuviðskipta. Nauðsyn þess að taka tillit til sérstakra evrópskra sérkenna til að tryggja að krafan um hlutfall stöðugar fjármögnunar hindri ekki fjármögnun evrópska raunhagkerfisins, réttlætir hins vegar að nokkrar aðlaganir séu gerðar á hlutfalli stöðugar fjármögnunar sem Baselnefndin um bankaefirlit hefur þróað vegna skilgreiningarinnar á kröfu um hlutfall stöðugar fjármögnunar á vettvangi Evrópu. Þessar aðlaganir sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin mælir með í evrópsku samhengi og varða einkum sérstaka meðferð á gegnumstreymislíkönum almennt og útgáfu sértrygðra skuldabréfa sérstaklega, viðskiptafjármögnun, miðstýrðan lögverndaðan sparnað, tryggt íbúðalán, lánafélög, miðlæga mótaðila eða miðlægar verðbréfastofnanir sem gera ekki neinar verulegar breytingar á binditíma. Þessar fyrirhuguðu sértæku meðferðir endurspeglar í grófum dráttum þá ívilnandi meðferð sem þessi starfsemi nýtur samkvæmt evrópska lausafjárþekjuhlotfallinu samanborið við lausafjárþekjuhlotfallið sem Baselnefndin um bankaefirlit þróaði. Þar sem hlutfall stöðugar fjármögnunar kemur til viðbótar lausafjárþekjuhlotfallinu ættu þessi tvö hlutföll að vera samræmd hvað varðar skilgreiningu þeirra og kvörðun. Þetta á einkum við hvað varðar stuðla tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem gilda um hágæða lausafjäreignir í lausafjárþekjuhlotfalli við útreikning á hlutfalli stöðugar fjármögnunar sem ætti að endurspeglar skilgreiningar og frádrag evrópska lausafjárþekjuhlotfallsins, óháð hlítinu við almennar kröfur og skipulagskröfur sem fastsettar eru fyrir útreikning á

lausafjárþekjuhluftfalli sem eiga ekki við um útreikninginn á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar á eins árs tímabili.

- 48) Auk þessara evrópsku sérkenna gæti meðferð afleiðuviðskipta í tengslum við hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem Baselnefndin um bankaeftirlit þróaði haft veruleg áhrif á afleiðustarfsemi stofnana og þar af leiðandi á evrópska fjármálamarkaði og á möguleika endanlegra notenda til að framkvæma ákveðin viðskipti. Innleiðing hlutfalls stöðugrar fjármögnunar sem Baselnefndin um bankaeftirlit þróaði gæti haft ótillhlýðileg og óhófleg áhrif á afleiðuviðskipti og sum innbyrðis tengd viðskipti, þ.m.t. stöðustofnunarstarfsemi ef hún er framkvæmd án þess að víðtækar meginlegar rannsóknir og samráð við almenning hafi farið fram. Viðbótarkrafan um að hafa yfir að ráða á milli 5% og 20% af stöðugu fjármagni á móti vergum afleiðuskuldum telst almennt vera róttæk ráðstöfun til að fanga viðbótarfjármögnunaráhættu tengda mögulegri aukningu á afleiðuskuldum á eins árs tímabili og er hún í endurskoðun hjá Baselnefndinni um bankaeftirlit. Þessari kröfu, sem innleidd var á 5% stigi í samræmi við þann ákvörðunarrétt sem Baselnefndin um bankaeftirlit veitir lögsagnarumdæmum til að lækka tilskilinn stuðul fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun vegna verga afleiðuskulda, væri því hægt að breyta til að taka mið af þróun mála innan Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og til að komast hjá mögulegum ófyrirséðum afleiðingum, s.s. hindrun á góðri virkni evrópskra fjármálamarkaða og aðgengi stofnana og endanlegra notenda, sem og fyrirtækja, að verkfærum til áhættuvarnar í því skyni að tryggja fjármögnun þeirra sem væri þá eitt af markmiðum sambands fjármagnsmarkaðanna.
- 49) Þessi ósamhverfa meðferð Baselnefndarinnar um bankaeftirlit á skammtímafjármögnun, s.s. endurhverfum verðbréfa kaupum (stöðug fjármögnun ekki viðurkennd) og endurhverfri verðbréfasölu (krafist er ákveðinnar stöðugrar fjármögnunar – 10% ef hún er tryggð á stigi 1 með hágæða lausafjäreignum (e. *high quality liquid assets* (HQLA)) eins og skilgreint er í lausafjárþekjuhluftfallinu og 15% fyrir önnur viðskipti) í tengslum við viðskiptavini, hefur að markmiði að veita á móti víðtækum skammtíma fjármögnunartengslum milli viðskiptavina á fjármálamarkaði, þar sem slík tengsl eru uppspretta víxltengsla sem gera erfiðara fyrir að taka tiltekna stofnun til skilameðferðar án þess að áhætta berist til annarra hluta fjármálakerfisins komi til greiðsluþrots. Hins vegar er kvörðun ósamhverfunnar varfærin og getur haft áhrif á seljanleika verðbréfa sem alla jafna eru notuð sem trygging í skammtíma viðskiptum einkum með ríkisskuldabréf þar sem stofnanir munu að öllum líkindum draga úr umfangi starfsemi sinnar á mörkuðum fyrir endurhverf verðbréfa kaup. Einnig gæti það grafið undan starfsemi viðskiptavaka vegna þess að markaðir með endurhverf verðbréfa kaup auðvelda stýringu á nauðsynlegri skrá sem þannig væri í andstöðu við markmið sambands fjármagnsmarkaða í Evrópu. Til að gefa stofnunum nægilegan tíma til að aðlagast smám saman þessari varfærnu kvörðun ætti að koma á umbreytingartímabili meðan stuðlar tiltekinna stöðugrar fjármögnunar yrðu tímabundið lækkaðir. Umfang tímabundinnar lækkunar á stuðlunum til að reikna út kröfuna um stöðuga fjármögnun ætti að miðast við tegundir viðskipta og þá tegund tryggingar sem er notuð í þessum viðskiptum.
- 50) Til viðbótar við hina tímabundnu endurkvörðun á stuðli Baselnefndarinnar um bankaeftirlit til að reikna út kröfuna um stöðuga fjármögnun sem gildir um skammtíma endurhverf verðbréfa viðskipti við viðskiptavini á fjármálamarkaði sem tryggð eru með ríkisskuldabréfum hafa sumar aðrar leiðréttingar reynst vera nauðsynlegar til að innleiðing á kröfunni um hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar hindri ekki seljanleika á mörkuðum fyrir ríkisskuldabréf. 5% stuðull Baselnefndarinnar um bankaeftirlit fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun sem gildir um hágæðalausafjäreignir á stigi 1, þ.m.t. ríkisskuldabréf, felur í sér að stofnanir þyrftu að hafa yfir að ráða slíkum tafarlaust aðgengilegum hundraðshluta langtímafjármögnunar óháð því hversu lengi þær reikna með að eiga slík ríkisskuldabréf. Þetta gæti mögulega hvatt stofnanir til þess að geyma fé hjá seðlabönkum frekar en að aðhafast sem aðalmiðlarar og veita lausafé til markaða með ríkisskuldabréf. Auk þess samrýmist það ekki lausafjárþekjuhluftfalli sem viðurkennir fullan seljanleika þessara eigna jafnvel þegar verulegt álag er á lausafjárstöðu (0% frádrag). Stuðullinn fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun fyrir hágæðalausafjäreignir á stigi 1 eins og skilgreint er í evrópska lausafjárþekjuhluftfallinu ætti því að vera lækkaður úr 5% niður í 0%.
- 51) Enn fremur ættu allar hágæða lausafjäreignir á stigi 1 eins og þær eru skilgreindar í evrópska lausafjárþekjuhluftfallinu, að frátöldum sértryggtum skuldabréfum af mjög miklum gæðum, sem tekið er við sem viðbótartryggingu í afleiðusamningum, að veita upp á móti afleiðueignum meðan hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar sem þróað er af Baselnefndinni um bankaeftirlit viðurkennir eingöngu reiðufé sem samrýmist skilyrðum reglna um vogun til að veita á móti afleiðueignum. Þessi rýmri viðurkenning á eignum sem tekið er við sem viðbótartryggingu mun stuðla að seljanleika á mörkuðum með ríkisskuldabréf, koma í veg fyrir að endanlegum notendum sem eiga miklar fjárhæðir í ríkisskuldabréfum en litlar í reiðufé (á borð við lífeyrissjóði) sé refsað og kemur í veg fyrir að frekari spenna myndist hvað varðar eftirspurn eftir reiðufé á mörkuðum fyrir endurhverf verðbréfa kaup.

- 52) Krafan um hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar ætti að gilda um stofnanir bæði á einingargrunni og á samstæðugrunni nema lögbær yfirvöld veiti undanþágu frá beitingu kröfunnar um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar á einingargrunni. Ef undanþágan frá beitingu kröfunnar um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar á einingargrunni hefur ekki verið veitt ættu viðskipti milli tveggja stofnana sem tilheyra sömu samstæðu eða sama stofnanaverndarkerfi að meginreglu til að fá samhverfa stuðla að því er varðar aðgang að aðgengilegri og tilskilinni stöðugri fjármögnun til að komast hjá tapi á fjármögnun á innri markaðinum og til að hindra ekki skilvirka lausafjárstýringu hjá evrópskum samstæðum með miðlæga lausafjárstýringu. Slíka ívilnandi samhverfa meðferð ætti eingöngu að veita viðskiptum innan samstæðu þar sem allar nauðsynlegar verndarráðstafanir eru til staðar á grundvelli viðbótarskilyrða vegna viðskipta yfir landamæri og aðeins með fyrirframsamþykki viðkomandi lögbæra yfirvalda þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að stofnanir sem eiga í erfiðleikum við að uppfylla greiðsluskyldur sínar muni alltaf fá fjármagnsstuðning frá öðrum fyrirtækjum sem tilheyra sömu samstæðu eða sama stofnanaverndarkerfi.
- 53) Litlum og einföldum stofnunum ætti að gefast kostur á að nota einfaldaða útgáfu af kröfunni um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar. Einfölduð og ekki jafn sundurliðuð útgáfa af kröfunni um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar ætti að taka til samantektar á takmörkuðum fjölda gagnapunkta sem myndi draga úr flækjustigi við útreikning þessara stofnana í samræmi við meðalhófsregluna en jafnframt tryggja að þær hafi áfram nægilega stöðugan fjármögnunarstuðul með hjálp kvörðunar sem ætti að vera a.m.k. jafn varfærin og óstyttu krafan um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar. Hins vegar ættu lögbær yfirvöld að geta krafð litlar og einfaldar stofnanir um að þær beiti óstyttu kröfunni um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar í stað einfölduðu útgáfunnar.
- 54) Samstæða dótturfyrirtækja í þriðju löndum ætti að taka fullt tillit til krafna um stöðuga fjármögnun sem gilda um þessi lönd. Til samræmis við það ættu samstæðureglur í Sambandinu ekki að kveða á um hagstæðari meðferð að því er varðar aðgengilega og tilskilda stöðuga fjármögnun í dótturfyrirtækjum í þriðju löndum en þá sem býðst samkvæmt landslögum þessara þriðju landa.
- 55) Stofnunum ætti að bera skylda til að tilkynna lögbærum yfirvöldum sínum í uppgjörsgjaldmiðlinum þá bindandi sundurliðuðu kröfu um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar vegna allra liða og á aðskilinn hátt vegna liða sem tilgreindir eru í hverjum mikilvægum gjaldmiðli til að tryggja viðeigandi eftirlit með mögulegu misvægi erlendra gjaldmiðla. Krafa um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar ætti ekki fela í sér að stofnanir heyrir undir tvöfalda skýrslugjöf eða skýrslugjafarkröfur sem samrýmast ekki gildandi reglum og ættu þær að fá nægan tíma til að búa sig undir gildistöku nýrra skýrslugjafarkrafna.
- 56) Þar sem ein grundvallarforsenda fyrir heilbrigðu bankakerfi er að markaðurinn fái merkingarbærar og sambærilegar upplýsingar um sameiginlegar lykiláhættumælistikur er nauðsynlegt að draga eins mikið og hægt er úr misvægi í upplýsingum og auðvelda samanburð á áhættusniðum lánastofnana innan og milli lögsagna. Baselinefinn um bankaefirlit birti í janúar 2015 endurskoðuðu upplýsingastaðlana fyrir stoð 3 til að stuðla að auknu samanburðarhæfi, gæðum og samræmi skyldubundinna upplýsinga sem stofnanir skulu láta markaðinum í té. Því er rétt að breyta fyrirliggjandi kröfum um upplýsingagjöf til þess að hrinda þessum nýju alþjóðlegu stöðlum í framkvæmd.
- 57) Fram kom í svörum við boði framkvæmdastjórnarinnar um að leggja fram athugasemdir við regluramma ESB um fjármálaþjónustu að kröfunar um upplýsingagjöf væru óhóflegar og íþyngjandi fyrir smærri stofnanir. Með fyrirvara um að laga upplýsingarnar enn frekar að alþjóðlegum stöðlum ættu litlar og einfaldar stofnanir ekki að þurfa að birta jafn nákvæmar upplýsingar eða jafnoft og stærri fyrirtæki og draga mætti þannig úr stjórnsýsluálaginu sem á þeim hvílir.
- 58) Útlista ætti nánar birtingu upplýsinga um starfskjör. Kröfunar um upplýsingagjöf í tengslum við starfskjör eins og þær eru settar fram í þessari reglugerð ættu að samrýmast markmiðum starfskjarareglanna, þ.e. að taka upp og viðhalda starfskjarastefnu og -venjum, að því er varðar þá flokka starfsfólks sem við störf sín hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar, starfskjarastefnu og starfshætti sem eru í samræmi við skilvirka áhættustýringu. Enn fremur ætti að skylda stofnanir sem njóta undanþágu frá tilteknum starfskjarareglum til að birta upplýsingar um slíka undanþágu.
- 59) Lítil og meðalstór fyrirtæki eru ein af stoðum efnahagslífs Sambandsins þar sem þau gegna grundvallarhlutverki við að skapa hagvöxt og atvinnu. Að teknu tilliti til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki fela í sér minni kerfislæga áhættu en stærri félög ættu eiginfjákröfur vegna áhættuskuldbindinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja að vera minni en þær sem gilda um stór félög til að tryggja sem besta fjármögnun frá bönkum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sem stendur njóta áhættuskuldbindingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem nema allt að 1,5 milljónum evra 23,81% lækkunar á fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Að því gefnu að 1,5 milljóna evra hámarkið vegna áhættuskuldbindingar lítils og meðalstórs fyrirtækis bendi ekki til breytinga á áhættustigi lítilla og meðalstórra fyrirtækja ætti lækkun eiginfjákrarfna að vera

rýmkuð þannig að hún nái til allt að 2,5 milljóna evra og ætti sá hluti áhættuskuldbindingar lítills og meðalstórs fyrirtækis sem fer yfir 2,5 milljónir evra að njóta 15% lækkunar á eiginfjárkröfum.

- 60) Fjárfestingar í innviðum eru nauðsynlegar til að styrkja samkeppnishæfni Evrópu og stuðla að atvinnusköpun. Endurreisn efnahagslífs Sambandsins og vöxtur þess í framtíðinni fer að miklu leyti eftir því hvort fjármagn til mikilvægra fjárfestinga sem hafa þýðingu fyrir Evrópu í innviðum, einkum breiðbandi og orkunetum, sem og flutningainnviðum þ.m.t. innviðum sem tengjast hreyfanleika með notkun rafmagns, einkum í iðnaðarmiðstöðvum, menntun, rannsóknum og nýsköpun og endurnýjanlegri orku og orkunýtni. Fjárfestingaráætlun fyrir Evrópu miðar að því að stuðla að viðbótarfjármögnun til lífvænlegra innviðaverkefna meðal annars með því að virkja frekari fjármögnunarleiðir einkaaðila. Hvað varðar fjölda mögulegra fjárfesta er helsta áhyggjuefnið það að lífvænleg verkefni eru ekki til staðar og að getan til að meta áhættuna á tilhlýðilegan hátt er takmörkuð vegna þess hve flókin þau eru í eðli sínu.
- 61) Til þess að hvetja til fjárfestinga einkaaðila og fjárfestinga af hálfu hins opinbera í innviðaverkefnum er nauðsynlegt að koma á reglugerðarumhverfi sem getur stuðlað að innviðaverkefnum af miklum gæðum og draga úr áhættu fyrir fjárfesta. Einkum ætti að draga úr eiginfjárkröfum vegna áhættuskuldbindinga að því er varðar innviðaverkefni að því gefnu að þær uppfylli ákveðnar viðmiðanir sem geta dregið úr áhættusniði þeirra og stuðlað að fyrirsjáanlegu sjóðstreymi. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða ákvæðin um innviðaverkefni af miklum gæðum til að meta áhrif þeirra á umfang fjárfestinga stofnana í innviðum og gæði fjárfestinga að teknu tilliti til þeirra markmiða Sambandsins að skipta yfir í hringrásarhagkerfi með litla losun kolefnis og betra viðnám gegn loftslagsbreytingum og hentugleika þeirra út frá varfærnis- sjónarmiðum. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að meta hvort útvíkka ætti gildissvið þessara ákvæða þannig að það nái til innviðafjárfestinga fyrirtækja.
- 62) Eins og Evrópska bankaefirlitsstofnunin, Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹¹⁾ og Seðlabanki Evrópu hafa mælt til ætti að undanþiggja miðlæga mótaðila, á grundvelli sérstaks viðskiptalíkans þeirra, kröfunum um vogunarhlutfallið vegna þess að þeir þurfa að fá leyfi til að veita bankapjónustu einfaldlega af þeirri ástæðu að þeir hafa fengið aðgang að daglánnum seðlabanka og til að gegna hlutverki sínu sem lykilstofnanir við að ná mikilvægum pólitískum og lögboðnum markmiðum innan fjármálagæirans.
- 63) Einnig ætti að undanþiggja áhættuskuldbindingar verðbréfamiðstöðva sem hafa starfsleyfi sem lánastofnanir og áhættuskuldbindingar lánastofnana sem tilnefndar eru í samræmi við 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ⁽¹²⁾, s.s. reiðufjárstöður sem leiðir af veitingu peningareikninga fyrir þátttakendur í uppgjörskerfi og til móttöku innlagna frá þeim, í verðbréfauppgjörskerfi og handhöfum verðbréfareikninga, frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar þar sem þeir skapa ekki hættu á of mikilli vogun þar sem þessar reiðufjárstöður eru eingöngu notaðar í þeim tilgangi að gera upp viðskipti í verðbréfauppgjörskerfi.
- 64) Þar sem leiðbeiningarnar um viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í tilskipun 2013/36/ESB mynda eiginfjármarkmið sem endurspeglar væntingar hvað varðar eftirlit ættu þær hvorki að falla undir lögbundna birtingarskyldu né undir upplýsingabann af hálfu lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 né fyrrnefnda tilskipun.
- 65) Til þess að tryggja víðeigandi skilgreiningu á nokkrum sértækum tæknilegum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og til að taka mið af mögulegri þróun á stöðlum á alþjóðavísu ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingu á listanum yfir afurðir eða þjónustu sem taka til eigna og skuldbindinga sem líta má á sem innbyrðis háðar, að því er varðar breytingu á listanum yfir fjölpjódlega þróunarbanka, að því er varðar breytingar á skýrslugjafarkröfunum um markaðsáhættu og að því er varðar ákvörðun á viðbótarlausafjárröfum. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir þessar gerðir er einkum mikilvægt að hún hafi víðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹³⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fä Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5. 2016, bls. 1.

sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

- 66) Tæknistaðlarnir ættu að tryggja samræmda samhæfingu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr yfir mikilli sérhæfðri þekkingu ætti að fela henni umboð til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér stefnuákvæðanir, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Þróa ætti tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærin samstæðu-reikningsskila, eiginfjárgrunn, lágmarkskröfur um heildartapþol (e. „*Total Loss-absorbing Capacity*“ (TLAC), meðferð áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veðum í fasteignum, hlutabréfafjárfestingu í sjóðum, útreikning á tapi að gefnum vanefndum samkvæmt innramatsaðferðinni fyrir útlánaáættu, markaðsáhættur, stórar áhættuskuldbindingar og laust fé. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Framkvæmdastjórnin og Evrópska bankaftirlitsstofnunin ættu að tryggja að allar hlutaðeigandi stofnanir geti beitt þessum stöðlum og kröfum á þann hátt sem samræmist eðli, stærð og flækjustigi þessara stofnana og starfsemi þeirra.
- 67) Til að auðvelda samburð á birtingu upplýsinga ætti að fela Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni umboð til að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum þar sem fastsett eru stöðluð sniðmát fyrir birtingu upplýsinga sem ná yfir allar mikilvægar kröfur um birtingu upplýsinga sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þegar Evrópska bankaftirlitsstofnunin þróa þessa staðla ætti hún að taka tillit til stærðar og flækjustigs stofnana sem og til eðlis og áhættustigs starfsemi þeirra. Evrópska bankaftirlitsstofnunin ætti að gefa skýrslu um möguleikana á að bæta meðalhóf með tilliti til umfangs, sundurgreinanleika og tíðni og a.m.k. leggja fram raunhæfar tillögur um hvernig hægt sé að lækka meðalhlítarkostnað lítilla stofnana um helst 20% eða meira og a.m.k. 10% með viðeigandi einföldun á kröfum. Fela ætti Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni umboð til að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem eiga að fylgja þeirri skýrslu. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.
- 68) Til að auðvelda stofnunum að hlíta reglunum sem settar eru fram í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB sem og tæknilegum eftirlitsstöðlum, tæknilegum framkvæmdarstöðlum, viðmiðunareglum og sniðmátum sem samþykkt eru til framkvæmdar þessum reglum ætti Evrópska bankaftirlitsstofnunin að þróa upplýsingatæknitól sem miða að því að leiðbeina stofnunum að fara í gegnum viðeigandi ákvæði, staðla, viðmiðunareglur og sniðmát með tilliti til stærðar þeirra og viðskiptalíkana.
- 69) Til viðbótar við skýrsluna um mögulega kostnaðarlækkun ætti Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni eigi síðar en 28. júní 2020 og í samstarfi við öll viðkomandi yfirvöld, einkum þau yfirvöld sem bera ábyrgð á varfærniseftirliti, skilameðferðar- og innlánatryggingakerfum, einkum seðlabankakerfi Evrópu að semja hagkvæmniskýrslu að því er varðar þróun á samræmdu og samþættu kerfi til að safna tölfraðilegum gögnum sem og gögnum um skilameðferð og varfærniseftirlit. Að teknu tilliti til fyrri vinnu seðlabankakerfis Evrópu um samþætta gagnasöfnun ætti þessi skýrsla að sýna kostnaðar- og hagnaðargreiningu að því er varðar stofnun miðlægs gagnasöfnunarstaðar fyrir samþætt gagnaskýrslukerfi með tilliti til tölfraðilegra gagna og gagna sem varða eftirlit. Slíkt kerfi ætti, m.a., að nota samræmdar skilgreiningar og staðla fyrir þau gögn sem taka skal saman og ábyrgjast áreiðanleg og stöðug upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og tryggja þar með fullan trúnað um þau gögn sem safnað er, sterka sannvottun og trausta stýringu á aðgangsrétti að kerfinu sem og netöryggi. Markmiðið með því að gera evrópskt skýrslufyrirkomulag miðlægt og samræma það á þennan hátt er að koma í veg fyrir að margar beidnir um svipuð eða eins gögn berist frá mismunandi yfirvöldum og þar með draga verulega úr stjórnsýslu- og fjárhagsbyrðum bæði á lögbær yfirvöld og stofnanirnar. Ef við á og að teknu tilliti til hagkvæmniskýrslu Evrópska bankaftirlitsstofnunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 70) Viðkomandi lögbær eða tilnefnd yfirvöld ættu að miða að því að forðast tvítekningu eða ósamræmda notkun þjóðhagsvarúðarráðstafananna sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/575/ESB og reglugerð (ESB) nr. 36/2013. Viðkomandi lögbær eða tilnefnd yfirvöld ættu einkum að taka til athugunar hvort ráðstafanirnar sem gerðar eru skv. 124., 164. eða 458. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2012 tvítaki eða séu í ósamræmi við aðrar gildandi eða fyrirhugaðar ráðstafanir skv. 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.
- 71) Í ljósi þeirra breytinga á meðferð áhættuskuldbindinga fullgildra, miðlægra mótaðila, einkum að því er varðar meðferð á framlögum stofnana í vanskilasjóði fullgildra, miðlægra mótaðila, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að aflaga viðeigandi ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 648/2012⁽¹⁴⁾, sem innleidd voru í

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

hana með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og sem útlísta útreikninginn á áætlaðu fjármagni miðlægra mótaðila sem stofnanir nota síðan til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns, til samræmis við það.

- 72) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að efla og skerpa á gildandi réttargerðum Sambandsins sem tryggja samræmdar varfærniskröfur sem gilda um stofnanir alls staðar í Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 73) Til að gera kleift að losa á skipulegan hátt eignarhluta í váttryggingafélögum sem falla ekki undir viðbótar-eftirlit, ætti að nota breytta útgáfu af umbreytingarákvæðunum í tengslum við undanþáguna frá því að draga frá hlutdeild í eigin fé í váttryggingafélögum með afturvirkum áhrifum frá 1. janúar 2019.
- 74) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. og 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi mælir fyrir um samræmdar reglur varðandi almennar varfærniskröfur sem stofnunum, eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi er lúta eftirliti samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB ber að fylgja í tengslum við eftirfarandi þætti:

- a) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar þá þætti útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, uppgjörsáhættu og vogun sem hægt er að mæla, samræma og staðla fullkomlega,
- b) kröfur um að takmarka stórar áhættuskuldbindingar,
- c) lausafjárkröfur að því er varðar þá þætti lausafjárahættu sem hægt er að mæla, samræma og staðla fullkomlega,
- d) skýrslugjafarkröfur í tengslum við a-, b- og c-lið,
- e) kröfur um opinbera birtingu.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar reglur um eiginfjárgrunn og kröfur um hæfar skuldbindingar sem skilaeiningar sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (e. *global systemically important institutions* (G-SIIs)) og mikilvæg dótturfyrirtæki kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins skulu hlíta.

Þessi reglugerð gildir ekki um birtingarkröfur fyrir lögbær yfirvöld á sviði varfærnisreglna og eftirlits með stofnunum eins og fram kemur í tilskipun 2013/36/ESB.

2. gr.

Eftirlitsheimildir

1. Til að tryggja að þessari reglugerð sé hlítt skulu lögbær yfirvöld hafa þær heimildir og fylgja þeim málsmeðferðarreglum sem fram koma í tilskipun 2013/36/ESB og þessari reglugerð.
2. Til að tryggja hlítinu við þessa reglugerð skulu skilastjórnvöld hafa þær heimildir og fylgja þeim málsmeðferðarreglum sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB(*) og í þessari reglugerð.
3. Til að tryggja hlítinu við kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld hafa með sér samstarf.
4. Til að tryggja hlítinu innan ramma viðkomandi valdsviða sinna skulu sameiginlega skilastjórnin, sem komið var á fót með 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014(**) og Seðlabanki Evrópu að því er varðar verkefnið sem honum voru falin með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013(***), tryggja reglubundin og áreiðanleg skipti á mikilvægum upplýsingum.

-
- (*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EEB, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).
 - (**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinn verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB L 225, 30.7.2014, bls. 1).
 - (***) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærnisefirlit með lánastofnunum (Stjtið. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).“

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. „sjóður um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréfasjóður eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (*) eða sérhæfður sjóður eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (**),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).“

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

ii. Í stað 20. liðar kemur eftirfarandi:

„20. „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og eru dótturfélög hennar eingöngu eða aðallega stofnanir eða fjármálastofnanir; dótturfélög fjármálastofnunar eru aðallega stofnanir eða fjármálastofnanir þar sem a.m.k. eitt þeirra er stofnun og þar sem meira en 50% af eigin fé fjármálastofnunarinnar, samstæðueigna, tekna, starfsfólks eða annars þáttar sem lögbært yfirvald telur mikilvægan tengist dótturfélögum sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir.“

iii. Í stað 26. liðar kemur eftirfarandi:

„26. „fjármálastofnun“: fyrirtæki, annað en stofnun eða annað en eignarhaldsfélag sem eingöngu starfar í iðnaði, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. lið og 15. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB, þar með talin eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, greiðslustofnanir í skilningi 4. liðar 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366(*) og eignarstýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í váttryggingastarfsemi eins og þau eru skilgreind í f- og g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).“

iv. Í stað 28. liðar kemur eftirfarandi:

„28. „móðurstofnun í aðildarríki“: stofnun í aðildarríki sem hefur stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi að dótturfélagi eða sem á hlut í slíkri stofnun, fjármálastofnun eða félagi í viðbótarstarfsemi og sem ekki er sjálf dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki“.

v. Eftirfarandi liðir bætast við:

„29a) „verðbréfamóðurstofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki sem er verðbréfafyrirtæki,

- 29b) „verðbréfamóðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB sem er verðbréfafyrirtæki,
- 29c) „móðurlánastofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki sem er lánastofnun,
- 29d) „móðurlánastofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB sem er lánastofnun“.
- vi. Í 39. lið bætist eftirfarandi málsgrein við:
- „Tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið vegna beinnar áhættuskuldbindingar þeirra gagnvart sama miðlæga mótaðilanum vegna stöðustofnunarstarfsemi teljast ekki vera hópur tengdra viðskiptavina“.
- vii. Í stað 41. liðar kemur eftirfarandi:
- „41. „eftirlitsaðili á samstæðugrunni“: lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni í samræmi við 111. gr. tilskipunar 2013/36/ESB“.
- viii. Í stað inngangsorðanna í 71. lið b-liðar kemur eftirfarandi:
- „b) í skilningi 97. gr. samtala eftirfarandi:“.
- ix. Í stað a-liðar í 72. lið kemur eftirfarandi:
- „a) hún er skipulegur markaður eða markaður í þriðja landi sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í a-lið 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB(*)).
-
- (*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).
- x. Í stað 86. liðar kemur eftirfarandi:
- „86. „veltubók“: allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem stofnun heldur, annaðhvort til veltuviðskipta eða til að verja stöður sem haldið er til veltuviðskipta í samræmi við 104. gr.“
- xi. Í stað 91. liðar kemur eftirfarandi:
- „91. „viðskiptastaða“: gildandi áhættuskuldbinding, þ.m.t. viðbótartrygging sem greiða ber stöðustofnunaraðila en hefur enn ekki borist, og mögulegar síðari áhættuskuldbindingar uppgjörsaðila eða viðskiptavinar gagnvart miðlægum mótaðila sem stafa af samningum og viðskiptum sem tilgreind eru í a-, b, og c-lið 1. mgr. 301. gr., sem og upphaflegt tryggingarfé“.
- xii. Í stað 96. liðar kemur eftirfarandi:
- „96. „innri áhættuvörn“: staða sem jafnar að mestu út áhættuþætti á milli stöðu í veltubók og einnar eða fleiri staðna í fjárfestingarbók eða á milli tveggja viðskiptaborða,“.
- xiii. Í stað a-liðar í 127. lið kemur eftirfarandi:
- „a) stofnanirnar falla innan sama stofnanaverndarkerfis eins og um getur í 7. mgr. 113. gr. eða eru varanlega tengdar neti við miðlæga stofnun“.
- xiv. Í stað 128. liðar kemur eftirfarandi:
- „128. „liðir til útgreiðslu“: fjárhæð hagnaðar í lok næstliðins reikningsárs að viðbættum hagnaði frá fyrri árum og varasjóðum sem eru aðgengilegir áður en til útgreiðslu til eigenda eiginfjárgrunnsgerninga kemur, að fráregnu tapi fyrri ára, hagnaði sem er óráðstafanlegur samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum eða félagslögum stofnunarinnar og fjárhæðum sem færðar eru í bundna varasjóði í samræmi við landslög eða samþykktir stofnunarinnar, í hverju tilviki með tilliti til sérstaks flokks eiginfjárgrunnsgerninga sem lög Sambandsins, landslög eða félagslög stofnana eða samþykktir varða, þar sem slíkt tap og varasjóðir eru ákvarðaðir á grundvelli einstakra reikningsskila stofnunarinnar en ekki á grundvelli samstæðureikningsskila.“
- xv. Eftirfarandi liðir bætast við:
- „130) „skilavald“: skilavald eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB,
- 131) „skilaeining“: skilaeining eins og hún er skilgreind í 83. lið a í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

- 132) „skiliasamstæða“: skiliasamstæða eins og hún er skilgreind í 83. lið b í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 133) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eins og hún er skilgreind í 1. og 2. mgr. 131. gr. tilskipunar (ESB) nr. 2013/36,
- 134) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins“: kerfislega mikilvæg bankasamstæða eða banki á alþjóðavísu utan Sambandsins sem ekki er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu og sem er að finna á listanum yfir kerfislega mikilvægar bankasamstæður eða banka á alþjóðavísu sem ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika hefur gefið út,
- 135) „mikilvægt dótturfélag“: dótturfélag sem á einingar- eða samstæðugrunni uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrði:
- dótturfélagið ræður yfir meira en 5% af áhættuvegnum samstæðueignum upphaflega móðurfélagsins,
 - dótturfélagið býr til meira en 5% af heildarrekrartekjum upphaflega móðurfélagsins,
 - heildarmælistærð áhættuskuldbindingar dótturfélagsins sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þessarar reglugerðar er meira en 5% af heildarsamstæðumælistærð upphaflega móðurfélagsins,
- í þeim tilgangi að ákvarða mikilvægt dótturfélag sem 2. mgr. 21. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB gildir um skulu tvö milligöngumóðurfyrirtæki í Sambandinu teljast eitt dótturfyrirtæki á grundvelli samstæðustöðu sinnar,
- 136) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: aðili með réttarstöðu lögaðila sem er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða hluti af kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins,
- 137) „eftirgjafarúrræði“: eftirgjafarúrræði eins og það er skilgreint í 57. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- 138) „samstæða“: samstæða fyrirtækja þar sem a.m.k. eitt er stofnun sem samanstandur af móðurfélagi og dótturfélagum þess, eða fyrirtækjum sem eru tengd hvert öðru eins og sett er fram í 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (*),
- 139) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“: endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántaka, eða viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa,
- 140) „upphafstrygging“: trygging önnur en viðbótartrygging sem tekin er eða lögð fram hjá stofnun til að mæta núverandi áhættu og mögulegri framtíðaráhættu viðskipta sinna eða safni viðskipta á því tímabili sem þörf er á vegna innlausnar á þessum viðskiptum, eða til að endurverja markaðsáhættu eftir vanskil hins mótaðilans,
- 141) „markaðsáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á markaðsverði þ.m.t. gjaldmiðlagengi eða hrávöruverði,
- 142) „gjaldmiðlaáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á gjaldmiðlagengi,
- 143) „hrávörúáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á hrávöruverði,
- 144) „viðskiptaborð“: vel skilgreindur hópur söluaðila sem stofnun setur á laggirnar til að stýra í sameiningu stöðum verðbréfasafna í veltubók í samræmi við vel skilgreinda og samræmda starfsstefnu og starfa samkvæmt sama áhættustýringarfyrirkomulaginu.
- 145) „lítill og einföld stofnun“: stofnun sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:
- hún er ekki stór stofnun,
 - heildarvirði eigna hennar á einingargrunni eða, eftir atvikum, á samstæðugrunni í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB er að meðaltali jafnt eða undir viðmiðunarfjárhæð sem nemur 5 milljörðum evra á fjögurra ára tímabilinu næst á undan yfirstandandi árlegu reikningstímabili; aðildarríkjunum er heimilt að lækka þessa viðmiðunarfjárhæð,
 - hún fellur ekki undir neinar skuldbindingar eða einfaldaðar skuldbindingar í tengslum við endurreisn og skilameðferð í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

- d) umfang veltubókarviðskipta hennar flokkast lítið í skilningi 1. mgr. 94. gr.,
 - e) heildarvirði afleiddra staðna hennar sem eru ætlaðar til veltuviðskipta fer ekki yfir meira en 2% að heildarfjölda eigna á og utan efnahagsreiknings hennar og heildarvirði samanlagðra afleiðustaðna fer ekki yfir 5%, hvort tveggja reiknað út í samræmi við 3. mgr. 273. gr. a,
 - f) meira en 75% af bæði heildarsamstæðueignum og -skuldbindingum stofnunarinnar, að undanskildum, í báðum tilvikum, áhættuskuldbindingum innan samstæðunnar, tengjast starfsemi við mótaðila sem staðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu,
 - g) stofnunin notar ekki eigin líkön til að fullnægja varfærniskröfum í samræmi við þessa reglugerð nema fyrir dótturfyrirtæki sem nota eigin líkön sem þróuð eru á samstæðustigi, að því tilskildu að samstæðan falli undir birtingarkröfur sem mælt er fyrir um í 433. gr. a eða c á samstæðugrunni,
 - h) stofnunin hefur ekki tilkynnt lögbæru yfirvaldi um andmæli gegn því að vera flokkuð sem lítil og einföld stofnun,
 - i. lögbært yfirvald hefur ekki ákveðið að stofnunin eigi ekki að teljast vera lítil og einföld stofnun á grundvelli greiningar þess á stærð, samtengingu, flækjustigi eða áhættusniði,
- 146) „stór stofnun“: stofnun sem uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:
- a) hún er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu,
 - b) hún hefur verið auðkennd sem önnur kerfislega mikilvæg stofnun í samræmi við 1. og 3. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,
 - c) hún er, í aðildarríkinu þar sem hún hefur staðfestu, ein af þremur stærstu stofnunum með tilliti til heildarvirðis eigna,
 - d) heildarvirði eigna hennar á einingargrunni eða, eftir atvikum, á grundvelli samstæðustöðu sinnar í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB er jafnt eða meira en 30 milljarðar evra,
- 147) „stórt dótturfélag“: dótturfélag sem telst vera stór stofnun,
- 148) „óskráð stofnun“: stofnun sem ekki hefur gefið út verðbréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði í neinu aðildarríki í skilningi 21. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 149) „reikningsskil“: að því er varðar áttunda hluta, reikningsskil í skilningi 4. og 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/ESB (**),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnar tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina við hvaða aðstæður skilyrðin sem sett eru fram í 39. lið 1. mgr. eru uppfyllt.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum, þriðja, fjórða og sjöunda hluta, sjöunda hluta A og áttunda hluta í þessari reglugerð og í 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402 á einingargrunni, að undanskildum d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu eingöngu stofnanir sem auðkenndar eru sem skilaeiningar og eru jafnframt kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og sem ekki hafa nein dótturfélög, hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í 92. gr. a á einingargrunni.“

Mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins skulu hlíta 92. gr. b á einingargrunni enda uppfylli þau öll eftirtalin skilyrði:

- a) þau eru ekki skilaeiningar,
- b) þau hafa ekki nein dótturfélög,
- c) þau eru ekki dótturfélög móðurstofnunar í Sambandinu.“

c) Í stað 3., 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þess skal ekki krafist að stofnun sem annaðhvort er móðurfélag, eða dótturfélag, og stofnun sem felld er inn í samstæðureikning á grundvelli 18. gr. uppfylli skyldurnar sem mælt er fyrir um í áttunda hluta á einingargrunni.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu stofnanirnar sem um getur í 1. mgr. a í þessari grein hlíta 437. gr. a og h-lið 447. gr. á einingargrunni.

4. Lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem hafa heimild til að veita þá fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 3. og 6. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB, skulu uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta og í d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á einingargrunni.

Eftirtalдар stofnanir þurfa ekki að hlíta 1. mgr. 413. gr. og tengdum kröfum um skýrslugjöf um lausafjárstöðu sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A í þessari reglugerð:

- a) stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
- b) stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 16. gr. og a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014(*), að því tilskildu að þær geri ekki neinar verulegar breytingar á binditíma, og
- c) stofnanir sem eru tilnefndar í samræmi við b-lið í 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að:
 - i. starfsemi þeirra takmarkist við að bjóða bankaþjónustu, sem tilgreind er í a- til e-lið í C-þætti viðaukans við þá reglugerð, þeim verðbréfamiðstöðvum sem hafa starfsleyfi í samræmi við 16. gr. þeirrar reglugerðar, og
 - ii. þær geri ekki neinar verulegar breytingar á binditíma.

Þar til skýrsla framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3. mgr. 508. gr. liggur fyrir mega lögbær yfirlögd veita verðbréfafyrirtækjum undanþágu frá því að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr., með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi þeirra og flækjustigs.

5. Verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 95. gr. og 1. mgr. 96. gr. þessarar reglugerðar, stofnanir sem lögbær yfirlögd hafa veitt undanþáguna sem tilgreind er í 1. og 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar og stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu ekki þurfa að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafar-kröfum um vögunarhlutfallið sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A í þessari reglugerð á einingargrunni.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).“

4) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) móðurstofnun á samstæðugrunni eða dótturstofnun á undirsamstæðugrunni fylgist ávallt með og hefur yfirsýn yfir lausafjárstöðu allra stofnana innan samstæðunnar eða undirsamstæðunnar sem

niðurfellingin nær til og fylgist ávallt með og hefur yfirsýn yfir fjármögnunarstöðu allra stofnana innan samstæðunnar eða undirsamstæðunnar sem undanþegar eru kröfunni um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar, sem sett er fram í sjötta hluta IV. bóls, og tryggir nægilega mikið lausafé og stöðuga fjármögnun þegar undanþága er veitt frá kröfunni um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar sem sett er fram í sjötta hluta IV. bóls, fyrir allar þessar stofnanir.“

- b) Í stað b- og c-liða 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „b) úthlutun fjárhæða, staðsetningu og eignarhaldi þeirra tilskildu lausafjáreigna sem staka lausafjár-undirsamstæðan skal búa yfir, þegar veitt er undanþága frá kröfunni um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og úthlutun fjárhæða og staðsetningu aðgengilegrar stöðugar fjármögnunar innan stöku lausafjár-undirsamstæðunnar þegar veitt er undanþága frá kröfunni um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar sem sett er fram í sjötta hluta IV. bóls,
- c) ákvörðun lágmarksfjárhæðar þeirra lausafjáreigna sem stofnanir undanþegar beitingu kröfunnar um lausafjárþekjuhluftfall eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og ákvörðun lágmarksfjárhæðar aðgengilegrar stöðugar fjármögnunar sem þær stofnanir skulu búa yfir sem fá undanþágu frá beitingu kröfunnar um hlutfall stöðugar nettófjármögnunar sem sett er fram í sjötta hluta IV. bóls.“
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „6. Þegar lögbært yfirvald veitir stofnun í samræmi við þessa grein undanþágu í heild eða að hluta frá beitingu sjötta hluta er því einnig heimilt að veita þeirri stofnun undanþágu frá beitingu tengdra krafna um skýrslugjöf um lausafjárstöðu skv. d-lið 1. mgr. 430. gr.“
- 5) Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:
- „1. Lögbær yfirvöld mega í samræmi við landslög falla frá beitingu krafna, í heild eða að hluta, sem settar eru fram í öðrum til áttunda hluta þessarar reglugerðar og 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402, gagnvart einni eða fleiri lánastofnunum sem staðsettar eru í sama aðildarríki og sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun sem hefur eftirlit með þeim og staðfestu í sama aðildarríki, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:“
- 6) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Móðurstofnanir í aðildarríki skulu, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr., uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum, þriðja, fjórða og sjöunda hluta og sjöunda hluta A á grundvelli stöðu samstæðu sinnar, að undanskildum d-lið 1. mgr. 430. gr. Móðurfélögin og dótturfélög þeirra sem falla undir þessa reglugerð skulu koma á fót viðeigandi stjórnskipulagi og viðeigandi innra eftirlitskerfi til að tryggja að þau gögn sem gerð samstæðureikningsskila krefst séu unnin og áframsend á tilhlýðilegan hátt. Þau skulu einkum tryggja að dótturfélög sem falla ekki undir þessa reglugerð komi á fyrirkomulagi, ferlum, tækjum og tólum til að tryggja viðeigandi gerð samstæðureikningsskila.
2. Í þeim tilgangi að tryggja að kröfunum í þessari reglugerð sé beitt á samstæðugrunni skulu hugtökin „stofnun“, „móðurstofnun í Sambandinu“ og „móðurfélag“, eftir því sem við á, einnig eiga við um:
- a) eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem hefur verið samþykkt í samræmi við 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB,
- b) tilgreinda stofnun sem er undir yfirráðum móðureignarhaldsfélags eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi ef slíkt móðurfélag er ekki háð samþykki í samræmi við 4. mgr. 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB,
- c) eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eða stofnanir sem tilgreindar eru skv. d-lið 6. liðar 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB.
- Samstæðustaða félagsins sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal vera samstæðustaða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem ekki er háð samþykki í samræmi við 4. mgr. 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB. Samstæðustaða félagsins sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal vera samstæðustaða móðureignarhaldsfélags þess á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.“
- b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu eingöngu móðurstofnanir sem auðkenndar eru sem skilaeiningar og eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu hlíta 92. gr. a í þessari reglugerð á samstæðugrunni, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr. þessarar reglugerðar.“

Eingöngu móðurfélög í Sambandinu sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins og sem ekki eru skilaeiningar skulu hlíta 92. gr. b í þessari reglugerð á samstæðugrunni, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr. þessarar reglugerðar. Ef 2. mgr. 21. gr. b í tilskipun 2013/36/ESB er beitt skulu þau tvö milligöngumóðurfyrirtæki í Sambandinu sem til samans eru auðkennd sem mikilvægt dótturfyrirtæki, hvort um sig hlíta 92. gr. b í þessari reglugerð á grundvelli samstæðustöðu sinnar.“

d) Í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Móðurstofnanir í Sambandinu skulu hlíta sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á grundvelli samstæðustöðu sinnar ef samstæðan samanstendur af einni eða fleiri lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum sem hafa heimild til að veita þá fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið A-hluta I.viðauka við tilskipun 2014/65/ESB. Þar til skýrsla framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 508. gr. liggur fyrir og ef samstæðan samanstendur eingöngu af verðbréfafyrirtækjum mega lögbær yfirvöld veita verðbréfafyrirtækjum undanþágu frá því að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta á samstæðugrunni, með tilliti til eðlis, stærðar og flækjustigs starfsemi þeirra.

Ef undanþága hefur verið veitt á grundvelli 1.–5. mgr. 8. gr. skulu stofnanirnar og, eftir atvikum, eignarhaldsfélögin á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélögin í fjármálastarfsemi sem eru hluti af lausafjárundirsamstæðu hlíta sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr. á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni lausafjárundirsamstæðunnar.

5. Ef 10. gr. þessarar reglugerðar er beitt skal miðlæga stofnunin sem um getur í þeirri grein hlíta kröfum annars til áttunda hluta þessarar reglugerðar og 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402 á grundvelli stöðu samstæðu miðlægu stofnunarinnar og tengdra stofnana hennar í heild.

6. Til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1.–5. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB geta lögbær yfirvöld, þegar það er réttlætianlegt í eftirlitstilgangi vegna áhættusérkenna eða sérstakrar samsetningar á fjármögnun stofnunar eða ef aðildarríkin samþykkja landslög sem kveða á um aðgreiningu á uppbyggingu starfsþátta innan bankasamstæðu, krafist þess að stofnun uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum til áttunda hluta þessarar reglugerðar og í VII. bálki tilskipunar 2013/36/ESB á undirsamstæðugrunni.

Beiting aðferðarinnar sem sett er fram í fyrstu undirgrein skal ekki hafa áhrif á skilvirkt eftirlit á samstæðugrunni og hvorki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á heild eða hluta fjármálakerfisins í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild né mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins.“

7) Ákvæði 12. gr. fellur brott.

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

Samstæðuútreikningur fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu sem taka til margra skilaeininga

Þegar a.m.k. tvær kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu sem tilheyra sömu kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu eru skilaeiningar skal móðurstofnun hennar í Sambandinu reikna út þá fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem um getur á a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð. Útreikningurinn skal gerður á grundvelli samstæðustöðu móðurstofnunarinnar í Sambandinu eins og hún væri eina skilaeining kerfislega mikilvægu stofnunarinnar á alþjóðavísu.

Ef fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við fyrstu málsgrein þessarar greinar er lægri en summa þeirrar fjárhæðar eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð hjá öllum skilaeiningunum sem tilheyra þeirri kerfislega mikilvægu stofnun á alþjóðavísu skal skilavaldið aðhafast í samræmi við 4. mgr. 45. gr. d og 2. mgr. 45. gr. h í tilskipun 2014/59/ESB.

Ef fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við fyrstu málsgrein þessarar greinar er hærri en summa þeirrar fjárhæðar eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð hjá öllum skilaeiningunum sem tilheyra þeirri kerfislega mikilvægu stofnun á alþjóðavísu getur skilavaldið aðhafast í samræmi við 4. mgr. 45. gr. d og 2. mgr. 45. gr. h í tilskipun 2014/59/ESB.“

- 9) Í stað 13. og 14. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

Beiting birtingarkrafna á samstæðugrunni

1. Móðurstofnanir í Evrópusambandinu skulu hlíta ákvæðum áttunda hluta á samstæðugrunni.

Stór dótturfélög móðurstofnana í Sambandinu skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 437., 438., 440., 442., 450. og 451. gr. og 451. gr. a og 453. gr. á einingargrunni eða, eftir atvikum, í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB á undirsamstæðugrunni.

2. Stofnanir sem auðkenndar eru sem skilaeiningar sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu hlíta 437. gr. a og h-lið 447. gr. á grunni samstæðustöðu skilasamstæðunnar.

3. Fyrsta undirgrein 1. mgr. gildir ekki um móðurstofnanir í ESB eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða skilaeiningar þegar þær falla undir jafngilda upplýsingagjöf á samstæðugrunni af hálfu móðurfélags með staðfestu í þriðja landi.

Önnur undirgrein 1. mgr. gildir um dótturfélög móðurfélaga með staðfestu í þriðja landi þegar þessi dótturfélög teljast vera stór dótturfélög.

4. Ef 10. gr. er beitt skal miðlæga stofnunin sem um getur í þeirri grein hlíta ákvæðum áttunda hluta á grundvelli stöðu samstæðu miðlægu stofnunarinnar. Ákvæði 1. mgr. 18. gr. gilda um miðlægu stofnunina og fara skal með tengdar stofnanir sem dótturfélög miðlægu stofnunarinnar.

14. gr.

Beiting krafna 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 á samstæðugrunni

1. Móðurfélög og dótturfélög þeirra sem falla undir þessa reglugerð þurfa að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni til að tryggja að fyrirkomulag þeirra, ferli og tæki og tól sem þessi ákvæði krefjast séu samræmd og vel samþætt og að unnt sé að leggja fram öll gögn og upplýsingar sem varða eftirlitið. Þau skulu einkum tryggja að dótturfélög sem falla ekki undir þessa reglugerð komi á fyrirkomulagi, ferlum og tækjum og tólum til að tryggja að þessum ákvæðum sé fylgt.

2. Stofnanir skulu beita viðbótaráhættuvog í samræmi við 270. gr. a í þessari reglugerð þegar þær beita 92. gr. þessarar reglugerðar á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni ef farið er á svig við kröfurnar í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402 hjá aðila með staðfestu í þriðja landi sem felldur er inn í samstæðureikning í samræmi við 18. gr. þessarar reglugerðar að því gefnu að brotið sé verulegt með hliðsjón af heildaráhættusniði samstæðunnar.“

- 10) Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein 1. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni má í hverju tilviki fyrir sig veita undanþágu frá beitingu þriðja hluta, tengdum skýrslugjafarkröfum í sjöunda hluta A í þessari reglugerð og 4. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB, að undanskildum d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á samstæðugrunni, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu fyrir hendi:“

- 11) Í stað 16. gr. kemur eftirfarandi:

„16. gr.

Undanþága frá beitingu krafna um vogunarhlutfall á samstæðugrunni fyrir samstæður verðbréfa-fyrirtækja

Ef allar einingar í samstæðu verðbréfafyrirtækja, þ.m.t. móðurfélagið, eru verðbréfafyrirtæki sem eru undanþegin beitingu krafnanna, sem settar eru fram í sjöunda hluta á einingargrunni í samræmi við 5. mgr. 6. gr., getur móðurfélag verðbréfafyrirtækisins valið að beita ekki þeim kröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum um vogunarhlutfallið í sjöunda hluta A á einingargrunni.“

- 12) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

„18. gr.

Aðferðir við gerð samstæðureikningsskila

1. Stofnanir, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem krafist er að hlíti kröfunum sem um getur í 1. þætti í þessum kafla á grundvelli stöðu samstæðu sinnar, skulu að öllu leyti fella inn í samstæðureikningsskil allar stofnanir og fjármálastofnanir sem eru dótturfélög þeirra. Ákvæði 3.–6. mgr. og 9. mgr. þessarar greinar gilda ekki í þeim tilvikum þar sem sjötti hluti og d-liður 1. mgr. 430. gr. gilda á grundvelli stöðu samstæðu stofnunar, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða

blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða undirsamstæðustöðu lausafjárundirsamstæðu sem sett er fram í 8. og 10. gr.

Að því er varðar 3. mgr. a í 11. gr. skulu stofnanir sem þurfa að hlíta kröfunum sem um getur í 92. gr. a eða 92. gr. b á samstæðugrunni að öllu leyti fella inn í samstæðureikningsskil allar stofnanir og fjármálastofnanir sem eru dótturfélög þeirra í viðeigandi skiliasamstæðum.

2. Félög í viðbótarstarfsemi skulu felld inn í samstæðureikningsskil í þeim tilvikum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í samræmi við þær aðferðir sem þar um getur.

3. Ef tengsl eru á milli fyrirtækja í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB skulu lögbær yfirvöld ákvarða hvernig samstæðureikningsskilum skuli háttað.

4. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal krefjast hlutfallslegra samstæðureikningsskila í samræmi við hluta hlutdeildareigna í stofnunum og fjármálastofnunum, sem stýrt er af fyrirtæki sem felld er inn í samstæðureikning ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum sem eru ekki talin með í samstæðunni, ef ábyrgð þessara fyrirtækja er takmörkuð við þann hluta hlutafjár sem þau eiga.

5. Þegar um er að ræða aðra hlutdeild eða önnur fjármagnstengsl en þau sem um getur í 1. og 4. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákveða hvort og hvernig eigi að semja samstæðureikningsskil. Einkum er þeim heimilt að leyfa eða krefjast notkunar á hlutdeildaraðferðinni. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.

6. Lögbær yfirvöld skulu ákveða hvort og hvernig semja skuli samstæðureikningsskil í eftirfarandi tilvikum:

- a) þegar, að mati lögbærra yfirvalda, stofnun hefur veruleg áhrif í einni eða fleiri stofnunum eða fjármálastofnunum, án þess að eiga hlut í eða hafa önnur fjármagnstengsl við þessar stofnanir, og
- b) þegar tvær eða fleiri stofnanir eða fjármálastofnanir eru settar undir aðra sameiginlega stjórn en kveðið er á um í samningi eða stofnsamþykktum þeirra.

Einkum er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa eða krefjast notkunar aðferðarinnar sem kveðið er á um í 7., 8. og 9. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.

7. Ef stofnun á dótturfélag sem er annað fyrirtæki en stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi eða á hlutdeild í slíku félagi skal hún beita hlutdeildaraðferðinni gagnvart því dótturfélagi eða hlutdeild. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa stofnunum eða krefjast þess að þær noti aðra aðferð gagnvart slíkum dótturfélögum eða hlutdeildum, þ.m.t. aðferðinni sem gerð er krafa um í viðeigandi reikningsskilaumgjörð, að því tilskildu að:

- a) stofnunin noti ekki 28. desember 2020 þá þegar hlutdeildaraðferðina,
- b) óþarflega íþyngjandi væri að nota hlutdeildaraðferðina eða hlutdeildaraðferðin endurspegladi ekki nægilega vel áhættuna sem stofnuninni stafar af fyrirtækinu sem um getur í fyrstu undirgrein, og
- c) aðferðin sem notuð er leiðir ekki til fullra samstæðureikningsskila eða hlutfallslegra samstæðureikningsskila.

8. Lögbær yfirvöld geta krafist hlutfallslegra samstæðureikningsskila eða fullra samstæðureikningsskila dótturfélags eða fyrirtækis sem stofnun á hlutdeild í þegar það dótturfélag eða fyrirtæki er ekki stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi og ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) fyrirtækið er ekki váttryggingafélag, váttryggingafélag þriðja lands, endurtryggingafélag, endurtryggingafélag þriðja lands, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða fyrirtæki sem undanskilið er gildissviði tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 4. gr. þeirrar tilskipunar,
- b) veruleg hættu er á að stofnunin ákveði að veita þessu fyrirtæki fjárstuðning við erfiðar aðstæður, þegar engar samningsskyldur eru fyrir hendi um að veita slíkan stuðning, eða umfram samningsbundnar skyldur um að veita slíkan stuðning.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir gerð samstæðureikningsskila í þeim tilvikum sem um getur í 3.–6. mgr. og 8. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

- 13) Í stað 22. gr. kemur eftirfarandi:

„22. gr.

Undirsamstæðugrunnur í tilvikum eininga í þriðju löndum

1. Dótturstofnanir skulu beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 89., 90. og 91. gr. og þriðja, fjórða og sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A á undirsamstæðugrunni ef þessar stofnanir eða móðurfélag þeirra, þegar það er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, hafa stofnun eða fjármálastofnun sem dótturfélag í þriðja landi eða eiga hlutdeild í slíku fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar geta dótturstofnanir valið að beita ekki kröfunum sem mælt er fyrir um í 89., 90. og 91. gr. og þriðja, fjórða og sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A á undirsamstæðugrunni ef heildareignir og liðir utan efnahagsreiknings hjá dótturfélögum þeirra og hlutdeildir í þriðju löndum eru undir 10% af heildarfjárhæð eigna og liða utan efnahagsreiknings hjá dótturstofnuninni.“

- 14) Í stað fyrirsagnarinnar í öðrum hluta kemur eftirfarandi:

„EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR“

- 15) Í stað 3. mgr. 26. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Lögbær yfirvöld skulu meta hvort útgáfa fjármagnsgerninga uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr. Stofnanir skulu ekki flokka útgáfu fjármagnsgerninga sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 nema að fengnu leyfi frá lögbærum yfirvöldum.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er stofnunum heimilt að flokka sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 síðari útgáfu af tegund almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem þær hafa þegar fengið slíkt leyfi fyrir, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) ákvæðin sem gilda um þessa síðari útgáfu eru í meginatriðum þau sömu og ákvæðin sem gilda um þá útgáfu sem stofnunin hefur þegar fengið leyfi fyrir,
- b) stofnanir hafa tilkynnt lögbærum yfirvöldum um þessa síðari útgáfu með nægum fyrirvara áður en hún er flokkuð sem almennur eiginfjárgrunnsgerningur þáttar 1.

Lögbær yfirvöld skulu hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en þau veita leyfi fyrir nýjum tegundum fjármagnsgerninga sem á að flokka sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Lögbær yfirvöld skulu taka tilhlýðilegt tillit til álits Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og ákveði þau að vikja frá því skulu þau skýra stofnuninni frá því skriflega innan þriggja mánaða frá viðtöku álits hennar þar sem þau útskýra ástæðurnar fyrir því. Þessi undirgrein gildir ekki um fjármagnsgerningana sem um getur í 31. gr.

Á grundvelli upplýsinganna frá lögbærum yfirvöldum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin útbúa, viðhalda og birta lista yfir allar tegundir fjármagnsgerninga í hverju aðildarríki sem uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að taka saman allar upplýsingar í tengslum við almennan eiginfjárgrunnsgerning þáttar 1 sem hún telur nauðsynlegar til að ganga úr skugga um hvort viðmiðunum sem sett eru fram í 28. gr. er hlítt, og eftir atvikum 29. gr. þessarar reglugerðar og í þeim tilgangi að viðhalda listanum sem um getur í þessari undirgrein og uppfæra hann.

Að loknu endurmatsferlinu sem sett er fram í 80. gr. og ef nægar vísbendingar liggja fyrir um að viðkomandi fjármagnsgerningar uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar sem settar eru fram í 28. gr. eða, eftir atvikum 29. gr. getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveðið að bæta ekki þessum gerningum við á listann sem um getur í fjórðu undirgrein eða fjarlæggt þá af listanum, eftir því sem við á. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út tilkynningu í þessu skyni sem skal einnig vísa til afstöðu viðkomandi lögbærs yfirvalds til málsins. Þessi undirgrein gildir ekki um fjármagnsgerningana sem um getur í 31. gr.“

- 16) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
 - i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) gerningarnir hafa verið greiddir til fulls og öflun eignarhalds á þeim er ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni.“

ii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal eingöngu sá hluti fjármagnsgernings sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1.“

b) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 3. mgr.:

„Skilyrðið sem sett er fram í v. lið h-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. telst uppfyllt þrátt fyrir að dótturfélag hafi gert samning við móðurfélag sitt um yfirfærslu hagnaðar og taps þess efnis að dótturfélagið sé skuldbundið til að yfirfæra, að lokinni gerð ársreikninga sinna, ársniðurstöðu sína til móðurfélagsins, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a) móðurfélagið á meira en 90% af atkvæðisrétti og eigin fé dótturfélagsins,
- b) móðurfélagið og dótturfélagið eru staðsett í sama aðildarríki,
- c) samningurinn var gerður í lögmætum skattalegum tilgangi,
- d) við gerð árlegu reikningsskilanna er dótturfélaginu í sjálfsvald sett að lækka útgreiðslufjárhæðir með því að færa allan hagnað sinn eða hluta hans í eigin varasjóði sína eða sjóði vegna almennrar bankaáhættu áður en það framkvæmir greiðslur til móðurfélags síns,
- e) móðurfélaginu er skylt samkvæmt samningi að bæta dótturfélaginu að fullu allt tap þess síðar-nefnda,
- f) samningurinn er háður uppsagnarfresti sem kveður á um að eingöngu sé hægt að segja samningnum upp í lok uppgjörárs og taka slík samningsslit gildi eigi fyrr en í byrjun næstkomandi uppgjörárs og þá er skuldbinding móðurfélagsins um að bæta dótturfyrirtækinu allt tap sem verður á fyrstandandi uppgjörssári óbreytt.

Hafi stofnun gert samning um yfirfærslu á hagnaði og tapi skal hún tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það án tafar og láta því í té afrit af samningnum. Stofnunin skal einnig tilkynna lögbæra yfirvaldinu án tafar um hvers konar breytingar á samningnum um yfirfærslu á hagnaði og tapi og um riftun hans. Stofnun skal ekki gera fleiri en einn samning um yfirfærslu á hagnaði og tapi.“

17) Í stað c-liðar 1. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„c) hagnað og tap á gangvirði afleiðuskulda stofnunarinnar sem stafa af breytingum á eigin útlánaáættu stofnunarinnar,

18) Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) óefnislegar eignir að undanskildum hugbúnaðareignum sem metnar eru á varfærinn hátt enda rýrnar virði þeirra ekki verulega við skilameðferð, ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,“

ii. eftirfarandi liður bætist við:

„n) fyrir lágmarksvirðisskuldbindingu sem um getur í 2. mgr. 132. gr. c allar fjárhæðir þar sem fyrirliggjandi markaðsvirði hluteildarskírteinanna eða hlutabréfanna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem liggur til grundvallar lágmarksvirði skuldbindingarinnar er lægra en núvirði lágmarksvirðis skuldbindingarinnar og þar sem stofnunin hefur ekki enn reiknað inn lækkun á liðum almenns eigin fjár þáttar 1.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina beitingu þess frádráttar sem um getur í b-lið 1. mgr., þ.m.t. veruleg virðisrýrnun sem ekki veldur áhyggjum hvað varðar varfærið mat.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

19) Eftirfarandi liður bætist við í 37. gr.:

- „c) fjárhæðin sem kemur til frádráttar skal lækkuð um fjárhæð endurmats óefnislegra eigna dótturfélaganna í reikningsskilunum sem leiðir af samstæðureikningsskilum dótturfélaga sem tilheyra öðrum einstaklingum en þeim fyrirtækjum sem talin eru með í samstæðureikningsskilunum skv. 2. kafla II. bóls fyrsta hluta.“
- 20) Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein 2. mgr. 39. gr. kemur eftirfarandi:
Frestuð skattinneign sem byggist ekki á framtíðararðsemi skal takmörkuð við frestaða skattinneign sem varð til fyrir 23. nóvember 2016 og sem leiðir af tímabundnum mismun, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:
- 21) Í stað i. liðar a-liðar 45. gr. kemur eftirfarandi:
„i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar.“
- 22) Ákvæðum 49. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:
„Þessi málsgrein gildir ekki við útreikning á eiginfjárgrunni með tilliti til krafanna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a og 92. gr. b. sem skal reiknaður í samræmi við frádráttarreglurnar sem settar eru fram í 4. mgr. 72. gr. e.“
- b) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í stað síðasta málsliðar iv. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:
„Gefa skal lögbærum yfirvöldum skýrslu um samstæðuefnahagsreikninginn eða útvíkkaða heildarútreikninginn jafnoft og mælt er fyrir um í 7. gr. tæknilegu framkvæmdarstaðlanna“.
- ii. Í stað fyrsta málsliðar v. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:
„v. stofnanirnar sem heyra undir stofnanaverndarkerfið uppfylla saman, á samstæðugrundvelli eða á grundvelli útvíkkaðs heildarútreiknings, kröfurnar sem mælt er fyrir um í 92. gr. og sinna skýrslugjöf um reglufylgni við þær kröfur í samræmi við 430. gr.“
- 23) Ákvæðum 1. mgr. 52. gr. er breytt sem hér segir:
- a) í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
„a) gerningarnir hafa verið gefnir út af stofnun milliliðalaust og að fullu greiddir,“
- b) í stað inngangsorðanna í b- lið kemur eftirfarandi:
„b) enginn eftirfarandi aðila á gerningana.“
- c) í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
„c) öflun eignarhalds á gerningunum er ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni,“
- d) í stað h-liðar kemur eftirfarandi:
„h) feli gerningarnir í sér einn eða fleiri snemmbæran innlausnarrétt, þ.m.t. kauprétt má einungis nýta slík réttindi samkvæmt einhliða ákvörðun útgefandans,“
- e) í stað j-liðar kemur eftirfarandi:
„j) ákvæðin sem gilda um gerningana gefa ekki til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að stofnunin muni innkalla, innleysa, endurkaupa eða endurgreiða gerningana, eftir því sem við á, nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar og stofnunin gefur ekki vísbandingu um slíkt á annan hátt,“
- f) í stað p-liðar kemur eftirfarandi:
„p) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasmæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samningsákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að skilavald hefur ákveðið að nýta þær niðurfærslu- og umbreytingarheimildir sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,
sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi ekki verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasmæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í

Sambandinu, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samningsákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að viðkomandi lögbært yfirvald í þriðja landi hefur ákveðið það, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.“

- g) eftirfarandi liðir bætast við:
- „q) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasmáttæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, er eingöngu heimilt að gefa út gerningana samkvæmt lögum þriðja lands, eða með vísan til þeirra á einhvern annan hátt, ef beiting niðurfærslu- og umbreytingarheimildanna sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar er samkvæmt þessum lögum skilvirk og framfylgjanleg á grundvelli lagaákvæða eða samningsákvæða sem eru fullnustuhæf samkvæmt lögum sem viðurkenna skilaaðgerðirnar eða aðrar niðurfærslu- eða umbreytingaraðgerðir,
 - r) gerningarnir falla ekki undir jöfnunar- eða skuldajöfnunarsamninga (e. *set-off or netting arrangements*) sem gætu dregið úr tapþolsgetu þeirra við skilameðferð,
- h) eftirfarandi undirgrein bætist við:
- Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal eingöngu sá hluti fjármagnsgernings sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgernings þáttar 1.“
- 24) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 54. gr.:
- „e) hafi dótturfélag með staðfestu í þriðja landi gefið út viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 skal kveikju-atburðurinn við 5,125% eða hærra sem um getur í a-lið vera reiknaður í samræmi við landslög þess þriðja lands eða samningsákvæðin sem gilda um þá gerninga, að því tilskildu að það lögbæra yfirvald, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, hafi gengið úr skugga um að þessi ákvæði séu a.m.k. jafngild kröfunum sem settar eru fram í þessari grein.“
- 25) Í stað i. liðar a-liðar 59. gr. kemur eftirfarandi:
- „i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar.“
- 26) Í stað a-liðar 62. gr. kemur eftirfarandi:
- „a) fjármagnsgerningum ef skilyrðin sem sett eru fram í 63. gr. eru uppfyllt og að því marki sem tilgreint er í 64. gr.“
- 27) Ákvæðum 63. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Gerningarnir teljast uppfylla skilyrði þess að vera gerningar undir þætti 2 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - b) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) gerningarnir hafa verið gefnir út af stofnun milliliðalaust og að fullu greiddir,“.
 - c) Í stað inngangsorðanna í b-lið kemur eftirfarandi:

„b) enginn eftirfarandi aðila á gerningana:“
 - d) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) öflun eignarhalds á gerningunum er ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni,

d) krafan á höfuðstól gerninganna samkvæmt ákvæðunum sem gilda um gerningana er metin lægri öllum kröfum sem leiðir af hæfum skuldbindingargerningum“
 - e) Í stað inngangsorðanna í e-lið kemur eftirfarandi:

„e) enginn eftirtalinna aðila hefur lagt fram tryggingu fyrir gerningunum eða veitt ábyrgð á þeim sem eykur réttshæð krafanna:“
 - f) Í stað f- til n-liðar kemur eftirfarandi:

„f) gerningarnir falla ekki undir neitt fyrirkomulag sem á annan hátt eykur réttshæð kröfunnar samkvæmt gerningunum,

g) upphaflegur lánstími gerninganna skal að lágmarki vera fimm ár,

- h) ákvæðin sem gilda um gerningana fela ekki í sér hvata fyrir stofnunina til að innleysa eða endurgreiða höfuðstól þeirra, eftir því sem við á, áður en binditími þeirra er liðinn,
- i) feli gerningarnir í sér einn eða fleiri snemmbæran endurgreiðslurétt, þ.m.t. kauprétt má einungis nýta slíkan rétt samkvæmt einhliða ákvörðun útgefandans,
- j) aðeins má innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga snemma ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. gr. eru uppfyllt og ekki fyrir en fimm árum eftir útgáfudag nema skilyrðin sem sett eru fram í 4. mgr. 78. gr. séu uppfyllt,
- k) ákvæðin sem gilda um gerningana gefa ekki til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að stofnunin muni innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerningana snemma nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt,
- l) ákvæðin sem gilda um gerningana veita eigandanum ekki rétt til að flýta áætluðum framtíðargreiðslum vaxta eða höfuðstóls nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,
- m) fjárhæð vaxta eða arðgreiðslna, eftir því sem við á, af gerningunum verður ekki breytt á grundvelli láns hæfis stofnunarinnar eða móðurfélags hennar,
- n) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasmæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samningsákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að skilavald hefur ákveðið að nýta þær niðurfærslu- og umbreytingarheimildir sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,
- sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi ekki verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasmæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samningsákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að viðkomandi lögbært yfirvald í þriðja landi hefur ákveðið það, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,“
- g) eftirfarandi liðir bætast við:
- „o) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasmæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, er eingöngu heimilt að gefa út gerningana samkvæmt lögum þriðja lands, eða með vísan til þeirra á einhvern annan hátt, ef beiting niðurfærslu- og umbreytingarheimildanna sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar sé samkvæmt þessum lögum skilvirk og framfylgjanleg á grundvelli lagaákvæða eða samningsákvæða sem eru fullnustuhæf samkvæmt lögum sem viðurkenna skilaaðgerðirnar eða aðrar niðurfærslu- eða umbreytingaraðgerðir,
- p) gerningarnir falla ekki undir jöfnunar- eða skuldajöfnunarsamninga (e. *set-off or netting arrangements*) sem gætu dregið úr tapþolsgetu þeirra við skilameðferð.“
- h) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „Að því er varðar a-lið fyrstu málsgreinar skal eingöngu sá hluti fjármagnsgernings sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði gernings undir þætti 2.“
- 28) Í stað 64. gr. kemur eftirfarandi:
- „64. gr.
- Afskrift gerninga undir þætti 2**
1. Heildarfjárhæð gerninga undir þætti 2 sem hafa lengri eftirstöðvatíma en fimm ár teljast uppfylla skilyrði gerninga undir þætti 2.
2. Það að hvaða marki gerningar undir þætti 2 uppfylla skilyrði liða í þætti 2 á síðustu fimm árunum fram að gjalddaga gerninganna er reiknað út með því að margfalda niðurstöðu útreikningsins sem um getur í a-lið með fjárhæðinni sem um getur í b-lið sem hér segir:
- a) bókfært verð gerninganna á fyrsta degi síðustu fimm ára af samningsbundnum gjalddaga þeirra, deilt með fjölda daganna á því tímabili,
- b) fjöldi eftirstæðra daga af samningsbundnum gjalddaga gerninganna.“
- 29) Eftirfarandi liður bætist við í 66. gr.:

„e) fjárhæð liða sem krafist er skv. 72. gr. e komi til frádráttar liðum hæfra skuldbindinga sem eru umfram liði stofnunarinnar í hæfum skuldbindingum.“

30) Í stað i. liðar a-liðar 69. gr. kemur eftirfarandi:

„i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar.“

31) Eftirfarandi kafli bætist við á eftir 72. gr.:

„5. KAFLI a

Hæfar skuldbindingar

1. þáttur

Liðir og gerningar hæfra skuldbindinga

72. gr. a

Liðir hæfra skuldbindinga

1. Liðir hæfra skuldbindinga skulu samanstanda af eftirfarandi nema þeir falli undir einhverja þá flokka undanskilinna skuldbindinga sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar og að því marki sem tilgreint er í 72. gr. c:

- a) hæfum skuldbindingargerningum, ef skilyrðin sem sett eru fram í 72. gr. b eru uppfyllt að því marki sem þau uppfylla ekki skilyrði liða almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjár þáttar 1 og þáttar 2,
 - b) gerningum undir þætti 2 með a.m.k. eins árs binditíma að því marki sem þeir uppfylla ekki skilyrði liða þáttar 2 í samræmi við 64. gr.
2. Eftirtaldir skuldbindingar skulu undanskildar liðum hæfra skuldbindinga:
- a) tryggðar innstæður,
 - b) óbundin innlán og skammtímainnlán með upphaflegan binditíma sem er skemmri en eitt ár,
 - c) sá hluti tryggingarhæfra innstæðna einstaklinga og örfyrirtækja, lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja sem er hærri en sem nemur þeirri tryggingavernd sem kveðið er á um í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB(*),
 - d) innstæður einstaklinga, örfyrirtækja, lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja sem væru tryggingarhæfar innstæður hefðu þær ekki verið lagðar inn í gegnum útibú, sem eru staðsett utan Sambandsins, frá stofnunum með staðfestu í Sambandinu,
 - e) tryggðar skuldbindingar, þ.m.t. sértryggð skuldabréf og skuldbindingar í formi fjármálagerninga sem eru notaðir til áhættuvarnar og eru óaðskiljanlegur hluti tryggingasafnsins og sem í samræmi við landslög eru tryggð með svipuðum hætti og sértryggð skuldabréf, að því tilskildu að allar tryggðar eignir sem tengjast tryggingasafni sértryggðra skuldabréfa verði ekki fyrir áhrifum, haldist aðskildar og með næga fjármögnun og að undanskildum sérhverjum hluta tryggðrar skuldbindingar eða skuldbindingar sem veðsett hefur verið hærri en virði eignanna, tryggingar, veðs eða veðláns sem lagt er fram sem trygging,
 - f) sérhver skuldbinding verður til vegna vörslu eigna eða fjármuna viðskiptavina, þ.m.t. eigna viðskiptavinar eða fjármuna viðskiptavinar sem hafðir eru í vörslu fyrir hönd verðbréfasjóða að því tilskildu að slíkur viðskiptavinur njóti verndar samkvæmt gildandi lögum um ógjaldfærni,
 - g) sérhver skuldbinding sem verður til vegna fjárvörslulegs sambands milli stofnunar eða einhvers dótturfélags hennar (fjárvörsluaðila) og annars aðila (rétthafa), að því tilskildu að slíkur rétthafi njóti verndar samkvæmt gildandi lögum um ógjaldfærni eða einkarétt,
 - h) skuldbindingar gagnvart stofnunum, að undanskildum skuldbindingum gagnvart einingum sem eru hluti af sömu samstæðu, með upphaflegan binditíma sem er styttri en sjö dagar,
 - i) skuldbindingar með minna en sjö daga eftirstöðvatíma, sem eru skuld við:
 - i. kerfi eða rekstraraðila kerfa sem tilnefnd eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB (**),
 - ii. þátttakendur í kerfi sem tilnefnt er í samræmi við tilskipun 98/26/EB og stafa af þátttöku í slíku kerfi eða
 - iii. mótaðila í þriðja landi sem er viðurkenndur í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

- j) einhver eftirtalinna skuldbindinga:
 - i. skuldbinding vegna starfsmanns, í tengslum við uppsöfnuð laun, lífeyri eða önnur föst starfskjör, að undanskildum breytilegum þáttum starfskjara sem ekki eru lögverndaðir í almennum kjarasamningi, og að undanskildum breytilegum þætti starfskjara þeirra sem taka verulega áhættu eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,
 - ii. skuldbinding vegna kröfuhafa innan verslunar eða viðskipta ef hún stafar af afhendingu vara eða þjónustu til stofnunarinnar eða móðurfélagsins sem er mikilvæg fyrir daglegan rekstur starfsemi stofnunarinnar eða móðurfélagsins, þ.m.t. upplýsingatækniþjónustu, nytjahluta og leigu, reksturs og viðhalds á húsnæði,
 - iii. skuldbinding vegna skatta- og almannatryggingayfirvalda, að því tilskildu að þessar skuldbindingar hafi forgang samkvæmt gildandi lögum,
 - iv. skuldbinding vegna innstæðutryggingakerfa ef hún stafar af ógreiddum framlögum í samræmi við tilskipun 2014/49/ESB,
- k) skuldbindingar sem stafa af afleiðum,
- l) skuldbindingar sem stafa af skuldageringum með innbyggðum afleiðum.

Að því er varðar l-lið fyrstu undirgreinar skulu skuldageringar sem innihalda snemmbæran innlausnarrétt sem útgefandinn eða handhafinn ákveður einhliða að nýta sér, sem og skuldabréf með breytilegum vöxtum sem stafa af viðmiðunarvöxtum í almennri notkun, eins og Euribor-vöxtum eða LIBOR-vöxtum, ekki teljast vera skuldageringar sem hafa að geyma innbyggðar afleiður einungis vegna þessara þátta.

72. gr. b

Hæfir skuldbindingargerningar

1. Skuldbindingar skulu teljast uppfylla skilyrði skuldbindingargerninga, að því tilskildu að þær uppfylli skilyrðin í þessari grein og aðeins að því marki sem þar er tilgreint.
2. Skuldbindingarnar teljast uppfylla skilyrði hæfra skuldbindingargerninga ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - a) skuldbindingarnar hafa verið gefnar út eða þeirra aflað af stofnun, eftir því sem við á og eru að fullu greiddar,
 - b) enginn eftirfarandi aðila á skuldbindingarnar:
 - i. stofnun eða eining sem talin er með í sömu skilastofnuninni,
 - ii. fyrirtæki sem stofnunin á beina eða óbeina hlutdeild í, í formi beins eignarhlutar eða yfirráða, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé þess fyrirtækis,
 - c) öflun eignarhalds á skuldbindingunum eru ekki fjármögnuð beint eða óbeint af skilastofnuninni,
 - d) krafan á höfuðstól skuldbindinganna samkvæmt ákvæðunum sem gilda um gerningana viku að fullu fyrir kröfum sem stafa af þeim skuldbindingum sem eru undanskildar og um getur í 2. mgr. 72. gr. a; þessi krafa um undirskipun skal uppfyllt í öllum eftirfarandi aðstæðum:
 - i. sammingsákvæðin sem gilda um skuldbindingarnar tilgreina að komi til hefðbundinnar ógjaldfærnismedferðar, eins og skilgreint er í 47. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þá er krafan á höfuðstól skuldbindinganna lægri þeim kröfum sem leiðir af einhverri undanþegnu skuldbindingunni sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a í þessari reglugerð,
 - ii. gildandi lög kveða á um að komi til hefðbundinnar ógjaldfærnismedferðar, eins og skilgreint er í 47. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þá er krafan á höfuðstól gerninganna lægri þeim kröfum sem leiðir af einhverri undanþegnu hæfu skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a í þessari reglugerð,
 - iii. gerningarnir sem eru gefnir út af skilaeiningu sem ekki eru með neinar undanskildar skuldbindingar á efnahagsreikningi sínum, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. þessarar reglugerðar, sem eru metnar jafngildar eða réttlægri hæfum skuldbindingargerningum,
 - e) enginn eftirtalinna aðila hefur lagt fram tryggingu fyrir gerningunum eða veitt ábyrgð á þeim eða gert einhverja aðra ráðstöfun sem eykur réttthæð krafanna:
 - i. stofnunin eða dótturfélag hennar,
 - ii. móðurfélag stofnunarinnar eða dótturfélög hennar,

- iii. fyrirtæki sem hefur nán tengsl við aðila sem um getur í i. og ii. lið,
- f) skuldbindingarnar falla ekki undir jöfnunar- eða skuldajöfnunarsamninga sem gætu dregið úr tapþolsgetu þeirra við skilameðferð,
- g) ákvæðin sem gilda um skuldbindingarnar fela ekki í sér hvata fyrir stofnunina til að innleysa eða endurgreiða höfuðstól þeirra, eftir því sem við á, áður en binditími þeirra er liðinn,
- h) handhafar gerninganna geta ekki innleyst skuldbindingarnar áður en binditími þeirra er liðinn nema í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. c,
- i) ef skuldbindingarnar fela í sér einn eða fleiri snemmbæran endurgreiðslurétt, þ.m.t. kauprétt má einungis nýta slíkan rétt samkvæmt einhliða ákvörðun útgefandans nema í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. c, sbr. þó 3. og 4. mgr. 72. gr. c,
- j) einungis er heimilt að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa skuldbindingarnar snemma ef skilyrðin sem sett eru fram í 77. gr. og 78. gr. a eru uppfyllt,
- k) ákvæðin sem gilda um skuldbindingarnar gefa ekki til kynna með beinum eða óbeinum hætti að skilaeiningin muni innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerningana snemma nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt,
- l) ákvæðin sem gilda um skuldbindingarnar veita handhafa þeirra ekki rétt til að flýta áætluðum framtíðargreiðslum vaxta eða höfuðstóls nema við ógjaldfærni eða félagsslit skilaeiningarinnar,
- m) fjárhæð vaxta eða arðgreiðslna af skuldbindingunum, eftir því sem við á, verður ekki breytt á grundvelli láns hæfis skilaeiningarinnar eða móðurfélags hennar,
- n) hvað varðar gerninga sem gefnir eru út eftir 28. júní 2021 þá vísa viðkomandi samningsskjöl og, eftir atvikum, útboðs- og skráningarlýsingar sem varða útgáfuna, með skýrum hætti til mögulegrar nýtingar á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum í samræmi við 48. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal eingöngu sá hluti skuldbindinganna sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði hæfra skuldbindingargerninga.

Þegar sumar þeirra undanþegnu skuldbindinga sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a eru víkjandi fyrir almennum ótryggðum skuldbindingum samkvæmt landsbundnum lögum um gjaldþrot, m.a. vegna þess að þau eru í vörslu lánveitanda sem hefur nán tengsl við skuldarann, þar sem hann er eða hefur verið hluthafi, sem felast í yfirráða- eða samstæðutengslum, stjórnarmaður eða tengdur einhverjum þessara aðila skal undirskipunin með tilliti til d-liðar fyrstu undirgreinar þessarar greinar, ekki metin með vísan til krafna sem stafa af slíkum undanþegnum skuldbindingum.

3. Auk skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar er skilavaldi heimilt að láta skuldbindingar uppfylla skilyrði hæfra skuldbindingargerninga upp að heildarfjárhæð sem fer ekki yfir 3,5% af fjárhæð heildaráhættugrunnsins sem reiknaður er í samræmi við 3. og 4. gr. 92. gr. að því tilskildu að:

- a) öll skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. séu uppfyllt, að undanskildu skilyrðinu sem sett er fram í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.,
- b) skuldbindingarnar séu metnar jafngildar þeim undanskildu skuldbindingum sem lægst eru metnar og sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a, að frátöldum þeim undanskildu skuldbindingum sem eru víkjandi fyrir almennum ótryggðum skuldbindingum samkvæmt landsbundnum lögum um gjaldþrot og sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. þessarar greinar, og
- c) innfelling þessara skuldbindinga í liði hæfra skuldbindinga gæfi ekki tilefni til verulegrar hættu á árangursríkri málsókn eða gildum bótakröfum samkvæmt mati skilavalds með tilliti til meginreglnanna sem um getur í g-lið 1. mgr. 34. gr. og 75. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

4. Skilavaldið getur heimilað að skuldbindingar uppfylli skilyrði hæfra skuldbindingargerninga til viðbótar þeim skuldbindingum sem um getur í 2. gr., að því tilskildu að:

- a) stofnuninni sé ekki heimilt að fella inn í liði hæfra skuldbindinga skuldbindingar sem um getur í 3. mgr.,
- b) öll skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr., að undanskildu skilyrðinu sem sett er fram í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. séu uppfyllt,
- c) skuldbindingarnar séu metnar jafngildar eða réttþærri þeim undanskildu skuldbindingum sem lægst eru metnar og sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a, að frátöldum þeim undanskildu skuldbindingum sem eru víkjandi fyrir almennum ótryggðum skuldbindingum samkvæmt landsbundnum lögum um gjaldþrot og sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. þessarar greinar,

- d) á efnahagsreikningi stofnunarinnar sé fjárhæð undanskilinna skuldbindinga, sem um getur í 2. mgr. 72. gr. sem eru metnar jafngildar eða réttlægri þessum skuldbindingum við ógjaldfærni, ekki hærri en 5% af fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga stofnunarinnar,
 - e) innfelling þessara skuldbindinga inn í liði hæfra skuldbindinga gæfi ekki tilefni til verulegrar hættu á árangursríkri málsókn eða gildum bótakröfum samkvæmt mati skilavalds með tilliti til meginreglnanna sem um getur í g-lið 1. mgr. 34. gr. og 75. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
5. Skilavaldið getur einungis heimilað stofnun að fella skuldbindingarnar sem um getur í annaðhvort 3. eða 4. mgr. inn sem liði hæfra skuldbindinga.
 6. Skilavaldið skal hafa samráð við lögbæra yfirvaldið þegar það skoðar hvort skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein eru uppfyllt.
 7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:
 - a) viðeigandi form og eðli óbeinnar fjármögnunar hæfra skuldbindingargerninga,
 - b) form og eðli hvata til innlausnar að því er varðar skilyrðið sem sett er fram í g-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 72. gr. c.

Þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum skulu vera í fullu samræmi við framseldu gerðina sem um getur í a-lið 5. mgr. 28. gr. og a-lið 2. mgr. 52. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

72. gr. c.

Afskriftir hæfra skuldbindingargerninga

1. Hæfir skuldbindingargerningar með a.m.k. eins árs binditíma teljast að fullu uppfylla skilyrði þess að vera liðir hæfra skuldbindinga.

Hæfir skuldbindingargerningar með styttri eftirstöðvatíma en eitt ár teljast ekki uppfylla skilyrði þess að vera liðir hæfra skuldbindinga.

2. Ef hæfir skuldbindingargerningar fela í sér innlausnarrétt sem handhafi getur nýtt sér fyrir hinn upphaflega tilgreinda gjalddaga gerningsins skal gjalddagi gerningsins skilgreindur, með tilliti til 1. mgr., sem fyrsti mögulegi dagurinn sem handhafi getur nýtt sér innlausnarréttinn og óskað eftir innlausn gerningsins eða endurgreiðslu á honum.

3. Ef hæfir skuldbindingargerningar fela í sér hvata fyrir útgefandann til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninginn fyrir hinn upphaflega tilgreinda gjalddaga gerningsins, skal gjalddagi gerningsins skilgreindur, með tilliti til 1. mgr., sem fyrsti mögulegi dagurinn sem útgefandinn getur nýtt sér innlausnarréttinn og óskað eftir innlausn gerningsins eða endurgreiðslu á honum.

4. Ef hæfir skuldbindingargerningar fela í sér snemmbæran innlausnarrétt sem útgefandi einn getur ákveðið að nýta sér fyrir hinn upphaflega tilgreinda gjalddaga gerningsins, en þar sem ákvæðin sem gilda um gerninginn fela ekki í sér neinn hvata til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninginn fyrir gjalddaga hans og fela ekki í sér neinn endurkaupa- eða endurgreiðslurétt að einhliða ákvörðun handhafanna, skal gjalddagi gerningsins skilgreindur, með tilliti til 1. mgr., sem hinn upphaflegi tilgreindi gjalddagi.

72. gr. d

Afleiðingar þess að skilyrði fyrir hæfi eru ekki lengur uppfyllt

Ef gildandi skilyrði sem sett eru fram í 72. gr. b eru ekki lengur uppfyllt að því er varðar hæfa skuldbindingargerninga skulu skuldbindingarnar tafarlaust hætta að teljast vera hæfir skuldbindingargerningar.

Skuldbindingarnar sem um getur í 2. mgr. 72. gr. b geta haldið áfram að teljast vera hæfir skuldbindingargerningar eins lengi og þær uppfylla skilyrði hæfra skuldbindingargerninga skv. 3. og 4. mgr. 72. gr. b.

2. þáttur

Frádráttur frá liðum hæfra skuldbindinga

72. gr. e

Frádráttur frá liðum hæfra skuldbindinga

1. Stofnanir sem falla undir 92. gr. a skulu draga eftirfarandi frá liðum hæfra skuldbindinga:
 - a) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti stofnunar í eigin hæfum skuldbindingargerningum, þ.m.t eigin skuldbindingar sem þeirri stofnun gæti borið skylda til að kaupa vegna gildandi sammingsbundinna skyldna,
 - b) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti sem stofnunin á í hæfum skuldbindingargerningum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu sem stofnunin hefur krosseignarhald með og sem lögbært yfirvald telur að hafi verið hannað til að blása upp tappól og endurfjármögnunargetu skilaeiningarinnar á óeðlilegan hátt,
 - c) viðeigandi fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í hæfum skuldbindingargerningum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, sem ákvörðuð er í samræmi við 72. gr. i, ef stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í þessum stofnunum,
 - d) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti sem stofnunin á í hæfum skuldbindingargerningum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu ef stofnunin á verulegan eignarhlut í þessum stofnunum, að undanskildum sölutryggingarstöðum sem haldið er í fimm virka daga eða skemur.
2. Að því er varðar þennan þátt skulu allir gerningar sem metnir eru jafngildir hæfum skuldbindingargerningum meðhöndlaðir sem hæfir skuldbindingargerningar, að undanskildum gerningum sem metnir eru jafngildir gerningum sem viðurkennt er að uppfylli skilyrði hæfra skuldbindinga skv. 3. og 4. mgr. 72. gr. b.
3. Að því er varðar þennan þátt mega stofnanir reikna eignarhluta hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b á eftirfarandi hátt:

$$h = \sum_i \left(H_i \cdot \frac{I_i}{L_i} \right)$$

þar sem:

- h = fjárhæð eignarhluta hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b,
 i = stuðullinn sem tilgreinir útgáfustofnunina,

- H_i = heildarfjárhæð eignarhluta hæfra skuldbindingargerninga hjá útgáfustofnuninni i sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b,
- l_i = fjárhæð skuldbindinga sem útgáfustofnun i hefur talið með í liðum hæfra skuldbindinga innan þeirra marka sem tilgreind eru í 3. mgr. 72. gr. b samkvæmt síðustu upplýsingagjöf hennar, og
- L_i = heildarfjárhæð útistandandi skuldbindinga útgáfustofnunar i sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b samkvæmt síðustu upplýsingagjöf útgefandans.

4. Ef móðurstofnun í Sambandinu eða móðurstofnun í aðildarríki sem fellur undir 92. gr. a á beina eignarhluti, óbeina eignarhluti eða gervieignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum eða hæfum skuldbindingargerningum eins eða fleiri dótturfélaga sem tilheyra ekki sömu skiliasamstæðu og sú móðurstofnun getur skilavald þeirrar móðurstofnunar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til álits skilavalda einhvers viðkomandi dótturfélags, heimilað móðurstofnuninni að draga frá slíka eignarhluti með því að draga frá lægri fjárhæð sem skilavald þessarar móðurstofnunar tilgreinir. Þessi aðlagða fjárhæð skal a.m.k. vera jöfn fjárhæðinni (m) sem reiknuð er sem hér segir:

$$m_i = \max \{0; OP_i + LP_i - \max \{0; \beta \cdot [O_i + L_i - r_i \cdot aRWA_i]\} \}$$

þar sem:

- i stuðullinn sem tilgreinir dótturfélagið,
- OP_i fjárhæð eiginfjárgrunnsgerninga sem dótturfélagið i gefur út og er í vörslu móðurstofnunarinnar,
- LP_i Fjárhæð hæfra skuldbindingagerninga sem dótturfélagið i gefur út og er í vörslu móðurstofnunarinnar,
- β hundraðshluti eiginfjárgrunnsgerninga og hæfra skuldbindingagerninga sem dótturfélagið i gefur út og er í vörslu móðurfélagsins reiknað sem,
- $$B = \frac{(OP_i + LP_i)}{\text{Fjárhæð allra eiginfjárgrunnsgerninga og hæfra skuldbindingagerninga sem dótturfélagið i gefur út,}}$$
- O_i fjárhæð eiginfjárgrunns dótturfélags i þar sem ekki er tekið tillit til frádráttarins sem er reiknaður út í samræmi við þessa málsgrein,
- L_i fjárhæð hæfra skuldbindinga dótturfélags i þar sem ekki er tekið tillit til frádráttarins sem er reiknaður út í samræmi við þessa málsgrein,
- r_i hlutfallið sem gildir um dótturfélag i á skiliasamstæðustigi í samræmi við a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð og a-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB, og
- $aRWA_i$ heildaráhættugrunnur kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu i í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr. að teknu tilliti til aðlögunarinnar sem sett er fram í 12. gr. a.

Þegar móðurstofnun hefur heimild til að draga leiðréttá fjárhæð frá í samræmi við fyrstu undirgrein, skal dótturfélagið draga frá mismuninn á fjárhæð eignarhluta eiginfjárgrunnsgerninga og hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í fyrstu undirgrein og þessa aðlöguðu fjárhæð.

72. gr. f

Frádráttur eignarhluta í eigin hæfum skuldbindingargerningum

Að því er varðar a-lið 1. mgr. 72. gr. e skulu stofnanir reikna eignarhluti út á grundvelli vergra gnóttstaðna með eftirfarandi undantekningum:

- a) stofnanir mega reikna út fjárhæð eignarhluta á grundvelli hreinna gnóttstaðna að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- gnótt- og skortstöðurnar eru í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu og skortstöðurnar fela ekki í sér mótaðilaáhættu,
 - annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið í fjárfestingarbók.

- b) stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum með því að reikna út undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna eigin hæfu skuldbindingargerninga í þessum vísitölum,
- c) stofnanir mega jafna vergum gnóttstöðum í eigin skuldbindingargerningum sem stafa af eignarhlutum í vísitöluverðbréfum á móti skortstöðum í eigin hæfum skuldbindingargerningum sem stafa af skortstöðum í undirliggjandi vísitölum, þ.m.t. þegar skortstöðurnar fela í sér mótaðilaáhættu, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. gnótt- og skortstöðurnar eru í sömu undirliggjandi vísitölum,
 - ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið utan veltubókar.

72. gr. g

Frádráttargrunnur fyrir liði hæfra skuldbindingargerninga

Að því er varðar b-, c- og d-lið 1. mgr. 72. gr. e skulu stofnanir reikna út gnóttstöðurnar til frádráttar með fyrirvara um undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. h og 72. gr. i.

72. gr. h

Frádráttur eignarhluta hæfra skuldbindinga annarra kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu

Stofnanir sem ekki nýta sér undanþágurnar sem settar eru fram í 72. gr. j skulu reikna út frádráttinn sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 72. gr. e í samræmi við eftirfarandi:

- a) þær mega reikna út beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti aðila á fjármálamarkaði í hæfum skuldbindingargerningum á grundvelli hreinnar gnóttstöðu í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar,
 - ii. annaðhvort er bæði gnóttstöðunni og skortstöðunni haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið í fjárfestingarbók,
- b) þær skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum á grundvelli undirliggjandi áhættu vegna hæfra skuldbindingargerninga í þessum vísitölum.

72. gr. i

Frádráttur hæfra skuldbindinga í þeim tilvikum þegar stofnun á ekki verulegan eignarhlut í kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu

1. Að því er varðar c-lið 1. mgr. 72. gr. e skulu stofnanir reikna út þá fjárhæð sem kemur til frádráttar með því að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar með þeim stuðli sem fæst með útreikningnum sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar:

- a) samanlögð fjárhæð þess sem beinn eignarhlutur, óbeinn eignarhlutur og gervieignarhlutur stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunsgerningum þáttar 1 og viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, og gerningum undir þætti 2 hjá aðilum á fjármálamarkaði og hæfir skuldbindingargerningar kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu sem stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í, fer yfir 10% af liðum í almennu eigin fé þáttar 1 stofnunar sem reiknað er út með eftirfarandi hætti:
 - i. 32. til 35. gr.,
 - ii. a- til g-lið, ii.–v. lið k-liðar og l-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni þeirri fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna frestaðrar skattinneignar sem byggist á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,
 - iii. ákvæði 44. og 45. gr.,
- b) fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í hæfum skuldbindingargerningum hjá kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu sem stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í, deilt með samanlagðri fjárhæð allra beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunsgerningum þáttar 1 og viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, og gerningum undir þætti 2 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði og hæfum skuldbindingargerningum hjá kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu sem engin skila-stofnun á verulegan eignarhlut í.

2. Stofnanir skulu undanskilja sölutryggingarstöður, sem haldið er í fimm virka daga eða skemur, frá fjárhæðunum sem um getur í a-lið 1. mgr. og frá útreikningi stuðulsins í samræmi við b-lið 1. mgr.
3. Fjárhæðinni sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. skal deilt niður á hvern hæfan skuldbindingargerning hjá kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu sem er í vörslu stofnunarinnar. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð eignarhluta í hverjum hæfum skuldbindingargerningi sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeim hluta sem tilgreindur er í b-lið þessarar málsgreinar:
 - a) fjárhæð eignarhluta sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr.,
 - b) hluti samanlagðrar fjárhæðar beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í hæfum skuldbindingargerningum hjá kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu, ef stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í þeim í formi hvers hæfs skuldabréfagernings sem hún hefur í vörslu sinni.
4. Sú fjárhæð eignarhluta sem um getur í c-lið 1. gr. 72. gr. c sem er jöfn eða lægri en 10% af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að ákvæðunum í i., ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar er beitt, skal ekki dregin frá og skal fá viðeigandi áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bóls þriðja hluta og kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. bóli þriðja hluta, eftir því sem við á.
5. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð hvers skuldbindingargernings sem eru áhættuvegnir skv. 4. mgr. með því að margfalda fjárhæð eignarhlutanna sem ber að áhættuvega skv. 4. mgr. með þeim hluta sem leiðir af útreikningnum sem tilgreindur er í b-lið 3. mgr.

72. gr. j

Undanþága fyrir veltubók frá því að draga frá liði í almennu eigin fé

1. Stofnanir geta ákveðið að láta ekki tilgreindan hluta beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta eða gervieignarhluta í hæfum skuldbindingargerningum koma til frádráttar sem samanlagt og á grundvelli vergra gnóttstaðna samsvara eða eru minna en 5% af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að hafa beitt 32. til 36. gr. að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) eignarhlutirnir eru í veltubókinni:
 - b) skuldbindingargerningarnir eru hafðir í vörslu lengur en í 30 virka daga.
2. Fjárhæðir liðanna sem ekki koma til frádráttar skv. 1. mgr. skulu falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns hvað varðar liði í veltubókinni.
3. Svo fremi sem skilyrðin í 1. mgr. séu ekki lengur uppfyllt hvað varðar eignarhluta sem ekki koma til frádráttar samkvæmt sömu málsgrein koma eignarhlutarnir til frádráttar í samræmi við 72. gr. g án þess að undanþágunum, sem mælt er fyrir um í 72. gr. h og 72. gr. i, sé beitt.

3. þáttur

Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar

72. gr. k

Hæfar skuldbindingar

Hæfar skuldbindingar stofnunar skulu samanstanda af liðum stofnunarinnar í hæfum skuldbindingum eftir frádráttinn sem um getur í 72. gr. e.

72. gr. l

Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar

Eiginfjárgrunnur hæfra skuldbindinga stofnunar skal samanstanda af samtölu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga hennar.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).“

32) Í stað fyrirsgagnar 6. kafla annars hluta í I. bóli kemur eftirfarandi:

„**Almennar kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**“

33) Ákvæðum 73. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Útgreiðslur á gerninga“

- b) Í stað 1. til 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Fjármagnsgerningar og skuldbindingar sem stofnun getur ákveðið einhliða að framkvæma útgreiðslur á, í öðru formi en reiðufé eða eiginfjárgrunnsgerningum, uppfylla ekki skilyrði almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjár þáttar 1, þáttar 2 eða hæfra skuldbindinga nema stofnunin hafi fengið leyfi lögbæra yfirvalda fyrirfram til þess að flokka þá þannig.

2. Lögbær yfirvöld skulu einungis veita fyrirframleyfið sem um getur í 1. mgr. ef þau telja eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt:

- ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á hæfni stofnunarinnar til að fella niður greiðslur samkvæmt gerningnum,
- ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á eiginleika fjármagnsgerningsins eða skuldbindingarinnar til að bera tap,
- ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á gæði fjármagnsgerningsins eða skuldbindingarinnar.

Lögbært yfirvald skal hafa samráð við skilavaldið að því er varðar hlítinu stofnunarinnar við þessi skilyrði áður en hún veitir fyrirframsamþykkið sem um getur í 1. mgr.

3. Fjármagnsgerningar og skuldbindingar sem lögaðili annar en stofnunin sem gefur þá út hefur rétt til að ákveða eða gera kröfu um að útgreiðslur þessara fjármagnsgerninga eða skuldbindinga verði greiddar af á öðru formi en reiðufé eða eiginfjárgrunnsgerningum, uppfylla ekki skilyrði almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjár þáttar 1, þáttar 2 eða hæfra skuldbindingargerninga.

4. Stofnanir mega nota breiða markaðsvisitölu sem grundvöll til að ákvarða fjárhæð útgreiðslna á viðbótareiginfé þáttar 1, þáttar 2 eða hæfum skuldbindingargerningum.“

- c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Stofnanir skulu gefa skýrslu og birta upplýsingar um þær breiðu markaðsvisitölur sem fjármagnsgerningar þeirra og hæfir skuldbindingargerningar byggjast á.“

- 34) Í stað inngangsorðanna í 75. gr. kemur eftirfarandi:

„Kröfur um líftíma vegna skortstaðna sem um getur í a-lið 45. gr., a-lið 59. gr., a-lið 69. gr. og a-lið 72. gr. h skulu teljast uppfylltar að því er varðar stöður sem haldið er, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:“

- 35) Í stað fyrirsagnar og 1., 2. og 3. mgr. 76. gr. kemur eftirfarandi:

„76. gr.

Vísitölueignarhlutir í fjármagnsgerningum og skuldbindingum

1. Að því er varðar a-lið 42. gr., a-lið 45. gr., a-lið 57. gr., a-lið 59. gr., a-lið 67. gr., a-lið 69. gr., a-lið 72. gr. f og a-lið 72. gr. h mega stofnanir lækka fjárhæð gnóttstöðu í fjármagnsgerningi eða skuldbindingu um þann hluta vísitölu sem samanstendur af sömu undirliggjandi skuldbindingu og verið er að áhættuverja, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- annaðhvort er bæði gnóttstöðunni sem varin er og skortstöðunni í vísitölnni sem notuð er til að verja þá gnóttstöðu haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið í fjárfestingarbók,
- stöðunum, sem um getur í a-lið, er haldið á gangvirði í efnahagsreikningi stofnunarinnar,
- skortstaðan, sem um getur í a-lið, uppfyllir skilyrði virkrar áhættuvarnar samkvæmt aðferðum stofnunarinnar við innra eftirlit,
- lögbær yfirvöld meta að minnsta kosti árlega hvort aðferðir innra eftirlits sem um getur í c-lið séu fullnægjandi og hafa gengið úr skugga um að þær eigi ávallt við.

2. Hafi lögbært yfirvald veitt leyfi sitt fyrirfram getur stofnun notað varfærnislegt mat á undirliggjandi áhættuskuldbindingu stofnunarinnar vegna fjármagnsgerninga eða skuldbindinga í vísitölum í staðinn fyrir að stofnun reikni út áhættuskuldbindingu sína vegna liðanna sem um getur í einum eða fleiri eftirfarandi liðum:

- eigin eiginfjárgrunnsgerningar almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1, gerningar undir þætti 2 og hæfir skuldbindingargerningar í vísitölum,

- b) eiginfjárgrunnsgerningar almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgerningar, gerningar undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði í vísitölum,
- c) hæfir skuldbindingargerningar sem vísitölur fela í sér.

3. Lögbær yfirvöld skulu einungis veita leyfið fyrirfram sem um getur í 2. mgr. ef stofnun hefur sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að það yrði íþyngjandi fyrir rekstur stofnunarinnar að fylgjast með undirliggjandi áhættuskuldbindingu sinni vegna liðanna sem um getur í einum eða fleiri liðum í 2. mgr., eftir því sem við á.“

36) Í stað 77. gr. kemur eftirfarandi:

„77. gr.

Skilyrði fyrir lækku eiginfjárgrunn og hæfra skuldbindinga

1. Stofnun skal fá leyfi lögbærs yfirvalds fyrirfram til að gera eitthvað af eftirfarandi:

- a) lækka, innleysa eða endurkaupa almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem stofnunin hefur gefið út, með þeim hætti sem viðeigandi landslög heimila,
- b) lækka, greiða út eða endurflokka yfirverðsreikninga hlutafjár sem tengjast eiginfjárgrunnsgerningum sem aðra liði eiginfjárgrunn,
- c) koma í kring innköllun, innlausn, endurgreiðslu eða endurkaupum á viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 eða gerningum undir þætti 2 áður en samningsbundnum binditíma þeirra lýkur.

2. Stofnun skal fá leyfi skilavalds fyrirfram til að koma í kring innköllun, innlausn, endurgreiðslu eða endurkaupum á hæfum skuldbindingargerningum áður en samningsbundnum binditíma þeirra lýkur.“

37) Í stað 78. gr. kemur eftirfarandi:

„78. gr.

Leyfi eftirlitsyfirvalda fyrir lækku eiginfjárgrunn

1. Lögbært yfirvald skal veita stofnun leyfi til að lækka, endurkaupa, innkalla eða innleysa eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgerninga eða gerninga undir þætti 1 eða 2 eða lækka, greiða út, eða endurflokka yfirverðsreikninga hlutafjár ef annað hvort eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

- a) fyrir aðgerðirnar sem um getur í 1. mgr. 77. gr., eða á sama tíma og þær eiga sér stað, skiptir stofnun gerningunum eða tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár sem um getur í 1. mgr. 77. gr. út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga af sömu gæðum eða meiri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar tekjuhæfi stofnunarinnar,
- b) stofnunin hefur að mati lögbærra yfirvalda sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að eiginfjárgrunnur hennar og hæfar skuldbindingar myndu, eftir aðgerðina sem um getur í 1. mgr. 77. gr. þessarar reglugerðar, vera umfram kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipunum 2013/36/ESB og 2014/59/ESB sem nemur fjárhæð sem lögbært yfirvald kann að telja nauðsynlega.

Ef stofnun hefur gert fullnægjandi verndarráðstafanir hvað varðar getu hennar til að reka starfsemi sína með eiginfjárgrunn umfram fjárhæðirnar sem gerð er krafa um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB getur lögbært yfirvald veitt þeirri stofnun almennt leyfi fyrirfram til að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem settar eru fram í 1. mgr. 77. gr. þessarar reglugerðar, með fyrirvara um viðmiðanir sem tryggja að allar slíkar aðgerðir í framtíðinni verði í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið þessarar greinar. Þetta almenna fyrirframleyfi skal eingöngu veitt til tiltekins tíma sem má ekki vera lengri en eitt ár en að þeim tíma liðnum má endurnýja það. Almenna leyfið skal veitt fyrir tiltekna fyrirframákveðna fjárhæð sem lögbæra yfirvaldið skal fastsetja. Þegar um er að ræða almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 skal þessi fyrirframákveðna fjárhæð ekki vera meira en 3% af viðkomandi útgáfu og ekki fara yfir 10% af fjárhæð almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem er umfram summu krafanna um almennt eigið fé þáttar 1, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, tilskipun 2013/36/ESB og 2014/59/ESB, sem nemur fjárhæð sem lögbært yfirvald kann að telja nauðsynlega. Þegar um er að ræða viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða þáttar 2 skal þessi fyrirframákveðna fjárhæð ekki fara yfir 10% af viðkomandi útgáfu og ekki fara yfir 3% af heildarfjárhæð útistandandi viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða þáttar 2.

Lögbær yfirvöld skulu afturkalla almenna fyrirframleyfið ef stofnunin brýtur gegn einhverjum þeim viðmiðunum sem sett voru vegna þessa leyfis.

2. Þegar lögbær yfirvöld meta sjálfbærni útskiptigerninganna fyrir tekjuhæfi stofnunarinnar sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu þau taka tillit til þess hversu kostnaðarsamari þessir útskiptifjármagnsgerningar yrðu fyrir stofnunina en gerningarnir eða yfirverðsreikningar hlutfjár sem þeim er skipt út fyrir.
3. Ef stofnun grípur til aðgerðar sem um getur í a-lið 1. mgr. 77. gr. og viðeigandi landslög heimila ekki að innlausn almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, sem um getur í 27. gr., sé hafnað, má lögbært yfirvald falla frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið geri kröfu um að stofnunin takmarki innlausn slíkra gerninga á viðeigandi grundvelli.
4. Lögbært yfirvald skal veita stofnun leyfi til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða þáttar 2 eða tengda yfirverðsreikninga í fimm ár frá útgáfudegi þeirra og ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. og eitt eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:
 - a) breyting verður á eftirlitsflokkun þessara gerninga, sem er líkleg til að hafa í för með sér að þeir teljist ekki lengur til eiginfjárgrunns eða verði endurflokkaðir sem lakara form eiginfjárgrunns, og bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. lögbært yfirvald telur nægilega víst að slík breyting muni eiga sér stað,
 - ii. stofnunin sýnir lögbæru yfirvaldi fram á, með fullnægjandi hætti að þess mati, að skyldubundin endurflokkun þessara gerninga hafi ekki verið nægilega fyrirsjáanleg við útgáfu þeirra,
 - b) breyting verður á viðeigandi skattameðferð þessara gerninga sem stofnunin sýnir lögbæru yfirvaldi fram á, með fullnægjandi hætti að þess mati, að sé veruleg og hafi ekki verið nægilega fyrirsjáanleg við útgáfu þeirra,
 - c) gerningarnir og tengdir yfirverðsreikningar hlutfjár falli undir eldri reglur skv. 494. gr. b.,
 - d) fyrir aðgerðina sem um getur í 1. mgr. 77. gr., eða á sama tíma og hún á sér stað skiptir stofnun gerningunum eða tengdum yfirverðsreikningum hlutfjár sem um getur í 1. mgr. 77. gr. út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga af sömu gæðum eða meiri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar tekjuhæfi stofnunarinnar og lögbæra yfirvaldið hefur heimilað þá aðgerð á grundvelli þeirrar ákvörðunar að það væri til hagsbóta út frá varfærnisssjónarmiði og réttlætt vegna sérstakra aðstæðna,
 - e) viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 eða þáttar 2 eru endurkeyptir vegna viðskiptavaktar.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:
 - a) merking „sjálfbærni hvað varðar tekjuhæfi stofnunar“,
 - b) viðeigandi grundvöllur takmarkana á innlausn sem um getur í 3. mgr.,
 - c) ferli sem tekur til takmarkana og meðferðar við veitingu lögbærra yfirvalda á fyrirframsamþykki vegna aðgerðar sem tilgreind er í 1. mgr. 77. gr. og kröfur um gögn vegna umsóknar stofnunar um leyfi lögbærs yfirvalds til að framkvæma aðgerð sem þar er tilgreind, þ.m.t. þá meðferð sem beita skal ef um er að ræða innlausn hlutabréfa sem gefin eru út til aðila að samvinnufélögum, og þann tíma sem meðferð slíkra umsókna skal taka.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

38) Eftirfarandi grein bætist við:

„78. gr. a

Leyfi fyrir lækun hæfra skuldbindingargerninga

1. Skilavald skal veita stofnun leyfi til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa hæfa skuldbindingargerninga ef eitt eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

- a) fyrir aðgerðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr., eða á sama tíma og hún á sér stað, skiptir stofnunin hæfum skuldbindingargerningum út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga eða hæfa skuldbindingargerninga af sömu gæðum eða meiri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar tekjuhæfi stofnunarinnar,
- b) stofnunin hefur að mati skilavalda sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að eiginfjárgrunnur hennar og hæfir skuldbindingargerningar myndu, eftir aðgerðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr. þessarar reglugerðar, vera umfram kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um

í þessari reglugerð og tilskipunum 2013/36/ESB og 2014/59/ESB sem nemur fjárhæð sem það skilavald í samráði við lögbært yfirvald kann að telja nauðsynlega,

- c) stofnunin hefur að mati skilavalds sýnt fram á með fullnægjandi hætti að útskipting hæfra skuldbindinga að öllu leyti eða að hluta fyrir eiginfjárgrunngerninga sé nauðsynleg til að tryggja hlítinu við kröfur um eiginfjárgrunn sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB vegna áframhaldandi starfsleyfis.

Ef stofnun hefur gert fullnægjandi verndarráðstafanir hvað varðar getu hennar til að reka starfsemi sína með eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar umfram fjárhæðirnar sem gerð er krafa um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB og 2014/59/ESB, getur skilavaldið, að höfðu samráði við lögbært yfirvald, veitt þeirri stofnun almennt leyfi fyrirfram til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa hæfa skuldbindingargerninga, með fyrirvara um viðmiðanir sem tryggja að allar slíkar aðgerðir í framtíðinni verði í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið þessarar greinar. Þetta almenna fyrirframleyfi skal eingöngu veitt til tiltekins tíma sem má ekki vera lengri en eitt ár en að þeim tíma liðnum má endurnýja það. Almenna leyfið skal veitt fyrir tiltekna fyrirframákveðna fjárhæð sem skilavaldið skal fastsetja. Skilavöld skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um hvers konar leyfi sem veitt er fyrirfram.

Skilavöld skulu afturkalla almenna fyrirframleyfið ef stofnunin brýtur gegn einhverjum þeim viðmiðunum sem settar voru vegna þessa leyfis.

2. Þegar skilavöld meta sjálfbærni útskiptigerninganna fyrir tekjuhæfi stofnunarinnar sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu þau taka tillit til þess hversu kostnaðarsamari þessir útskiptifjármagnsgerningar eða útskipting hæfra skuldbindinga yrðu fyrir stofnunina en þeir gerningar sem þeim er skipt út fyrir.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

- a) samstarfsferlið milli lögbæra yfirvaldsins og skilavaldsins,
- b) málsmeðferðina, þ.m.t. fresti og upplýsingakröfur, hvað varðar leyfisveitinguna í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr.,
- c) málsmeðferðina, þ.m.t. fresti og upplýsingakröfur, hvað varðar leyfisveitinguna í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr.,
- d) merking „sjálfbærni hvað varðar tekjuhæfi stofnunar“.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu drög að tæknilegum eftirlitsstaðli vera í fullu samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 78. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

39) Ákvæðum 79. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Tímabundin undanþága frá frádrætti frá eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum“

- b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef stofnun á tímabundið fjármagnsgerninga eða skuldbindingar sem uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga á fjármálamarkaði eða skilyrði hæfra skuldbindingargerninga í stofnun og lögbært yfirvald telur þessa eignarhluti til komna vegna fjárhagsaðstoðar sem ætlað er að endurskipuleggja og bjarga afkomu þess aðila, má lögbæra yfirvaldið veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum um frádrátt sem annars myndu gilda um þessa gerninga.“

40) Eftirfarandi grein bætist við:

„79. gr. a

Mat á hlítinu við skilyrði fyrir eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingargerningum

Stofnanir skulu taka tillit til megineinkenna gerninga en ekki eingöngu félagsforms þeirra þegar þær meta hvort kröfunum sem mælt er fyrir um í öðrum hluta er hlítt. Mat á megineinkennum gernings skal taka mið af hvers konar fyrirkomulagi sem tengist gerningunum, jafnvel þótt ekki sé skýrt kveðið á um það í

skilmálum og skilyrðum sjálfra gerninganna, í því skyni að ganga úr skugga um að samanlögð efnahagsleg áhrif slíks fyrirkomulags samrýmist markmiði viðkomandi ákvæða.“

41) Ákvæðum 80. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Áframhaldandi endurskoðun á gæðum eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindingargerninga“

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fylgjast með gæðum eiginfjárgrunnsgerninga og hæfra skuldbindingargerninga alls staðar í Sambandinu og tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um mikilvægar staðfestar upplýsingar um að gerningarnir uppfylli ekki hæfisviðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Lögbær yfirvöld skulu án tafar og að fenginni beiðni Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar, framsenda allar upplýsingar til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar sem hún telur að skipti máli varðandi nýja fjármagnsgerninga eða nýjar tegundir af skuldbindingum sem gefnar eru út til að gera Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni kleift að fylgjast með gæðum eiginfjárgrunnsgerninga hæfra skuldbindingargerninga sem stofnanir gefa út alls staðar í Sambandinu.“

c) Í stað inngangsorðanna í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal veita framkvæmdastjórninni tækniráðgjöf varðandi allar mikilvægar breytingar sem hún telur nauðsynlegt að gera á skilgreiningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga vegna einhvers af eftirfarandi:“

42) Í stað 1. mgr. 81. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Hlutdeild minnihluta samanstandur af summu liða í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá dótturfélagi, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) dótturfélagið er eitt af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt gildandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipun 2013/36/ESB,

iii. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í þriðja landi í eigu annars félags sem fellur undir varfæriskröfur sem eru jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnun þessa þriðja lands og ef framkvæmdastjórnin hefur ákveðið í samræmi við 4. mgr. 107. gr. að þessar varfæriskröfur séu a.m.k. jafngildar kröfunum í þessari reglugerð,

b) dótturfélagið er að fullu fellt inn í samstæðureikninginn skv. 2. kafla II. bóls fyrsta hluta,

c) liðir í almennu eigin fé þáttar 1, sem um getur í inngangshluta þessarar málsgreinar, eru í eigu annarra aðila en fyrirtækja sem felld eru inn í samstæðureikning skv. 2. kafla II. bóls fyrsta hluta“.

43) Í stað 82. gr. kemur eftirfarandi:

„82. gr.

Viðurkennt viðbótareigiðfé þáttar 1, eiginfjárþáttur 1, eiginfjárþáttur 2 og viðurkenndur eiginfjárgrunnur

Viðurkennt viðbótareigiðfé þáttar 1, eiginfjárþáttur 1, eiginfjárþáttur 2 og viðurkenndur eiginfjárgrunnur samanstanda af hlutdeild minnihluta, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum eða gerningum undir þætti 2, eftir því sem við á, auk tengdra yfirverðsreikninga hlutafjár dótturfélags, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) dótturfélagið er annað af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt gildandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipun 2013/36/ESB,

iii. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í þriðja landi í eigu annars félags sem fellur undir varfæriskröfur sem eru jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnun þessa þriðja lands og ef framkvæmdastjórnin hefur ákveðið í samræmi við 4. mgr. 107. gr. að þessar varfæriskröfur séu a.m.k. jafngildar kröfunum í þessari reglugerð,

b) dótturfélagið er að fullu talið með í samstæðureikningnum skv. 2. kafla II. bóls fyrsta hluta,

- c) liðir í almennu eigin fé þáttar 1, liðum viðbótareiginfjár þáttar 1 og þáttar 2 sem um getur í inngangshluta þessarar málsgreinar, eru í eigu annarra aðila en fyrirtækja sem falla undir kröfur á samstæðugrunni skv. 2. kafla II. bóls fyrsta hluta.“

- 44) Í stað inngangsorða 1. mgr. 83. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Viðbótareiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 og gerningar undir þætti 2, sem sérstakur verðbréfunaraðili gefur út, ásamt tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár teljast, þar til 31. desember 2021, einungis til viðurkennds viðbótareiginfjárþáttar 1, eiginfjárþáttar 1 eða eiginfjárþáttar 2 eða viðurkennds eiginfjárgrunns, eftir því sem við á, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt“:

- 45) eftirfarandi grein bætist við:

„88. gr. a

Viðurkenndir hæfir skuldbindingargerningar

Skuldbindingar sem gefnar eru út af dótturfélagi með staðfestu í Sambandinu sem tilheyrir sömu skilasamstæðu og skilaeiningin skulu teljast hæfar til að falla undir samanlagða hæfa skuldbindingargerninga stofnunar með fyrirvara um 92. gr. a, að því tilskildu að eftirfarandi skuldbindingar séu uppfylltar:

- a) þær séu gefnar út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB,
- b) þær séu keyptar af hluthöfum sem fyrir eru og eru ekki hluti af sömu skilasamstæðu svo fremi sem beiting niðurfærslu- eða umbreytingarheimilda í samræmi við 59. til 62. gr. tilskipunar 2014/59/ESB hafi ekki áhrif á yfirlit skilaeiningarinnar yfir dótturfélaginu,
- c) þær séu ekki umfram fjárhæðina sem fæst með því að draga fjárhæðina sem um getur í i. lið frá fjárhæðinni sem um getur í ii. lið:
- i. summa útgefna skuldbindinga sem eru gefnar út til og keyptar af skilaeiningunni annaðhvort beint eða óbeint fyrir milligöngu annarra eininga í sömu skilasamstæðu og þá fjárhæð eiginfjárgrunnsgerninga sem gefnir eru út í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB,
- ii. fjárhæðin sem krafist er í samræmi við 1. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB.“

- 46) Ákvæðum 92. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„d) 3% vogunarhlutfall.“

- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Til viðbótar við kröfuna sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. þessarar greinar skal kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu viðhalda vogunarhlutfallsauka sem er jafn heildarmælistærð áhættuskuldbindinga hennar, sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þessarar reglugerðar, margfölduð með 50% af hlutfalli eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu sem gildir um kerfislega mikilvægu stofnunina á alþjóðavísu í samræmi við 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu skal uppfylla kröfuna um vogunarhlutfallsauka með eiginfjárþætti 1 eingöngu. Eiginfjárþáttur 1 sem er notaður til að uppfylla kröfuna um vogunarhlutfallsauka skal ekki notaður til að uppfylla einhverjar þær kröfur sem tengjast vogun og settar eru fram í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB, nema þar sem skýrt er kveðið á um annað.

Ef kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu uppfyllir ekki kröfuna um vogunarhlutfallsauka skal hún falla undir kröfuna um verndun eigin fjár í samræmi við 141 gr. b í tilskipun 2013/36/ESB.

Ef kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu uppfyllir ekki samtímis kröfuna um vogunarhlutfallsauka og samanlagða eiginfjárukacröfu eins og skilgreint er í 6. mgr. 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skal hún falla undir þá kröfu um verndun eigin fjár sem hærri er í samræmi við 141. gr. og 141. gr. b í þeirri tilskipun.“

- c) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„b) kröfur um eiginfjárgrunn vegna veltubókarviðskipta vegna eftirfarandi:

- i. markaðsáhættu eins og hún er ákvörðuð í samræmi við IV. bólk í þessum hluta, að frátöldum þeim aðferðum sem settar eru fram í 1. kafla a og 1. kafla b í þeim bólk,

ii. stórra áhættuskuldbindinga umfram mörkin sem tilgreind eru í 395. til 401. gr., að því marki sem stofnuninni er heimilt að fara yfir þau mörk, eins og fastsett er í samræmi við 4. hluta,

c) krafna um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu eins og fastsett er í samræmi við IV. bálk í þessum hluta, að frátöldum þeim aðferðum sem settar eru fram í 1. kafla a og 1. kafla b í þeim bálki, að því er varðar öll viðskipti sem falla undir gjaldmiðlaáhættu eða hrávörubíðingum.

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„ca) krafna um eiginfjárgrunn sem reiknaðar eru í samræmi við V. bálk í þessum hluta að undanskilinni 379. gr., eftir því sem við á, vegna uppgjörsáhættu.“

47) Eftirfarandi greinar bætast við:

„92. gr. a

Kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu

1. Með fyrirvara um 93. og 94. gr. og undanþágurnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal stofnun sem er tilgreind sem skilaeining og er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu ætíð uppfylla eftirfarandi kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar:

- 18% áhættutengda hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sýnt sem hundradshluti heildaráhættugrunns fjárhæðar sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr.,
- 6,75% hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sem ekki er áhættutengt sýnt sem hundradshluti heildaráhættugrunns fjárhæðar sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr. 429. gr.,

2. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gilda ekki í eftirfarandi tilvikum:

- í þrjú ár frá þeim degi að telja þegar stofnunin eða samstæðan sem stofnunin er hluti af hefur verið tilgreind sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu,
- í tvö ár frá þeim degi að telja þegar skilavald hefur beitt eftirgjafarúrræðinu í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB,
- í tvö ár frá þeim degi að telja þegar skilaeiningin hefur komið á öðrum ráðstöfunum einkageirans sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þar sem fjármagnsgerningar og aðrar skuldbindingar hafa verið færðar niður eða breytt í almenna liði undir almennu eigin fé þáttar 1 til að endurfjármagna skilaeininguna án þess að beita skilavaldum.

3. Þegar samtalan sem leiðir af beitingu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. þessarar greinar gagnvart hverri skilaeiningu sömu kerfislega mikilvægu stofnunarinnar á alþjóðavísu fer yfir kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknaðar eru í samræmi við 12. gr. a í þessari reglugerð, er skilavaldi móðurstofnunarinnar innan ESB heimilt, að höfðu samráði við önnur viðkomandi skilavöld, að aðhafast í samræmi við 4. mgr. 45. gr. d eða 2. mgr. 45. gr. h í tilskipun 2014/59/ESB.

92. gr. b

Kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins

1. Stofnanir sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins og sem eru ekki skilastofnanir skulu ætíð uppfylla kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem samsvarar 90% af kröfunum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 92. gr. a.

2. Að því er varðar hlítinu við 1. mgr. skal eingöngu taka tillit til viðbótarþáttar 1, þáttar 2 og hæfra skuldbindingargerninga þegar þessir gerningar eru í eigu endanlegs móðurfyrirtækis kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins og hafa verið gefnir út beint eða óbeint með milligöngu annarra eininga í sömu samstæðu, að því tilskildu að slíkar einingar séu með staðfestu í sama þriðja landi og endanleg móðurstofnun eða í aðildarríki.

3. Aðeins skal taka tillit til hæfs skuldbindingargernings í þeim tilgangi að hlíta 1. mgr. ef hann uppfyllir öll eftirfarandi viðbótarskilyrði:

- a) ef um er að ræða venjulega ógjaldfærni meðferð eins og skilgreint er í 47. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þá er krafan sem leiðir af skuldbindingunni lægri þeim kröfum sem leiðir af skuldbindingum sem uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar og teljast ekki hæfar sem eiginfjárgrunnur,
- b) hann fellur undir niðurfærslu- eða umbreytingarheimildir í samræmi við 59. til 62. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.“

48) Í stað 94. gr. kemur eftirfarandi:

„94. gr.

Undanþága fyrir lítið umfang veltubókarviðskipta

1. Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. 92. gr. er stofnunum heimilt að reikna eiginfjárkröfuna vegna veltubókarviðskipta sinna í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að umfang veltubókarviðskipta stofnananna innan og utan efnahagsreiknings sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:
 - a) 5% af heildareignum stofnunarinnar,
 - b) 50 milljón evrur.
2. Ef bæði skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. eru uppfyllt er stofnunum heimilt að reikna kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir veltubókarviðskipti sín sem hér segir:
 - a) Að því er varðar samninga sem tilgreindir eru í 1. lið II. viðauka, samninga sem varða hlutabréf sem um getur í 3. lið þess viðauka og skuldaafleiður er stofnunum heimilt að undanþiggja þessar stöður frá kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í b-lið 3. mgr. 92. gr.,
 - b) að því er varðar aðrar stöður í veltubók en þær sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar er stofnunum heimilt að láta kröfurnar sem reiknaðar eru í samræmi við a-lið 3. mgr. 92. gr. koma í stað krafanna vegna eiginfjárgrunns sem um getur í b-lið 3. mgr. 92. gr.
3. Stofnanir skulu reikna umfang veltubókarviðskipta sinna innan og utan efnahagsreiknings á grundvelli gagna frá síðasta degi hvers mánaðar að því er varðar 1. mgr. í samræmi við eftirfarandi kröfur:
 - a) allar stöður sem skráðar eru í veltubók skv. 104. gr. skulu teknar með í útreikninginn að undanskildu eftirfarandi:
 - i. stöðum í gjaldeyri og hrávörum,
 - ii. stöðum í lánaafleiðum sem færðar eru sem áhættuvörn gegn útlánaáhættuskuldbindingum eða mótaðilaáhættuskuldbindingum í fjárfestingarbók og lánaafleiðum sem jafna alla markaðsáhættu sem tengjast þessum innri áhættuvörnum eins og um getur í 3. mgr. 106. gr.,
 - b) allar stöður sem teknar eru með við útreikninginn í samræmi við a-lið skulu metnar á markaðsvirði þeirra á tilteknum degi; ef markaðsvirði stöðu er ekki tiltækt á tilteknum degi skulu stofnanir nota gangvirðið fyrir stöðuna á þeim degi; ef markaðsvirði og gangvirði stöðu eru ekki tiltæk á tilteknum degi skulu stofnanir nota síðasta markaðsvirðið eða gangvirðið fyrir þá stöðu,
 - c) algildi gnóttstaðna skal lagt saman við algildi skortstaðna.
4. Ef bæði skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt, án tillits til skuldbindinganna sem settar eru fram í 74. og 83. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, gilda 102. gr. (3. og 4. mgr.) 103. gr. og 104. gr. b í þessari reglugerð ekki.
5. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um það þegar þær reikna, eða hætta að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna í samræmi við 2. mgr.
6. Stofnun sem uppfyllir ekki lengur eitt eða fleiri skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. skal þegar í stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi.
7. Stofnun skal hætta að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna í samræmi við 2. mgr. innan þriggja mánaða frá því að eitthvað af eftirfarandi á sér stað:
 - a) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. í þrjú mánuði samfelld,
 - b) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. lengur en í 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum.
8. Ef stofnun hefur hætt að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna í samræmi við þessa grein skal henni einungis heimilt að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna

í samræmi við þessa grein ef hún sýnir lögbæru yfirvaldi fram á að öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. hafa verið uppfyllt óslitið í eitt ár.

9. Stofnun skal ekki ganga inn í, kaupa eða selja veltubókarstöður í þeim tilgangi einum að fara að einhverju þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. mgr. á meðan mánaðarlegt mat fer fram.“

49) Annar kafli þriðja hluta I. þáttar skal felldur brott.

50) Ákvæðum 102. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2., 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Færa skal sönnur á viðskiptatilgang á grundvelli áætlana, stefna og verklagsreglna sem stofnanir koma á til að stjórna stöðu eða eignasafni í samræmi við 103., 104. og 104. gr. a.

3. Stofnanir skulu koma á fót og viðhalda kerfum og eftirliti til að stýra veltubók sinni í samræmi við 103. gr.

4. Að því er varðar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í 3. mgr. 430. gr. b skal stöðum í veltubók úthlutað til viðskiptaborða sem komið er á fót í samræmi við 104. gr. b.“

b) Eftirfarandi málgreinar bætast við:

„5. Stöður í veltubókinni skulu falla undir kröfur um varfærið mat sem skilgreint er í 105. gr.

6. Stofnanir skulu fara með innri áhættuvarnir í samræmi við 106. gr.“

51) Í stað 103. gr. kemur eftirfarandi:

„103. gr.

Stýring veltubókarinnar

1. Stofnanir skulu setja fram skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur að því er varðar heildarstýringu veltubókarinnar. Þessar stefnur og verklagsreglur skulu a.m.k. taka til:

- a) starfseminnar sem stofnunin álitur veltuviðskipti og hluta af veltubókinni að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns,
- b) þess að hvaða marki unnt er að færa stöðu á markaðsvirði daglega með tilvísun í virkan kaup- og sölumarkað,
- c) þess, að því er varðar stöður færðar á líkansvirði, að hve miklu leyti stofnunin getur:
 - i. tilgreint alla verulega áhættu í tengslum við stöðuna,
 - ii. varið gegn allri verulegri áhættu í tengslum við stöðuna með gerningum sem virkur kaup- og sölumarkaður er með,
 - iii. unnið áreiðanlegt mat fyrir lykilforsendur og breytur sem eru notaðar í líkaninu,
- d) þess að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að taka saman mat fyrir stöðuna sem óháður aðili getur sannreynt á samræmdan hátt,
- e) þess að hve miklu leyti lagalegar hömlur eða aðrar rekstrarlegar kröfur koma í veg fyrir að stofnunin geti losað eða áhættuvarið stöðuna þegar til skemmi tíma er litið,
- f) þess að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að stjórna áhættu staðna á virkan hátt innan ramma viðskiptastarfsemi sinnar,
- g) þess að hve miklu leyti stofnunin getur endurflokkað áhættu eða stöður í fjárfestingarbók yfir í veltubók og öfugt ásamt kröfunum fyrir slíkar endurflokkanir eins og um getur í 104. gr. a.

2. Við stýringu á stöðum sínum eða safni staðna í veltubókinni skal stofnunin hlíta öllum eftirfarandi kröfum:

- a) stofnunin skal hafa skilmerkilega skjalfesta viðskiptastefnu vegna stöðunnar eða eignasafna í veltubókinni sem framkvæmdastjórn hefur samþykkt, og þar skal koma fram hversu langt áætlað er að eignartímabilið verði,
- b) stofnunin skal hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur varðandi virka stýringu á stöðum eða eignasöfnum í veltubókinni; þessar stefnur og verklagsreglur skulu fela í sér eftirfarandi:
 - i. til hvaða staðna eða eignasafna staðna er hægt að stofna til á hverju viðskiptaborði eða, eftir því sem við á, af tilteknum söluaðilum,
 - ii. ákvörðun stöðuhámarka og eftirlit með tilhlýðileika þeirra,

- iii. að tryggt sé að söluaðilar geti að vild stofnað og stýrt stöðu innan umsaminna hámarka og samkvæmt samþykktri stefnu,
 - iv. að tryggt sé að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um stöður og það sé óaðskiljanlegur hluti áhættustýringarferlis stofnunarinnar,
 - v. að tryggt sé að virkt eftirlit sé með stöðum með hliðsjón af markaðsupplýsingaveitum og mat er unnið á markaðshæfi eða möguleikanum á að áhættuverja stöðuna eða áhættu bundna henni, þ.m.t. mat, gæði og framboð á markaðsgögnum við matsferlið, umfang markaðsveltu og stærð staðna sem viðskipti eru með á markaði,
 - vi. virkar verklagsreglur og eftirlitsráðstafanir til að berjast gegn svikum,
- c) stofnunin skal hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur til að hafa eftirlit með stöðum gegn viðskiptastefnu stofnunarinnar, þ.m.t. eftirlit með veltu og stöðum þar sem farið hefur verið fram yfir það eignartímabil sem upphaflega var áætlað.“
- 52) Í 104. gr. fellur 2. mgr. brott.
- 53) Eftirfarandi greinar bætast við:

„104. gr. a

Endurflokkun á stöðu

1. Stofnanir skulu hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur til að greina sérstakar aðstæður sem réttlæta endurflokkun á stöðu í veltubók sem stöðu í fjárfestingarbók eða á hinn bóginn endurflokkun á stöðu í fjárfestingarbók sem stöðu í veltubók í því skyni að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns síns sem lögbær yfirvöld viðurkenna. Stofnanirnar skulu endurskoða þessar stefnur a.m.k. árlega.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta alla eftirlitsframkvæmd og gefa út leiðbeiningar í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 frá 28. júní 2024 um merkingu sérstakra aðstæðna með tilliti til fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar. Þar til Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út þessar leiðbeiningar skulu lögbær yfirvöld tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um og færa rök fyrir ákvörðunum sínum og hvort heimila eigi stofnun að endurflokka stöðu eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu veita heimild til að endurflokka stöðu í veltubók sem stöðu í fjárfestingarbók eða á hinn bóginn stöðu í fjárfestingarbók sem stöðu í veltubók í því skyni að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns þegar stofnunin hefur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á með skriflegri staðfestingu að ákvörðun hennar að endurflokka þessa stöðu sé vegna sérstakra aðstæðna sem sé í samræmi við þær stefnur sem stofnunin hefur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu skyni skal stofnunin færa fullnægjandi sönnur á að staðan uppfylli ekki lengur skilyrðið fyrir að vera flokkuð sem staða í veltubók eða fjárfestingarbók skv. 104. gr.

Undanþágan sem um getur í fyrstu undirgrein skal samþykkt af stjórn.

3. Ef lögbært yfirvald hefur veitt heimild fyrir endurflokkun á stöðu í samræmi við 2. mgr. skal stofnunin sem fékk heimildina:

- a) birta opinberlega, án tafar,
 - i. upplýsingar um að staða hennar hafi verið endurflokkuð og
 - ii. ef endurflokkunin leiðir til lækkunar á kröfum vegna eiginfjárgrunns stofnunarinnar, umfang lækkunarinnar og
- b) ef endurflokkunin leiðir til lækkunar á kröfum vegna eiginfjárgrunns stofnunarinnar, ekki viðurkenna það fyrr en líftími stöðunnar er liðinn, nema lögbær yfirvöld stofnunarinnar heimili henni að viðurkenna þessi áhrif fyrir þann tíma.

4. Stofnunin skal reikna út hreina breytingu á fjárhæð krafna vegna eiginfjárgrunns síns sem leiðir af endurflokkun á stöðunni sem mismuninn á kröfunum vegna eiginfjárgrunns strax eftir endurflokkunina og kröfunum vegna eiginfjárgrunns rétt fyrir endurflokkunina, hvort um sig reiknað út í samræmi við 92. gr. Útreikningurinn skal ekki taka tillit til áhrifa neinna annarra þátta en endurflokkunarinnar.

5. Endurflokkun á stöðu í samræmi við þessa grein skal vera óafturkræf.

104. gr. b

Kröfur vegna viðskiptaborðs

1. Að því er varðar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í 3. mgr. 430. gr. b skulu stofnanir koma á fót viðskiptaborðum og skulu úthluta hverri stöðu í veltubók sinni einu þessara viðskiptaborða. Stöðum í

veltubók skal eingöngu úthlutað sama viðskiptaborði þegar þær fullnægja samþykktri starfsstefnu fyrir viðskiptaborðið og er stjórn að samræmdan hátt og þær vaktaðar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

2. Viðskiptaborð stofnana skulu ávallt uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) hvert viðskiptaborð skal hafa skýra og aðgreinda starfsstefnu og áhættustýringarfyrirkomulag,
- b) hvert viðskiptaborð skal hafa skýrt stjórnskipulag; stöðum á ákveðnu viðskiptaborði skal vera stýrt af tilteknum söluaðilum innan stofnunarinnar; hver söluaðili skal hafa sérstakt hlutverk í viðskiptaborðinu; hverjum söluaðila skal eingöngu úthlutað eitt viðskiptaborð,
- c) hvert viðskiptaborð skal ákveða stöðuhámörk í samræmi við starfsstefnu sína,
- d) skýrslur um starfsemi, arðsemi, áhættustýringu og reglufestar kröfur hjá viðskiptaborðinu skulu teknar saman a.m.k. vikulega og sendar stjórninni reglulega,
- e) hvert viðskiptaborð skal hafa skýra árlega viðskiptaáætlun, þ.m.t. vel skilgreinda starfskjarastefnu sem byggð er á heilbrigðum viðmiðunum sem notaðar eru til að mæla árangur,
- f) skýrslur um binditíma staðna, brot á viðskiptahámarki innan dags, daglegum brotum á viðskiptahámarki og aðgerðir sem stofnunin grípur til til að taka á þessum brotum sem og mat á seljanleika á markaði skulu teknar saman fyrir hvert viðskiptaborð mánaðarlega og gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum.

3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. getur stofnun falið hverjum söluaðila fleiri viðskiptaborð en eitt, að því tilskildu að stofnunin sýni lögbærum yfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti að það sé gert vegna sjónarmiða sem varða viðskipti eða fjármuni og að virtar séu þær eigindlegu kröfur sem settar eru fram í þessari grein og gilda um söluaðila og viðskiptaborð.

4. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum með hvaða hætti þau hlíta 2. mgr. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að krefja stofnun um að breyta fyrirkomulagi eða skipulagi viðskiptaborða sinna til að hlíta þessari grein.“

54) Ákvæðum 105. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Allar stöður í veltubók og fjárfestingarbók metnar á gangvirði skulu uppfylla staðlana fyrir varfærið mat sem tilgreint er í þessari grein. Stofnanir skulu einkum tryggja að með varfærnu mati á stöðum þeirra í veltubók fáið viðunandi víska með hliðsjón af breytileika staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók metnar á gangvirði, kröfum um varfærni og traust og starfsaðferðum og eiginfjákröfum vegna staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók sem metnar eru á gangvirði.“

b) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnanir skulu endurmeta stöður í veltubók á gangvirði a.m.k. daglega Breytingar á virði þessara staðna skulu sýndar í rekstrarreikningi stofnunarinnar.

4. Stofnanir skulu færa stöður sínar í veltubók og stöður í fjárfestingarbók á gangvirði markaðar þegar það er hægt, þ.m.t. þegar þær beita eiginfjármeðferð gagnvart þessum stöðum.“

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Þegar færsla á markaðsvirði er ekki möguleg skulu stofnanir færa stöður sínar og eignasöfn með varfærnum hætti á líkansvirði, einnig þegar kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna staðna í veltubókinni eru reiknaðar vegna staðna í veltubók og staðna metinna á gangvirði í fjárfestingarbók.“

d) Í stað annarrar undirgreinar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varða d-lið fyrstu undirgreinar skal þróa og samþykkja líkanið óháð viðskiptaborðum og það skal prófað óháð öðru, sem felur í sér að sannreyna útreikninga, forsendur og hugbúnaðarframkvæmd.“

e) Í stað a-liðar 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) sá viðbótartími sem það tæki að áhættuverja stöðuna eða áhættur innan stöðunnar umfram seljanleikatímabilanna sem áhættuþættir staðnanna hafa fengið í samræmi við 325. gr. bd.“

55) Ákvæðum 106. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. gilda með fyrirvara um þær kröfur sem eiga við um áhættuvarða stöðu í fjárfestingarbókinni eða veltubókinni, eftir því sem við á.

3. Þegar stofnun ver útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota útlánaafleiðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú lánaafleiðustaða færð sem innri áhættuvörn í útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu í fjárfestingarbók að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 3. mgr. 92. gr. Þegar stofnunin stofnar til annarra lánaafleiðuvíðskipta með þriðja aðila, sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar og sem uppfyllir kröfurnar að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn í fjárfestingarbókinni og jafnar til fulls út markaðsáhættu hinnar innri áhættuvarnar.

Bæði innri áhættuvörn sem færð er í samræmi við fyrstu undirgrein og lánaafleiðan með aðild þriðja aðila skulu felldar inn í veltubókina í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„4. Þegar stofnun ver hlutabréfaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota hlutabréfaafleiðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú hlutabréfastaða færð sem innri áhættuvörn í hlutabréfaáhættu í fjárfestingarbók að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 3. mgr. 92. gr. Þegar stofnunin stofnar til annarra hlutabréfaafleiðuvíðskipta með þriðja aðila, sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar og sem uppfyllir kröfurnar að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn í fjárfestingarbókinni og jafnar til fulls út markaðsáhættu hinnar innri áhættuvarnar.

Bæði innri áhættuvörn sem færð er í samræmi við fyrstu undirgrein og hlutabréfaafleiðan með aðild þriðja aðila sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar skulu felldar inn í veltubókina í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu.

5. Ef stofnun ver vaxtaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota vaxtaáhættustöðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú vaxtaáhættustaða teljast vera innri áhættuvörn að því er varðar mat á vaxtaáhættu sem leiðir af stöðum í vaxtabók í samræmi við 84. og 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) staðan hefur verið sett í eignasafn sem er aðskilið hinni stöðunni í veltubókinni sem hefur þá stefnu eina í viðskiptalegu tilliti að stýra og milda markaðsáhættu innri áhættuvarnar vegna vaxtaáhættu; í þessu skyni er stofnuninni heimilt að setja í þetta eignasafn aðrar vaxtaáhættustöður sem stofnað er til með þriðju aðilum, eða eigin veltubók svo fremi að stofnunin jafni til fulls út markaðsáhættu þessara vaxtaáhættustaðna sem stofnuð er í hennar eigin veltubók með því að stofna til gagnstæðra vaxtaáhættustaðna með þriðju aðilum,
- b) vegna skýrslugjafarkrafna sem settar eru fram í 3. mgr. 430. gr. b hefur staðan verið sett á viðskiptaborð sem komið er á fót í samræmi við 104. gr. b. sem hefur þá stefnu eina í viðskiptalegu tilliti að stýra og milda markaðsáhættu innri áhættuvarnar vegna vaxtaáhættu; í þessu skyni er viðskiptaborðinu heimilt að setja í þetta eignasafn aðrar vaxtaáhættustöður sem stofnað er til með þriðju aðilum, eða önnur viðskiptaborð stofnunarinnar svo fremi að þau jafni til fulls út markaðsáhættu þessara vaxtaáhættustaðna með því að stofna til gagnstæðra vaxtaáhættustaðna með þriðju aðilum,
- c) stofnunin hefur að fullu skjalfest hvernig staðan mildar vaxtaáhættu sem stafar af stöðum í veltubók með tilliti til krafanna sem mælt er fyrir um í 84. og 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

6. Kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu allra staðna sem settar eru í aðskilið eignasafn eins og um getur í a-lið 5. mgr. skulu reiknaðar hver fyrir sig og skulu vera til viðbótar kröfunum um eiginfjárgrunn vegna annarra staðna í veltubók.

7. Að því er varðar skýrslugjafarkröfurnar sem settar eru fram í 430. gr. b skal reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu allra staðna sem settar eru í sérstakt eignasafn eins og um getur í a-lið 5. mgr. þessarar greinar eða viðskiptaborð, eða viðskiptaborðin sem um getur í b-lið 5. mgr. þessarar stofnunar stofni til þeirra, eftir því sem við á, hver fyrir sig sem aðskilið eignasafn og skal það vera til viðbótar útreikningnum á eiginfjárgrunnskröfu vegna annarra staðna í veltubókinni.“

56) Í stað 3. mgr. 107. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar þessa reglugerð skal fara með áhættuskuldbindingar vegna verðbréfafyrirtækja í þriðju löndum, lánastofnana í þriðju löndum og kauphalla í þriðju löndum á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnunar því aðeins að þriðja landið beiti varfærni- og eftirlitskröfum gagnvart þeim aðila a.m.k. jafngildum þeim sem Sambandið beitir.“

57) Ákvæðum 2. mgr. 117. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liðir bætast við:
- „o) Alþjóðaframskrifstofnunin,
 - p) Innviðafjárfestingabanki Asíu.“
- b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:
- „Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að breyta þessari reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. sem breyta, í samræmi við alþjóðlega staðla, listanum yfir fjölbjóðlega þróunarbanka sem um getur í fyrstu undirgrein.“
- 58) Í stað a-liðar 118. gr. kemur eftirfarandi:
- „a) Evrópusambandið og Kjarnorkubandalag Evrópu.“
- 59) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 123. gr.:
- „Áhættuskuldbindingar vegna lána sem lánastofnun veitir lífeyrisþegum eða launþegum með ótímabundinn ráðningarsamning gegn skilyrðislausri millifærslu hluta lífeyris eða lána lántakandans til lánastofnunarinnar skulu fá 35% áhættuvog að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- a) til að endurgreiða lánið veitir lántakandi lífeyrissjóðnum eða vinnuveitandanum skilyrðislauslausa heimild til að greiða lánastofnuninni milliliðalaust af láninu með því að draga af mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum eða launum lántakandans,
 - b) hætta á dauðsfalli, vanhæfni til að stunda vinnu, atvinnuleysi eða lækkun á nettólífeyrislaunum eða nettólaunum lántakandans er tryggð með váttryggingarsamningi sem lántakandinn tekur í þágu lánastofnunarinnar,
 - c) mánaðarlegar greiðslur lántakandans af lánum sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið fari samanlagt ekki yfir 20% af nettólífeyrislaunum eða nettólaunum lántakandans,
 - d) upphaflegur binditími lánsins er að hámarki jafn eða styttri en tíu ár.“
- 60) Í stað 124. gr. kemur eftirfarandi:
- „124. gr.

Áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum

1. Áhættuskuldbinding eða hluti áhættuskuldbindingar sem er tryggð að fullu með veði í fasteign skal fá 100% áhættuvog þegar skilyrðin sem sett eru fram í 125. eða 126. gr. hafa ekki verið uppfyllt, að frátöldum þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er settur í annan flokk áhættuskuldbindinga. Sá hluti áhættuskuldbindingar sem fer yfir veðlánsvirði fasteignar skal fá þá áhættuvog sem á við um ótryggðar áhættuskuldbindingar viðkomandi mótaðila.

Sá hluti áhættuskuldbindingar sem er tryggður að fullu með fasteign skal ekki fara yfir veðsettan hluta markaðsvirðis eða, í þeim aðildarríkjum þar sem settar hafa verið strangar viðmiðanir um mat á veðlánsvirði í ákvæðum laga eða reglna, veðlánsvirði viðkomandi fasteignar.

1a. Aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir beitingu 2. mgr. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er lögbæra yfirvaldið skal það tryggja að viðkomandi innlendir aðilar og yfirvöld sem hafa þjóðhagsvarúðarumboð séu tilhlýðilega upplýstir um áform lögbæra yfirvaldsins að beita þessari grein og taki sem vera ber þátt í að meta hvort fjármálastöðugleika í aðildarríki þess sé hætta búin í samræmi við 2. mgr.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er annað en lögbært yfirvald skal aðildarríkið samþykkja nauðsynleg ákvæði til að tryggja góða samræmingu á upplýsingaskiptum milli lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins vegna réttar beitingar þessarar greinar. Einkum skal krefjast þess að yfirvöld hafi með sér náð samstarf og skiptist á öllum nauðsynlegum upplýsingum til þess að tilnefnd yfirvöld samkvæmt þessari grein geti sinnt skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt. Þetta samstarf skal miðað að því að koma í veg fyrir tvíteknungu aðgerða lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins eða þær séu ósamræmdar og jafnframt tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til víxlverkunar við aðrar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 458. gr. þessarar reglugerðar og 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Á grundvelli gagna sem safnað er skv. 430. gr. a og annarra viðeigandi vísbendinga skal yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a í þessari grein reglulega og a.m.k. árlega meta hvort 35% áhættuvogin vegna áhættuskuldbindinga sem tengjast einum eða fleiri eignabáttum sem tryggðir eru með veði í íbúðarhúsnæði sbr. 125. gr. sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis viðkomandi

yfirvalds og 50% áhættuvogin vegna áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veði í viðskiptahúsnæði sbr. 126. gr. sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis viðkomandi yfirvalds séu réttilega grundvallaðar á:

- a) reynslu af tapi vegna áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með fasteign,
- b) áætlaðri þróun fasteignamarkaðar.

Komist yfirvaldið, sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a í þessari grein, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar að því að áhættuvogirnar sem eru settar fram í 2. mgr. 125. gr. eða 2. mgr. 126. gr. endurspegli ekki nægilega vel þá raunverulegu áhættu sem tengist skuldbindingum eins eða fleiri eignaþátta sem eru tryggðir að fullu með veði í íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis viðkomandi yfirvalds og ef það telur að ófullnægjandi áhættuvogir geti haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðarstöðugleika í aðildarríki þess getur það hækkað gildandi áhættuvogir vegna þessara áhættuskuldbindinga innan þeirra marka sem tilgreind eru í fjórðu undirgrein þessarar greinar eða kveðið á um strangari viðmiðanir en þær sem settar eru fram í 2. mgr. 125. gr. eða 2. mgr. 126. gr.

Yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a í þessari grein skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu um allar leiðréttingar á þeim áhættuvogum og viðmiðunum sem notuð eru samkvæmt þessari málsgrein. Innan eins mánaðar frá viðtöku þessarar tilkynningar skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið senda viðkomandi aðildarríki álitid. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið skulu birta áhættuvogir og viðmiðanir vegna áhættuskuldbindinga sem um getur í 125. gr., 126. gr. og 199. gr. (a-lið 1. mgr.) eins og þeim er hrundið í framkvæmd af viðkomandi yfirvaldi.

Að því er varðar aðra undirgrein þessarar málsgreinar er tilnefndu yfirvaldi heimilt í samræmi við 1. mgr. a að fastsetja áhættuvogir innan eftirfarandi marka:

- a) 35% til 150% fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði,
- b) 50% til 150% fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í viðskiptahúsnæði.

3. Þegar yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a ákvarðar hærrí áhættuvogir eða strangari viðmiðanir samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. skulu stofnanir fá sex mánaða umbreytingarfrest til að hlíta þeim.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í nánu samstarfi við Evrópska kerfisáhætturáðið, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þær ströngu viðmiðanir varðandi mat á veðlánsvirðinu sem um getur í 1. mgr. og þær tegundir af þáttum sem taka skal til greina við matið á tilhlýðleika þeirra áhættuvoga sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska kerfisáhætturáðinu er heimilt, með tilmælum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010 og í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, að veita yfirvöldunum sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. a þessarar greinar leiðsögn um eftirfarandi:

- a) þætti sem gætu „haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðarfjármálastöðugleika“ sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. og
- b) leiðbeinandi viðmiðanir sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a verður að taka tillit til við ákvörðun á áhættuvogum.

6. Stofnanir í aðildarríki skulu beita áhættuvogum og viðmiðunum sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa ákvarðað í samræmi við 2. mgr. gagnvart öllum samsvarandi áhættuskuldbindingum sem eru tryggðar með veði í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta þess aðildarríkis.“

61) Í stað 1. og 2. mgr. 128. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu úthluta sérlega áhættusömum áhættuskuldbindingum 150% áhættuvog eftir því sem við á.

2. Að því er varðar þessa grein skulu eftirfarandi áhættuskuldbindingar teljast vera sérlega áhættusamar áhættuskuldbindingar:

- a) fjárfestingar í sprotafyrirtækjum nema þegar farið er með þessar fjárfestingar í samræmi við 132. gr.,
- b) fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum nema þegar farið er með þessar fjárfestingar í samræmi við 132. gr.,
- c) spákaupmennskufjármögnun fasteigna.“

62) Í stað 132. gr. kemur eftirfarandi:

„132. gr.

Eiginfjárgrunnskröfur vegna áhættuskuldbindinga í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir skulu reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að margfalda fjárhæð áhættuveginnar skuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, sem reiknuð er í samræmi við aðferðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., með hundraðshluta hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í vörslu þessara stofnana.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt er stofnunum heimilt að beita gegnsæisaðferðinni í samræmi við 1. mgr. 132. gr. a eða umboðsaðferðinni í samræmi við 2. mgr. 132. gr. a.

Með fyrirvara um 2. mgr. 132. gr. skulu stofnanir sem ekki beita gegnsæisaðferðinni eða umboðsaðferðinni úthluta áhættuskuldbindingum sínum í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu 1250% áhættuvog („varaaðferðin“ (e. *fall-back approach*)).

Stofnunum er heimilt að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að sameina aðferðirnar sem um getur í þessari málsgrein, að því tilskildu að skilyrðin fyrir notkun þessara aðferða séu uppfyllt.

3. Stofnunum er heimilt að ákvarða fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 132. gr. a ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu er eitt af eftirfarandi:
 - i. verðbréfasjóður (UCITS) sem fellur undir tilskipun 2009/65/EB,
 - ii. sérhæfður sjóður sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB sem skráður er skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
 - iii. sérhæfður sjóður sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
 - iv. sérhæfður sjóður sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs utan ESB með starfsleyfi skv. 37. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
 - v. sérhæfður sjóður utan ESB sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs utan ESB og markaðssettur í samræmi við 42. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
 - vi. sérhæfður sjóður utan ESB sem ekki er markaðssettur í Sambandinu og stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs utan ESB með staðfestu í þriðja landi sem fellur undir framselda gerð sem um getur í 6. mgr. 67. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.
- b) lýsing eða jafngilt skjal sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu skal innihalda eftirfarandi:
 - i. flokka eigna sem sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta í,
 - ii. hlutfallsleg mörk og aðferðir við að reikna þau út, ef fjárfestingarmörk eiga við,
- c) skýrslugjöf sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða rekstrarfélag sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu til stofnananna hlítir eftirfarandi kröfum:
 - i. gefnar eru upplýsingar um áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu a.m.k. jafn oft og áhættuskuldbindingar stofnunarinnar,
 - ii. sundurgreinanleiki fjárhagsupplýsinga er nægilegur til að gera stofnuninni kleift að reikna út fjárhæð áhættuveginnar skuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við þá aðferð sem stofnunin velur,

- iii. ef stofnunin notar gegnsæisaðferðina þá séu upplýsingar um undirliggjandi áhættuskuldbindingar sannreynðar af óháðum þriðja aðila.

Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar er fjölþjóðlegum og tvíhliða þróunarbönkum og öðrum stofnunum sem fjárfesta saman í sjóði um sameiginlega fjárfestingu ásamt fjölþjóðlegum og tvíhliða þróunarbönkum heimilt að ákvarða fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga þessa sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 132. gr. a, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í b- og c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar séu upp fyllt og að fjárfestingarumboð sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu takmarki þær tegundir af eignum sem sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu getur fjárfest í við eignir sem stuðla að sjálfbærri þróun í þróunarlöndunum.

Stofnanir skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um sjóðina um sameiginlega fjárfestingu sem þær taka til meðferðar samkvæmt annarri undirgrein.

Þegar stofnunin ákvarðar fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við umboðsaðferðina er, þrátt fyrir i. lið c-liðar fyrstu undirgreinar, heimilt að takmarka skýrslugjöf sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða rekstrarfélags sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu til stofnunarinnar, við fjárfestingarumboð sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og mögulegar breytingar á því og getur eingöngu farið fram þegar stofnunin stofnar til áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu í fyrsta sinn og ef einhverjar breytingar verða á fjárfestingarumboði sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.

4. Stofnanir sem hafa ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar til að reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 132. gr. a mega reiða sig á útreikninga þriðja aðila, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) þriðji aðilinn sé eitt af eftirfarandi:
 - i. varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnuninni,
 - ii. hvað varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem falla ekki undir i-lið þessa liðar, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem uppfyllir skilyrðið sem sett er fram í a-lið 3. mgr.,
- b) þriðji aðilinn framkvæmi útreikningana í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 1., 2. eða 3. mgr. 132. gr. a, eftir því sem við á,
- c) utanaðkomandi endurskoðandi hafi staðfest að reikningur þriðja aðilans sé réttur.

Stofnanir sem reiða sig á útreikninga þriðja aðila skulu margfalda fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna skuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu sem leiðir af þessum útreikningum með stuðlinum 1,2.

Þrátt fyrir aðra undirgrein skal ekki nota stuðulinum 1,2 þegar stofnunin hefur ótakmarkaðan aðgang að þeim ítarlegu útreikningum sem þriðji aðili hefur framkvæmt. Stofnunin skal láta lögbæru yfirvaldi sínu í té þessa útreikninga að fenginni beiðni þar að lútandi.

5. Þegar stofnun notar aðferðirnar sem um getur í 132. gr. a til að reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu („stig 1 fyrir sjóðinn“) og einhver hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga á stigi 1 fyrir sjóðinn er áhættuskuldbinding í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu (stig 2 fyrir sjóðinn) er heimilt að reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna skuldbindinga á stigi 2 fyrir sjóðinn með því að nota einhverja hinna þriggja aðferða sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar. Stofnun er ekki heimilt að nota gegnsæisaðferðina til að reikna út fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna áhættuskuldbindinga á stigi 3 og á öllum eftirfarandi stigum nema hún noti þá aðferð til að reikna út undanfarandi stig. Í öllum öðrum sviðsmyndum skal nota varaaðferðina.

6. Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við gegnsæisaðferðina og umboðsaðferðina sem sett er fram í 1. og 2. mgr. 132. gr. a skal að hámarki vera áhættuvegin fjárhæð áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við varaaðferðina.

7. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er stofnunum sem beita gegnsæisaðferðinni í samræmi við 1. mgr. 132. gr. a heimilt að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindingar sinnar í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu með því að marg-

falda áhættuskuldbindingarvirði þessara skuldbindinga, reiknað í samræmi við 111. gr., með áhættuvoginni (RW_1^*) sem reiknuð er í samræmi við formúluna sem sett er fram í 132. gr. c, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- stofnunin bókfærir virði eignarhluta í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í sjóði um sameiginlega fjárfestingu á upphaflegu kostnaðarverði en bókfærir virði undirliggjandi eigna í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu á gangvirði ef þær nota gegnsæisadferðina,
- breyting á markaðsvirði hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa sem stofnunin bókfærir virði fyrir á upphaflegu kostnaðarverði breytir hvorki fjárhæð eiginfjárgrunns né áhættuvirðinu sem tengist þessum eignarhlutum.“

63) Eftirfarandi greinar bætast við:

„132. gr. a

Aðferðir við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt skulu stofnanir sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu fara í gegnum þessar áhættuskuldbindingar til að reikna fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar sjóðsins, og áhættuvega allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hans sem væru þær í beinni vörslu þessara stofnana.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt mega stofnanir sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu til að nota gegnsæisadferðina reikna fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar vegna þessara áhættuskuldbindinga í samræmi við takmarkanirnar sem settar eru fram í umboði sjóðsins og viðeigandi laga.

Stofnanir skulu framkvæma útreikningana sem um getur í fyrstu undirgrein út frá þeirri forsendu að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu stofni fyrst til áhættuskuldbindinga upp að því hámarki sem umboði hans leyfir eða viðeigandi lög í formi áhættuskuldbindinga sem hafa í för með sér hæstu eiginfjárgrunnskröfur og haldi síðan áfram að stofna til áhættuskuldbindinga í lækkandi röð þar til heildaráhættuskuldbindingarmörkunum hefur verið náð og að sjóðurinn beiti vögun að því hámarki sem leyft er samkvæmt umboði hans eða viðeigandi lögum, eftir því sem við á.

Stofnanir skulu framkvæma útreikningana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla, 5. kafla og í 3., 4., eða 5. þætti 6. kafla í þessum bálki.

3. Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 92. gr. mega stofnanir sem reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar reikna út eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna þess sjóðs sem fjárhæð sem samsvarar 50% af eiginfjárgrunnskröfu vegna þessara áhættuskuldbindinga sem reiknuð er í samræmi við 3., 4. eða 5. þátt 6. kafla í þessum bálki.

Þrátt fyrir fyrstu undirgreinina má stofnun undanskilja frá útreikningnum á eiginfjárgrunnskröfum að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna áhættuskuldbindingar sem myndu ekki falla undir þessa kröfu væru þær stofnaðar beint af stofnuninni.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig stofnanir skulu reikna út fjárhæð áhættuvegnu skuldbindingarinnar sem um getur í 2. mgr. þegar einhver tilskilin ílagsgögn vegna þessa útreiknings eru ekki aðgengileg.

Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

132. gr. b

Undanþágur frá útreikningi á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindingar sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir mega undanskilja frá útreikningunum sem um getur í 132. gr. almenna eiginfjárgrunnsgeringa þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgeringa þáttar 1, gerninga undir þætti 2 og hæfa skuldbindingargerninga í vörslu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem stofnanir skulu draga frá í samræmi við 1. mgr. 36. gr. og 56., 66. og 72. gr. e eftir því sem við á.

2. Stofnanir mega undanskilja frá útreikningunum sem um getur í 132. gr. áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í g- og h-lið 1. mgr. 150. gr. og þess í stað nota meðferðina sem sett er fram í 133. gr. að því er varðar þessar áhættuskuldbindingar.

132. gr. c

Meðferð áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings vegna sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir skulu reikna út fjárhæð áhættuvegnu áhættuskuldbindingar sinnar vegna liða utan efnahagsreiknings með möguleikanum á að vera breytt í áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóði um sameiginlega fjárfestingu með því að margfalda áhættuskuldbindingarvirði þessara áhættuskuldbindinga reiknað út í samræmi við 111. gr. með eftirfarandi áhættuvog:

- a) að því er varðar allar áhættuskuldbindingar þar sem stofnanir nota eina aðferðina sem sett er fram í 132. gr. a:

$$RW_i^* = \frac{RWAE_i}{E_i^*} \cdot \frac{A_i}{EQ_i}$$

þar sem:

RW_i^* = áhættuvogin,

i = stuðullinn sem tilgreinir sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu,

$RWAE_i$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 132. gr. a fyrir sjóð um sameiginlega fjárfestingu,

E_i^* = áhættuvirði áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,

A_i = bókfært virði eigna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu og

EQ_i = bókfært virði hlutabréfa sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,

- b) fyrir allar aðrar áhættuskuldbindingar, $RW_i^* = 1\ 250\ \%$.

2. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði lágmarksvirðisskuldbindingar sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar sem afvaxtað núvirði tryggðrar fjárhæðar með því að nota afvöxtunarstuðul án vanskilaáhættu. Stofnanir mega lækka áhættuskuldbindingarvirði lágmarksvirðisskuldbindingarinnar með öllu tapi sem hefur verið bókfært að því er varðar slíka skuldbindingu samkvæmt gildandi reikningsskilastaðli.

Stofnanir skulu reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings sem leiðir af lágmarksvirðisskuldbindingum sem uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar með því að margfalda áhættuskuldbindingarvirði þessara áhættuskuldbindinga með 20% breytistuðli og með áhættuvoginni sem fæst skv. 132. eða 152. gr.

3. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð áhættuveginnar skuldbindingarinnar vegna skuldbindinga utan efnahagsreiknings sem leiðir af lágmarksvirðisskuldbindingum í samræmi við 2. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- áhættuskuldbinding stofnunarinnar utan efnahagsreikningsins er lágmarksvirðisskuldbinding vegna fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem stofnunin þarf ekki að greiða út, samkvæmt lágmarksvirðisskuldbindingunni, nema ef markaðsvirði undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins eða sjóðanna fer niður fyrir fyrirfram-skilgreint viðmiðunarmark á einum eða fleiri tímupunktum eins og tilgreint er í samningnum,
- sjóður um sameiginlega fjárfestingu er annað af eftirfarandi:
 - verðbréfasjóður eins og hann er skilgreindur í tilskipun 2009/65/EB eða
 - sérhæfður sjóður eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB sem eingöngu fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum eða öðrum lausafjäreignum sem um getur í 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB þegar umboð sérhæfða sjóðsins heimilar ekki hærri vogun en þá sem er heimiluð skv. 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- fyrirliggjandi markaðsvirði undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu af undirliggjandi lágmarksvirðisskuldbindingu, án tillits til áhrifa lágmarksvirðisskuldbindinganna utan efnahagsreiknings, er jafnt eða herra en núvirði viðmiðunarmarkanna sem tilgreind eru í lágmarksvirðisskuldbindingunni,
- þegar markaðsvirði undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða sjóðanna um sameiginlega fjárfestingu umfram núvirði lágmarksvirðisskuldbindingarinnar lækkar

getur stofnunin eða annað fyrirtæki, svo fremi það falli undir eftirlit á samstæðugrunni sem stofnunin sjálf heyrir undir í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB eða tilskipun 2002/87/EB, haft áhrif á samsetningu undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins eða sjóðanna eða takmarkað á annan hátt möguleikann á frekari lækkun á því sem umfram er,

- e) endanlegur beinn eða óbeinn haghafi af lágmarksvirðisskuldbindingunni er alla jafnan almennur fjárfestir eins og hann er skilgreindur í 11. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.“

64) Í stað g-liðar 1. mgr. 144. gr. kemur eftirfarandi:

„g) að stofnunin hafi reiknað út kröfur vegna eiginfjárgrunns samkvæmt innramatsaðferðinni sem leiðir af mati hennar á áhættubreytum og geti sinnt þeirri skýrslugjöf sem krafist er í 430. gr.“

65) Í stað 152. gr. kemur eftirfarandi:

„152. gr.

Meðferð áhættuskuldbindinga í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir skulu reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að margfalda fjárhæð áhættuveginna skuldbindingar sjóðsins sem reiknuð er í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í fyrstu undirgrein 5. mgr., með hundraðshluta hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í vörslu þessara stofnana.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt skulu stofnanir sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu fara í gegnum þessar áhættuskuldbindingar til að reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar sjóðsins, og áhættuvega allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hans sem væru þær í beinni vörslu þessara stofnana.

3. Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 92. gr. mega stofnanir sem reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar reikna út eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna þess sjóðs sem fjárhæð sem samsvarar 50% af eiginfjárgrunnskröfu vegna þessara áhættuskuldbindinga sem reiknuð er í samræmi við 3., 4. eða 5. þátt 6. kafla í þessum bálki.

Þrátt fyrir fyrstu undirgreininna má stofnun undanskilja frá útreikningnum á eiginfjárgrunnskröfum að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna áhættuskuldbindingar sem myndu ekki falla undir þessa kröfu væru þær stofnaðar beint af stofnuninni.

4. Stofnanir sem nota gegnsæisáðferðina í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar og sem uppfylla skilyrðin fyrir varanlegri notkun að hluta í samræmi við 150. gr. eða sem uppfylla ekki skilyrðin fyrir því að nota aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla eða eina eða fleiri þeirra aðferða sem settar eru fram í 5. kafla fyrir allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða hluta þeirra skulu reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindingar og fjárhæðir vænts taps í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- a) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla í flokk áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem um getur í e-lið 2. mgr. 147. gr. skulu stofnanir beita einföldu áhættuvogunaraðferðinni sem um getur í 2. mgr. 155. gr.,
- b) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla undir liði sem mynda verðbréfaðar stöður sem um getur í f-lið 2. mgr. 147. gr. skulu stofnanir nota meðferðina sem sett er fram í 254. gr. eins og þessar stöður væru í beinni vörslu þessara stofnana,
- c) að því er varðar allar aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar skulu stofnanir beita staðalaðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. kafla þessa bálks.

Ef stofnunin getur, að því er a-lið fyrstu undirgreinar varðar, ekki gert greinarmun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa, áhættuskuldbindingum sem viðskipti eru með í kauphöll og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa skal hún fara með viðkomandi áhættuskuldbindingar á sama hátt og aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

5. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt mega stofnanir, sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu til að nota gegnsæisáðferðina, reikna fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar vegna þessara áhættuskuldbindinga í samræmi við umboðsaðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 132. gr. a. Hins vegar að því er varðar áhættuskuldbind-

ingarnar sem tilgreindar eru í a-, b- og c-lið 4. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir beita aðferðunum sem þar er kveðið á um.

6. Með fyrirvara um 2. mgr. 132. gr. b skulu stofnanir sem ekki beita gegnsæisáðferðinni í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar eða umboðsaðferðina í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar nota varaáðferðina sem um getur í 2. mgr. 132. gr.

7. Stofnunum er heimilt að reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að sameina aðferðirnar sem um getur í þessari grein, að því tilskildu að skilyrðin fyrir notkun þessara aðferða séu uppfyllt.

8. Stofnanir sem hafa ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar til að reikna út áhættuvegna fjárhæð sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 2., 3., 4. og 5. mgr. mega reiða sig á útreikninga þriðja aðila, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) Þriðji aðilinn sé eitt af eftirfarandi:
 - i. varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnuninni,
 - ii. hvað varða sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki falla undir i. lið þessa liðar, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að það uppfylli þær viðmiðanir sem settar eru fram í a-lið 3. mgr. 132. gr.
- b) að því er varðar aðrar áhættuskuldbindingar en þær sem tilgreindar eru í a-, b- og c-lið 4. mgr. þessarar greinar þá framkvæmi þriðji aðilinn útreikningana í samræmi við gegnsæisáðferðina sem sett er fram í 1. mgr. 132. gr. a,
- c) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilgreindar eru í a-, b- og c-lið 4. mgr. þá framkvæmi þriðji aðilinn útreikningana í samræmi við aðferðirnar sem þar eru settar fram,
- d) utanaðkomandi endurskoðandi hafi staðfest að reikningur þriðja aðilans sé réttur.

Stofnanir sem reiða sig á útreikninga þriðja aðila skulu margfalda fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar vegna skuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu sem leiðir af þessum útreikningum með stuðlinum 1,2.

Þrátt fyrir aðrar undirgrein skal ekki nota stuðulinn 1,2 þegar stofnunin hefur ótakmarkaðan aðgang að þeim ítarlegu útreikningum sem þriðji aðili hefur framkvæmt. Stofnunin skal láta lögbæru yfirvaldi sínu í té þessa útreikninga að fenginni beiðni þar að lútandi.

9. Að því er varðar þessa grein skulu 5. og 6. mgr. 132. gr. og 132. gr. b gilda. Að því er varðar þessa grein skal 132. gr. c gilda með því að nota áhættuvogir í samræmi við 3. kafla þessa bálks.“

66) Í 158. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„9a Fjárhæð vænts taps vegna lágmarksvirðisskuldbindingar sem uppfyllir allar kröfurnar sem settar eru fram í 3. mgr. 132. gr. c skal vera núll.“

67) Í stað 164. gr. kemur eftirfarandi:

„164. gr.

Tap að gefnum vanefndum (LGD)

1. Stofnanir skulu setja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um kröfurnar í 6. þætti þessa kafla og heimild lögbærra yfirvalda í samræmi við 143. gr. Nota skal 75% gildi fyrir tap að gefnum vanefndum vegna þynningaráhættu keyþra viðskiptakrafna. Ef stofnun getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keyþra viðskiptakrafna í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á áreiðanlegan hátt er henni heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum.

2. Heimilt er að viðurkenna ófjármagnaða útlánavörn með því að aðlaga mat á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um kröfur 1., 2. og 3. mgr. 183. gr. og heimild lögbærra yfirvalda, annaðhvort til stuðnings einstakri áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga. Stofnun skal ekki úthluta tryggðum áhættuskuldbindingum aðlöguðu gildi fyrir líkur á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum þannig að aðlöguð áhættuvog verði lægri en áhættuvog sambærilegrar beinnar áhættuskuldbindingar vegna ábyrgðarveitandans.

3. Að því er varðar 2. mgr. 154. gr. skal gildi taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilega beina áhættuskuldbindingu vegna veitanda útlánavarnar sem um getur í 3. mgr. 153. gr. vera annaðhvort gildi taps að

gefnum vanefndum tengt óvarinni lánaþyrirgreiðslu til ábyrgðarveitandans eða óvarinni lánaþyrirgreiðslu skuldarans, eftir því hvort aðgengileg gögn og gerð ábyrgðarinnar gefa til kynna að endurheimt fjárhæð, komi til þess að bæði ábyrgðarveitandinn og skuldarinn lendi í vanskilum á líftíma hinna áhættuvörðu viðskipta, yrði háð fjárhagsstöðu ábyrgðarveitandans eða skuldarans, eftir því sem við á.

4. Áhættuskuldbindingarvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum vegna allra smásöluáhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði og njóta ekki ávinnings af ábyrgðum ríkisins, skal ekki vera lægra en 10%.

Áhættuskuldbindingarvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum vegna allra smásöluáhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með viðskiptahúsnæði og njóta ekki ávinnings af ábyrgðum ríkisins, skal ekki vera lægra en 15%.

5. Aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir beitingu 6. mgr. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er lögbæra yfirvaldið skal það tryggja að viðkomandi innlendir aðilar og yfirvöld sem hafa þjóðhagsvarúðarumboð séu tilhlýðilega upplýstir um áform lögbæra yfirvaldsins að beita þessari grein og taki sem vera ber þátt í að meta hvort fjármálastöðugleika í aðildarríki þess sé hætta búin í samræmi við 6. mgr.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er annað en lögbært yfirvald skal aðildarríkið samþykkja nauðsynleg ákvæði til að tryggja góða samræmingu á upplýsingaskiptum milli lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins vegna réttar beitingar þessarar greinar. Einkum skal krefjast þess að yfirvöld hafi með sér náð samstarf og skiptist á öllum nauðsynlegum upplýsingum til þess að tilnefnd yfirvöld samkvæmt þessari grein geti sinnt skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt. Þetta samstarf skal miðað að því að koma í veg fyrir tvítekningu aðgerða lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins eða þær séu ósamræmdar og jafnframt tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til víxlverkunar við aðrar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 458. gr. þessarar reglugerðar og 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

6. Á grundvelli þeirra gagna sem safnað er skv. 430. gr. a og allra annarra mikilvægra vísa og með hliðsjón af áætlaðri þróun fasteignamarkaðar skulu lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar meta reglubundið og a.m.k. árlega hvort lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar hæfi áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er á einu eða fleiri hlutum yfirráðasvæða aðildarríkis viðkomandi yfirvalds.

Ef yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. kemst, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, að þeirri niðurstöðu að lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum sem um getur í 4. gr. sé ekki fullnægjandi og ef það telur að ófullnægjandi lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum geti haft veruleg áhrif á framtíðarfjármálastöðuleika í aðildarríki sínu er því heimilt að setja hærri lágmarksgildi vegna taps að gefnum vanefndum vegna þeirra áhættuskuldbindinga sem staðsettar eru á einu eða fleiri hlutum yfirráðasvæða aðildarríkis viðkomandi yfirvalds. Þessi hærri lágmarksgildi er einnig hægt að nota fyrir einn eða fleiri eignarþætti slíkra áhættuskuldbindinga.

Yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu áður en það tekur ákvörðunina sem um getur í þessari málsgrein. Innan eins mánaðar frá viðtöku þessarar tilkynningar skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið senda viðkomandi aðildarríki álitid. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið skulu birta þessi gildi fyrir tap að gefnum vanefndum.

7. Þegar yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. á ákvarðar hærri lágmarksgildi vegna taps að gefnum vanefndum skv. 6. mgr. skulu stofnanir fá sex mánaða umbreytingarfrest til að hlíta þeim.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópska kerfisáhætturáðið semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem skilgreina skilyrðin sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. skal taka tillit til þegar það metur tilhlýðileika gilda vegna taps að gefnum vanefndum sem hluta af matinu í samræmi við 6. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Evrópska kerfísáætturáðinu er heimilt, með tilmælum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010 og í nánú samstarfi við Evrópsku bankaæftirlitsstofnunina, að veita yfirvöldunum sem tilnefnd eru í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar leiðsögn um eftirfarandi:

- a) þætti sem gætu „haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðarfjármálastöðugleika“ sem um getur í annarri undirgrein 6. mgr. og
- b) leiðbeinandi viðmiðanir sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. verður að taka tillit til við ákvörðun á hærri lágmarksgildum vegna taps að gefnum vanefndum.

10. Stofnanir í aðildarríki skulu beita hærri lágmarksgildi vegna taps að gefnum vanefndum sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa ákvarðað í samræmi við 6. mgr. gagnvart öllum samsvarandi áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með veði í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta þess aðildarríkis.“

68) Í stað h-liðar 1. mgr. 201. gr. kemur eftirfarandi:

„h) fullgilda, miðlæga mótaðila.“

69) Eftirfarandi grein bætist við:

„204. gr. a

Gjaldgengar tegundir hlutabréfaafleiðna

1. Stofnunum er heimilt að nota hlutabréfaafleiður sem eru heildarskiptasamningar (e. *total return swaps*) eða sem hafa svipuð efnahagsleg áhrif sem hæfa útlánavörn eingöngu í þeim tilgangi að setja innri áhættuvörn.

Þegar stofnun kaupir útlánavörn gegnum heildarskiptasamning og skráir hreinar móttæknar greiðslur vegna skiptasamningsins sem hreinar tekjur en skráir ekki rýrnun á virði hinnar vörðu eignar sem vegur á móti, annaðhvort lækkun á gangvirði eða viðbót í varasjóð, telst útlánavörnin ekki hæf sem slík.

2. Þegar stofnun notar hlutabréfaafleiðu sem innri áhættuvörn skal útlánaáhættan, sem færð er yfir í veltubók, flytjast til þriðja eða þriðju aðila til að innri áhættuvörnin teljist hæf útlánavörn að því er varðar þennan kafla.

Þegar innri áhættuvörn hefur verið notuð í samræmi við fyrstu undirgrein og kröfur í þessum kafla hafa verið uppfylltar skulu stofnanir beita reglunum, sem settar eru fram í 4.–6. þætti í þessum kafla, um útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps þar sem þær afla sér ófjármagnaðrar útlánavarnar.“

70) Ákvæðum 223. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Sé um að ræða OTC-afleiðuvíðskipti skulu stofnanir sem nota aðferðina sem mælt er fyrir um í 5. þætti 6. kafla reikna E_{VA} sem hér segir:

$$E_{VA} = E.“$$

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við 5. mgr.:

„Sé um að ræða OTC-afleiðuvíðskipti skulu stofnanir sem nota aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla taka tillit til áhættumildandi áhrifa trygginga í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla, eftir því sem við á.“

71) Ákvæðum 272. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6. „Áhættuvarnarsafn“: flokkur víðskipta innan staks skuldajöfnunarsafns þar sem full jöfnun eða jöfnun að hluta er leyfð til að ákvarða mögulega framtíðaráhættu samkvæmt aðferðunum sem settar eru fram í 3. eða 4. þætti þessa kafla.“

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„7a) „einstefnuviðbótartryggingarsamningur“: samkomulag um tryggingarfé sem kveður á um að stofnun þurfi að leggja fram viðbótartryggingu vegna mótaðila en á ekki rétt á að fá viðbótartryggingu frá þeim mótaðila eða öfugt.“

c) Í stað 12. liðar kemur eftirfarandi:

„12. „gildandi markaðsvirði“ eða „CMV“: hreint markaðsvirði allra viðskipta innan skuldajöfnunarsafns án tillits til hvers konar trygginga sem haldið er eða lagðar hafa verið fram þar sem jákvætt og neikvætt markaðsvirði er jafnað við útreikning á CMV.“

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„12a) „hrein óháð tryggingarfjárhæð“ eða „NICA“: summan af virði hreinnar tryggingar sem hefur verið leiðrétt með tilliti til flöktis sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, vegna skuldajöfnunarsafns sem ekki er viðbótartrygging.“

72) Ákvæðum 273. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu reikna áhættuskuldbindingarvirði vegna samninga sem tilgreindir eru í II. viðauka á grundvelli einna þeirra aðferða sem settar eru fram í 3.–6. þætti í samræmi við þessa grein.

Stofnun sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 273. gr. a skal ekki nota aðferðina sem sett er fram í 4. þætti. Stofnun sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 273. gr. a skal ekki nota aðferðina sem sett er fram í 5. þætti.

Stofnunum er heimilt að nota samhliða aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti að staðaldri innan samsteypu. Stofnanir skulu ekki nota samhliða aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti að staðaldri.“

b) Í stað 6., 7. og 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Samkvæmt aðferðunum sem settar eru fram í 3.–6. þætti samsvarar áhættuskuldbindingarvirði vegna tiltekins mótaðila samanlögðu áhættuskuldbindingarvirði sem reiknað er út fyrir hvert skuldajöfnunarsafn hjá þeim mótaðila.

Þegar eitt samkomulag um tryggingarfé gildir um mörg skuldajöfnunarsöfn með þeim mótaðila og stofnunin notar eina af aðferðunum sem settar eru fram í 3.–6. þætti til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði þessara skuldajöfnunarsafna skal áhættuskuldbindingarvirðið, þrátt fyrir fyrstu undirgrein, reiknað út í samræmi við viðeigandi þátt.

Fyrir tiltekinn mótaðila skal virði áhættuskuldbindingar vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns OTC-afleiðugerninga sem tilgreindir eru í II. viðauka reiknað í samræmi við þennan kafla, vera hærra en núll og mismunurinn á samtölu áhættuskuldbindingarvirðis allra skuldajöfnunarsafna vegna mótaðilans og samtölu leiðréttingar á útlánvirði vegna þess mótaðila sem stofnunin hefur reiknað inn sem niðurfærslu. Leiðrétting á útlánvirði skal reikna án tillits til leiðréttingar á innlánvirði sem eignuð er eigin útlánaáhættu fyrirtækisins sem hefur þegar verið undanskilin frá eiginfjárgrunni í samræmi við c-lið 1. mgr. 33. gr.

7. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3., 4. og 5. þætti mega stofnanir meðhöndla tvo OTC-afleiðusamninga sem eru í sama skuldajöfnunarsamningi sem er nákvæmlega samsvarandi eins og um væri að ræða einn samning með reiknaðan höfuðstól sem jafngildir núlli.

Að því er varðar fyrstu undirgrein eru tveir OTC-samningar nákvæmlega samsvarandi ef þeir uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- stöðuáhættur þeirra eru gagnstæðar,
- einkenni þeirra eru alveg eins að frátöldum viðskiptadegi,
- sjóðstreymi þeirra jafna hvort annað algerlega út.

8. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði sem verður til vegna gnóttsamninga með því að nota einhverja þeirra aðferða, sem settar eru fram í 3.–6. þætti þessa kafla, án tillits til þeirra aðferða sem stofnunin hefur valið við meðhöndlun OTC-afleiðna og endurhverfra viðskipta, viðskipta í tengslum við lántöku eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa. Við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna gnóttsamninga má stofnun sem notar aðferðina sem sett er fram í 3. kafla nota áhættuvog, samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 2. kafla, að staðaldri og án tillits til mikilvægis þessara staðna.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„9. Að því er varðar aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti þessa kafla skal fara með viðskipti þar sem fylgniáhætta hefur verið greind í samræmi við 2., 4., 5. og 6. mgr. 291. gr.“

73) Eftirfarandi greinar bætast við:

„273. gr. a

Skilyrði fyrir notkun einfaldaðra aðferða til að reikna út virði áhættuskuldbindinga

1. Stofnun er heimilt að reikna út virði áhættuskuldbindingar vegna afleiðustaðna sinna í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 4. þætti að því tilskildu að umfang afleiðuviðskipta hennar innan og utan efnahagsreiknings sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:

- a) 10% af heildareignum stofnunarinnar,
- b) 300 milljónir evra,

2. Stofnun er heimilt að reikna út virði áhættuskuldbindingar vegna afleiðustaðna sinna í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 5. þætti að því tilskildu að umfang afleiðuviðskipta hennar innan og utan efnahagsreiknings sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:

- a) 5% af heildareignum stofnunarinnar,
- b) 100 milljónir evra.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skulu stofnanir reikna umfang afleiðuviðskipta sinna innan og utan efnahagsreiknings á grundvelli gagna frá síðast degi hvers mánaðar í samræmi við eftirfarandi kröfur:

- a) afleiðustöður skulu metnar á markaðsvirði þeirra á tilteknum degi; ef markaðsvirði stöðu er ekki tiltækt á tilteknum degi skulu stofnanir nota gangvirðið fyrir stöðuna á þeim degi; ef markaðsvirði og gangvirði stöðu eru ekki tiltæk á tilteknum degi skulu stofnanir nota síðasta markaðsvirðið eða gangvirðið fyrir þá stöðu,
- b) algildi langra afleiðustaðna skal lagt saman við algildi stuttra afleiðustaðna,
- c) allar afleiður skulu taldar með fyrir utan lánaafleiður sem færðar eru sem innri áhættuvörn gegn áhættuskuldbindingum vegna útlánaáhættu utan fjárfestingarbókar.

4. Þrátt fyrir 1. eða 2. mgr., eftir því sem við á, getur stofnun sem fellur undir samstæðu og sem ætti að nota aðferðina sem sett er fram í 3. eða 4. þætti vegna þess að hún fer yfir þessi viðmiðunarmörk á einingargrunni, kosið, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, að nota þess í stað aðferðina sem notuð er á samstæðugrunni ef afleiðuviðskiptin á samstæðugrunni fara ekki yfir viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr., eftir því sem við á.

5. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um aðferðirnar sem settar eru fram í 4. eða 5. þætti sem þær nota, eða hætta að nota, eftir því sem við á, til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiddra staðna sinna.

6. Stofnun skal ekki ganga inn í afleiðuviðskipti eða kaupa eða selja afleiðugerninga í þeim tilgangi einum að fara að einhverju þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. á meðan mánaðarlegt mat fer fram.“

273. gr. b

Ekki er farið að skilyrðunum um að nota einfaldaðar aðferðir til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna

1. Stofnun sem uppfyllir ekki lengur eitt eða fleiri skilyrði sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr. 273. gr. a skal þegar í stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi.

2. Stofnun skal hætta að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna sinna í samræmi við 4. eða 5. mgr., eftir því sem við á, innan þriggja mánaða frá því að eitthvað af eftirfarandi á sér stað:

- a) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. eða 2. mgr. 273. gr. a, eftir því sem við á, eða skilyrðin sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 273. gr., eftir því sem við á, í þrjá mánuði samfelld,
- b) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. eða 2. mgr. 273. gr. a, eftir því sem við á, eða skilyrðin sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 273. gr., eftir því sem við á í meira en sex mánuði af undanfarandi 12 mánuðum.

3. Hafi stofnun hætt að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna sinna í samræmi við 4. eða 5. mgr. eftir því sem við á skal henni eingöngu vera heimilt að byrja aftur að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna, eins og sett er fram í 4. eða 5. þætti, þegar hún getur sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að öllu skilyrðin sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr. 273. gr. a hafi verið uppfyllt óslitið í eitt ár.“

74) Í stað 3., 4. og 5. þáttar 6. kafla II. bóks í þriðja hluta kemur eftirfarandi:

„3. þáttur

Staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila

274. gr.

Áhættuskuldbindingarvirði

1. Verðbréfafyrirtæki er heimilt að reikna út stakt áhættuskuldbindingarvirði þegar um er að ræða skuldajöfnunarsafn fyrir öll viðskipti sem falla undir samningsbundinn skuldajöfnunarsamning ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- skuldajöfnunarsamningurinn tilheyri einni þeirri tegund samningsbundinna skuldajöfnunarsamninga sem um getur í 295. gr.,
- skuldajöfnunarsamningurinn hafi verið viðurkenndur af lögbærum yfirvöldum í samræmi við 296. gr.,
- stofnunin hafi uppfyllt skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 297. gr. að því er varðar skuldajöfnunarsamninginn.

Ef einhver þessara skilyrða sem sett eru fram í fyrstu undirgrein eru ekki uppfyllt skal stofnunin meðhöndla sérhver viðskipti eins og um eigið skuldajöfnunarsafn hennar væri að ræða.

2. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafnsins samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu mótaðila sem hér segir:

$$\text{Áhættuskuldbindingarvirði} = \alpha \cdot (\text{RC} + \text{PFE})$$

þar sem:

RC = endurnýjunarvirðið reiknað út í samræmi við 275. gr. og

PFE = möguleg framtíðaráhætta reiknuð út í samræmi við 278. gr.,

α = 1,4.

3. Áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafns sem fellur undir samningsbundið samkomulag um tryggingarfé skal að hámarki vera áhættuskuldbindingarvirði sama skuldajöfnunarsafns sem ekki fellur undir neitt samkomulag um tryggingarfé.

4. Þegar margs konar samkomulag um tryggingarfé gildir um sama skuldajöfnunarsafnið skulu stofnanir setja hvert samkomulag um tryggingarfé í þann flokk viðskipta í skuldajöfnunarsafninu sem það samkomulag gildir um á samningsbundinn hátt og reikna áhættuskuldbindingarvirðið sérstaklega fyrir hvern þessara viðskiptaflokka.

5. Stofnanir mega fastsetja áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafns við núll ef það uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- skuldajöfnunarsafnið er eingöngu samansett af seldum valréttum,
- gildandi markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins er ávallt neikvætt,
- stofnunin hefur fyrirfram tekið við yfirverði allra valréttanna sem eru í skuldajöfnunarsafninu sem tryggingu fyrir því að samningarnir verði haldnir,
- skuldajöfnunarsafnið fellur ekki undir neins konar samkomulag um tryggingarfé.

6. Í skuldajöfnunarsafni skulu stofnanir skipta viðskiptum sem eru endanleg línuleg samsetning af keyptum eða seldum kaup- eða söluréttum út fyrir alla staka valrétti sem mynda þessa línulega samsetningu, sem teknir eru sem stök viðskipti, í þeim tilgangi að reikna út áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafnsins í samræmi við þennan þátt. Fara skal með sérhverja slíka samsetningu af valréttum sem stök viðskipti í skuldajöfnunarsafninu sem samsetningin er felld inn í, í þeim tilgangi að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið.

7. Áhættuskuldbindingarvirði viðskipta með lánaafleiðu sem myndar gnóttstöðu í undirliggjandi gervingi getur að hámarki verið fjárhæð útistandandi ógreiddrar þóknunar að því tilskildu að farið sé með hana sem eigið skuldajöfnunarsafn sem fellur ekki undir samkomulag um tryggingarfé.

275. gr.

Endurnýjunarkostnaður

1. Stofnanir skulu reikna út endurnýjunarkostnaðinn (e. *replacement cost* (RC)) fyrir skuldajöfnunarsöfn sem ekki falla undir samkomulag um tryggingarfé í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\{CMV - NICA, 0\}$$

2. *Stofnanir* skulu reikna út endurnýjunarkostnaðinn fyrir stök skuldajöfnunarsöfn sem ekki falla undir samkomulag um tryggingarfé í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\{CMV - VM - NICA, TH + MTA - NICA, 0\}$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn,

VM = virði hreinnar viðbótartryggingar (e. *variation margin* (VM)) leiðrétt með tilliti til flökts sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, fyrir allt jöfnunarsafnið á reglubundinn hátt til að milda breytingar á gildandi markaðsvirði (e. *Current Market Value* (CMV)) skuldajöfnunarsafnsins,

TH = viðmiðunarmörk tryggingarfjár sem gilda um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé en undir þeim mörkum getur stofnunin ekki farið fram á tryggingu, og

MTA = lágmarksfjárhæð millifærslu (e. *minimum transfer amount* (MTA)) sem gildir um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé.

3. *Stofnanir* skulu reikna út endurnýjunarkostnaðinn fyrir mörg skuldajöfnunarsöfn sem ekki falla undir sama samkomulagið um tryggingarfé í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\left\{\sum_i \max\{CMV_i, 0\} - \max\{VM_{MA} + NICA_{MA}, 0\}, 0\right\} \\ + \max\left\{\sum_i \min\{CMV_i, 0\} - \min\{VM_{MA} + NICA_{MA}, 0\}, 0\right\}$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn,

i = stuðullinn sem tilgreinir skuldajöfnunarsöfn sem falla undir stakt samkomulag um tryggingarfé,

CMV_i = gildandi markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins i,

VM_{MA} = summan af virði tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, fyrir mörg skuldajöfnunarsöfn á reglubundinn hátt til að milda gildandi markaðsvirði þeirra, og

NICA_{MA} = summan af virði tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, fyrir mörg skuldajöfnunarsöfn, önnur en VM_{MA}.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina er heimilt að reikna NICA_{MA} út fyrir einstaka viðskipti, fyrir einstaka skuldajöfnunarsafn eða fyrir öll skuldajöfnunarsöfn sem samkomulagið um tryggingarfé á við um, allt eftir viðmiði samkomulags um tryggingarfé.

276. gr.

Viðurkenning og meðhöndlun tryggingar

1. Að því er varðar þennan þátt skulu útreiknaðar fjárhæðir tryggingar fyrir VM, VM_{MA}, NICA og NICA_M uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- ef öll viðskipti í skuldajöfnunarsafni tilheyra veltubókinni skal eingöngu viðurkenna tryggingu sem er hæf skv. 197. og 299. gr.,
- ef skuldajöfnunarsafn hefur að geyma a.m.k. ein viðskipti sem tilheyra fjárfestingarbók skal eingöngu viðurkenna tryggingu sem er hæf skv. 197. gr,
- trygging sem fengin er frá mótaðila skal vera viðurkennd með jákvæðu formerki og trygging sem lögð er fram gagnvart mótaðila með neikvæðu formerki,
- virði allra tegunda trygginga leiðrétt með tilliti til flökts sem fengnar eru eða lagðar fram skal reiknað út í samræmi við 223. gr., að því er varðar þennan útreikning skulu stofnanir ekki nota aðferðina sem sett er fram í 225. gr.,

- e) sami tryggingarliður skal ekki talinn samtímis með bæði í viðbótartryggingu (VM) og hreinni óháðri tryggingarfjárhæð (NICA),
 - f) sami tryggingarliður skal ekki talinn samtímis með bæði í VM_{MA} og $NICA_{MA}$,
 - g) ekki skal taka neina tryggingu sem lögð er fram gagnvart mótaðilanum sem er aðskilin eignum þess mótaðila, og þar með gjaldþrotsvarin ef sá mótaðili lendir í vanskilum eða verður gjaldþrota, með við útreikninginn á NICA og $NICA_{MA}$.
2. Að því er varðar útreikninginn á virði framlagðrar tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts sem um getur í d-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir láta eftirfarandi formúlu koma í stað þeirrar sem sett er fram í 2. mgr. 223. gr.:

$$C_{VA} = C \cdot (1 + H_C + H_K)$$

þar sem:

C_{VA} = virði framlagðrar tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts, og

C = tryggingin,

H_C og H_K eru skilgreind í samræmi við 2. mgr. 223. gr.

3. Að því er varðar d-lið 1. mgr. skulu stofnanir miða viðeigandi innlausnartímabil vegna útreiknings á virði allra trygginga leiðrétt með tilliti til flökts sem fengnar eru eða lagðar fram í samræmi við eitt af eftirfarandi tímabilum:

- a) eitt ár fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 1. mgr. 275. gr. k,
- b) áhættutímabil tryggingarfjár sem ákvarðað er í samræmi við b-lið 1. mgr. 279. gr. c fyrir þau skuldajöfnunarsöfn sem um getur í 2. og 3. mgr. 275. gr.

277. gr.

Tenging viðskipta við áhættuflokka

1. Stofnanir skulu tengja sérhver viðskipti skuldajöfnunarsafns við eftirfarandi áhættuflokka til að ákvarða mögulega framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafnsins sem um getur í 278. gr.:

- a) vaxtaáhættu,
- b) gjaldmiðlaáhættu,
- c) útlánaáhættu,
- d) hlutabréfaáhættu,
- e) hrávöruáhættu,
- f) aðra áhættuþætti.

2. Stofnanir skulu framkvæma tenginguna sem um getur í 1. mgr. á grundvelli helsta áhættuþáttar afleiðusamnings. Helsti áhættuþáttur skal vera eini mikilvægi áhættuþáttur afleiðusamnings.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu stofnanir tengja afleiðuviðskipti sem hafa fleiri en einn mikilvægan áhættuþátt við fleiri en einn áhættuflokk. Ef allir mikilvægir áhættuþættir í einum þessara viðskipta tilheyra sama áhættuflokki þurfa stofnanir eingöngu að tengja þau viðskipti einu sinni við þann áhættuflokk á grundvelli þess áhættuþáttar sem er mikilvægastur. Ef mikilvægir áhættuþættir í einum þessara viðskipta tilheyra mismunandi áhættuflokkum skulu stofnanir tengja þau viðskipti einu sinni við hvern áhættuflokk þar sem viðskiptin hafa a.m.k. einn mikilvægan áhættuþátt á grundvelli mikilvægustu áhættuþáttanna í þeim áhættuflokki.

4. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. skulu stofnanir hlíta eftirfarandi kröfum þegar þær tengja viðskipti við þá áhættuflokka sem tilgreindir eru í 1. mgr.:

- a) ef helsti áhættuþáttur viðskipta, eða mikilvægasti áhættuþáttur í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. er verðbólgebreyta, skulu stofnanir tengja viðskiptin við vaxtaáhættuflokkinn,
- b) ef helsti áhættuþáttur viðskipta, eða mikilvægasti áhættuþáttur í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. er loftlagsbreyta, skulu stofnanir tengja viðskiptin við hrávöruáhættuflokkinn.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) aðferðina til að bera kennsl á viðskipti með aðeins einn mikilvægan áhættuþátt,
- b) aðferðina til að bera kennsl á viðskipti með fleiri en einn mikilvægan áhættuþátt og til að bera kennsl á mikilvægasta áhættuþátt með tilliti til 3. mgr.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

277. gr. a

Áhættuvarnarsöfn

1. Stofnanir skulu koma á áhættuvarnarsöfnum fyrir hvern áhættuflokk skuldajöfnunarsafns og skipa hverjum viðskiptum í þessi áhættuvarnarsöfn sem hér segir:

- a) viðskiptum sem tengd eru við vaxtaáhættuflokk skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhættuþáttur þeirra, eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er gefinn upp í sama gjaldmiðli,
- b) viðskiptum sem tengd eru við gjaldmiðlaáhættuflokk skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhættuþáttur þeirra, eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er grundvallaður á sama gjaldmiðlapari,
- c) öllum viðskiptum sem tengd eru við útlánaáhættuflokk skal skipað í sama áhættuvarnarsafnið,
- d) öllum viðskiptum sem tengd eru við hlutabréfaáhættuflokk skal skipað í sama áhættuvarnarsafnið,
- e) viðskiptum sem tengd eru við hrávöruáhættuflokk skal eingöngu skipað í eitt af eftirfarandi áhættuvarnarsöfnum, á grundvelli eðlis helsta áhrifaþátta áhættu þeirra, eða mikilvægasta áhrifaþátta í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., sem eru:
 - i. orka,
 - ii. málmar,
 - iii. landbúnaðarvörur,
 - iv. aðrar hrávörur,
 - v. loftslagsskilyrði,
- f) viðskiptum sem tengd eru við aðra áhættuflokka skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhrifaþáttur áhættu þeirra, eða mikilvægasti áhrifaþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er eins.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal viðskiptum, sem tengd eru við vaxta-áhættuflokk sem hefur verðbólgebreytu sem helsta áhættuþátt, skipað í aðgreind áhættuvarnarsöfn önnur en þau áhættuvarnarsöfn sem komið er á fyrir viðskipti sem tengd eru við vaxtaáhættuflokka sem ekki hefur verðbólgebreytu sem helsta áhættuþátt. Þessum viðskiptum skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhrifaþáttur áhættu þeirra, eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er gefinn upp í sama gjaldmiðli.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir koma á aðgreindum stökum áhættuvarnarsöfnum í hverjum áhættuflokki fyrir eftirfarandi viðskipti:

- a) viðskipti þar sem helsti áhættuþáttur eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr. er annaðhvort afleitt flökt markaðar eða raunverulegt flökt áhættuþátta eða samsvörun milli tveggja áhættuþátta,
- b) viðskipti þar sem helsti áhættuþáttur eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr. er mismunurinn á tveimur áhættuþáttum sem tengdir eru sama áhættuflokki eða viðskipti sem samanstanda af tveimur greiðsluleggjum sem gefnir eru upp í sama gjaldmiðli og þar sem áhættuþáttur fyrir sama áhættuflokk helsta áhættuþátta er í öðrum greiðsluleggjum en þeim sem inniheldur áhættuþátt.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu stofnanir eingöngu skipa viðskiptum í sama áhættuvarnarsafni fyrir viðkomandi áhættuflokk þegar helsti áhættuþáttur þeirra, eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., eru eins.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skulu stofnanir eingöngu skipa viðskiptum í sama áhættuvarnarsafni viðkomandi áhættuflokks þegar þar áhrifaþátta áhættu í þessum viðskiptum eins og þar um getur er eins og jákvæð samsvörun er milli áhættuþátta tveggja í þessu pari. Annars skulu stofnanir skipa

viðskiptum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar í eitt áhættuvarnarsafnanna sem komið er á í samræmi við 1. mgr. á grundvelli eins af þeim tveimur áhættuþáttum áhættu sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar.

3. Að beiðni lögbærra yfirvalda skulu stofnanir gefa upp fjölda þeirra áhættuvarnarsafna sem komið er á í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar fyrir hvern áhættuflokk, með helstu áhættuþáttum eða mikilvægustu áhættuþáttunum í tilteknum áhættuflokki vegna viðskipta sem um getur í 3. mgr. 277. gr. eða þörum áhrifaþátta áhættu fyrir hvert þessara áhættuvarnarsafna ásamt fjölda viðskipta í hverju þeirra.

278. gr.

Möguleg framtíðaráhætta

1. Stofnanir skulu reikna út mögulega framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$PFE = \text{margfaldari} \cdot \sum_a \text{AddOn}^{(a)}$$

þar sem:

PFE = möguleg framtíðaráhætta (e. *potential future exposure* (PTF)).

a = stuðullinn sem tilgreinir áhættuflokkinn í útreikningnum á mögulegri framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafns,

AddOn^(a) = viðbótin fyrir áhættuflokk sem reiknuð er í samræmi við 280. gr. a til f, eftir því sem við á, og

margfaldari = margföldunarstuðullinn sem reiknaður er í samræmi við formúluna sem um getur í 3. mgr.

Að því er varðar þennan útreikning skulu stofnanir taka viðbót tiltekins áhættuflokks með inn í útreikninginn á mögulegri framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafns þar sem a.m.k. ein viðskipti skuldajöfnunarsafnsins hafa verið tengd við þann áhættuflokk.

2. Möguleg framtíðaráhætta af mörgum skuldajöfnunarsöfnum sem falla undir eitt samkomulag um tryggingarfé, eins og um getur í 3. mgr. 275. gr. skal reiknuð sem summa mögulegrar framtíðaráhættu allra einstakra skuldajöfnunarsafna eins og þau heyrðu ekki undir neins konar samkomulag um tryggingarfé.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal reikna margfaldarann út á eftirfarandi hátt:

$$\text{margfaldari} = \begin{cases} 1 & \text{if } z \geq 0 \\ \min \left\{ 1, \text{Floor}_m + (1 - \text{Floor}_m) \cdot \exp \left(\frac{z}{y} \right) \right\} & \text{if } z < 0 \end{cases}$$

þar sem:

Floor_m = 5%;

y = 2 · (1 - Floor_m) · Σ_aAddOn^(a)

z = $\begin{cases} \text{CMV} - \text{NICA} & \text{fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 1. mgr. 275. gr.} \\ \text{CMV} - \text{VM} - \text{NICA} & \text{fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 2. mgr. 275. gr.} \\ \text{CMV}_i - \text{NICA}_i & \text{fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 3. mgr. 275. gr.} \end{cases}$

NICA_i = hrein óháð tryggingarfjárhæð sem eingöngu er reiknuð fyrir viðskipti sem er að finna í skuldajöfnunarsafni i. NICA skal reiknuð út fyrir einstök viðskipti fyrir einstaka skuldajöfnunarsafn, allt eftir samkomulaginu um tryggingarfé.

279. gr.

Útreikningur á stöðuáhættu

Að því er varðar útreikninginn á viðbótum fyrir áhættuflokk sem um getur í 280. gr. a til f skulu stofnanir reikna út stöðuáhættu fyrir hver viðskipti skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{Stöðuáhætta} = \delta \cdot \text{AdjNot} \cdot \text{MF}$$

þar sem:

δ = eftirlitsdeltastuðull viðskiptanna reiknaður í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í 279. gr. a,

AdjNot = leiðrétt grundvallarfjárhæð viðskiptanna reiknuð í samræmi við 279. gr. b.

MF = binditímastuðull viðskiptanna reiknaður í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í 279. gr. c.

279. gr. a

Deltastuðull eftirlits

1. Stofnanir skulu reikna út deltastuðul eftirlits sem hér segir:

- a) að því er varðar kaup- og sölurétti sem veita kaupanda rétt til að velja að kaupa eða selja undirliggjandi gerning á jákvæðu verði á einni dagsetningu eða mörgum dagsetningum í framtíðinni, nema þegar þessir valréttir eru tengdir við vaxtaáhættuflokk, skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$\delta = \text{sign} \cdot N \left(\text{type} \cdot \frac{\ln(P/K) + 0,5 \cdot \sigma^2 \cdot T}{\sigma \cdot \sqrt{T}} \right)$$

þar sem:

δ = deltastuðull eftirlits,

formerki = - 1 þegar viðskiptin eru sölu-eða kaupréttur eða keyptur söluréttur,

formerki = + 1 þegar viðskiptin eru keyptur kaupréttur eða seldur söluréttur,

tegund = - 1 þegar viðskiptin eru söluréttur,

tegund = + 1 þegar viðskiptin eru kaupréttur,

$N(x)$ = dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu sem þýðir að líkur séu á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi núll og dreifnifervik 1 sé minni en eða jöfn og x ,

P = stundargengi eða framvirkt gengi undirliggjandi gernings valréttarins; að því er varðar valrétti með sjóðstreymi sem er háð meðalvirði undirliggjandi gernings, P skal vera jafnt og meðalvirðið á útreikningardeginum,

K = lausnarverð valréttarins.

T = tímabilið milli lokadagsetningar valréttarins (T_{exp}) og reikningsskiladagsins; að því er varðar valrétti sem eingöngu er hægt að nýta á einni framtíðardagsetningu er T_{exp} sá dagur; að því er varðar valrétti sem hægt er að nýta á mörgum framtíðardagsetningum er T_{exp} sú sem síðust er; T skal tilgreint í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu, og

σ = eftirlit með flökti valréttarins sem ákvarðað er í samræmi við töflu 1 á grundvelli áhættuflokks viðskiptanna og eiginleika undirliggjandi gernings valréttarins.

Tafla 1

Áhættuflokkur	Undirliggjandi gerningur	Flökteftirlit
Erlendur gjaldmiðill	Allt	15%
Lán	Gerningur undir einu nafni	100%,
	Gerningur gagnvart mörgum aðilum	80%
Hlutabréf	Gerningur undir einu nafni	120%

Áhættuflokkur	Undirliggjandi gerningur	Flökтеftirlit
	Gerningur gagnvart mörgum aðilum	75%
Hrávörur	Raforka	150%
	Önnur hrávara (að undanskilinni raforku)	70%
Annað	Allt	150%

Stofnanir sem nota framvirkt verð undirliggjandi gernings valréttu skulu tryggja að:

- i. framvirkt verð er í samræmi við eiginleika valréttarins,
 - ii. framvirkt verð er reiknað með því að nota viðeigandi vaxtastig sem er í gildi á reikningsskiladegi,
 - iii. framvirkt verð samþættir vænt sjóðstreymi undirliggjandi gernings áður en valrétturinn rennur út,
- b) að því er varðar hluta gerviverðbréfunar og lánaafleiðu sem byggist á n-ta vanskilaaðila skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$\delta = \text{sign} \cdot \frac{15}{(1 + 14 \cdot A) \cdot (1 + 14 \cdot D)}$$

þar sem:

$$\text{formerki} = \begin{cases} + 1 \text{ þegar útlánvörmin hefur verið fengin í gegnum viðskiptin} \\ - 1 \text{ þegar útlánvörmin hefur verið veitt í gegnum viðskiptin} \end{cases}$$

A = tengipunktur hlutans; fyrir lánaafleiðu sem byggist á n-ta vanskilaaðila grundvallað á viðmiðunaraðilum k, $A = (n - 1)/k$, og

D = aftengipunktur hlutans; fyrir lánaafleiðu sem byggist á n-ta vanskilaaðila grundvallað á viðmiðunaraðilum k, $D = n/k$,

- c) að því er varðar viðskipti sem ekki er getið um í a- eða b-lið skulu stofnanir nota eftirfarandi delta-stuðul eftirlits:

$$\delta = \begin{cases} + 1 \text{ ef viðskiptin eru gnóttstaða í helsta áhættuþætti eða mikilvægasta áhættuþætti í tilteknum áhættuflokki} \\ - 1 \text{ ef viðskiptin eru skortstaða í helsta áhættuþætti eða mikilvægasta áhættuþætti í tilteknum áhættuflokki} \end{cases}$$

2. Að því er varðar þennan þátt merkir gnóttstaða í helsta áhættuþætti eða í mikilvægasta áhættuþættinum í tilteknum áhættuflokki vegna viðskipta sem um getur í 3. mgr. 277. gr. að markaðsvirði viðskiptanna eykst þegar virði þessa áhættuþáttar eykst og skortstaða í helsta áhættuþætti eða í mikilvægasta áhættuþættinum í tilteknum áhættuflokki vegna viðskiptanna sem um getur í 3. mgr. 277. gr. merkir að markaðsvirði viðskiptanna minnkar þegar virði þessa áhættuþáttar eykst.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) í samræmi við þróun alþjóðareglna skal formúlan sem stofnanir eiga að nota til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk sem samrýmist markaðs-aðstæðum þar sem vextir kunna að vera neikvæðir sem og eftirlitsflöktið sem hæfir slíkri formúlu,
- b) aðferðin til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhættuþætti eða í mikilvægasta áhættuþættinum í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

279. gr. b

Aðlöguð grundvallarfjárhæð

1. Stofnanir skulu reikna út aðlagðar grundvallarfjárhæðir sem hér segir:

- a) að því er varðar viðskipti sem tengd eru við vaxtaáhættuflokk eða útlánaáhættuflokk skulu stofnanir reikna aðlöguðu grundvallarfjárhæðina sem margfeldið af grundvallarfjárhæð afleiðusamningsins og rauntímastuðli eftirlitsins sem skal reiknað sem hér segir:

$$\text{rauntímastuðull eftirlitsins} = \frac{\exp(-R \cdot S) - \exp(-R \cdot E)}{R \cdot E} ; 10/\text{EittRekstrarár}$$

$$\max \left\{ \frac{\quad}{R} \right\}$$

þar sem:

R = afvöxtunarstuðull eftirlits; R = 5%;

S = tímabilið milli upphafsdags viðskiptanna og reikningsskiladagsins sem skal tilgreint í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu

E = tímabilið milli lokadags viðskiptanna og reikningsskiladagsins sem skal tilgreint í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu; og rekstrarár = eitt ár tilgreint í viðskiptadögum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu.

Upphafsdagur viðskipta er fyrsta dagsetningin þegar a.m.k. ein samningsbundin greiðsla innan ramma viðskiptanna, til eða frá stofnuninni, er annaðhvort fastsett eða henni skipt, nema þegar um er að ræða greiðslur sem varða skipti á tryggingum í samkomulagi um tryggingarfé. Hafi viðskiptin þegar verið fastsett eða greiðslur framkvæmdar á reikningsskiladegi skal upphafsdagur viðskiptanna vera jafnt og 0.

Feli viðskiptin í sér eina eða fleiri samningsbundnar dagsetningar í framtíðinni þar sem stofnunin eða mótaðilinn getur bundið enda á viðskiptin áður en samningsbundnum binditíma þeirra lýkur skal upphafsdagur viðskiptanna vera sá fyrsti af eftirfarandi dögum:

- i. dagurinn eða fyrsti dagurinn af mörgum dögum í framtíðinni þar sem stofnunin eða mótaðilinn getur ákveðið að binda enda á viðskiptin áður en samningsbundinn binditími þeirra rennur út,
- ii. dagurinn þegar viðskiptin byrja að fastsetja eða framkvæma greiðslur, nema þegar um er að ræða greiðslur sem varða skipti á tryggingum í samkomulagi um tryggingarfé.

Ef viðskiptin hafa fjármálagerning sem undirliggjandi gerning sem getur gefið tilefni til samningsskyldna til viðbótar þeim sem eru í viðskiptunum skal upphafsdagurinn ákvarðaður á grundvelli fyrsta dagsins þegar undirliggjandi gerningur byrjar að fastsetja eða framkvæma greiðslur.

Lokadagsetning viðskipta er síðasti dagurinn þegar samningsbundinni greiðslu innan ramma viðskiptanna, til eða frá stofnuninni, er eða getur verið skipt.

Ef viðskiptin hafa fjármálagerning sem undirliggjandi gerning sem getur gefið tilefni til samningsskyldna til viðbótar þeim sem eru í viðskiptunum skal lokadagurinn ákvarðaður á grundvelli síðustu samningsbundnu greiðslu í undirliggjandi gerningi viðskiptanna.

Þegar viðskipti eru gerð til að gera upp útistandandi áhættuskuldbindingu eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði viðskiptanna verður núll á þessum tilteknu dögum telst uppgjör útistandandi áhættuskuldbindingar á þessum dögum vera samningsbundin greiðsla innan ramma sömu viðskipta.

- b) Að því er varðar viðskipti sem tengd eru við gjaldmiðlaáhættuflokkinn skulu stofnanir reikna aðlöguðu grundvallarfjárhæðina sem hér segir:
- i. ef viðskiptin samanstanda af einum greiðslulegg skal aðlöguð grundvallarfjárhæð vera grundvallarfjárhæð afleidda samningsins,

- ii. ef viðskiptin samanstanda af tveimur greiðsluleggjum og grundvallarfjárhæð annars þeirra er tilgreind í uppgjörsgjaldmiðli stofnunarinnar skal aðlagða grundvallarfjárhæðin vera grundvallarfjárhæðin í hinum greiðsluleggjum.
 - iii. ef viðskiptin samanstanda af tveimur greiðsluleggjum og grundvallarfjárhæð annars þeirra er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en uppgjörsgjaldmiðli stofnunarinnar skal aðlagða grundvallarfjárhæðin vera stærsta grundvallarfjárhæðin í greiðsluleggjunum tveimur eftir að þessum fjárhæðum hefur verið breytt í uppgjörsgjaldmiðil stofnunarinnar á gildandi stundargengi,
- c) að því er varðar viðskipti sem tengd eru við hlutabréfaáhættuflokk eða hrávöruáhættuflokk skulu stofnanir reikna aðlöguðu grundvallarfjárhæðina sem margfeldi af markaðsvirði eins hlutdeildarskírteinis í undirliggjandi gerningi viðskiptanna og fjölda hlutdeildarskírteina í undirliggjandi gerning sem viðskiptin vísa til,
- þegar viðskipti sem tengd eru við hlutabréfaáhættu eða hrávöruáhættuflokk eru samkvæmt samningi tilgreind sem grundvallarfjárhæð skal nota grundvallarfjárhæð viðskiptanna fremur en fjölda eininga í undirliggjandi gerningi sem aðlöguðu fjárhæðina,
- d) að því er varðar viðskipti sem tengd eru við aðra áhættuflokka skulu stofnanir reikna út aðlöguðu fjárhæðina á grundvelli heppilegustu aðferðarinnar af þeim aðferðum sem settar eru fram í a-, b- og c-lið, allt eftir eðli og eiginleikum undirliggjandi gernings viðskiptanna.
2. Stofnanir skulu ákvarða grundvallarfjárhæðina eða fjölda hlutdeildarskírteina undirliggjandi gernings í þeim tilgangi að reikna út aðlöguðu grundvallarfjárhæð viðskiptanna sem um getur í 1. mgr. sem hér segir:
- a) þegar grundvallarfjárhæðin eða fjöldi hlutdeildarskírteinanna í undirliggjandi samningi viðskipta er ekki fastsettur þar til samningsbundinn binditími hans rennur út:
 - i. að því er varðar löggengar (e. *deterministic*) grundvallarfjárhæðir og fjölda hlutdeildarskírteina undirliggjandi gernings skal grundvallarfjárhæðin vera vegið meðaltal allra löggengra verðgilda grundvallarfjárhæðanna eða fjölda hlutdeildarskírteinanna, eftir því sem við á, fram að samningsbundnum gjalddaga viðskiptanna ef vogirnar eru hlutfall af þeim tíma sem hvert verðgildi grundvallarfjárhæðarinnar á við um,
 - ii. að því er varðar slembnar (e. *stochastic*) grundvallarfjárhæðir og fjölda hlutdeildarskírteina í undirliggjandi gerningi skal grundvallarfjárhæðin vera sú fjárhæð sem ákvörðuð er með því að fastsetja gildandi markaðsvirði innan formúlunnar til að reikna út markaðsvirði í framtíðinni,
 - b) að því er varðar samninga sem fela það í sér að grundvallarfjárhæð er skipt margsinnis skal margfalda grundvallarfjárhæðina með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum,
 - c) að því er varðar samninga sem kveða á um margföldun á sjóðstreymisgreiðslunum eða margföldun á því sem er undirliggjandi afleiðusamningnum verður stofnunin að aðlaga grundvallarfjárhæðina svo tekið sé tillit til áhrifa margföldunarinnar á áhættusamsetningu þessara samninga.
3. Stofnanir skulu umreikna aðlagða grundvallarfjárhæð viðskipta yfir í reikningsskilagjaldmiðil á gildandi stundargengi þegar aðlagða grundvallarfjárhæðin er reiknuð út samkvæmt þessari grein út frá samningsbundinni grundvallarfjárhæð eða markaðsvirði fjölda hlutdeildarskírteinanna í undirliggjandi gerningi sem tilgreint er í öðrum gjaldmiðli.

279. gr. c

Binditímastuðull

1. Stofnanir skulu reikna binditímastuðul sinn sem hér segir:

- a) að því er varðar stofnanir sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 1. mgr. 275. gr. skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$MF = \sqrt{\min\{\max\{M, 10 / EittRekstrarár\}, 1\}}$$

þar sem:

MF = binditímastuðull,

M = eftirstandandi binditími viðskiptanna sem er jafn þeim tíma sem þarf til lúknningar á öllum samningsskyldum viðskiptanna; í þeim tilgangi skal verð valréttar í afleiðusamningi talið vera samningsskylda; eftirstandandi binditíminn skal tilgreindur í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu,

hafi viðskipti annan afleiðusamning sem undirliggjandi gerning sem kann að leiða til viðbótarsamningsskyldna umfram þær sem eru í viðskiptunum skal eftirstandandi binditími viðskiptanna vera jafn þeim tíma sem þarf til lúkningar á öllum samningsskyldum viðskiptanna í undirliggjandi samningi,

að því er varðar viðskipti sem gerð eru til að gera upp áhættuskuldbindingu sem er útistandandi eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði viðskiptanna verður núll á þessum tilteknu dögum skal eftirstandandi binditími viðskiptanna vera jafnlangt tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi og

OneBusinessYear = eitt ár tilgreint í viðskiptadögum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu,

- b) að því er varðar viðskipti sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 2. og 3. mgr. 275. gr. er binditímastuðullinn skilgreindur sem:

$$MF = \frac{3}{2} \sqrt{\frac{MPOR}{\text{EittRekstrarár}}}$$

þar sem:

MF = binditímastuðull,

MPOR = áhættutímabil tryggingarfjár (e. *margin period of risk*) vegna skuldajöfnunarsafnsins sem ákvarðað er í samræmi við 2. til 5. mgr. 285. gr., og

OneBusinessYear = eitt ár tilgreint í viðskiptadögum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu.

Þegar áhættutímabil tryggingarfjár er ákvarðað vegna viðskipta milli viðskiptavinar og greiðslujöfnunaraðila skal stofnun sem aðhefst annaðhvort sem viðskiptavinur eða stöðustofnunaraðili láta fimm viðskiptadaga koma í stað lágmarkstímans sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 285. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal eftirstandandi binditími vera jafn tímanum fram að næsta endurskoðunardegi vegna viðskipta sem gerð eru til að gera upp áhættuskuldbindingu sem er útistandandi eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálarnir eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins sé núll á þessum tilteknu greiðsludögum.

280. gr.

Eftirlitsreikningsstuðull fyrir áhættuvarnarsafn

Að því er varðar útreikning á viðbótinni fyrir áhættuvarnarsafn eins og um getur í 280. gr. a til 280. gr. f skal eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafn ϵ vera sem hér segir:

$$\epsilon = \begin{cases} 1 & \text{fyrir áhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við 1. mgr. 277. gr. a} \\ 5 & \text{fyrir áhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við a-lið 2. mgr. 277. gr. a} \\ 0,5 & \text{fyrir áhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við b-lið 2. mgr. 277. gr. a} \end{cases}$$

280. gr. a

Viðbót fyrir vaxtaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir vaxtaáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{IR}} = \sum_j \text{AddOn}_j^{\text{IR}}$$

þar sem:

AddOn^{IR} = viðbótin fyrir vaxtaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir öll vaxtaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við a-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_j^{\text{IR}}$ = viðbótin fyrir vaxtaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir vaxtaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{IR}} = \epsilon_j \cdot \text{SF}^{\text{IR}} \cdot \text{EffNot}_j^{\text{IR}}$$

þar sem:

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við gildandi virði sem tilgreint er í 280. gr.,

SF^{IR} = eftirlitsstuðullinn (e. *supervisory factor*) fyrir vaxtaáhættuflokk með virði sem jafngildir 0,5%, og

$\text{EffNot}_j^{\text{IR}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j reiknuð í samræmi við 3. mgr.

3. Til að reikna út raunverulega grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j skulu stofnanir fyrst tengja hver viðskipti áhættuvarnarsafnsins við viðeigandi undirflokk í töflu 2. Þau skulu gera það á grundvelli lokadagsetningar hverra viðskipta eins og ákvarðað er í a-lið 1. mgr. 279. gr. b.

Tafla 2

Undirflokkur	Lokadagsetning (í árum)
1	> 0 og ≤ 1
2	> 1 og ≤ 5
3	≥ 5

Stofnanir skulu síðan reikna raunverulega grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{EffNot}_j^{\text{IR}} = \sqrt{[(D_{j,1})^2 + (D_{j,2})^2 + (D_{j,3})^2 + 1,4 \cdot D_{j,1} \cdot D_{j,2} + 1,4 \cdot D_{j,2} \cdot D_{j,3} + 0,6 \cdot D_{j,1} \cdot D_{j,3}]}$$

þar sem:

$\text{EffNot}_j^{\text{IR}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j , og

$D_{j,k}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð í undirflokki k fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð sem hér segir:

$$D_{j,k} = \sum_{l \in \text{Flokkur } k} \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

280. gr. b

Viðbót fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{FX}} = \sum_j \text{AddOn}_j^{\text{FX}}$$

þar sem:

AddOn^{FX} = viðbótin fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir gjaldmiðlaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við b-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$AddOn_j^{FX}$ = viðbótin fyrir vaxtaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$AddOn_j^{FX} = \epsilon_j \cdot SF^{FX} \cdot |EffNot_j^{FX}|$$

þar sem:

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,

SF^{FX} = eftirlitsstuðullinn (e. *supervisory factor*) fyrir gjaldmiðlaáhættuflokk með virði sem jafngildir 4%,

$EffNot_j^{FX}$ = raunverulega grundvallarfjárhæðin fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð sem hér segir:

$$EffNot_j^{FX} = \sum_{l \in \text{Áhættuvarnarsafn } j} \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

280. gr. c

Viðbót fyrir útlánaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 2. mgr. skulu stofnanir koma á viðeigandi viðmiðunaraðilum fyrir skuldajöfnunarsafnið í samræmi við eftirfarandi:

- einn viðmiðunaraðili að því er varðar útlán skal vera fyrir hvern útgefenda viðmiðunarskuldagernings sem liggur til grundvallar viðskiptum eins aðila sem raðað er í útlánaáhættuflokkinn; viðskiptum eins aðila skal aðeins úthluta sama tilgreinda aðilanum þegar undirliggjandi viðmiðunarskuldagerningur þessara viðskipta er gefinn út af saman útgefanda.
- einn viðmiðunaraðili að því er varðar útlán skal vera fyrir hvern hóp viðmiðunarskuldagerninga eða lánaafleiðna eins aðila sem liggja til grundvallar viðskiptum margra aðila sem raðað er í útlánaáhættuflokkinn; viðskiptum margra aðila skal aðeins úthluta sama viðmiðunaraðilanum þegar hópur undirliggjandi viðmiðunarskuldagerninga eða lánaafleiðna eins aðila þessara viðskipta hefur sömu einstöku hlutana.

2. Að því er varðar 278. gr. skal stofnun reikna út viðbótina fyrir útlánaáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$AddOn^{Credit} = \sum_j AddOn_j^{Credit}$$

þar sem:

$AddOn^{Credit}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir öll útlánaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við c-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$AddOn_j^{Credit}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 3. mgr.

3. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$AddOn_j^{Credit} = \epsilon_j \sqrt{\left(\sum_k \rho_k^{Credit} \cdot AddOn(Entropy_k) \right)^2 + \sum_k \left(1 - (\rho_k^{Credit})^2 \right) \cdot (AddOn(Entropy_k))^2}$$

þar sem:

$AddOn_j^{Credit}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ,

- c_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,
- k = stuðullinn sem tilgreinir viðmiðunaraðilana fyrir útlán vegna skuldajöfnunarsafns sem komið er á í samræmi við 1. mgr.
- ρ_k^{Credit} = fylgnistuðull útlánviðmiðunaraðila k ; þar sem útlánviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við a-lið 1. mgr., $\rho_k^{\text{Credit}} = 50\%$, þar sem útlánviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við b-lið 1. mgr., $\rho_k^{\text{Credit}} = 80\%$, og

$\text{AddOn}(\text{Entity}_k)$ = viðbótin fyrir útlánviðmiðunaraðila k sem ákvörðuð er í samræmi við 4. mgr.

4. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir útlánviðmiðunaraðilann k sem hér segir:

$$\text{AddOn}(\text{Entity}_k) = \text{EffNot}_k^{\text{Credit}}$$

þar sem:

$\text{EffNot}_k^{\text{Credit}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð útlánviðmiðunaraðila k reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_k^{\text{Credit}} = \sum_{l \in \text{Viðmiðunaraðili } k} \text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}} \cdot \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna, og

$\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}}$ = eftirlitsstuðullinn sem gildir um útlánviðmiðunaraðilann k sem ákvörðuð er í

5. Stofnanir skulu reikna eftirlitsstuðulinn sem gildir um útlánviðmiðunaraðilann k sem hér segir:

- a) að því er varðar útlánviðmiðunaraðilann k sem komið er á í samræmi við a-lið 1. mgr. $\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}}$ skal tengja við einn af þeim sex eftirlitsstuðlum sem settir eru fram í töflu 3 í þessari málsgrein á grundvelli lánshæfismats frá þriðja aðila hjá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki samsvarandi stökum útgefanda; að því er varðar stakan útgefanda þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er ekki aðgengilegt:
- skal stofnun sem notar nálgunina sem um getur í 3. kafla tengja innra mat staks útgefanda við eitt af utanaðkomandi lánshæfismötum,
 - skal stofnun sem notar nálgunina sem um getur í 2. kafla úthluta þessum útlánviðmiðunaraðila $\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}} = 0,54\%$; hins vegar ef stofnun beitir 128. gr. til að áhættuvega áhættuskuldbindingar útlánaáhættu mótaðila vegna þess einstaka útgefanda skal úthluta þessum útlánviðmiðunaraðila $\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}} = 1,6\%$,
- b) að því er varðar útlánviðmiðunaraðila k sem komið er á í samræmi við b-lið 1. mgr.;
- ef stöðuáhætta l sem er úthlutað útlánviðmiðunaraðilanum k er lánskjaravísitala sem er skráð í viðurkenndri kauphöll skal tengja $\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}}$ við einn af þeim tveimur eftirlitsstuðlum sem settir eru fram í töflu 4 í þessari málsgrein á grundvelli lánshæfis stærsta hlutans af einstökum hlutum,
 - ef stöðuáhætta l sem er úthlutað útlánviðmiðunaraðilanum k er ekki tiltekin í i-lið þessa liðar skal $\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}}$ vera vegið meðaltal eftirlitsstuðlanna sem tengdir eru hverjum hluta í samræmi við aðferðina sem sett er fram í a-lið þegar vogirnar eru skilgreindar með hlutfalli grundvallarvirði hlutanna í þeirri stöðu.

Tafla 3

Lánshæfisþrep	Eftirlitsstuðull fyrir viðskipti eins aðila
1	0,38%
2	0,42%
3	0,54%
4	1,06%

Lánshæfisþrep	Eftirlitsstuðull fyrir viðskipti eins aðila
5	1,6%
6	6,0%

Tafla 4

Ráðandi lánshæfi	Eftirlitsstuðull fyrir skráðar vísitölur
Fjárfestingarflokkur	0,38%
Ekki fjárfestingarflokkur	1,06%

280. gr. d

Viðbót fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 2. mgr. skulu stofnanir koma á viðeigandi tilgreindum hlutabréfaviðmiðunaraðilum fyrir skuldajöfnunarsafnið í samræmi við eftirfarandi:

- einn tilgreindur viðmiðunaraðili að því er varðar hlutabréf skal vera fyrir hvern útgefanda viðmiðunarhlutabréfagernings sem liggur til grundvallar viðskiptum eins aðila sem raðað er í hlutabréfaáhættuflokkinn; viðskiptum eins aðila skal aðeins úthlutað sama hlutabréfaviðmiðunaraðilanum þegar undirliggjandi viðmiðunarhlutabréfagerningur þessara viðskipta er gefinn út af sama útgefanda,
- einn tilgreindur viðmiðunaraðili að því er varðar hlutabréf skal vera fyrir hvern hóp viðmiðunarhlutabréfagerninga eða hlutabréfaafleiðna eins aðila sem liggja til grundvallar viðskiptum margra aðila sem raðað er í hlutabréfaáhættuflokkinn; viðskiptum margra aðila skal aðeins úthluta sama hlutabréfaviðmiðunaraðilanum þegar hópur undirliggjandi viðmiðunarhlutabréfagerninga eða hlutabréfaafleiðna eins aðila þessara viðskipta hefur sömu einstöku hlutana.

2. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir tiltekið skuldajöfnunarsafna sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{Equity}} = \sum_j \text{AddOn}_j^{\text{Equity}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}^{\text{Equity}}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir öll hlutabréfaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við d-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_j^{\text{Equity}}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 3. mgr.

3. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{Equity}} = \epsilon_j \sqrt{\left(\sum_k \rho_k^{\text{Equity}} \cdot \text{AddOn}(\text{Entity}_k) \right)^2 + \sum_k \left(1 - (\rho_k^{\text{Equity}})^2 \right) \cdot (\text{AddOn}(\text{Entity}_k))^2}$$

þar sem:

$\text{AddOn}_j^{\text{Equity}}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ,

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,

k = stuðullinn sem tilgreinir hlutabréfaviðmiðunaraðilana vegna skuldajöfnunarsafns sem komið er á í samræmi við 1. mgr.

ρ_k^{Equity} = fylgnistuðull hlutabréfaviðmiðunaraðila k ; þar sem hlutabréfaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við a-lið 1. mgr., $\rho_k^{\text{Equity}} = 50\%$, þar sem

hlutabréfaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við b-lið 1. mgr. $\rho_k^{\text{Equity}} = 80\%$, og

$\text{AddOn}(\text{Entity}_k) =$ viðbótin fyrir hlutabréfaviðmiðunaraðila k sem ákvörðuð er í samræmi við 4. mgr.

4. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hlutabréfaviðmiðunaraðilann k sem hér segir:

$$\text{AddOn}(\text{Entity}_k) = \text{SK}_k^{\text{Equity}} \cdot \text{EffNot}_k^{\text{Equity}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}(\text{Entity}_k) =$ viðbótin fyrir hlutabréfaviðmiðunaraðila k,

$\text{SF}_k^{\text{Equity}}$ = eftirlitsstuðull sem gildir um hlutabréfaviðmiðunaraðila k; þar sem hlutabréfaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við a-lið 1. mgr., $\text{SF}_k^{\text{Equity}} = 32\%$, þar sem hlutabréfaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við b-lið 1. mgr. $\text{SF}_k^{\text{Equity}} = 20\%$, og

$\text{EffNot}_k^{\text{Equity}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð hlutabréfaviðmiðunaraðila k reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_k^{\text{Equity}} = \sum_{l \in \text{Hlutabréfaviðmiðunaraðili } k} \text{Stöðuáætta}_l$$

þar sem:

$l =$ stuðullinn sem tilgreinir stöðuáættuna.

280. gr. e

Viðbót fyrir hrávöruáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir hrávöruáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{Com}} = \sum_i \text{AddOn}_j^{\text{Com}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}^{\text{Com}} =$ viðbót fyrir hrávöruáhættuflokkinn,

$j =$ stuðullinn sem tilgreinir hrávöruáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við e-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_j^{\text{Com}} =$ viðbótin fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 4. mgr.

2. Að því er varðar útreikning á viðbótinni fyrir hrávöruáhættuvarnarsafn tiltekins skuldajöfnunarsafns í samræmi við 4. mgr. skulu stofnanir koma á viðeigandi tegundum hrávöruviðmiðana fyrir hvert áhættuvarnarsafn. Hrávöruafleiðuviðskiptum skal eingöngu skipað í sömu hrávöruviðmiðunartegund þegar undirliggjandi hrávörugerningur þessarar viðskipta er sömu gerðar, óháð afhendingarstað og gæðum hrávörugerningsins.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. mega lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnun sem stendur frammi fyrir verulegri grunnáhættu vegna ólíkra staðna sem eru sömu gerðar og um getur í 2. mgr. komi á hrávöruviðmiðunartegundum fyrir þessar stöður með því að nota fleiri eiginleika en eingöngu gerðina af undirliggjandi gerningi. Þegar svo háttar skal hrávöruafleiðuviðskiptunum eingöngu skipað í sömu hrávöruviðmiðunartegund ef þau hafa þessa eiginleika.

4. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{Com}} = \epsilon_j \sqrt{\left(\rho^{\text{Com}} \cdot \sum_k \text{AddOn}(\text{Type}_k^j) \right)^2 + (1 - (\rho^{\text{Com}})^2) \cdot \sum_k \left(\text{AddOn}(\text{Type}_k^j) \right)^2}$$

þar sem:

$AddOn_j^{Com}$ = viðbótin fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ,

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,

ρ^{Com} = fylgnistuðullinn fyrir hrávöruáhættuflokk með virði sem jafngildir 40%,

k = stuðullinn sem tilgreinir hrávöruviðmiðunartegundirnar vegna skuldajöfnunarsafnsins sem komið er á í samræmi við 2. mgr. og

$AddOn(Type_k^j)$ = viðbótin fyrir hrávöruviðmiðunartegund k sem reiknuð er í samræmi við 5. mgr.

5. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k sem hér segir:

$$AddOn(Type_k^j) = SF_k^{Com} \cdot EffNot_k^{Com}$$

þar sem:

$AddOn(Type_k^j)$ = viðbótin fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k ,

SF_k^{Com} = eftirlitsstuðullinn sem gildir fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k ; þar sem hrávöruviðmiðunartegundin k samsvarar viðskiptum sem skipað er í áhættuvarnarsafnið sem um getur í e-lið 1. mgr. 277. gr. a, að frátöldum viðskiptum sem varða raforku, $SF_k^{Com} = 18\%$; fyrir viðskipti sem varða raforku, $SF_k^{Com} = 40\%$; og

$\text{EffNot}_k^{\text{Com}}$ raunveruleg grundvallarfjárhæð hrávöruviðmiðunartegundarinnar k reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_k^{\text{Com}} = \sum_{l \in \text{Tegund hrávöruviðmiða } k} \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

280. gr. f

Viðbót fyrir flokkinn „aðrar áhættur“

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{Other}} = \sum_j \text{AddOn}_j^{\text{Other}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}^{\text{Other}}$ = viðbótin fyrir „aðrar áhættur“,

ϵ_j = stuðullinn sem tilgreinir áhættuvarnarsöfn fyrir aðra áhættu sem komið er á í samræmi við f-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_j^{\text{Other}}$ = viðbótin fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{Other}} = \epsilon_j \cdot \text{SF}^{\text{Other}} \cdot |\text{EffNot}_j^{\text{Other}}|$$

þar sem:

$\text{AddOn}_j^{\text{Other}}$ = viðbótin fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ fyrir áhættuvarnarsafnið j ,

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr., og

SF^{Other} = eftirlitsstuðullinn (e. *supervisory factor*) fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ með virði sem jafngildir 8%,

$\text{EffNot}_j^{\text{Other}}$ = raunverulega grundvallarfjárhæðin fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_j^{\text{Other}} = \sum_{l \in \text{Áhættuvarnarsafn } j} \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

4. þáttur

Einfölduð staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila

281. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

1. Stofnanir skulu reikna út sameiginlegt áhættuskuldbindingarvirði á stigi jöfnunarsafns í samræmi við 3. þátt, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar.

2. Áhættuskuldbindingarvirði jöfnunarsafn skal reiknað út í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) stofnanir skulu ekki nota meðferðina sem um getur í 6. mgr. 274. gr.,

b) þrátt fyrir 1. mgr. 275. gr. skulu stofnanir reikna endurnýjunarkostnað fyrir skuldajöfnunarsöfn sem ekki er fjallað um í 2. mgr. 275. gr. í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{RC} = \max\{\text{CMV}, 0\}$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn, og

CMV = gildandi markaðsvirði,

- c) þrátt fyrir 2. mgr. 275. gr. þessarar reglugerðar skulu stofnanir reikna út endurnýjunarvirði fyrir skuldajöfnunarsöfn viðskipta: sem fram fara á viðurkenndum verðbréfamarkaði; sem eru greiðslujöfnuð af miðlægum mótaðila með starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða viðurkennd í samræmi við 25. gr. þeirrar reglugerðar; eða þar sem skipst er á tryggingum tvíhliða við mótaðilann í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = TH + MTA$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn,

TH = viðmiðunarmörk tryggingarfjár sem gilda um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé en undir þeim mörkum getur stofnunin ekki farið fram á tryggingu, og

MTA = lágmarksfjárhæð millifærslu (e. *minimum transfer amount* (MTA)) sem gildir um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé,

- d) þrátt fyrir 3. mgr. 275. gr. skulu stofnanir, að því er varðar mörg skuldajöfnunarsöfn sem falla undir samkomulag um tryggingarfé, reikna út endurnýjunarkostnaðinn sem summuna af endurnýjunarkostnaðinum fyrir hvert stakt skuldajöfnunarsafn, reiknað út í samræmi við 1. mgr., eins og þau féllu ekki undir samkomulag um skuldajöfnunarsafn,
- e) öllum áhættuvarnarsöfnum skal komið á í samræmi við 1. mgr. 277. gr. a
- f) stofnanir skulu nota virðið 1 sem margfaldara í formúlunni sem er notuð til að reikna út mögulegu framtíðaráhættuskuldbindinguna í 1. mgr. 278. gr., sem hér segir:

$$PFE = \sum_a \text{AddOn}^{(a)}$$

þar sem:

PFE = möguleg framtíðaráhætta (e. *potential future exposure* (PTF)), og

AddOn^(a) = viðbót fyrir áhættuflokkinn a,

- g) þrátt fyrir 1. mgr. 279. gr. a skulu stofnanir reikna út deltastuðul eftirlits fyrir öll viðskipti, sem hér segir:

$$\delta = \begin{cases} +1 & \text{þegar viðskiptin eru gnóttstaða í helsta áhrifaþætti áhættunnar} \\ -1 & \text{þegar viðskiptin eru skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættunnar} \end{cases}$$

þar sem:

δ = deltastuðull eftirlits,

- h) formúlan sem um getur í a-lið 1. mgr. 279. gr. b sem er notuð til að reikna út rauntímastuðul eftirlitsins er sem hér segir:

$$\text{rauntímastuðul eftirlitsins} = E - S$$

þar sem:

E = tímabilið frá lokadagsetningu viðskipta til reikningsskiladagsins, og

S = tímabilið frá upphafsdagsetningu viðskipta til reikningsskiladagsins,

- i) binditímastuðullinn sem um getur í 1. mgr. 279. gr. c skal reiknaður sem hér segir:
- i. að því er varðar viðskipti sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 1. mgr. 275. gr., MF = 1,

- ii. að því er varðar viðskipti sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 2. og 3. mgr. 275. gr., MF = 0,42,
- j) formúlan sem um getur í 3. mgr. 280. gr. a sem er notuð til að reikna út raunverulega grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafns j er sem hér segir:

$$\text{EffNot}_j^{\text{IR}} = |D_{j,1}| + |D_{j,2}| + |D_{j,3}|$$

þar sem:

$\text{EffNot}_j^{\text{IR}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j, og

$D_{j,k}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð í flokki k fyrir áhættuvarnarsafnið j,

- k) formúlan sem um getur í 3. mgr. 280. gr. c sem er notuð til að reikna út viðbótina fyrir útlána-áhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j er sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{Credit}} = \sum_k |\text{AddOn}(\text{Entity}_k)|$$

þar sem:

$\text{AddOn}_j^{\text{Credit}}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j, og

$\text{AddOn}(\text{Entity}_k)$ = viðbótin fyrir útlánaviðmiðunaraðila k,

- l) formúlan sem um getur í 3. mgr. 280. gr. d sem er notuð til að reikna út viðbótina fyrir hlutabréfa-áhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j er sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{Equity}} = \sum_k |\text{AddOn}(\text{Entity}_k)|$$

þar sem:

$\text{AddOn}_j^{\text{Equity}}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j, og

$\text{AddOn}(\text{Entity}_k)$ = viðbótin fyrir útlánaviðmiðunaraðila k,

- m) formúlan sem um getur í 4. mgr. 280. gr. e sem er notuð til að reikna út viðbótina fyrir hrávöru-áhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j er sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{Com}} = \sum_k |\text{AddOn}(\text{Type}_k^j)|$$

þar sem:

$\text{AddOn}_j^{\text{Com}}$ = viðbótin fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j, og

$\text{AddOn}(\text{Type}_k^j)$ = viðbótin fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k.

5. þáttur

Aðferð upprunalegrar áhættu

282. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

1. Stofnunum er heimilt að reikna út sameiginlegt áhættuskuldbindingarvirði fyrir öll viðskipti í samningsbundnum skuldajöfnunarsamningi ef öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 274. gr. eru uppfyllt. Annars skulu stofnanir reikna út áhættuskuldbindingarvirðið sérstaklega fyrir hver viðskipti sem meðhöndluð skulu sem eigið skuldajöfnunarsafn.
2. Áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafns skal vera margfeldið af 1,4 sinnum summan af núgildandi endurnýjunarkostnaði og mögulegri framtíðaráhættu.
3. Núgildandi endurnýjunarkostnaður sem um getur í 2. gr. skal ákvarðaður á eftirfarandi hátt:
 - a) að því er varðar skuldajöfnunarsöfn viðskipta: sem fram fara á viðurkenndum verðbréfamarkaði; sem eru greiðsluþöfnuð af miðlægum mótaðila með starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr.

648/2012 eða viðurkennd í samræmi við 25. gr. þeirrar reglugerðar; eða þar sem skipst er á tryggingum tvíhliða við mótaðilann í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$RC = TH + MTA$$

þar sem:

- RC = endurnýjunarvirði,
 TH = viðmiðunarmörk tryggingarfjár sem gilda um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé en undir þeim mörkum getur stofnunin ekki farið fram á tryggingu, og
 MTA = lágmarksfjárhæð millifærslu (e. *minimum transfer amount* (MTA)) sem gildir um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé,

- b) fyrir öll önnur skuldajöfnunarsöfn eða einstök viðskipti skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\{CMV, 0\}$$

þar sem:

- RC = endurnýjunarvirði, og
 CMV = gildandi markaðsvirði.

Til að reikna út núgildandi endurnýjunarkostnað skulu stofnanir uppfæra gildandi markaðsvirði a.m.k. mánaðarlega.

4. Stofnanir skulu reikna út mögulega framtíðaráhættu sem um getur í 2. mgr. sem hér segir:

- a) möguleg framtíðaráhætta skuldajöfnunarsafns er summan af mögulegum framtíðaráhættuskuldbindingum allra viðskipta sem eru í skuldajöfnunarsafninu reiknuð í samræmi við b-lið,
 b) möguleg framtíðaráhætta stakra viðskipta er grundvallarfjárhæðin, margfölduð með:
 i. margfeldinu af 0,5% og eftirstöðvatíma viðskiptanna tilgreindum í árum fyrir vexti afleiddra samninga,
 ii. margfeldinu af 6% og eftirstöðvatíma viðskiptanna tilgreindum í árum fyrir afleiðusamninga vegna útlánaáhættu,
 iii. 4% fyrir gjaldeyrisafleiður,
 iv. 18% fyrir gull og hrávöruafleiður aðrar en raforkuafleiður,
 v. 40% fyrir raforkuafleiður,
 vi. 32% fyrir hlutabréfaafleiður,
 c) grundvallarfjárhæðin sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar skal ákvörðuð í samræmi við 2. og 3. mgr. 279. gr. b fyrir allar afleiður sem tilgreindar eru í þeim lið; enn fremur skal ákvarða grundvallarfjárhæðina sem um getur í iii. til iv. lið b í þessari málsgrein í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 279. gr. b,
 d) möguleg framtíðaráhætta skuldajöfnunarsafna sem um getur í a-lið 3. mgr. skal margfölduð með 0,42.

Að því er varðar útreikning á mögulegri áhættu af vaxtaafleiðum og lánaafleiðum í samræmi við i. og ii. lið b-liðar getur stofnun valið að nota upphaflegan binditíma í staðinn fyrir eftirstöðvatíma samninganna.“

- 75) Í stað 4. mgr. 283. gr. komi eftirfarandi:

„4. Stofnun skal nota aðferðirnar sem settar eru fram í 3. þætti fyrir öll viðskipti með OTC-afleiður og fyrir gnóttssamninga ef hún hefur ekki fengið leyfi skv. 1. mgr. til þess að beita eiginlíkansaðferðinni. Heimilt er að nota báðar þessar aðferðir sameinaðar að staðaldri innan samstæðu.“

- 76) Í stað 298. gr. kemur eftirfarandi:

„298. gr.

Áhrif viðurkenningar á að skuldajöfnun dragi úr áhættu

Að því er varðar 3.–6. þátt skal skuldajöfnun vera færð eins og þar er tilgreint.“

- 77) Í 2. mgr. 299. gr. fellur a-liður brott.

- 78) Ákvæðum 300. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:
Í þessum þætti og sjöunda hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- b) Eftirfarandi liðir bætast við:
- „5. „staðgreiðsluviðskipti“: viðskipti í reiðufé, skuldagerningum eða hlutabréfum, viðskipti með gjaldmiðla á stundargengi eða hrávöruviðskipti á stundargengi; hins vegar teljast endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántaka ekki vera staðgreiðsluviðskipti,
 6. „óbeint greiðslujöfnunarfyrrkomulag“: fyrrkomulag sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í annarri undirgrein 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
 7. „viðskiptavinur á efra stigi“: aðili sem veitir viðskiptavini á lægra stigi greiðslujöfnunarþjónustu,
 8. „viðskiptavinur á lægra stigi“: aðili sem fær aðgang að þjónustu miðlægs mótaðila fyrir milligöngu viðskiptavinar á efra stigi,
 9. „viðskiptavinafyrrkomulag á mörgum stigum“: óbeint greiðslujöfnunarfyrrkomulag þar sem aðili sem ekki er greiðslujöfnunaraðili heldur viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðila eða viðskiptavinur á efra stigi veitir stofnun greiðslujöfnunarþjónustu,
 10. „ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð“: framlög sem stofnun í hlutverki greiðslujöfnunaraðila hefur skuldbundið sig til, samkvæmt samningi, að veita miðlægum mótaðila eftir að miðlægi mótaðilinn hefur tæmt vanskilasjóð sinn til að mæta tapi sem hann varð fyrir í kjölfar vanskila eins eða fleiri greiðslujöfnunaraðila sinna,
 11. „innstæðulánveiting eða innstæðulántaka sem tryggð er að fullu“: peningamarkaðsviðskipti sem eru að fullu veðtryggð þar sem tveir mótaðilar skiptast á innstæðum og miðlægur mótaðili hefur milligöngu um að tryggja að þessir mótaðilar standi við greiðsluskuldbindingar sínar.“

79) Í stað 301. gr. kemur eftirfarandi:

„301. gr.

Efnislegt gildissvið

1. Þessi þáttur gildir um eftirfarandi samninga og viðskipti svo fremi að þau séu útistandandi hjá miðlægum mótaðila:

- a) afleiðusamninga sem taldir eru upp í II. viðauka og lánaafleiður,
- b) fjármögnunarviðskipti með verðbréf og innstæðulánveitingar eða innstæðulántökur sem tryggðar eru að fullu, og
- c) gnóttssamninga.

Þessi þáttur gildir ekki um áhættuskuldbindingar sem leiðir af peningauppgjöri. Stofnanir skulu beita meðferðinni sem mælt er fyrir um í V. bálki gagnvart viðskiptastöðum sem leiðir af þessum viðskiptum og 0% áhættuvægi gagnvart framlögum í vanskilasjóð sem eingöngu tryggja þessi viðskipti. Stofnanir skulu beita meðferðinni sem sett er fram í 307. gr. gagnvart framlögum í vanskilasjóð sem tryggja einhverja þá samninga sem tilgreindir eru í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til viðbótar við staðgreiðsluviðskipti.

2. Að því er varðar þennan þátt gilda eftirfarandi kröfur:

- a) upphafstryggingin skal ekki taka til framlaga til miðlægs mótaðila vegna gagnkvæmra ráðstafana um hlutdeild í tapi,
- b) upphafstryggingin skal taka til tryggingar sem stofnun í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili leggur fram, eða viðskiptavinur, sem er umfram þá lágmarksfjárhæð sem miðlægi mótaðilinn eða stofnunin sem kemur fram sem greiðslujöfnunaraðili, eftir því sem við á, krefst, að því tilskildu að miðlægi mótaðilinn eða stofnunin í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili geti, ef svo háttar, komið í veg fyrir að stofnunin í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili eða viðskiptavinurinn dragi til baka slíkar umframtryggingar,
- c) ef greiðslujöfnunaraðili notar upphafstryggingu til að deila tapi á greiðslujöfnunaraðila sína skulu stofnanir í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðilar fara með þá upphafstryggingu sem um væri að ræða framlag í vanskilasjóð.“

80) Í stað 2. mgr. 302. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnanir skulu meta, með viðeigandi sviðsmyndagreiningu og álagsprófunum, hvort fjárhæð eiginfjárgrunns á móti áhættuskuldbindingum vegna miðlægs mótaðila, þ.m.t. hugsanlegar framtíðar eða skilyrtar

lánaáhættur vegna lána, áhættuskuldbindingar vegna framlaga í vanskilasjóð og, ef stofnunin er í hlutverki greiðsluöfnunaraðila, áhættuskuldbindingar sem stafa af sammingsbundnu fyrirkomulagi eins og mælt er fyrir um í 304. gr., tengist innbyggðum áhættum áhættuskuldbindinganna á fullnægjandi hátt“.

81) Í stað 303. gr. kemur eftirfarandi:

„303. gr.

Meðferð á áhættuskuldbindingum greiðsluöfnunaraðila vegna miðlægra mótaðila

1. Stofnun sem gegnir hlutverki greiðsluöfnunaraðila, annaðhvort í eigin þágu eða sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila, skal reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi áhættuskuldbindingar sínar vegna miðlægs mótaðila sem hér segir:

- a) hún skal nota meðferðina sem sett er fram í 306. gr. gagnvart viðskiptastöðum sínum hjá miðlæga mótaðilanum,
- b) hún skal nota meðferðina sem sett er fram í 307. gr. gagnvart framlögum sínum í vanskilasjóð til miðlæga mótaðilans,

2. Að því er varðar 1. mgr. skal summan af kröfunum vegna eiginfjárgrunns stofnunar að því er varðar áhættuskuldbindingar hennar gagnvart fullgildum miðlægum mótaðila vegna viðskiptastaðna og framlaga í vanskilasjóð ekki fara yfir efri mörk summunnar af eiginfjárgrunnskröfunum sem myndu gilda um þessar sömu áhættuskuldbindingar ef miðlægi mótaðilinn væri ekki fullgildur, miðlægur mótaðili.“

82) Ákvæðum 304. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun sem gegnir hlutverki greiðsluöfnunaraðila og gegnir sem slík hlutverki fjármálamilliliðar á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila skal reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskipti sín við þann viðskiptavin sem tengjast miðlægum mótaðila í samræmi við 3.–8. þátt þessa kafla, 4. þátt 4. kafla þessa bóls og VI., eftir því sem við á.“

b) Í stað 3., 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Noti stofnun í hlutverki sínu sem greiðsluöfnunaraðili aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti þessa kafla til að reikna út eiginfjárgrunnskröfuna fyrir áhættuskuldbindingar sínar gilda eftirfarandi ákvæði:

- a) þrátt fyrir 2. mgr. 285. gr. er stofnunum heimilt að nota áhættutímabil tryggingarfjár sem nemur a.m.k. fimm virkum dögum vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart viðskiptavini,
- b) stofnun skal nota áhættutímabil tryggingarfjár sem nemur a.m.k. 10 virkum dögum vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart miðlægum mótaðila,
- c) þrátt fyrir 3. mgr. 285. gr. getur stofnun horft fram hjá takmörkuninni sem sett er fram í a-lið þeirrar greinar ef skuldajöfnunarsafnið sem er í útreikningnum uppfyllir skilyrðin sem þar eru sett fram, að því tilskildu að skuldajöfnunarsafnið uppfylli ekki skilyrðið sem sett er fram í b-lið þeirrar málsgreinar og hefur ekki að geyma umdeilanleg viðskipti eða framandi valrétti,
- d) þegar miðlægur mótaðili heldur eftir viðbótartryggingu vegna viðskipta og trygging stofnunarinnar er ekki vernduð gegn ógjaldfærni hans skal stofnunin nota áhættutímabil tryggingarfjár sem samsvorar einu ári, eða eftirstöðvartíma viðskiptanna ef hann er styttri, sem að lágmarki skal þó vera 10 virkir dagar.

4. Þrátt fyrir i-lið 2. mgr. 281. gr. er stofnun í hlutverki sínu sem greiðsluöfnunaraðili heimilt, þegar hún notar aðferðina í 4. þætti til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart viðskiptavini, að nota binditímastuðul 0,21 í þeim útreikningum.

5. Þrátt fyrir d-lið 4. mgr. 282. gr. er stofnun í hlutverki sínu sem greiðsluöfnunaraðili heimilt, þegar hún notar aðferðina í 5. þætti til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart viðskiptavini, að nota binditímastuðul 0,21 í þeim útreikningum.“

c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„6. Stofnun í hlutverki sínu sem greiðsluöfnunaraðili er heimilt að nota lækkaða áhættufjárhæð vanefnda sem leiðir af útreikningunum í 3., 4. og 5. mgr. til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur sínar að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis í samræmi við VI. bálk.

7. Stofnun í hlutverki sínu sem greiðsluöfnunaraðili sem tekur við tryggingu frá viðskiptavini vegna viðskipta sem tengjast miðlægum mótaðila og flytur þá tryggingu til miðlæga mótaðilans er heimilt að

viðurkenna þá tryggingu til að lækka áhættuskuldbindingu sína gagnvart þeim viðskiptavini vegna þeirra viðskipta sem tengjast þeim miðlæga mótaðila.

Þegar um er að ræða viðskiptavinafyrirkomulag á mörgum stigum er heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í fyrstu undirgrein á hverju stigi þess fyrirkomulags.“

83) Ákvæðum 305. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun sem er viðskiptavinur skal reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskipti sín við greiðslujöfnunaraðilann sem tengjast miðlægum mótaðila hans í samræmi við 3.–8. þátt þessa kafla, 4. þátt 4. kafla þessa bóls og VI., eftir því sem við á.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) viðskiptavinurinn hafi látið fara fram fullnægjandi lögfræðilegt mat, sem hann hefur uppfært reglulega, sem staðfestir að fyrirkomulagið sem tryggir að skilyrðið sem sett er fram í b-lið sé uppfyllt, sé lögmætt, gilt, bindandi og framfylgjanlegt að viðeigandi lögum viðkomandi lögsagnarumdæmis eða -umdæma,“

ii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Þegar stofnun metur hvort hún hlítir skilyrðunum sem sett eru fram í b-lið fyrstu undirgreinar getur hún tekið mið af öllum skýrum fordæmum fyrir flutningi á stöðum viðskiptavinar og samsvarandi tryggingu hjá miðlægum mótaðila og hvers konar viðleitni við að halda áfram þeirri veltu.“

c) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar er stofnuninni heimilt ef hún er viðskiptavinur sem uppfyllir ekki skilyrðið sem sett er fram í a-lið þeirrar greinar vegna þess að hún er ekki varin tapi í því tilviki að greiðslujöfnunaraðili og annar viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðilans lenda saman í vanskilum, að því tilskildu að öll önnur skilyrði sem sett eru fram í a-d-lið þeirrar málsgreinar séu uppfyllt, að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskiptastöður vegna viðskipta við greiðslujöfnunaraðila sinn sem tengjast miðlægum mótaðila í samræmi við 306. gr., með fyrirvara um að 2% áhættuvogin í a-lið 1. mgr. 306. gr. sé skipt út fyrir 4% áhættuvog.“

4. Þegar um er að ræða viðskiptavinafyrirkomulag á mörgum stigum er stofnun sem er á lægra viðskiptavinastigi sem hefur aðgang að þjónustu miðlægs mótaðila fyrir milligöngu viðskiptavinar á efra stigi, heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í 2. og 3. málsgrein eingöngu þegar skilyrðin sem þar er kveðið á um eru uppfyllt á hverju stigi þess fyrirkomulags.“

84) Ákvæðum 306. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) ef stofnun kemur fram sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila og skilmálar viðskiptanna sem tengjast miðlæga mótaðilanum kveða á um að stofnunin þurfi ekki að endurgreiða viðskiptavininum tap vegna breytinga á virði þeirra viðskipta ef miðlægi mótaðilinn lendir í vanskilum, er þeirri stofnun heimilt að fastsetja áhættuskuldbindingarvirði viðskiptastöðunnar við miðlæga mótaðilann sem samsvara viðskiptunum tengdum miðlæga mótaðilanum við núll.“

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„d) ef stofnun kemur fram sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila og skilmálar viðskiptanna sem tengjast miðlæga mótaðilanum kveða á um að stofnunin þurfi ekki að endurgreiða viðskiptavininum tap vegna breytinga á virði þeirra viðskipta ef miðlægi mótaðilinn lendir í vanskilum, skal sú stofnun beita meðferðinni í a- eða b-lið, eftir því sem við á, gagnvart viðskiptastöðunni móti miðlæga mótaðilanum sem samsvarar viðskiptunum sem tengjast miðlæga mótaðilanum.“

b) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef eignir sem lagðar eru fram sem trygging til miðlægs mótaðila eða greiðslujöfnunaraðila eru gjaldþrotsvarðar ef til ógjaldfærni miðlæga mótaðilans, greiðslujöfnunaraðilans eða eins eða fleiri

annarra viðskiptavina greiðslujöfnunaraðilans kemur, er stofnun heimilt, þrátt fyrir 1. mgr., að úthluta áhættuskuldbindingum útlánaáhættu mótaðilans áhættuskuldbindingarvirðið núll.

3. Stofnun skal reikna út áhættuskuldbindingarvirði viðskiptastaðna sinna hjá miðlægum mótaðila í samræmi við 1.–8. þátt þessa kafla og 4. þátt 4. kafla, eftir því sem við á.“

85) Í stað 307. gr. kemur eftirfarandi:

„307. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar framlög í vanskilasjóð miðlægs mótaðila

Stofnun í hlutverki greiðslujöfnunaraðila skal beita eftirfarandi meðferð á áhættuskuldbindingar sínar sem stafa af framlagi hennar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila:

- hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi forfjármögnuð framlög í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 308. gr.,
- hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi forfjármögnuð og ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, sem ekki er fullgildur, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 309. gr.
- hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 310. gr.

86) Ákvæðum 308. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnun skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns til að mæta áhættuskuldbindingu sem verður til vegna forfjármagnaðs framlags hennar á eftirfarandi hátt:

$$K_i = \max \left\{ K_{CCP} \cdot \frac{DF_i}{DF_{CCP} + DF_{CM}}, 8\% \cdot 2\% \cdot DF_i \right\}$$

þar sem:

K_i = krafan vegna eiginfjárgrunns,

i = stuðullinn sem tilgreinir greiðslujöfnunaraðila,

K_{CCP} = áætlað fjármagn fullgilda miðlæga mótaðilans sem fullgildi miðlægi mótaðilinn tilkynnir stofnuninni um í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

DF_i = forfjármagnaða framlagið,

DF_{CCP} = forfjármagnað fjármagn miðlæga mótaðilans sem miðlægi mótaðilinn tilkynnir stofnuninni um í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og

DF_{CM} = summan af forfjármögnuðum framlögum allra greiðslujöfnunaraðila fullgilda miðlæga mótaðilans sem fullgildi miðlægi mótaðilinn tilkynnir stofnuninni um í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

3. Stofnun skal reikna út áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sem verða til vegna forfjármagnaðs framlags stofnunar í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila, að því er varðar 3. mgr. 92. gr., sem kröfur vegna eiginfjárgrunns reiknaðar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar margfaldaðar með 12,5.“

b) Ákvæði 4. og 5. mgr. falla brott,

87) Í stað 309., 310. og 311. gr. kemur eftirfarandi:

„309. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar forfjármögnuð framlög í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, sem ekki er fullgildur, og að því er varðar ófjármögnuð framlög til miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur

1. Stofnun skal nota eftirfarandi formúlu til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af forfjármögnuðum framlögum hennar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur og af ófjármögnuðum framlögum til slíks miðlægs mótaðila:

$$K = DF + UC$$

þar sem:

K = krafan vegna eiginfjárgrunns,

DF = forfjármögnuðu framlögin í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur og

UC = ófjármögnuðu framlögin í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur.

2. Stofnun skal reikna út áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sem verða til vegna framlags stofnunar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur, að því er varðar 3. mgr. 92. gr., sem kröfur vegna eiginfjárgrunns reiknaðar í samræmi við 1. mgr. margfaldaðar með 12,5.“
310. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila

Stofnun skal nota 0% áhættuvog gagnvart ófjármögnuðum framlögum í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila.

311. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila sem hætta að uppfylla viss skilyrði

1. Stofnanir skulu beita aðferðinni sem sett er fram í þessari grein ef þeim hefur orðið kunnugt um, í kjölfar opinberrar tilkynningar eða orðsendingar frá lögbæru yfirvaldi miðlægs mótaðila sem þessar stofnanir nota eða frá miðlæga mótaðilanum sjálfum, að miðlægi mótaðilinn muni ekki lengur uppfylla skilyrðin fyrir starfsleyfi eða viðurkenningu, eftir því sem við á.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. eru uppfyllt skulu stofnanir, innan þriggja mánaða frá því að þeim verður kunnugt um kringumstæðurnar sem þar um getur, eða fyrr ef lögbær yfirvöld þessara stofnana krefjast þess, gera eftirfarandi ráðstafanir að því er varðar áhættuskuldbindingar þeirra vegna þessara miðlægu mótaðila:

- a) beita meðferðinni sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 306. gr. á viðskiptastöður sínar vegna þess miðlæga mótaðila,
- b) beita meðferðinni sem sett er fram í 309. gr. á forfjármögnuð framlög sín í vanskilasjóð þess miðlæga mótaðila og á ófjármögnuð framlög sín til þess miðlæga mótaðila,
- c) fara með aðrar áhættuskuldbindingar en þær sem taldar eru upp í a og b-lið þessarar málsgreinar vegna þess miðlæga mótaðila sem áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækis í samræmi við staðalaðferðina fyrir útlánaáhættu sem um getur í 2. kafla.

88) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 316. gr.:

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar geta stofnanir valið að nota ekki þá reikningshaldsflokka í rekstrarreikningnum skv. 27. gr. tilskipunar 86/635/EBE vegna fjármögnunar- og rekstrarleigusamninga að því er varðar útreikning á viðeigandi vísi og geta þess í stað:

- a) látið fylgja með vaxtatekjur af fjármögnunar- og rekstrarleigusamningum og hagnað af leigðum eignum í flokknum sem um getur í 1. lið í töflu 1,
- b) látið fylgja með vaxtakostnað af fjármögnunar- og rekstrarleigusamningum og afskriftir og virðisrýrnun leigðra rekstrareigna í flokknum sem um getur í 2. lið í töflu 1.

89) Í stað 1. kafla þriðja hluta í IV. bálki kemur eftirfarandi:

„1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

325. gr.

Aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu

1. Stofnun skal reikna út kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu að því er varðar allar stöður í veltubók og stöður í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

- a) staðalaðferðina sem um getur í 2. mgr.,
- b) eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 5. kafla þessa bálks að því er varðar þá áhættuflokka sem stofnunin hefur fengið leyfi til að nota þá aðferð fyrir í samræmi við 363. gr.

2. Kröfurnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu sem reiknaðar eru í samræmi við staðalaðferðina sem um getur í a-lið 1. mgr. skulu merkja summu eftirfarandi krafna vegna eiginfjárgrunns, eftir því sem við á:

- a) krafanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðuáhættu sem um getur í 2. kafla,
- b) krafanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldeyrisáhættu sem um getur í 3. kafla,
- c) krafanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu sem um getur í 4. kafla.

3. Stofnun sem er ekki undanskilin upplýsingaskyldunum sem settar eru fram í 430. gr. b í samræmi við 325. gr. a skal veita upplýsingar um útreikningana í samræmi við 430. gr. b að því er varðar allar stöður í veltubók og í stöður í fjárfestingarbók sem háðar eru gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

- a) óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í 1. kafla a,
- b) eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b.

4. Stofnun er heimilt að nota sameinaðar aðferðir sem settar eru fram í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar á varanlegum grunni innan samstæðu í samræmi við 363. gr.

5. Stofnanir skulu ekki nota aðferðina sem sett er fram í b-lið 3. mgr. að því er varðar gerninga í veltubók þeirra sem eru verðbréfaðar stöður eða stöður sem taldar eru með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu (e. *alternative correlation trading portfolio* (ACTP)) eins og sett er fram í 6., 7. og 8. mgr.

6. Verðbréfaðar stöður og útlánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila sem uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir skulu taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu:

- a) stöðurnar séu hvorki endurverðbréfaðar stöður né valréttir á áhættulag verðbréfunar, né annars konar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem ekki veita hlutfallslegan ágóða af ávinningi af áhættulagi verðbréfunar,
- b) allir undirliggjandi gerningar séu:
 - i. gerningar gagnvart einum aðila, þ.m.t. lánaafleiður gagnvart einum aðila, þar sem markaður er fyrir hendi fyrir kaup- og söluviðskipti með þá,
 - ii. vísitölur sem viðskipti eru höfð með og sem byggist á gerningunum sem um getur í i-lið.

Litið er svo á að markaður fyrir kaup og sölu sé fyrir hendi ef fyrir liggja óháð kaup- og sölutilboð, sem lögð eru fram í góðri trú, svo að unnt sé að ákvarða sanngjarnt verð miðað við síðasta söluverð, eða gildandi, samkeppnishæfa verðskrá, innan eins dags og gera upp á verði, sem þannig er myndað, innan tiltölulega skamms tíma í samræmi við viðskiptavenjur.

7. Stöður með einhverja eftirfarandi undirliggjandi gerninga skulu ekki taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu:

- a) undirliggjandi gerninga sem skipað er í áhættuflokkana sem um getur í h- eða i-lið 112. gr.,
- b) kröfu á sérstakan verðbréfunaraðila, sem er veðtryggð, beint eða óbeint, með stöðu sem í samræmi við 6. gr. myndi sjálf ekki teljast vera hæf til innfellingar í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið.

8. Stofnun er heimilt að telja með í fylgniviðskiptasafni stöður sem hvorki eru verðbréfaðar stöður né lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila heldur stöður sem verja aðrar stöður í safninu, að því tilskildu að virkur kaup- og sölumarkaður eins og lýst er í síðustu undirgrein 6. mgr. sé til staðar fyrir gerninginn eða undirliggjandi gerninga.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig stofnanir skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu fyrir fjárfestingarbók sem háð er gjaldeyrisáhættu eða hrávöruáhættu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í a- og b-lið 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. a

Undanþágur frá sérstakri upplýsingaskyldu að því er varðar markaðsáættu

1. Stofnun er undanþegin upplýsingaskyldunni sem kveðið er á um í 430. gr. b að því tilskildu að umfang viðskipta hennar innan og utan efnahagsreiknings sem háð eru markaðsáættu sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:

- a) 10% af heildareignum stofnunarinnar,
- b) 500 milljónum evra.

2. Stofnanir skulu reikna umfang viðskipta sinna innan og utan efnahagsreiknings sem háð eru markaðsáættu á grundvelli gagna frá síðasta degi hvers mánaðar í samræmi við eftirfarandi kröfur:

- a) allar stöður sem færðar eru í veltubók skulu taldar með nema lánaafleiður sem færðar eru sem innri áættuvörn gegn útlánaáættuskuldbindingum í fjárfestingarbók og þau lánaafleiðuviðskipti sem jafna til fulls alla markaðsáættu sem tengjast þessum innri áættuvörnum eins og um getur í 3. mgr. 106. gr.,
- b) allar stöður í fjárfestingarbók sem háðar eru gjalddeyrisáættu eða hrávörúáættu skulu taldar með,
- c) allar stöður skulu metnar á markaðsvirði þeirra á þeim degi nema að því er varðar stöður sem um getur í b-lið; ef markaðsvirði stöðu í veltubók er ekki tiltækt á tilteknum degi skulu stofnanir nota gangvirðið fyrir stöðuna í veltubók á þeim degi; ef gangvirði og markaðsvirði stöðu í veltubók eru ekki tiltæk á tilteknum degi skulu stofnanir nota síðasta markaðsvirðið eða gangvirðið fyrir þá stöðu,
- d) allar stöður í fjárfestingarbók sem ekki eru háðar gjaldmiðlaáættu skulu metnar sem hrein heildargjalddeyrisstaða og metnar í samræmi við 352. gr.,
- e) allar stöður í fjárfestingarbók sem eru háðar hrávörúáættu skulu metnar í samræmi við 357. og 358. gr.,
- f) algildi gnóttstaðna skal lagt saman við algildi skortstaðna.

3. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um það hvenær þær reikna eða hætta að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáættu í samræmi við þessa grein.

4. Stofnun sem uppfyllir ekki lengur eitt eða fleiri þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. gr. skal þegar í stað tilkynna lögbæra yfirvaldinu það.

5. Undanþágan frá upplýsingaskyldunni sem mælt er fyrir um í 430. gr. b fellur úr gildi innan þriggja mánaða frá því að annað eftirfarandi gerist:

- a) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. í þrjú mánuði samfelld, eða
- b) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. í 6 mánuði síðustu 12 mánaða.

6. Ef stofnun hefur fallið undir upplýsingaskyldurnar sem mælt er fyrir um í 430. gr. b í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar skal stofnunin eingöngu undanþegin þessum skyldum ef hún getur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar hafi verið uppfyllt óslitið í eitt ár.

7. Stofnun skal ekki ganga inn í, kaupa eða selja stöður í þeim tilgangi einum að fara að einhverju þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. mgr. á meðan mánaðarlegt mat fer fram.

8. Stofnun sem telst ekki hæf til að fá þá meðhöndlun sem sett er fram í 94. gr., skal undanþegin upplýsingaskyldunni sem sett er fram í 430. gr. b.

325. gr. b

Heimild fyrir kröfum á samstæðugrunni

1. Með fyrirvara um 2. mgr. og einungis í þeim tilgangi að reikna út hreinar stöður og kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þennan bálk á samstæðugrunni mega stofnanir nota stöður í einni stofnun eða fyrirtæki til að veða á móti stöðum í annarri stofnun eða fyrirtæki.

2. Stofnanir mega einungis beita 1. mgr. að fengnu leyfi lögbærra yfirvalda, sem skal veitt ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) að skiptingu eiginfjárgrunns innan samstæðunnar sé fullnægjandi,
- b) að reglur, lagareglur eða samningar sem gilda um þessar stofnanir tryggi gagnkvæman fjárhagsstuðning innan samstæðunnar.

3. Séu fyrirtæki staðsett í þriðju löndum skulu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt, til viðbótar þeim sem sett eru fram í 2. mgr.:

- a) að slík fyrirtæki hafi hlotið starfsleyfi í þriðja landi og annaðhvort fullnægi skilgreiningunni á lánastofnun eða séu viðurkennd verðbréfafyrirtæki í þriðja landi,
- b) að slík fyrirtæki hlíti, á einingargrundvelli reglum um kröfur vegna eiginfjárgrunns jafngildum þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,
- c) að engar reglugerðir séu til í viðkomandi þriðju löndum sem geta haft veruleg áhrif á flutninga sjóða innan samstæðunnar.“

90) Eftirfarandi kaflar bætast við í IV. bálki þriðja hluta:

„1. KAFLI a

Óhefðbundin staðalaðferð

1. þáttur

Almenn ákvæði

325. gr. c

Gildissvið og uppbygging óhefðbundinnar staðalaðferðar

1. Óhefðbundna staðalaðferðin eins og hún er sett fram í þessum kafla skal eingöngu notuð að því er varðar upplýsingaskylduna sem sett er fram í 1. mgr. 430. gr. b.

2. Stofnanir skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við óhefðbundnu staðalaðferðina fyrir eignasafn staðna í veltubók eða staðna í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu sem summu eftirtalinna þriggja þátta:

- a) kröfunnar vegna eiginfjárgrunns samkvæmt aðferðinni sem byggð er á næmi og sett er fram í 2. þætti,
- b) kröfunnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu sem sett er fram í 5. þætti sem eingöngu er notuð fyrir stöður í veltubók sem um getur í þeim þætti,
- c) kröfunnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti sem sett er fram í 4. þætti sem eingöngu er notuð fyrir stöður í veltubók sem um getur í þeim þætti.

2. þáttur

Aðferð sem byggð er á næmi til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns

325. gr. d

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „áhættuflokkur“: einn af eftirfarandi sjö flokkum:
 - i. almenn vaxtaáhætta,
 - ii. áhætta vegna vaxtaálags (e. *credit spread risk (CSR)*) vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir,
 - iii. áhætta vegna vaxtaálags að því er varðar verðbréfun sem ekki er talin með í óhefðbundna fylgni-viðskiptasafninu (áhætta vegna vaxtaálags utan fylgniviðskiptasafns (e. *non-ACTP CSR*))
 - iv. áhætta vegna vaxtaálags að því er varðar verðbréfun sem talin er með í óhefðbundna fylgni-viðskiptasafninu (áhætta vegna vaxtaálags í fylgniviðskiptasafni (e. *ACTP CSR*))
 - v. hlutabréfaáhætta,
 - vi. hrávöruáhætta,
 - vii. gjaldmiðlaáhætta,
- 2) „næmi“: hlutfallsleg breyting á stöðu í kjölfar breytingar á virði eins mikilvægs áhættuþáttar stöðunnar sem reiknuð er með áhættuverðlagningarlíkani stöðunnar í samræmi við 2. undirþátt 3. þátтар,
- 3) „undirflokkur“: undirflokkur staðna í einum áhættuflokki með svipað áhættusnið sem úthlutað er áhættuvog eins og skilgreint er í 1. undirþætti 3. þátтар.

325. gr. e

Þættir aðferðarinnar sem byggð er á næmi

1. Stofnanir skulu reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu samkvæmt aðferðinni sem byggð er á næmi með því að leggja saman eftirfarandi þrjár kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 325. gr. h:

- a) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðulsáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á virði gemings sem stafar af hreyfingum á áhættuþáttum hans sem tengjast ekki flökti,
- b) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vegaáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á virði gemings sem stafar af hreyfingum á áhættuþáttum hans sem tengjast flökti,
- c) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar kúrfuáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á virði gemings sem stafar af hreyfingum á áhættuþáttum hans sem tengjast ekki flökti.

2. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í 1. mgr.,

- a) skulu allar stöður gerninga með verði valréttar falla undir kröfurnar vegna eiginfjárgrunns sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr.,
- b) skulu allar stöður gerninga án verðs valréttar falla undir kröfurnar vegna eiginfjárgrunns sem um getur í a-lið 1. mgr.

Að því er varðar þennan kafla skulu gerningar með verði valréttar m.a. ná yfir: kauprétt, sölurétt, valrétt með þökum (e. *caps*), valrétt með lágmarki (*floors*), valrétt með þröskuldi (e. *barrier options*) skiptirétt framandi valrétti (e. *exotic options*). Innbyggðir valréttir, s.s. fyrirframgreiðsla eða hegðunarvalréttir (e. *behavioural options*) skulu taldir aðskildar stöður í valréttum að því er varðar útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu.

Að því er varðar þennan kafla skulu gerningar þar sem hægt er að tilgreina sjóðstreymi sem línulegt fall af undirliggjandi grundvallarfjárhæð taldir vera gerningar án verðs valréttar.

325. gr. f

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðulsáhættu og vega-áhættu

1. Stofnanir skulu nota deltastuðulsáhættu- og vega-áhættuþættina sem tilgreindir eru í 1. undirþætti 3. þáttar til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- og vegaáhættur.

2. Stofnanir skulu nota ferlana sem settir eru fram í 3.–8. mgr. til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- og vegaáhættur.

3. Að því er varðar hvern áhættuflokk skal reikna út næmi allra gerninga sem falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- eða vegaáhættur fyrir sérhvern gildandi þátt deltastuðuls- eða vegaáhættu sem er í þeim áhættuflokki með því að nota samsvarandi formúlur í 2. undirþætti 3. þáttar. Ef virði gemings er háð mörgum áhættuþáttum skal næmið ákvarðað sérstaklega fyrir hvern áhættuþátt.

4. Næmi skal úthlutað einum undirflokki 'b' í hverjum áhættuhópi.

5. Innan hvers undirflokks 'b' skal jafna út jákvæðu og neikvæðu næmi sama áhættuhóps til að fá út hreint næmi (s_k) fyrir hvern áhættuþátt k í undirflokki.

6. Hreint næmi fyrir hvern áhættuflokk í hverjum undirflokki skal margfaldað með samsvarandi áhættuvogum sem settar eru fram í 6. þætti til að fá út vegið næmi fyrir hvern áhættuþátt í þeim undirflokki í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$WS_k = RW_k \cdot s_k$$

þar sem:

WS_k = vegið næmi,

RW_k = áhættuvoginnar og

s_k = áhættustuðullinn

7. Vegið næmi fyrir mismunandi áhættuþætti í hverjum undirflokki skal lagt saman í samræmi við formúluna hér að neðan þar sem virðið í kvaðratrótinni má ekki vera lægra en núll til að fá út næmið sem byggist á sérstaka undirfloknum. Samsvarandi fylgni fyrir vegið næmi í sama undirflokki (ρ_{ki}) sem sett er fram í 6. þætti skal notað.

$$K_b = \sqrt{\sum_k WS_k^2 + \sum_k \sum_{k \neq l} \rho_{kl} WS_k WS_l}$$

þar sem:

K_b = næmi á hvern undirflokk og

WS = vegið næmi.

8. Næmi á hvern undirflokk skal reiknað fyrir hvern undirflokk innan áhættuflokks í samræmi við 5., 6. og 7. mgr. Eftir að næmi á hvern undirflokk hefur verið reiknað út fyrir alla undirflokka skal leggja saman vegið næmi allra áhættuþátta í undirflokkunum í samræmi við formúluna hér að neðan, með því að nota samsvarandi fylgni γ_{bc} fyrir vegið næmi í mismunandi undirflokkum sem sett er fram í 6. þætti til að fá út kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokkum fyrir deltastuðuls- eða vegaáhættu:

$$\text{Risk – class specific own funds requirement for delta or vega risk} = \sqrt{\sum_b K_b^2 + \sum_b \sum_{c \neq b} \gamma_{bc} S_b S_c}$$

þar sem:

$S_b = \sum_k WS_k$ fyrir alla áhættuþætti í undirflokki b og $S_c = \sum_k WS_k$ í undirflokki c; þar sem þessi virði fyrir S_b og S_c sýna neikvæða tölu fyrir heildarsummu $\sum_b K_b^2 + \sum_b \sum_{c \neq b} \gamma_{bc} S_b S_c$ skal stofnunin reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki fyrir deltastuðulsáhættu eða vegastuðulsáhættu með því að nota aðra formúlu í staðinn þar sem“.

$S_b = \max [\min (\sum_k WS_k, K_b), -K_b]$ fyrir alla áhættuþætti í undirflokki b og

$S_c = \max [\min (\sum_k WS_k, K_c), -K_c]$ fyrir alla áhættuþætti í undirflokki c.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki að því er varða deltastuðulsáhættu eða vega-áhættu skulu reiknaðar fyrir hvern áhættuflokk í samræmi við 1.–8. mgr.

325. gr. g

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar kúrfuáhættu

Stofnanir skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar kúrfuáhættu í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 461. gr. a

325. gr. h

Samlagning krafna vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokkum fyrir deltastuðulsáhættu, vegaáhættu og kúrfuáhættu

1. Stofnanir skulu leggja saman kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir deltastuðuls-, vega- og kúrfuáhættur á þann hátt sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr.

2. Aðferðin við að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki fyrir deltastuðuls-, vega- og kúrfuáhættur sem lýst er í 325. gr. f og 325. gr. g skal framkvæmd þrisvar sinnum fyrir hvern áhættuflokk og í hvert sinn skal nota mismunandi safn af fylgnibreytunni ρ_{kl} (fylgnin milli áhættuþátta innan undirflokks) og γ_{bc} (fylgnin milli undirflokka innan áhættusafns). Hver þessara þriggja safna skal samsvara mismunandi sviðsmyndum sem hér segir:

- sviðsmyndin „meðalmikil fylgni“ þar sem fylgnibreyturnar ρ_{kl} og γ_{bc} haldast óbreyttar miðað við þær sem tilgreindar eru í 6. þætti,
- sviðsmyndin „mikil fylgni“ þar sem fylgnibreyturnar ρ_{kl} og γ_{bc} sem eru tilgreindar í 6. þætti eru allar margfaldaðar með 1,25, meðan ρ_{kl} og γ_{bc} skulu ekki fara yfir 100% þakið,
- sviðsmyndin „lítill fylgni“ er skilgreind nánar á framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.

3. Stofnanir skulu reikna út summu krafna vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokkum fyrir deltastuðuls-áhættu, vegaáhættu og kúrfuáhættu fyrir hverja sviðsmynd til að ákvarða þrjár sviðsmyndatengdar eiginfjárgrunnskröfur.

4. Krafan vegna eiginfjárgrunns samkvæmt aðferðinni sem byggð er á næmi skal vera sú hæsta af þeim þremur sviðsmyndatengdum eiginfjárgrunnskröfum sem um getur í 3. mgr.

325. gr. i

Meðferð vísitölugerninga og margra undirliggjandi valréttta

Stofnanir skulu fara með vísitölugerninga og marga undirliggjandi valrétti í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 461. gr. a.

325. gr. j

Meðferð sjóða um sameiginlega fjárfestingu

Stofnanir skulu fara með sjóði um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 461. gr. a.

325. gr. k

Sölutryggingarstöður

1. Stofnunum er heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í þessari grein til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu vegna sölutryggingarstaðna skulda- eða hlutabréfagerninga.
2. Stofnanir skulu nota einn af viðeigandi margföldunarstuðlum sem tilgreindir eru í töflu 1 gagnvart hreinu næmi allra sölutryggingarstaðna í hverjum stökum útgefanda, að undanskildum sölutryggingarstöðum sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir eða skuldbundið sig til að tryggja sölu á, á grundvelli formlegs samkomulag og reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við aðferðina sem sett er fram í þessum kafla á grundvelli aðlagaðs hreins næmis.

Tafla 1

0. virkur dagur	0%
1. virkur dagur	10%
2. og 3. virkur dagur	25%
4. virkur dagur	50%
5. virkur dagur	75%
eftir 5. virkan dag:	100%

„0. virkur dagur“ í skilningi þessarar greinar: sá virki dagur 0 þegar stofnunin verður skilyrðislaust skuldbundin til að taka við þekktu magni verðbréfa gegn umsömdu verði.

3. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um beitingu aðferðarinnar sem sett er fram í þessari grein.

3. þáttur

Skilgreiningar á áhættuþætti og næmi

1. undirþáttur

Skilgreiningar á áhættuþætti

325. gr. l

Almennir vaxtaáhættuþættir

1. Að því er varðar alla almenna vaxtaáhættuþætti, þ.m.t. verðbólguáhætta og gjaldeyrisvaxtaáhætta, þá skal vera einn undirflokkur fyrir hvern gjaldmiðil þar sem hver inniheldur mismunandi tegundir áhættuþátta.

Almennu deltaxtaáhættuþættirnir sem notaðir eru fyrir gerninga sem eru næmir fyrir vaxtaáhættu skulu vera viðeigandi áhættulausir vextir á hvern gjaldmiðil og á hvert ár miðað við eftirfarandi binditíma: 0,25 ár, 0,5 ár, 1 ár, 2 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár, 15 ár, 20 ár, 30 ár. Stofnanir skulu úthluta áhættuþáttum til tiltekinn hornpunkta með línulegri aðhvarfsgreiningu eða með því að nota aðferð sem samrýmist best verðlagningarföllunum sem óháð áhættustýringareining stofnunarinnar notar til að tilkynna markaðsáhættu eða hagnað og tap til framkvæmdastjórnar.

2. Stofnanir skulu ákvarða áhættulausa vexti fyrir hvern gjaldmiðil á grundvelli peningamarkaðsgerninga sem eru í veltubók stofnunarinnar og eru með lægstu útlánaáhættuna, s.s. skiptasamningar um lánavexti.

3. Þegar stofnanir geta ekki notað aðferðina sem um getur í 2. mgr. skulu áhættulausu vextirnir grundvallaðir á einum eða fleiri fölgnum vaxtaferlum sem stofnanirnar nota til að færa stöður á markaðsvirði, s.s. skiptikúrfur fyrir millibankavexti.

Þegar gögn um fölgna vaxtaferla sem lýst er í 2. mgr. og fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar eru ófullnægjandi má leiða áhættulausa vexti af þeirri skuldabréfakúrfu sem best á við fyrir tiltekin gjaldmiðil.

Þegar stofnanir nota almenna vaxtaáhættuþætti sem fengnir eru í samræmi við aðferðina sem sett er fram í annarri undirgrein þessarar málsgreinar vegna ríkisskuldagerninga, skal ríkisskuldagerningurinn ekki undanþeginn kröfunni vegna áhættugrunns að því er varðar áhættu vegna vaxtaálags. Í þeim tilvikum þegar ekki er hægt að einangra áhættulausa vexti frá útlánaálagspættinum skal næminu fyrir áhættuþáttinn úthlutað bæði til flokksins fyrir almenna vaxtaáhættu og flokksins fyrir vaxtaálag.

4. Ef um er að ræða almenna vaxtaáhættuþætti skal hver gjaldmiðill mynda sérstakan undirflokk. Stofnanir skulu úthluta áhættuþáttum innan sama undirflokks en með mismunandi líftímum mismunandi áhættuvog í samræmi við 6. þátt.

Stofnanir skulu nota viðbótaráhættuþætti fyrir verðbólguáhættu vegna skuldagerninga þar sem sjóðstreymi er hlutfallslega háð verðbólguálaginu. Þessir viðbótaráhættuþættir skulu samanstanda af einum vektor verðbólguálagstíga sem ákvarðast af markaðinum með mismunandi binditíma fyrir hvern gjaldmiðil. Vektorinn skal innihalda fyrir hvern geming jafn marga þætti og verðbólguálagstígin sem notuð eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann geming.

5. Stofnanir skulu reikna út næmi gernings fyrir viðbótaráhættuþættinum vegna verðbólguáhættu sem um getur í 4. mgr. sem breytingu á virði gerningsins samkvæmt verðlagningarlíkani hans, sem leiðir af breytingu á hverjum þætti vektorsins um 1 grunnpunkt. Hver gjaldmiðill skal mynda aðskilinn undirflokk. Innan hvers undirflokks skulu stofnanir fara með verðbólgu sem stakan áhættuþátt, óháð fjölda þátta í hverjum vektor. Stofnanir skulu jafna allt verðbólgunæmi innan undirflokks, reiknað eins og lýst er í þessari málsgrein til að fá einfalt hreint næmi fyrir hvern undirflokk.

6. Skuldagerningar sem fela í sér greiðslur í mismunandi gjaldmiðlum skulu einnig falla undir gjaldeyrisvaxtaáhættu milli þessara gjaldmiðla. Að því er varðar aðferðina sem byggist á næmi skulu áhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota vera gjaldeyrisvaxtaáhætta hvers gjaldmiðils miðað við annaðhvort bandaríkjadala eða evru. Stofnanir skulu reikna gjaldmiðlagrunn sem hvorki tengist grunni sem miðast við bandaríkjadala eða evru annaðhvort á „grunni miðað við bandaríkjadala“ eða „grunni miðað við evru“.

Sérhver þáttur gjaldeyrisvaxtaáhættu skal samanstanda af einum vektor gjaldeyrisvaxta með mismunandi binditíma fyrir hvern gjaldmiðil. Fyrir hvern skuldagerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og fjöldi gjaldeyrisvaxta sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann geming. Hver gjaldmiðill skal mynda mismunandi undirflokk.

Stofnanir skulu reikna út næmi gernings gagnvart þætti gjaldeyrisvaxtaáhættu sem breytingu á virði gerningsins samkvæmt verðlagningarlíkani hans, sem leiðir af breytingu á hverjum þætti vektorsins um 1 grunnpunkt. Hver gjaldmiðill skal mynda aðskilinn undirflokk. Innan hvers undirflokks skulu vera tveir aðskildir áhættuþættir: grunnur með tilliti til evru og grunnur með tilliti til bandaríkjadals, óháð þeim fjölda þátta sem eru í hverjum vektor gjaldeyrisvaxta. Hámark hreins næmis í hverjum undirflokki skal vera tveir.

7. Almennu vegavaxtaáhættuþættirnir sem gilda um valrétti með undirliggjandi gerninga sem eru næmir fyrir almennu vaxtastigi skulu vera afleitt flökt viðeigandi áhættulausa vaxta eins og lýst er í 2. og 3. mgr. sem skal úthlutað undirflokkum eftir gjaldmiðli og tengt við eftirfarandi binditíma innan hvers undirflokks: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Einn undirflokkur skal vera fyrir hvern gjaldmiðil.

Með tilliti til jöfnunarsamninga skulu stofnanir telja afleitt flökt sem tengist sömu áhættulausu vöxtunum og tengt við sama binditíma mynda sama áhættuþáttinn.

Þegar stofnanir tengja afleitt flökt við binditímamann eins og um getur í þessari málsgrein skulu eftirfarandi kröfur gilda:

- a) þegar binditími valréttarins samsvarar binditíma undirliggjandi gernings skal taka tillit til eins áhættuþátta sem skal tengdur við þann binditíma,
- b) þegar binditími valréttarins er styttri en binditími undirliggjandi gernings skal taka tillit til eftirfarandi áhættuþátta sem hér segir:
 - i. fyrsti áhættuþátturinn skal tengdur við binditíma valréttarins,
 - ii. annar áhættuþátturinn skal tengdur við eftirstöðvatíma undirliggjandi gerninga á lokadagsetningu valréttarins.

8. Almennu kúrfuvaxtaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota skulu samanstanda af einum vektor áhættulausa vaxta, sem sýna sértækt áhættulaust ávöxtunarferli, á hvern gjaldmiðil. Hver gjaldmiðill skal mynda mismunandi undirflokk. Að því er varðar hvern geming skal vektorinn innihalda jafn marga þætti

og fjöldi mismunandi binditíma áhættulausra vaxta sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning.

9. Stofnanir skulu reikna næmi gerningsins gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni í samræmi við 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir telja vektora sem samsvara mismunandi ávöxtunarferlum og með sama fjölda þátta vera sama áhættuþáttinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sama gjaldmiðlinum. Stofnanir skulu jafna næmi við sama áhættuþátt. Eingöngu skal vera eitt hreint næmi á hvern undirflokk.

Krafan vegna eiginfjárgrunns skal ekki gilda um kúrfuáhættu að því er varðar verðbólgu og gjaldmiðlagrunnáhættu.

325. gr. m

Vaxtaálagshættuþættir (e. *credit spread risk (CSR)*) að því er varðar gerninga sem ekki eru verðbréfanir

1. Deltavaxtaálagshættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem ekki eru verðbréfanir sem eru næmir fyrir vaxtaálagi þeirra skulu vera vaxtaálagssstig þessara gerninga sem gilda fyrir útgefandann sem leiðir af viðkomandi skuldageringum og skuldatryggingum og tengjast hverjum eftirfarandi binditíma: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Stofnanir skulu nota einn áhættuþátt fyrir hvern útgefanda og hvern binditíma, óháð því hvort þessi vaxtaálagssstig fyrir útgefendur leiðir af skuldageringum eða skuldatryggingum. Flokka skal eftir atvinnugreinum eins og um getur í 6. þætti og hver undirflokkur skal innihalda alla áhættuþættina sem úthlutaðir eru hverjum geira.

2. Áhættuþættirnir vegna vegavaxtaálags sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem ekki eru verðbréfanir sem eru næmir fyrir vaxtaálagi skulu vera afleitt flökt vaxtaálagssstiga fyrir útgefendur undirliggjandi gerninga sem reiknað er eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. sem skulu tengjast eftirfarandi líftímum í samræmi við binditíma valréttarins sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Sömu undirflokkar skulu vera notaðir og þeir sem eru notaðir fyrir deltastuðul vaxtaálagsins vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir.

3. Kúrfuáhættuþættirnir fyrir vaxtaálag sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem ekki eru verðbréfanir skulu samanstanda af einum vektor með vaxtaálagi sem samsvarar vaxtakúrfunni fyrir þann sérstaka útgefanda. Fyrir hvern skuldagering skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og fjöldi mismunandi binditíma fyrir vaxtaálagið sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning. Sömu undirflokkar skulu vera notaðir og þeir sem eru notaðir fyrir deltastuðul vaxtaálagsins vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir.

4. Stofnanir skulu reikna næmi gerningsins gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni í samræmi við 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir meta vektora sem reiknaðir eru út frá annaðhvort viðeigandi skuldageringum eða skuldatryggingum og með mismunandi fjölda þátta sem sami áhættuþátturinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sama útgefandanum.

325. gr. n

Vaxtaálagshættuþættir fyrir verðbréfanir

1. Stofnanir skulu nota vaxtaálagshættuþætti fyrir verðbréfanir sem um getur í 3. mgr. fyrir verðbréfaðar stöður sem eru taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu (e. *alternative correlation trading portfolio (ACTP)*), eins og um getur í 6., 7. og 8. mgr. 325. gr.

Stofnanir skulu nota vaxtaálagshættuþætti fyrir verðbréfanir sem um getur í 5. mgr. fyrir verðbréfaðar stöður sem ekki eru taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu, eins og um getur í 6., 7. og 8. mgr. 325. gr.

2. Undirflokkar sem gilda um vaxtaálagshættuþætti fyrir verðbréfanir sem er að finna í óhefðbundna viðskiptasafninu skulu vera sömu undirflokkar og eru notaðir vegna vaxtaálagshættu fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir, eins og um getur í 6. þætti.

Undirflokkar sem gilda um vaxtaálagshættuþætti fyrir verðbréfanir sem ekki er að finna í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu skulu vera sérstaklega í þeim áhættuflokki, eins og um getur í 6. þætti.

3. Vaxtaálagshættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar verðbréfaðar stöður sem er að finna í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu eru sem hér segir:

- a) deltaáhættuþættirnir skulu vera viðeigandi vaxtaálagssstig útgefenda undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðbréfaðra staðna, sem leiðir af viðkomandi skuldageringum og skuldatryggingum fyrir hvern eftirfarandi binditíma: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár.

- b) vegaáhættuþættirnir sem gilda um valrétti með verðbréfuðum stöðum sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu sem undirliggjandi gerningar skulu vera afleitt flökt vaxtaálags fyrir útgefendur undirliggjandi gerninga verðbréfaðra staðna, sem er reiknað út eins og lýst er í a-lið þessarar málsgreinar, sem skulu tengdar eftirfarandi líftímum í samræmi við binditíma samsvarandi valréttum sem falla undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár.
 - c) kúrfuáhættuþættirnir skulu vera viðeigandi vaxtaálagsávöxtunarferlar fyrir útgefendur undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðbréfaðra staðna sýnt sem vektor vaxtaálags fyrir mismunandi binditíma, reiknað út eins og tilgreint er í a-lið þessarar málsgreinar; að því er hvern gerning varðar skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og það eru mismunandi binditímar vaxtaálagsstiga sem eru notaðir sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning.
4. Stofnanir skulu reikna næmi verðbréfaðra staðna gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni eins og tilgreint er í 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir meta vektora sem leiðir annaðhvort af viðeigandi skuldageringum eða skuldatryggingum og með mismunandi fjölda þátta sem sami áhættuþátturinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sama útgefandanum.
5. Vaxtaálagsáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar verðbréfaðar stöður sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu skulu vísa til áhættulaganna fremur en til áhættuálags undirliggjandi gerninga og vera sem hér segir:
- a) deltaáhættuþættirnir skulu vera viðeigandi vaxtaálagsstig fyrir áhættulagið, tengt við eftirfarandi binditíma í samræmi við binditíma áhættulagsins, 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár,
 - b) vegaáhættuþættirnir sem gilda um valrétti með verðbréfuðum stöðum sem eru ekki í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu sem undirliggjandi gerningar skulu vera afleitt flökt vaxtaálags áhættulaganna sem hvert um sig er tengt eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma valréttarins sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár,
 - c) kúrfuáhættuþættirnir skulu vera þeir sömu og lýst er í a-lið þessarar málsgreinar; sameiginleg áhættuvog skal notuð fyrir alla þessa áhættuþætti eins og um getur í 6. þætti.

325. gr. o

Hlutabréfaáhættuþættir

1. Flokkarnir fyrir alla hlutabréfaáhættu skulu vera undirflokkarnir eftir atvinnugreinum sem um getur í 6. þætti.
2. Deltaáhættuþættir hlutabréfa sem stofnanir eiga að nota skulu vera stundargengi allra hlutabréfanna og öll endurhverf hlutabréfakaup.

Að því er varðar hlutabréfaáhættu skal sérstök kúrfa endurhverfra verðbréfakaupa mynda einn áhættuþátt sem er sýndur sem vektor af vöxtum endurhverfra viðskipta fyrir mismunandi binditíma. Að því er varðar hvern gerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og fjölda mismunandi líftíma vaxta endurhverfra verðbréfakaupa sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning.

Stofnanir skulu reikna út næmi gernings gagnvart hlutabréfaáhættuþætti sem breytingu á virði gerningsins samkvæmt verðlagningarlíkani hans, sem leiðir af breytingu á hverjum þætti vektorsins um 1 grunnpunkt. Stofnanir skulu jafna næmi áhættuþátta vegna vaxta endurhverfra viðskipta sama hlutabréfatengds verðbréfs, óháð fjölda þátta í hverjum vektor.

3. Hlutabréfavegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem ekki eru hlutabréf skulu vera afleitt flökt stundargengis hlutabréfsins sem skal tengjast eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma samsvarandi valréttar sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Ekki skulu vera gerðar neinar eiginfjárgrunnskröfur vegna vegaáhættu fyrir vexti endurhverfra hlutabréfakaupa.
4. Hlutabréfakúrfuáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem eru næmir gagnvart hlutabréfi eru öll stundargengi hlutabréfsins, óháð binditíma samsvarandi valréttum. Ekki skulu vera gerðar neinar eiginfjárgrunnskröfur vegna kúrfuáhættu fyrir vexti endurhverfra hlutabréfakaupa.

325. gr. p

Hrávöruáhættuþættir

1. Flokkar fyrir alla hrávöruáhættuþætti skulu vera undirflokkarnir eftir atvinnugreinum sem um getur í 6. þætti.

2. Hrávöruáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem eru næmir gagnvart hrávöru skulu vera allt stundargengi hrávörunnar eftir tegund hennar og eftir eftirfarandi líftímum: 0,25 ár, 0,5 ár, 1 ár, 2 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár, 15 ár, 20 ár, 30 ár. Stofnanir skulu eingöngu telja tvö hrávöruverð sömu tegundar af hrávöru og með sama binditíma mynda sama áhættuþáttinn þegar lagalegir skilmálar varðandi afhendingarstaðinn eru samhljóða.

3. Hrávöruvegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem eru næmir gagnvart hrávöru skulu vera afleitt flökt hrávöruverðs sem skal tengjast eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma samsvarandi valréttar sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Stofnanir skulu telja næmi gagnvart sömu hrávöruvegund og úthlutað er sama binditíma vera einn áhættuþátt sem stofnanir skulu jafna.

4. Hrávörukúrfuáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerningum sem eru næmir gagnvart hrávöru skulu vera eitt hrávöruverð með mismunandi binditíma eftir tegund hrávöru, sýnt sem vektor. Að því er varðar hvern gerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og verð þeirrar hrávöru sem notuð eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning. Stofnanir skuli ekki aðgreina hrávöruverð eftir afhendingarstað.

Næmi gerningsins gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni skal reiknað eins og tilgreint er í 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir álíta vektora sem samsvara mismunandi fjölda þátta mynda sama áhættuþáttinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sömu hrávöruvegundinni.

325. gr. q

Gjaldmiðlaáhættuþættir

1. Deltagjaldeyrísáhættuþættir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem eru næmir gagnvart gjaldeyri skulu vera stundargengi milli gjaldmiðlanna sem gerningarnir eru tilgreindir í og gagnaskilagjaldmiðli stofnunarinnar. Einn undirflokkur skal vera fyrir hvert gjaldmiðlapar sem inniheldur einn áhættuþátt og eitt hreint næmi.

2. Gjaldmiðlavegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerningum sem eru næmir gagnvart erlendum gjaldeyri skulu vera afleitt flökt gengis milli gjaldmiðlaparanna sem um getur í 1. mgr. Þetta afleidda flökt gengis skal vera tengt eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma samsvarandi valréttar sem falla undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár.

3. Gjaldmiðlakúrfuáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerningum sem eru næmir gagnvart gjaldeyri skulu vera þeir sömu og um getur í 1. mgr.

4. Stofnanir skulu ekki þurfa að greina á milli álandsgengis- og aflandsgengisfrávika gjaldmiðils fyrir alla deltagjaldmiðla gjaldmiðils, vega- og kúrfuáhættuþætti.

2. undirþáttur

Skilgreiningar á næmi

325. gr. r

Deltaáhættunæmi

1. Stofnanir skulu reikna almennu deltaxtaáhættuþættina (e. *general interest rate risk* (GIRR)) sem hér segir:

a) næmi gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af áhættulausum vöxtum skal reiknað sem hér segir:

$$S_{r_{kt}} = \frac{V_i(r_{kt} + 0,0001, x, y \dots) - V_i(r_{kt}, x, y \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

$S_{r_{kt}}$ = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af áhættulausum vöxtum,

r_{kt} = vextir áhættulausrar kúrfu k með binditíma t ,

$V_i(\cdot)$ = verðlagningarfall gerningsins i , og

x, y = aðrir áhættuþættir en r_{kt} í verðlagningarhlutfallinu V_i ,

b) næmi gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af verðbólguáhættu og gjaldeyrsvaxtaáhættu skal reiknað sem hér segir:

$$S_{x_j} = \frac{V_i(\bar{x}_{ji} + 0,0001 \bar{I}_m, y, z \dots) - V_i(\bar{x}_{ji}, y, z \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

- S_{x_j} = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af verðbólguáhættu og gjaldeyrisvaxta-áhættu,
- \bar{x}_{ji} = vektor m þátta sem sýna afleidda verðbólguáhrif eða gjaldeyrisvaxtakúrfu fyrir tiltekinn gjaldmiðil j þar sem m er jafnt og fjöldi verðbólgu- eða gjaldeyristengdra breytna sem notaðar eru í verðlagningarfalli fyrir gerningsinn i,
- \bar{I}_m = einingarfylkið fyrir stærðina ($1 \times m$),
- $V_i(\cdot)$ = verðlagningarfall gerningsins i, og
- y, z = aðrar breytur í verðlagningarlíkaninu.

2. Stofnanir skulu reikna deltavaxtaálagspáttina fyrir allar verðbréfaðar stöður og allar stöður sem ekki eru verðbréfaðar sem hér segir:

$$S_{CS_{kt}} = \frac{V_i(CS_{kt} + 0,0001, x, y \dots) - V_i(CS_{kt}, x, y \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

- $S_{CS_{kt}}$ = næmi deltavaxtaálagspáttanna fyrir allar verðbréfaðar stöður og allar stöður sem ekki eru verðbréfaðar:
- CS_{kt} = virði vaxtaálags útgefanda j á binditíma t,
- $V_i(\cdot)$ = verðlagningarfall gerningsins i, og
- x, y = aðrir áhættuþættir en CS_{kt} í verðlagningarfallinu V_i .

3. Stofnanir skulu reikna næmi deltahlutabréfaáhættu sem hér segir:

a) næmi gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af stundargengi hlutabréfa skal reiknað sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(1,01 EQ_k, x, y, \dots) - V_i(EQ_k, x, y, \dots)}{0,01}$$

þar sem:

- s_k = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af stundargengi hlutabréfa,
- k = tiltekið hlutabréf,
- EQ_k = virði stundargengis þess hlutabréfs,
- $V_i(\cdot)$ = verðlagningarfall gerningsins i, og
- x, y = aðrir áhættuþættir en EQ_k í verðlagningarfallinu V_i ,
- b) næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af vöxtum endurhverfra verðbréfakaupa skal reiknað sem hér segir:

$$S_{x_k} = \frac{V_i(\bar{x}_{ki} + 0,0001 \bar{I}_m, y, z \dots) - V_i(\bar{x}_{ki}, y, z \dots)}{0,0001}$$

þar sem:

- S_{x_k} = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af vöxtum endurhverfra verðbréfakaupa,
- k = stuðullinn sem táknar hlutabréfið,
- \bar{x}_{ki} = vektorinn af m þáttum sem standa fyrir vaxtaferil endurhverfra verðbréfakaupa vegna tiltekins hlutabréfs k þar sem m er jafnt og fjöldi aðgerða í endurhverfum verðbréfakaupum sem samsvara mismunandi binditímum sem notaðir eru í verðlagningarlíkaninu gerningsins i,

\bar{I}_m = einingarfylkið fyrir stærðina ($1 \times m$),

$V_i(\cdot)$ = verðlagningarfall gerningsins i , og

y, z = aðrir áhættuþættir en \bar{x}_{ki} í verðlagningarfallinu V_i .

4. Stofnanir skulu reikna næmi deltahrávöruáhættu gagnvart hverjum áhættuþætti k sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(1,01 \text{ CTY}_k, \gamma, z \dots) - V_i(\text{CTY}_k, \gamma, z \dots)}{0,01}$$

þar sem:

s_k = næmi deltahrávöruáhættu,

k = tiltekinn stuðull hrávöruáhættu,

CTY_k = virði áhættuþáttar k ,

$V_i(\cdot)$ = verðlagningarfall gerningsins i , og“.

y, z = aðrir áhættuþættir en CTY_k í verðlagningarlíkani gernings i .

5. Stofnanir skulu reikna næmi deltagjaldmiðlaáhættu gagnvart hverjum áhættuþætti k sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(1,01 \text{ FX}_k, y, z \dots) - V_i(\text{FX}_k, y, z \dots)}{0,01}$$

þar sem:

s_k = næmi deltagjaldmiðlaáhættu,

k = tiltekinn þáttur gjaldmiðlaáhættu,

FX_k = virði áhættuþáttarins,

$V_i(\cdot)$ = verðlagningarfall gerningsins i , og“.

y, z = aðrir áhættuþættir en FX_k í verðlagningarlíkani gernings i .

325. gr. s

Vegaáhættunæmi

1. Stofnanir skulu reikna næmi vegaáhættu valréttar gagnvart tilteknum áhættuþætti k sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(0,01 + \text{vol}_k, x, y) - V_i(\text{vol}_k, x, y)}{0,01}$$

þar sem:

s_k = næmi vegaáhættu valréttar,

k = tiltekinn vegaáhættuþáttur sem samanstendur af afleiddu flökki,

vol_k = virði þessa áhættuþáttar sem skal tilgreint í prósentum, og

x, y = aðrir áhættuþættir en vol_k í verðlagningarfallinu V_i .

2. Ef um er að ræða áhættuflokka þar sem vegaáhættuþættir hafa líftímavídd en þar sem reglurnar til að tengja þessa áhættuþætti eiga ekki við vegna þess að þessir valréttir eru ekki með binditíma skulu stofnanir tengja þessa áhættuþætti við lengsta fyrirhugaða binditímamann. Þessir valréttir skulu falla undir eftirstæða viðbótaráhættuþætti.

3. Ef um er að ræða valrétti sem ekki eru með lausnarverð eða tálma og valrétti sem hafa mörg lausnarverð eða tálma, skulu stofnanir nota tengingu við innra lausnarverð og binditíma stofnunarinnar sem hún notar til að verðleggja valréttinn. Þessir valréttir skulu einnig falla undir eftirstæða viðbótaráhættuþætti.

4. Stofnanir skulu ekki reikna vegaáhættu fyrir verðbréfunarlög sem eru í óhefðbundna fylgniviðskipta-safninu, eins og um getur í 6. 7. og 8. mgr. 325. gr. sem ekki eru með afleitt flökt. Kröfur vegna eiginfjár-grunns fyrir delta- og kúrfuáhættu skulu reiknaðar fyrir þessi verðbréfunarlög.

325. gr. t

Kröfur um útreikning á næmi

1. Stofnanir skulu meta næmi út frá verðlagningarlíkönum stofnananna sem mynda grundvöll fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnar með því að nota formúlurnar sem settar eru fram í þessum undirþætti.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnun, sem fengið hefur leyfi til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b, noti verðlagningarfall í áhættumatskerfinu samkvæmt eiginlíkansaðferð þeirra við útreikning á næmi samkvæmt þessum kafla fyrir útreikning og skýrslugjöf um kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við 3. mgr. 430. gr. b.

2. Þegar stofnanir reikna deltaáhættunæmi gerninga með valrétti eins og um getur í a-lið 2. mgr. 325. gr. e mega þær gera ráð fyrir að áhættuþáttur afleidds flökts haldist stöðugur.

3. Við útreikning á vegaáhættunæmi gerninga með valrétti eins og um getur í b-lið 2. mgr. 325. gr. e gilda eftirfarandi kröfur:

- a) að því er varðar almenna vaxtaáhættu og vaxtaálagsáhættu skulu stofnanir gera ráð fyrir, að því er hvern gjaldmiðil varðar, að undirliggjandi gerningur fyrir áhættuþætti flökts þar sem vegaáhætta er reiknuð sé annaðhvort samkvæmt log-normal dreifingu eða eðlilegri dreifingu í verðlagningarlíkaninu sem er notað fyrir þessa gerninga,
- b) að því er varðar hlutabréfaáhættu, hrávöruáhættu og gjaldmiðlaáhættu skulu stofnanir gera ráð fyrir því að undirliggjandi gerningur fyrir áhættuþætti flökts þar sem vegaáhætta er reiknuð sé samkvæmt log-normal dreifingu í verðlagningarlíkaninu sem er notað fyrir þessa gerninga.

4. Stofnanir skulu reikna allt næmi nema fyrir næmi gagnvart leiðréttingu á útlánavirði.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. má stofnun, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda, nota aðrar skilgreiningar á deltaáhættunæmi við útreikninginn á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðu í veltubók samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að stofnanirnar uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) þessar óhefðbundnu skilgreiningar séu notaðar fyrir innri áhættustýringu og fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnarinnar af hálfu óháðrar áhættustýrieiningar innan stofnunarinnar,
- b) að stofnunin sýni fram á að þessar óhefðbundnu skilgreiningar eigi betur við til að fanga næmið fyrir stöðuna heldur en formúlurnar sem settar eru fram í þessum undirþætti og að næmið sem þar af leiðir viki í meginatriðum ekki frá þessum formúlum.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. má stofnun, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda, nota veganæmi á grundvelli línulegrar umbreytingar á óhefðbundnum skilgreiningum á næmi við útreikninginn á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðu í veltubók samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að stofnanirnar uppfylli bæði eftirfarandi skilyrði:

- a) þessar óhefðbundnu skilgreiningar eru notaðar fyrir innri áhættustýringu og fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnarinnar af hálfu óháðrar áhættustýrieiningar innan stofnunarinnar,
- b) að stofnunin sýni fram á að þessar óhefðbundnu skilgreiningar eigi betur við til að fanga næmið fyrir stöðuna heldur en formúlurnar sem settar eru fram í þessum undirþætti og að línulega umbreytingin sem um getur í fyrstu undirgrein endurspeglar vegaáhættunæmið.

4. þáttur

Viðbótin fyrir eftirstæða áhættuþætti

325. gr. u

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti

1. Til viðbótar við kröfurnar um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu sem settar eru fram í 2. þætti skulu stofnanir beita viðbótarkröfum um eiginfjárgrunn gagnvart gerningum sem eru óvarðir fyrir eftirstæðum áhættuþáttum í samræmi við þessa grein.

2. Gerningar teljast vera óvarðir fyrir eftirstæðum áhættuþáttum ef þeir uppfylla einhver eftirtalin skilyrði:

- a) gerningarnir varða framandi undirliggjandi gerninga sem, í skilningi þessa kafla, merkir gerning í veltubók sem varðar undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem ekki fellur undir delta-, vega- eða kúrfuáhættuútreikning samkvæmt aðferðinni sem byggist á næmi og mælt er fyrir um í 2. þætti eða kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna vanskilaáhættu sem settar eru fram í 5. þætti,

- b) gerningurinn er gerningur sem felur í sér aðra eftirstæða áhættuþætti sem í skilningi þessa kafla merkir einhver af eftirfarandi gerningum:
- i. gerningar sem falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir vega- og kúrfuáhættu samkvæmt næmisaðferðinni sem sett er fram í 2. þætti og sem skapa tekjur sem ekki er hægt að líkja nákvæmlega eftir sem endanlega línulega samsetningu hefðbundinna valréttá á einu undirliggjandi hlutabréfaverði, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, skuldabréfaverði, skuldatryggingaverði eða vaxtaskiptaverði,
 - ii. gerningar sem eru stöður sem felldar eru inn í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið sem um getur í 6. mgr. 325. gr.; ekki skal telja með í því safni áhættuvarnir sem um getur í 8. mgr. 325. gr.
3. Stofnanir skulu reikna viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í 1. mgr. sem summu heildargrundvallarfjárhæða gerninganna sem um getur í 2. mgr. margfaldaða með eftirfarandi áhættuvogum:
- a) 1,0% ef um er að ræða gerninga sem um getur á a-lið 2. mgr.,
 - b) 0,1% ef um er að ræða gerninga sem um getur á b-lið 2. mgr.
4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stofnun ekki beita kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti gagnvart gerningi sem uppfyllir eitthvert eftirtalinnu skilyrða:
- a) gerningurinn er skráður á viðurkenndum verðbréfamarkaði,
 - b) gerningurinn er hæfur fyrir miðlæga stöðustofnun í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012,
 - c) gerningurinn jafnar fullkomlega út markaðsáhættu annarrar stöðu í veltubókinni, og í því tilviki skulu þessar tvær fullkomlega jöfnuðu stöður í veltubókinni vera undanþegnar kröfunni vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvað framandi undirliggjandi gerningur er og hvaða gerningar eru gerningar með eftirstæða áhættuþætti í skilningi 2. mgr.

Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semur þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal hún skoða hvort áhætta vegna langs binditíma, veðurs, náttúruhamfara og raunverulegs óstöðugleika í framtíðinni ættu að teljast vera framandi undirliggjandi gerningar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. þáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu

325. gr. v

Skilgreiningar og almenn ákvæði

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - a) „stutt áhættuskuldbinding“: vanefnd af hálfu útgefanda eða hóps útgefanda leiðir til hagnaðar fyrir stofnunina óháð tegund gernings eða viðskipta sem mynda áhættuskuldbindinguna,
 - b) „löng áhættuskuldbinding“: vanefnd af hálfu útgefanda eða hóps útgefanda leiðir til taps fyrir stofnunina óháð tegund gernings eða viðskipta sem mynda áhættuskuldbindinguna,
 - c) „brúttófjárhæð skyndilegra vanefnda (brúttó JTD fjárhæð)“: vænt umfang taps eða hagnaðar sem vanefnd loforðsgjafa myndi hafa á tiltekna áhættuskuldbindingu,
 - d) „nettófjárhæð skyndilegra vanefnda (nettó JTD fjárhæð)“: vænt umfang taps eða hagnaðar hjá stofnun vegna vanefnda loforðsgjafa eftir að samjöfnun milli brúttó JTD fjárhæða hefur farið fram,
 - e) „tap að gefnum vanefndum eða LGD“: tap að gefnum vanefndum lántakanda af gerningi sem gefinn er út af þeim loforðsgjafa sýnt sem hluti af grundvallarfjárhæð gerningsins,
 - f) „vægi vanskilaáhættu“: hundraðshlutfallið sem sýnir áætlaðar líkur á vanefndum hvers lántakanda, í samræmi við lánshæfi þess loforðsgjafa.
2. Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu skal gilda um skulda- og hlutabréfagerninga, afleiðugerninga sem eru með þessa gerninga sem undirliggjandi gerninga, þar sem afborganir og

gangvirði verða fyrir áhrifum vegna vanefnda loforðsgjafa sem ekki er mótaðili á sjálfum afleiðugerningnum. Stofnanir skulu reikna vanskilaáhættukröfur aðskilið fyrir hverja eftirfarandi tegund gerninga: gerninga sem ekki eru verðbréfanir, verðbréfanir sem ekki eru felldar inn í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið og verðbréfanir sem eru felldar inn í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið. Endanlegar kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu sem stofnanir eiga að nota skulu vera samtala þessara þriggja þátta.

1. undirþáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir

325. gr. w

Brúttófjárhæðir skyndilegra vanefnda

1. Stofnanir skulu reikna brúttó JTD fjárhæðir fyrir hverja langa áhættuskuldbindingu gagnvart skuldagerningum sem hér segir:

$$JTD_{\text{long}} = \max \{LGD V_{\text{notional}} + P\&L_{\text{long}} + \text{Adjustment}_{\text{long}}; 0\}$$

þar sem:

- JTD_{long} = brúttó JTD fjárhæð fyrir löngu áhættuskuldbindinguna;
- V_{notional} = grundvallarfjárhæð gerningsins sem áhættuskuldbindingin stafar af;
- $P\&L_{\text{long}}$ = liður sem leiðréttir fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með vegna breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar gnóttstöðuáhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki; og
- $\text{Adjustment}_{\text{long}}$ = þegar gerningurinn sem áhættuskuldbinding stafar af er afleiðugerningur, fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi auka eða draga úr tapi stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert tap af undirliggjandi gerningi; aukning skal færð inn í formúluna með jákvæðu formerki og lækkanir skulu færðar inn í formúluna með neikvæðu formerki.

2. Stofnanir skulu reikna brúttó JTD fjárhæðir fyrir hverja stutta áhættuskuldbindingu gagnvart skuldagerningum sem hér segir:

$$JTD_{\text{short}} = \min \{LGD V_{\text{notional}} + P\&L_{\text{short}} + \text{Adjustment}_{\text{short}}; 0\}$$

þar sem:

- JTD_{short} = brúttó JTD fjárhæðin fyrir stuttu áhættuskuldbindinguna,
- V_{notional} = grundvallarfjárhæð gerningsins sem áhættuskuldbindingin stafar af skal færð inn í formúluna með neikvæðu formerki;
- $P\&L_{\text{short}}$ = tákni sem er aðlagð er fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með í kjölfar breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar löngu áhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki;
- $\text{Adjustment}_{\text{short}}$ = þegar gerningurinn sem áhættuskuldbinding stafar af er afleiðugerningur, fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi hækka eða lækka hagnað stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert tap af undirliggjandi gerningi; lækkanir skulu færðar inn í formúluna með jákvæðu formerki og hækkanir skulu færðar inn í formúluna með neikvæðu formerki.

3. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 1. og 2. gr. skal tap að gefnum vanefndum að því er varðar skuldagerninga sem stofnanir eiga að nota vera sem hér segir:

- a) áhættuskuldbindingar gagnvart skuldagerningum sem ekki eru forgangsskuldagerningar skulu fá 100% LGD,
- b) áhættuskuldbindingar gagnvart skuldagerningum sem eru forgangsskuldagerningar skulu fá 75% LGD,

- c) áhættuskuldbindingar gagnvart sértryggðum skuldabréfum sem um getur í 129. gr. skulu fá 25% LGD,
4. Að því er varðar útreikningana sem settir eru fram í 1. og 2. mgr. skulu grundvallarfjárhæðir ákvarðaðar sem hér segir:
- a) að því er varðar skuldabréf þá er grundvallarfjárhæðin nafnvirði skuldabréfsins,
- b) að því er varðar seldan söluverð á skuldabréfi er grundvallarfjárhæðin grundvallarfjárhæð réttarins, að því er varðar keyptan kaupverð á skuldabréfi er grundvallarfjárhæðin 0.
5. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfagerninga skulu stofnanir reikna brúttó JTD fjárhæðina sem hér segir:

$$JTD_{\text{long}} = \max \{LGD V_{\text{notional}} + P\&L_{\text{long}} + \text{Adjustment}_{\text{long}}; 0\}$$

$$JTD_{\text{short}} = \min \{LGD V_{\text{notional}} + P\&L_{\text{short}} + \text{Adjustment}_{\text{short}}; 0\}$$

þar sem:

- JTD_{long} = brúttó JTD fjárhæð fyrir gnóttstöðuáhættuskuldbindinguna,
- JTD_{short} = brúttó JTD fjárhæð fyrir stuttu áhættuskuldbindinguna, og
- V_{notional} = grundvallarfjárhæð gerningsins sem áhættuskuldbindingin stafar af; grundvallarfjárhæðin er gangvirði hlutabréfsins fyrir gerninga í reiðufé; fyrir JTD_{short} formúluna skal grundvallarfjárhæð gerningsins færð inn í formúluna með neikvæðu formerki;
- $P\&L_{\text{long}}$ = liður sem leiðréttir fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með vegna breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar gnóttstöðuáhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki;
- $\text{Adjustment}_{\text{long}}$ = fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi auka eða draga úr tapi stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert tap af undirliggjandi gerningi; aukning skal færð inn í formúluna með jákvæðu formerki og lækkun skal færð inn í formúluna með neikvæðu formerki;
- JTD_{short} = brúttó JTD fjárhæðin fyrir skortstöðuáhættuskuldbindinguna;
- $P\&L_{\text{short}}$ = liður sem leiðréttir fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með vegna breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar skortstöðuáhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki;
- $\text{Adjustment}_{\text{short}}$ = fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi hækka eða lækka hagnað stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert taps af undirliggjandi gerningi; lækkunir skulu færðar inn í formúluna með jákvæðu formerki og lækkunir skulu færðar inn í formúluna með neikvæðu formerki.“

6. Stofnanir skulu úthluta hlutabréfagerningum 100% LGD að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 5. mgr.

7. Ef um er að ræða áhættuskuldbindingar gagnvart vanskilaáhættu, sem stafar af afleiðugerningum með afborganir sem við vanefndir loforðsgjafans eru ekki tengdar grundvallarfjárhæð tiltekins gernings sem gefinn er út af þeim loforðsgjafa eða LGD loforðsgjafanum eða gerningur sem gefinn er út af þeim loforðsgjafa, skulu stofnanir nota aðrar aðferðir til að meta brúttó JTD fjárhæðir.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) hvernig stofnanir skulu ákvarða þættina $P\&L_{\text{long}}$, $P\&L_{\text{short}}$, $\text{Adjustment}_{\text{long}}$ og $\text{Adjustment}_{\text{short}}$ við útreikning JTD fjárhæðar fyrir mismunandi tegundir gerninga í samræmi við þessa grein,
- b) hvaða aðrar aðferðir stofnanir eiga að nota að því er varðar ákvörðunina á brúttó JTD fjárhæðunum sem um getur í 7. mgr.,
- c) grundvallarfjárhæðir gerninga annarra en þeirra en þeim sem um getur í a- og b-lið 4. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. x

Nettófjárhæðir skyndilegra vanefnda

1. Stofnanir skulu reikna nettó JTD fjárhæðir með því að jafna brúttó JTD fjárhæðum stuttra áhættuskuldbindinga á móti löngum áhættuskuldbindingum. Einungis skal vera hægt að jafna saman áhættuskuldbindingum gagnvart sama loforðsgjafanum þegar stuttu áhættuskuldbindingarnar hafa sama forgang eða minni forgang en löngu áhættuskuldbindingarnar.
2. Samjöfnunin skal annaðhvort gerð til fulls eða að hluta til, allt eftir binditíma samjafnaðra áhættuskuldbindinga:
 - a) samjöfnunin skal vera gerð til fulls ef allar samjafnaðar áhættuskuldbindingar hafa eins árs binditíma eða meira,
 - b) samjöfnunin skal vera gerð að hluta til ef a.m.k. ein af samjöfnuðum áhættuskuldbindingum hafa minna en eins árs binditíma en í því tilviki skal umfang JTD fjárhæðar hverrar áhættuskuldbindingar með styttri en eins árs binditíma margfölduð með hlutfallinu milli binditíma áhættuskuldbindingarinnar og eins árs.
3. Ef ekki er hægt að jafna neinum stöðum skulu brúttó JTD fjárhæðir samsvara nettó JTD fjárhæðum ef um er að ræða áhættuskuldbindingar með eins árs binditíma eða lengri binditíma. Brúttó JTD fjárhæðir með styttri binditíma en eitt ár skulu margfaldaðar með hlutfallinu milli binditíma áhættuskuldbindingarinnar og eins árs, með að lágmarki þremur mánuðum, til að reikna út nettó JTD fjárhæðir.
4. Að því er varðar 2. og 3. mgr. skal taka mið af binditíma afleiðusamninganna fremur en undirliggjandi samninga þeirra. Áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa í reiðufé skulu fá úthlutaðan binditíma til annaðhvort eins árs eða þriggja mánaða, sem stofnuninni er frjálst að ákveða.

325. gr. y

Útreikningur á eiginfjárgrunnskrofum að því er varðar vanskilaáhættu

1. Nettó JTD fjárhæðir, óháð tegund mótaðila, skulu margfaldaðar með vægi vanskilaáhættu sem samsvavar láns hæfi þeirra eins og tilgreint er í töflu 2:

Tafla 2

Lánshæfismatsflokkur	Vægi vanskilaáhættu
Lánshæfisþrep 1	0,5%
Lánshæfisþrep 2	3%

Lánshæfismatsflokkur	Vægi vanskilaáhættu
Lánshæfisþrep 3	6%
Lánshæfisþrep 4	15%
Lánshæfisþrep 5	30%
Lánshæfisþrep 6	50%
Ómetið	15%
Í vanskilum	100%

2. Áhættuskuldbindingar sem myndu fá 0% áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu í samræmi við 2. kafla II. bólsks skulu fá 0% áhættuvog vegna krafna um eiginfjárgrunn að því er varðar vanskilaáhættu.

3. Vegin nettó JTD skal færð í eftirfarandi undirflokk: félög, ríki og sveitarfélög.

4. Vegnar nettó JTD fjárhæðir skulu lagðar saman í hverjum undirflokki í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$DRC_b = \max \{ (\sum_{i \in \text{long}} RW_i \cdot \text{net JTD}_i) - WtS \cdot (\sum_{i \in \text{short}} RW_i \cdot |\text{net JTD}_i|); 0 \}$$

þar sem:

DRC_b = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir undirflokk b,

i = stuðullinn sem tilgreinir gerninginn sem tilheyrir undirflokki b,

RW_i = áhættuvogin, og

WtS = hlutfallið fyrir útreikning á hagnað að því er varðar áhættuvarnartengsl innan undirflokks sem skal reiknaður sem hér segir:

$$WtS = \frac{\sum \text{netJTD}_{\text{long}}}{\sum \text{netJTD}_{\text{long}} + \sum |\text{netJTD}_{\text{short}}|}$$

Að því er varðar útreikninginn skulu DRC_b og WtS , gnóttstöður og skortstöður lagðar saman fyrir allar stöður innan undirflokks, óháð lánshæfisþrepinu sem þessum stöðum er úthlutað á, til að fá kröfu um eiginfjárgrunn fyrir hvern undirflokk að því er varðar vanskilaáhættu.

5. Endanleg krafa um eiginfjárgrunn að því er varðar vanskilaáhættu fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir skulu reiknaðar sem einföld summa af kröfum um eiginfjárgrunn innan hvers undirflokks.

2. undirþáttur

Kröfur um eiginfjárgrunn fyrir vanskilaáhættum að því er varðar verðbréfanir sem ekki eru í óhefðbundna fylgiviðskiptasafninu

325. gr. z

Fjárhæðir skyndilegra vanefnda

1. Brúttófjárhæðir skyndilegra vanefnda að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar skulu vera markaðsvirði þeirra, eða ef markaðsvirði er ekki tiltækt gangvirði þeirra sem ákvarðað er í samræmi við viðeigandi reikningskilaumgjörð.

2. Nettófjárhæðir skyndilegra vanefnda skulu ákvarðaðar með því að jafna brúttófjárhæðum skyndilegra vanefnda að því er varðar langar áhættuskuldbindingar á móti skyndilegum vanefndum á stuttum áhættuskuldbindingum. Samjöfnunin getur eingöngu verið gerð milli verðbréfaðra staðna með sama undirliggjandi eignasafn og tilheyrir sama áhættulagi. Engin samjöfnun skal heimil milli verðbréfaðra staðna með mismunandi undirliggjandi eignasöfn, jafnvel þegar tengi- og aftengipunktur (e. *attachment and detachment points*) eru þeir sömu.

3. Þegar hægt er að líkja fullkomlega eftir öðrum fyrirliggjandi verðbréfuðum stöðum með því að sundurliða eða sameina fyrirliggjandi verðbréfaðar stöður, burtséð frá lífímavíddinni, má nota áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af þessari sundurliðun eða sameiningu í staðinn fyrir fyrirliggjandi áhættuskuldbindingar til þess að jafna saman stöðurnar.

4. Þegar hægt er að líkja fullkomlega eftir allri áhættuuppbyggingu í fyrirliggjandi verðbréfaðri stöðu með því að sundurliða eða sameina fyrirliggjandi verðbréfaðar stöður í undirliggjandi nöfnum má nota áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af þessari sundurliðun eða sameiningu í staðinn fyrir fyrirliggjandi áhættuskuldbindingar til þess að jafna saman stöðurnar. Þegar undirliggjandi nöfn eru notuð á þennan hátt skulu þau fjarlægð úr meðferðinni á vanskilaáhættu sem varða gerninga sem ekki eru verðbréfanir. Þegar undirliggjandi nöfn eru notuð á þennan hátt skulu þau fjarlægð úr meðferðinni á vanskilaáhættu sem varða gerninga sem ekki eru verðbréfanir.

5. Ákvæði 325. gr. x gilda bæði um fyrirliggjandi verðbréfaðar áhættuskuldbindingar og verðbréfaðar skuldbindingar sem notaðar eru í samræmi við 3. eða 4. mgr. þessarar greinar. Viðeigandi binditímar skulu vera þeir sem eiga við um verðbréfuð áhættulög.

325. gr. aa

Útreikningur á eiginfjárgrunnskrofum að því er varðar vanskilaáhættu fyrir verðbréfanir

1. Nettó JTD fjárhæðir verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu margfaldaðar með 8% af áhættuvoginni sem notuð er fyrir viðeigandi áhættuskuldbindingar, þ.m.t. einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir (e. *STS-securitisations*) í fjárfestingarþóttinum í samræmi við forgangsröðun aðferðanna sem um getur í 3. þætti 5. kafla II. bálks og án tillits til tegundar mótaðila.

2. Eins árs binditími skal notaður fyrir öll áhættulög, þar sem áhættuvogir eru reiknaðar í samræmi við SEC-IRBA og SEC-ERBA.

3. Áhættuvegnar JTD fjárhæðir fyrir einstakar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar í reiðufé sem takmarkast við gangvirði stöðunnar.

4. Áhættuvegnar nettó JTD fjárhæðir skulu færðar í eftirfarandi undirflokk:

- a) einn sameiginlegan undirflokk fyrir öll félög, óháð landsvæðinu,
- b) 44 mismunandi undirflokkar sem samsvara einum undirflokki fyrir hvern af þeim 11 eignaflokkum sem skilgreindir eru í annari undirgrein.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina þá eru 11 eignarflokkarnir eignatryggð skammtímaabréf (e. *asset-backed commercial paper*, ABCP), bílalan/-leiga, verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði (e. *residential mortgage-backed securities*, RMBS), kreditkort, verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði (e. *commercial mortgage-backed securities*, CMBS), lánavafningar (e. *collateralised loan obligations*, CLO), skuldavafningar (e. *collateralised debt obligations squared*, CDO-squared), lítil og meðalstór fyrirtæki, námslán, aðrar skuldbindingar gagnvart viðskiptavinum, smásölu eða heildsölu. Landsvæðin fjögur eru Asía, Evrópa, Norður-Ameríka og aðrir heimshlutar.

5. Til þess að flokka verðbréfaða skuldbindingu í undirflokk skulu stofnanir nota flokkun sem almennt er notuð á markaðinum. Stofnanir skulu flokka hverja verðbréfaða stöðu í aðeins einn af þeim undirflokkum sem um getur í 4. mgr. Allar verðbréfaðar stöður sem stofnun getur ekki flokkað í undirflokk fyrir eignaflokk eða landsvæði skulu flokkaðar í eignaflokkinn „aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart smásöluviðskiptavinum“ eða aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart heildsöluviðskiptavinum, eða landsvæðið „aðrir heimshlutar“, eftir því sem við á.

6. Vegnar nettó JTD fjárhæðir skulu lagðar saman í hverjum undirflokki á sama hátt og þegar um er að ræða vanskilaáhættu vegna áhættuskuldbindinga sem ekki eru verðbréfaðar með því að nota formúluna í 4. mgr. 325. gr. y, og þannig fæst eiginfjárgrunnskrafa að því er varðar vanskilaáhættu fyrir hvern undirflokk.

7. Endanleg eiginfjárgrunnskrafa að því er varðar vanskilaáhættu fyrir verðbréfanir sem ekki eru felldar inn í fylgniviðskiptasafnið skal reiknuð sem einföld summa af eiginfjárgrunnskrofunum innan hvers undirflokks.

3. undirþáttur

Eiginfjárgrunnskrofur að því er varðar vanskilaáhættu vegna verðbréfananna sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

325. gr. ab

Gildissvið

1. Að því er varðar óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið skulu eiginfjárgrunnskrofur taka til vanskilaáhættu vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og áhættuvarna áhættuskuldbindinga sem ekki eru verðbréfanir. Þessar áhættuvarnar skal ekki taka með í útreikningum á vanskilaáhættu fyrir áhættuskuldbindingar sem ekki eru verðbréfanir. Það skal ekki vera neinn fjölþættingarábati milli eiginfjárgrunnskrafa að því er

varðar vanskilaáhættu vegna gerninga sem eru ekki verðbréfanir, eiginfjárgrunnskrafna að því er varðar vanskilaáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í fylgniviðskiptasafninu og eiginfjárgrunnskrafna að því er varðar vanskilaáhættu vegna verðbréfana sem eru í fylgniviðskiptasafninu.

2. Að því er varðar útlána- og hlutabréfaafleiður sem viðskipti eru höfð með án verðbréfunar þá ákvarðast JTD fjárhæðir fyrir einstaka hluta með því að nota gegnsæisaðferðina.

325. gr. ac

Fjárhæðir skyndilegra vanefnda að því er varðar óhefðbundið fylgniviðskiptasafn

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sundurliðun með verðlagningarlíkani“: það að meta þátt eins aðila í verðbréfun sem mismuninn á óskilyrtu virði verðbréfunarinnar og skilyrtu virði verðbréfunarinnar þannig að gert sé ráð fyrir því að vanskil þess hluta sem tilheyrir einum aðila sé 100% tap að gefnum vanefndum;
- „eftirlíking“: það að sameina einstaka verðbréfaða áhættulagsstuðla til þess að líkja eftir öðru áhættulagi af sömu vísitöluröð eða til að líkja eftir stöðu án áhættulags í vísitöluröðinni,
- „sundurliðun“: eftirlíking vísitölu með verðbréfun þar sem undirliggjandi áhættuskuldbinding í safninu er eins og áhættuskuldbinding eins aðila sem myndar vísitöluna.

2. Brúttó JTD fjárhæðir verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og áhættuskuldbindinga sem ekki eru verðbréfaðar í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu skal vera markaðsvirði þeirra, eða ef markaðsvirði er ekki tiltækt gangvirði þeirra sem ákvarðað er í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

3. Meðhöndla skal afurðir sem byggjast á n-ta vanskilaaðila sem lagskiptar afurðir með eftirfarandi tengi- og aftengipunktum:

- attachment point = $(N - 1) / \text{Total Names}$,
- detachment point = $N / \text{Total Names}$,

þar sem „Total Names“ skal vera heildartala nafna í undirliggjandi undirflokki eða safni.

4. Nettó JTD fjárhæðir skal ákvarða með því að jafna brúttó JTD fjárhæðum á móti brúttó JTD fjárhæðum stuttra áhættuskuldbindinga. Jöfnun skal eingöngu möguleg milli áhættuskuldbindinga sem eru eins burtséð frá binditíma. Jöfnun getur eingöngu verið framkvæmd sem hér segir:

- Að því er varðar vísitölur, vísitöluáhættulög og sérsniðin áhættulög skal jöfnun vera möguleg þvert á binditíma innan sömu vísitöluþjölkskyldu, röð og áhættulagi með fyrirvara um ákvæði um áhættuskuldbindingar með styttri binditíma en eitt ár sem um getur í 325. gr. x; brúttó JTD fjárhæðir fyrir langar áhættuskuldbindingar og brúttó JTD fjárhæðir fyrir stuttar áhættuskuldbindingar sem líkja fullkomlega eftir hver annari má jafna með sundurliðun á sambærilegar áhættuskuldbindingar undir einu nafni með því að nota verðlagningarlíkani; í slíkum tilvikum skal summa brúttó JTD fjárhæða undir einum aðila sem samsvarar áhættuskuldbindingum sem fást með sundurliðun vera jöfn brúttó JTD fjárhæðum áhættuskuldbindingar sem ekki hafa verið sundurliðaðar,
- jöfnun með sundurliðun eins og sett er fram í a-lið skal ekki heimiluð fyrir endurverðbréfanir eða verðbréfaðar afleiður,
- að því er varðar vísitölur og áhættuálgsvísitölur skal jöfnun vera möguleg milli binditíma innan sömu vísitöluþjölkskyldu, röð eða áhættuálagi með eftirlíkingu eða með sundurliðun; þegar langar áhættuskuldbindingar og stuttar áhættuskuldbindingar eru á annan hátt jafngildar, burtséð frá einum eftirstöðupætti skal jöfnun heimil og nettó JTD fjárhæðin skal endurspegla eftirstæða áhættuskuldbindingu,
- mismunandi áhættulög í sömu vísitöluröð, mismunandi raðir sömu vísitölu og mismunandi vísitöluþjölkskyldur má ekki nota til að jafna hverja aðra.

325. gr. ad

Útreikningur á eiginfjárgrunskröfum að því er varðar vanskilaáhættu fyrir óhefðbundið fylgniviðskiptasafn

1. Nettó JTD fjárhæðir skulu margfaldaðar með:

- að því er varðar afurðir sem skipt er í áhættulög (e. *tranches*), vægi vanskilaáhættu sem samsvarar lánshæfi þeirra eins og tilgreint er í 1. og 2. mgr. 325. gr. y,
- að því er varðar afurðir sem ekki er skipt í áhættulög, vægi vanskilaáhættu sem um getur í 1. mgr. 325. gr. aa.

2. Áhættuvegnar nettó JTD fjárhæðir skulu settar í undirflokka sem samsvara vísitölu.
3. Vegnar nettó JTD fjárhæðir skulu lagðar saman innan hvers undirflokks í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$DRC_b = \max \{ (\sum_{i \in \text{long}} RW_i \cdot \text{net JTD}_i) - WtS_{ACTP} \cdot (\sum_{i \in \text{short}} RW_i \cdot |\text{net JTD}_i|); 0 \}$$

þar sem:

DRC_b = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir undirflokk b,

i = gerningur sem tilheyrir undirþætti b, og

WtS_{ACTP} = hlutfallið fyrir færslu á hagnaði fyrir áhættuvarnartengsl innan undirflokks sem skal reiknað í samræmi við WtS formúluna sem sett er fram í 4. mgr. 325. gr. en með löngum stöðum og stuttum stöðum þvert á allt óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið en ekki aðeins stöðurnar í viðkomandi undirflokki.

4. Stofnanir skulu reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir vanskilaáhættu fyrir óhefðbundið fylgniviðskiptasafn með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$DRC_{ACTP} = \max \left\{ \sum_b (\max\{DRC_b, 0\} + 0,5 \cdot \min\{DRC_b, 0\}); 0 \right\}$$

þar sem:

DRC_{ACTP} = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið, og

DRC_b = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir undirflokk b.

6. þáttur

Áhættuvogir og fylgni

1. undirþáttur

Deltaáhættuvogir og fylgni

325. gr. ae

Áhættuvogir fyrir almenna vaxtaáhættu

1. Að því er varðar gjaldmiðla sem ekki eru settir í undirflokkinn fyrir auðseljanlegustu gjaldmiðlana eins og um getur í b-lið 7. mgr. 325. gr. bd, skal áhættuvægi fyrir næmið gagnvart áhættulausum áhættuvaxtaþáttum fyrir hvern undirflokk í töflu 3 vera tilgreint samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.

Tafla 3

Undirflokkur	Binditími
1	0,25 ár
2	0,5 ár
3	1 ár

Undirflokkur	Bindítími
4	2 ár
5	3 ár
6	5 ár
7	10 ár
8	15 ár
9	20 ár
10	30 ár

2. Sameiginleg áhættuvog bæði fyrir allt næmi gagnvart verðbólguáhættuþáttum og gjaldeyrisvaxta-áhættuþáttum skal tilgreint í framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.

3. Að því er varðar gjaldmiðlana sem eru settir í undirflokkinn fyrir auðseljanlegustu gjaldmiðlana eins og um getur í b-lið 7. mgr. 325. gr. bd og innlendan gjaldmiðil stofnunarinnar skal áhættuvægi vaxtaáhættu- lausa áhættuþáttarins vera áhættuvægið sem um getur í töflu 3 deilt með $\sqrt{2}$,

325. gr. af

Fylgni innan undirflokks fyrir almenna vaxtaáhættu

1. Milli tveggja veginna næmisþátta fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og WS_l innan sama undirflokks sem úthlutað er sama binditíma en sem samsvara mismunandi kúrfum skal fylgnin ρ_{kl} fastsett við 99,90%.

2. Milli tveggja veginna næmisþátta fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og WS_l innan sama undirflokks sem samsvara sömu kúrfu en hafa mismunandi binditíma skal fylgnin fastsett í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\max \left[e^{\left(-\theta \frac{|T_k - T_l|}{\min\{T_k, T_l\}} \right)} ; 40\% \right]$$

þar sem:

T_k (respectively T_l) = binditíminn sem tengist áhættulausum vöxtum,

θ = 3%

3. Milli tveggja veginna næmisþátta fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og WS_l innan sama undirflokks sem samsvara mismunandi kúrfum og hafa mismunandi binditíma skal fylgnin ρ_{kl} vera jöfn fylgnistikanum sem tilgreindur er í 2. mgr., margfölduð með 99,90%.

4. Milli hvers tiltekins vegins næmisþátta fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og hvers tiltekins vegins næmisþátta fyrir verðbólguvaxtaþátt WS_l skal fylgnin fastsett við 40%.

5. Milli hvers tiltekins næmisþátta fyrir gjaldeyrisvaxtaáhættu WS_k og hvers tiltekins næmisþátta fyrir almenna þætti vaxtaáhættu WS_l , að meðtöldum öðrum þætti gjaldeyrisvaxtaáhættu skal fylgnin fastsett við 0%.

325. gr. ag

Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar almenna vaxtaáhættuþætti

1. Breytan $\gamma_{bc} = 50\%$ skal notuð til að leggja saman áhættuþætti sem tilheyra mismunandi undirflokkum.

2. Breytan $\gamma_{bc} = 80\%$ skal notuð til að leggja saman vaxtaáhættuþætti sem byggjast á gjaldmiðlum eins og um getur í 3. mgr. 325. gr. av og vaxtaáhættuþætti sem byggjast á evru.

325. gr. ah

Áhættuvogir fyrir vaxtaálagsáhættu fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir

1. Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart vaxtaálagsþáttum fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir skulu vera þær sömu fyrir alla binditíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár) innan hvers undirflokks í töflu 4:

Tafla 4

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein	Áhættuvog (prósentustig)
1	Allir	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis	0,50%
2	Lánshæfisþrep 1 til 3	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.	0,5%
3		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar	1,0%
4		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána	5,0%
5		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám	3,0%
6		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	3,0%
7		Tækni og fjarskipti	2,0%
8		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	1,5%
9		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í aðildarríkjum	1,0%
11		Lánshæfisþrep 4 til 6	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.
12	Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar		4,0%
13	Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána		12,0%
14	Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám		7,0%
15	Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta		8,5%
16	Tækni og fjarskipti		5,5%
17	Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi		5,0%
18	Aðrar atvinnugreinar		

2. Til að fella áhættuskuldbindingu undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu fella útgefendur undir eingöngu einn flokk í undirflokkinum eftir atvinnugreinum í töflu 4. Áhættuskuldbindingar frá útgefanda sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í undirflokk 18 í töflu 4.

325. gr. ai

Fylgni innan sama undirflokks að því er varðar vaxtaálagspætti gerninga sem ekki eru verðbréfanir

1. Fylgnistíkið ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(\text{name})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{tenor})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{basis})}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(\text{name})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tvo nöfn næmis k og l eru eins, annars skal það vera 35%;

$\rho_{kl}^{(\text{tenor})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktir næmis k og l eru eins, annars skal það vera 65% og $\rho_{kl}^{(\text{basis})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir næmisþættir tengjast sömu kúrfu, annars skal það vera 99,90%.

2. Fylgnistíkanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki um undirflokk 18 í töflu 4 í 1. mgr. 325. gr. ah. Eiginfjárkröfurnar í tengslum við samlagningarformúluna fyrir deltaáhættu í undirflokki 18 skulu vera jafnt og samtala algildis nettóveginna áhættuþátta sem settir eru í þann undirflokk:

$$K_{b(\text{bucket } 18)} = \sum_k |WS_k|$$

325. gr. aj

Fylgni þvert á undirflokkum að því er varðar vaxtaálagspætti gerninga sem ekki eru verðbréfanir

Fylgnistíkanir γ_{bc} sem gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka skal fastsettur sem hér segir:

$$\gamma_{bc} = \gamma_{bc}^{(\text{rating})} \cdot \gamma_{bc}^{(\text{sector})}$$

þar sem:

$\gamma_{bc}^{(\text{rating})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir undirflokkar eru í sama lánahæfisflokknum (annaðhvort lánshæfisþrepi 1 til 3 eða lánshæfisþrepi 4 til 6) en annars vera jafnt 50%; að því er varðar þann útreikning skal undirflokkur 1 teljast tilheyra sama lánshæfisflokknum og undirflokkar sem hafa lánshæfisþrep 1 til 3, og

$\gamma_{bc}^{(\text{sector})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir undirflokkar tilheyra sömu atvinnugrein en annars hafa samsvarandi hundraðshlutfall og fastsett er í töflu 5:

Tafla 5

Undirflokkur	1, 2 og 11	3 og 12	4 og 13	5 og 14	6 og 15	7 og 16	8 og 17	9
1, 2 og 11		75%	10%	20%	25%	20%	15%	10%
3 og 12			5%	15%	20%	15%	10%	10%
4 og 13				5%	15%	20%	5%	20%
5 og 14					20%	25%	5%	5%
6 og 15						25%	5%	15%
7 og 16							5%	20%
8 og 17								5%
9								—

325. gr. ak

Áhættuvogir fyrir vaxtaálagshættu vegna verðbréfana sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart áhættuþáttum vaxtaálags að því er varðar verðbréfanir sem felldar eru undir áhættuþætti óhefðbundna fylgniviðskiptasafnsins skulu vera þær sömu fyrir alla binditíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár og 10 ár) í hverjum undirflokki og skulu tilgreindar fyrir hvert undirsafn í töflu 6 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 6

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein
1	Allir	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkja
2		Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölpjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.
3	Lánshæfisþrep 1 til 3	Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar
4		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein	
5		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám	
6		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	
7		Tækni og fjarskipti	
8		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	
9		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í aðildarríkjum	
10		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum	
11		Lánshæfisþrep 4 til 6	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölpjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.
12			Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar
13			Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána
14			Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám
15		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	
16		Tækni og fjarskipti	
17		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	
18	Aðrar atvinnugreinar		

325. gr. al

Fylgni fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

- Deltaáhættufylgnin ρ_{kl} skal fengin í samræmi við 325. gr. ai, nema að því er varðar þessa málsgrein skal $\rho_{kl}^{(basis)}$ vera jafn og 1 þegar tveir næmisþættir tengjast sömu kúrfunni, annars skal hún vera 99,00%.
- Fylgni γ_{bc} skal fengin í samræmi við 325. gr. aj.

325. gr. am

Áhættuvogir fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

- Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart áhættuþáttum vaxtaálags að því er varðar verðbréfanir sem ekki eru felldar undir óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið skulu vera þær sömu fyrir alla bindítíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár og 10 ár) í hverjum undirflokki í töflu 7 og skulu tilgreindar fyrir hvert undirsafn í töflu 7 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 7

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein
1	Forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 3	RMBS - Prime
2		RMBS - Mid-Prime
3		RMBS - Sub-Prime
4		CMBS
5		Eignatryggð verðbréf (ASB) - námslán
6		ABS - kreditkort
7		ABS - bíla
8		Lánavafningar (e. <i>Collateralised loan obligations (CLO)</i>)

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein
9	Engin forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 3	RMBS - Prime
10		RMBS - Mid-Prime
11		RMBS - Sub-Prime
12		CMBS
13		ABS - Námslán
14		ABS - kreditkort
15		ABS - bíla
16		CLO utan ACTP
17	Lánshæfisþrep 4 til 6	RMBS - Prime
18		RMBS - Mid-Prime
19		RMBS - Sub-Prime
20		CMBS
21		ABS - Námslán
22		ABS - kreditkort
23		ABS - bíla
24		CLO utan ACTP
25	Aðrar atvinnugreinar	

2. Til að fella áhættuskuldbindingu undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu setja hvert áhættulag í einn undirflokka eftir atvinnugreinum í töflu 7. Áhættuskuldbindingar vegna áhættulags sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í undirflokk í töflu 25.

325. gr. an

Fylgni innan undirflokks fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

1. Milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fylgnistíkinn ρ_{kl} fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(\text{tranche})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{tenor})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{basis})}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(\text{tranche})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tvö næmisöfn k og l eru innan sama undirflokks og tengjast sama verðbréfunaráhættulaginu (meira en 80% skörun í viðmiðunarfjárhæðum), annars skal það vera 40%,

$\rho_{kl}^{(\text{tenor})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 80% og

$\rho_{kl}^{(\text{basis})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir næmisþættir tengjast sömu kúrfu, annars skal það vera 99,90%.

2. Fylgnistíkarnir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki um undirflokk 25 í töflu 7 í 1. mgr. 325. gr. am. Eiginfjárfkrafa fyrir samtölu deltaáhættu í undirflokki 25, skal vera jöfn summu algildis nettó veginna næmisþátta sem falla í þann undirflokk.

$$K_{b(\text{bucket } 25)} = \sum_k |WS_k|$$

325. gr. ao

Fylgni fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

1. Fylgnistíkinn γ_{bc} sem gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka skal fastsettur við 0%.

2. Eiginfjárgrunnskröfurnar fyrir undirflokk 25 skulu bætast við eigið fé fyrir heildar áhættuflokkinn, án þess að taka með í reikninginn fjölbreytni- eða áhættuvarnaráhrif í tengslum við annan undirflokk.

325. gr. ap

Áhættuvogir fyrir hlutabréfaáhættu

1. Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart hlutabréfum og fyrir áhættuþætti fyrir endurhverf hlutabréfa- og verðbréfa kaup skulu tilgreindar fyrir hvern undirflokk í töflu 8 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 8

Númer undirflokks	Markaðsverðmæti	Hagkerfi	Atvinnugrein
1	Stór	Ný markaðshagkerfi	Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur
2			Fjarskipti og iðnaðarafurðir
3			Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám
4			Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkistryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni
5		Þróað hagkerfi	Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur
6			Fjarskipti og iðnaðarafurðir
7			Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugróftur og grjótnám
8			Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkistryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni
9	Lítill	Ný markaðshagkerfi	Allar atvinnugreinar sem lýst er undir undirflokksnúmerum 1, 2, 3 og 4
10		Þróað hagkerfi	Allar atvinnugreinar sem lýst er undir undirflokksnúmerum 5, 6, 7 og 8
11	Aðrar atvinnugreinar		

2. Að því er varðar þessa grein skal tilgreina nánar hvað átt er við með miklum markaðsverðmætum í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í 7. mgr. 325. gr. bd.

3. Að því er varðar þessa grein skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvað átt er við með nýjum mörkuðum og tilgreina nánar hvað átt er við með þróuðu hagkerfi.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Þegar áhættuskuldbinding er felld undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu fella hvern útgefanda undir einni af atvinnugreinaundirflokkunum í töflu 8 og fella alla útgefendur úr sömu atvinnugrein undir sama flokk. Áhættuskuldbindingar frá útgefanda sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í undirflokk 11 í töflu 8. Fjölpjódlegir hlutabréfaútgefendur eða útgefendur hlutabréfa í mörgum atvinnugreinum skulu felldir undir sérstakan undirflokk á grundvelli mikilvægasta svæðisins eða atvinnugreinarinnar þar sem hlutabréfaútgefandinn er með starfsemi.

325. gr. aq

Fylgnistuðlar innan undirþáttar fyrir hlutabréfaáættu

1. Deltaáættufylgnistíki ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fastsettur við 99,90% þegar annar þeirra er næmi gagnvart stundargengi hlutabréfsins og hinn er næmi gagnvart endurhverfum hlutabréfakaupum þegar báðir tengjast sama nafni hlutabréfaútgefandans.
2. Í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 1. mgr. skal fastsetja fylgnistíki ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l við stundargengi hlutabréfsins innan sama undirflokks sem hér segir:
 - a) 15% milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn mikil markaðsverðmæti, nýtt markaðshagkerfi (undirflokksnúmer 1, 2, 3 eða 4),
 - b) 25% milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn mikil markaðsverðmæti, þróað hagkerfi (undirflokksnúmer 5, 6, 7 eða 8),
 - c) 7,5% milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn lítil markaðsverðmæti, nýtt markaðshagkerfi (undirflokksnúmer 9),
 - d) 12,5% milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn lítil markaðsverðmæti, nýtt markaðshagkerfi (undirflokksnúmer 10).
3. Fylgnistíki ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l að því er varðar endurhverf hlutabréfaviðskipti innan sama undirflokks skal fastsettur í samræmi við 2. mgr.
4. Milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks þegar annar er næmi gagnvart stundargengi hlutabréfsins og hinn næmi gagnvart endurhverfum hlutabréfakaupum og báðir næmisþættirnir varða mismunandi nafn hlutabréfaútgefanda skal fylgnistíki ρ_{kl} fastsettur við fylgnistíkana sem tilgreindir eru í 2. mgr. margfaldaður með 99,90%.
5. Fylgnistíki sem tilgreindir eru í 1. til 4. mgr. gilda ekki um undirflokk 11. Eiginfjárkröfurnar í tengslum við samlagningarformúluna fyrir deltaáættu í undirflokki 11 skulu vera jafnt og samtala algildis nettóveginna áættuþátta sem settir eru í þann undirflokk.

$$K_{b(\text{bucket } 11)} = \sum_k |WS_k|$$

325. gr. ar

Fylgni þvert á undirflokkum að því er varðar hlutabréfaáættu

Fylgnistíki γ_{bc} gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka. Hann skal fastsettur við 15% þegar tveir undirflokkar falla undir undirflokkum 1 til 10.

325. gr. as

Áættuvogir fyrir hrávöruáættu

Áættuvogir fyrir næmi gagnvart áættuþáttum fyrir hrávöru skulu tilgreindar fyrir hvern undirflokk í töflu 9 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 9

Númer undirflokks	Heiti undirflokks
1	Orka - föst brennanleg efni
2	Orka - fljótandi brennanleg efni
3	Orka - raforku- og kolefnaviðskipti
4	Farmur
5	Aðrir málmar en góðmálmar
6	Brennanleg efni í gaskenndu formi
7	Góðmálmar (fyrir utan gull)
8	Korn og olíufræ
9	Búfænaður og mjólkurbú
10	Mjúkar hrávörur og aðrar landbúnaðarhrávörur

Númer undirflokks	Heiti undirflokks
11	Aðrar hrávörur

325. gr. at

Fylgni innan undirþátta fyrir hrávöruáhættu

1. Að því er varðar þessa grein skulu tvær hrávörur teljast vera aðgreindar hrávörur þegar á markaðinum eru fyrir hendi tveir samningar sem eru eingöngu aðgreindir með undirliggjandi hrávöru sem á að afhenda samkvæmt hvorum samningi.

2. Fylgnistíkin ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(\text{commodity})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{tenor})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{basis})}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(\text{commodity})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tvær hrávörur með næmi k og l eru eins, annars skal það vera jafnt og fylgnin innan undirflokks í töflu 10,

$\rho_{kl}^{(\text{tenor})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 99% og

$\rho_{kl}^{(\text{basis})}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir næmisþættir eru eins með tilliti til afhendingarstaðar hrávöru, annars skal það vera 99,90%.

3. Fylgni innan undirþátta $\rho_{kl}^{(\text{commodity})}$ er:

Tafla 10

Númer undirflokks	Heiti undirflokks	Fylgni ρ_{kl} (hrávöru)
1	Orka - föst brennanleg efni	55%
2	Orka - fljótandi brennanleg efni	95%
3	Orka - raforku- og kolefnaviðskipti	40%
4	Farmur	80%
5	Aðrir málmar en góðmálmar	60%
6	Brennanleg efni í gaskenndu formi	65%
7	Góðmálmar (gull meðtalið)	55%
8	Korn og olíufræ	45%
9	Búfænaður og mjólkurbú	15%
10	Mjúkar hrávörur og aðrar landbúnaðarhrávörur	40%
11	Aðrar hrávörur	15%

4. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda eftirfarandi ákvæði:

- tveir áhættuþættir sem flokkaðir eru í undirþátt 3 í töflu 10 og sem varða raforku sem framleidd er á mismunandi svæðum eða sem afhent er á mismunandi tímabilum samkvæmt samningi teljast vera aðgreindir hrávöruáhættuþættir,
- tveir áhættuþættir sem flokkaðir eru í undirþátt 4 í töflu 10 og sem varða farm teljast vera aðgreindir hrávöruáhættuþættir þegar farmleiðin eða afhendingarvikan er mismunandi.

325. gr. au

Fylgni þvert á undirflokkum að því er varðar hrávöruáhættu

Fylgnistíkin γ_{bc} sem gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka skal fastsettur sem hér segir:

- við 20% þegar tveir undirflokkar falla undir undirflokka 1 til 10,
- við 0% þegar annar af undirflokkunum tveimur er undirflokkur númer 11.

325. gr. av

Áhættuvogir fyrir gjaldmiðlaáhættu

1. Áhættuvog fyrir allt næmi gagnvart gjaldmiðlaáhættuþáttum skal tilgreind í framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.
2. Áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkana að því er varðar gjaldmiðlapör sem eru samsett úr evru og gjaldmiðli aðildarríkis sem tekur þátt í öðrum fasa í Efnahags- og myntbandalaginu (ERM II) skal vera ein af eftirfarandi:
 - a) áhættuvogin sem um getur í 1. mgr. deilt með 3,
 - b) hámarkssveifla innan þeirra sveiflucykla sem aðildarríkin og Seðlabanki Evrópu hafa komið sér formlega saman um, ef þessi sveiflucykla eru þrengri en sveiflumörkin sem skilgreind eru af Efnahags- og myntbandalaginu.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuþætti að því er varðar gjaldmiðla sem um getur í 2. mgr. sem taka þátt í Efnahags- og myntbandalaginu með þrengri formlega samþykkt sveiflucykla en stöðluðu vikun með meira eða minna en 15% vera jöfn hámarks prósentusveiflu innan þeirra vika sem þrengri eru.
4. Áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuþættina sem falla undir undirflokkinn fyrir auðseljanlegustu gjaldmiðlapörin, eins og um getur í c-lið 7. mgr. 325. gr. bd, skal vera áhættuvogin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar deilt með $\sqrt{2}$.
5. Þegar gögn um daglegt gengi gjaldmiðla fyrir næstliðin þrjú ár sýna að gjaldmiðlapar sem samanstendur af evru og öðrum gjaldmiðli en evru í aðildarríki er stöðugt og að stofnunin getur ætíð mætt því að verðbil að því er varðar kaup og sölutilboð sé núll vegna viðkomandi viðskipta tengdra því gjaldmiðlapari, má stofnunin beita áhættuvoginni sem um getur í 1. mgr. deilt með 2, að því tilskildu að hún hafi til þess ótvírætt leyfi lögbærra yfirvalda sinna.

325. gr. av

Fylgni fyrir gjaldmiðlaáhættu

Einsleitir fylgnistiki γ_{bc} sem er 60% skal gilda um samlagningu næmisþátta fyrir gjaldmiðlaáhættuþætti.

2. undirþáttur

Vega- og kúrfuáhættuvogir og -fylgni

325. gr. ax

Vega- og kúrfuáhættuvogir

1. Vegaáhættuþættir skulu nota deltaundirflokkana sem um getur í 1. undirþætti.
2. Áhættuþátturinn fyrir tiltekinn vegaáhættuþátt k skal ákvarðaður sem hluti af núvirði þess áhættuþátta k sem stendur fyrir afleitt flókt undirliggjandi gernings eins og lýst er í 3. þætti.
3. Hlutturinn sem um getur í 2. mgr. skal vera háður áætluðum seljanleika hversrar tegundar áhættuþátta k í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RW_k = (\text{Virði áhættuþátta } k) \cdot \min \left\{ RW_\sigma \cdot \frac{\sqrt{LH_{\text{risk class}}}}{\sqrt{10}} ; 100 \% \right\}$$

þar sem:

RW_k = áhættuvogin fyrir tiltekinn vegaáhættuþátt k ,

RW_σ skal fastsett við 55% og

$LH_{\text{risk class}}$ er lögákveðið seljanleikatímabil sem notað er við að fastsetja hvern áhættuþátt k . $LH_{\text{risk class}}$ er ákvarðaður í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla 11

Áhættuflokkur	$LH_{\text{risk class}}$
GIRR	60
Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir	120
Áhætta vegna gerninga sem eru verðbréfanir (fylgniviðskiptasafn)	120

Áhættuflokkur	LH _{risk class}
Áhætta vegna geminga sem eru verðbréfanir (utan fylgniviðskiptasafns)	120
Hlutabréf (hátt þak)	20
Hlutabréf (lágt þak)	60
Hrávörur	120
Erlendur gjaldeyris	40

- Undirflokkar sem eru notaðir í tengslum við deltaáhættu í 1. undirþætti skulu notaðir að því er varðar kúrfuáhættu nema annað sé tilgreint í þessum kafla.
- Að því er varðar gjaldmiðlaáhættu og hlutabréfakúrfuáhættuþætti skulu kúrfuáhættuvogir vera hlutfallslegar breytingar sem eru jafnar deltaáhættuvogunum sem um getur í 1. undirþætti.
- Að því er varðar almenna vaxtaþætti, vaxtaálag og hrávörurkúrfuáhættuþætti skal kúrfuáhættuvogin vera samhlíða breytingar á öllum hornpunktunum fyrir hverja kúrfu á grundvelli hæstu tilskilinnar deltaáhættuvogar sem um getur í 1. undirþætti fyrir þann viðkomandi áhættuflokk.

325. gr. a)

Vega- og kúrfuáhættufylgnistíkar

- Milli þátta vegastuðulsáhættunæmis innan sama undirflokks fyrir áhættuflokka almennrar vaxtaáhættu (GIRR) skal fylgnistíki ρ_{kl} fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \min \left\{ \rho_{kl}^{(\text{option maturity})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{underlying maturity})}; 1 \right\}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(\text{option maturity})}$ skal vera jafnt og $e^{-\alpha \frac{|T_k - T_l|}{\min\{T_k, T_l\}}}$ þar sem α skal vera fastsett við 1%, T_k og T_l skal vera jafnt binditímum valréttanna sem veganæmið er dregið af, gefið upp í árafjölda og

$\rho_{kl}^{(\text{underlying maturity})}$ er jafnt og $e^{-\alpha \frac{|T_k^U - T_l^U|}{\min\{T_k^U, T_l^U\}}}$, þar sem α er fastsett við 1%, T_k^U og T_l^U skal verja jafnt og binditímur undirliggjandi gerninga valréttanna sem veganæmið er dregið af, að frádregnum binditímum samsvarandi valréttanna, í báðum tilvikum gefið upp í árafjölda.

- Milli vegaáhættunæmis innan undirflokks annarra áhættuflokka skal fylgnistíki ρ_{kl} fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \min \left\{ \rho_{kl}^{(\text{DELTA})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{option maturity})}; 1 \right\}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(\text{DELTA})}$ skal vera jafnt og deltafylgnistíki í sama undirflokki sem samsvarar undirflokknum sem vegaáhættuþættirnir k og l myndu vera settir í og

$\rho_{kl}^{(\text{option maturity})}$ skal vera fastsett í samræmi við 1. mgr.

- Að því er varðar vegaáhættunæmi milli undirflokka í áhættuflokki (almennrar vaxtaáhættu) og þá sem ekki eru í flokki almennrar vaxtaáhættu skal sami fylgnistíki γ_{bc} eins og tilgreint er fyrir deltafylgni fyrir hvern áhættuflokk í 4. þætti notaður í tengslum við vegaáhættu.
- Ekki skal taka með nein áhrif hagræðis af dreifingu eða áhættuvörn milli vegaáhættuþátta og deltaáhættuþátta samkvæmt staðalaðferðinni. Eiginfjárgrunnskröfurnar fyrir vegaáhættu og deltaáhættu skulu lagðar saman með einfaldri samlagningu.
- Kúrfuáhættufylgnin skal vera kvaðratrótin af samsvarandi deltaáhættufylgni ρ_{kl} og γ_{bc} sem um getur í 1. undirþætti.

1. KAFLI b

Óhefðbundin eiginlíkansaðferð

- Þáttur

Leyfi og kröfur vegna eiginfjárgrunns

325. gr. az

Óhefðbundin eiginlíkansaðferð og leyfi fyrir notkun óhefðbundinna eigin líkana

1. Óhefðbundna eiginlíkansaðferðin eins og hún er sett fram í þessum kafla skal eingöngu notuð að því er varðar upplýsingaskylduna sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 430. gr. b.
2. Lögbær yfirvöld skulu, eftir að hafa gengið úr skugga um hlítinu við kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bh, 325. gr. bi og 325. gr. bj, veita þessum stofnunum heimild til að reikna eiginfjárgrunnskröfur sínar vegna eignasafna allra staðna sem úthlutað hefur verið á viðskiptaborð með því að nota óhefðbundin eigin líkön í samræmi við 325. gr. ba, að því tilskildu að allar eftirfarandi kröfur hafi verið uppfylltar:
 - a) viðskiptaborðunum hafi verið komið á fót í samræmi við 104. gr. b,
 - b) stofnunin hafi veitt lögbæra yfirvaldinu haldbæra skýringu á því að viðskiptaborðin hafi verið færð undir notkunarvið óhefðbundnu eiginlíkansaðferðarinnar,
 - c) viðskiptaborðin hafi uppfyllt kröfurnar um afturvirku prófunina sem um getur í 3. mgr. 325. gr. bf fyrir næstlíðið ár,
 - d) stofnanirnar hafi skýrt lögbærum yfirvöldum sínum frá niðurstöðunum að því er varðar kröfurnar um úthlutun á hagnaði og tapi í tengslum við viðskiptaborðin sem kveðið er á um í 325. gr. bg,
 - e) að viðskiptaborð sem hafa fengið úthlutað a.m.k. einni af þessum stöðum í veltubókinni sem um getur í 325. gr. bl uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bm að því er varðar eigið vanskila-áhættulíkan,
 - f) viðskiptaborðinu hafi ekki verið úthlutað neinum verðbréfuðum stöðum eða stöðum sem ekki eru verðbréfaðar.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar skal það að fella ekki viðskiptaborð undir notkunarvið óhefðbundnu eiginlíkansaðferðarinnar ekki grundvallast á þeirri staðreynd að eiginfjárgrunnskröfurnar sem reiknaðar eru samkvæmt óhefðbundnu staðalaðferðinni sem sett er fram í a-lið 3. mgr. 325. gr. séu lægri en eiginfjárgrunnskröfurnar sem reiknaðar eru samkvæmt óhefðbundnu eiginlíkansaðferðinni.

3. Stofnanir sem hafa fengið heimild til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina skulu tilkynna það lögbærum yfirvöldum í samræmi við 3. mgr. 430. gr.

4. Stofnun sem hefur fengið heimildina sem um getur í 2. mgr. skal þegar í stað tilkynna það lögbærum yfirvöldum sínum ef eitt af viðskiptaborðum hennar uppfyllir ekki lengur a.m.k. eitt skilyrðanna sem sett eru fram í þeirri málsgrein. Sú stofnun getur ekki lengur notað þennan kafla fyrir neinar stöður sem viðskiptaborðinu hefur verið úthlutað og skal reikna eiginfjárgrunnskröfurnar vegna markaðsáhættu í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 1. kafla a fyrir allar stöður sem hefur verið úthlutað því viðskiptaborði frá fyrsta reikningsskiladegi og þar til stofnunin sýnir lögbærum yfirvöldum fram á að viðskiptaborðið uppfylli á ný allar kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. mega lögbær yfirvöld í undantekningartilvikum heimila stofnun að halda áfram að nota óhefðbundið eigið líkan sitt í þeim tilgangi að reikna eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu viðskiptaborðs sem uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem um getur í c-lið 2. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 325. gr. bg. Þegar lögbær yfirvöld nýta sér þessa heimild skulu þau tilkynna það Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

6. Að því er varðar stöður sem hefur verið úthlutað viðskiptaborði sem stofnun hefur ekki fengið heimild fyrir eins og um getur í 2. mgr. skulu eiginfjárgrunnskröfurnar vegna markaðsáhættu reiknaðar af þeirri stofnun í samræmi við 1. kafla a í þessum bálki. Að því er varðar þessa útreikninga skulu allar þessar stöður metnar sem sjálfstæðar stöður á grundvelli sérstaks eignasafns.

7. Þörf er á sérstöku leyfi frá lögbærum yfirvöldum vegna verulegra breytinga á notkun óhefðbundinna eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota, framlengingar á notkun óhefðbundinna eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota og verulegra breytinga á vali stofnana á undirflokkum áhættuflokka sem hægt er að gera líkan af sem um getur í 2. mgr. 325. gr. bc.

Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar aðrar framlengingar og breytingar á notkun þeirra óhefðbundnu eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) skilyrðin til að meta umfang framlenginga og breytinga á notkun óhefðbundinna eigin líkana og breytinga á undirflokkum áhættuflokka sem hægt er að gera líkön af sem um getur í 325. gr. bc,

- b) matið á aðferðafræðinni sem lögbær yfirvöld nota til að ganga úr skugga um hlítingu stofnunar við kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bh, 325. gr. bi, 325. gr. bn, 325. gr. bo og 325. gr. bp.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær sérstöku kringumstæður þegar lögbær yfirvöld geta heimilað stofnun:

- að halda áfram að nota óhefðbundin eigin líkön til að reikna eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðs-áhættu viðskiptaborðs sem uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem um getur í c-lið 2. mgr. þessarar greinar og í 1. mgr. 325. gr. bg,
- að takmarka viðbótina við virðið sem leiðir af því þegar farið er yfir eða undir afturvirka prófun á hugsanlegum breytingum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. ba

Kröfur vegna eiginfjárgrunns þegar óhefðbundin eigin líkön eru notuð

1. Stofnun sem notar óhefðbundið eigið líkan skal reikna eiginfjárgrunnskröfur vegna eignasafns allra staðna sem úthlutað hefur verið viðskiptaborðum sem stofnunin hefur þegar fengið heimild fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az sem er hið herra af eftirfarandi:

- summan af eftirfarandi verðgildum:
 - áhættumati stofnunarinnar fyrir áætlað greiðslufall næstliðins dags sem reiknað er í samræmi við 325. gr. bb (ES_{t-1}) og
 - áhættumati stofnunarinnar fyrir álagssviðsmynd næstliðins dags sem reiknað er í samræmi við 5. þátt (SS_{t-1}) eða
- summan af eftirfarandi verðgildum:
 - meðaltali af daglegu áhættumati stofnunarinnar vegna áætlaðs greiðslufalls sem reiknað er í samræmi við 325. gr. bb fyrir hvern dag næstliðinna 60 viðskiptadaga (ES^{avg}), margfaldað með margföldunarþættinum (m_c) og
 - meðaltali af daglegri álagssviðsmynd stofnunarinnar sem reiknað er í samræmi við 5. þátt fyrir hvern dag næstliðinna 60 viðskiptadaga (SS^{avg}).

2. Stofnanir sem hafa stöður í skulda- og hlutabréfageringum sem verslað er með og falla undir notkunarsvið eigin vanskilaáhættulíkans og úthlutað viðskiptaborðunum sem um getur í 1. mgr. skulu uppfylla viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn, gefið upp sem það virði sem herra er af eftirfarandi:

- nýjustu eiginfjárgrunnskröfunni fyrir vanskilaáhættu, reiknuð í samræmi við 3. þátt,
- meðaltali fjárhæðarinnar sem um getur í a-lið á næstliðnum 12 vikum.

2. þáttur

Almennar kröfur

325. gr. bb

Áhættumat vegna áætlaðs greiðslufalls

1. Stofnanir skulu reikna áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. ba fyrir tiltekna dagsetningu 't' og tiltekið safn staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók, sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu, sem hér segir:

$$ES_t = \rho \cdot (UES_t) + (1 - \rho) \cdot \sum_i UES_t^i$$

þar sem:

ES_t = áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall,

i = stuðullinn sem tilgreinir fimm víðtæka flokka áhættuþátta sem taldir eru upp í fyrsta dálki í töflu 2 í 325. gr. bd,

UES_t = matið fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall reiknað sem hér segir:

$$UES_t = PES_t^{RS} \cdot \max\left(\frac{PES_t^{FC}}{PES_t^{RC}}, 1\right)$$

UES_t^i = matið fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall fyrir víðtæka flokka áhættuþátta reiknað sem hér segir:

$$UES_t^i = PES_t^{RS,i} \cdot \max\left(\frac{PES_t^{FC,i}}{PES_t^{RC,i}}, 1\right)$$

ρ = eftirlitsbundinn fylgnistuðull þvert á víðtæku áhættuflokkana; $\rho = 50\%$,

PES_t^{RS} = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 2. mgr. 325. gr. bc,

PES_t^{RC} = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 3. mgr. 325. gr. bc,

PES_t^{FC} = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 4. mgr. 325. gr. bc,

$PES_t^{RS,i}$ = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til fyrir víðtæka áhættuflokkinn i sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 2. mgr. 325. gr. bc,

$PES_t^{RC,i}$ = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til fyrir víðtæka áhættuflokkinn i sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 3. mgr. 325. gr. bc, og

$PES_t^{FC,i}$ = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til fyrir víðtæka áhættuflokkinn i sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 4. mgr. 325. gr. bc,

2. Stofnanir skulu eingöngu nota framtíðaráfallasviðsmyndir vegna sértæks flokks áhættuþátta sem hægt er að gera líkan fyrir sem nota skal fyrir hvert mat á áætluðu greiðslufalli að hluta til eins og sett er fram í 325. gr. bc þegar þær útbúa mat fyrir hvert áætlað greiðslufall að hluta til í tengslum við útreikninginn á áhættumatinu fyrir áætlað greiðslufall í samræmi við 1. mgr.

3. Þegar a.m.k. ein viðskipti í eignasafninu hafa a.m.k. einn áhættuþátt sem hægt er að gera líkan fyrir sem hefur verið settur undir flokkinn i fyrir víðtækan áhættuþátt í samræmi við 325. gr. bd skulu stofnanir reikna matið fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall fyrir víðtæka flokka áhættuþátta i og fella inn í formúluna fyrir áhættumatið fyrir áætlaða greiðslufallið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. mega stofnanir draga úr tíðni útreikninga á matinu fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall UES_t^i og matinu fyrir áætluð vanskil að hluta til $PES_t^{RS,i}$, $PES_t^{RC,i}$ og $PES_t^{FC,i}$ fyrir alla víðtæka flokka áhættuþátta i úr því að framkvæma hann daglega í það að framkvæma hann vikulega, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- stofnunin geti sýnt lögbærum yfirvöldum sínum fram á að við útreikninginn á matinu fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall UES_t^i hafi markaðsáhætta viðkomandi staðna í veltubók ekki verið vanmetin,
- stofnunin geti aukið tíðni útreiknings UES_t^i , $PES_t^{RS,i}$, $PES_t^{RC,i}$ og $PES_t^{FC,i}$ úr vikulegum í daglegan þegar lögbær yfirvöld þeirra fara fram á það.

325. gr. bc

Útreikningar á áætluðu greiðslufalli að hluta til

1. Stofnanir skulu reikna allt mat fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb sem hér segir:

- daglegir útreikningar á mati fyrir áætlað greiðslufall að hluta til,

- b) við 97,5 hundraðshluta einhliða öryggisbil,
 c) að því er varðar tiltekið safn staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldeyris-
 eða hrávörúáhættu skulu stofnanir reikna matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til á tímapunkti 't'
 samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$PES_t = \sqrt{(PES_t(T))^2 + \sum_{j \geq 2} \left(PES_t(T, j) \cdot \sqrt{\frac{(LH_j - LH_{j-1})}{10}} \right)^2}$$

þar sem:

- PES_t = matið fyrir áætlað greiðslufall á tímapunkti t,
 j = stuðullinn sem tilgreinir fimm seljanleikatímabil sem talin eru upp í fyrsta dálki í töflu 1,
 LH_j = lengd seljanleikatímabila j eins og tilgreint er í dögum í töflu 1,
 T = grunntímabilið þar sem $T = 10$ dagar,
 PES_t = matið fyrir áætlað greiðslufall sem er fengið með því að nota eingöngu framtíðar-
 áfallasviðsmyndir sem ná yfir 10 daga tímabil fyrir tiltekinn flokk áhættuþátta sem hægt
 er að gera líkön af fyrir þær stöður í eignasafninu sem settar eru fram í 2., 3. og 4.
 undirgrein fyrir hvert mat fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í 325. gr. bb og
 $PES_t(T, j)$ = matið fyrir áætlað greiðslufall sem er fengið með því að nota eingöngu framtíðar-
 áfallasviðsmyndir sem ná yfir 10 daga tímabil fyrir tiltekinn flokk áhættuþátta sem hægt
 er að gera líkön af fyrir þær stöður í eignasafninu sem settar eru fram í 2., 3. og 4.
 undirgrein fyrir hvert mat fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í 325. gr. bb og þar
 sem raunverulegt seljanleikatímabil, eins og það er skilgreint í 2. mgr. 325. gr. bd, er
 jafnt og eða lengra en LH_j .

Tafla 1

Seljanleikatímabil j	Lengd seljanleikatímabils j (í dögum)
1	10
2	20
3	40
4	60
5	120

2. Til að reikna matið fyrir áætlað greiðslufall PES_t^{RS} og $PES_t^{RS,i}$ sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb til
 viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir uppfylla eftirfarandi
 kröfur:

- a) við útreikning á PES_t^{RS} skulu stofnanir eingöngu nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir þann undirflokk
 áhættuþátta sem hægt er að gera líkön fyrir að því er varðar þær stöður í eignasafninu sem stofnunin
 hefur skilgreint með fullnægjandi hætti að mati lögbærra yfirvalda þannig að eftirfarandi skilyrði sé
 uppfyllt þannig að summan taki mið af næstliðnum 60 virkum dögum:

$$\frac{1}{60} \cdot \sum_{k=0}^{59} \frac{PES_{t-k}^{RC}}{PES_{t-k}^{FC}} \geq 75 \%$$

Stofnun sem uppfyllir ekki lengur kröfuna sem um getur í fyrstu málsgrein þessa liðar skal þegar í
 stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi og uppfæra undirflokk þeirra áhættuþátta sem hægt er að gera

líkön fyrir innan tveggja vikna til þess að uppfylla þá kröfu; hafi stofnunin að tveimur vikum liðnum vanrækt að fullnægja kröfunni skal stofnunin nota aðferðina sem sett er fram í 1. kafla a til að reikna eiginfjárgrunnskröfur í tengslum við markaðsáhættu fyrir nokkur viðskiptaborð þar til stofnunin getur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að hún uppfylli kröfuna sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessa liðar,

- b) við útreikning á $PES_t^{RS,i}$ skulu stofnanir eingöngu nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir þann undirflokk áhættuþátta sem hægt er að gera líkön fyrir að því er varðar þær stöður í eignasafninu sem stofnunin hefur skilgreint með tilliti til a-liðar þessarar málsgreinar og sem hafa verið tengdar við flokk víðtækrar áhættu 'i' í samræmi við 325. gr. bd,
 - c) þau inntaksgögn sem notuð eru til að ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í a- og b-lið skulu kvörðuð með rannsóknarsögulegum gögnum frá næstliðnum 12 mánuðum fjárhagslegs álags sem stofnunin skal skilgreina til að hámarka virði PES_t^{RS} ; til að greina álagstímabil skulu stofnanir nota úrtakstímabil sem hefst eigi síðar en 1. janúar 2007 sem að mati lögbæru yfirvaldanna teljast fullnægjandi, og
 - d) inntaksgögnin $PES_t^{RS,i}$ skulu kvörðuð eftir 12 mánaða álagstímabilinu sem stofnunin hefur greint með tilliti til c-liðar.
3. Til að gera matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til PES_t^{RC} og $PES_t^{RC,i}$ sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb skulu stofnanir, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar uppfylla eftirfarandi kröfur:
- a) við útreikning á PES_t^{RC} skulu stofnanir eingöngu ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í a-lið 2. mgr.,
 - b) við útreikning á $PES_t^{RC,i}$ skulu stofnanir eingöngu ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í b-lið 2. mgr.,
 - c) inntaksgögnin sem notuð eru til að ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem nota á fyrir áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í a- og b-lið þessarar málsgreinar skulu kvörðuð með tilliti til rannsóknarsögulegra gagna sem um getur í c- lið 4. mgr.; þessi gögn skulu uppfærð minnst mánaðarlega.
4. Til að gera matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til PES_t^{FC} og $PES_t^{FC,i}$ sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb skulu stofnanir, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar uppfylla eftirfarandi kröfur:
- a) við útreikning á PES_t^{FC} skulu stofnanir nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir alla áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir að því er varðar stöðurnar í eignasafninu,
 - b) við útreikning á $PES_t^{FC,i}$ skulu stofnanir nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir alla áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir að því er varðar stöðurnar í eignasafninu sem hafa verið tengdar flokknum víðtækur áhættuþáttur i í samræmi við 325. gr. bd,
 - c) þau inntaksgögn sem notuð eru til að ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir og sem um getur í a- og b-lið skulu kvörðuð með rannsóknarsögulegum gögnum frá næstliðnum 12 mánuðum fjárhagslegs álags; ef veruleg hækkun verður á verðflökti verulegs fjölda áhættuþátta sem hægt er að gera líkan fyrir að því er varðar eignasafn stofnunar sem ekki er undirflokkur áhættuþáttanna sem um getur í a-lið 2. mgr. mega lögbær yfirvöld gera kröfu um að stofnun noti rannsóknarsöguleg gögn fyrir styttra tímabil en 12 mánuði, en það tímabil skal ekki vera styttra en sex mánuðir; lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku banka-efirlitsstofnuninni um allar ákvarðanir um að krefjast þess að stofnun noti rannsóknarsöguleg gögn frá tímabili sem er styttra en 12 mánuðir og færa rök fyrir þeirri ákvörðun.
5. Við útreikning á tilteknu áætluðu greiðslufalli að hluta til eins og um getur í 1. mgr. 325. gr. bb skulu stofnanir viðhalda virði áhættuþátta sem hægt er að gera líkan fyrir sem þær hafa ekki verið krafðar um að nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir að því er varðar matið á því áætlaða greiðslufalli að hluta til skv. 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

325. gr. bd

Seljanleikatímabil

1. Stofnanir skulu kortleggja þá áhættuþætti sem eru vegna staðna á viðskiptaborðum og sem þær hafa fengið heimild fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az, eða eru í ferli fyrir því að fá slíka heimild, við

einn af þeim víðtæku flokkum áhættuþátta sem tilgreindir eru í töflu 2 og við einn af þeim víðtæku undirflokkum áhættuþátta sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

2. Seljanleikatímabilið fyrir áhættuþátt staðnanna sem um getur í 1. mgr. skal vera seljanleikatímabilið sem samsvarar hinum víðtæka undirflokki áhættuþátta sem það hefur verið tengt við.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar má stofnun að því er varðar tiltekið viðskiptaborð ákveða að láta eitt af lengri seljanleikatímabilunum sem tilgreind eru í töflu 1 í 325. gr. bc koma í stað seljanleikatímabilsins fyrir víðtækan undirflokk áhættuþátta sem tilgreindir eru í 325. gr. bc. Þegar stofnun tekur slíka ákvörðun skal lengra seljanleikatímabilið gilda um alla áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir að því er varðar stöðurnar sem úthlutað er því viðskiptaborði sem hafa verið tengdar þeim víðtæka undirflokki áhættuþátta í þeim tilgangi að útbúa matið á áætluðu greiðslufalli að hluta til í samræmi við c-lið 1. mgr. 325. gr. bc.

Stofnun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um viðskiptaborðin og hina víðtæku undirflokka áhættuþátta sem það ákveður að nota meðferðina fyrir og sem um getur í fyrstu undirgrein.

4. Til að reikna matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til í samræmi við c-lið 1. mgr. 325. gr. bc skal reikna raunverulegt seljanleikatímabil tiltekins áhættuþátta sem hægt er að gera líkón fyrir að því er varðar tiltekna stöðu í veltubók eða fjárfestingarbók sem er háð gjaldeyris- eða hrávöruáættu sem hér segir:

$$\text{EffectiveLH} = \begin{cases} \text{SubCatLH if Mat} > \text{LH}_5 \\ \min(\text{SubCatLH}, \min_j \{ \text{LH}_j / \text{LH}_j \geq \text{Mat} \}) \text{ if } \text{LH}_1 \leq \text{Mat} \leq \text{LH}_5 \\ \text{LH}_1 \text{ if Mat} < \text{LH}_1 \end{cases}$$

þar sem:

EffectiveLH = raunverulega seljanleikatímabilið,

Mat = binditími stöðu í veltubók,

SubCatLH = lengd seljanleikatímabils áhættuþátta sem hægt er að gera líkón af í samræmi við 1. mgr og

$\min_j \{ \text{LH}_j / \text{LH}_j \geq \text{Mat} \}$ = lengd eins seljanleikatímabilanna sem tilgreind eru í töflu 1 í 325. gr. bc sem er næsta seljanleikatímabilið fyrir ofan binditíma stöðunnar í veltubókinni.

5. Gjaldmiðlapör sem eru samsett af evru og gjaldmiðli aðildarríkis sem tekur þátt í ERM-II skulu talin með í auðseljanlegasta undirflokki gjaldmiðlaparanna innan víðtækasta flokksins fyrir gjaldmiðlaáættuþætti í töflu 2.

6. Stofnun skal minnst einu sinni í mánuði ganga úr skugga um að tengingin sem um getur í 1. mgr. sé tilhlýðileg.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- hvernig stofnanir eiga að tengja áhættuþættina fyrir þær stöður sem um getur í 1. mgr. við víðtæka flokka áhættuþátta og víðtæka undirflokka áhættuþátta með tilliti til 1. mgr.,
- hvaða gjaldmiðlar mynda auðseljanlegustu gjaldmiðlaundirflokkanana í víðtæka flokknum fyrir vaxtaáættuþættina í töflu 2,
- hvaða gjaldmiðlapör mynda auðseljanlegustu gjaldmiðlaparaundirflokkanana í víðtæka flokknum fyrir gjaldmiðlaáættuþættina í töflu 2,
- skilgreiningar á litlu markaðsverðmæti og miklu markaðsverðmæti að því er varðar gengi hlutabréfa og flókt undirflokks fyrir víðtækan flokk hlutabréfaáættuflokka í töflu 2.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Tafla 2

Víðtækir flokkar áhættuþátta	Víðtækir undirflokkar áhættuþátta	Seljanleika-tímabil	Lengd seljanleikatímabils (í dögum)
Vextir	Auðseljanlegustu gjaldmiðlarnir og innlendir gjaldmiðill	1	10
	Aðrir gjaldmiðlar (að frátöldum auðseljanlegustu gjaldmiðlunum)	2	20
	Flökt	4	60
	Aðrar tegundir	4	60
Vaxtaálag	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkja	2	20
	Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í aðildarríkjum (fjárfestingarflokkur)	2	20
	Ríkisskuldabréf (fjárfestingarflokkur)	2	20
	Ríkisskuldabréf (lítill ávöxtun)	3	40
	Fyrirtæki (fjárfestingarflokkur)	3	40
	Fyrirtæki (mikill ávöxtun)	4	60
	Flökt	5	120
	Aðrar tegundir	5	120
Hlutabréf	Gengi hlutabréfa (mikill markaðsverðmæti)	1	10
	Gengi hlutabréfa (lítill markaðsverðmæti)	2	20
	Flökt (mikill markaðsverðmæti)	2	20
	Flökt (lítill markaðsverðmæti)	4	60
	Aðrar tegundir	4	60
Erlendur gjaldeyrir	Auðseljanlegustu gjaldmiðlapörin	1	10
	Önnur gjaldmiðlapör (að frátöldum auðseljanlegustu gjaldmiðlapörunum)	2	20
	Flökt	3	40
	Aðrar tegundir	3	40
Hrávörur	Orkuverð og kolefnislosunarverð	2	20
	Verð góðmálma og verð jármlausra málma	2	20
	Önnur hrávöruverð (að frátöldu orkuverði, kolefnislosunarverði, verði góðmálma og verði jármlausra málma)	4	60
	Orkuflökt og kolefnislosunarflökt	4	60
	Flökt góðmálma og flökt jármlausra málma	4	60
	Annað hrávöruflökt (að frátöldu orkuflökti, kolefnislosunarflökti, flökti góðmálma og flökti jármlausra málma)	5	120
	Aðrar tegundir	5	120

325. gr. be

Mat á gerð líkana fyrir áhættuþætti

1. Stofnanir skulu meta möguleikann á gerð líkana fyrir alla áhættuþætti sem úthlutað er viðskiptaborðum sem þær hafa fengið heimildir fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az eða eru í þann mund að fá slíkar heimildir.
2. Sem hluta af matinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir reikna eiginfjárgrunnskröfur í tengslum við markaðsáhættu í samræmi við 325. gr. bk að því er varðar þá áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir.
3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin til að meta hvort hægt sé að gera líkan fyrir áhættuþætti í samræmi við 1. mgr. og tilgreina hversu oft þetta mat skal gert.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. bf

Lögbundnar kröfur um afturvirkar prófanir og margföldunarþætti

1. Í þessari grein merkir „yfirskot“ breyting innan dags á virði eignasafns sem er samsett úr öllum stöðunum sem úthlutað er viðskiptaborði og sem fara yfir tengdan fjölda vágilda sem reiknuð eru á grundvelli óhefðbundins eigin líkans stofnunarinnar í samræmi við eftirfarandi kröfur:
 - a) útreikningurinn á virði áhættunnar skal vera háður eignartímabili innan dags,
 - b) sviðsmyndir framtíðaráfalla skulu gilda um áhættuþætti staðna viðskiptaborðs sem um getur í 3. mgr. 325. gr. bg sem talið er að hægt sé að gera líkan fyrir í samræmi við 325. gr. be,
 - c) inntaksögn sem notuð eru til að ákvarða sviðsmyndir framtíðaráfalla sem notaðar verða fyrir áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir skulu kvörðuð samkvæmt sögulegu gögnunum sem um getur í c-lið 325. gr. bc,
 - d) ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein skal óhefðbundna eigið líkan stofnunarinnar grundvallað á sama mati á líkanasmíði eins og það sem er notað til að reikna áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. ba.
2. Stofnanir skulu telja dagleg yfirskot á grundvelli afturvirkar prófunar á hugsanlegum og raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins sem samsett er úr öllum stöðunum sem úthlutað hefur verið viðskiptaborðinu.
3. Viðskiptaborð stofnunar telst hafa uppfyllt kröfurnar um afturvirka prófun þegar fjöldi yfirskota fyrir það viðskiptaborð sem urðu á næstliðnum 250 virkum dögum fer ekki yfir neitt af eftirfarandi yfirskotum:
 - a) 12 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 99. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkar prófunar á hugsanlegum breytingum á virði eignasafnsins,
 - b) 12 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 99. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkar prófunar á raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins,
 - c) 30 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 97,5. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkar prófunar á hugsanlegum breytingum á virði eignasafnsins,
 - d) 30 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 97,5. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkar prófunar á raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins,
4. Stofnanir skulu telja dagleg yfirskot í samræmi við eftirfarandi:
 - a) Afturvirk prófun á hugsanlegum breytingum á virði eignasafnsins skal byggjast á samanburði á virði þess í dagslok og virði þess í lok næsta dags, miðað við óbreyttar stöður.
 - b) Afturvirk prófun á raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins skal byggjast á samanburði á virði þess í dagslok og raunverulegs virði þess í lok næsta dags, að undanskildum þóknunum og umboðslaunum.
 - c) Telja skal yfirskot fyrir hvern virkan dag sem stofnunin getur ekki metið virði eignasafnsins eða getur ekki reiknað fjölda vágildanna sem um getur í 3. mgr.

5. Stofnun skal í samræmi við 6. og 7. mgr. þessarar greinar reikna margföldunarþáttinn (m_c) sem um getur í 325. gr. þa fyrir eignasafn allra þeirra staðna sem úthlutað hefur verið viðskiptaborðum sem fengið hafa heimild til að nota eigin líkön eins um getur í 2. mgr. 325. gr. az.

6. Margföldunarstuðullinn (m_c) skal vera a.m.k. summan af virðinu 1,5 og viðbót á bilinu 0 til 0,5 í samræmi við töflu 3. Að því er varðar eignasafnið sem um getur í 5. mgr. skal þessi viðbót reiknuð á grundvelli fjölda yfirskota sem hafa orðið á næstliðnum 250 virkum dögum samkvæmt afturvirkri prófun stofnunarinnar á fjölda vágilda sem reiknuð eru í samræmi við a-lið þessarar undirgreinar. Útreikningurinn á viðbótinni skal falla undir eftirfarandi kröfur:

- a) yfirskot er breyting innan dags á virði eignasafnsins sem fer yfir tengda tölu vágildis reiknað samkvæmt eigin líkani stofnunarinnar í samræmi við eftirfarandi:
 - i. eins dags eignartímabil,
 - ii. 99. hundraðstölumarki einhliða öryggisbils,
 - iii. sviðsmyndir framtíðaráfalla skulu gilda um áhættuþætti þeirra staðna viðskiptaborða sem um getur í 3. mgr. 325. gr. bg og sem hægt er að gera líkan fyrir í samræmi við 325. gr. be,
 - iv. gagnaintökin sem notuð eru til að ákvarða sviðsmyndir framtíðaráfalla sem gilda um áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir skulu kvörðuð samkvæmt rannsóknarsögulegu gögnunum sem um getur í c-lið 4. mgr. 325. gr. bc,
 - v. ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein skal óhefðbundna eigið líkan stofnunarinnar grundvallað á sama mati á líkanasmíði eins og það sem er notað til að reikna áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. ba.,
- b) fjöldi yfirskota skal samsvara hærra gildinu fyrir fjölda yfirskota samkvæmt hugsanlegum eða raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins.

Tafla 3

Fjöldi yfirskota	Viðbót
Færri en 5	0,00
5	0,20
6	0,26
7	0,33
8	0,38
9	0,42
Fleiri en 9	0,50

Í einstökum tilvikum mega lögbær yfirvöld takmarka viðbótina við það sem leiðir af yfirskotum samkvæmt afturvirkum prófunum á hugsanlegum breytingum þegar fjöldi yfirskota samkvæmt afturvirkum prófunum leiðir ekki af annmörkum í eigin líkani.

7. Lögbær yfirvöld skulu fylgjast náið með að margföldunarstuðullinn sem um getur í 5. mgr. henti og að viðskiptaborðin hlíti kröfunum um afturvirka prófun sem um getur í 3. mgr. Stofnanir skulu þegar í stað tilkynna lögbærum yfirvöldum um yfirskot sem leiðir af afturvirkum prófunaráætlunum þeirra og láta í té útskýringu á þessum yfirskotum og í öllum tilvikum tilkynna lögbærum yfirvöldum um það eigi síðar en fimm virkum dögum frá því að yfirskotið átti sér stað.

8. Þrátt fyrir 2. og 6. mgr. þessarar greinar mega lögbær yfirvöld heimila stofnun að telja ekki yfirskot þegar breytingar innan dags á virði eignasafns hennar sem fer yfir virði tengds vágildis sem reiknað er með eigin líkani viðkomandi stofnunar stafar af áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan af. Í því tilviki skal stofnunin sýna lögbæru yfirvaldi sínu fram á að áhættumatið sem byggt er á áfallasviðsmynd reiknað í samræmi við 325. gr. bk fyrir þann áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan af sé hærra en jákvæður mismunur á milli virðisins á eignasafni stofnunarinnar og tengds virðis vágildisins.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina tæknileg atriði sem á að taka með í raunverulegum og hugsanlegum breytingum á virði eignasafns stofnunar með tilliti til þessarar greinar.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. bg

Kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi

1. Viðskiptaborð stofnunar uppfyllir kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi þegar það viðskiptaborð hlítir kröfunum sem settar eru fram í þessari grein.
2. Krafan um úthlutun á hagnaði og tapi skal tryggja að fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðsins, sem grundvallast á áhættumatslíkani stofnunarinnar séu nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns stofnunarinnar sem byggt er á verðlagningarlíkani stofnunarinnar.
3. Að því er varða hverja stöðu tiltekens viðskiptaborðs skal hlítning stofnunar við kröfuna um úthlutun á hagnaði og tapi leiða til gerðar nákvæms lista yfir áhættuþætti sem teljast hentugir til að ganga úr skugga um hlítningu stofnunarinnar við kröfuna um afturvirku prófunina sem um getur í 325. gr. bf.
4. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:
 - a) viðmiðin sem nauðsynleg eru til að tryggja að fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðs sé nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns viðskiptaborðs í skilningi 2. mgr. að teknu tilliti til þróunar á alþjóðareglum,
 - b) afleiðingarnar fyrir stofnun þegar fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðs er ekki nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns viðskiptaborðs í skilningi 2. mgr.,
 - c) hversu oft stofnun skal framkvæma úthlutun á hagnaði og tapi,
 - d) tæknilegu atriðin sem á að taka með í fræðilegum og hugsanlegum breytingum á virði eignasafns viðskiptaborðs í skilningi þessarar greinar,
 - e) hvernig stofnanir, sem nota sitt eigið líkan, eiga að leggja saman heildareiginfjárgrunnskörur að því er varðar markaðsáhættu fyrir allar stöður í veltubók sinni og stöður utan veltubókar sem háðar eru gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu, að teknu tilliti til afleiðinganna sem um getur í b-lið.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. bh

Kröfur um áhættumat

1. Stofnanir sem nota eigið áhættumatslíkan til að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu eins og um getur í 325. gr. ba skulu tryggja að líkanið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:
 - a) eigið áhættumatslíkan skal fanga nægilegan fjölda áhættuþátta sem skulu taka a.m.k. til áhættuþátta sem um getur í 1. undirþætti 3. þáttar 1. kafla a nema stofnunin sýni lögbærum yfirvöldum fram á að úrfelling þessara áhættuþátta hafi ekki veruleg áhrif á niðurstöðu kröfunnar um úthlutun hagnaðar og taps sem um getur í 325. gr. bg; stofnun skal geta útskýrt fyrir lögbærum yfirvöldum hvers vegna hún hafi talið áhættuþátt með í verðlagningarlíkani sínu en ekki í eigin áhættumatslíkani sínu,
 - b) eigið áhættumatslíkan skal greina ólínuleg einkenni að því er varðar valrétti sem og fylgni áhættu og grunnáhættu,
 - c) eigið áhættumatslíkan skal taka til nokkurra áhættuþátta sem samsvara vöxtum í sérhverjum gjaldmiðli sem stofnunin hefur vaxtanæmar stöður í, innan eða utan efnahagsreiknings; stofnunin skal móta ávöxtunarkúrfurnar með almennt viðurkenndum aðferðum; ávöxtunarkúrfunni skal skipt niður í mismunandi binditímahluta til að fanga sveiflurnar á vaxtaflökti á vaxtakúrfunni; að því er varðar verulegar áhættuskuldbindingar gagnvart vaxtaáhættu í helstu gjaldmiðlunum og mörkuðunum skal ávöxtunarkúrfan mótuð með því að nota a.m.k. sex binditímahluta, og fjöldi áhættuþátta sem notaðir eru til að móta ávöxtunarkúrfuna skal vera í hlutfalli við eðli og flækjustig viðskiptastefnu stofnunarinnar; líkanið skal einnig fanga áhættudreifingu sem tengist hreyfingum þar sem fylgnin milli mismunandi vaxtakúrfa eða mismunandi gerninga fyrir sama undirliggjandi útgefanda er ófullkominn,

- d) eigið áhættumatslíkan skal taka til áhættuþátta sem svara til gulls og einstakra erlendra gjaldmiðla sem stöður stofnunarinnar eru tilgreindar í, að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal taka mið af raunverulegum stöðum í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu, stofnanir mega nota skýrslugjöf þriðja aðila um stöðu sjóðsins í erlendum gjaldeyri að því tilskildu að áreiðanleiki þeirrar skýrslu sé tryggður á viðunandi hátt, stöður sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í erlendum gjaldeyri sem stofnunin hefur ekki vitneskju um skulu skildar frá eiginlíkansaðferðinni og meðhöndlaðar í samræmi við 1. kafla a,
- e) þróun reiknilíkansins skal vera í réttu hlutfalli við mikilvægi starfsemi stofnananna á hlutabréfamörkuðunum; eigið áhættumatslíkanið skal nota aðskilda áhættuþætti fyrir a.m.k. hvern hlutabréfamarkað þar sem stofnunin hefur stórar stöður og a.m.k. einn áhættuþátt sem fangar kerfisbundnar hreyfingar á gengi hlutabréfa og hæði þess áhættuþátta gagnvart einstökum áhættuþáttum fyrir hvern hlutabréfamarkað,
- f) eigið áhættumatslíkan skal nota aðskilinn áhættuþátt fyrir a.m.k. hverja hrávöru þar sem stofnunin hefur stórar stöður nema stofnunin hafi litla samanlagða hrávörustöðu miðað við alla viðskiptastarfsemi sína, en í því tilviki má hún nota aðskilinn áhættuþátt fyrir hverja víðtæka hrávörutegund; að því er varðar mikilvægar áhættuskuldbindingar gagnvart hrávörumörkuðum skal líkanið fanga áhættu ófullkominnar fylgni milli hrávara sem eru svipaðar en ekki eins, áhættuskuldbindingar gagnvart breytingum á framvirkum verðum sem leiðir af ósamræmi í binditíma og „ávöxtun vegna tiltækileika (e. *convenience yield*) milli afleiddra staðna og staðna í reiðufé,
- g) áætlaðir áhættuþættir skulu sýna fram á góðan fyrri árangur staðna sem haldið er í raun, vera nægilega varfærni og eingöngu notaðir þegar tiltæk gögn eru ófullnægjandi, s.s. á álagstímabilinu sem um getur í c-lið 2. mgr. 325. gr. bc,
- h) að því er varðar verulegar áhættuskuldbindingar gagnvart flöktáhættu í gerningum með valrétti skal eigið áhættumatslíkan fanga afleitt flökt þvert á lausnarverð og binditíma valréttá.
2. Stofnanir mega eingöngu nota mælifylgni innan víðtækra flokka áhættuþátta og, að því er varðar útreikning á ótakmörkuðu áætluðu greiðslufalli UES, eins og um getur í 1. mgr. 325. gr. bb þvert á víðtæka flokka áhættuþátta þegar aðferð stofnunarinnar til að mæla þessa fylgni er skilvirk, í samræmi við gildandi seljanleikatímabil og framkvæmd af heilindum.
3. Eigi síðar en 28. september 2020 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina viðmið fyrir notkun inntaksgagna í áhættumatslíkanið sem um getur í 325. gr. bc.

325. gr. bi

Eigindlegar kröfur

1. Sérhvert eigið áhættumatslíkan sem notað er til að þáttur þennan kafla skal vera áreiðanlegt, reiknað og framkvæmt af heilindum og hlíta eftirfarandi eigindlegum kröfum:
- a) sérhvert eigið áhættumatslíkan sem notað er til að reikna út eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu skal vera nátengd daglegu áhættustýringarferli stofnunarinnar og mynda grundvöll fyrir skýrslugjöf um áhættuskuldbindingar til framkvæmdastjórnar,
- b) stofnun skal hafa áhættueftirlitdeild sem er óháð viðskiptadeildum og heyrir beint undir framkvæmdastjórn; þessi deild skal bera ábyrgð á hönnun og framkvæmd allra eigin áhættumatslíkana; þessi deild skal sjá um upphaflega og áframhaldandi sannreyningu á öllum eigin líkönum sem notuð eru að því er varðar þennan kafla og bera ábyrgð á áhættustýringarkerfinu í heild; deildin skal taka saman eða greina daglegar skýrslur um niðurstöður eigin líkana sem notuð eru við útreikning eiginfjárkröfu vegna markaðsáhættu og gefa skýrslur um hentugleika ráðstafana sem grípa skal til með tilliti til viðskiptatakmarkana,
- c) stjórn og framkvæmdastjórn skulu taka virkan þátt í áhættueftirlitinu og daglegar skýrslur áhættueftirlitsdeildarinnar lagðar fyrir háttsetta stjórnendur sem hafa nægilegt umboð til þess að krefjast lækkunar á stöðum, sem einstakir víxlarar (e. *traders*) hafa tekið fyrir, og krefjast þess að áhættugrunnur stofnunarinnar í heild sé lækkaður,
- d) stofnunin skal hafa á að skipa nægu starfsfólki með færni sem hentar við notkun flókinna eigin áhættumatslíkana og nægu starfsfólki með færni á sviði viðskipta, áhættueftirlits, endurskoðunar og bakvinnslu,
- e) stofnunin skal hafa til staðar skjalfestar innri stefnur, verklagsreglur og eftirlit til að fylgjast með og tryggja hlítningu við heildarrekstur eigin áhættumatslíkana,

- f) öll eigin áhættumatslíkön, þ.m.t. öll verðlagningarlíkön, skulu hafa sýnt fram á nægilega nákvæmni við að mæla áhættu og ekki vera verulega frábrugðin þeim líkönum sem stofnunin notar fyrir innri áhættustýringu,
- g) stofnunin skal oft láta gera strangar álagsprófanir, þ.m.t. öflug álagspróf, sem skulu ná yfir öll eigin áhættumatslíkön, niðurstöður þessara álagsprófana skulu rýndar af framkvæmdastjórninni a.m.k. mánaðarlega og hlíta þeim stefnum og mörkum sem framkvæmdastjórnin setur, stofnunin skal grípa til viðeigandi aðgerða þegar niðurstöður þessara álagsprófana sýna mikið tap sem stafar af viðskiptastarfsemi stofnunarinnar við ákveðnar aðstæður,
- h) stofnunin skal láta fara fram óháða úttekt á eigin áhættumatslíkönum sem er annaðhvort liður í reglubundnu innra endurskoðunarferli hennar eða með því að fela þriðja aðila að annast þá úttekt sem skal gerð með fullnægjandi hætti að mati lögbærra yfirvalda.

Að því er varðar fyrstu undirgrein h-liðar þá er með þriðja aðila átt við fyrirtæki sem veitir stofnunum úttektar- eða ráðgjafarþjónustu og sem hefur yfir að ráða starfsfólki sem hefur fullnægjandi færni á sviði markaðsáhættu í tengslum við viðskiptastarfsemi.

2. Úttektin sem um getur í h-lið fyrstu málsgreinar skal bæði taka til starfsemi viðskiptadeilda og sjálfstæðrar áhættueftirlitsdeildar. Stofnunin skal að minnsta kosti árlega láta fara fram úttekt á áhættustýringarferli sínu í heild. Við úttektina skal skoða eftirfarandi:

- a) hvort skráning gagna um áhættustýringarkerfið og ferli þess og skipulag áhættueftirlitsdeildarinnar sé fullnægjandi,
- b) samþættingu áhættumats við daglega áhættustýringu og heilleika upplýsingastjórnarkerfisins,
- c) ferlið sem stofnunin fylgir við að samþykkja áhættuverðlagningarlíkön og matskerfi sem bæði starfsmenn í framlínu og bakvinnslu nota,
- d) að hve miklu leyti áhætta greinist með líkaninu, nákvæmni og hentugleiki áhættumatskerfisins og sannreyningu mikilvægra breytinga í eigin áhættumatslíkaninu,
- e) það hversu nákvæm og fullkomin stöðugögn eru, að hve miklu leyti forsendur um flökt og fylgni eru nákvæmar og tilhlýðilegar, hversu mat og útreikningur á áhættunæmi eru nákvæm og tilhlýðileg og að hve miklu leyti myndun áætlaðra gagna er nákvæm og tilhlýðileg þegar tiltæk gögn nægja ekki til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla,
- f) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til þess að meta samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika þeirra gagnalinda sem notaðar eru til að keyra eigin áhættumatslíkön, þ.m.t. hversu óháðar þessar gagnalindir eru,
- g) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til að meta kröfur um afturvirka prófun og kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi sem framkvæmt er til að meta nákvæmni eigin áhættumatslíkans,
- h) þegar úttektin er framkvæmd af þriðja aðila í samræmi við h-lið fyrstu mgr. þessarar greinar sannprófun á því að innra fullgildingarferlið sem sett er fram í 325. gr. bj uppfylli markmið sín.

3. Stofnanir skulu uppfæra þá tækni og þær aðferðir sem þær nota í tengslum við þau eigin áhættumatslíkön sem notuð eru að því er varðar þennan kafla til að taka mið af þróuninni á nýrri tækni og bestu starfsvenjum sem á sér stað í tengslum við þessi eigin áhættumatslíkön.

325. gr. bj

Innri sannreyning

1. Stofnanir skulu hafa yfir að ráða vinnsluferlum til að tryggja að öll eigin áhættumatslíkön sem notuð eru að því er varðar þennan kafla hafi verið sannreynd á fullnægjandi hátt af þar til bærum aðilum sem eru óháðir þróunarferlinu til að tryggja að öll slík líkön séu skilvirk og fangi á fullnægjandi hátt allar áhættur sem skipta máli.

2. Stofnanir skulu framkvæma sannreyninguna sem um getur í 1. mgr. í eftirfarandi aðstæðum:

- a) þegar eigið áhættumatslíkan er fyrst þróað og síðan þegar verulegar breytingar eru gerðar á því líkani,
- b) með reglulegu millibili og þegar orðið hafa verulegar skipulagsbreytingar á markaðinum eða breytingar á samsetningu eignasafnsins sem gætu leitt til þess að eigið áhættumatslíkan sé ekki lengur fullnægjandi.

3. Sannreyning á eigin áhættumatslíkönum stofnunar skal ekki takmarkast við afturvirka prófun og kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi og skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

- a) prófanir til að sannreyna að allar forsendurnar sem gengið er út frá í eigin líkani, eigi við og vanmeti ekki eða ofmeti áhættuna,
- b) eigin sannreyningarpróf á eigin líkani, þ.m.t. afturvirk prófun, auk lögboðinna áætlana um afturvirka prófun í tengslum við áhættur og skipulag eignasafna sinna,
- c) notkun áætlaðra eignasafna til að tryggja að eigið áhættumatslíkan geti greint sérstaka skipulagsþætti sem geta komið upp, t.d. verulegar grundvallaráhættur og samþjöppunaráhættu eða áhættur í tengslum við verðvísbendingar.

325. gr. bk

Útreikningur á áhættumati sem byggt er á álagssviðsmynd

1. Áhættumatið sem byggist á álagssviðsmynd fyrir áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan fyrir er tapið sem verður í öllum stöðum veltubókar eða stöðum utan veltubókar sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu, sem felur í sér viðkomandi áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan fyrir, þegar ýkt sviðsmynd af framtíðaráfalli er notuð fyrir þann áhættuþátt.
2. Stofnanir skulu þróa viðeigandi ýktar sviðsmyndir fyrir framtíðaráföll fyrir alla áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir sem að mati lögbærra yfirvalda þeirra teljast fullnægjandi.
3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:
 - a) hvernig stofnanir eiga að þróa ýktar sviðsmyndir fyrir framtíðaráföll sem notaðar eru fyrir áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir og hvernig nota skal þessar ýktu sviðsmyndir framtíðaráfalla með tilliti til þessara áhættuþátta,
 - b) eftirlitsbundna ýkta sviðsmynd framtíðaráfalla fyrir hvern víðtækan undirflokk áhættuþátta sem tilgreindir eru í töflu 2 í 325. gr. bd sem stofnanir mega nota þegar þeim er ekki kleift að þróa ýkta sviðsmynd framtíðaráfalla í samræmi við a-lið þessarar undirgreinar eða sem lögbær yfirvöld mega krefjast að stofnunin noti ef þessi yfirvöld fallast ekki á ýktu sviðsmyndina fyrir framtíðaráföll sem stofnunin þróar,
 - c) aðstæðurnar þar sem stofnanir mega reikna áhættumatið út frá sviðsmynd fyrir meira en einn áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan fyrir,
 - d) hvernig stofnanir eiga að safna saman áhættumötum út frá sviðsmyndum fyrir alla áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir sem er að finna í stöðum þeirra í veltubók og stöðum utan veltubókar sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu.

Við gerð þessara draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til þess að krafan vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu vegna áhættuþátta sem ekki er hægt að gera líkan fyrir eins og sett er fram í þessari grein skuli vera jafnhá kröfunni vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu sem myndi hafa verið reiknuð samkvæmt þessum kafla ef hægt væri að gera líkan fyrir þann áhættuþátt.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. þáttur

Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu

325. gr. bl

Umfang eigin líkans fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu

1. Allar stöður stofnunar sem hefur verið úthlutað viðskiptaborðum sem stofnunin hefur fengið leyfi fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az skulu falla undir eiginfjárgrunnskröfvegna vanskilaáhættu þegar þessar stöður innihalda a.m.k. einn áhættuþátt sem hefur verið tengdur víðtækum flokkum áhættuþátta „hlutabréfa“ eða „vaxtaálags“ í samræmi við 1. mgr. 325. gr. bd. Þessi eiginfjárgrunnskrafa sem eykst í hlutfalli við áhættuna sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfuna sem um getur í 1. mgr. 325. gr. ba skal reiknuð með því að nota eigið líkan stofnunarinnar fyrir vanskilaáhættu. Þetta líkan skal hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í þessum þætti.
2. Fyrir hverja af þeim stöðum sem um getur í 1. mgr. skal stofnun tilgreina einn útgefanda skulda- eða hlutabréfagerninga sem viðskipti eru höfð með sem tengjast a.m.k. einum áhættuþætti.

325. gr. *bm*

Leyfi til að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu

1. Lögþær yfirvöld skulu veita stofnun leyfi til að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu til að reikna eiginfjárgrunnskröfuna sem um getur í 2. mgr. 325. gr. ba fyrir allar stöðurnar í veltubókinni sem um getur í 325. gr. bl sem er úthlutað viðskiptaborði þar sem eigið líkanið fyrir vanskilaáhættu uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bi, 325. gr. bj, 325. gr. bn, 325. gr. bo og 325. gr. bp.

2. Þegar viðskiptaborð stofnunar sem hefur verið úthlutað stöðum sem um getur í 325. gr. bl uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skulu eiginfjárgrunnskröfur fyrir markaðsáhættu allra staðna hjá því viðskiptaborði reiknaðar í samræmi við aðferðina sem um getur í 1. kafla a.

325. gr. *bn*

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu með notkun eigin líkans fyrir vanskilaáhættu

1. Stofnanir skulu reikna eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar vanskilaáhættu með því að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu fyrir eignasafn allra staðna í veltubók sem um getur í 325. gr. bl sem hér segir:

- a) eiginfjárgrunnskröfurnar skulu samsvara virði vágilda sem mælir mögulegt tap á markaðsverði eignasafnsins sem orsakast af vanskilum útgefenda í tengslum við þessar stöður við 99,9% öryggisbil á eins árs tímabili,
- b) mögulega tapið sem um getur í a-lið merkir beint eða óbeint tap á markaðsvirði stöðu sem orsakaðist af vanskilum útgefandans og sem eykst í hlutfalli við hvers konar tap sem tekið er tillit til í raunverulegu mati á stöðunni; vanskil útgefanda hlutabréfaðna skal tilgreint með því að fastsetja virði hlutabréfaverðs við núll,
- c) stofnanir skulu ákvarða fylgni vanskila milli mismunandi útgefenda á grundvelli traustrar aðferðafræði með því að nota hlutlæg rannsóknarsöguleg gögn um markaðsvaxtaálag eða gengi hlutabréfa sem ná yfir a.m.k. 10 ára tímabil sem inniheldur álagstímamann sem greindur er af stofnuninni í samræmi við 2. mgr. 325. gr. bc; útreikningurinn á fylgni vanskila milli mismunandi útgefenda skal kvarðaður við eins árs tímabil,
- d) eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal grundvallað á stöðugri stöðu á eins árs tímabili.

2. Stofnanir skulu reikna eiginfjárgrunnskröfuna fyrir vanskilaáhættu með því að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu eins og um getur í 1. mgr. a.m.k. einu sinni í viku.

3. Þrátt fyrir a- og c-lið 1. mgr. má stofnun láta sextíu daga tímabil koma í staðinn fyrir eins árs tímabil í þeim tilgangi að reikna vanskilaáhættu sumra eða allra hlutabréfaðnanna, eftir því sem við á. Í þeim tilvikum skal útreikningurinn á fylgni vanskila milli gengis hlutabréfa og möguleikanna á vanskilum samsvara sextíu daga tímabili og útreikningurinn á fylgni vanskila milli gengis hlutabréfa og gengis skuldabréfa samsvara eins árs tímabili.

325. gr. *bo*

Áhættuvarnir felldar inn í eigið líkan fyrir vanskilaáhættu

1. Stofnanir mega fella áhættuvarnir inn í eigið líkan fyrir vanskilaáhættu og mega jafna stöður þegar gnóttstöður og skortstöður varða sama fjármálagerninginn.

2. Stofnanir mega eingöngu fella áhættuvörn eða fjölþættingaráhrif sem tengjast gnóttstöðum eða skortstöðum sem varða mismunandi gerninga eða mismunandi verðbréf sama loforðsgjafa inn í eigið líkan fyrir vanskilaáhættu sem og gnóttstöður og skortstöður í mismunandi útgefendum með því gera greinargóð líkön fyrir gnóttstöður og skortstöður í mismunandi gerningum, þ.m.t. með því að gera líkön fyrir grunnáhættu milli mismunandi útgefenda.

3. Í eigin líkani sínu fyrir vanskilaáhættu skulu stofnanir greina verulega áhættu milli áhættuvarnargernings og áhættuvarða gerningsins sem verður á tímabilinu milli gjalddaga áhættuvarins gernings og eins árs tímabilsins, sem og möguleikann á verulegri grunnáhættu í áhættuvarnaráætlunum sem stafa af mismunandi afurðategund, forgangsröð í fjármagnsuppbyggingu, innra eða ytra mati, gildistíma, útgáfualdri (e. *vintage*) og öðrum mismun. Stofnanir skulu aðeins færa inn áhættuvarnargerning að því marki sem unnt er að viðhalda honum jafnvel þótt loforðsgjafi nálgist lánaatburð eða annan atburð.

325. gr. *bp*

Sérstakar kröfur vegna eigin líkans fyrir vanskilaáhættu

1. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bm skal geta gert líkan af vanskilum einstakra útgefenda sem og samtíma vanskil margra útgefenda og skal taka tillit til áhrifa þessara vanskila á markaðsverð staðnanna sem þetta líkan er notað fyrir. Í þessu skyni skal gera líkan fyrir vanskil hvers einstaks útgefanda með því að nota tvær tegundir af kerfisbundnum áhættuþáttum.
 2. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal endurspegla hagsveifluna, þ.m.t. hæðið milli endurheimtuhlutfallanna og kerfisbundnu áhættuþáttanna sem um getur í 1. mgr.
 3. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal endurspegla ólínuleg áhrif valrétta og annarra staðna sem hegða sér marktækt með ólínulegum hætti með tilliti til verðbreytinga. Stofnanir skulu einnig taka tilhlýðilegt tillit til umfangs líkansáhættu sem er innbyggð í verðmat og mat á verðlagsáhættu í tengslum við þessar afurðir.
 4. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal byggt á gögnum sem eru hlutlæg og ný.
 5. Til að líkja eftir vanskilum útgefenda í innra líkaninu fyrir vanskilaáhættu skal mat stofnunarinnar á líkunum á vanefndum uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) líkur á vanefndum skulu miðast við 0,03% neðri mörk,
 - b) líkurnar á vanefndum skulu grundvallaðar á eins árs tímabili nema kveðið sé á um annað í þessum þætti,
 - c) líkurnar á vanefndum skulu metnar með því að nota eingöngu, eða ásamt gildandi markaðsverðum, gögn sem hafa verið skoðuð á sögulegu tímabili sem nær a.m.k. yfir fimm ár og varða fyrri vanefndir og mikla lækkun á markaðsverðum sem samsvara vanskilaatburðum; líkur á vanefndum skal ekki aðeins reikna út frá gildandi markaðsverðum,
 - d) stofnun sem veitt hefur verið heimild til að meta líkur á vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal nota aðferðina sem þar er sett fram til að reikna líkur á vanefndum,
 - e) stofnun sem ekki hefur verið veitt heimild til að meta líkur á vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal þróa innri aðferðafræði eða nota ytri aðföng til að meta líkur á vanefndum; í báðum aðstæðum skal matið á líkum á vanefndum vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari grein.
 6. Til að líkja eftir vanskilum útgefenda í innra líkaninu fyrir vanskilaáhættu skal mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) mat á tapi að gefnum vanefndum má ekki fara niður fyrir 0%,
 - b) mat á tapi að gefnum vanefndum skal endurspegla forgangsstöðun hvernar stöðu,
 - c) stofnun sem fengið hefur heimild til að meta tap að gefnum vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal nota aðferðina sem þar er sett fram til að reikna út tap að gefnum vanefndum,
 - d) stofnun sem ekki hefur verið veitt heimild til að meta tap að gefnum vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal þróa innri aðferðafræði eða nota ytri aðföng til að meta tap að gefnum vanefndum; í báðum aðstæðum skal matið á tapi að gefnum vanefndum vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari grein.
 7. Sem liður í óháðri endurskoðun og sannreyningu á eigin líkönum sem notuð eru að því er varðar þennan kafla, þ.m.t. að því er varðar áhættumatskerfið, skulu stofnanir:
 - a) sannreyna að aðferð við líkanagerðina að því er varðar fylgni og verðbreytingar sé viðeigandi með tilliti til eignasafns þeirra, þ.m.t. val á vægi kerfisbundinna áhættuþátta líkansins,
 - b) framkvæma fjölbreytt álagspróf, þ.m.t. næmisgreiningar og sviðsmyndagreiningar, til þess að meta eigindlegt og megindlegt réttmæti eigin vanskilaáhættulíkans, einkum með tilliti til þess hvernig samþjöppun er meðhöndluð,
 - c) beita viðeigandi megindlegri sannreyningu, þ.m.t. viðeigandi eigin viðmiðunum líkana.
- Prófin sem um getur í b-lið skulu ekki takmarkast við atburði sem hafa átt sér stað áður.
8. Eigin vanskilaáhættulíkon skulu endurspegla á tilhlýðilegan hátt samþjöppun útgefanda og samþjöppun sem getur orðið innan og þvert á tegundaflokka við álagsaðstæður.
 9. Eigið vanskilaáhættulíkan skal vera í samræmi við áhættustýringaraðferðir stofnunarinnar við að greina, mæla og stýra viðskiptaáhættu.
 10. Stofnanir skulu hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur til að ákvarða forsendur vanefnda að því er varðar fylgni milli mismunandi útgefenda í samræmi við c-lið 1. mgr. 325. gr. bn og

æskilegt val á aðferð til að meta líkur á vanefndum í e-lið 5. mgr. þessarar greinar og tap að gefnum vanefndum í d-lið 6. mgr. þessarar greinar.

11. Stofnanir skulu skjalfesta eigin líkön sín þannig að fylgniforsendur og aðrar forsendur líkans séu gagnsæjar lögbærum yfirvöldum.

12. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfurnar sem innri aðferðafræði stofnunar eða ytri aðföng eiga að uppfylla að því er varðar mat á líkum á vanefndum og tap að gefnum vanefndum í samræmi við e-lið 5. mgr. og d-lið 6. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

91) Í stað 1. mgr. 384. gr. kemur eftirfarandi í stað skilgreiningarinnar EAD_i^{total} :

„ EAD_i^{total} = heildarvirði útlánaáhættu mótaðila hjá mótaðila „i“ (þegar öll skuldajöfnunarsöfn eru lögð saman), þ.m.t. áhrif trygginga í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3. til 6. þætti 6. kafla II. bálks eftir því sem við á um útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu mótaðila vegna þess mótaðila.

92) Í stað 385. gr. kemur eftirfarandi:

„385. gr.

Önnur aðferð en CVA-aðferðin til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns

Í stað 384. gr. mega stofnanir sem nota aðferð upprunalegrar áhættu eins og mælt er fyrir um í 282. gr., að því er varðar gerninga sem um getur í 382. gr. og með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda, nota margfeldisstuðulinn 10 á framkomnar áhættuvegnar áhættuskuldbindingar fyrir útlánaáhætta mótaðila vegna þessara áhættuskuldbindinga í stað þess að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunnsins að því er varðar CVA-áhættu.“

93) Í stað 390. gr. kemur eftirfarandi:

„390. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

1. Reikna skal heildaráhættuskuldbindingar vegna hóps tengdra viðskiptavina með því að leggja saman áhættuskuldbindingar vegna einstaka viðskiptavina í hópnunum.

2. Heildaráhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptavina skulu reiknaðar með því að leggja saman áhættuskuldbindingar í veltubók og áhættuskuldbindingar í fjárfestingarbók.

3. Að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók mega stofnanir:

- a) jafna gnóttstöður og skortstöður sínar í sömu fjármálagerningum sem gefnir eru út af tilteknum viðskiptavini á móti hreinni stöðu í hverjum gerningi sem reiknuð er í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla IV. bálks í þriðja hluta,
- b) jafna gnóttstöður og skortstöður sínar í mismunandi fjármálagerningum sem gefnir eru út af tilteknum viðskiptavini, en eingöngu þegar fjármálagerningurinn sem liggur til grundvallar skortstöðu er réttlægri undirliggjandi gnóttstöðu fjármálagerningsins eða þegar undirliggjandi gerningar eru jafn rétháir.

Að því er varðar a- og b-lið má setja fjármálagerninga í undirflokkka eftir því hversu rétháir þeir eru til að ákvarða hlutfallslega rétt hæð staðna.

4. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiddu samninganna sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðusamninga sem gengið er millilíðalaust til viðskiptavin í samræmi við eina af þeim aðferðum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta, eftir því sem við á. Áhættuskuldbindingar sem leiðir af viðskiptunum sem um getur í 378., 379. og 380. gr. skulu reiknaðar eins og mælt er fyrir um í þessum greinum.

Stofnanir skulu einnig hlíta meginreglunum sem settar eru fram í 299. gr. þegar þær reikna út áhættuskuldbindingarvirði samninganna sem um getur í fyrstu undirgrein ef þessir samningar eru settir í veltubók.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega stofnanir sem hafa heimild til að nota aðferðirnar sem um getur í 4. þætti 4. kafla II. bóls í þriðja hluta og 6. þætti 6. kafla II. bóls í þriðja hluta nota þessar aðferðir til að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

5. Við heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar skulu stofnanir leggja áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka og afleiðusamningum vegna útlánaáhættu hafi samningurinn ekki verið gerður beint við þann viðskiptavin heldur hefur undirliggjandi skulda- eða hlutabréfagerningur verið gefinn út af þeim viðskiptavini.

6. Eftirfarandi skal ekki teljast til áhættuskuldbindinga:

- a) ef um er að ræða gjaldeyrisviðskipti, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu tvo virka daga eftir greiðslu,
- b) ef um er að ræða viðskipti vegna kaupa eða sölu á verðbréfum, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu fimm virka daga eftir greiðslu eða afhendingu verðbréfanna, eftir því hvort er fyrir,
- c) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðsluþjónun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti eða uppgjör fjármálagerninga, uppgjör og vörsluþjónustu, seinkaða móttöku fjármögnunar og aðrar áhættuskuldbindingar vegna starfsemi viðskiptavinar sem varir ekki lengur en til næstkomandi viðskiptadags,
- d) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðsluþjónun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti, áhættuskuldbindingar innan dags gagnvart stofnunum sem veita þá þjónustu,
- e) áhættuskuldbindingar sem dregnar eru frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 eða liðum viðbótar-eiginfjár þáttar 1 í samræmi við 36. eða 56. gr. eða annar frádráttur frá þessum liðum sem lækka eiginfjárlutfallið.

7. Til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, að því er varðar viðskiptavini þegar stofnun hefur áhættuskuldbindingar vegna þeirra fyrir tilstilli viðskipta sem um getur í m- og o-lið 112. gr. eða annarra viðskipta þar sem til staðar er áhættuskuldbinding gagnvart undirliggjandi eignum, skal stofnun meta undirliggjandi áhættuskuldbindingar sínar með tilliti til fjárhagslegra meginatriða í skipulagi viðskiptanna og áhættu sem er innbyggð í skipulag sjálfra viðskiptanna, til þess að ákvarða hvort þau mynda viðbótaráhættuskuldbindingu.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) skilyrði og aðferðir sem nota skal til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina að því er varðar þær tegundir áhættuskuldbindinga sem um getur í 7. mgr.,
- b) skilyrðin sem valda því að skipulag viðskiptanna sem um getur í 7. mgr. telst ekki mynda viðbótar-áhættuskuldbindingu, fari viðskiptin fram við þau skilyrði.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Að því er varðar 5. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig eigi að ákvarða áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka og afleiðusamningum vegna útlánaáhættu, hafi samningurinn ekki verið gerður beint við þann viðskiptavin heldur hefur undirliggjandi skulda- eða hlutabréfagerningur verið gefinn út af þeim viðskiptavini til innfellingar í áhættuskuldbindingar viðskiptavinarins.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

94) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 391. gr.:

„Að því er varðar fyrstu málsgrein má framkvæmdastjórnin samþykkja með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvarðanir um það hvort þriðja

land beiti kröfum um varfærnisefirlit og kröfum um eftirlit sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu.“

95) Í stað 392. gr. kemur eftirfarandi:

„392. gr.

Skilgreining á stórum áhættuskuldbindingum

Áhættuskuldbinding lánastofnunar vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina telst stór áhættuskuldbinding ef virði hennar nemur 10% eða meira af eiginfjárfætti 1.“

96) Í stað 394. gr. kemur eftirfarandi:

„394. gr.

Kröfur um skýrslugjöf

1. Stofnanir skulu senda lögbærum yfirvöldum sínum eftirfarandi upplýsingar um allar stórar áhættuskuldbindingar í vörslu þeirra, þ.m.t. stórar áhættuskuldbindingar sem eru undanþegnar beitingu 1. mgr. 395. gr.:

- a) auðkenni viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef stofnunin hefur stóra áhættuskuldbindingu vegna hans,
- b) áhættuskuldbindingarvirðið áður en tekið er tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, eftir atvikum,
- c) tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð,
- d) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, sem reiknuð er með tilliti til 1. mgr. 395. gr., eftir atvikum.

Stofnanir sem falla undir 3. kafla II. bóls í þriðja hluta skulu veita lögbærum yfirvöldum sínum upplýsingar um 20 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni að undanskildum þeim sem undanþegnar eru beitingu 1. mgr. 395. gr.

Stofnanir skulu einnig veita lögbærum yfirvöldum sínum upplýsingar um áhættuskuldbindingar á samstæðugrunni ef virði þeirra er jafnt eða meira en 300 milljónir evra en minna en 10% af eiginfjárfætti 1.

2. Til viðbótar upplýsingunum sem um getur í þessari grein skulu stofnanir veita lögbærum yfirvöldum sínum eftirfarandi upplýsingar í tengslum við 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni, sem og 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni vegna skuggabankaaðila sem stunda óeftirlitskylda bankastarfsemi, að meðtöldum stórum áhættuskuldbindingum sem undanþegnar eru beitingu 1. mgr. 395. gr.:

- a) auðkenni viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef stofnunin hefur stóra áhættuskuldbindingu vegna hans,
- b) áhættuskuldbindingarvirðið áður en tekið er tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, eftir atvikum,
- c) tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð,
- d) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, sem reiknuð er með tilliti til 1. mgr. 395. gr., eftir atvikum.

3. Stofnanir skulu veita lögbærum yfirvöldum sínum upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. að minnsta kosti hálfárslega.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar viðmiðin fyrir auðkenningu á skuggabankastarfsemi sem um getur í 2. mgr.

Við gerð þessara tæknilegu eftirlitsstaðla skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og alþjóðlegra samþykktara staðla um skuggabankastarfsemi og meta hvort:

- a) tengslin við einstaka einingu eða einingasamstæðu kunni að hafa í för með sér áhættu fyrir greiðslugetu eða lausafjárstöðu stofnunarinnar,
- b) einingar sem falla undir kröfur um greiðslugetu eða laust fé sem eru sambærilegar þeim sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB ættu að vera undanþegnar, til fulls eða að hluta, frá því að veita upplýsingar um aðila sem stunda skuggabankastarfsemi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

97) Ákvæðum 395. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Stofnun skal ekki stofna til áhættuskuldbindingar, eftir að hún hefur tekið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399. til 403. gr., vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina þar sem virðið fer yfir 25% af eiginfjárfætti 1 stofnunarinnar. Ef viðkomandi viðskiptavinur er stofnun eða ef ein eða fleiri stofnanir eru innan hóps tengdra viðskiptavina skal þetta virði ekki vera umfram 25% af eiginfjárfætti 1 eða 150 milljónir evra, eftir því hvort er hærra, að því tilskildu að heildarvirði áhættuskuldbindinga, eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., vegna allra tengdra viðskiptavina, sem ekki eru stofnanir, fari ekki yfir 25% af eiginfjárfætti 1 stofnunarinnar.

Þegar fjárhæðin 150 milljónir evra fer yfir 25% af eiginfjárfætti 1 stofnunarinnar skal virði áhættuskuldbindingarinnar, að teknu tilliti til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., ekki fara yfir hæfileg mörk með tilliti til eiginfjárfátta 1 stofnunarinnar. Stofnunin skal ákvarða þessi mörk í samræmi við stefnur og verklagsreglur sem um getur í 81. gr. tilskipunar 2013/36/ESB til að bregðast við og stýra samþjöppunaráhættu. Mörkin mega ekki fara yfir 100% af eiginfjárfætti 1 stofnunarinnar.

Lögbær yfirvöld mega setja lægri mörk en 150 milljónir evra og skulu þau upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um það.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu ekki stofna til áhættuskuldbindingar gagnvart annarri kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu eða annarri kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu utan ESB, ef virði hennar, að teknu tilliti til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., fer yfir 15% eða meira af eiginfjárfætti 1 hennar. Kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu skal hlíta þessu hámarki eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem hún er auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu. Ef kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu stofnar til áhættuskuldbindingar gagnvart annarri stofnun eða samstæðu sem verður auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan ESB skal hún hlíta þessu hámarki eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem þessi önnur stofnun eða samstæða er auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan ESB.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5 Heimilt er að fara yfir mörkin sem mælt er fyrir um í þessari grein, að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók stofnunar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- áhættuskuldbindingin í fjárfestingarabók vegna viðkomandi viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina fari ekki yfir mörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr., en þessi mörk eru reiknuð með hliðsjón af eiginfjárfætti 1 þannig að umframfjárhæðin sé eingöngu í veltubókinni,
- stofnunin uppfylli viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn í tengslum við þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er umfram mörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar reiknuðu í samræmi við 397.–398. gr.,
- ef 10 dagar eða færri hafa liðið frá því umframfjárhæð sem um getur í b-lið varð til fari áhættuskuldbindingin í veltubókinni vegna viðkomandi viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ekki yfir 500% af eiginfjárfætti 1 stofnunarinnar,
- umframfjárhæðir sem varað hafa lengur en tíu daga fari samanlagt ekki yfir 600% af eiginfjárfætti 1 stofnunarinnar.

Í hvert sinn þegar farið er yfir mörkin skal stofnun án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um umframfjárhæðina og nafn viðkomandi viðskiptavinar og, eftir atvikum, nafn hóps tengdra viðskiptavina eða viðkomandi hóps tengdra viðskiptavina.“

98) Ákvæðum 396. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Ef fjárhæðin 150 milljónir evra sem um getur í 1. mgr. 395. gr. á við geta lögbær yfirvöld í hverju tilviki fyrir sig heimilað að farið sé yfir 100% hámarkið að því er varðar eiginfjárbætti 1 stofnunarinnar, í hverju tilviki fyrir sig.“

ii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Heimili lögbært yfirvald, í þeim undantekningartilvikum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar, stofnun að fara yfir hámarkið sem sett eru fram 1. mgr. 395. gr. lengur en í þrjá mánuði, skal stofnunin leggja fram áætlun um að hún muna í tæka tíð hlíta þessu hámarki þannig að fullnægjandi sé að mati lögbæra yfirvaldsins og skal hún hrinda í framkvæmd þessari áætlun innan þess frests sem samið er um við lögbæra yfirvaldið. Lögbæra yfirvaldið skal fylgjast með framkvæmd áætlunarinnar og gera kröfu um skjótari hlítinu, ef við á.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3 Að því er varðar 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem skilgreina nánar hvernig lögbæru yfirvöldin geta ákvarðað:

- a) undantekningartilvikin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar,
- b) tímann sem talið er að þurfi áður en hægt er að hlíta aftur hámarkinu,
- c) ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja að stofnunin hlíti hámarkinu aftur í tæka tíð.“

99) Í 397. gr., 1. dálki í töflu 1 kemur hugtakið „eiginfjárbáttur 1“ í stað hugtaksins, hæft fjármagn“.

100) Ákvæðum 399. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Stofnun skal nota aðferð til mildunar útlánaáhættu við útreikning á áhættuskuldbindingu þegar hún hefur notað þá aðferð til að reikna út eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu í samræmi við II. bálk þriðja hluta, að því tilskildu að aðferðin til mildunar útlánaáhættu uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein.

Að því er varðar 400–403. gr. skal hugtakið „ábyrgð“ ná yfir lánaafleiður skv. 4. kafla II. bóls þriðja hluta, aðrar en lánshæfistengd skuldabréf.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3 Aðferðir til mildunar útlánaáhættu sem eingöngu eru aðgengilegar stofnunum sem nota eina af innramatsaðferðunum skulu ekki notaðar til að lækka virði áhættuskuldbindingar vegna stórra áhættuskuldbindinga, nema vegna þeirra sem tryggðar eru með fasteign í samræmi við 402. gr.“

101) Ákvæðum 400. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) Viðskiptastöður stöðustofnunaraðila og framlög í vanskilasjóð fullgildra miðlægra mótaðila.“

ii. Eftirfarandi liðir bætast við:

„l) Viðskiptastöður viðskiptavina sem um getur í 2. mgr. 305. gr. eða 3. gr.

m) Eignarhlutir skilaeininga, eða dótturfélög þeirra sem sjálf eru ekki skilaeiningar, í eiginfjárgrunnsgerningum og hæfum skuldbindingum sem um getur í 2. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB sem hafa verið gefnir út af einhverjum eftirtöldum einingum:

- i. öðrum einingum sem tilheyra sömu skilasarstæðu, að því er varðar skilaeiningar,
- ii. viðkomandi dótturfélögum dótturfélagsins sem tilheyrir sömu skilaeiningu, að því er varðar dótturfélög skilaeininga sem sjálf eru ekki skilaeiningar.

n) Áhættuskuldbindingar sem leiðir af lágmarksskuldbindingarvirði sem uppfyllir öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. c.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) áhættuskuldbindingar sem stofnað er til af hálfu stofnunar, þ.m.t. með hlutdeild eða annars konar eignarhaldi, við móðurfélag hennar, við önnur dótturfélög þess móðurfélags eða eigin dótturfélög og virkir eignarhlutar, að því tilskildu að þessi félög séu undir því eftirliti á

samstæðugrunni sem haft er með lánastofnuninni sjálfri í samræmi við þessa reglugerð, tilskipun 2002/87/EB eða sambærilegar, gildandi reglur í þriðja landi; farið skal með þær áhættuskuldbindingar, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 395. gr. þessarar reglugerðar eða ekki, sem áhættuskuldbindingar vegna þriðja aðila.“

ii. Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) áhættuskuldbindingar í formi tryggingar eða ábyrgðar vegna íbúðalána, sem viðurkenndur veitandi útlánavarnar sem um getur í 201. gr. lætur í té og sem uppfyllir skilyrðin fyrir lánshæfismati sem er a.m.k. það lægra af eftirfarandi þrepum:

i. lánshæfisþrepi 2,

ii. lánshæfisþrepinu sem samsvarar gjaldeyrismati ríkisstjórnar aðildarríkis þar sem höfuðstöðvar veitanda útlánavarnarinnar eru staðsettar,

iii. eftirfarandi liður bætist við:

„l) áhættuskuldbindingar í formi ábyrgðar vegna útflutningslána sem njóta opinbers stuðnings sem útflutningslánastofnun lætur í té sem uppfyllir skilyrðin fyrir lánshæfismati sem er a.m.k. það lægra af eftirfarandi þrepum:

i. lánshæfisþrepi 2,

ii. lánshæfisþrepinu sem samsvarar gjaldeyrismati ríkisstjórnar aðildarríkis þar sem höfuðstöðvar útflutningslánastofnunarinnar eru staðsettar.“

c) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvort þau hyggjast nota einhverjar af þeim undanþágum sem kveðið er á um í 2. mgr., í samræmi við a- og b-lið þessarar málsgreinar, og láta Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni í té rökstuddar ástæður fyrir notkun þessara undanþága.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4 Ekki er heimilt að beita samtímis fleiri en einni undanþágu sem sett er fram í 1. og 2. gr. vegna sömu áhættuskuldbindingar.“

102) Í stað 401. gr. kemur eftirfarandi:

„401. gr.

Útreikningur á áhrifum af notkun aðferða til mildunar útlánaáhættu

1. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirðinu að því er varðar 1. mgr. 395. gr. getur stofnun notað fullaðlagað virði áhættuskuldbindingar (E*), eins og það er reiknað skv. 4. kafla II. bóls í þriðja hluta, að teknu tilliti til mildunar útlánaáhættu, jöfnunar flökts og hvers konar misræmis í binditíma sem um getur í þeim kafla.

2. Að frátöldum þeim stofnunum sem nota einfölduðu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar skulu stofnanir, í samræmi við fyrstu málsgrein, nota einfölduðu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar, óháð aðferðinni sem notuð er til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna útlánaáhættu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega stofnanir sem hafa heimild til að nota aðferðirnar sem um getur í 4. þætti 4. kafla II. bóls í þriðja hluta og 6. þætti 6. kafla II. bóls í þriðja hluta nota þessar aðferðir til að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

3. Í þeim tilgangi að reikna út virði áhættuskuldbindinga í samræmi við 1. mgr. 395. gr. skulu stofnanir framkvæma reglubundin álagspróf á samþjöppun útlánaáhættu sinnar, þ.m.t. í tengslum við söluvirði allra trygginga sem hafa verið teknar

Reglubundnu álagsprófin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu taka til áhættu sem stafar af hugsanlegum breytingum á markaðsaðstæðum sem gætu haft neikvæð áhrif á fullnægjandi eiginfjárgrunn stofnunarinnar og áhættu sem stafar af innlausn veðs við álagsaðstæður.

Álagsprófin sem framkvæmd eru skulu vera nægjanleg og viðeigandi fyrir mat á slíkri áhættu.

Áætlanir stofnananna um viðbrögð við samþjöppunaráhættu skulu fela í sér:

a) stefnur og verklagsreglur til að bregðast við áhættu sem stafar af binditímamismuni áhættuskuldbindinga og hvers konar útlánaverndar vegna þessara áhættuskuldbindinga,

- b) stefnur og verklagsreglur sem tengjast samþjöppunaráhættu sem stafar af beitingu aðferða til mildunar útlánaáhættu, einkum stórrar óbeinnar lánaáhættu, t.d. áhættuskuldbindingar vegna eins útgefanda verðbréfa, sem eru samþykktar sem trygging.

4. Þegar stofnun lækkar áhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar með því að nota tæka aðferð til mildunar áhættu í samræmi við 1. mgr. 399. gr. skal stofnunin, með þeim hætti sem um getur í 403. gr, meðhöndla þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem notuð er til að lækka áhættuskuldbindingu vegna mótaðilans eins og til hennar hafi verið stofnað vegna veitanda útlánavarnar fremur en vegna viðskiptavinarins.“

103) Í stað 1. og 2. mgr. 402. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði að því er varðar 395. gr. er stofnun heimilt, nema það sé bannað samkvæmt gildandi landslögum, að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er fulltryggð með íbúðarhúsnæði, í samræmi við 1. mgr. 125. gr., um þann hluta markaðsvirðis eða veðlánsvirðis viðkomandi eignar sem veðsett er en þó ekki um meira en 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) lögbær yfirlönd aðildarríkjanna hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 35% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði í samræmi við 2. mgr. 124. gr.,
- b) áhættuskuldbindingin eða hluti áhættuskuldbindingarinnar sé fulltryggður með einhverju af eftirfarandi:
 - i. einu eða fleiri veðlánum í fasteign eða
 - ii. íbúðarhúsnæði sem um hefur verið gerður kaupleigusamningur sem kveður á um að leigusalinn haldi fullu eignarhaldi á íbúðarhúsnæðinu og leigutakinn hafi ekki enn nýtt forkaupsrétt sinn,
- c) kröfurnar í 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar.

2. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði að því er varðar 395. gr. er stofnun heimilt, nema það sé bannað samkvæmt gildandi landslögum, að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er fulltryggð með atvinnuhúsnæði, í samræmi við 1. mgr. 126. gr., um þann hluta markaðsvirðis eða veðlánsvirðis viðkomandi eignar sem veðsettur er en þó ekki um meira en 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) lögbær yfirlönd aðildarríkjanna hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 50% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði í samræmi við 2. mgr. 124. gr.,
- b) áhættuskuldbindingin sé fulltryggð með einhverju af eftirfarandi:
 - i. einu eða fleiri veðum í skrifstofum eða öðru atvinnuhúsnæði eða
 - ii. einni eða fleiri skrifstofum eða öðru atvinnuhúsnæði og áhættuskuldbindingum sem tengjast eignaleigusamningum,
- c) kröfurnar í a-lið 2. mgr. 126. gr., 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar,
- d) atvinnuhúsnæðið sé fullbyggt.“

104) Í stað 403. gr. kemur eftirfarandi:

„403. gr.

Staðgönguáferð

1. Ef þriðji aðili tryggir áhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hún er tryggð með veði, sem þriðji aðili gefur út, skal stofnun:

- a) líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er tryggður sem áhættuskuldbinding vegna ábyrgðar- aðila fremur en vegna viðskiptavinar, að því tilskildu að ótryggð áhættuskuldbinding vegna útgefanda tryggingarinnar fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog hins ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar vegna viðskiptavinarins skv. 2. kafla II. bóls þriðja hluta,
- b) líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er tryggður með veði í markaðsvirði viðurkenndrar tryggingar sem áhættuskuldbindingu vegna þriðja aðila fremur en vegna viðskiptavinar, að því tilskildu að áhættuskuldbindingin sé tryggð með veði og tryggður hluti áhættuskuldbindingarinnar

fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar vegna viðskiptavinarins skv. 2. kafla II. bóls þriðja hluta.

Stofnun skal ekki nota þá aðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar ef um er að ræða misræmi milli binditíma áhættuskuldbindingar og binditíma áhættuvarnar.

Að því er varðar þennan hluta er stofnun aðeins heimilt að nota bæði heildaraðferð fjárhagslegrar tryggingar og þá meðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar ef leyfilegt er að nota bæði heildaraðferð fjárhagslegrar tryggingar og einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar að því er varðar a-lið 92. gr.

2. Þegar stofnun beitir a-lið 1. mgr.:

- a) ef ábyrgðin er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin, skal hún reikna út fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, sem telst vera tryggð í samræmi við ákvæðin um meðferð gjaldmiðils-misræmis vegna ófjármagnaðrar útlánavagnar sem sett er fram í þriðja hluta,
- b) skal hún fara með hvers konar misræmi milli binditíma áhættuskuldbindingarinnar og binditíma varnarinnar í samræmi við ákvæðin um meðferð misræmis í binditíma sem kveðið er á um í 4. kafla II. bóls í þriðja hluta,
- c) má hún viðurkenna vörn að hluta í samræmi við meðferðina sem er sett fram í 4. kafla II. bóls þriðja hluta.

3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. má stofnun skipta út fjárhæðinni í a-lið þessarar málsgreinar með fjárhæðinni í b-lið þessarar málsgreinar, að því tilskildu að skilyrðin sem um getur í c-, d- og e-lið þessarar málsgreinar séu uppfyllt:

- a) heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar stofnunarinnar gagnvart útgefanda tryggingar vegna þríhliða samnings um endurhverf verðbréfa kaup sem þríhliða umboðsmaður greiðir fyrir,
- b) allri fjárhæð þeirra marka sem stofnunin hefur gefið þríhliða umboðsmanninum, sem um getur í a-lið, fyrirmæli um að nota vegna verðbréfa sem útgefandi tryggingarinnar sem um getur í þeirri grein gefur út,
- c) stofnunin hafi gengið úr skugga um að þríhliða umboðsmaðurinn hafi gert viðeigandi öryggisráðstafanir sem tryggja að ekki sé farið yfir mörkin sem um getur í b-lið,
- d) lögbært yfirvald hafi ekki látið í ljós neinar verulegar áhyggjur við stofnunina,
- e) summa hámarksfjárhæðarinnar sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar og allar aðrar áhættuskuldbindingar stofnunarinnar gagnvart útgefanda tryggingarinnar fer ekki yfir mörkin sem sett eru fram í 1. mgr. 395. gr.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina skilyrðin fyrir beitingu meðferðarinnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. skilyrðin fyrir ákvörðun, eftirliti og endurskoðun á mörkunum sem um getur í b-lið þeirrar málsgreinar og hversu oft þetta skuli fara fram.

Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal gefa út þessar viðmiðunarreglur eigi síðar en 31. desember 2019.“

105) Í stað fyrirsagnar I. bóls 6. hluta kemur eftirfarandi:

„SKILGREININGAR OG LAUSAFJÁRKRFUR“

106) Í stað 411. gr. kemur eftirfarandi:

„411. gr.

Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „viðskiptavinur á fjármálamarkaði“: viðskiptavinur, þ.m.t. viðskiptavinur á fjármálamarkaði sem tilheyrir fyrirtæki, öðru en samstæðu fjármálafyrirtækja sem hefur eina eða fleiri gerðir starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB að meginstarfsemi, eða er eitt af eftirfarandi:
 - a) lánastofnun,
 - b) verðbréfafyrirtæki,
 - c) sérstakur verðbréfunaraðili (e. *securitisation special purpose entity* (SSPE)),
 - d) sjóður um sameiginlega fjárfestingu,

- e) fjárfestingarfyrirkomulag sem ekki er opið,
 - f) váttryggingafélag,
 - g) endurtryggingafélag,
 - h) eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi,
 - i) fjármálastofnun,
 - j) lífeyriskerfi eins og það er skilgreint í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
- 2) „smásöluinnlán“: skuld við einstakling eða lítið eða meðalstórt fyrirtæki ef viðkomandi myndi uppfylla skilyrði flokks almennra áhættuskuldbindinga samkvæmt staðal- eða innramatsaðferð fyrir útlánaáhættu, sem og skuld við fyrirtæki sem telst hæft til þeirrar meðferðar sem um getur í 4. mgr. 153. gr. og ef samhlöð innlán allra slíkra fyrirtækja á samstæðugrunni fer ekki yfir eina milljón evra,
 - 3) „persónulegt fjárfestingarfélag“: fyrirtæki eða sjóður þar sem eigandi eða raunverulegur eigandi er einstaklingur eða hópur mjög tengdra einstaklinga sem sinnir ekki neinni annarri viðskipta-, iðnaðar- eða fagstarfsemi og sem stofnað hefur verið eingöngu til að stýra eignum eigandans eða eigendanna, þ.m.t. viðbótarstarfsemi sem felst í því að skilja í sundur eignir eigenda frá heildareignum fyrirtækis, auðvelda flutning eigna innan fjölskyldu eða koma í veg fyrir að eignum sé skipt upp eftir andlát fjölskyldumeðlims, að því gefnu að viðbótarstarfsemin tengist þeim megintilgangi að stýra eignum eigendanna,
 - 4) „innstæðumiðlari“: einstaklingur eða fyrirtæki sem leggja innlán frá þriðju aðilum, þ.m.t. smásöluinnlán og fyrirtækjainnlán en að undanskildum innlánum frá viðskiptavinum á fjármálamarkaði, inn hjá lánastofnunum gegn gjaldi,
 - 5) „kvaðalausar eignir“: eignir sem ekki eru háðar neinum lagalegum, samningsbundnum, eftirlitstengdum eða annarskonar takmörkunum sem koma í veg fyrir að lánastofnunin innleysi, selji, flytji, framselji eða almennt ráðstafi þessum eignum með beinni sölu eða endurhverfum verðbréfa kaupum,
 - 6) „yfirveðsetning sem ekki er skyldubundin“: hvers konar fjárhæð eigna sem stofnunin er ekki skyldug til að tengja við útgáfu sértryggðs skuldabréfs samkvæmt laga- eða reglugerðarákvæðum, samningskuldbindingum eða af ástæðum sem varða aga á markaði, einkum þegar eignirnar eru lagðar fram umfram lágmarkskröfur um yfirveðsetningu samkvæmt lögum, réttarákvæðum eða reglugerðum sem gilda um sértryggð skuldabréf samkvæmt landslögum aðildarríkis eða þriðja lands,
 - 7) „eignaþekjukrafa“: hlutfall eigna og kuldbindinga eins og ákvarðað er samkvæmt lögum aðildarríkis eða þriðja lands til að bæta lánshæfi í tengslum við sértryggð skuldabréf,
 - 8) „verðbréfavéðlán“: veðtryggð útlán sem veitt eru viðskiptamönnum til að gera skuldsettar stöðutökur,
 - 9) „afleiðusamningar“: afleiðusamningar sem taldir eru upp í II. viðauka og lánaafleiður,
 - 10) „álag“: skyndileg eða alvarleg skerðing á greiðsluhæfi eða lausafjárstöðu stofnunar vegna breytinga á markaðsaðstæðum eða sérstökum þáttum sem leiða til verulegrar hættu á því að stofnunin verði ófær um að greiða kuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga innan næstu 30 daga,
 - 11) „1. stigs eignir“: eignir sem eru afar auðseljanlegar og af afar miklum útlánagæðum eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 416. gr.,
 - 12) „2. stigs eignir“: eignir sem eru auðseljanlegar og af miklum útlánagæðum eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 416. gr. þessarar reglugerðar; eignir á stigi 2 skiptast aftur í 2. stigs (a) og 2. stigs (b) eignir eins og sett er fram í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
 - 13) „lausafjórforði“: fjárhæðir eigna á stigi 1 og stigi 2 sem lánastofnun hefur í vörslu í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
 - 14) „hreint lausafjárúttreymi“: fjárhæð sem fæst með því að draga lausafjárnstreymi lánastofnunarinnar frá lausafjárúttreymi,
 - 15) „reikningsskilagjaldmiðill“: gjaldmiðill aðildarríkis þar sem aðalskrifstofa stofnunarinnar er staðsett,
 - 16) „kröfukaup“: bindandi samningur milli fyrirtækis („framseljanda“) og fjármálastofnunar („kröfukaupanda“) þar sem framseljandi framselur eða selur viðskiptakröfur sínar til kröfukaupanda en í staðinn veitir kröfukaupandinn framseljandanum eina eða fleiri af eftirfarandi þjónustu með tilliti til framseldra viðskiptakrafna:

- a) fyrirframgreiðslu á hundradshluta fjárhæðar framseldra viðskiptakrafna, sem alla jafna eru til skamms tíma, ekki skuldbindandi og án sjálfvirkra framlengingar,
 - b) stýringu á viðskiptakröfum, innheimtu og útlánavörn þar sem kröfukaupandi stýrir útstandandi skuldum framseljandans og innheimtir viðskiptakröfur í nafni kröfukaupandans,
- að því er varðar IV. bálk skal fara með kröfukaup sem viðskiptafjármögnun,

17) „skuldbundin lána- eða lausafjárþyrirgreiðsla“: lána eða lausafjárþyrirgreiðsla sem er óafturkallanleg eða afturkræf með skilyrðum.“

107) Ákvæðum 412. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2 Stofnanir skulu ekki tvítelja lausafjárústreymi, lausafjárnastreymi og lausafjäreignir.

Nema annað sé tilgreint í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. þar sem telja má lið í fleiri en einum flokki útstreymis, skal telja hann með í þeim flokki útstreymis sem sýnir mesta samningsbundna útstreymið fyrir þann lið.“

- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4a. Framselda gerðin sem um getur í 1. mgr. 460. gr. gildir um lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki sem um getur í 4. mgr. 6. gr.“

108) Í stað 413. og 414. gr. kemur eftirfarandi:

„413. gr.

Kröfur um stöðuga fjármögnun

1. Stofnanir skulu tryggja að langtímaeignir og liðir utan efnahagsreiknings séu nægilega vel tryggð með fjölbreyttu safni fjármögnunargerninga sem er stöðugt bæði í eðlilegum aðstæðum og á álagstíma.

2. Ákvæðin sem sett eru fram í III. bálki gilda eingöngu í þeim tilgangi að skilgreina skýrslugjafarkvaðir sem settar eru fram í 415. gr. þar til skýrslugjafarskyldurnar sem settar eru fram í þeirri grein fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar í IV. bálki hafa verið skilgreindar og innleiddar í lög Sambandsins.

3. Ákvæðin sem sett eru fram í IV. bálki gilda í þeim tilgangi að skilgreina kröfuna um stöðuga fjármögnun sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar og skyldur fyrirtækja um skýrslugjöf sem settar eru fram í 415. gr.

4. Aðildarríki geta viðhaldið eða tekið upp ákvæði í landslög að því er varðar kröfur um stöðuga fjármögnun áður en bindandi lágmarkskröfur vegna krafna um stöðuga fjármögnun sem settar eru fram í 1. mgr. koma til framkvæmda.

414. gr.

Hlíting við lausafjárkröfur

Ef stofnun uppfyllir ekki, eða væntir þess að uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í 412. gr. eða í 1. mgr. 413. gr., þ.m.t. á álagstímum, skal hún tafarlaust tilkynna lögbærum yfirvöldum um það og leggja fram áætlun fyrir þau, án ástæðulausrar tafar, um hvernig hún muni skjótt fara aftur að hlíta kröfunum sem settar eru fram í 412 gr. eða 1. mgr. 413. gr., eins og við á. Þar til reglum er hlítt á ný skal stofnunin í lok hvers virks dags gefa skýrslu um liðina sem um getur í III. og IV. bálki, í framkvæmdagerðinni sem um getur í 3. eða 3. mgr. a í 415. gr. eða framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. eins og við á, nema lögbær yfirvöld heimili að skýrslur séu gefnar sjaldnar og að skýrslufrestur sé lengri. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita slíkar heimildir á grundvelli stöðu hvernar stofnunar fyrir sig og að teknu tilliti til umfangs starfsemi stofnunarinnar og þess hversu flókin hún er. Þau skulu fylgjast með framkvæmd slíkrar áætlunar um að hlíta kröfunum fljótt aftur og krefjast skjótari hlítingar, eftir því sem við á.

109) Ákvæðum 415. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Stofnanir skulu gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu í reikningsskilagjaldmiðlinum um þá liði sem um getur í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum, sem um getur í 3. mgr. eða 3. mgr. a í IV. bálki og framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., án tillits til gjaldmiðlasamsetningar þessara liða. Þar til skýrslugjafarskyldan og skýrslusniðið fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar í IV. bálki hafa verið skilgreind og innleidd í lög Sambandsins skulu stofnanir gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu um liðina sem um getur í III. bálki í reikningsskilagjaldmiðlinum, án tillits til gjaldmiðlasamsetningar þessara liða.

Skýrslugjöf skal fara fram a.m.k. mánaðarlega að því er varðar liði sem um getur í framseldu gerðinni í 1. mgr. 460. gr. og a.m.k. ársfjórðungslega fyrir liði sem um getur í III. og IV. bálki.

2. Stofnun skal gefa lögbærum yfirvöldum aðskilda skýrslu um liðina sem um getur í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í 3. mgr. eða 3. mgr. a í þessari grein og í III. bálki þar til skýrslugjafaskyldan og skýrslusniðið fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar sem sett er fram í IV. bálki hafa verið skilgreind og innleidd í lög Sambandsins, í IV. bálki sem og í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. eins og við á, í samræmi við eftirfarandi:

- a) þegar liðir eru tilgreindir í öðrum gjaldmiðli en reikningsskilagjaldmiðlinum og stofnanir eru með samanlagðar skuldbindingar í slíkum gjaldmiðli sem nema eða fara yfir 5% af heildarskuldbindingum stofnunarinnar eða einstakrar lausafjárundirsamstæðu, að undanskildum eiginfjárgrunni og liðum utan efnahagsreiknings, skulu gagnaskilin vera í tilgreinda gjaldmiðlinum,
- b) þegar liðir eru tilgreindir í gjaldmiðli gistaðildarríkis þar sem stofnunin hefur mikilvægt útibú eins og um getur í 51. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og það gistaðildarríki notar annan gjaldmiðil en reikningsskilagjaldmiðilinn skal skýrslugjöfin vera í gjaldmiðli þess gistaðildarríkis þar sem mikilvæga útibúið er staðsett,
- c) þegar liðir eru tilgreindir í reikningsskilagjaldmiðlinum og samanlögð fjárhæð skuldbindinga í öðrum gjaldmiðlum en reikningsskilagjaldmiðlinum nemur eða fer yfir 5% af heildarskuldbindingum stofnunarinnar eða einstakrar lausafjárundirsamstæðu, að undanskildum eiginfjárgrunni og liðum utan efnahagsreiknings, skal skýrslugjöfin vera í gagnaskilagjaldmiðlinum.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

- a) samræmd form og upplýsingatæknilausnir með tilheyrandi leiðbeiningum fyrir tíðni ásamt upphafs- og greiðsludagsetningum; skýrslusnið og -tíðni skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin mismunandi starfsemi stofnunarinnar er og skulu ná yfir skýrslugjöfina sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr.,
- b) viðbótarbreytur vegna eftirlits með lausu fé sem þörf er á, til að lögbær yfirvöld öðlist ítarlega yfirsýn yfir snið lausafjánhættu stofnunar, í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin starfsemi stofnunarinnar er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013 og að því er varðar liðina sem tilgreindir eru í a-lið og eigi síðar en 1. janúar 2014 að því er varðar liðina sem tilgreindir eru í b-lið.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina hvaða viðbótarbreytur vegna eftirlits með lausu fé eigi að gilda um litlar og einfaldar stofnanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

110) Ákvæðum 416. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3 Í samræmi við 1. mgr. skulu stofnanir skrá eignir sem uppfylla eftirfarandi skilyrði sem lausafjáreignir:

- a) eignir sem eru kvaðalausar eða eru aðgengilegar innan tryggingasafna sem nota skal til að afla aukinnar fjármögnunar með lánalínum til stofnunarinnar sem samið hefur verið um, eða ef safnið er starfrækt af seðlabanka lánalínum sem ekki hefur verið samið um og enn á eftir að fjármagna,
- b) eignirnar eru ekki gefnar út af stofnuninni sjálfri, móður- eða dótturstofnunum hennar eða annarri dótturstofnun móðurstofnunar hennar eða móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði,
- c) markaðsaðilar eru almennt sammála um verð eignanna sem auðvelt er að sannreyna á markaði eða sem auðveldlega er hægt að reikna út eftir formúlu sem byggist á inntaksgögnum sem eru

aðgengileg öllum og sem eru ekki háð sterkum forsendum eins og dæmigert er fyrir afleiðutengdar eða framandi afurðir (e. *structured or exotic products*),

- d) eignir eru skráðar í viðurkenndum kauphöllum eða hægt er að versla með þær í beinni sölu eða með einföldum endurhverfum verðbréfa kaupum á endurkaupamörkuðum; þessar viðmiðanir skulu metnar sérstaklega fyrir hvern markað.

Skilyrðin sem um getur í c- og d-lið fyrstu undirgreinar skulu ekki gilda um eignir sem um getur í a-, e- og f-lið 1. mgr.

- b) Í stað 5. og 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„5 Fara má með hlutabréf eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem lausafjáreignir upp að fastri fjárhæð sem nemur 500 milljónum evra, eða jafngildri fjárhæð í innlendum gjaldmiðli, í eignasafni lausafjáreigna hverrar stofnunar, að því tilskildu að kröfurnar í 3. mgr. 132. gr. séu uppfylltar og að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti aðeins í lausafjáreignum eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir utan afleiðugerninga til mildunar vaxta-, útlána- eða gjaldmiðilsáhættu.

Notkun eða möguleg notkun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu á afleiðugerningum til að verja áhættur leyfilegra fjárfestinga skal ekki koma í veg fyrir að sá sjóður um sameiginlega fjárfestingu sé hæfur til að fá meðferðina sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar. Ef virði hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu er ekki reglulega fært á markaðsvirði af þeim þriðju aðilum sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 418. gr. og lögbært yfirvald er ekki fullvisst um að stofnun hafi þróað trausta aðferðafræði og ferla fyrir verðmat eins og um getur í 4. mgr. 418. gr., skal ekki fara með hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu sem lausafjáreignir.

6. Ef lausafjáreign hættir að uppfylla kröfur um lausafjáreignir eins og sett er fram í þessari grein má stofnun engu að síður halda áfram að telja hana til lausafjáreigna í 30 daga í viðbót. Ef lausafjáreign í sjóði um sameiginlega fjárfestingu hættir að vera hæf til meðferðarinnar sem sett er fram í 5. mgr., má engu að síður telja hlutabréfin og hlutdeildarskírteinin í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu til lausafjáreigna í 30 daga í viðbót, að því tilskildu að eignirnar fari ekki yfir 10% af heildareignum sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.“

- c) Ákvæði 7. mgr. falla brott.

111) Ákvæðum 419. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2 Ef réttlætanager þarfir fyrir lausafjáreignir í ljósi krafna í 412. gr. eru meiri en nemur þeim lausafjáreignum sem eru aðgengilegar í ákveðnum gjaldmiðli skal ein eða fleiri af eftirfarandi undanþágum gilda:

- þrátt fyrir f-lið 417. gr. þarf tilgreindur gjaldmiðill lausafjáreigna ekki að samrýmast dreifingu lausafjárústreymis eftir gjaldmiðli eftir að innstreymi er dregið frá,
- að því er varðar gjaldmiðil aðildarríkis eða þriðja lands mega, í stað þeirra lausafjáreigna sem krafist er, koma lánalínur frá seðlabanka þess aðildarríkis eða þriðja lands, sem bundnar eru samkvæmt óafturkallanlegum samningi til næstu 30 daga og verðlagðar með sanngjörnum hætti, óháð fjárhæðinni sem dregið hefur verið á, að því tilskildu að lögbær yfirvöld þess aðildarríkis eða þriðja lands geri hið sama og að í aðildarríkinu eða þriðja landinu ríki sambærileg upplýsingaskylda,
- þar sem skortur er á eignum á stigi 1 má lánastofnun hafa í vörslu viðbótareignir á stigi 2A, með fyrirvara um herra frádrag og þök sem eiga við um þessar eignir í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.“

- b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5 Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina undanþágurnar sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. skilyrðin fyrir beitingu þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

112) Ákvæðum 422. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4 Greiðslujöfnun, varsla, reiðufjárstyring eða önnur sambærileg þjónusta, sem um getur í a- og d-lið 3. mgr., nær aðeins til þessarar þjónustu að því marki sem hún er veitt í tengslum við viðurkennd tengsl sem innstæðueigandinn reiðir sig verulega á. Þessi þjónusta skal ekki einungis felast í millibanka- viðskiptum og viðskiptaþjónustu við fagfjáfesta og stofnanir skulu hafa sönnunargagn þess efnis að viðskiptavinurinn geti ekki tekið út fjárhæðir sem lagalega falla í gjalddaga innan 30 daga tímabils án þess að það skaði starfsemi þeirra.

Á meðan beðið er samræmdrar skilgreiningar á viðurkenndum rekstrartengslum eins og um getur í c-lið skulu stofnanir sjálfar útbúa viðmiðanir til að greina viðurkennd rekstrartengsl þar sem þær hafa sannanir um að viðskiptavinurinn geti ekki tekið út fjárhæðir sem lagalega falla í gjalddaga innan 30 daga tímabils án þess að það stofni starfsemi þeirra í hættu og skulu þær gefa skýrslu um þessar viðmiðanir til lögbærra yfirvalda. Á meðan samræmdrar skilgreiningar nýtur ekki við mega lögbær yfirvöld veita almennar leiðbeiningar sem stofnunum ber að fara eftir við að greina innstæður sem innstæðueigendur viðhalda í tengslum við viðurkennd rekstrartengsl.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8 Lögbær yfirvöld mega veita leyfi til að nota lægra útlæðisvægi í hverju tilviki fyrir sig fyrir þær skuldbindingar sem um getur í 7. mgr., að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) mótaðilinn sé eitt af eftirfarandi:

- i. móður- eða dótturstofnun stofnunarinnar eða önnur dótturstofnun sömu móðurstofnunar,
- ii. tengdur stofnuninni með tengslum í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,
- iii. stofnun sem falli innan sama stofnanaverndarkerfis sem uppfyllir kröfur 7. mgr. 113. gr. eða
- iv. svæðisstofnunin eða meðlimur í tengslaneti sem uppfyllir kröfurnar í d-lið 2. mgr. 400, gr.,

b) ástæða sé til að búast við minna útstreymi innan næstu 30 daga, jafnvel samkvæmt sameinaðri sviðsmynd sérstaks álags og álags á markaðinn í heild,

c) mótaðilinn noti sambærilegt samhverft eða varfærnara innstreymi þrátt fyrir 425. gr.,

d) stofnunin og mótaðilinn hafi staðfestu í sama aðildarríki.“

113) Í stað 2. og 3. mgr. 423. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um alla samninga sem gengist er undir þar sem samningsskilyrði leiða, innan 30 daga eftir verulega rýrnun lánsþæfis stofnunarinnar, til lausafjárútreymis eða þarfar fyrir viðbótartryggingu. Telji lögbær yfirvöld þessa samninga mikilvæga í tengslum við hugsanlegt lausafjárútreymis stofnunarinnar skulu þau gera kröfu um að stofnunin bæti viðbótarútlæði við þá samninga sem samsvarar þörfinni fyrir viðbótartryggingu sem stafar af verulegri lækku í lánsþæfi hennar, s.s. lækku ytra lánsþæfismats um þrjú þrep. Stofnunin skal reglulega endurskoða umfang þessarar verulegu lækkunar í ljósi þess hvað skiptir máli samkvæmt samningunum sem hún hefur gengist undir og tilkynna lögbærum yfirvöldum um niðurstöðu endurskoðunarinnar.

3. Lánastofnanir skulu bæta við viðbótarútreymi sem skal samsvara tryggingarþörf sem myndi leiða af áhrifunum- vegna neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti hennar, ef þau eru veruleg.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina með hvaða skilyrðum beita megu hugtakinu „veruleg“ og sem tilgreina aðferðir til að mæla viðbótarútreymið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. mars 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

114) Í stað 4. mgr. 424. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Umsamin fjárhæð lausafjárþyrirgreiðslu sem veitt hefur verið sérstökum verðbréfunaraðila til að gera þeim sérstaka verðbréfunaraðila kleift að kaupa eignir, aðrar en verðbréf, frá viðskiptavinum sem ekki eru viðskiptavinir á fjármálamarkaði, skal margfölduð með 10% að því tilskildu að umsamda fjárhæðin sé umfram fjárhæðina á eignunum sem þegar hafa verið keyptar af viðskiptavinum og ef sú hámarksfjárhæð sem nýta má er samkvæmt samningi takmörkuð við þá fjárhæð eigna sem þegar hafa verið keyptar.“

115) Eftirfarandi kemur í stað c-liðar 2. mgr. 425. gr.:

„c) taka skal tillit til lána með óskilgreinda samningsbundna lokadagsetningu með 20% innstreymi að því tilskildu að samningurinn heimili stofnuninni að afturkalla og krefjast greiðslu innan 30 daga.

116) Eftirfarandi fyrirögn bætist við á eftir 428. gr. í sjötta hluta:

„IV. BÁLKUR

Hlutfall stöðugar fjármögnunar

1. KAFLI

Hlutfall stöðugar fjármögnunar

428. gr. a

Beiting á samstæðugrunni

Þegar hlutfall stöðugar fjármögnunar sem sett er fram í þessum bálki gildir á samstæðugrunni í samræmi við 4. mgr. 11. gr. gildir eftirfarandi:

- þegar vægi nauðsynlegrar stöðugar fjármögnunar sem krafist er vegna eigna og liða utan efnahagsreiknings dótturfélags sem hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi er, með tilliti til kröfunnar um stöðuga fjármögnun sem skilgreind er í landslögum þess þriðja lands, hærra en það sem skilgreint er í 4. kafla, þá skulu þessar eignir og liðir utan efnahagsreiknings sameinuð með því að nota það vægi sem hærra er samkvæmt lögum þess þriðja lands,
- skuldbindingar og eiginfjárgrunnur dótturfélags sem hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi sem falla undir stuðul tiltækrar stöðugar fjármögnunar samkvæmt kröfunni um stöðuga fjármögnun sem sett er fram í landslögum þess þriðja lands sem eru lægri en skilgreint er í 3. kafla skulu falla undir samstæðuna í samræmi við það lægra vægi sem tilgreint er í lögum þess þriðja lands,
- ekki skal viðurkenna eignir í þriðja landi, sem uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og eru í vörslu dótturfélags með aðalskrifstofu í þriðja landi, sem lausafjáreignir með tilliti til sameiningar þegar þær teljast ekki lausafjáreignir samkvæmt landslögum þriðja landsins sem setur fram kröfurnar um lausafjárþekju,
- fjárfestingarfyrirtæki sem ekki falla undir þennan bálk skv. 4. mgr. 6. gr. innan samstæðunnar skulu falla undir 413. gr. og 428. gr. b á samstæðugrunni; slík fjárfestingarfélög skulu, nema þau sem skilgreind eru í þessum lið, áfram falla undir ítarlegar kröfur um stöðuga fjármögnun fyrir fjárfestingarfyrirtæki eins og mælt er fyrir um í landslögum.

428. gr. b

Hlutfall stöðugar fjármögnunar

1. Krafan um stöðuga fjármögnun sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 413. gr. skal vera jöfn hlutfallinu á milli tiltækrar stöðugar fjármögnunar stofnunarinnar, eins og um getur í 3. kafla, og nauðsynlegrar stöðugar fjármögnunar stofnunarinnar, eins og um getur í 4. kafla og skal hún gefin upp í prósentum. Lánastofnanir skulu reikna hlutfall stöðugar fjármögnunar sinnar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{Tiltæk stöðug fjármögnun}}{\text{Krafa um stöðuga fjármögnun}} = \text{Hlutfall stöðugar nettófjármögnunar (\%)}$$

2. Stofnanir skulu viðhalda hlutfalli stöðugar fjármögnunar sem er a.m.k. 100% og sem reiknað er í reikningssskilagjaldmiðlinum fyrir öll viðskipti þeirra, án tillits til þess gjaldmiðils sem þau eru raunverulega gefin upp í.

3. Í hvert sinn sem hlutfall stöðugar fjármögnunar lánastofnunar hefur fallið eða ástæða er til að ætla að það falli niður fyrir 100% mörkin skal krafan sem mælt er fyrir um í 414. gr. gilda. Stofnun skal miða að því að endurheimta hlutfall stöðugar fjármögnunar sinnar þannig að það nái því stigi sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Lögbær yfirvöld skulu meta ástæður þess hvers vegna stofnun hlítir ekki 2. mgr. þessarar greinar áður en þau grípa til einhverra eftirlitsáðgerða.

4. Stofnanir skulu reikna út og fylgjast með hlutfalli stöðugar fjármögnunar sinnar í gagnaskilagjaldmiðlinum fyrir öll viðskipti sín, án tillits til þess gjaldmiðils sem þau eru raunverulega gefin upp í og aðskilið fyrir þau viðskipti sem gefin eru upp í hverjum gjaldmiðli sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr.

5. Stofnanir skulu tryggja að gjaldmiðlasamsetning á fjármögnunarsniði sé alla jafna í samræmi við gjaldmiðlasamsetningu á eignum þeirra. Þegar við á mega lögbær yfirvöld krefja stofnanir um að takmarka gjaldmiðlamisræmi með því að setja takmörk á það hlutfall tiltækrar stöðugar fjármögnunar í sérstökum

gjaldmiðli sem hægt er að tryggja með tiltækri stöðugri fjármögnun sem ekki er tilgreind í þeim gjaldmiðli. Þessari takmörkun er aðeins hægt að beita að því er varðar gjaldmiðil sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr.

Þegar umfang takmörkunar á gjaldmiðlamisræmi sem hægt er að beita í samræmi við þessa grein er ákveðið skulu lögbær yfirvöld a.m.k. skoða:

- a) hvort stofnunin hefur getu til að flytja tiltæka stöðuga fjármögnun úr einum gjaldmiðli í annan og á milli lögsagnarumdæma og lögaðila innan samstæðu sinnar og getu til að skipta á gjaldmiðlum og afla fjármuna á erlendum gjaldmiðlamörkuðum á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar.
- b) áhrif neikvæðra gengisbreytinga á núverandi misræmi og virkni gengisáhættuvarna sem þegar eru til staðar.

Takmarkanir á gjaldmiðlamisvægi sem komið er á í samræmi við þessa grein mynda sérstakar lausafjárkröfur eins og um getur í 105. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. KAFLI

Almennar reglur um útreikning á hlutfalli stöðugar fjármögnunar

428. gr. c

Útreikningur á hlutfalli stöðugar fjármögnunar

1. Stofnanir skulu taka tillit til eigna, skuldbindinga og liða utan efnahagsreiknings á vergum grunni nema annað sé tiltekið í þessum bálki.
2. Til að reikna út hlutfall stöðugar fjármögnunar skulu stofnanir nota viðeigandi stuðul stöðugar fjármögnunar sem settur er fram í 3. og 4. kafla gagnvart bókfærðu virði eigna sinna, skuldbindinga og liða utan efnahagsreiknings nema annað sé tiltekið í þessum bálki.
3. Stofnanir skulu ekki tvítelja tilskilda stöðuga fjármögnun og tiltæka stöðuga fjármögnun.

Þegar hægt er að setja lið í fleiri en einn tilskilinn flokk stöðugar fjármögnunar skal hann settur í flokk tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem myndar stærstu sammingsbundnu tilskildu stöðugu fjármögnunina fyrir þann lið nema annað sé tiltekið í þessum bálki.

428. gr. d

Afleiðusamningar

1. Stofnanir skulu beita þessari grein við útreikning á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar fyrir afleiðusamninga eins og um getur í 3. og 4. kafla.
2. Með fyrirvara um 2. mgr. 428. gr. ah skulu stofnanir taka tillit til gangvirðis afleiðustaðna á hreinum grunni ef þessar stöður er að finna í sama skuldajöfnunarsafni sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 429 gr. c. Ef svo er ekki skulu stofnanir taka tillit til gangvirðis afleiðustaðna á vergum grunni og fara með allar þessar afleiðustöður eins og þær tilheyru þeirra eigin jöfnunarsafni að því er varðar 4. kafla.
3. Í þessum bálki er með hugtakinu „gangvirði jöfnunarsafns“ átt við samtölu gangvirðis allra viðskipta sem er að finna í jöfnunarsafni.
4. Með fyrirvara um 2. mgr. 428. gr. ah skulu allir afleiðusamningar sem tilgreindir eru í a- til e-lið II. viðauka og fela í sér full skipti á höfuðstól á sama tíma reiknaðir á hreinum grunni fyrir alla gjaldmiðla, þ.m.t. í þeim tilgangi að gefa skýrslu í gjaldmiðli sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr., jafnvel þótt þessi viðskipti séu ekki sett í sama jöfnunarsafni sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 429. gr. c.
5. Handbært fé sem tekið er við sem tryggingu til að milda áhættuna af afleiðustöðu skal meðhöndlað sem slíkt og skal ekki meðhöndlað sem innstæður sem falla undir 3. kafla.
6. Lögbær yfirvöld mega ákveða, með samþykki viðkomandi seðlabanka, að taka ekki tillit til áhrifa afleiðusamninga á útreikninginn á hlutfalli stöðugar fjármögnunar, þ.m.t. við ákvörðun á stuðlunum fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun og fyrir afskriftir og tap, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:
 - a) þessir samningar hafi skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,
 - b) mótaðilinn sé Seðlabanki Evrópu eða seðlabanki aðildarríkis,
 - c) afleiðusamningarnir þjóni peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis.

Hafi dótturfélag með aðalskrifstofu sína í þriðja landi hag af undanþágunni sem um getur í fyrstu undirgrein samkvæmt landslögum þess þriðja lands sem kveður á um kröfuna um stöðuga fjármögnun, skal taka tillit til undanþágunnar eins og hún er skilgreind í landslögum þriðja landsins í tengslum við samstæðu-reikningsskil.

428. gr. e

Útreikningur á hreinni stöðu tryggðra útlániðskipta og viðskipta á fjármagnsmarkaði

Eignir og skuldbindingar sem leiða af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf við einn mótaðila skulu reiknaðar á hreinum grunni, að því tilskildu að þessar eignir og skuldbindingar hlíti skuldajöfnunarskilyrðunum sem sett eru fram í 4. mgr. 429. gr. b.

428. gr. f

Víxltengdar eignir og skuldir

1. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda má stofnun fara með eignir og skuldbindingar sem víxltengdar að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) stofnunin gegni hlutverki milliliðar (e. pass-through unit)“ sem flytur fjármögnunina frá skuldbindingunni til samsvarandi víxltengdra eigna,
- b) einstakar innbyrðis tengdar eignir og skuldbindingar séu auðgreinanlegar og hafi sama höfuðstól,
- c) eignirnar og innbyrðis háð skuldbinding hafa að verulega leyti sama binditíma með mest 20 daga bili milli binditíma eignarinnar og binditíma skuldbindingarinnar,
- d) innbyrðis háða skuldbindingin leiðir af lagalegri-, eftirlits- eða samningsbundinni skuldbindingu og er ekki notuð til að fjármagna aðrar eignir,
- e) stærsti hluti greiðsluflæðis frá eignunum sé ekki notaður í öðrum tilgangi en til endurgreiðslu á víxltengdri skuldbindingu,
- f) mótaðilar fyrir hvert par víxltengdra eigna og skuldbindinga séu ekki þeir sömu.

2. Eignir og skuldbindingar skulu teljast uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. og teljast vera víxltengdar þegar þær tengjast beint eftirtöldum afurðum eða þjónustu:

- a) miðstýrðum sparireikningum, að því tilskildu að stofnanir séu lögum samkvæmt skyldugar til að setja reglubundin innlán í miðlægan sjóð sem stýrt er af ríkisstjórn aðildarríkis og sem veitir lán með hagsmuni almennings að leiðarljósi og að því tilskildu að lagt sé inn í miðstýrða sjóðinn a.m.k. mánaðarlega,
- b) stuðningslánunum og lána- og lausafjárþyrirgreiðslum sem uppfylla viðmiðin sem sett eru fram í gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að því er varðar stofnanir sem gegna því hlutverki einfaldlega að vera milliliðir og sem taka ekki neina áhættu hvað varðar fjármögnun,
- c) sértryggðum skuldabréfum sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. þau eru skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða uppfylla kröfurnar um að geta fengið meðferðina sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr. þessarar reglugerðar,
 - ii. undirliggjandi lán eru að fullu tryggð með sértryggðum skuldabréfunum eða binditími sértryggðum skuldabréfanna framlengist sjálfvirkt með ákveðnum skilyrðum um eitt ár eða fleiri þar til binditími undirliggjandi lánanna rennur út ef ekki hefur verið hægt að endurfjármagna sértryggðum skuldabréfin á gjalddaga þeirra,
- d) afleiða sem notuð er við stöðustofnun fyrir reikning viðskiptavinar, að því tilskildu að stofnunin veiti viðskiptavininum ekki tryggingar að því er varðar frammistöðu miðlæga mótaðilans og taki þar af leiðandi ekki neina áhættu hvað varðar fjármögnun.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með eignum og skuldbindingum sem og afurðum og þjónustu sem farið er með sem víxltengdar eignir og skuldir skv. 1. og 2. mgr. til að ákvarða hvort og að hve miklu leyti hæfisviðmiðanirnar sem um getur í 1. mgr. eru uppfylltar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um árangurinn af þessu eftirliti og veita henni ráðgjöf um hvort þörf sé á að gera breytingar á skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. eða á listanum yfir afurðir og þjónustu í 2. mgr.

428. gr. g

Innstæður í stofnanaverndarkerfum og samstarfsnetum

Tilheyri stofnun stofnanaverndarkerfi af þeirri tegund sem um getur í 7. mgr. 113. gr., neti sem getur fengið undanþáguna sem kveðið er á um í 10. gr. eða samstarfsneti í aðildarríki, skulu óbundin innlán, sem stofnunin viðheldur ásamt miðlægu stofnuninni og sem stofnunin sem leggur inn lítur á sem laust fé samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., falla undir eftirfarandi:

- a) stofnunin sem leggur inn skal nota stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar skv. 2. þætti 4. kafla, með hliðsjón af meðferð þessara óbundnu innlána sem eigna á stigi 1, stigi 2A eða 2B samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og með hliðsjón af viðeigandi frádragi sem gildir um þessi óbundnu innlán að því er varðar útreikninginn á lausafjárþekjuhlutfallinu,
- b) miðlæga stofnunin sem tekur við innláninu skal nota samsvarandi hliðstæðan stuðul tiltækrar stöðugar fjármögnunar.

428. gr. h

Ívilnandi meðferð innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis

1. Þrátt fyrir 3. og 4. kafla og ef ekki er hægt að beita 428. gr. g mega lögbær yfirvöld heimila stofnunum í hverju tilviki fyrir sig að nota hærra vægi fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun eða lægri stuðul fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun að því er varðar eignir, skuldbindingar og umsamdar lausafjárþyrngreiðslur, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) milliliðurinn sé eitt af eftirfarandi:
 - i. móðurfélag eða dótturfélag stofnunarinnar,
 - ii. annað dótturfélag sama móðurfélags,
 - iii. fyrirtæki sem tengist stofnuninni í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,
 - iv. aðili að sama stofnanaverndarkerfinu og um getur í 7. mgr. 113. gr. þessarar reglugerðar og stofnunin,
 - v. miðlæga stofnunin eða tengd lánastofnun í neti eða samstæðu samvinnufélaga eins og um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar,
- b) ástæða sé til að ætla að skuldbindingin eða umsamda lána- eða lausafjárþyrngreiðslan sem stofnunin móttækur feli í sér stöðugri fjármögnun eða að eignin eða umsamda lána- eða lausafjárþyrngreiðslan sem stofnunin veitir þurfi minni stöðugri fjármögnun á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar en sama skuldbinding, eign eða umsamin lána- eða lausafjárþyrngreiðsla sem tekið er við frá öðrum mótaðilum eða veitt af þeim,
- c) mótaðilinn noti stuðul fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun sem sé jafnhár eða hærri en vægi fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun eða noti vægi fyrir aðgengilega stöðuga fjármögnun sem er jafnt eða lægra en það vægi tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem er lægra,
- d) stofnunin og mótaðilinn hafi staðfestu í sama aðildarríki.

2. Þegar stofnunin og mótaðili hennar eru með staðfestu í mismunandi aðildarríkjum geta lögbær yfirvöld fellt niður skilyrðið sem sett er fram í d-lið 1. mgr. að því tilskildu að, auk þeirra viðmiðana sem um getur í 1. mgr., eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

- a) fyrir hendi séu lagalega bindandi samningar og skuldbindingar milli samstæðueininga varðandi skuldbindingar, eignir eða umsamdar lána- eða lausafjárþyrngreiðslur,
- b) veitandi fjármögnunar hefur lágt lausafjáráhættusnið,
- c) tekið hefur verið nægjanlegt tillit til fjármögnunaráhættusniðs móttakanda fjármögnunarinnar við lausafjáráhættustýringu veitanda fjármögnunarinnar.

Lögbær yfirvöld hafa samráð sín á milli í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. til þess að ákvarða hvort viðbótarviðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari málsgrein séu uppfylltar.

3. KAFLI

Tiltæk stöðug fjármögnun

1. þáttur

Almenn ákvæði

428. gr. i

Útreikningur á fjárhæð tiltækrar stöðugar fjármögnunar

Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð tiltækrar stöðugar fjármögnunar reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda skuldbindinga og eiginfjárgrunn með stuðlunum fyrir aðgengilega stöðuga fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti. Heildarfjárhæð tiltækrar stöðugar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða skuldbindinga og eiginfjárgrunns.

Skuldaviðurkenningar og önnur skuldabréf sem stofnunin gefur út, sem eingöngu eru seld á smásölumarkaði og haldið er á smásölureikningi, má fara með eins og gerninga sem tilheyra viðeigandi flokki smásölulánlána. Setja skal takmarkanir þannig að engir aðrir en smásöluviðskiptavinir geti keypt og haft þessa gerninga í sinni vörslu.

428. gr. j

Eftirstöðvatími skuldbindingar eða eiginfjárgrunns

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma skuldbindinga sinna og eigin fjár til að ákvarða stuðlana fyrir tiltæka fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti.
2. Stofnanir skulu taka tillit til fyrirliggjandi valréttta þegar þær ákvarða eftirstöðvatíma skuldbindingar eða eiginfjárgrunns. Þetta gera þær út frá þeirri forsendu að mótaðilinn muni innleysa þá eins fljótt og auðið er. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins um að stofnunin ætti að innleysa ákveðnar skuldbindingar fyrir gjalddaga.
3. Stofnanir skulu meðhöndla innstæður með föstum uppsagnarfresti í samræmi við uppsagnarfresti þeirra og bundin innlán í samræmi við eftirstöðvatíma þeirra. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir ekki taka tillit til valréttta sem nýttir eru fyrir tímamann ef innstæðueigandinn verður að greiða verulegt gjald fyrir snemmbæra úttekt sem á sér stað innan eins árs, eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., til að ákvarða eftirstöðvatíma smásölulánlána.
4. Til að ákvarða stuðla tiltækrar stöðugar fjármögnunar sem nota á skv. 2. þætti skulu stofnanir meðhöndla hvern þann hluta skuldbindinga sem hafa eins árs eftirstöðvatíma eða meira sem falla í gjalddaga innan sex mánaða og hvern þann hluta slíkra skuldbindinga sem falla í gjalddaga milli sex mánaða og minna en eitt ár sem þeir hefðu skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði og milli sex mánaða og minna en eitt ár, eftir því sem við á.

2. þáttur

Stuðlar fyrir útreikning á tiltækri stöðugri fjármögnun

428. gr. k

0% stuðull tiltækrar stöðugar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 428. gr. l til 428. gr. o skulu allar skuldbindingar án tilgreinds binditíma, þ.m.t. skortstöður og stöður með opinn binditíma fá stuðulinn 0% fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun að frátöldu eftirfarandi:
 - a) frestuðum skattskuldbindingum sem meðhöndla skal í samræmi við næstu dagsetningu í framtíðinni þegar hægt er innleysa slíkar skuldbindingar,
 - b) hlutdeild minnihluta sem meðhöndla skal í samræmi við skilmála gerningsins.
2. Frestaðar skattskuldbindingar og hlutdeild minnihluta eins og um getur í 1. mgr. skulu fá einn af einum eftirfarandi stuðlum:
 - a) 0% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er skemmri en sex mánuðir,
 - b) 50% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er a.m.k. sex mánuðir en minna en eitt ár,
 - c) 100% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er eitt ár eða meira.
3. Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 0% stuðul aðgengilegrar stöðugar fjármögnunar:
 - a) gjaldfallnar fjárhæðir á viðskiptadegi sem leiðir af kaupum á fjármálagerningum, erlendum gjaldmiðlum og hrávöru, sem búist er við að verði greiddar innan venjulegs greiðslutímabils eða -tíma sem venjulega á við að því er varðar viðkomandi gjaldeyrisviðskipti eða tegund viðskipta, eða sem ekki hafa verið gerð upp en búist er við að verði gerð upp,

- b) skuldbindingar sem flokkaðar eru sem þær séu víxltengdar eignir í samræmi við 428. gr. f,
 - c) skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði sem látnar eru í té af:
 - i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,
 - ii. seðlabanka þriðja lands,
 - iii. viðskiptavini á fjármálamarkaði,
 - d) allar aðrar skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar sem ekki er getið um í 428. gr. l til 428. gr. o.
4. Stofnanir skulu nota 0% stuðul fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun gagnvart algildi mismunarins, ef hann er neikvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu virði reiknuðu í samræmi við 428. gr. d.

Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:

- a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartrygging telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að frátöldum sértryggðum skuldaþréfum af mjög miklum gæðum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,
- b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.

428. gr. l

50% stuðull tiltækrar stöðugar fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 50% stuðul tiltækrar stöðugar fjármögnunar:

- a) móttekin innlán sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir rekstrarinnlán sem settar eru fram í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
- b) skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár sem látnar eru í té af:
 - i. ríkisstjórn aðildarríkis eða þriðja lands,
 - ii. héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum í aðildarríki eða þriðja landi,
 - iii. opinberum aðilum með staðfestu í aðildarríki eða þriðja landi,
 - iv. fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr.,
 - v. fyrirtækjum í viðskiptum sem ekki eru á fjármálamarkaði,
 - vi. lánafélögum með starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum, einkafjárfestingarfélögum og viðskiptavinum sem eru innstæðumiðlarar að því marki sem þessar skuldbindingar falla ekki undir a-lið þessarar málsgreinar,
- c) skuldbindingar með eftirstöðvatíma sem er a.m.k. sex mánuðir en skemmri en eitt ár sem látnar eru í té af:
 - i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,
 - ii. seðlabanka þriðja lands,
 - iii. viðskiptavinum á fjármálamarkaði,
- d) allar aðrar skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar með eftirstöðvatíma sem er a.m.k. sex mánuðir en skemmri en eitt ár og sem ekki eru tilgreindar í 428. gr. m, 428. gr. n og 428. gr. o.

428. gr. m

90% stuðull tiltækrar stöðugar fjármögnunar

Útistandandi smásöluinnlán, smásöluinnlán með föstum uppsagnarfresti sem er styttri en eitt ár og bundin smásöluinnlán með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur smásöluinnlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 90% stuðul tiltækrar stöðugar fjármögnunar.

428. gr. n

95% stuðull tiltækra stöðugra fjármögnunar

Útistandandi smásöluinnlán, smásöluinnlán með föstum uppsagnarfresti sem er skemmri en eitt ár og bundin smásöluinnlán með eftirstöðvatíma sem er styttri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur stöðug smásöluinnlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 95% stuðul tiltækra stöðugra fjármögnunar.

428. gr. o

100% stuðull tiltækra stöðugra fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir og gerningar skulu fá 100% stuðul tiltækra stöðugra fjármögnunar:

- a) liðir stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 fyrir aðlögunina sem krafist er í 32.–35. gr., frádrættina skv. 36. gr., og áður en undanþágunum og valmöguleikunum, sem mælt er fyrir um í 48., 49. og 70. gr., hefur verið beitt,
- b) liðir stofnunarinnar í viðbótareiginfé þáttar 1 fyrir frádrátt liðanna sem um getur í 56. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,
- c) liðir stofnunarinnar í þætti 2 fyrir frádrættina sem um getur í 66. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,
- d) allir aðrir fjármagnsgerningar stofnunarinnar sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,
- e) öll önnur tryggð og ótryggð lán og skuldbindingar með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár eða meira, þ.m.t. bundin innlán, nema annað sé tiltekið í 428. gr. k til 428. gr. n.

4. KAFLI**Nauðsynleg stöðug fjármögnun***1. þáttur***Almenn ákvæði**

428. gr. p

Útreikningur á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda eigna og liða utan efnahagsreiknings með stuðlum tiltækra stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti. Heildarfjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða eigna og liða utan efnahagsreiknings.

2. Eignir sem stofnunin hefur tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, skulu undanskildar útreikningnum á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar þar sem þessar eignir eru færðar á efnahagsreikning stofnunarinnar og stofnunin hefur ekki raunverulegt eignarhald á eigninni.

Eignir sem stofnunin hefur tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf skulu fá stuðla tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti þar sem þessar eignir eru ekki færðar á efnahagsreikning stofnunarinnar en sem stofnunin hefur raunverulegt eignarhald á.

3. Eignir sem stofnanir hafa lánað, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf sem stofnunin hefur áfram raunverulegt eignarhald á skulu teljast vera kvaðabundnar eignir í skilningi þessa kafla og skulu fá stuðla tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti, jafnvel þótt þessar eignir séu ekki áfram á efnahagsreikningi stofnunarinnar. Annars skulu slíkar eignir undanskildar útreikningnum á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar.

4. Eignir sem eru með kvaðabundinn sex mánaða eftirstöðvatíma eða lengri skulu annaðhvort fá úthlutaðan stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota ætti skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum væru þær kvaðalausar eða stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem að öðrum kosti væri notaður gagnvart þessum kvaðabundnu eignum, eftir því hvor stuðullinn er hærri. Sama á við þegar eftirstöðvatími kvaðabundnu eignanna er skemmri en eftirstöðvatími viðskiptanna sem liggur til grundvallar kvöðinni.

Eignir sem eru með skemmri kvaðabundinn eftirstöðvatíma en sex mánuði skulu fá stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. gr. gagnvart sömu eignunum, væru þær kvaðalaugar.

5. Ef stofnun notar aftur eða endurveðsetur eign sem tekin var að láni, þ.m.t. fjármögnunarviðskipti með verðbréf og eignin er ekki færð á efnahagsreikning, skal fara með viðskiptin í tengslum við eignina sem tekin var að láni sem kvaðabundna, að því tilskildu að viðskiptin geti ekki fallið í gjalddaga nema stofnunin skili eigninni sem tekin var að láni.

6. Eftirtaldar eignir skulu teljast vera kvaðalaugar:

- a) eignir sem eru hluti af safni og sem eru aðgengilegar til tafarlausrar notkunar sem trygging til að afla viðbótarfjármögnunar með umsömdum lánalínum sem tiltækar eru stofnuninni, eða ef safnið er starfrækt af seðlabanka með lánalínum sem ekki hefur verið samið um og enn á eftir að fjármagna; þessar eignir skulu taka til eigna sem lánastofnun leggur inn hjá miðlægri stofnun í samstarfsneti eða stofnanaverndarkerfi; stofnanir skulu gera ráð fyrir að eignir í safninu séu háðar kvöðum í vaxandi mæli eftir seljanleika þeirra á á grundvallilausafjárflökkunar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. þar sem byrjað er á eignum sem ekki eru taldar hæfar fyrir lausafjárukann,
- b) eignir sem lánastofnunin hefur fengið sem tryggingu til að milda útlánaáhattu í tryggðum lánveitingum, tryggðum fjármögnunarviðskiptum eða tryggingaskiptaviðskiptum og sem lánastofnunin getur ráðstafað,
- c) eignir sem tengdar eru yfirveðsetningu sem ekki er skyldubundin vegna útgáfu sértryggðs skuldabréfs.

7. Ef um er að ræða óvenjulega tímabundnar aðgerðir sem framkvæmdar eru af Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands til að hann geti unnið samkvæmt umboði sínu á tímum þegar fjárhagsserfiðleikar steðja að öllum markaðinum eða við sérstakar þjóðhagslegar aðstæður geta eftirtaldar eignir fengið lækkaðan stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) þrátt fyrir f-lið 428. gr. ad og a-lið 1. mgr. 428. gr. ah kvaðabundnar eignir að því er varðar aðgerðirnar sem um getur í þessari undirgrein,
- b) þrátt fyrir i. og ii. lið d-liðar 428. gr. ad, b-lið 428. gr. af og c-lið 428. gr. ag fjárhæðir sem leiðir af aðgerðunum sem um getur í þessari undirgrein.

Lögbær yfirvöld skulu ákvarða stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, sem notaður verður á eignirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar, í samráði við seðlabankann sem er mótaðili að viðskiptunum. Að því er varðar kvaðabundnar eignir sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skal stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem á að nota ekki vera lægri en stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem ætti að nota skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum ef þær væru kvaðalaugar.

Þegar lögbær yfirvöld nota lægri stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við aðra undirgrein skulu þau fylgjast náið með áhrifunum af þessum lækkaða stuðli á stöðugar fjármögnunarstöður stofnananna og grípa til viðeigandi eftirlitsaðgerða ef nauðsyn krefur.

8. Til þess að komast hjá hvers konar tvítalningu skulu stofnanir undanskilja eignir með tryggingu sem viðurkennd er sem viðbótartrygging og lögð er fram í samræmi við b-lið 4. mgr. 428. gr. k og 2. mgr. 428. gr. ah eða viðurkennd sem framlögð upphafstrygging eða viðurkennd sem framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila í samræmi við a- og b-lið 428. gr. ag frá öðrum hlutum útreiknings á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við þennan kafla.

9. Stofnanir skulu telja erlenda gjaldmiðil og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir með í útreikningnum á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar. Þær skulu undanskilja fjármálagerninga, erlenda gjaldmiðla og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir, frá útreikningnum á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, að því tilskildu að þessi viðskipti hafi ekki verið færð sem afleiður eða tryggð fjármögnunarviðskipti á efnahagsreikning stofnananna og að þessi viðskipti séu færð á efnahagsreikning við uppgjör þeirra.

10. Lögbær yfirvöld geta ákvarðað vægi tilskilinnar stöðugar fjármögnunar fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings sem ekki er getið um í þessum kafla til að tryggja að þessar stofnanir hafi yfir að ráða viðeigandi fjárhæð tiltækrar stöðugar fjármögnunar fyrir þann hluta þessara áhættuskuldbindinga sem búist er við að þurfi að fjármagna á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar. Til að ákvarða þessa þætti skulu lögbær yfirvöld einkum taka tillit til þess að orðspor stofnunarinnar gæti beðið verulega hnekki ef þessi fjármögnun er ekki veitt.

Lögbær yfirvöld skulu a.m.k. árlega gefa Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni skýrslu um allar tegundir áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings sem þau hafa ákvarðað stuðul tiltekinnar stöðugar fjármögnunar fyrir. Í skýrslunni skulu þau einnig greina frá aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða þessa stuðla.

428. gr. q

Eftirstöðvatími eignar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma eigna sinna og viðskipta utan efnahagsreiknings þegar þær ákvarða stuðla tiltækrar fjármögnunar sem nota skal fyrir eignir þeirra og liði utan efnahagsreiknings skv. 2. þætti.

2. Stofnanir skulu meðhöndla eignir sem hafa verið aðgreindar í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 í samræmi við undirliggjandi áhættuskuldbindingu þessara eigna. Stofnanir skulu hins vegar láta þessar eignir fá hærri stuðla tilskilinnar fjármögnunar með hliðsjón af skilmálum kvaðarinnar sem ákvarðaðir eru af lögbærum yfirvöldum sem skulu taka tillit til þess hvort stofnunin getur ráðstafað eða skipt slíkum eignum að vild sem og skilmálum skuldbindinganna gagnvart viðskiptavinum stofnanna sem krafan um aðgreiningu á við um.

3. Þegar stofnanir reikna út eftirstöðvatíma eignar skulu þær taka tillit til valréttá út frá þeirri forsendu að útgefandinn eða mótaðilinn muni nýta sér mögulegan valrétt til að framlengja binditíma eignar. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunarinnar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins og viðskiptavina um að stofnunin ætti að framlengja binditíma tiltekinna eigna þegar binditíma þeirra lýkur.

4. Til að ákvarða stuðla fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun sem nota skal í samræmi við 2. þátt að því er varðar afskriftalán með umsamin eftirstöðvatíma sem er styttri en eitt ár eða meira skal meðhöndla hvern hluta sem fellur í gjalddaga innan minna en sex mánaða og hvern hluta sem fellur í gjalddaga milli sex mánaða og eins árs sem lán með eftirstöðvatíma sem er annars vegar skemmri en sex mánuðir og hins vegar skemmri en eitt ár.

2. þáttur

Vægi nauðsynlegrar stöðugar fjármögnunar

428. gr. r

0% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 0% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem hágæða 1. stigs lausafjäreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að undanskildum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð, óháð því hvort þær fullnægja skipulagskröfunum sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,
- b) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 0% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrarörfunum og örfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,
- c) allir varasjóðir stofnunarinnar í vörslu Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands, að meðtöldum tilskildum varasjóðum og umframvarasjóðum,
- d) allar örfur Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,
- e) viðskiptakröfur á viðskiptadegi sem leiðir af sölu á fjármálagerningum, erlendum gjaldmiðlum og hrávöru, sem búist er við að verði greiddar innan venjulegs greiðslutímabils eða tíma sem venjulega á við að því er varðar viðkomandi gjaldeyrisviðskipti eða tegund viðskipta, eða sem ekki hafa verið gerð upp en búist er við að verði gerð upp,
- f) eignir sem flokkaðar eru sem víxl tengdar skuldbindingar í samræmi við 428. gr. f,
- g) gjaldfallnar fjárhæðir vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf við viðskiptavina á fjármálamarkaði þegar þessi viðskipti hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði þegar þessar gjaldföllnu fjárhæðir eru tryggðar með eignum sem hæfar eru sem 1. stigs eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að undanskildum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem þar eru tilgreind og þegar stofnunin myndi hafa lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til að nota þessar eignir aftur á líftíma viðskiptanna.

Stofnanir skulu taka tillit til gjaldföllnu fjárhæðanna sem um getur í g-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar á hreinum grunni ef 428. gr. e á við.

2. Þrátt fyrir c-lið 1. mgr. mega lögbær yfirvöld ákveða með samþykki viðkomandi seðlabanka að beita hærri stuðli tilskilinnar stöðugar fjármögnunar gagnvart tilskildum varasjóðum einkum að teknu tilliti til þess hvort kröfurnar um varasjóði gildi fyrir eins árs tímabil og þurfi því tilskilda tengda stöðuga fjármögnun.

Að því er varðar dótturfélög sem hafa aðalskrifstofu í þriðja landi, þegar tilskildir varasjóðir seðlabanka fá hærri stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar samkvæmt kröfunni um hreina stöðuga fjármögnun sem sett er fram í landslögum þess þriðja lands, skal taka tillit til þessa hærri stuðuls tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í tengslum við samstæðu.

428. gr. s

5% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 5% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:
- a) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 5% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhluftfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja skipulagskröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,
 - b) gjaldfallnar fjárhæðir vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf við viðskiptavini á fjármálamarkaði þegar þessi viðskipti hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði aðrar en þær sem um getur í g-lið 1. mgr. 428. gr. r.,
 - c) ónotaður hluti umsaminna lána- og lausafjárfyrirgreiðslna samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
 - d) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings sem um getur í I. viðauka með skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði.

Stofnanir skulu taka tillit til gjaldföllnu fjárhæðanna sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar á hreinum grunni ef 428. gr. e á við.

2. Að því er varðar öll jöfnunarsöfn afleiðusamninga skulu stofnanir nota 5% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar fyrir gangvirði þessara jöfnunarsafna afleiðusamninga, án frádráttar framlagðra trygginga þegar þessi jöfnunarsöfn hafa neikvætt gangvirði. Að því er varðar þessa málsgrein skulu stofnanir ákvarða gangvirðið án frádráttar framlagðra trygginga eða greiddra eða móttekinna uppgjörsfjárhæða sem tengjast breytingum á markaðsvirði slíkra samninga.

428. gr. t

7% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem sértryggð skuldabréf sem hágæða 1. stigs eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 7% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar óháð því hvort þær fullnægja skipulagskröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. u

7,5% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings eins og um getur í I. viðauka með eftirstöðvatíma sem er a.m.k. sex mánuðir en skemmri en eitt ár skulu fá 7,5% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar.

428. gr. v

10% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 10% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) gjaldfallnar fjárhæðir vegna viðskipta við viðskiptavini á fjármálamarkaði sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði aðrar en þær sem um getur í g-lið 1. mgr. 428. gr. r og b-lið 1. mgr. 428. gr. s,
- b) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,
- c) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings eins og um getur í I. viðauka með eins árs eftirstöðvatíma eða meira.

428. gr. w

12% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 20% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 20% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. x

15% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem geta verið hæfar sem 2. stigs (a) eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 15% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. y

20% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 20% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 20% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. z

25% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalausir 2. stigs (b) verðbréfavafningar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 25% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. aa

30% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 30% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) kvaðalaus hágæða sértryggð skuldabréf samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,
- b) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 30% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ab

35% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 35% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) kvaðalausir 2. stigs (b) verðbréfavafningar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þær fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,
- b) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 35% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ac

40% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 40% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 40% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstrar-kröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ad

50% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 50% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem 2. stigs (b) eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að undanskildum 2. stigs (b) verðbréfavafningum og hágæða sértryggðum skulda-bréfum samkvæmt þeirri framseldu gerð, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,
- b) innlán stofnunarinnar hjá öðrum fjármálastofnunum sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir rekstrarinnlán sem tilgreindar eru í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
- c) gjaldfallnar greiðslur vegna viðskipta með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár við:
 - i. ríkisstjórn aðildarríkis eða þriðja lands,
 - ii. héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríki eða þriðja landi,
 - iii. opinbera aðila aðildarríkis eða þriðja lands,
 - iv. fjölþjóðlega þróunarbanka sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og alþjóðastofnanir sem um getur í 118. gr.,
 - v. fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki, og lítil og meðalstór fyrirtæki,
 - vi. lánafélög með starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum, einkafjárfestingarfélög og viðskiptavinir sem eru innstæðumiðlarar að því marki sem þessar eignir falla ekki undir a-lið þessarar málsgreinar,
- d) gjaldfallnar greiðslur vegna viðskipta með a.m.k. sex mánaða eftirstöðvatíma en skemmri en eitt ár við:
 - i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,
 - ii. seðlabanka þriðja lands,
 - iii. viðskiptavini á fjármálamarkaði,
- e) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með a.m.k. sex mánaða eftirstöðvatíma en skemmri en eitt ár,
- f) kvaðabundnar eignir með a.m.k. sex mánaða eftirstöðvatíma en skemmri en eitt ár, nema þegar þessum eignum yrði úthlutaður hærri stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ae til 428. gr. ah væru þær kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar,
- g) allar aðrar eignir með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár nema annað sé tilgreint í 428. gr. r til 428. gr. ac.

428. gr. ae

55% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 55% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhluðfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 55% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. af

65% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 65% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) kvaðalaus lán sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði eða kvaðalaus íbúðalán sem tryggð eru að fullu af viðurkenndum veitanda útlánavarnar eins og um getur í e-lið 1. mgr. 129. gr., með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að því tilskildu að þessum lánnum sé úthlutað 35% áhættuvog eða minna í samræmi við 2. kafla II. bóls í þriðja hluta,
- b) kvaðalaus lán með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að undanskildum lánnum til viðskiptavina á fjármálasviði og lánnum sem um getur í 428. gr. r til 428. gr. ad, að því tilskildu að þessum lánnum sé úthlutað 35% áhættuvog eða minna í samræmi við 2. kafla II. bóls í þriðja hluta.

428. gr. ag

85% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 85% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) allar eignir og liðir utan efnahagsreiknings, að meðtöldu reiðufé, sem lögð eru fram sem upphafs-trygging fyrir afleiðusamninga, nema þær eignir sem myndu fá hærri stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ah ef þær væru kvaðalaugar, en í því tilviki gildir hærri stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalaugar;
- b) allar eignir og liðir utan efnahagsreiknings, að meðtöldu reiðufé, sem lagðar eru fram sem framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, nema þær eignir sem myndu fá hærri stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ah ef þær væru kvaðalaugar, en í því tilviki gildir hærri stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem ætti að gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalaugar;
- c) kvaðalaus lán með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að undanskildum lánnum til viðskiptavina á fjármálasviði og lánnum sem um getur í 428. gr. r til 428. gr. af sem ekki eru komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga og sem hefur verið úthlutað 35% áhættuvog eða meira í samræmi við 2. kafla II. bálks í þriðja hluta,
- d) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með eins árs eftirstöðvatíma eða meira,
- e) kvaðalaus verðbréf með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira sem ekki eru í vanskilum í samræmi við 178. gr. og sem ekki eru hæf sem lausafjáreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
- f) kvaðalaus hlutabréf sem viðskipti eru með í kauphöll og sem ekki eru hæf sem 2. stigs (b) eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
- g) hrávörur sem verslað er með hlutrænt, þ.m.t. gull en að undanskildum hrávöruafleiðum,
- h) kvaðabundnar eignir með eftirstöðvatíma til eins árs eða meira í tryggingasafni sem fjármagnað er með sértryggðum skuldabréfum eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða sértryggðum skuldabréfum sem uppfylla kröfur um hæfi að því er varðar meðferðina sem sett er fram í 4. og 5. mgr. 129. gr. þessarar reglugerðar.

428. gr. ah

100% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 100% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:
 - a) ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla, allar kvaðabundnar eignir með eftirstöðvatíma til eins árs eða meira,
 - b) allar aðrar eignir en þær sem um getur í 428. gr. til 428. gr. ag, þ.m.t. lán til viðskiptavina á fjármáلامarkaði sem hafa umsamin eftirstöðvatíma til eins árs eða meira, vanefndar áhættuskuldbindingar, liðir sem dregin eru frá eiginfjárgrunni, fastafjármunir, hlutabréf sem viðskipti eru með utan kauphallar, hlutdeild sem haldið er eftir, váttryggingaeignir, verðbréf í vanskilum.
 2. Stofnanir skulu nota 100% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar gagnvart mismuninum, ef hann er jákvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu gangvirði reiknuð í samræmi við 428. gr. d.
- Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:
- a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartrygging telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að frátöldum hágæða sértryggðum skuldabréfum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,
 - b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.

5. KAFLI

Undanþága fyrir litlar og einfaldar stofnanir

428. gr. ai

Undanþága fyrir litlar og einfaldar stofnanir

Þrátt fyrir 3. og 4. kafla geta litlar og einfaldar stofnanir valið, að fengnu samþykki frá lögbæru yfirvaldi sínu, að reikna hlutfallið milli tiltækrar stöðugar fjármögnunar stofnunar eins og um getur í 6. kafla og tilskilinnar stöðugar fjármögnunar stofnunarinnar eins og um getur í 7. kafla, tilgreint í hundraðshlutum.

Lögbært yfirvald getur krafist þess að lítil og einföld stofnun hlíti kröfunni um hreina stöðuga fjármögnun sem grundvallast á tiltækri stöðugri fjármögnun eins og um getur í 3. kafla og tilskilinni stöðugri fjármögnun eins og um getur í 4. kafla ef það telur að einfaldaða aðferðin sé ekki fullnægjandi til að fanga fjármögnunaráhættu þeirrar stofnunar.

6. KAFLI

Tiltæk stöðug fjármögnun fyrir einfaldaðan útreikning á hlutfalli stöðugar fjármögnunar

1. þáttur

Almenn ákvæði

428. gr. aj

Einfaldaður útreikningur á fjárhæð tiltæktrar stöðugar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð tiltæktrar stöðugar fjármögnunar reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda skuldbindinga og eigin fjár með stuðlum aðgengilegrar stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti. Heildarfjárhæð tiltæktrar stöðugar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða skuldbindinga og eiginfjárgrunns.

2. Skuldaviðurkenningar og önnur skuldabréf sem stofnunin gefur út, sem eingöngu eru seld á almennum markaði og haldið er á almennum reikningi, má fara með eins og gerninga sem tilheyra viðeigandi flokki almennra innlána. Setja skal takmarkanir þannig að engir aðrir en almennir viðskiptavinir geti keypt og haft þessa gerninga í sinni vörslu.

428. gr. ak

Eftirstöðvatími skuldbindingar eða eiginfjárgrunns

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma skuldbindinga sinna og eigin fjár til að ákvarða stuðlana fyrir tiltæka fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti.

2. Stofnanir skulu taka tillit til fyrirliggjandi valréttar þegar þær ákvarða eftirstöðvatíma skuldbindingar eða eiginfjárgrunns. Þetta gera þær út frá þeirri forsendu að mótaðilinn muni innleysa þá eins fljótt og auðið er. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins um að stofnunin ætti að innleysa ákveðnar skuldbindingar áður en binditíma þeirra lýkur.

3. Stofnanir skulu meðhöndla innstæður með föstum uppsagnarfresti í samræmi við uppsagnarfresti þeirra og bundin innlán í samræmi við eftirstöðvatíma þeirra. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir ekki taka tillit til valréttar sem nýttir eru fyrir tímamann ef innstæðueigandinn verður að greiða verulega sekt fyrir snemmbæra úttekt sem á sér stað innan eins árs, eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., til að ákvarða eftirstöðvatíma almennra innlána.

4. Til að ákvarða stuðla fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti að því er varðar skuldbindingar með umsaminum binditíma sem nemur ári eða meira skal meðhöndla hvern hluta sem fellur í gjalddaga innan minna en sex mánaða og hvern hluta sem fellur í gjalddaga milli sex mánaða og eins árs sem lán með eftirstöðvatíma sem er annars vegar skemmri en sex mánuðir og hins vegar skemmri en eitt ár.

2. þáttur

Stuðlar fyrir útreikning á tiltækri stöðugri fjármögnun

428. gr. al

0% stuðull tiltæktrar stöðugar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum þætti skulu allar skuldbindingar án tilgreinds binditíma, þ.m.t. skortstöður og stöður með opinn binditíma fá stuðulinn 0% fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun að frátöldu eftirfarandi:

- frestuðum skattskuldbindingum sem meðhöndla skal í samræmi við næstu dagsetningu í framtíðinni þegar hægt er að innleysa slíkar skuldbindingar,
- hlutdeild minnihluta sem meðhöndla skal í samræmi við skilmála viðkomandi gernings.

2. Frestaðar skattskuldbindingar og hlutdeild minnihluta eins og um getur í 1. mgr. skulu fá einn af einum eftirfarandi stuðlum:

- 0% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er skemmri en eitt ár,

- b) 100% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er eitt ár eða meira.
3. Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 0% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar:
- a) gjaldfallnar fjárhæðir á viðskiptadegi sem leiðir af kaupum á fjármálagerningum, erlendum gjaldmiðlum og hrávöru, sem búist er við að verði greiddar innan venjulegs greiðslutímabils eða -tíma sem venjulega á við að því er varðar viðkomandi gjaldeyrisviðskipti eða viðskipti, eða sem ekki hafa verið gerð upp en búist er við að verði gerð upp,
 - b) skuldbindingar sem flokkaðar eru sem þær séu víxltengdar eignir í samræmi við 428. gr. f,
 - c) skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár sem látnar eru í té af:
 - i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,
 - ii. Seðlabanka þriðja lands,
 - iii. viðskiptavini á fjármálamarkaði,
 - d) allar aðrar skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar sem ekki er getið um í þessari grein og 428. gr. am til 428. gr. ap.
4. Stofnanir skulu nota 0% stuðul fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun gagnvart algildi mismunarins, ef hann er neikvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu virði reiknuð í samræmi við 428. gr. d.

Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:

- a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartryggingu telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að frátöldum sértryggðum skuldaþréfum af mjög miklum gæðum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,
- b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.

428. gr. am

50% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 50% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar:

- a) móttækin innlán sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir rekstrarinnlán sem settar eru fram í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
- b) skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár sem látnar eru í té af:
 - i. ríkisstjórn aðildarríkis eða þriðja lands,
 - ii. héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum í aðildarríki eða þriðja landi,
 - iii. opinberum aðilum aðildarríkis eða þriðja lands,
 - iv. fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr.,
 - v. fyrirtækjum í viðskiptum sem ekki eru á fjármálamarkaði,
 - vi. lánafélög með starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi, einkafjárfestingarfélög og viðskiptavinir sem eru innstæðumiðlarar, að frá töldum móttæknum innlánunum sem fullnægja viðmiðunum um rekstrartengdar innstæður.

428. gr. an

90% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Útistandandi smásöluinnlán, almenn innlán með föstum uppsagnarfresti sem er skemmri en eitt ár og bundin almenn innlán með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur almenn innlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 90% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar.

428. gr. ao

95% stuðull tiltækrar stöðugar fjármögnunar

Útistandandi almenn innlán, almenn innlán með föstum uppsagnarfresti sem er skemmri en eitt ár og bundin almenn innlán með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur stöðug almenn innlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 95% stuðul tiltækrar stöðugar fjármögnunar.

428. gr. ap

100% stuðull tiltækrar stöðugar fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir og gerningar skulu fá 100% stuðul tiltækrar stöðugar fjármögnunar:

- a) liðir stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 fyrir aðlögunina sem krafist er í 32.–35. gr., frádrættina skv. 36. gr., og áður en undanþágunum og valmöguleikunum sem mælt er fyrir um í 48., 49. og 70. gr., hefur verið beitt,
- b) liðir stofnunarinnar í viðbótareiginfé þáttar 1 fyrir frádrátt liðanna sem um getur í 56. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,
- c) liðir stofnunarinnar í þætti 2 fyrir frádrættina sem um getur í 66. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,
- d) allir aðrir fjármagnsgerningar stofnunarinnar sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,
- e) öll önnur tryggð og ótryggð lán og skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira, þ.m.t. bundin innlán, nema annað sé tiltekið í 428. gr. al til 428. gr. ao.

7. KAFLI**Tilskilin stöðug fjármögnun fyrir einfaldaðan útreikning á hlutfalli stöðugar fjármögnunar***1. þáttur***Almenn ákvæði**

428. gr. aq

Einfaldaður útreikningur á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar fyrir litlar og einfaldar stofnanir reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda eigna og liða utan efnahagsreiknings með stuðlum tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota skal í samræmi við 2. þátt. Heildarfjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða eigna og liða utan efnahagsreiknings.

2. Eignir sem stofnanir hafa tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, sem fram koma í efnahagsreikningi þeirra og sem þær hafa ekki raunverulegt eignarhald á skulu undanskildar útreikningnum á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar.

Eignir sem stofnanir hafa tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, sem ekki koma fram í efnahagsreikningi þeirra en sem þær hafa raunverulegt eignarhald á skulu fá stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti.

3. Eignir sem stofnanir hafa lánað, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og sem þær hafa raunverulegt eignarhald á, jafnvel þótt þær séu ekki í efnahagsreikningi þeirra, skulu taldar vera kvaðabundnar eignir í skilningi þessa kafla og skulu fá stuðla tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti. Annars skulu slíkar eignir undanskildar útreikningnum á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar.

4. Eignir sem eru með kvaðabundinn sex mánaða eftirstöðvatíma eða lengri skulu annaðhvort fá úthlutaðan stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota ætti skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum væru þær kvaðalausar eða stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem að öðrum kosti væri notaður gagnvart þessum kvaðabundnu eignum, eftir því hvor stuðullinn er hærri. Sama á við þegar eftirstöðvatími kvaðabundnu eignanna er skemmri en eftirstöðvatími viðskiptanna sem liggur til grundvallar kvöðinni.

Eignir sem eru með skemmri kvaðabundinn eftirstöðvatíma en sex mánuði skulu fá stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. gr. gagnvart sömu eignunum, væru þær kvaðalaugar.

5. Ef stofnun notar aftur eða endurveðsetur eign sem tekin var að láni, þ.m.t. fjármögnunarviðskipti með verðbréf og eignin er færð á efnahagsreikning, skal fara með viðskiptin í tengslum við eignina sem tekin var að láni sem kvaðabundin, að því marki að viðskiptin geti ekki fallið í gjalddaga nema stofnunin skili eigninni sem tekin var að láni.

6. Eftirtaldir eignir skulu teljast vera kvaðalaugar:

- a) eignir sem eru hluti af safni sem eru tiltækar til tafarlausrar notkunar sem trygging til að afla viðbótarfjármögnunar samkvæmt umsömdum lánalínum eða þegar safnið er starfrækt af seðlabanka, óstaðfestar en ekki enn fjármagnaðar lánalínur sem aðgengilegar eru stofnuninni, að meðtöldum eignum sem lagðar eru fram af lánastofnun hjá miðlægri stofnun í samstarfsneti eða stofnanavemdar kerfi,
- b) eignir sem lánastofnunin hefur fengið sem tryggingu til að milda útlánaáhættu í tryggðum lánveitingum, tryggðum fjármögnunarviðskiptum eða tryggingaskiptaviðskiptum og sem lánastofnunin getur ráðstafað,
- c) eignir sem tengdar eru yfirveðsetningu sem ekki er skyldubundin vegna útgáfu sértryggðs skuldabréfs.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu lánastofnanir gera ráð fyrir að eignir í eignasafni séu bundnar kvöðum í vaxandi mæli eftir seljanleika þeirra á grundvelli lausafjölflokkunar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. þar sem byrjað er á eignum sem ekki eru taldar hæfar til að teljast til lausafjárforða.

7. Ef um er að ræða óvenjulega tímabundnar aðgerðir sem framkvæmdar eru af Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands til að hann geti unnið samkvæmt umboði sínu á tímum þegar fjárhagserfiðleikar stöðja að öllum markaðinum eða við sérstakar þjóðhagslegar aðstæður geta eftirtaldir eignir fengið lækkaðan stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) þrátt fyrir 428. gr. aw og a-lið 1. mgr. 428. gr. az, kvaðabundnar eignir að því er varðar aðgerðirnar sem um getur í þessari undirgrein,
- b) þrátt fyrir 428. gr. aw og b-lið 428. gr. ay, fjárhæðir sem leiðir af aðgerðunum sem um getur í þessari undirgrein.

Lögbær yfirvöld skulu ákvarða stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, sem notaður verður á eignirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar, í samræði við seðlabankann sem er mótaðili að viðskiptunum. Að því er varðar kvaðabundnar eignir sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skal stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem á að nota ekki vera lægri en stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem ætti að nota skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum ef þær væru kvaðalaugar.

Þegar lögbær yfirvöld nota lægri stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við aðra undirgrein skulu þau fylgjast náið með áhrifunum af þessum lækkaða stuðli á stöðugar fjármögnunarstöður stofnananna og grípa til viðeigandi eftirlitsaðgerða ef nauðsyn krefur.

8. Stofnanir undanskilja eignir með tryggingu sem viðurkennd er sem viðbótartrygging og lögð er fram í samræmi við b-lið 4. mgr. 428. gr. k og 2. mgr. 428. gr. ah, eða sem framlögð upphafstrygging, eða framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila í samræmi við a- og b-lið 428. gr. ag frá öðrum hlutum útreikningsins á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við þennan kafla til þess að komast hjá hvers konar tvítalningu.

9. Stofnanir skulu fella inn í útreikninginn á fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar fjármálagerninga, erlenda gjaldmiðla og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir. Þær skulu undanskilja frá útreikningi fjárhæðar tilskilinnar stöðugar fjármögnunar fjármálagerninga, erlenda gjaldmiðla og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir, að því tilskildu að þessi viðskipti hafi ekki verið færð sem afleiður eða tryggð fjármögnunarviðskipti á efnahagsreikning stofnananna og að þessi viðskipti séu færð á efnahagsreikning við uppgjör þeirra.

10. Lögbær yfirvöld geta ákveðið að stuðlum tilskilinnar stöðugar fjármögnunar verði beitt gagnvart áhættuskuldbindingum utan efnahagsreiknings sem ekki er getið um í þessum kafla til að tryggja að þessar stofnanir hafi yfir að ráða viðeigandi fjárhæð tiltækrar stöðugar fjármögnunar fyrir þann hluta þessara áhættuskuldbindinga sem búist er við að þurfi að fjármagna á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar. Til að ákvarða þessa þætti skulu lögbær yfirvöld einkum taka tillit til þess að orðspor stofnunarinnar gæti beðið verulega hnekki ef þessi fjármögnun er ekki veitt.

Lögbær yfirvöld skulu a.m.k. árlega gefa Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skýrslu um allar tegundir áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings sem þau hafa ákvarðað stuðul tiltekinna stöðugrar fjármögnunar fyrir. Í skýrslunni skulu þau einnig greina frá aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða þessa stuðla.

428. gr. ar

Eftirstöðvatími eignar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma eignar sinna og viðskipta utan efnahagsreiknings þegar þær ákvarða stuðla tiltækrar fjármögnunar sem nota skal fyrir eignir þeirra og liði utan efnahagsreiknings skv. 2. þætti.

2. Stofnanir skulu meðhöndla eignir sem hafa verið aðgreindar í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 í samræmi við undirliggjandi áhættuskuldbindingu þessara eignar. Stofnanir skulu hins vegar láta þessar eignir fá hærri stuðla tilskilinnar fjármögnunar með hliðsjón af skilmálum kvaðarinnar sem ákvarðaðir eru af lögbærum yfirvöldum sem skulu taka tillit til hvort stofnunin getur ráðstafað eða skipt slíkum eignum að vild sem og skilmálum skuldbindinganna gagnvart viðskiptavinum stofnana sem krafan um aðgreiningu á við um.

3. Þegar stofnanir reikna út eftirstöðvatíma eignar skulu þær taka tillit til valréttar út frá þeirri forsendu að útgefandinn eða mótaðilinn muni nýta sér mögulegan valrétt til að framlengja binditíma eignar. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunarinnar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins og viðskiptavina um að stofnunin ætti að framlengja binditíma tiltekinna eignar þegar binditíma þeirra lýkur.

4. Til að ákvarða stuðla fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun sem nota skal í samræmi við 2. þátt að því er varðar afskriftalán með umsaminum binditíma sem nemur einu ári eða meira, skal meðhöndla þá hluta sem falla í gjalddaga innan minna en sex mánaða og milli sex mánaða og minna en eitt ár sem lán með eftirstöðvatíma sem er annars vegar skemmri en sex mánuðir og hins vegar skemmri en eitt ár.

2. þáttur

Stuðlar tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar

428. gr. as

0% stuðull tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 0% stuðul tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar:

- a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem hágæða 1. stigs lausafjäreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að undanskildum hágæða sértryggðum skuldabréfum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.
- b) allir varasjóðir stofnunarinnar í vörslu Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands, að meðtöldum tilskildum varasjóðum og umframvarasjóðum,
- c) allar kröfur Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,
- d) eignir sem flokkaðar eru sem þær séu innbyrðis háðar skuldbindingum í samræmi við 428. gr. f.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. mega lögbær yfirvöld ákveða með samþykki viðkomandi seðlabanka að beita hærri stuðli tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar gagnvart tilskildum varasjóðum einkum að teknu tilliti til þess hvort kröfunar um varasjóði gildi fyrir eins árs tímabil og þurfi því tilskilda tengda stöðuga fjármögnun.

Að því er varðar dótturfélög sem hafa aðalskrifstofu í þriðja landi, þegar tilskildir varasjóðir seðlabanka fá hærri stuðul tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar samkvæmt kröfunni um hreina stöðuga fjármögnun sem sett er fram í landslögum þess þriðja lands, skal taka tillit til þessa hærri stuðuls tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar í tengslum við samstæðu.

428. gr. at

5% stuðull tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar

1. Ónotaður hluti umsaminna lána- og lausafjárþyrngreiðslna sem kveðið er á um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skal fá 5% stuðul tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar.

2. Að því er varðar öll jöfnunarsöfn afleiðusamninga skulu stofnanir nota 5% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar fyrir gangvirði þessara jöfnunarsafna afleiðusamninga, án frádráttar framlagðra trygginga þegar þessi jöfnunarsöfn hafa neikvætt gangvirði. Að því er varðar þessa málsgrein skulu stofnanir ákvarða gangvirðið án frádráttar framlagðra trygginga eða greiddra eða móttækinnna uppgjörsfjárhæða sem tengjast breytingum á markaðsvirði slíkra samninga.

428. gr. au

10% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 10% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem sértryggð skuldabréf sem hágæða 1. stigs eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,
- b) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings sem um getur í I. viðauka.

428. gr. av

20% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem eignir á stigi 2A samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt þeirri framseldu gerð skulu fá 20% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. aw

50% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 50% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) tryggð og ótryggð lán með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár og að því tilskildu að þau séu kvaðabundin í skemmri tíma en eitt ár,
- b) allar aðrar eignir með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár nema annað sé tilgreint í 428. gr. as til 428. gr. av,
- c) kvaðabundnar eignir með a.m.k. sex mánaða skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár, nema þegar þessum eignum yrði úthlutaður hærri stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ax, 428. gr. ay og 428. gr. az væru þær kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar.

428. gr. ax

55% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem 2. stigs b eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt þeirri framseldu gerð skulu fá 55% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ay

85% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 85% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:

- a) allar eignir og liðir utan efnahagsreiknings, að meðtöldu reiðufé, sem lögð eru fram sem upphafs-trygging fyrir afleiðusamninga eða sem framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, nema þær eignir sem myndu fá hærri stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. az ef þær væru kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar,
- b) kvaðalaus lán með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira, að undanskildum lánnum til viðskiptavina á fjármálamarkaði sem ekki eru komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga,
- c) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með eins árs eftirstöðvatíma eða meira,
- d) kvaðalaus verðbréf með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira sem ekki eru í vanskilum í samræmi við 178. gr. og sem ekki eru hæf sem lausafjáreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

- e) kvaðalaus hlutabréf sem viðskipti eru með í kauphöll og sem ekki eru hæf sem eignir á stigi 2B samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,
- f) hrávörur sem verslað er með hlutrænt, þ.m.t. gull en að undanskildum hrávöruafleiðum.

428. gr. az

100% stuðull tilskilinnar stöðugar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 100% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar:
 - a) allar kvaðabundnar eignir með eftirstöðvatíma til eins árs eða meira,
 - b) allar aðrar eignir en þær sem um getur í 428. gr. as til 428. gr. ay, þ.m.t. lán til viðskiptavina á fjármálamarkaði sem hafa umsaminn eftirstöðvatíma til eins árs eða meira, vanefndar áhættuskuldbindingar, liðir sem dregnir eru frá eiginfjárgrunni, fastafjármunir, hlutabréf sem viðskipti eru með utan kauphallar, hlutdeild sem haldið er eftir, váttryggingaeignir, verðbréf í vanskilum.
2. Stofnanir skulu nota 100% stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar gagnvart mismuninum, ef hann er jákvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu gangvirði reiknuð í samræmi við 428. gr. d.

Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:

- a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartrygging telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að frátöldum hágæða sértryggðum skuldabréfum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,
- b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.“

117) Í stað sjöunda hluta kemur eftirfarandi:

„SJÖUNDI HLUTI

VOGUN

429. gr.

Útreikningur á vogunarhlutfalli

1. Stofnanir skulu reikna vogunarhlutfall sitt í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram í 2., 3. og 4. mgr.
 2. Vogunarhlutfallið skal reiknað sem mælistærð fjármagns stofnunar, deilt með heildarmælistærð áhættuskuldbindingar þeirrar stofnunar og tilgreint í hundraðshlutum.
- Stofnanir skulu reikna út vogunarhlutfallið á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafarinnar.
3. Að því er varðar 2. mgr. skal mælistærð fjármagns vera eiginfjárbáttur 1.
 4. Að því er varðar 2. mgr. skal heildarmælistærð áhættuskuldbindingar vera summa virðis áhættuskuldbindinga af:

- a) eignum, að undanskildum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka, lánaafleiðum og stöðum sem um getur í 429. gr. e, reiknuðum í samræmi við 1. mgr. 429. gr. b,
- b) afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðum, þ.m.t. þeim samningum og lánaafleiðum sem eru utan efnahagsreiknings, reiknuðum í samræmi við 429. gr. c og 429. gr. d,
- c) viðbótum fyrir útlánaáhættu mótaðila í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings, reiknuðum í samræmi við 429. gr. e,
- d) liðum utan efnahagsreiknings, að undanskildum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka, lánaafleiðum, fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og stöðum sem um getur í 429. gr. d og 429. gr. g, reiknuðum í samræmi við 429. gr. f,
- e) reglubundnum kaupum eða söllum sem bíða uppgjors, reiknuðum í samræmi við 429. gr. g.

Stofnanir skulu meðhöndla gnóttsamninga í samræmi við a- til d-lið fyrstu undirgreinar, eftir því sem við á.

Stofnanir mega lækka áhættuskuldbindingarvirðið sem um getur í a- og d-lið fyrstu undirgreinar um samsvarandi fjárhæð almennrar aðlögunar á útlánaáhættu í tengslum við liði innan og utan efnahagsreiknings, eftir því sem við á, þó ekki niður fyrir 0 þegar leiðréttingin á útlánaáhættu hefur rýrt eiginfjárbátt 1.

5. Þrátt fyrir d-lið 4. mgr. gilda eftirfarandi ákvæði:
- liður utan efnahagsreiknings í samræmi við d-lið 4. mgr. sem meðhöndlaður er sem afleiða í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, skal falla undir meðferðina sem sett er fram í b-lið þeirrar mgr.,
 - ef viðskiptavinur stofnunar sem gegnir hlutverki stöðustofnunaðila gengur beint inn í afleiðuviðskipti við miðlægan mótaðila og stofnunin ábyrgist frammistöðu viðskiptastaðna viðskiptavinar síns gagnvart miðlæga mótaðilanum sem leiðir af þessum viðskiptum skal stofnunin reikna áhættuskuldbindingu sína sem stafar af ábyrgðinni í samræmi við b-lið 4. mgr. á sama hátt og ef stofnunin hefði gengið beint inn í viðskiptin við viðskiptavininn, þ.m.t. að því er varðar móttöku eða veitingu viðbótartryggingar í reiðufé.

Meðferðin í b-lið fyrstu undirgreinar skal einnig gilda um stofnun sem gegnir hlutverki viðskiptavinar á hærri stigi sem ábyrgist frammistöðu viðskiptastaðna viðskiptavinar síns.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar og aðra undirgrein þessarar málsgreinar mega stofnanir eingöngu líta á tengda stofnun sem viðskiptavin ef sú stofnun fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni á því stigi sem krafan sem sett er fram í d-lið 3. mgr. 92. gr. gildir um.

6. Að því er varðar e-lið 4. mgr. þessarar greinar og 429. gr. g merkja „reglubundin kaup eða sala“, kaup eða sölu á verðbréfum samkvæmt samningum með skilmálum sem kveða á um afhendingu verðbréfs innan tímabilsins sem venjulega gildir samkvæmt lögum eða venju á viðkomandi markaði.

7. Nema skýrt sé kveðið á um annað í þessum hluta skulu stofnanir reikna heildarmælistærð áhættuskuldbindingar í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- áþreifanlegar eða fjárhagslegar tryggingar, ábyrgðir eða mildun útlánaáhættu, sem keypt er, skal ekki nota til að lækka heildarmælistærð áhættuskuldbindingar,
 - eignir skal ekki jafna með skuldbindingum.
8. Þrátt fyrir b-lið 7. mgr. mega stofnanir lækka áhættuvirði forfjármagnaðra lána eða millilána með jákvæða stöðu á sparireikningi skuldarans sem lánið var veitt til og eingöngu telja fjárhæðina sem þannig fæst með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- veiting lánsins sé háð því að sparireikningur sé opnaður hjá stofnuninni sem veitir lánið og bæði lánið og sparireikningurinn sé lögvernduð samkvæmt sömu sérlögum,
 - á lánstímanum geti skuldarinn ekki tekið út innstæður hvorki að hluta né að öllu leyti,
 - stofnunin getur á skilyrðislausan og óafturkræfan hátt notað innstæður á sparireikningnum til að gera upp hverja kröfu sem stafar af lánasamningnum í tilvikum sem falla undir sérlögin sem um getur í a-lið, þ.m.t. í tilviki vanskila skuldara eða ef hann verður ógjaldfær.

Með „forfjármögnun“ eða „millilánum“ er átt við lán sem veitt eru lantakandanum í takmarkaðan tíma til að brúa fjármögnunarpörf sína þar til endanlegt lán er veitt í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í sérlögunum um slík viðskipti.

429. gr. a

Áhættuskuldbindingar sem eru útilokaðar frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar

1. Þrátt fyrir 4. mgr. 429. gr. má stofnun útiloka einhverjar af eftirfarandi áhættuskuldbindingum frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sinnar:

- fjárhæðir sem dregnar eru frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við d-lið 1. mgr. 36. gr.,
- eignir sem dregnar eru frá við útreikninginn á mælistærð fjármagns sem um getur í 3. mgr. 429. gr.,
- áhættuskuldbindingar sem fá 0% áhættuvog í samræmi við 6. eða 7. mgr. 113. gr.,
- ef stofnunin er opinber þróunarlánastofnun, áhættuskuldbindingar sem stafa af eignum sem mynda kröfur á ríki, héraðsstjórnir, staðaryfirvöld eða opinbera aðila í tengslum við fjárfestingar opinbera geirans og stuðningslán,
- ef stofnunin er ekki opinber þróunarlánastofnun, þeir hlutar áhættuskuldbindinga sem stafa af flutningi lána til annarra lánastofnana,
- þá hluta áhættuskuldbindingar með ábyrgðum sem stafa af útflutningslánum sem uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:
 - ábyrgðina veitir hæfur veitandi ófjármagnaðrar útlánavarnar í samræmi við 201. og 202. gr. þ.m.t. útflutningslánastofnunum og ríkisstjórnnum,

- ii. 0% áhættuvog gildir um þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er með ábyrgð í samræmi við 2. eða 4. mgr. 114. gr. eða 4. mgr. 116. gr.,
- g) ef stofnunin er stöðustofnunaradili fullgilds, miðlægs mótaðila, viðskiptastöður þeirrar stofnunar að því tilskildu að þær séu stöðustofnaðar hjá þeim fullgilda, miðlæga mótaðila og uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í c-lið 1. mgr. 306. gr.,
- h) ef stofnunin er viðskiptavinur sem er hærra settur í stigskiptu skipulagi viðskiptavina, viðskiptastöður gagnvart stöðustofnunaradila eða stofnun sem gegnir hlutverki hærra setts viðskiptavinar gagnvart þeirri stofnun, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 305. gr. séu uppfyllt og að stofnunin sé ekki skyldug til að endurgreiða viðskiptavini sínum það tap sem hann verður fyrir komi til vanskila annaðhvort stöðustofnunaradilans eða fullgilds, miðlægs mótaðila,
- i) fjárvörslueignir sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. þær eru færðar á efnahagsreikning stofnunarinnar samkvæmt landsbundnum góðum reiknings-skilavenjum í samræmi við 10. gr. tilskipunar 86/635/EBE,
 - ii. þær uppfylla skilyrði afskráningar sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum, IFRS-staðli 9, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002,
 - iii. þær uppfylla skilyrði afskráningar sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum, IFRS-staðli 10, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eftir atvikum,
- j) áhættuskuldbindingar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. þær eru áhættuskuldbindingar gagnvart opinberum aðila,
 - ii. þær eru meðhöndlaðar í samræmi við 4. mgr. 116. gr.,
 - iii. þær stafa af innstæðum sem stofnunin er lagalega skuldbundin til að yfirfæra til opinbers aðila, sem um getur í i. lið, í þeim tilgangi að fjármagna fjárfestingar í þágu almannahagsmuna,
- k) umframtrygging sem lögð er fram hjá þrihliða umboðsmönnum sem hefur ekki verið lánuð út,
- l) ef stofnun hefur samkvæmt viðeigandi reikningsskilaaðferð fært viðbótartryggingu sem greidd er í reiðufé til mótaðila sem móttekna eign, þá mótteknu eign að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-lið 3. mgr. 429. gr. séu uppfyllt,
- m) verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem leiðir af hefðbundnum verðbréfunum sem uppfylla skilyrðin fyrir umtalsverðri yfirfærslu áhættu sem sett er fram í 2. mgr. 244. gr.,
- n) eftirfarandi áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabanka stofnunarinnar, sem stofnað var til eftir að undanþágan tók gildi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 5. og 6. mgr.:
 - i. mynt og peningaseðlar sem eru lögmætir gjaldmiðlar í lögsögu seðlabankans,
 - ii. eignir sem eru kröfur á seðlabankann, þ.m.t. varaforða í vörslu seðlabankans,
- o) þegar stofnunin hefur starfsleyfi í samræmi við 16. gr. og a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna viðbótarbankaþjónustu sem tilgreind er í a-lið C-þáttar þeirrar reglugerðar sem tengist beint þeirri kjarna- eða viðbótarþjónustu sem tilgreind er í A- og B-þætti þess viðauka,
- p) þegar stofnunin er tilnefnd í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna viðbótarbankaþjónustu sem tilgreind er í a-lið C-þáttar í viðaukanum við þá reglugerð sem tengist beint kjarna- eða viðbótarþjónustu miðlægrar verðbréfamíðstöðvar, sem er með starfsleyfi í samræmi við 16. gr. þeirrar reglugerðar, og sem tilgreind er í A- og B-þætti þess viðauka.

Að því er varðar m-lið fyrstu undirgreinar skulu stofnanir telja með hvers konar áhættuskuldbindingar sem haldið er eftir í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.

2. Að því er varðar d- og e-lið 1. mgr. merkir „opinber þróunarlánastofnun“ lánastofnun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a) henni hefur verið komið á fót af ríkisstjórn aðildarríkis, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi,
- b) starfsemi hennar takmarkast við að greiða fyrir sértækum almennum markmiðum sem varða fjármál, félagsmál eða efnahagsmál í samræmi við lög og ákvæði sem gilda um þá stofnun, þ.m.t. samþykktir, án tillits til samkeppnissjónarmiða,
- c) markmið hennar er ekki að hámarka hagnað eða markaðshlutdeild,

- d) með fyrirvara um reglur Sambandsins um ríkisaðstoð þá ber ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvöldum skylda til að vernda lífvænleika lánastofnunarinnar eða tryggja beint eða óbeint a.m.k. 90% af eiginfjárgrunnskrofum, fjármögnunarþörf eða veittum stuðningslánnum lánastofnunarinnar,
- e) hún tekur ekki tryggðar innstæður eins og skilgreint er í 5. lið 1 mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/49/ESB eða landslögum til framkvæmdar þeirri tilskipun sem flokka má sem tímabundin innlán eða innlán inn á sparireikning eins og skilgreint er í a-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB(*).

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar geta almenn samfélagsleg markmið tekið til veitingar á fjármögnun til tiltekinna atvinnuvega eða landsvæða í viðkomandi aðildarríki þeim til eflingar og í þróunarskyni.

Að því er varðar d- og e-lið 1. mgr. og með fyrirvara um reglur Sambandsins um ríkisaðstoð og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt þeim mega lögbær yfirvöld, að beiðni stofnunar, meðhöndla einingar þeirrar stofnunar, sem eru rekstrarlega, skipulagslega og fjárhagslega óháðar og sjálfstæðar, sem opinbera þróunarlánastofnun, að því tilskildu að einingin uppfylli öll skilyrðin sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein og að slík meðhöndlun hafi ekki áhrif á eftirlit með þeirri stofnun. Lögbær yfirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um allar ákvarðanir um að meðhöndla, með tilliti til þessarar undirgreinar, einingu stofnunar sem opinbera þróunarlánastofnun. Lögbæru yfirvöldin skulu endurskoða slíka ákvörðun árlega.

3. Að því er varðar d- og e-lið 1. mgr. og d-lið 2. mgr. merkja „stuðningslán“ lán sem veitt eru af opinberri þróunarlánastofnun eða einingu sem komið er á fót af ríkisstjórn aðildarríkis, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi í aðildarríki, beint eða fyrir milligöngu lánastofnunar án tillits til samkeppni og hagnaðar til að greiða fyrir almennum markmiðum ríkisstjórnar aðildarríkis, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds í aðildarríki.

4. Stofnanir skulu ekki útiloka viðskiptastöðurnar sem um getur í g- og h-lið 1. mgr. þessarar greinar þegar skilyrðið sem sett er fram í þriðju undirgrein 5. mgr. 429. gr. er ekki uppfyllt.

5. Stofnanir geta undanskilið áhættuskuldbindingarnar sem taldar eru upp í n-lið 1. mgr. ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) lögbært yfirvald stofnunarinnar hefur ákveðið, að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka, og lýst því opinberlega yfir að sérstakar aðstæður ríki sem réttlæti að þær séu undanskildar til þess að auðvelda framkvæmd á peningamálastefnu,
- b) undanþágan er veitt í takmarkaðan tíma sem er ekki lengri en eitt ár.

6. Áhættuskuldbindingar sem undanskildar eru skv. n-lið 1. mgr. skulu uppfylla bæði af eftirfarandi skilyrðum:

- a) þær eru gefnar út í sama gjaldmiðli og innstæðurnar sem stofnun tekur við,
- b) meðalbínditími þeirra er ekki umtalsvert lengri en meðalbínditími innstæðna sem stofnunin tekur við.

7. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. 92. gr. skal stofnun sem undanskilur áhættuskuldbindingarnar sem um getur í n-lið 1. mgr. þessarar greinar ávallt fullnægja eftirfarandi kröfu um aðlagað vogunarhlutfall á meðan undanþágan varir:

$$aLR = 3\% \cdot \frac{EM_{LR}}{EM_{LR} - CB}$$

þar sem:

aLR = aðlagaða vogunarhlutfallið,

EM_{LR} = heildarmælistærð áhættuskuldbindingar stofnunar eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 429. gr., þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem eru undanskildar í samræmi við n-lið 1. mgr. þessarar greinar, og

CB = fjárhæð áhættuskuldbindinga sem útilokaðar eru í samræmi við n-lið 1. mgr. þessarar greinar.

429. gr. b

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði eigna

1. Stofnanir skulu reikna áhættuskuldbindingarvirði eigna, að undanskildum samningum sem taldir eru upp í II. viðauka og stöðunum sem um getur í 429. gr. e, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- a) áhættuskuldbindingarvirði eigna merkir virði áhættuskuldbindingar í samræmi við fyrsta málslið 1. mgr. 111. gr.,
 - b) fjármögnunarviðskipti með verðbréf skulu ekki jöfnuð.
2. Fyrirkomulag samnýtingar reiðufjár sem stofnun býður upp á brýtur ekki í bága við skilyrðið sem sett er fram í b-lið 7. mgr. 429. gr. svo fremi sem fyrirkomulagið uppfylli bæði eftirfarandi skilyrði:
- a) stofnunin sem gefur kost á samnýtingarfyrirkomulagi reiðufjár flytur kredit- og debetstöður margra einstakra reikninga eininga í samstæðunni sem taka þátt í fyrirkomulaginu („upprunalegir reikningar“) yfir í einn reikning og fastsetur þar með stöðurnar í upphaflegu reikningunum við núll,
 - b) stofnanirnar framkvæma aðgerðirnar sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar daglega.

Að því er varðar þessa málsgrein og 3. mgr. merkir „samnýtingarfyrirkomulag reiðufjár“ fyrirkomulag þar sem kredit- og debetstöður margra einstakra reikninga eru sameinaðar með stýringu reiðufjár eða lauss fjár í huga.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar brýtur samnýtingarfyrirkomulag reiðufjár, sem uppfyllir ekki skilyrðið sem sett er fram í b-lið þessarar málsgreinar heldur skilyrðið sem sett er fram í a-lið hennar, ekki gegn skilyrðinu sem sett er fram í b-lið 7. mgr. 429 gr., að því tilskildu að fyrirkomulagið uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) stofnunin hafi lagalega framfylgjanlegan rétt til að jafna stöður í upphaflegu reikningunum með flutningi yfir í einn reikning á einhverjum tímapunkti,
- b) ekkert misræmi sé á binditíma milli staðnanna í upphaflegu reikningunum,
- c) stofnunin leggi á eða greiði vexti sem grundvallast á sameinuðu stöðunni í upphaflegu reikningunum,
- d) lögbært yfirvald stofnunarinnar meti hvort flutningstíðni staðna í öllum upphaflegu reikningunum sé hæfileg þannig að eingöngu sameinuðu stöðurnar séu teknar með í samnýtingarfyrirkomulagi reiðufjár í heildarmælistærð áhættuskuldbindingar.

4. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. mega stofnanir eingöngu reikna út virði áhættuskuldbindingar af viðskipta-kröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé í tengslum við fjármögnunarviðskipti með verðbréf við sama mót-aðila á hreinum grunni ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) viðskiptin hafi sama tiltekna lokauppgjörsdag,
- b) rétturinn til að jafna saman fjárhæðinni sem skulduð er mótaðilanum með fjárhæðinni sem mótaðilinn skuldar er framfylgjanlegur samkvæmt lögum í venjubundnum viðskiptum og komi til vanskila, ógjaldfærni og gjaldþrots,
- c) mótaðilarnir hafi í hyggju að jafna saman, gera upp samtímis, eða að viðskiptin falli undir uppgjörsfyrirkomulag sem hefur í för með sér virkt ígildi uppgjors á hreinum grunni.

5. Að því er varðar c-lið 4. mgr. mega stofnanir eingöngu líta svo á að uppgjörsfyrirkomulag leiði til virks ígildis uppgjors á hreinum grunni ef hrein niðurstaða sjóðstreymis viðskiptanna samkvæmt því fyrirkomulagi er á greiðsludeginum jafngild einstöku hreinu fjárhæðinni við uppgjör á hreinum grunni og að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) viðskiptin séu gerð upp í sama uppgjörskerfi eða uppgjörskerfum sem nota sameiginlega uppgjörsinnsviði,
- b) uppgjörsfyrirkomulagið sé stutt reiðufé eða lánaþingreiðslum innan dags sem ætlað er að tryggja að uppgjör viðskiptanna muni fara fram í lok hvers virks dags,
- c) hvers konar vandamál sem stafa af verðbréfhlutna fjármögnunarviðskipta með verðbréf hafi ekki áhrif á lúkningu uppgjors á hreinum grunni á viðskipta-kröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé.

Skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar er eingöngu uppfyllt þegar vanræksla á framkvæmd fjármögnunarviðskipta með verðbréf í uppgjörsfyrirkomulaginu kann að hefja uppgjör í þeim samsvarandi hluta reiðufjár eingöngu eða hafa í för með sér skyldu gagnvart uppgjörsfyrirkomulaginu sem stutt er tengdri lánaþingreiðslu.

Ef verðbréfhlutinn í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf í uppgjörsfyrirkomulaginu hefur ekki verið afgreiddur í lok uppgjörsfrestsins skulu stofnanir aðskilja þessi viðskipti og samsvarandi hluta í reiðufé frá jöfnunarsafninu og meðhöndla á vergum grunni.

429. gr. c

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði afleiðna

1. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði samninga sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðna, að meðtöldum þeim sem eru utan efnahagsreiknings, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 3. þætti 6. hluta II. bálks í þriðja hluta.

Við útreikning á virði áhættuskuldbindingar mega stofnanir taka tillit til áhrifanna af samningum fyrir skuldskeytingu og öðrum skuldajöfnunarsamningum í samræmi við 295. gr. Stofnanir skulu ekki taka tillit til skuldajöfnunar milli afurða en mega skuldajafna innan afurðaflokksins sem um getur í c-lið 25. liðar 272. gr. og lánaafleiðna þegar þær falla undir samningsbundinn skuldajöfnunarsamning milli afurða eins og um getur í c-lið 295. gr.

Stofnanir skulu telja selda valrétti með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar jafnvel þótt hægt sé að miða virði áhættuskuldbindingar þeirra við núll í samræmi við meðferðina sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 274. gr.

2. Þegar tryggingarákvæðið sem tengist afleiðusamningum lækkar fjárhæð eigna samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð skulu stofnanir snúa þeirri lækku við.

3. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir sem reikna endurnýjunarkostnað afleiðusamninga í samræmi við 275. gr. eingöngu færa tryggingar sem tekið er við í reiðufé frá mótaðilum þeirra sem viðbótartryggingu sem um getur í 275. gr. þegar viðeigandi reikningsskilaumgjörð hefur ekki þegar viðurkennt viðbótartrygginguna sem lækku á virði áhættuskuldbindingarinnar og ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) reiðufénu sem mótaðilinn móttækur er ekki haldið aðskildu, að því er varðar viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð fyrir milligöngu fullgilds, miðlægs mótaðila,
- b) viðbótartryggingin er reiknuð og henni skipt út a.m.k. daglega á grundvelli mats á markaðsvirði afleiðustaðna,
- c) móttekin viðbótartrygging er í gjaldmiðli sem tilgreindur er í afleiðusamningnum, gildandi ramma-samningi um jöfnun eða viðauka um lánastuðning (e. credit support annex) við hinn samþykka rammameningu um jöfnun við fullgildan, miðlægan mótaðila,
- d) móttekna viðbótartryggingin er heildarfjárhæðin sem nauðsynleg væri til að útrýma áhættunni sem grundvallast á matinu á markaðsvirði afleiðusamningsins með fyrirvara um viðmiðunar- og lágmarks-fjárhæðir millifærslu sem eiga við um mótaðilann,
- e) afleiðusamningurinn og viðbótartryggingin milli stofnunarinnar og mótaðilans að þeim samningi falla undir stakan jöfnunarsamning sem stofnunin má líta svo á að dragi úr áhættu, í samræmi við 295. gr.

Þegar stofnun lætur mótaðila í té tryggingu í reiðufé og sú trygging uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-lið fyrstu undirgreinar skal stofnunin líta á þá tryggingu sem viðbótartryggingu sem lögð er fram hjá mótaðilanum og skal hún felld inn í útreikninginn á endurnýjunarkostnaðinum.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar telst stofnun hafa uppfyllt skilyrðin sem þar eru sett fram þegar viðbótartryggingunni er skipt að morgni þess viðskiptadags sem fer á eftir þeim viðskiptadegi þegar gengið var frá afleiðusamningnum, að því tilskildu að skiptin séu grundvölluð á virði samningsins í lok viðskiptadagsins þegar gengið var frá samningnum.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar má stofnun viðurkenna fjárhæð óumdeildrar tryggingar sem skipst hefur verið á.

4. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir ekki telja með móttekna tryggingu í útreikningnum á hreinum óháðum tryggingarfjárhæðum (e. *net independent collateral amount* (NICA)) nema þegar um er að ræða afleiðusamninga við viðskiptavini þegar þessir samningar eru stöðustofnaðir af fullgildum, miðlægum mótaðilum.

5. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir miða virði margfaldarans sem er notaður við útreikninginn á mögulegri framtíðaráhættu í samræmi við 1. mgr. 278. gr. nema þegar um er að ræða afleiðusamninga við viðskiptavini þegar þessir samningar eru stöðustofnaðir af fullgildum, miðlægum mótaðilum.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir nota aðferðina, sem sett er fram í 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta til að ákvarða virði áhættuskuldbindingar samninga sem taldir eru upp í 1. og 2. lið II. viðauka, en eingöngu ef þær nota þá aðferð einnig til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði þessara samninga í þeim tilgangi að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns sem sett er fram í 92. gr.

Þegar stofnanir nota eina aðferðina sem um getur í fyrstu undirgrein skulu þær ekki lækka heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar með fjárhæð þess tryggingarfjár sem þær hafa móttekið.

Viðbótarákvæði um útreikning á áhættuskuldbindingarvirði seldra lánaafleiðna

1. Að því er varðar þessa grein merkir „seld lánaafleiða“ alla fjármálagerninga sem stofnunin notar til að veita raunverulega útlánavörn þ.m.t. skuldatryggingar, heildarskiptasamningar og valréttir þegar stofnuninni er skylt að veita útlánavörn samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í valréttarsamningnum.

2. Til viðbótar við útreikninginn sem mælt er fyrir um í 429. gr. c skulu stofnanir taka með við útreikninginn á áhættuskuldbindingarvirði seldra lánaafleiða þær raunverulegu grundvallarfjárhæðir sem vísað er til í seldu lánaafleiðunum, að fráðreginni sérhverri breytingu á neikvæðu gangvirði sem hefur verið fellt inn í eiginfjárbátt 1 að því er varðar þessar seldu lánaafleiður.

Stofnanir skulu reikna raunverulega grundvallarfjárhæð seldra lánaafleiðna með því að aðlaga grundvallarfjárhæð þessara afleiðna þannig að þær endurspegli raunverulega áhættu samninganna sem vogaðir eru eða á annan hátt styrktir með fyrirkomulagi viðskiptanna.

3. Stofnanir mega lækka til fulls eða að hluta áhættuskuldbindingarvirðið sem reiknað er í samræmi við 2. mgr. um raunverulega grundvallarfjárhæð keyptra lánaafleiðna, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) eftirstöðvatími keyptu lánaafleiðunnar er jafn eða lengri en eftirstöðvatími seldu lánaafleiðunnar,
- b) lánaafleiðan sem keypt er fellur annars undir sömu eða íhaldssamari efnislega skilmála en þá sem gilda um samsvarandi seldar lánaafleiður,
- c) keypt lánaafleiða er ekki keypt af mótaðila sem myndi útsetja stofnunina fyrir sérstakri fylgniáhættu eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 291. gr.,
- d) þegar raunveruleg grundvallarfjárhæð seldrar lánaafleiðu er lækkuð sem nemur neikvæðri breytingu á gangvirði sem felld er inn í eiginfjárbátt 1 hjá stofnuninni er raunveruleg grundvallarfjárhæð keyptrar lánaafleiðu lækkuð sem nemur jákvæðri breytingu á því gangvirði sem hefur verið felld inn í eiginfjárbátt 1,
- e) keypt lánaafleiða er ekki felld inn í viðskipti sem hafa verið stöðustofnuð af stofnuninni fyrir hönd viðskiptavinar eða stöðustofnuð af stofnuninni í hlutverki sínu sem viðskiptavinur á hærra stigi í viðskiptavinafyrirkomulagi á mörgum stigum og þar sem raunveruleg grundvallarfjárhæð, sem samsvarandi seld lánaafleiða tengist, er útilokuð frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar í samræmi við g- eða h-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 429. gr. a, eftir því sem við á.

Að því er varðar útreikning á mögulegri framtíðaráhættu í samræmi við 1. mgr. 429. gr. c mega stofnanir útiloka frá jöfnunarsafninu þann hluta seldrar lánaafleiðu sem ekki er jöfnuð í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar greinar og þar sem raunveruleg grundvallarfjárhæð er felld inn í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.

4. Að því er varðar b-lið 3. mgr. merkir „efnislegur skilmáli“ hvers konar einkenni lánaafleiðu sem skiptir máli fyrir mat á henni, þ.m.t. undirskipunarstig, verð valréttar, lánaatburður, undirliggjandi tilgreindur aðili eða samsteypa stofnana, og undirliggjandi tilgreindar skyldur eða safn þeirra, að grundvallarfjárhæð og eftirstöðvatíma lánaafleiðunnar undanskildum. Tvö tilvísunarnöfn skulu aðeins vera eins þegar þau vísa til sama lögaðilans.

5. Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. mega stofnanir nota keyptar lánaafleiður á safn tilvísunarnafna til að jafna seldar lánaafleiður á stök tilvísunarnöfn í því safni þegar safn tilgreindra aðila og undirskipunarstigið í báðum viðskiptum er hið sama.

6. Stofnanir skulu ekki lækka hina raunverulegu grundvallarfjárhæð seldu lánaafleiðunnar þegar þær kaupa útlánavörn í gegnum heildarskiptasamning og skrá hreinar móttæknar greiðslur sem hreinar tekjur, en skrá ekki neina rýmun á virði hinnar seldu lánaafleiðu sem endurspeglast í eiginfjárbætti 1.

7. Þegar um er að ræða keyptar lánaafleiður á safn tilgreindra skyldna mega stofnanir ekki lækka raunverulega grundvallarfjárhæð seldra lánaafleiðna á stakar tilgreindar skyldur um það sem nemur raunverulegri grundvallarfjárhæð keyptra lánaafleiðna í samræmi við 3. mgr. nema ef keypta vörnin jafngildi fjárhagslega því að kaupa aðskilda vörn á hverja einstaka skyldu í safninu.

429. gr. e

Viðbót við útlánaáhættu mótaðila vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf

1. Auk útreikningsins á virði áhættuskuldbindingar í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings í samræmi við 1. mgr. 429. gr. b, skulu stofnanir fella inn í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar viðbót fyrir útlánaáhættu mótaðila sem reiknuð er í samræmi við 2. eða 3. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina vegna viðskipta við mótaðila sem ekki falla undir rammasamning um jöfnun sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 206. gr. í hverjum viðskiptum fyrir sig í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$E_i^* = \max\{0, E_i - C_i\}$$

þar sem:

E_i^* = viðbótin,

i = stuðullinn sem táknar viðskiptin,

E_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufé sem lánað er mótaðilanum í tengslum við viðskipti i og

C_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufé sem móttakið er frá mótaðilanum í tengslum við viðskipti i .

Stofnanir mega fastsetja E_i^* við núll ef E_i er reiðuféð sem lánað er mótaðilanum og tengt móttakið reiðufé er ekki hæft til skuldajöfnunar sem kveðið er á um í 4. mgr. 429. gr. b.

3. Stofnanir skulu reikna viðbótina vegna viðskipta við mótaðila sem falla undir rammasamning um jöfnun sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 206. gr. í hverjum samningi fyrir sig í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$E_i^* = \max\left\{0, \sum_i E_i - \sum_i C_i\right\}$$

þar sem:

E_i^* = viðbótin,

i = stuðullinn sem táknar jöfnunarsamninginn,

E_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufjár sem lánað er mótaðilanum í tengslum við viðskiptin sem falla undir rammasamning um jöfnun i og

C_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufé sem móttakið er frá mótaðilanum sem falla undir rammasamning um jöfnun i .

4. Að því er varðar 2. og 3. gr. tekur hugtakið „mótaðili“ einnig til þríhliða umboðsmanna sem taka við tryggingu í vörslu og stýra tryggingunni þegar um er að ræða þríhliða viðskipti.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir nota aðferðina sem sett er fram í 222. gr., með fyrirvara um 20% neðri mörk fyrir gildandi áhættuvog, til að ákvarða viðbótina fyrir verðbréf, fjármögnunarviðskipti með verðbréf, þ.m.t. þau sem eru utan efnahagsreiknings. Stofnanir mega eingöngu nota þessa aðferð þegar þær nota hana einnig til að reikna virði áhættuskuldbindingar þessara viðskipta í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar vegna eiginfjárgrunns eins og sett er fram í a-, b- og c-lið 1. mgr. 92. gr.

6. Þegar reikningsskil vegna sölu eru gerð fyrir endurhverf viðskipti, samkvæmt viðeigandi reiknings-skilaumgjörð, skal stofnun snúa við öllum sölutengdum reikningsskilafærslum.

7. Þegar stofnun kemur fram sem umboðsaðili fyrir tvo aðila í endurhverfum viðskiptum, lánveitingum, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings, skal eftirfarandi eiga við um útreikninginn á heildarmælistærð áhættuskuldbindingar:

- a) þegar stofnunin lætur viðskiptavinum eða mótaðila í té bæt看ur eða ábyrgð í tengslum við fjármögnunarviðskipti með verðbréf og bæturnar eða tryggingin takmarkast við mismuninn á virði verðbréfsins eða reiðufjárupphæðarinnar sem viðskiptavinur hefur lánað og virði tryggingarinnar sem lánatakinn hefur látið í té, skal hún eingöngu taka með viðbótina sem reiknuð er í samræmi við 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar,
- b) þegar stofnunin lætur ekki neinum hinna hlutaðeigandi aðila í té bæt看ur eða ábyrgð skulu viðskiptin ekki tekin með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar,
- c) þegar stofnunin er fjárhagslega útsett gagnvart undirliggjandi verðbréfi eða reiðufé í viðskiptunum, umfram áhættuskuldbindinguna sem viðbótin nær yfir, skal hún einnig taka með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar þá fjárhæð verðbréfsins eða reiðufjárins sem felur í sér þá áhættu sem að henni snýr,

- d) Þegar stofnun sem kemur fram sem umboðsaðili lætur báðum aðilum sem standa að fjármögnunarviðskiptum með verðbréf í té bætur eða ábyrgð skal hún reikna heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sinnar í samræmi við a-, b- og c- lið sérstaklega fyrir báða aðila sem taka þátt í viðskiptunum.

429. gr. f

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði liða utan efnahagsreiknings

1. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði liða utan efnahagsreiknings, í samræmi við 1. mgr. 111. gr. að undanskildum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka, lánaafleiðum, fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og stöðum sem um getur í 429. gr. d.

Ef skuldbinding tengist framlengingu á annarri skuldbindingu gildir 9. mgr. 166. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. mega stofnanir lækka samsvarandi fjárhæð lánaáhættu utan efnahagsreiknings um samsvarandi fjárhæð sértækrar aðlögunar á útlánaáhættu. Útreikningurinn má ekki fara niður fyrir lágmarkið núll.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir nota 10% breytistuðul gagnvart liðum utan efnahagsreiknings með litla áhættu.

429. gr. g

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði reglubundinna kaupa og sölu sem bíða uppgjors

1. Stofnanir skulu fara með reiðufé sem tengist reglubundinni sölu og verðbréf sem tengjast reglubundnum kaupum sem halda áfram að vera á efnahagsreikningnum til uppgjörsdags eins og eignir í samræmi við a-lið 4. mgr. 429. gr.

2. Stofnanir sem, í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, beita reikningshaldi sem miðast við viðskiptadag á reglubundin kaup og sölu sem bíða uppgjors skulu snúa við jöfnun viðskiptakrafna í reiðufé vegna reglubundinnar sölu sem bíður uppgjors og viðskiptaskulda í reiðufé vegna reglubundinna kaupa sem bíða uppgjors sem leyfð eru samkvæmt þeirri reikningsskilaumgjörð. Þegar stofnanir hafa snúið við reikningshaldslegu jöfnuninni mega þær jafna saman þessum viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé ef tengd reglubundin sala og kaup eru bæði gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu.

3. Stofnanir sem í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð nota reikningshald sem miðast við uppgjörsdag á reglubundin kaup og sölu sem bíða uppgjors skulu telja fullt nafnverð greiðsluskuldbindinga sem tengjast reglubundnum kaupum með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.

Stofnanir geta einungis jafnað fullu nafnverði greiðsluskuldbindinga tengdum reglubundnum kaupum með fullu nafnverði viðskiptakrafna í reiðufé sem tengjast reglubundnum sölum sem bíða uppgjors að báðum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- bæði reglubundnu kaupin og salan eru gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu,
- fjáreignir sem eru keyptar og seldar sem eru tengdar við viðskiptaskuldir og viðskiptakröfur í reiðufé eru metnar á gangvirði í gegnum hagnað eða tap og eru í veltubók stofnunarinnar.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánessamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.)“

118) Eftirfarandi hluti bætist við á eftir 429. gr. g:

„SJÖUNDI HLUTI A

KRÖFUR UM SKÝRSLUGJÖF

430. gr.

Skýrslugjöf um varfærniskröfur og fjárhagsupplýsingar

1. Stofnanir skulu gefa lögbærum yfirvöldum sínum skýrslu um:
- kröfur vegna eiginfjárgrunns, þ.m.t. vogunarhlutfallið eins og sett er fram í 92. gr. og sjöunda hluta,
 - kröfurnar sem mælt er fyrir um í 92. gr. a og 92. gr. b að því er varðar stofnanir sem falla undir þessar kröfur,
 - stórar áhættuskuldbindingar eins og kveðið er á um í 394. gr.,
 - lausafjárkröfur eins og kveðið er á um í 415. gr.,

- e) samantekin gögn fyrir sérhvern landsbundinn fasteignamarkað eins og kveðið er á um í 1. mgr. 430. gr. a,
- f) kröfurnar og leiðbeiningarnar sem kveðið er á um í tilskipun 2013/36/ESB sem teljast hæfar fyrir staðlaða skýrslugjöf, nema að því er varðar hvers konar auknar kröfur um skýrslugjöf sem settar eru fram í j-lið 104. gr. þeirrar tilskipunar,
- g) hversu miklar kvaðir eru á eignum, þ.m.t. sundurliðun eftir tegund eignakvaða, s.s. endurhverf verðbréfakaup, verðbréfalánveiting, verðbréfaðar áhættuskuldbindingar eða lán.

Stofnanir sem eru undanþegnar skv. 5. mgr. 6. gr. skulu ekki falla undir skýrslugjafarkröfur varðandi vogunarhlutfallið sem kveðið er á um í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar á einingargrunni.

2. Til viðbótar við skýrslugjöf um vogunarhlutfallið sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með flökti á vogunarhlutfallinu, einkum í kringum viðmiðunardagsetningar skýrslugjafar, skulu stórar stofnanir skýra lögbærum yfirvöldum sínum frá tilteknum þáttum vogunarhlutfallsins sem grundvallast á meðaltölum á gagnaskilatímabilinu og gögnum sem notuð eru til að reikna út þessi meðaltöl.

3. Til viðbótar við skýrslugjöf um varfæriskröfur sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir veita lögbærum yfirvöldum fjárhagsupplýsingar ef þær eru:

- a) stofnun sem fellur undir 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002,
- b) lánastofnun sem gerir samstæðureikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skv. b-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4. Lögbær yfirvöld mega krefjast þess að lánastofnanir sem ákvarða eiginfjárgrunn sinn á samstæðu-grundvelli í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skv. 2. mgr. 24. gr. veiti fjárhagsupplýsingar í samræmi við þessa grein.

5. Fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr. skulu aðeins taka til upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að gefa heildstæða mynd af áhættusniði starfsemi stofnunarinnar og þeirri kerfisáhættu sem stofnanir valda í fjármálageiranum eða raunhagkerfinu eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

6. Skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í þessari grein skal beitt gagnvart stofnunum á þann hátt að meðalhófs sé gætt að teknu tilliti til skýrslunnar sem um getur í 8. gr. og með hliðsjón af stærð, flækjustigi og eðli starfsemi þeirra og hversu mikil áhætta fylgir henni.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina stöðluðu skýrslugjafarsniðin og -sníðmátin, leiðbeiningar um og aðferðir við notkun þessara sníða, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir, að því er varðar skýrslugjöfina sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr.

Nýjar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í slíkum tæknilegum framkvæmdarstöðlum koma ekki til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra.

Að því er varðar 2. gr. skulu tæknilegu framkvæmdarstaðlarnir tilgreina hvaða þætti vogunarhlutfallsins skal tilkynna með því að nota virði í lok dags eða lok mánaðar. Í þessu skyni skal Evrópska banka- eftirlitsstofnunin taka tillit til hvors tveggja eftirfarandi:

- a) hversu næmur þátturinn er fyrir verulegum tímabundnum skerðingum á viðskiptamagni sem myndi leiða til þess að hættan á of mikilli vogun kæmi ekki nægilega vel fram á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar,
- b) þróunar og niðurstaðna á alþjóðavettvangi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fram fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í þessari málsgrein eigi síðar en 28. júní 2021, nema þegar um er að ræða:

- a) vogunarhlutfallið sem skal lagt fram eigi síðar en 28. júní 2020.
- b) skyldurnar sem mælt er fyrir um í 92. gr. a og b sem leggja skal fram eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta kostnaðinn og ávinninginn af skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 680/2014 (*) í samræmi við þessa málsgrein og skýra framkvæmdastjórninni frá niðurstöðum sínum eigi síðar en 28. júní 2020. Þetta mat skal framkvæmt sérstaklega í tengslum við litlar og einfaldar stofnanir. Í þessu skyni skal í skýrslunni:

- a) flokka stofnanir í flokka sem byggjast á stærð þeirra, flækjustigi og eðli og áhættustigi starfsemi þeirra,
- b) meta skýrslugjafarkostnaðinn sem fellur til fyrir hvern flokk stofnana á viðkomandi tímabili til þess að fullnægja skýrslugjafarkröfunum sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 að teknu tilliti til eftirfarandi meginreglna:
 - i. skýrslugjafarkostnaðurinn skal mældur sem hlutfallið milli skýrslugjafarkostnaðarins og heildarkostnaðar stofnunarinnar á viðkomandi tímabili,
 - ii. skýrslugjafarkostnaðurinn skal ná yfir öll útgjöld sem tengjast framkvæmd og rekstri á viðvarandi grundvelli á skýrslugjafarkerfum, þ.m.t. útgjöld vegna starfsfólks, upplýsingatæknikerfa, lögfræðihjónustu, reikningshalds, reikningsskila og ráðgjafarþjónustu,
 - iii. viðkomandi tímabil skal vísa til þeirra árstímabila þegar stofnanir stóðu undir kostnaði af skýrslugjöf til að undirbúa framkvæmd skýrslugjafarkrafnanna sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 og til að halda áfram rekstri skýrslugjafarkerfanna á viðvarandi grundvelli,
- c) meta hvort skýrslugjafarkostnaðurinn sem fellur til vegna hvers flokks stofnana hafi verið í réttu hlutfalli við þann ávinning sem fékkst af skýrslugjafarkröfunum að því er varðar varfærnieftirlit,
- d) meta áhrifin af minni kröfum um skýrslugjöf varðandi kostnað og skilvirkni eftirlits og
- e) semja tilmæli um hvernig draga má úr skýrslugjafarkröfum, a.m.k. fyrir litlar og einfaldar stofnanir; með það í huga skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin miða að a.m.k. áætlaðri 10% lækkun meðal-kostnaðar en helst 20% kostnaðarlækkun. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal einkum meta hvort:
 - i. veita megi litlum og einföldum stofnunum undanþágu frá skýrslugjafarkröfunum sem um getur í g-lið 1. mgr. ef kvaðir á eignum voru undir tilteknum mörkum,
 - ii. hvort draga má úr tíðni skýrslugjafar, sem gerð er krafa um í samræmi við a-, c- og g-lið 1. mgr., hjá litlum og einföldum stofnunum.

Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal láta drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í 7. mgr. fylgja þessari skýrslu.

9. Lögbær yfirvöld skulu hafa samráð við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina um hvort stofnanir, aðrar en þær sem um getur í 3. og 4. mgr., þurfi að veita fjárhagsupplýsingar á samstæðugrunni í samræmi við 3. mgr., að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) viðkomandi stofnanir séu ekki nú þegar að veita skýrslur á samstæðugrunni,
- b) viðkomandi stofnanir heyra undir reikningsskilaumgjörð í samræmi við tilskipun 86/635/EBE,
- c) reikningsskil séu talin nauðsynleg til að fá heildaryfirsýn yfir áhættusnið starfsemi þessara stofnana og kerfisáhættuna sem fjármálageiranum eða raunhagkerfinu stafar af henni eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina sniðin og sniðmátin sem stofnanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu nota í þeim tilgangi sem þar er kveðið á um.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

10. Telji lögbært yfirvald upplýsingar sem ekki falla undir tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í 7. mgr. nauðsynlegar í þeim tilgangi sem um getur í 5. mgr. skal það tilkynna Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu um viðbótarupplýsingar sem það telur nauðsynlegt að fram komi í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur þeirri málsgrein.

11. Lögbær yfirvöld mega veita undanþágu frá kröfunni um að leggja fram einhverja þá gagnapunkta sem um getur í skýrslugjafarsniðmátunum sem tilgreind eru í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum þegar þessir gagnapunktar skarast. Í þessu tilliti skulu þessir gagnapunktar sem skarast merkja hvers konar gagnapunkta sem þegar eru aðgengilegir lögbærum yfirvöldum með öðrum hætti en með því að safna saman þessum skýrslugjafarsniðum, þ.m.t. þegar þessir gagnapunktar fást úr gögnum sem þegar eru aðgengileg lögbærum yfirvöldum á mismunandi sniðmátum eða eru misjafnlega nákvæm, lögbær yfirvöld mega eingöngu veita undanþágurnar sem um getur í þessari málsgrein ef gögn sem tekið er við, safnað eða sameinuð með öðrum aðferðum eru þau sömu og þessir gagnapunktar sem á annan hátt hefði verið tilkynnt um í samræmi við viðkomandi tæknilega framkvæmdarstaðla.

Lögbær yfirvöld, skilastjórnvöld og tilnefnd yfirvöld skulu skiptast á gögnum þegar því verður við komið til að draga úr skýrslugjafarkröfum. Ákvæðin um upplýsingaskiptin og þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í II. þætti I. kafla VII bóls í tilskipun 2013/36/ESB gilda.

430. gr. a

Sérstakar skýrslugjafarskyldur

1. Stofnanir skulu á hverju ári gefa lögbærum yfirvöldum sínum skýrslu um eftirtalin samantekin gögn fyrir hvern landsbundinn fasteignamarkað þar sem þær eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta:

- a) tap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 80% af markaðsvirði eða 80% af veðlánsvirði, nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr.,
- b) heildartap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem álitinn er tryggður að fullu með íbúðarhúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,
- c) áhættuskuldbindingarvirði allra útstandandi áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, takmarkað við þann hluta sem álitinn er tryggður að fullu með íbúðarhúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,
- d) tap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði, nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr.,
- e) heildartap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem álitinn er tryggður að fullu með viðskiptahúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,
- f) áhættuskuldbindingarvirði allra útstandandi áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, takmarkað við þann hluta sem álitinn er tryggður að fullu með viðskiptahúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.

2. Gefa skal lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki viðkomandi stofnunar skýrslu um þau gögn sem um getur í 1. mgr. Hafi stofnun útibú í öðru aðildarríki skal einnig gefa lögbærum yfirvöldum í gístaðildarríkinu skýrslu um gögn er varða það útibú. Gefa skal sérstaka skýrslu um gögn fyrir hvern fasteignamarkað innan Sambandsins þar sem viðkomandi stofnun hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

3. Lögbær yfirvöld skulu á hverju ári birta samantekt yfir þau gögn, sem tilgreind eru í a- til f-lið 1. mgr., ásamt sögulegum gögnum ef þau liggja fyrir. Lögbært yfirvald skal, að beiðni annars lögbærs yfirvalds í aðildarríki eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, láta því eða henni í té ítarlegri upplýsingar um aðstæður á fasteignamarkaði fyrir íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði í því aðildarríki.

430. gr. b

Sértækar skýrslugjafarkröfur að því er varðar markaðsáhættu

1. Frá þeim degi þegar framselda gerðin sem um getur í 461. gr. a kemur til framkvæmda skulu stofnanir sem ekki uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 94. gr. né skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 325. gr. a gefa skýrslu um allar stöður sínar í veltubók og allar stöður sínar í fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- eða hrávöruáhættu, með því að nota óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í kafla 1 a í IV. bóli þriðja hluta á sama grunni og slíkar stofnanir gefa skýrslu um skyldurnar sem mælt er fyrir um í i-lið b-liðar og c-lið 3. mgr. 92. gr.

2. Stofnanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu skýra sérstaklega frá útreikningunum sem settir eru fram í a-, b- og c-lið 2. mgr. 325. gr. c vegna eignasafns allra staðna í veltubók eða fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- og hrávöruáhættu.

3. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir frá lokum þriggja ára tímabilsins sem fer á eftir gildistöku þessu síðustu tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 325. gr. bd (7. mgr.), 325. gr. be (3. mgr.), 325. gr. bf (9. mgr.), 325. gr. bg (4. mgr.) gefa skýrslu fyrir þær stöður sem úthlutað er viðskiptaborðum sem hafa fengið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina í samræmi við 2. mgr. 325. gr. az, um niðurstöður útreikninganna sem grundvallast á notkun þessarar aðferðar sem kveðið er á um 1. kafla b í IV. bóli þriðja hluta á sama grundvelli og þeim sem þessar stofnanir nota til að gefa skýrslu um skyldurnar sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar og c-lið 3. mgr. 92. gr.

4. Að því er varðar skýrslugjafarkröfurnar í 3. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir gefa sérstaka skýrslu um útreikningana sem settir eru fram í i. og ii. lið a-liðar og i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 325. gr. ba og fyrir

eignasöfn allra staðna í veltubók eða fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- og hrávöruáhættu sem úthlutað er viðskiptaborðum sem stofnanirnar hafa fengið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina fyrir í samræmi við 2. mgr. 325. gr. az.

5. Stofnanir mega nota aðferðirnar sem um getur í 1. og 3. mgr. samhliða innan samstæðu, að því tilskildu að útreikningurinn samkvæmt aðferðinni sem um getur í 1. mgr. fari ekki yfir 90% af heildarútreikningnum. Að öðrum kosti skulu stofnanirnar nota aðferðina sem um getur í 1. mgr. fyrir allar stöður í veltubók sinni og allar stöður í fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- eða hrávöruáhættu.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmdu skýrslugjafarsniðin, leiðbeiningarnar og aðferðafræðina fyrir notkun þeirra, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar og upplýsingatæknilausnir að því er varðar skýrslugjöfina sem mælt er fyrir um í þessari grein.

Nýjar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í slíkum tæknilegum framkvæmdarstöðlum koma ekki til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

430. gr. c

Hagkvæmniskýrsla um samþætt skýrslugjafarkerfi

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka saman skýrslu um hagkvæmni þess að þróa samræmt og samfellt kerfi til að safna hagskýrslugögnum, skilameðferðargögnum og varfærnisgögnum og skýra framkvæmdastjórninni frá niðurstöðum sínum eigi síðar en 28. júní 2020.

2. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gerir hagkvæmniskýrslu sína skal hún eiga samstarf við lögbær yfirvöld og jafnframt yfirvöld sem bera ábyrgð á innstæðutryggingakerfum og skilakerfum, einkum seðlabankakerfi Evrópu. Skýrslan skal taka tillit til fyrri starfsemi seðlabankakerfis Evrópu að því er varðar samþætta gagnasöfnun og skal grundvallast á heildargreiningu á kostnaði og hagnaði og fela í sér a.m.k.:

- a) yfirlit yfir magn og umfang fyrirliggjandi gagna sem lögbær yfirvöld hafa safnað saman í sínum lögsögum ásamt uppruna þeirra og sundurliðun,
- b) samantekt á stöðluðu orðasafni yfir þau gögn sem taka skal saman til að auka samleitni skýrslugjafarkrafanna að því er varðar reglubundnar skýrslugjafarskyldur og til að komast hjá ónauðsynlegum fyrirspurnum,
- c) stofnun sameiginlegrar nefndar, sem í eru að minnsta kosti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og seðlabankakerfi Evrópu, vegna þróunar og framkvæmdar á hinu samþætta skýrslugjafarkerfi,
- d) hvort hentugt sé og mögulegt að hanna miðlæga gagnasöfnunarstöð fyrir samþætta skýrslugjafarkerfið, þ.m.t. kröfur sem tryggja fullan trúnað um þau gögn sem safnað er, sterka sannvottun og stýringu á aðgangsrétti að kerfinu og netöryggi, sem
 - i. hefur að geyma miðlæga gagnaskrá með öllum tölfræðilegum gögnum, gögnum um skilameðferð og varfærnisefirlit sem eru nægilega vel sundurliðuð og sem tiltekin stofnun gefur skýrslu um nægilega oft og uppfærir reglulega,
 - ii. er tengiliður fyrir lögbær yfirvöld þegar þau taka á móti, vinna úr og safna saman öllum gagnabeidnum þegar hægt er að para þeim saman við fyrirliggjandi skýrslugögn sem safnað hefur verið og sem gera lögbærum yfirvöldum kleift að fá skjótan aðgang að umbeðnum upplýsingum,
 - iii. veita lögbærum yfirvöldum aukinn stuðning við framsendingu á gagnabeidnum til stofnananna og færa umbeðin gögn inn í miðlægar gagnaskrár,
 - iv. gegnir samræmingarhlutverki að því er varðar upplýsinga- og gagnaskipti milli lögbærra yfirvalda og
 - v. tekur tillit til málsmeðferðar og úrvinnslu lögbærra yfirvalda og færir þau yfir í staðlað kerfi.

3. Eigi síðar en einu ári eftir að skýrslan sem um getur í þessari grein hefur verið lögð fram skal framkvæmdastjórnin, ef við á og að teknu tilliti til hagkvæmniskýrslunnar frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um stofnun staðlaðs og samþætts skýrslugjafarkerfis fyrir kröfur um skýrslugjöf.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf um eftirlit með stofnunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtið. ESB L 191, 28.6.2014, bls. 1).“

119) Í stað áttunda hluta kemur eftirfarandi:

„ÁTTUNDI HLUTI

UPPLÝSINGAGJÖF STOFNANA

I. BÁLKUR

ALMENNAR MEGINREGLUR

431. gr.

Kröfur um upplýsingagjöf og stefnur

1. Stofnanir skulu birta opinberlega upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í II. og III. bálki í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessum bálki með fyrirvara um undanþágurnar sem um getur í 432. gr.
2. Leyfi sem lögbær yfirvöld hafa veitt skv. þriðja hluta vegna gerninga og aðferða sem um getur í III. bálki skulu falla undir opinbera birtingu stofnana á upplýsingunum sem þar er mælt fyrir um.
3. Stjórn og framkvæmdastjórn skulu samþykkja formlega stefnur til að hlíta kröfunum um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í þessum hluta og koma á og viðhalda innri verkferlum, kerfum og eftirliti til að sannprófa að upplýsingar stofnananna séu við hæfi og í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum hluta. Að minnsta kosti einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri vottar skriflega að viðkomandi stofnun hafi birt þær upplýsingar sem krafist er í þessum hluta í samræmi við formlegar stefnur og innri verkferla, kerfi og eftirlit. Skriflega staðfestingin og lykilkættir í formlegum stefnum stofnunarinnar til að hlíta kröfunum um upplýsingagjöf skulu felldar inn í upplýsingar stofnananna.

Upplýsingarnar sem á að birta í samræmi við þennan hluta skulu falla undir sams konar innri sannprófun og gildir um skýrslu framkvæmdastjórnar í reikningsskilum stofnunarinnar.

Stofnanir skulu einnig marka stefnur til að sannprófa hvort upplýsingagjöf þeirra gefi markaðsaðilum rétta mynd af áhættusniði þeirra. Ef stofnanir komast að niðurstöðu um að birting upplýsinga sem gerð er krafa um í þessum hluta gefi ekki rétta mynd af áhættusniði þeirra skulu þær birta upplýsingar til viðbótar þeim upplýsingum sem krafist er að verði birtar samkvæmt þessum hluta. Þess skal þó aðeins krafist að þær birti upplýsingar sem skipta máli og teljast ekki vera réttindaverndaðar eða trúnaðarmál í samræmi við 432. gr.

4. Öllum meginlegum upplýsingum skulu fylgja eigindlegar upplýsingar og allar aðrar viðbótarupplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar þeim sem nota þessar upplýsingar til að skilja meginlegu upplýsingarnar, þar sem einkum er getið um allar verulegar breytingar á tilteknum upplýsingum samanborið við upplýsingarnar sem voru í hinni fyrri upplýsingagjöf.

5. Stofnanir skulu, sé þess óskað, útskýra ákvarðanir sínar um mat fyrir litlum og meðalstórum fyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum sem sækja um lán og veita skriflegar útskýringar sé um það beðið. Umsýslukostnaður við þessar útskýringar skal vera í réttu hlutfalli við stærð lánsins.

432. gr.

Upplýsingar sem ekki skipta máli, eru réttindaverndaðar eða trúnaðarupplýsingar

1. Að undanskilinni upplýsingagjöfinni sem mælt er fyrir um í 435. gr. (c-lið 2. mgr.), 437. og 450. gr., mega stofnanir sleppa einni eða fleiri upplýsingagjöf í II. og III. bálki ef upplýsingarnar sem veittar eru með slíkri upplýsingagjöf teljast ekki vera mikilvægar.

Upplýsingar í upplýsingagjöf skulu teljast vera mikilvægar ef úrfelling þeirra eða rangfærsla gæti breytt eða haft áhrif á mat eða ákvörðun notanda sem reiðir sig á þessar upplýsingar í þeim tilgangi að taka fjárhagslegar ákvarðanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út leiðbeiningar um hvernig stofnanir eiga að beita hugtakinu mikilvægar upplýsingar í tengslum við kröfurnar um upplýsingagjöf í II. og III. bálki.

2. Stofnanir geta einnig sleppt einum eða fleiri liðum upplýsinga sem um getur í II. og III. bálki ef þeir liðir innihalda upplýsingar sem taldar eru viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar í samræmi við þessa málsgrein, að undanskilinni upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í 437. og 450. gr.

Upplýsingar skulu teljast vera viðkvæmar fyrir stofnanir ef birting þeirra opinberlega myndi grafa undan samkeppnisstöðu þeirra. Viðkvæmar upplýsingar geta m.a. verið upplýsingar um afurðir eða kerfi sem gætu rýrt fjárfestingar stofnananna í þeim væri upplýsingunum miðlað til samkeppnisaðila.

Upplýsingar skulu teljast trúnaðarupplýsingar ef stofnanirnar hafa skyldur gagnvart viðskiptavinum eða önnur tengsl við mótaðila, sem fela í sér að trúnaður ríki um þær.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 gefa út leiðbeiningar um hvernig stofnanir eiga að beita hugtakinu um viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar í tengslum við kröfur um upplýsingagjöf í II. og III. bálki.

3. Í þeim undantekningartilvikum sem um getur í 2. mgr. skal viðkomandi stofnun tilgreina, þegar hún birtir upplýsingar sínar, að tilteknir upplýsingaliðir séu ekki birtir, ástæður þess að þeir eru ekki birtir og birta almennari upplýsingar um efni krafanna um upplýsingagjöf nema efni þeirra í sjálfu sér feli í sér viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar.

433. gr.

Tíðni og umfang upplýsingagjafar

Stofnanir skulu birta þær upplýsingar sem krafist er í II. og III. bálki á þann hátt sem um getur í 433. gr. a, 433. gr. b og 433. gr. c.

Árleg birting upplýsinga skal fara fram á sama degi og stofnanir birta reikningsskil sín eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir.

Birting upplýsinga á hálfárs fresti og ársfjórðungslega skal vera á sama degi og þegar stofnanirnar birta reikningsskil sín fyrir sama tímabil, eftir atvikum, eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir.

Tímabilið frá þeim degi þegar upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessum hluta eru birtar og þar til viðkomandi reikningsskil eru birt skal vera hæfilegt og alla jafna ekki vera lengra en fresturinn sem lögbær yfirvöld kveða á um skv. 106. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

433. gr. a

Upplýsingagjöf stórra stofnana

1. Stórar stofnanir skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

a) árlega allar upplýsingarnar sem krafist er í þessum hluta,

b) á hálfárs fresti upplýsingarnar sem um getur í:

i. a-lið 437. gr.,

ii. e-lið 438. gr.,

iii. e- til l-lið 439. mgr.,

iv. 440. gr.,

v. c-, e-, f- og g-lið 442. gr.,

vi. e-lið 444. gr.,

vii. 445. gr.,

viii. a- og b-lið 1. mgr. 448. gr.,

ix. j- til l-lið 449. mgr.,

x. a- og b-lið 1. mgr. 451. gr.,

xi. 3. mgr. 451. gr. a,

xii. g-lið 452. gr.,

xiii. f- til j-lið 453. mgr.,

xiv. d-, e-, og g-lið 455. gr.,

c) ársfjórðungslega upplýsingarnar sem um getur í:

i. d- og h-lið 438. gr.,

ii. lykilmælikvörðunum sem um getur í 447. gr.,

iii. 2. mgr. 451. gr. a

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu stórar stofnanir aðrar en kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

- a) árlega allar upplýsingarnar sem krafist er í þessum hluta,
- b) lykilmælikvarðana sem um getur í 447. gr. á hálfárs fresti.

3. Stórar stofnanir sem falla undir 92. gr. a eða 92. gr. b skulu birta upplýsingarnar sem krafist er í 437. gr. á hálfárs fresti, nema fyrir lykilmælikvarðana sem um getur í h-lið 447. gr. en fyrir þá eru upplýsingar birtar ársfjórðungslega.

430. gr. b

Upplýsingagjöf lítilla og einfaldra stofnana

1. Litlar og einfaldar stofnanir skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

- a) árlega upplýsingarnar sem um getur í:
 - i. a-, e- og f-lið 1. mgr. 435. gr.,
 - ii. d-lið 438. gr.,
 - iii. a- til d- lið og h-, i- og j-lið 1. mgr. 450. gr.,
- b) á hálfárs fresti fyrir lykilmælikvarðana sem um getur 447. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu litlar og einfaldar stofnanir sem ekki eru skráðar í kauphöll birta árlega upplýsingar um lykilmælikvarðana sem um getur 447. gr.

433. gr. c

Upplýsingagjöf annarra stofnana

1. Stofnanir sem ekki falla undir 433. gr. a eða 433. gr. b skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

- a) árlega allar upplýsingarnar sem krafist er í þessum hluta,
- b) á hálfárs fresti fyrir lykilmælikvarðana sem um getur í 447. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu aðrar stofnanir sem ekki eru skráðar í kauphöll birta árlega eftirfarandi upplýsingar:

- a) a-, e- og f-lið 1. mgr. 435. gr.,
- b) a-, b- og c-lið 2. mgr. 435. gr.,
- c) a-lið 437. gr.,
- d) c- og d-lið 438. gr.,
- e) lykilmælikvarðana sem um getur í 447. gr.,
- f) a- til d- lið og h- til k-lið 1. mgr. 450. gr.

434. gr.

Aðferð við upplýsingagjöf

1. Stofnanir skulu birta allar upplýsingarnar sem krafist er í II. og III. bálki á rafrænu formi og á einum miðli eða á einum stað. Þessi eini miðill eða staður skal vera sérstakt skjal sem veitir notendum sem á þurfa að halda skjótan aðgang að varfærnisupplýsingum, eða sérstakur hluti sem felldur er inn í eða látinn fylgja með reikningsskilum stofnananna eða fjárhagslegum skýrslum sem innihalda tilskilda upplýsingagjöf og sem þessir notendur eiga auðvelt með að greina.

2. Stofnanir skulu gera safn upplýsinganna sem krafist er að verði birtar í samræmi við þennan hluta aðgengilegt á vefsetrum sínum eða, ef þeim er ekki til að dreifa, á öðrum viðeigandi stað. Þetta safn skal vera aðgengilegt eigi skemur en svarar þeim geymslutíma sem kveðið er á um í landslögum vegna upplýsinga í fjárhagslegum skýrslum stofnananna.

434. gr. a

Samræmd snið fyrir upplýsingagjöf

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmd snið fyrir skýrslugjöf og leiðbeiningar þar að lútandi um hvernig staðið skuli að upplýsingagjöfni sem krafist er samkvæmt II. og III. bálki.

Þessi samræmdu snið fyrir upplýsingagjöf skulu veita notendum þeirra nægilegar heildstæðar og samanburðarhæfar upplýsingar til að þeir geti metið áhættusnið stofnana og að hve miklu leyti þær hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrsta til sjöunda hluta. Til að auðvelda samanburð á upplýsingum skulu tæknilegu framkvæmdarstaðlarnir leitast við að tryggja samræmi milli sniða fyrir upplýsingagjöf og alþjóðlegra staðla um upplýsingagjöf.

Samræmd snið skulu vera á töfluformi eftir því sem við verður komið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

II. BÁLKUR

TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VARDANDI GAGNSÆI OG BIRTINGU UPPLÝSINGA

435. gr.

Birting upplýsinga um markmið og stefnur við áhættustýringu

1. Stofnanir skulu birta upplýsingar um markmið sín og stefnur fyrir áhættustýringu fyrir hvern sérstakan flokk áhættu, þ.m.t. áhættu sem um getur í þessum bálki. Þessi upplýsingagjöf skal fela í sér:

- a) áætlanirnar og vinnsluferli til að stýra þessum flokkum áhættu,
- b) uppbyggingu og skipulag viðkomandi áhættustýringareiningar þ.m.t. upplýsingar um hæfi hennar, heimildir og ábyrgðarskyldu í samræmi við stofnsamninga stofnunarinnar og samþykktir,
- c) gildissvið og eiginleika áhættuskýrslugjafar- og matskerfa,
- d) stefnur vegna áhættuvarnar og áhættumildunar og áætlanir og vinnsluferli vegna eftirlits með áframhaldandi skilvirkni áhættuvarna og mildunar,
- e) yfirlýsingu sem stjórnin samþykkir um hvort fyrirkomulag áhættustýringar sé fullnægjandi af hendi viðkomandi stofnunar og sem veitir fullvissu fyrir því að áhættustjórnunarkerfi sem komið er á sé fullnægjandi með tilliti til sniðs og stefnu stofnunarinnar,
- f) gagnorða áhættuyfirlýsingu sem stjórnin samþykkir og lýsir gagnort heildaráhættusniði viðkomandi stofnunar sem tengist starfsstefnu hennar; þessi yfirlýsing skal fela í sér:
 - i. lykilhlutföll og tölur sem veita utanaðkomandi hagsmunaaðilum ítarlega yfirsýn yfir áhættustjórnun stofnunarinnar, þ.m.t. hvernig áhættusnið stofnunarinnar fer saman við áhættuþolið sem stjórnin ákvarðar,
 - ii. upplýsingar um viðskipti innan samstæðu og viðskipti við tengda aðila sem geta haft veruleg áhrif á áhættusnið samstæðunnar.

2. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um stjórnarhætti sína:

- a) fjölda stjórnarstaða sem aðilar í framkvæmdastjórninni gegna,
- b) ráðningarstefnu fyrir val á aðilum í stjórnina og raunverulega þekkingu þeirra, færni og sérþekkingu,
- c) stefnu um fjölbreytileika, með tilliti til vals á aðilum í stjórnina, almenn markmið hennar og viðeigandi markmið sem sett eru fram í þeirri stefnu og að hvaða marki náðst hefur að uppfylla þessi almennu og sértæku markmið,
- d) hvort stofnunin hefur, eða hefur ekki, komið á fót sérstakri áhættunefnd og hve oft áhættunefndin hefur fundað,
- e) lýsingu á flæði upplýsinga um áhættu til stjórnarinnar.

436. gr.

Birting upplýsinga um gildissvið

Stofnunin skal birta eftirfarandi upplýsingar um gildissvið þessarar reglugerðar sem hér segir:

- a) heiti stofnunarinnar sem fellur undir þessa reglugerð,
- b) afstemmingu milli samstæðureikningsskila sem gerð eru í samræmi við viðeigandi reikningsskila-umgjörð og samstæðureikningsskila sem gerð eru í samræmi við kröfurnar um eftirlitsbundin samstæðureikningsskil skv. 2. og 3. þætti II. bóls í fyrsta hluta; þessi afstemming skal sýna mismuninn á reikningshaldslegum samstæðuskilum og eftirlitsbundnum samstæðureikningsskilum

og lögaðilana sem falla undir gildissvið eftirlitsbundinna samstæðureikningsskila þegar þau eru frábrugðin reikningshaldslegum samstæðuskilum; yfirlit lögaðilanna sem felldir eru undir eftirlitsbundin samstæðureikningsskil skal lýsa aðferðinni við eftirlitsbundin samstæðureikningsskil þegar þau eru frábrugðin reikningshaldslegu aðferðinni við samstæðureikningsskil, hvort sem þessar einingar eru að fullu eða hlutfallslega undir samstæðureikningsskilum og hvort eignarhlutir þessara lögaðila eru dregnir frá eiginfjárgrunni,

- c) sundurliðun eigna og skuldbindinga samstæðureikningsskilanna sem gerð eru í samræmi við kröfurnar um eftirlitsbundin samstæðureikningsskil skv. 2. og 3. þætti II. bólkis í fyrsta hluta sundurliðuð eftir tegund áhættu eins og um getur í þessum hluta,
- d) afstemmingu þar sem tilgreindar eru meginástæður á mismuninum milli fjárhæða bókfærðs virðis í reikningsskilunum samkvæmt eftirlitsbundnum samstæðureikningsskilum eins og skilgreint er í 2. og 3. þætti II. bólkis í fyrsta hluta og fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar sem notuð er vegna eftirlits; þessari afstemmingu skulu fylgja eigindlegar upplýsingar um þessar helstu ástæður fyrir mismuninum,
- e) að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók og fjárfestingarbók sem eru aðlagðar í samræmi við 34. og 105. gr., sundurliðun fjárhæða efnisþátta í aðlögun stofnunarinnar á varfærismati, eftir tegund áhættu, og allir efnisþættir aðskilið að því er varðar veltubók og fjárfestingarbók,
- f) allar núverandi eða fyrirsjáanlegar raunverulegar eða lagalegar hindranir fyrir skjótri millifærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skuldbindinga á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess,
- g) samanlagða fjárhæð þess sem skortir upp á að raunverulegur eiginfjárgrunnur uppfylli lágmarkið í öllum dótturfyrirtækjum sem ekki eru talin með í samstæðunni ásamt nafni eða nöfnum þessara dótturfyrirtækja,
- h) eftir atvikum þær aðstæður sem liggja til grundvallar notkun ákvæðanna í 7. gr. eða einstakra samstæðureikningsskilaaðferða sem mælt er fyrir um í 9. gr.

437. gr.

Birting upplýsinga um eiginfjárgrunn

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um eiginfjárgrunn sinn:

- a) fulla afstemmingu liða í almennu eigin fé þáttar 1, liða í viðbótareiginfé þáttar 1, liða í þætti 2 og sía og frádráttar sem beitt er á eiginfjárgrunn stofnunarinnar skv. 32.–36. gr., 56., 66. og 79. gr og efnahagsreiknings í endurskoðuðum reikningsskilum stofnunarinnar,
- b) lýsingu á helstu eiginleikum almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2, sem stofnunin gefur út,
- c) heildarskilmála og skilyrði allra eiginfjárgrunnsgerninga almenns þáttar 1, gerninga í viðbótareiginfé þáttar 1 og þáttar 2,
- d) aðskilda upplýsingagjöf um eðli og fjárhæðir eftirfarandi:
 - i. hverja varfærmissíu sem beitt er skv. 32.–35. gr.,
 - ii. sérhvern frádrátt sem gerður er skv. 36., 56. og 66. gr.,
 - iii. liða sem ekki eru dregnir frá skv. 47., 48., 56. 66. og 79. gr.,
- e) lýsingu á öllum takmörkunum sem beitt er á útreikninga á eiginfjárgrunni í samræmi við þessa reglugerð og gerningum, varfærmissíum og frádrætti sem þessar takmarkanir gilda um,
- f) ítarlega skýringu á grundvellingum sem notaður er til að reikna út eiginfjárhlutföll ef þessi eiginfjárhlutföll eru reiknuð með því að nota þætti eiginfjárgrunns sem ákvarðaðir eru á öðrum grundvelli en þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

437. gr. a

Birting upplýsinga um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

Stofnanir sem falla undir 92. gr. a eða 92. gr. b skulu birta eftirfarandi upplýsingar um eiginfjárgrunn sinn og hæfar skuldbindingar:

- a) samsetningu eiginfjárgrunns síns og hæfra skuldbindinga, binditíma þeirra og helstu eiginleika,
- b) stöðu hæfra skuldbindinga í forgangs röðun kröfuhafa,

- c) heildarfjárhæð hvernar útgáfu hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í 72. gr. b og fjárhæð þessara útgáfna sem er að finna í liðum hæfra skuldbindinga innan markanna sem tilgreind eru í 3. og 4. mgr. 72. gr. b,
- d) heildarfjárhæð þeirra skuldbindinga sem undanskildar eru og um getur í 2. mgr. 72. gr. a.

438. gr.

Birting upplýsinga um kröfur vegna eiginfjárgrunns og fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar hlítinu þeirra við 92. gr. þessarar reglugerðar og við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 73. gr. og a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB:

- a) samantekt á aðferð þeirra til að meta hvort innra fjármagn veitir fullnægjandi stuðning við starfsemi þeirra í nútíð og framtíð,
- b) fjárhæð viðbótarkrafna um eiginfjárgrunn sem byggja á eftirlitsferli eins og um getur í a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og samsetningu hennar með tilliti til eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótargerninga undir þætti 1 eða gerninga undir þætti 2,
- c) að beiðni viðkomandi lögbærs yfirvalds, niðurstöður innra matsferlis stofnunarinnar fyrir eiginfjárbörf,
- d) heildarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar og samsvarandi heildarkröfur vegna eiginfjárgrunns ákvarðaðar í samræmi við 92. gr. sem á að sundurliða eftir mismunandi áhættuflokkum sem kveðið er á um í þriðja hluta og, eftir atvikum, útskýringu á hvernig notkunin á neðri mörkum fyrir eigið fé og því að draga liði ekki frá eiginfjárgrunni hefur áhrif á útreikninginn á eiginfjárgrunni og fjárhæðum áhættuveginnar skuldbindingar,
- e) áhættuskuldbindingar innan og utan efnahagsreiknings, fjárhæðir áhættuveginnar skuldbindingar og tengt áætlað tap fyrir hvern flokk sértækra útlána sem um getur í töflu 1 í 5. mgr. 153. gr. og áhættuskuldbindingar innan og utan efnahagsreiknings og fjárhæðir áhættuveginnar skuldbindingar fyrir þá flokka áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem um getur í 2. mgr. 155. gr,
- f) áhættuskuldbindingarvirði og fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna eiginfjárgrunnsgerninga í vörslu váttryggingafélags, endurtryggingafélags eða eignarhaldsfélags á váttryggingasviði sem stofnanirnar draga ekki frá eiginfjárgrunnsgerningum sínum í samræmi við 49. gr. við útreikning á gjaldþolskröfum sínum á einstaklingsgrunni, undirsamstæðugrunni eða samstæðugrunni,
- g) viðbótarkröfur vegna eiginfjárgrunns og eiginfjárhlutfall fjármálasamsteypunnar eins og það er reiknað út í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB og I. viðauka þeirrar tilskipunar þegar aðferð 1 eða 2 í þeim viðauka er notuð,
- h) breytingar á fjárhæðum áhættuveginnar skuldbindingar á yfirstandandi birtingartímabili samanborið við birtingartímabilið næst á undan sem leiðir af notkun eigin líkana, þ.m.t. yfirlit yfir helstu þætti sem skýra þær breytingar.

439. gr.

Birting upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna útlánaáhættu mótaðila

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um áhættu þeirra vegna mótaðilaáhættu eins og um getur í 6. kafla II. bóls í þriðja hluta:

- a) lýsingu á aðferðafræðinni sem notuð er við ákvörðun innra fjármagns og lánamarka vegna útlána-áhættu mótaðila, þ.m.t. aðferðunum sem notaðar eru til að tengja þessi mörk við áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila,
- b) lýsingu á stefnum sem varða ábyrgðir og aðra þætti sem milda útlánaáhættu, s.s. stefnum til að afla trygginga og stofna varasjóð vegna útlána,
- c) lýsingu á stefnum að því er varðar almenna fylgniáhættu og sértæka fylgniáhættu eins og skilgreint er í 291. gr.,
- d) fjárhæð trygginga sem stofnun myndi þurfa að leggja fram ef lánsþæfismat hennar lækkaði,
- e) fjárhæð aðgreindra og óaðgreindra trygginga sem tekið er við og lagðar eru fram, sundurliðuð eftir tegund tryggingar, og sundurliðuð frekar milli trygginga sem notaðar eru fyrir afleiðuvíðskipti og fjármögnunarvíðskipti með verðbréf,

- f) að því er varðar afleiðuvíðskipti, áhættuskuldbindingarvirðið fyrir og eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu eins og ákvarðað er samkvæmt aðferðunum í þáttum 3 til 6 í 6. kafla, II. bóls í þriðja hluta, eftir því hver aðferðanna á við, og tengdar fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, sundurliðaðar eftir viðeigandi aðferð,
- g) að því er varðar fjármögnunarvíðskipti með verðbréf, áhættuskuldbindingarvirðið fyrir og eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu eins og ákvarðað er samkvæmt aðferðunum í 4. til 6. kafla, II. bóls í þriðja hluta, eftir því hver aðferðanna er notuð, og tengdar fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, sundurliðaðar eftir viðeigandi aðferð,
- h) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu og tengdar áhættuskuldbindingar að því er varðar aðlögun á útlánvirði, aðskilið fyrir hverja aðferð eins og sett er fram í VI. bóli þriðja hluta,
- i) virði áhættuskuldbindinga vegna miðlægra mótaðila og tengdar áhættuskuldbindingar sem falla undir 9. þátt 6. kafla II. bóls þriðja hluta, aðskilið fyrir fullgilda miðlæga mótaðila og miðlæga mótaðila sem ekki eru fullgildir, og sundurliðað eftir tegundum áhættu,
- j) grundvallarfjárhæðir og gangvirði lánaafleiðuvíðskipta, afleiðuvíðskipti skulu sundurliðuð eftir tegund afurðar, innan hverrar afurðartegundar skulu lánaafleiðuvíðskipti sundurliðuð nánar eftir útlánavörn sem keypt er og útlánavörn sem seld er,
- k) mat á alfa ef stofnunin hefur hlotið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota sitt eigið mat á alfa í samræmi við 9. mgr. 284. gr.,
- l) aðskilið, þær upplýsingar sem er að finna í e-lið 444. gr. og g-lið 452. gr.,
- m) að því er varðar stofnanir sem nota aðferðirnar sem settar eru fram í 4. til 5. þætti 6. kafla II. bóls þriðja hluta, umfang afleiðuvíðskipta innan og utan efnahagsreiknings eins og það er reiknað í samræmi við 1. eða 2. mgr. 1. gr. 273. gr., eftir því sem við á.

Ef seðlabanki aðildarríkis veitir lausafjárþyrirgreiðslu í formi tryggðra veðskiptasamninga má lögbært yfirvald undanþiggja stofnanir frá kröfunum í d- og e-lið fyrstu undirgreinar þegar það lögbæra yfirvald telur að birting upplýsinganna sem þar um getur kunnir að leiða í ljós að lausafjárþyrirgreiðsla í neyð hafi verið veitt. Í þessu skyni skal lögbæra yfirvaldið kveða á um viðeigandi viðmiðunarmörk og hlutlægar viðmiðanir.

440. gr.

Birting upplýsinga um sveiflujöfnunarauka

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar í tengslum við hlítungu þeirra við kröfurnar um sveiflujöfnunarauka sem um getur í 4. kafla VII. bóls í tilskipun 2013/36/ESB:

- a) landfræðilega dreifingu fjárhæða áhættuskuldbindingarinnar og fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar lánaáhættu sinnar sem notaðar eru sem grundvöllur við útreikning á sveiflujöfnunarauka þeirra,
- b) fjárhæð sértæks sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun.

441. gr.

Birting upplýsinga um vísbendingar um kerfislægt mikilvægi á alþjóðavísu

Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu árlega birta upplýsingar um gildi vísanna sem notaðir eru til að ákvarða stig þeirra í samræmi við greiningaraðferðafræðina sem um getur í 131. gr tilskipunar 2013/36/ESB.

442. gr.

Birting upplýsinga um áhættu vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar áhættuskuldbindingar þeirra vegna útlána-áhættu og þynningaráhættu:

- a) umfang og skilgreiningar á hugtökunum „gjaldfallinn“ og „virðisryrningur“ sem þær nota í reiknings-skilum og muninum, ef einhver er, á hugtökunum „gjaldfallinn“ og „vanskil“ sem þær nota í tengslum við reikningsskil og eftirlit,
- b) lýsingu á nálgunum og aðferðum sem notaðar eru við ákvörðun á sértækri og almennri aðlögun á útlánaáhættu,

- c) upplýsingar um fjárhæð og gæði efnra og vanefnra áhættuskuldbindinga og áhættuskuldbindinga sem hlotið hafa ívilnun vegna lána, skuldabréfa og áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings, þ.m.t. breytingar á samanlagðri virðisrymun, varúðarniðurfærslum og neikvæðum gangverðs-breytingum vegna útlánaáhættu og fjárhæðir veða og fjárhagslegra trygginga sem fengnar hafa verið,
- d) greiningu á aldursdreifingu gjaldfallinna áhættuskuldbindinga,
- e) vergt bókfært verð bæði skuldbindinga í vanskilum og skuldbindinga sem ekki eru í vanskilum, uppsafnaðar sértækar aðlaganir á útlánaáhættu, samanlagðar afskriftir á móti þessum áhættuskuldbindingum og hreint bókfært virði fjárhæðanna og dreifing eftir landsvæðum og tegund iðngreinar og að því er varðar lán, skuldabréf og áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings,
- f) allar breytingar á vergri fjárhæð áhættuskuldbindinga í vanskilum innan og utan efnahagsreiknings, þ.m.t. að lágmarki, upplýsingar um upphafsstöður og lokastöður þessara áhættuskuldbindinga, og verg fjárhæð allra þessara áhættuskuldbindinga sem aftur hafa fengið stöðuna ekki í vanskilum eða verið afskrifaðar,
- g) sundurliðun lána og skuldabréfa samkvæmt eftirstöðvatíma.

443. gr.

Birting upplýsinga um kvaðabundnar og kvaðalausar eignir

Stofnanir skulu birta upplýsingar um kvaðabundnar og kvaðalausar eignir sínar. Í þessu skyni skulu þær nota bókfært verð fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sundurliðað eftir gæðum eigna og heildarfjárhæð kvaðabundins og kvaðalauss bókfærðs verðs. Birting upplýsinga um kvaðabundnar og kvaðalausar eignir skal ekki sýna lausafjárþyrirgreiðslu í neyð sem veitt hefur verið af seðlabönkum.

444. gr.

Birting upplýsinga um notkun staðalaðferðarinnar

Lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 2. kafla, II. bóls í þriðja hluta skulu birta eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 112. gr.:

- a) nöfn tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjanna og útflutningslánastofnananna og ástæður breytinga á birtingartímabilinu,
- b) þá flokka áhættuskuldbindinga sem hvert utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki og útflutningslána-stofnun eru notaðar fyrir,
- c) lýsingu á ferlinu sem beitt er við yfirfærslu lánshæfismats útgefanda og útgáfu yfir á liði sem ekki eru í veltubókinni,
- d) tengsl ytra mats hvers tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eða útflutningslánastofnunar við áhættuvogir sem samsvara lánshæfisþrepunum sem tilgreind eru í 2. kafla, II. bóls í þriðja hluta, að teknu tilliti til þess að ekki þarf að birta þessar upplýsingar ef stofnanirnar fylgja stöðluðu tengslunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin birtir, og
- e) virði áhættuskuldbindinga og virði áhættuskuldbindinga eftir mildun útlánaáhættu í tengslum við hvert lánshæfisþrep sem tilgreint er í 2. kafla, II. bóls í þriðja hluta, eftir flokki áhættuskuldbindingar, sem og áhættuskuldbindingarvirðið sem dregið er frá eiginfjárgrunni.

445. gr.

Birting upplýsinga um markaðsáhættu

Stofnanir sem reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við b- og c-lið 3. mgr. 92 gr. skulu birta þær kröfur sérstaklega fyrir hverja áhættu sem um getur í þeim liðum. Auk þess skal birta sérstaklega kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sérstaka vaxtaáhættu verðbréfaðra staðna.

446. gr.

Birting upplýsinga um stýringu rekstraráhættu

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um stýringu rekstraráhættu sinnar:

- a) aðferðirnar við mat á kröfunum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu sem stofnunin uppfyllir,
- b) lýsingu á aðferðunum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 312. gr., ef stofnunin notar þær, þ.m.t. umfjöllun um viðkomandi innri og ytri þætti sem tekið er mið af í þróðu mæliaðferð stofnunarinnar,

- c) þegar um notkun að hluta er að ræða, umfang og gildissvið mismunandi aðferða sem notaðar eru.

447. gr.

Birting upplýsinga um lykilmælistikur

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um lykilmælistikur á töfluformi:

- a) samsetningu eiginfjárgrunns síns og kröfur vegna eiginfjárgrunns eins og þær eru reiknaðar í samræmi við 92. gr.,
- b) heildaráhættugrunn sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr.,
- c) fjárhæð og samsetningu hærri eiginfjárgrunns sem stofnanirnar þurfa að hafa yfir að ráða í samræmi við a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eftir atvikum,
- d) samanlögð krafa um eiginfjáruka sem stofnanirnar þurfa að hafa yfir að ráða í samræmi við 4. kafla VII. bóls í tilskipun 2013/36/ESB,
- e) vogunarhlutfall sitt og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem reiknuð er í samræmi við 429. gr.,
- f) eftirfarandi upplýsingar í tengslum við lausafjárþekjuhlutfall sitt eins og það er reiknað í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.:
 - i. meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af lausafjárþekjuhlutfalli sínu sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,
 - ii. meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af heildarlausafjäreignum, eftir að viðkomandi frádragi hefur verið beitt sem reiknast með í lausafjárforða samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,
 - iii. meðaltöl af útstreymi og innstreymi lauss fjár og hreint útstreymi lauss fjár eins og það er reiknað samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., og sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,
- g) eftirfarandi upplýsingar í tengslum við kröfuna um stöðuga fjármögnun eins og hún er reiknuð í samræmi við IV. kafla sjötta hluta:
 - i. hlutfall stöðugar hreinnar fjármögnunar í lok hvers ársfjórðungs á viðkomandi birtingartímabili,
 - ii. tiltæk stöðug fjármögnun í lok hvers ársfjórðungs á viðkomandi birtingartímabili,
 - iii. tilskilin stöðug fjármögnun í lok hvers ársfjórðungs á viðkomandi birtingartímabili,
- h) eiginfjárgrunn sinn og hlutföll hæfra skuldbindinga og þátta þeirra, teljara og nefnara, eins og þau eru reiknuð í samræmi við 92. gr. a og 92. gr. b og sundurliðuð fyrir hverja skilasmæðu, eftir atvikum.

448. gr.

Birting upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna vaxtaáhættu í stöðum utan veltubókar

1. Frá og með 28. júní 2021 skulu stofnanir birta eftirfarandi meginlegar og eiginlegar upplýsingar um áhættu sína vegna mögulegra breytinga á vöxtum sem hafa áhrif bæði á efnahagslegt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur þeirra af starfsemi í fjárfestingarbók sem um getur í 84. gr. og 5. mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB:

- a) breytingar á efnahagslegu virði eigin fjár sem reiknaðar eru samkvæmt þeim sex áfallasviðsmyndum í tengslum við eftirlit sem um getur í 5 mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB fyrir yfirstandandi og fyrri birtingartímabil,
- b) breytingar á hreinum vaxtatekjum sem reiknaðar eru samkvæmt þeim tveimur áfallasviðsmyndum í tengslum við eftirlit sem um getur í 5 mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB fyrir yfirstandandi og fyrri birtingartímabil,
- c) lýsingu á forsendum helstu líkana og stika, öðrum en þeim sem um getur í b- og c-lið 5. mgr. a í 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem notuð eru til að reikna breytingar á efnahagslegu virði eigin fjár og hreinum vaxtatekjum sem gerð er krafa um í a- og b-lið þessarar málsgreinar,
- d) útskýringu á mikilvægi áhættumats sem birt er skv. a- og b-lið þessarar málsgreinar og á öllum mikilvægum frávikum í þessu áhættumati frá viðmiðunardagsetningunni fyrir síðustu birtingu,

- e) lýsingu á því hvernig stofnanir skilgreina, meta, milda og hafa eftirlit með vaxtaáhættu viðskipta sinna í fjárfestingarbók með tilliti til eftirlits lögbærra yfirvalda í samræmi við 84. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, þ.m.t.,
 - i. lýsingu á sértæku áhættumati sem stofnunin notar til að meta breytingar á efnahagslegu virði eiginfjár síns og á hreinum vaxtatekjum,
 - ii. lýsingu á forsendum helstu líkana og stika sem notuð eru í innramatskerfum stofnunarinnar sem væru ólík þeim sameiginlegu forsendum líkana og stika sem um getur í 5. mgr. a 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB í þeim tilgangi að reikna breytingar á efnahagslegu virði eigin fjár og á hreinum vaxtatekjum, þ.m.t. rökstuðningur fyrir þessum mismun,
 - iii. lýsingu á áfallasviðsmyndum í tengslum við vexti sem stofnanir nota til að meta vaxtaáhættu,
 - iv. lýsingu á áhrifum áhættuvarna gegn þessari vaxtaáhættu, þ.m.t. innri áhættuvarnir sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 106. gr.,
 - v. yfirlit yfir hversu oft vaxtaáhættan er metin,
 - f) lýsingu á heildaráhættustýringu þessarar áhættu og áætlanir um mildun hennar,
 - g) meðalfrest og lengsta frest fyrir endurverðlagningu innlána með óákveðinn binditíma.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar gilda kröfurnar sem settar eru fram í c- lið og i. til iv. lið e-liðar 1. mgr. þessarar greinar ekki um stofnanir sem nota stöðluðu aðferðafræðina eða einfölduðu aðferðafræðina sem um getur í 1. mgr. 84. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

449. gr.

Birting upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna verðbréfaðra staðna

Stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 5. kafla II. bóls í þriðja hluta eða kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 337. eða 338. gr. skulu birta aðskilið eftirfarandi upplýsingar vegna starfsemi í veltubók og utan veltubókar:

- a) lýsingu á verðbréfunarstarfsemi og endurverðbréfunarstarfsemi, þ.m.t. áhættustýring þeirra og fjárfestingarmarkmið í tengslum við þessa starfsemi, hlutverk þeirra í verðbréfunarviðskiptum og endurverðbréfunarviðskiptum, hvort þær nota einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (e. *simple, transparent and standardised securitisation* (STS)) eins og skilgreint er í 10. lið 242. gr. og að hve miklu leyti þær nota verðbréfunarviðskipti við yfirfærslu á útlánaáhættu vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga til þriðja aðila ásamt, eftir atvikum, sérstakri lýsingu á stefnu þeirra að því er varðar yfirfærslu áhættu þegar um er að ræða gerviverðbréfun,
- b) tegund áhættu sem þær standa frammi fyrir í verðbréfunar- eða endurverðbréfunarstarfsemi sinni að því er varðar forgang viðkomandi verðbréfaðra staðna þar sem gerður er greinarmunur á STS-stöðum og stöðum sem eru ekki STS-stöður og:
 - i. áhættu sem haldið er eftir í viðskiptum sem þær sjálfar hafa hafið,
 - ii. áhættu vegna viðskipta sem þriðju aðilar hafa hafið,
- c) aðferðir við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem þær beita í verðbréfunarstarfsemi sinni, þ.m.t. þær tegundir verðbréfaðra staðna sem hver aðferð á við og þar sem gerður er greinarmunur á STS-stöðum og stöðum sem eru ekki STS-stöður,
- d) lista yfir sérstaka verðbréfunaraðila sem falla undir einhvern eftirtalinna flokka ásamt lýsingu á tegund áhættuskuldbindinga gagnvart þessum sérstöku verðbréfunaraðilum, þ.m.t. afleiðusamningar:
 - i. sérstaka verðbréfunaraðila sem afla sér áhættuskuldbindinga sem stofnanirnar eru upphafsáðilar að,
 - ii. sérstaka verðbréfunaraðila sem styrktir eru af stofnununum,
 - iii. sérstaka verðbréfunaraðila og aðra lögaðila sem stofnanir veita þjónustu í tengslum við verðbréfun, s.s. ráðgjafar-, eignastýringar- eða rekstrarþjónustu,
 - iv. sérstaka verðbréfunaraðila sem taldir eru með í eftirlitsbundnum samstæðureikningsskilum stofnananna,
- e) lista yfir alla lögaðila sem stofnanirnar hafa upplýst um að hafi veitt stuðning í samræmi við 5. kafla II. bóls í þriðja hluta,

- f) lista yfir lögaðila sem tengdir eru stofnununum og sem fjárfesta í verðbréfunum sem eiga uppruna sinn hjá stofnununum eða í verðbréfuðum stöðum sem gefnar eru út af sérstökum verðbréfunaraðilum sem styrktir eru af stofnununum,
- g) samantekt um reikningsskilaaðferðir þeirra vegna verðbréfunarviðskipta, þ.m.t. ef við á aðgreining á verðbréfuðum og endurverðbréfuðum stöðum,
- h) nöfn utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana sem notaðar eru vegna verðbréfunar og tegundir áhættuskuldbindinga sem hver stofnun er notuð fyrir,
- i) eftir atvikum, lýsingu á innramatsaðferðinni eins og hún er sett fram í 5. kafla II. bólkis í þriðja hluta, þ.m.t. uppbygging innra matsferlis og tengsl milli innra mats og utanaðkomandi mats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis sem birt er í samræmi við h-lið, eftirlitskerfi vegna innri matsferla að meðtalinni umfjöllun um óhæði, ábyrgð og endurskoðun á innri matsferlum, tegundir áhættuskuldbindinga sem innra mati er beitt á og álagspættir sem eru notaðir til að ákvarða að hvaða marki lánshæfi skal endurbætt,
- j) aðskilið fyrir veltubók og fjárfestingarbók, bókfært verð verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, þ.m.t. upplýsingar um hvort stofnanir hafi yfirfært verulega útlánaáhættu í samræmi við 244. og 245. gr. þar sem stofnanir koma fram sem upphafsaðili, bakhjarl eða fjárfestir, aðskilið fyrir hefðbundnar verðbréfanir og gerviverðbréfanir og fyrir STS-stöður og stöður sem eru ekki STS-stöður, sundurliðað eftir tegund verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,
- k) að því er varðar starfsemi í fjárfestingarbók, eftirfarandi upplýsingar um:
 - i. samanlagða fjárhæð verðbréfaðra staðna þegar stofnanir koma fram sem upphafsáðilar eða styrktaraðilar og tengdar áhættuvegnar eignir og eiginfjárkröfur samkvæmt eftirlitsbundinni nálgun, þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem dregnar eru frá eiginfjárgrunni eða hafa 1250% áhættuvog, sundurliðað eftir hefðbundinni verðbréfun og gerviverðbréfun og eftir verðbréfuðum og endurverðbréfuðum áhættuskuldbindingum, aðskilið fyrir STS-stöður og stöður sem eru ekki STS-stöður og sundurliðað enn frekar í markvissan fjölda flokka áhættuvoga eða eiginfjárfrafna, fyrir hverja aðferð sem notuð er við útreikning á eiginfjárkröfum,
 - ii. samanlagða fjárhæð verðbréfaðra staðna þegar stofnanir koma fram sem fjárfestar og tengdar áhættuvegnar eignir og eiginfjárkröfur samkvæmt eftirlitsbundinni nálgun, þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem dregnar eru frá eiginfjárgrunni eða hafa 1250% áhættuvog, sundurliðað eftir hefðbundinni verðbréfun og gerviverðbréfun, verðbréfuðum og endurverðbréfuðum stöðum, og STS-stöðum og stöðum sem eru ekki STS-stöður og sundurliðað enn frekar í markvissan fjölda flokka áhættuvoga eða eiginfjárfrafna, fyrir hverja aðferð sem notuð er við útreikning á eiginfjárkröfum,
- l) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stofnun hefur verðbréfað, fjárhæð áhættuskuldbindinga í vanskilum og fjárhæð sértækrar aðlögunar á útlánaáhættu sem stofnun hefur gert á yfirstandandi tímabili, í báðum tilvikum sundurliðað eftir tegund áhættuskuldbindinga.

449. gr. a

Birting upplýsinga um umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu (UFS-áhætta)

Frá 28. júní 2022 skulu stórar stofnanir sem hafa gefið út verðbréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði í aðildarríki, eins og skilgreint er í 21. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, birta upplýsingar um UFS-áhættu, þ.m.t. náttúrulega áhættu og umbreytingaráhættu, eins og hún er skilgreind í skýrslunni sem um getur í 8. mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu málsgrein skulu birtar á ársgrundvelli fyrir fyrsta árið og á tveggja ára fresti eftir það.

450. gr.

Birting upplýsinga um launakjarastefnu

1. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um launakjarastefnu og -venjur sínar vegna þeirra flokka starfsfólks sem við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið stofnananna:

- a) upplýsingar um ákvarðanatökufærlið sem fylgt er þegar launakjarastefnan er mótuð, ásamt fjölda funda sem aðalstofnunin sem hefur umsjón með launakjörum heldur á fjárhagsárinu, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um samsetningu og umboð launakjaranefndar, utanaðkomandi ráðgjafa sem veitt hefur þjónustu við mótun launakjarastefnunnar og hlutverk hlutaðeigandi hagsmunaaðila,
- b) upplýsingar um tengsl milli launa starfsfólks og árangurs þeirra,

- c) mikilvægustu einkenni á fyrirkomulagi launakjarakerfis, þ.m.t. upplýsingar um viðmiðanirnar sem notaðar eru við mat á frammistöðu og aðlögun á áhættu, stefnu varðandi frestun og forsendur ávinnslu,
- d) hlutföllin milli fastra og breytilegra launakjara sem sett eru í samræmi við g-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,
- e) upplýsingar um árangursviðmiðanir sem réttur til hlutabréfa, valréttar eða breytilegra þátta launakjara byggist á,
- f) helstu breytur og rökstuðningur fyrir breytilegu kerfi og annarri umbun sem ekki er í reiðufé,
- g) samanlagðar tölulegar upplýsingar um launakjör, sundurliðaðar eftir rekstrarsviði,
- h) samanlagðar tölulegar upplýsingar um launakjör, sundurliðaðar eftir framkvæmdastjórn og starfsfólki sem við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið stofnananna, þar sem eftirfarandi er tilgreint:
 - i. fjárhæðir launakjara sem veittar eru á viðkomandi fjárhagsári, skipt í fóst launakjör, þ.m.t. lýsing á fóstum þáttum, og breytileg launakjör, og fjölda viðtakenda,
 - ii. fjárhæðir og tegundir breytilegra launakjara, skipt í reiðufé, hlutabréf, hlutabréfatengda gerninga og aðrar tegundir sem skipt er í þann hluta sem fæst strax greiddur og þann hluta sem frestað er,
 - iii. fjárhæðir útstandandi frestaðra launakjara sem veittar eru á fyrri árangurstímabilum, skipt í þá fjárhæð sem fæst á fjárhagsárinu og þá fjárhæð sem fæst á næstu árum,
 - iv. fjárhæðir frestaðra launakjara sem fást á fjárhagsárinu sem eru greiddar út á fjárhagsárinu og sem eru lækkaðar í samræmi við mat á framvindu aðlögunar,
 - v. tryggð breytileg launakjör sem veitt eru á fjárhagsárinu, og fjöldi viðtakenda þeirra,
 - vi. fjárhæðir greiðslna vegna sammingsrofs sem veittar eru á fyrri tímabilum, sem hafa verið greiddar út á fjárhagsárinu,
 - vii. fjárhæðir greiðslna vegna sammingsrofs sem veittar eru á fjárhagsárinu, skipt í greiddar fjárhæðir og frestaðar fjárhæðir, fjöldi viðtakenda þessara greiðslna og hæsta greiðsla sem veitt hefur verið einum aðila,
- i) fjölda einstaklinga sem hafa fengið 1 milljón evra eða meira í laun á fjárhagsári, sundurliðað í 500 000 evra launabrep vegna launa á bilinu 1 milljón evra til 5 milljónir evra og sundurliðað í 1 milljónar evra launabrep vegna launa sem eru 5 milljónir evra og hærri,
- j) heildarlaunakjör hvers aðila í stjórninni eða framkvæmdastjórninni, fari viðkomandi aðildarríki eða lögbært yfirvald fram á það,
- k) upplýsingar um hvort stofnunin nýtur hagræðis af undanþágunni sem mælt er fyrir um í 3 mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Að því er varðar k-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu stofnanir sem njóta hagræðis af slíkri undanþágu tilgreina hvort þær njóta hagræðis af undanþágunni á grundvelli a- eða b-liðar 3 mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Þær skulu einnig tilgreina fyrir hvaða meginreglu um launakjör þær beita undanþágunni eða undanþágunum, fjölda starfsmanna sem njóta góðs af undanþágunni eða undanþágunum og heildarlaunakjör þeirra, skipt niður í fóst launakjör og breytileg launakjör.

2. Að því er varðar stórar stofnanir skulu meginlegu upplýsingarnar um launakjör sameiginlegrar stjórnar stofnananna sem um getur í þessari grein einnig gerðar aðgengilegar almenningi og greinarmunur gerður á stjórnendum og þeim sem eru það ekki.

Stofnanir skulu fara að kröfunum sem settar eru fram í þessari grein með hætti sem á við um stærð þeirra, innra skipulag og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er og án þess að hafa áhrif á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (*).

451. gr.

Birting upplýsinga um vogunarhlutfallið

1. Stofnanir sem falla undir sjöunda hluta skulu birta eftirfarandi upplýsingar um vogunarhlutfall sitt eins og það er reiknað í samræmi við 429. gr. og stýringu þeirra á hættunni á of mikilli vogun:

- a) vogunarhlutfallið og hvernig stofnanirnar beita 2. mgr. 499. gr.,
- b) sundurliðun á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í 4. mgr. 429. gr., ásamt samrýmingu þeirrar stærðar við viðeigandi upplýsingagjöf í birtum reikningsskilum,

- c) eftir atvikum, fjárhæð áhættuskuldbindinganna sem reiknuð er í samræmi við 8. mgr. 429. gr. og 1. mgr. 429. gr. a og aðlagða vogunarhlutfallið sem reiknað er í samræmi við 7. mgr. 429. gr. a,
 - d) lýsingu á ferlunum sem notaðir eru til að stýra hættunni á of mikilli vogun,
 - e) lýsingu á þáttunum sem höfðu áhrif á vogunarhlutfallið á tímabilinu sem vogunarhlutfallið, sem upplýsingar hafa verið birtar um, vísar til.
2. Opinberar þróunarlánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 429. gr. a skulu birta vogunarhlutfallið án aðlögunarinnar á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem ákvörðuð er í samræmi við d-lið fyrstu undirgreinar 429. gr. a.
3. Til viðbótar við a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu stórar stofnanir birta vogunarhlutfallið og sundurliðunina á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í 4. mgr. 429. gr. á grundvelli meðaltala sem reiknuð eru í samræmi við framkvæmdargerðina sem um getur í 430. gr.

451. gr. a

Birting upplýsinga um lausafjárkröfur

1. Stofnanir sem falla undir sjöunda hluta skulu birta upplýsingar um lausafjárþekjuhluftfall sitt, hlutfall stöðugrar fjármögnunar og stýringu á lausafjárahættu í samræmi við þessa grein.
2. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar í tengslum við lausafjárþekjuhluftfall sitt eins og það er reiknað í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.:
 - a) meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af lausafjárþekjuhluftfalli sínu sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,
 - b) meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af heildarlausafjäreignum, eftir að viðkomandi frádragi hefur verið beitt sem reiknast með í lausafjárforða samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr, sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils og lýsingu á samsetningu þessa varaforða lauss fjár,
 - c) meðaltöl af útstreymi og innstreymi lauss fjár og hreint útstreymi lauss fjár eins og það er reiknað samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr, og sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils og lýsingu á samsetningu þess.
3. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar í tengslum við hlutfall stöðugrar fjármögnunar eins og það er reiknað í samræmi við IV. kafla sjötta hluta:
 - a) tölur um hlutfall stöðugrar fjármögnunar í ársfjórðungslok reiknað í samræmi við 2. kafla IV. bálks í sjötta hluta fyrir hvern ársfjórðung á viðeigandi birtingartímabili.
 - b) yfirlit yfir fjárhæð tiltækar stöðugrar fjármögnunar sem er reiknuð í samræmi við 3. kafla IV. bálks í sjötta hluta,
 - c) yfirlit yfir fjárhæð tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar sem er reiknuð í samræmi við 4. kafla IV. bálks í sjötta hluta.
4. Stofnanir skulu birta upplýsingar um ráðstafanir, kerfi, verkferla og áætlanir sem komið er á fót til að greina, meta, stýra og hafa eftirlit með lausafjárahættu sinni í samræmi við 86. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

III. BÁLKUR

SKILYRÐI FYRIR NOTKUN TILTEKINNA GERNINGA EÐA AÐFERÐAFRÆÐI

452. gr.

Birting upplýsinga um notkun innramatsaðferðarinnar vegna útlánaáhættu

Stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni vegna útlánaáhættu skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) leyfi lögbærra yfirvalda á aðferðinni eða samþykktri umbreytingu,
- b) að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 147. gr., hundraðshlutfall heildar-áhættuskuldbindingarvirðis hvers flokks áhættuskuldbindinga sem fellur undir staðalaðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. bálks í þriðja hluta, eða innramatsaðferðina, sem mælt er fyrir um í 3. kafla II. bálks í þriðja hluta, ásamt þeim hluta hvers áhættuskuldbindingaflokks sem fellur undir framkvæmdaáætlun; hafi stofnanir fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðla fyrir útreikninginn á fjárhæðum áhættuveginna skuldbindingar skulu þær birta sérstak-

lega hundraðshlutfall heildaráhættuskuldbindingarvirðis hvers flokks áhættuskuldbindingar sem fellur undir það leyfi,

- c) eftirlitskerfin vegna matskerfa á mismunandi stigum líkansþróunar, eftirlits og breytinga sem skulu innihalda upplýsingar um:
 - i. tengslin milli deildar áhættustýringar og deildar innri endurskoðunar,
 - ii. yfirlitið yfir matskerfi,
 - iii. aðferðina við að tryggja að deildin sem annast endurskoðunina á líkönunum sé óháð deildunum sem bera ábyrgð á þróun líkananna,
 - iv. verklagsregluna sem tryggir ábyrgðarskyldu deildanna sem annast þróun og endurskoðun á líkönunum,
- d) hlutverk deildanna sem koma að þróun, samþykki og síðari breytingum á líkönunum til að reikna útlánaáhættu,
- e) umfang og meginefni skýrslugjafar sem tengist líkönunum til að reikna útlánaáhættu,
- f) lýsingu á innra matsferlinu eftir flokki áhættuskuldbindinga, þ.m.t. fjöldi helstu líkana sem notuð eru fyrir hvert eignasafn og stutt umfjöllun um helsta muninn á líkönunum innan sama eigna safns, sem nær yfir:
 - i. skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna sannprófunar á líkum á vanskilum sem skulu innihalda upplýsingar um hvernig líkur á vanskilum eru metnar fyrir eignasafn með lága vanskilaáhættu, hvort fyrir hendi séu eftirlitsbundin neðri mörk og þættir sem útskýra þann mun sem komið hefur í ljós að því er varðar líkur á vanskilum og raunverulegum vanskilahlutföllum á a.m.k. þremur síðustu tímabilum,
 - ii. eftir atvikum, skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna mats á og sannprófunar á tapi að gefnum vanefndum, s.s. aðferðir til að reikna efnahagssamdrátt, hvernig tap að gefnum vanefndum er metið fyrir eignasafn með lága vanskilaáhættu og tímenn sem líður frá vanefndum fram að lúkningu áhættuskuldbindingarinnar,
 - iii. eftir atvikum, skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna mats á og sannprófunar á breytistuðlum, þ.m.t. forsendur sem notaðar eru til að leiða út þessar breytur,
- g) eftir því sem við á, eftirfarandi upplýsingar að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 147. gr.:
 - i. heildaráhættuskuldbindingar sínar í efnahagsreikningi,
 - ii. virði áhættuskuldbindinga sinna utan efnahagsreiknings áður en þær beita viðeigandi breytistuðli,
 - iii. áhættuskuldbindingar sínar eftir að hafa beitt viðeigandi breytistuðli og mildun útlánaáhættu,
 - iv. hvers konar líkan, breytu eða ílag sem skiptir máli til að skilja áhættuvogina og fjárhæðir áhættuskuldbindinga sem af því leiðir og birtar eru fyrir nægilega mörg þrep loforðsgjafa (þ.m.t. vanskil) til að hægt sé að aðgreina útlánaáhættu á markvissan hátt,
 - v. aðskilið fyrir þessa flokka áhættuskuldbindinga að því er varðar lánastofnanir sem hafa fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðla vegna útreiknings á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stofnanir nota ekki slíkt mat fyrir, virðið sem um getur í i. til iv. lið sem háð er þessu leyfi,
- h) samanburð á mati stofnana á líkum á vanskilum og raunverulegu vanskilahlutfalli fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga á lengra tímabili, ásamt aðskilinni birtingu á bili líknanna á vanskilum, samsvorandi ytra mat, vegið meðaltal og meðalgildi líkna á vanefndum, fjölda loforðsgjafa í lok undangengins árs og uppgjörsárs, fjölda loforðsgjafa í vanskilum, þ.m.t. nýir loforðsgjafar í vanskilum og ársmeðaltal fyrra vanskilahlutfalls.

Að því er varðar b-lið þessarar greinar skulu stofnanir nota áhættuskuldbindingarvirðið eins og það er skilgreint í 166. gr.

453. gr.

Birting upplýsinga um notkun aðferða til mildunar útlánaáhættu

Stofnanir sem beita aðferðum til mildunar útlánaáhættu skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) helstu einkenni stefna og ferla fyrir skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings og vísbendingu um að hvaða marki stofnanir beita skuldajöfnun í efnahagsreikningi,

- b) helstu einkenni stefna og ferla fyrir mat og stýringu á hæfum tryggingum,
- c) lýsingu á helstu tegundum trygginga sem stofnunin tekur við til að milda útlánaáhættu,
- d) að því er varðar tryggingar og útlánaafleiður, helstu tegundir ábyrgðaraðila og mótaðila lánaafleiðna og lánshæfi þeirra sem notaðar eru til að draga úr eiginfjákröfum, að frátöldum þeim sem notaðar eru sem hluti af gerviverðbréfunarfyrirkomulagi,
- e) upplýsingar um samþjöppun markaðs- eða útlánaáhættu innan þeirrar mildunar á útlánaáhættu sem gripið er til,
- f) að því er varðar stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni eða innramatsaðferðinni, heildarvirði áhættuskuldbindinga sem ekki er með neinni hæfri útlánavörn og heildaráhættuvirði með hæfri útlánavörn eftir beitingu jöfnunar flökts; upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessum lið skulu veittar aðskilið fyrir lán og skuldabréf og innihalda sundurliðun áhættuskuldbindinga í vanskilum,
- g) samsvarandi breytistuðul og mildun útlánaáhættu sem tengist áhættuskuldbindingunni og aðferðirnar til mildunar útlánaáhættu með og án staðgönguáhrifa,
- h) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni, virði áhættuskuldbindinga innan og utan efnahagsreiknings eftir áhættuskuldbindingarflokki fyrir og eftir beitingu breytistuðla og hvers konar tengd mildun útlánaáhættu,
- i) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni, fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga og hlutfallið milli fjárhæðar þeirrar áhættuvegnu áhættuskuldbindingar og virðis áhættuskuldbindingarinnar eftir beitingu á samsvarandi breytistuðli og mildun útlánaáhættu sem tengist áhættuskuldbindingunni; upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessum lið skulu birtar aðskilið fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga,
- j) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni, fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir og eftir viðurkenningu á áhrifunum af mildun útlánaáhættu á skuldaafleiður; ef lánstofnanir hafa fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðla vegna útreiknings á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skulu þær birta upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessum lið aðskilið fyrir þá flokka áhættuskuldbindinga sem falla undir það leyfi.

454. gr.

Birting upplýsinga um notkun þróuðu mæliaðferðarinnar vegna rekstraráhættu

Stofnanir sem nota þróuðu mæliaðferðirnar sem eru settar fram í 321. til 324. gr. við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu skulu birta lýsingu á notkun trygginga og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu í því skyni að draga úr þessari áhættu.

455. gr.

Notkun á líkönunum fyrir innrimarkaðsáhættu

Stofnanir sem reikna úr fjármagnsþörf sína í samræmi við 363. gr. skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) fyrir hvert undirsafn:
 - i. einkenni líkananna sem notuð eru,
 - ii. eftir atvikum, vegna eigin líkana fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir fylgniviðskipti, þær aðferðir sem notaðar eru og þær áhættur sem mældar eru með eigin líkani, þ.m.t. lýsing á aðferð stofnunarinnar við að ákvarða seljanleikatímabil (e. liquidity horizons), aðferðir sem notaðar eru til að ná fram mati á eigin fé sem er í samræmi við kröfur um fjárhagslegt heilbrigði og aðferðir við sannprófun líkansins,
 - iii. lýsingu á álagsprófunum sem beitt er á undirsafnið,
 - iv. lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru við prófanir aftur í tímann og sannprófun á nákvæmni og samkvæmni eigin líkana og ferla við gerð líkananna,
- b) gildissvið leyfis lögbærra yfirvalda,
- c) lýsingu á því að hvaða marki og með hvaða aðferðum farið er að kröfunum sem settar eru fram í 104. og 105. gr.,
- d) hæsta, lægsta og meðaltal eftirfarandi:
 - i. daglegs mats á vágildi á skýrslutímabilinu og við lok skýrslutímabilsins,

- ii. daglegs mats á vágildi við erfiðar aðstæður á skýrslutímabilinu og við lok skýrslutímabilsins,
- iii. áhættutölum fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir sértæka áhættu fylgniviðskiptasafns á skýrslutímabilinu og eins og þær eru við lok skýrslutímabilsins,
- e) þættina í kröfunni vegna eiginfjárgrunns eins og tilgreint er í 364. gr.,
- f) vegið meðaltal seljanleikatímabils fyrir hvert undirsafn sem eigin líkön fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir fylgniviðskipti ná yfir,
- g) samanburð daglegra mælinga vágildis í dagslok við eins dags breytingar á verðgildi verðbréfasafnsins við lok næsta viðskiptadags ásamt greiningu mikilvægra yfirskota á skýrslutímabilinu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndar-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).“

120) Eftirfarandi liður bætist við 456. gr.:

„k) breytingar á kröfum um birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í II. og III. bálki í áttunda hluta til að taka mið af þróun eða breytingum á alþjóðlegum stöðlum um birtingu upplýsinga.“

121) Í stað i-liðar 457. gr. kemur eftirfarandi:

„i) annar hluti og 430. gr., einungis í kjölfar þróunar í reikningsskilastöðlum eða -kröfum sem taka mið af löggjöf Sambandsins.“

122) Ákvæðum 458. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2 Ef yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar greinir breytingar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu í fjármálakerfinu sem gætu hugsanlega haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið í ákveðnu aðildarríki og sem það yfirvald telur að ekki sé hægt að taka á með öðrum þjóðhagsvarúðartækjum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í tilskipun 2013/36/ESB á eins skilvirkan hátt og með því að framkvæma strangari landsbundnar ráðstafanir skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og evrópska kerfisáhætturáðinu um það. Evrópska kerfisáhætturáðið skal framsenda tilkynninguna án tafar til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.“

Tilkynningunni skulu fylgja eftirfarandi skjöl og innihalda, eftir því sem við á, viðeigandi eigindleg og meginleg sönnunargögn um:

- a) breytingar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu,
- b) ástæður þess að slíkar breytingar gætu verið ógn við fjárhagslegan stöðugleika á landsvísu eða raunhagkerfið,
- c) útskýringu á því hvers vegna yfirvöld telja að þjóðhagsvarúðartækin sem um getur í 124. og 164. gr. þessarar reglugerðar og 133. og 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB væru síður viðeigandi og skilvirk til að takast á við þessa áhættu heldur en drögin að landsbundnu ráðstöfunum sem um getur í d-lið þessarar málsgreinar,
- d) drögin að landsráðstöfunum fyrir stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi, eða hlutmengi þessara stofnana, sem ætlað er að takmarka breytingar á styrkleika áhættu og varðandi:
 - i. stærð eiginfjárgrunns sem mælt er fyrir um í 92. gr.,
 - ii. kröfurnar vegna stórra áhættuskuldbindinga sem mælt er fyrir um í 392. gr. og 395. til 403. gr.,
 - iii. kröfur varðandi lausafjárstöðu sem mælt er fyrir um í sjötta hluta,
 - iv. áhættuvogir til að nota á eignabólur í íbúðarhúsnæði- og atvinnuhúsnæðisgeiranum,
 - v. kröfur um opinbera birtingu sem mælt er fyrir um í áttunda hluta,
 - vi. stærð verndunarauka sem mælt er fyrir um í 129. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eða
 - vii. áhættuskuldbindingar innan fjármálageirans,
- e) útskýringu á því hvers vegna drögin að ráðstöfunum sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr., telur að séu viðeigandi, skilvirk og í réttu hlutfalli til að takast á við ástandið, og

- f) mat á líklegum jákvæðum eða neikvæðum áhrifum draganna að ráðstöfunum á innri markaðinn sem byggist á upplýsingum sem eru aðgengilegar hlutaðeigandi aðildarríki.

b) Í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„4 Ráðinu er veitt heimild, með auknum meirihluta atkvæða, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, til að samþykkja framkvæmdargerð til að hafna drögum að landsráðstöfununum sem um getur í d-lið 2. mgr.

Evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. veita ráðinu, framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt á þeim atriðum sem um getur í a- til f-lið þeirrar málsgreinar.

Að teknu fullu tilliti til þess álits sem um getur í annarri undirgrein og liggi til þess sterk og nákvæm rök að ráðstafanirnar hafi neikvæð áhrif á innri markaðinn sem vegi þyngra en ávinningurinn af fjármálastöðugleika, sem leiðir til þess að minni þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta greinist, má framkvæmdastjórnin innan eins mánaðar leggja til við ráðið framkvæmdargerð til að hafna drögnum að landsráðstöfunum.

Komi tillaga framkvæmdastjórnarinnar ekki fram innan þess eins mánaðar tímabils má hlutaðeigandi aðildarríki strax samþykkja drögin að landsráðstöfunum til allt að tveggja ára tímabils eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrir.

Ráðið skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdastjórnarinnar innan eins mánaðar frá móttöku hennar og færa rök fyrir því að það hafnar eða hafnar ekki drögnum að landsráðstöfununum.

Ráðið skal einungis hafna drögnum að landsráðstöfununum ef það telur að eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða séu ekki uppfyllt:

- a) breytingarnar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu eru með þeim hætti að þær ógna fjármálastöðugleika á landsvísu,
- b) þjóðhagsvarúðartækin sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB eru ekki jafn viðeigandi eða skilvirk og drögin að landsráðstöfununum til að takast á við þá þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem greinst hefur,
- c) drögin að landsráðstöfununum hafa ekki í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild, sem mynda þannig eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins, og
- d) málefnið varðar einungis eitt aðildarríki.

Mat ráðsins skal taka tillit til álits evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og byggjast á sönnunargögnum sem lögð eru fram í samræmi við 2. mgr. af hálfu yfirvaldsins sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr.

Komi framkvæmdargerð ráðsins um að hafna drögnum að landsráðstöfununum ekki fram innan eins mánaðar frá því að framkvæmdastjórnin tekur við tillögunni má hlutaðeigandi aðildarríki samþykkja ráðstafanir til að beita þeim á tímabili sem varir allt að tvö ár eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrir.

5. Önnur aðildarríki mega viðurkenna ráðstafanirnar sem samþykktar eru í samræmi við þessa grein og beita þeim á stofnanir sem hafa útibú með landsbundið starfsleyfi og staðsett eru í aðildarríki sem hefur heimild til að beita ráðstöfununum.“

c) Í stað 9. og 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Áður en heimildin sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. rennur út skal viðkomandi aðildarríki, í samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurmeta ástandið og má samþykkja, í samræmi við aðferðina sem um getur í 4. mgr., nýja ákvörðun um framlengingu gildistímabils landsráðstafananna í allt að tvö ár til viðbótar í hvert skipti. Eftir fyrstu framlenginguna skal framkvæmdastjórnin, í samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurmeta ástandið a.m.k. á tveggja ára fresti þar á eftir.

10. Þrátt fyrir aðferðina sem sett er fram í 3. til 9. mgr. skal aðildarríkjum heimilt að auka áhættuvogirnar umfram það sem kveðið er á um í þessari reglugerð um allt að 25% að því er varðar þær áhættuskuldbindingar sem fjallað er um í iv. og vii. lið d-liðar 2. mgr. þessarar greinar og lækka mörkin fyrir stórar áhættuskuldbindingar sem kveðið er á um í 395. gr. um allt að 15% í allt að tvö ár eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrir, að því tilskildu að skilyrðin og tilkynningarskyldan sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt.“

123) Ákvæðum 460. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. til að tilgreina nánar almennu kröfuna sem sett er fram í 1. mgr. 412. gr. Framseldu gerðirnar sem samþykktar eru í samræmi við þessa málsgrein skulu byggðar á þeim liðum sem skýrsla er gefin um í samræmi við II. bálk sjötta hluta og III. viðauka og tilgreina nánar við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld verða að setja lánastofnunum ákveðin mörk varðandi inn- og útstreymi til að greina sértækar áhættur sem þær eru berskjaldaðar fyrir og virða viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir sem tilgreina nánar kröfurnar um laust fé að því er varðar beitingu 8. gr. (3. mgr.), 411. til 416. gr., 419. gr., 422. gr., 425. gr., 428. gr. a, 428. gr. f, 428. gr. g, 428. gr. j til 428. gr. n, 428. gr. p, 428. gr. r, 428. gr. s, 428. gr. w, 428. gr. ae, 428. gr. ag, 428. gr. ah, 428. gr. ak og 451. gr. a.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. um breytingu á listanum yfir afurðir eða þjónustu sem kveðið er á um í 2. mgr. 428. gr. f ef hún telur að eignir og skuldbindingar sem tengjast beint öðrum afurðum eða þjónustu uppfylli skilyrðin sem um getur í 1. mgr. 428. gr. f.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldu gerðina sem um getur í fyrstu undirgrein eigi síðar en 28. júní 2024.“

124) Eftirfarandi grein bætist við:

„461. gr. a

Óhefðbundin staðalaðferð að því er varðar markaðsáhættu

Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem sett er fram í 1. mgr. 430. gr. b er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. til að breyta þessari reglugerð með því að gera tæknilegar aðlaganir á 325. gr. e, 325. gr. g til 325. gr. j, 325. gr. p, 325. gr. q, 325. gr. ae, 325. gr. ai, 325. gr. ak, 325. gr. am, 325. gr. ap til 325. gr. at, 325. gr. av og 325. gr. ax og tilgreina áhættuvægi 11. undirflokks í töflu 4 í 325. gr. ah og áhættuvogir sértryggðra skuldabréfa sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum í samræmi við 325. gr. ah og samsvörun sértryggðra skuldabréfa sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum í samræmi við 325. gr. aj í tengslum við óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í 1. kafla a IV. bálks í þriðja hluta að teknu tilliti til þróunar á alþjóðlegum eftirlitsstöðlum.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. eigi síðar en 31. desember 2019.“

125) Í stað 462. gr. kemur eftirfarandi:

„462. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 244. gr. (6. mgr.), 245. gr. (6. mgr.) í 456. gr., 457. gr., 459. gr., 460. gr. og í 461. gr. a til óákveðins tíma frá 28. júní 2013.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla það framsal valds sem um getur í 244. gr. (6. mgr.), 245. gr. (6. mgr.) í 456. gr., 457. gr., 459. gr., 460. gr. og í 461. gr. a. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 244. gr. (6. mgr.), 245. gr. (6. mgr.), 456. gr., 457. gr., 459. gr., 460. gr. og 461. gr. a skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

126) Í stað 1. mgr. 471. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 1. mgr. 49. gr. geta lögbær yfirvöld, á tímabilinu frá 31. desember 2018 til 31. desember 2024, kosið að draga ekki frá hlutdeild í eigin fé í váttryggingafélögum, endurtryggingafélögum og eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- og e-lið 1. mgr. 49. gr.,
- b) lögbær yfirvöld telja áhættustjórnun og aðferðir við fjármálagreiningu sem stofnunin samþykkir sérstaklega til að hafa eftirlit með fjárfestingu í fyrirtækinu eða eignarhaldsfélagi, viðunandi,
- c) hlutdeild í eigin fé sem stofnunin á í váttryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða eignarhaldsfélagi á váttryggingasviði er ekki meiri en 15% af almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem sá váttryggingaraðili gefur út 31. desember 2012 og á tímabilinu frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2024,
- d) fjárhæð hlutdeildar í eigin fé sem ekki er dregið frá er ekki hærri en fjárhæðin í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 í váttryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða eignarhaldsfélagi á váttryggingasviði eins og hún er 31. desember 2012.“

127) Ákvæðum 493. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði þau um stórar áhættuskuldbindingar sem mælt er fyrir um í 387. til 403. gr. skulu ekki gilda um fjárfestingarfyrirtæki sem hafa eingöngu að aðalstarfsemi að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. 10. og 11. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/EB og sem tilskipun ráðsins 2004/39/EBE (*) gildi ekki um 31. desember 2006.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).“

b) Í stað c-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) áhættuskuldbindingar, þ.m.t. hlutdeild eða annars konar eignarhald, sem stofnun stofnar til gagnvart móðurfélagi sínu, öðrum dótturfélögum þess móðurfélags eða eigin dótturfélögum, og virkir eignarhlutar, að því tilskildu að þessi félög séu undir því eftirliti á samstæðugrunni sem haft er með lánastofnuninni sjálfri, í samræmi við þessa reglugerð, tilskipun 2002/87/EB eða sambærilegar, gildandi reglur í þriðja landi; farið skal með þær tegundir áhættuskuldbindinga, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 395. gr. þessarar reglugerðar eða ekki, sem áhættuskuldbindingar gagnvart þriðja aðila.“

128) Í stað 494. gr. kemur eftirfarandi:

„494. gr.

Umbreytingarákvæði að því er varðar kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Þrátt fyrir 92. gr. a skulu stofnanir sem tilgreindar eru sem skilaeiningar sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, frá 27. júní 2019 til 31. desember 2021, ávallt uppfylla eftirfarandi kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar:

- a) 16% áhættutengda hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sem gefið er upp sem hundraðshluti fjárhæðar heildaráhættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr.,
- b) 6% hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sem ekki er áhættutengt gefið upp sem hundraðshluti heildarmælistærðar áhættuskuldbindingar sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr. 429. gr.

2. Frá 27. júní 2019 til 31. desember 2021 skal, þrátt fyrir 3. mgr. 72. gr. b., markið, sem fella má hæfa skuldbindingargerninga sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b undir liði hæfra skuldbindinga, vera 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr.

3. Þrátt fyrir 3. mgr. 72. gr. b skulu skuldbindingar, þar til skilastjórnvald metur í fyrsta sinn hlítinu við skilyrðið sem um getur í c-lið þeirrar málsgreinar, teljast vera hæfir skuldbindingargerningar allt að samanlagðri fjárhæð sem til 31. desember 2021 fer ekki yfir 2,5% og eftir þá dagsetningu 3,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr. að því tilskildu að þær uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í a- og b-lið 3. mgr. 72. gr. b.“

129) Eftirfarandi greinar bætast við:

„494. gr. a

Beiting eldri reglna um útgáfur á vegum sérstakra verðbréfunaraðila

1. Þrátt fyrir 52. gr. skulu fjármagnsgerningar sem ekki eru gefnir milliliðalaust út af stofnun teljast vera viðbótareiginfjárgerningur þáttar 1 til 31. desember 2021 en því aðeins ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- skilyrðin sem um getur í 1. mgr. 52. gr., nema að því er varðar skilyrðið um að gerningarnir séu gefnir út af stofnuninni milliliðalaust,
- gerningarnir eru gefnir út á vegum aðila innan samstæðureikningsins skv. 2. kafla II. bóka í fyrsta hluta,
- ágóðinn er þegar í stað til taks fyrir stofnunina, án takmarkana og á formi sem fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

2. Þrátt fyrir 63. gr. skulu fjármagnsgerningar sem ekki eru gefnir út af stofnun milliliðalaust teljast vera hæfir sem gerningar undir þætti 2 til 31. desember en aðeins ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- skilyrðin sem um getur í 63. gr., nema að því er varðar skilyrðið um að gerningarnir séu gefnir út af stofnuninni milliliðalaust,
- gerningarnir eru gefnir út á vegum aðila innan samstæðureikningsins skv. 2. kafla II. bóka í fyrsta hluta,
- ágóðinn er þegar í stað til taks fyrir stofnunina, án takmarkana og á formi sem fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

494. gr. b

Beiting eldri reglna um eiginfjárgrunn og hæfa skuldbindingargerninga

1. Þrátt fyrir 51. og 52. gr. skulu gerningar sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019 teljast vera hæfir sem viðbótareiginfjárgerningur þáttar 1 til 28. júní 2025 í síðasta lagi ef þeir uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 51. og 52. gr., nema að því er varðar skilyrðin sem um getur í p-, q- og r-lið 1. mgr. 52. gr.

2. Þrátt fyrir 62. og 52. gr. skulu gerningar sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019 teljast vera hæfir sem gerningar undir þætti 2 til 28. júní 2025 í síðasta lagi ef þeir uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 62. og 52. gr., nema að því er varðar skilyrðin sem um getur í n-, o- og p-lið 1. mgr. 52. gr.

3. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 72. gr. a skulu skuldbindingar sem gefnar eru út fyrir 27. júní 2019 teljast geta verið hæfir skuldbindingagerningar ef þær uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 72. gr. b, nema að því er varðar skilyrðin sem um getur í b-lið ii. liðar og f- til m-lið 2. mgr. 72. gr. b.“

130) Í stað 497. gr. kemur eftirfarandi:

„497. gr.

Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila

1. Ef miðlægur mótaðili þriðja lands sækir um viðurkenningu í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 mega stofnanir líta á þann miðlæga mótaðila sem fullgildan miðlægan mótaðila frá þeim degi sem hann lagði fram umsókn sína um viðurkenningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og fram að einhverri eftirfarandi dagsetninga:

- ef framkvæmdastjórnin hefur þá þegar samþykkt framkvæmdargerð sem um getur í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar þriðja landið þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu og framkvæmdargerðin hefur öðlast gildi, þar til tveimur árum eftir framlagningu umsóknarinnar,

- b) ef framkvæmdastjórnin hefur ekki þá þegar samþykkt framkvæmdargerð sem um getur í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar þriðja landið þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu eða ef framkvæmdargerðin hefur ekki enn öðlast gildi, eftir því hvor dagsetningin er á undan:
- þar til tveimur árum eftir gildistöku dag þessarar reglugerðar,
 - að því er varðar miðlæga mótaðila sem lögðu fram umsóknina eftir 27. júní 2019, þar til tveimur árum eftir dagsetningu á framlagningu umsóknarinnar,
 - að því er varðar þá miðlægu mótaðila sem lögðu fram umsóknina fyrir 27. júní 2019, þar til 28. júní 2021.

2. Ef miðlægur mótaðili sem um getur í þessari málsgrein á ekki vanskilasjóð og hefur ekki gert bindandi samkomulag við stöðustofnunaraðila sína sem gerir honum kleift að nota allar eða hluta upphafstrygginga frá stöðustofnunaraðilum sínum eins og þær væru forfjármagnað framlag skal stofnunin, þar til fresturinn sem um getur í 1 mgr. þessarar greinar rennur út, skipta formúlunni til útreiknings á kröfunni vegna eiginfjárgrunns í 2. mgr. 308. gr. út fyrir eftirfarandi formúlu:

$$K_{CM_i} = \max \left\{ K_{CCP} \cdot \frac{IM_i}{DF_{CCP} + IM} ; 8\% \cdot 2\% \cdot IM_i \right\}$$

þar sem:

- K_{CM_i} = krafan vegna viðbótareiginfjárgrunns,
- K_{CCP} = áætlað fjármagn fullgilds miðlægs mótaðila sem hann tilkynnir stofnuninni í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012,
- DF_{CCP} = forfjármagnað fjármagn miðlægs mótaðila sem hann tilkynnir stofnuninni í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012,
- i = stuðullinn sem auðkennir stöðustofnunaraðilann,
- IM_i = upphafstryggingin sem uppgjörsaðili i tilkynnir miðlægum mótaðila,
- IM = heildarfjárhæð upphafstryggingar sem miðlægur mótaðili tilkynnir stofnuninni í samræmi við 5. lið a í 89. gr. reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

3. Í undantekningartilvikum, þegar þörf krefur og meðalhófs er gætt má framkvæmdastjórnin, til að koma í veg fyrir röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, samþykkja með framkvæmdargerðum og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr. ákvörðun um að framlengja einu sinni um 12 mánuði umbreytingarákvæðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar.“

131) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 498. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ákvæðin um kröfur vegna eiginfjárgrunns sem sett eru fram í þessari reglugerð skulu ekki gilda um verðbréfafyrirtæki sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. 10. og 11. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og sem tilskipun 2004/39/EB gildi ekki um 31. desember 2006.“

132) Ákvæði 3. mgr. 499. gr. falla brott.

133) Í stað 500. og 501. gr. kemur eftirfarandi:

„500. gr.

Aðlögun vegna sölu í miklu magni

1. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 181. gr. má stofnun laga tap sitt að gefnum vanefndum með því að jafna að hluta eða til fulls áhrifunum af sölu á miklu magni vanefndra áhættuskuldbindinga móti endanlegu tapi að gefnum vanefndum sem nemur allt að mismuninum á meðaltali áætlaðs taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilegar vanefndar áhættuskuldbindingar sem hafa ekki verið innleystar til fulls og meðaltali endanlegs taps að gefnum vanefndum, þ.m.t. á grundvelli taps sem hefur orðið vegna sölu í miklu magni, um leið og öll eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- stofnunin hefur tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um áætlun þar sem fram kemur stærð, samsetning og dagsetning sölu vanefndra áhættuskuldbindinga,
- dagsetningarnar fyrir vanefndar áhættuskuldbindingar eru eftir 23. nóvember 2016 en ekki síðar en 28. júní 2022,

- c) samanlögð fjárhæð vanefndra áhættuskuldbindinga sem seldar eru frá dagsetningu fyrstu sölu í samræmi við áætlunina sem um getur í a-lið hafa farið yfir 20% af útstandandi fjárhæð allra vanefndra áhættuskuldbindinga frá degi fyrstu sölnnar sem um getur í a- og b-lið.

Aðlögunin sem um getur í fyrstu undirgrein má aðeins hafa verið framkvæmd til 28. júní 2022 og áhrif hennar mega vara eins lengi og samsvarandi áhættuskuldbindingar eru felldar inn í eigið mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum.

2. Stofnanir skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu án tafar um það þegar skilyrðið sem um getur í c-lið 1. mgr. hefur verið uppfyllt.

501. gr.

Aðlögun áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem ekki eru í vanskilum gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum

1. Stofnanir skulu aðlaga fjárhæðir áhættuveginna skuldbindinga (e. *risk-weighted exposure amounts* (RWEA)) sinna vegna áhættuskuldbindinga sem ekki eru í vanskilum gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eru reiknaðar í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bóks í þriðja kafla, eftir því sem við á, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RWEA^* = RWEA \cdot \frac{\min\{E^*; EUR 2\,500\,000\} \cdot 0,7619 + \max\{E^* - EUR 2\,500\,000; 0\} \cdot 0,85}{E^*}$$

þar sem:

RWEA* = RWEA aðlöguð með stuðningsþætti fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og

E* er annað af = heildarfjárhæðin sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða hópur tengdra viðskiptavina litla eða meðalstóra fyrirtækisins skuldar stofnuninni, dótturfyrirtæki hennar, móðurfyrirtæki og öðrum dótturfyrirtækjum þessara móðurfyrirtækja, þ.m.t. allar áhættuskuldbindingar í vanskilum, en að frátöldum kröfum eða ábyrgðarkröfum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði,

þar sem heildarfjárhæðin sem um getur í a-lið er jöfn 0, fjárhæð krafna eða ábyrgðarkrafna á hendur litla eða meðalstóra fyrirtækinu eða hópi tengdra viðskiptavina litla eða meðalstóra fyrirtækisins sem eru tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði og undanskildar frá útreikningnum á heildarfjárhæðinni sem um getur í þeim lið.

2. Að því er varðar þessa grein:
- skal áhættukrafan á lítið eða meðalstórt fyrirtæki annaðhvort talin með í smásölu- eða fyrirtækja-flokkum eða tryggð með veði í fasteign,
 - lítið eða meðalstórt fyrirtæki er skilgreint í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB (*); af þeim viðmiðum sem eru skráð í 2. gr. viðaukans við þau tilmæli skal einungis hafa hliðsjón af ársveltu,
 - stofnanir skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ákvarða E* á réttan hátt og afla sér upplýsinganna sem gerð er krafa um í b-lið.

(*) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).“

134) Eftirfarandi grein bætist við:

„501. gr. a

Aðlögun á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu að því er varðar áhættukröfur á einingar sem starfrækja eða fjármagna efnisleg mannvirki eða starfsstöðvar, kerfi og net sem veita eða styðja við nauðsynlega opinbera þjónustu

1. Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu sem reiknaðar eru í samræmi við II. eða III. hluta skulu margfaldaðar með stuðlinum 0,75, að því tilskildu að áhættukrafan hlíti öllum eftirfarandi viðmiðum:

- áhættukrafan er felld annaðhvort undir flokk áhættukrafna fyrirtækja eða undir flokk sértæktrar lánaáhættuskuldbindingar, að undanskildum áhættukröfum í vanskilum,
- áhættukrafan er á einingu sem var sérstaklega myндуð til að fjármagna efnisleg mannvirki eða starfsstöðvar, kerfi og net sem veita eða styðja við nauðsynlega opinbera þjónustu,

- c) meginuppspretta endurgreiðslu skuldbindingarinnar er gefin upp fyrir ekki minna en tvo þriðju af fjárhæðinni með þeim tekjum sem hinar fjármögnuðu eignir gefa af sér, fremur en með sjálfstæðri endurgreiðslugetu atvinnufyrirtækis á breiðari grunni, eða með styrkjum, fjárveitingum eða fjármögnun frá einni eða fleiri einingum sem tilgreindar eru í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr.,
- d) lánþeginn getur uppfyllt fjárskuldbindingar sínar jafnvel í verulega alvarlegum aðstæðum sem skipta máli að því er varðar áhættuna af verkefninu,
- e) sjóðstreymið sem lánþeginn skapar er fyrirsjáanlegt og stendur undir öllum framtíðarlánagreiðslum yfir allan lánstímann,
- f) áhættan af endurfjármögnun áhættukröfunnar er lítil eða milduð á tilhlýðilegan hátt að teknu tilliti til hvers konar styrkja eða fjármögnunar sem veitt er af hálfu einnar eða fleiri þeirra eininga sem taldar eru upp í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr.,
- g) samningsbundna fyrirkomulagið veitir lánveitendum meiri vernd þ.m.t. eftirfarandi:
 - i. ef tekjur lánþegans koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda skal samningsbundna fyrirkomulagið innihalda ákvæði sem á skilvirkan hátt verndar lánveitendur og hlutabréfafjárfesta gegn tapi sem orsakast af slitum verkefnisins af hálfu aðilans sem samþykkt hefur að kaupa vörurnar eða þjónustuna sem lánþeginn lætur í té,
 - ii. lánþeginn hefur næga varasjóði sem eru fjármagnaðir til fulls með reiðufé eða fjármögnunarfyrirkomulagi til að mæta ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarfjárförf á líftíma eignanna sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar,
 - iii. lánveitendur hafa umtalsverð yfirráð yfir þeim eignum og tekjum sem lánþeginn skapar,
 - iv. lánveitendur njóta ávinnings af tryggingu að því marki sem heimilað er í gildandi lögum í eignum og samningum sem eru mikilvægir fyrir starfrækslu innviðanna eða hafa annað fyrirkomulag til staðar sem tryggir stöðu þeirra,
 - v. hlutafé er veðsett lánveitendum þannig að þeir geta tekið yfir stjórn einingarinnar komi til gjaldþrots,
 - vi. notkunin á nettó sjóðstreymi frá rekstrinum eftir lögboðnar greiðslur frá verkefninu, í öðrum tilgangi en til að standa undir lánaskuldbindingum, er takmörkuð,
 - vii. samningsbundnar takmarkanir eru á getu lánþegans til að framkvæma aðgerðir sem geta valdið lánveitendum skaða, þ.m.t. takmarkanir á að veita ný lán án samþykkis lánveitenda sem fyrir eru,
- h) skuldbindingin hefur forgang á allar aðrar kröfur nema lögbundnar kröfur og kröfur frá mótaðilum í afleiðusamningum,
- i) ef lánþeginn er á uppbyggingarstigi skal hluthafinn uppfylla eftirfarandi viðmið, eða ef hluthafar eru fleiri en einn, skal hópur hluthafa í heild uppfylla eftirfarandi viðmið:
 - i. hluthafarnir hafa áður haft árangursrika tilsjón með innviðaverkefnum, fjárhagslegan styrk og viðeigandi sérfræðikunnáttu,
 - ii. hluthafarnir eru með litla vanskilaáhættu eða lítil hættu er á að lánþeginn verði fyrir verulegu tapi lendi þeir í vanskilum,
 - iii. fullnægjandi fyrirkomulag er til staðar til að jafna hagsmuni hluthafa og hagsmuni lánveitenda,
- j) lánþeginn hefur fullnægjandi öryggisráðstafanir til að tryggja að verkefninu verði lokið samkvæmt samþykkttri forskrift, fjárhagsáætlun eða lokadegi; þ.m.t. nægar tryggingar fyrir því að reyndur smiður ljúki við verkefnið eða komi að verkefninu og viðeigandi samningsákvæði sem tryggja skaðabætur með vöxtum,
- k) ef rekstraráhætta er umtalsverð, er henni stjórnað á tilhlýðilegan hátt,
- l) lánþeginn notar gæðaprófaða tækni og hönnun,
- m) allra nauðsynlegra leyfa og heimilda hefur verið aflað,
- n) lánþeginn notar afleiður eingöngu í áhættuvarnarskyni,
- o) lánþeginn hefur framkvæmt mat á því hvort eignirnar sem eru fjármagnaðar stuðla að eftirfarandi umhverfismarkmiðum:
 - i. mildun loftslagsbreytinga,
 - ii. aðlögun að loftslagsbreytingum,

- iii. sjálfbærri notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda,
 - iv. umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi, forvörnunum gegn myndun úrgangs og endurvinnslu,
 - v. mengunarvörnum og eftirliti með mengun,
 - vi. verndun heilbrigðra vistkerfa.
2. Að því er varðar e-lið 1. mgr. skal sjóðstreymi sem myndast ekki teljast vera fyrir sjáanlegt nema ef verulegur hluti teknanna fullnægir eftirfarandi skilyrðum:
- a) eitt eftirfarandi viðmiða er uppfyllt:
 - i. tekjurnar byggjast á aðgengileika,
 - ii. tekjurnar falla undir reglur um arðsemi,
 - iii. tekjurnar falla undir algreiðslusamning,
 - iv. framleiðslustigið eða notkunin og verðið skulu, óháð hvort öðru, uppfylla eftirfarandi viðmið:
 - reglur hafa verið settar um það,
 - það er bundið í samningi,
 - það er nægjanlega fyrir sjáanlegt vegna lágrar eftirspurnar áhættu,
 - b) ef tekjur lánþegans koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda skal aðilinn sem samþykkir að kaupa vörurnar eða þjónustuna sem lánþeginn veitir vera einn af eftirfarandi:
 - i. seðlabanki, ríki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald, að því tilskildu að þeim hafi verið úthlutað 0% áhættuvægi í samræmi við 114. og 115. gr. eða verið úthlutað lánshæfismati af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 3. þrepi útlánagæða,
 - ii. opinber aðili að því tilskildu að honum hafi verið úthlutað 20% áhættuvægi eða minna í samræmi við 116. gr. eða verið úthlutað lánshæfismati af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 3. þrepi útlánagæða,
 - iii. fjölþjóðlegur þróunarbanki sem um getur í 2. mgr. 117. gr.,
 - iv. alþjóðastofnun sem um getur í 118. gr.,
 - v. eining sem hefur verið úthlutað lánshæfismati af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 3. þrepi útlánagæða,
 - vi. eining sem er útskiptanleg án verulegrar breytingar á tekjustigi eða tímaplani tekna.
3. Stofnanir skulu gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu á sex mánaða fresti um heildarfjárhæð áhættukrafna á stofnanir sem annast verkefni á sviði grunnvirkja í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.
4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 28. júní 2022, gefa skýrslu um áhrif eiginfjárfrafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð á lánveitingar til stofnana sem annast verkefni á sviði grunnvirkja og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri lögjöf, ef við á.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að því er 4. mgr. varðar, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um eftirtalin atriði:
- a) greiningu á framvindu þróunar og skilyrða á mörkuðum fyrir innviðalánveitingar og verkefna- fjármögnun á því tímabili sem um getur í 4. mgr.,
 - b) greiningu á raunverulegri áhættu tengdri einingum sem um getur í b-lið 1. mgr. yfir heilt hagsveiflu- tímabil,
 - c) samkvæmni milli eiginfjárfrafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hvað varðar niðurstöður greiningarinnar skv. a- og b-lið þessarar málsgreinar.

501. gr. b

Undanþága frá skýrslugjafarkröfum

Þrátt fyrir 430. gr. mega lögbær yfirvöld, á tímabilinu frá þeim degi þegar viðkomandi ákvæði þessarar reglugerðar koma til framkvæmda þar til fyrsta skýrslan er lögð fram sem tilgreinir tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í þeirri grein, veita undanþágu frá kröfunum um að veita upplýsingar á því formi sem tilgreint er á sniðmátinu í framkvæmdargerðinni sem um getur í 7. mgr. 430. gr. hafi þessi sniðmát ekki verið uppfærð í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.“

135) Eftirfarandi greinar bætast við á eftir II. bálki: SKÝRSLUGJÖF OG ENDURSKOÐUN:

„501. gr. c

Varfærnis meðferð áhættuskuldbindinga sem tengjast umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópska kerfisáhætturáðið, meta á grundvelli tiltækra gagna og niðurstaðna hóps háttsettra sérfræðinga á vegum framkvæmdastjórnarinnar um sjálfbær fjármál hvort sértæk meðferð áhættuskuldbindinga sem tengjast eignum eða starfsemi sem í verulegum mæli tengist umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum sé réttlætlanleg. Einkum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta:

- a) aðferðir við mat á raunverulegri áhættu vegna skuldbindinga sem tengjast eignum eða starfsemi sem í verulegum mæli tengist umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum samanborið við áhættu af öðrum skuldbindingum,
- b) þróunina á viðeigandi viðmiðum fyrir efnislega áhættu og umbreytingaráhættu, þ.m.t. áhættan sem tengist afskriftum eigna vegna reglugerðarbreytinga,
- c) möguleg áhrif sértæktrar meðferðar áhættuskuldbindinga sem tengjast eignum eða starfsemi sem í verulegum mæli tengist umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum, á fjármálastöðugleika eða lánveitingar banka í Sambandinu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja skýrslu um niðurstöður sínar fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2025.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

136) Eftirfarandi grein bætist við:

„504. gr. a

Eignarhlutir í hæfum skuldbindingargerningum

Eigi síðar en 28. júní 2022 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um fjárhæðir og dreifingu eignarhluta hæfra skuldbindinga milli stofnana sem tilgreindar eru sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og annarra kerfislega mikilvægra stofnana og um mögulegar hindranir á skilameðferð og hættu á smitáhrifum í tengslum við þessa eignarhluti.

Á grundvelli skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 28. júní 2023 leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um viðeigandi meðferð á slíkum eignarhlutum, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

137) Í stað 507. gr. kemur eftirfarandi:

„507. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með notkun undanþáganna sem um getur í 390. gr. (6. mgr.) 400. gr. (f- til m-lið 1. mgr.) 400. gr. (c- til g-lið, i-, j- og k-lið 2. mgr.) og leggja, eigi síðar en 28. júní 2021, skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um mat á meginlegum áhrifum sem afnám þessara undanþága eða takmörkun á notkun þeirra myndi hafa. Í skýrslunni skal einkum meta, að því er varðar sérhverja undanþágu sem kveðið er á um í þessum greinum:

- a) fjölda stórra áhættuskuldbindinga sem fá undanþágu í hverju aðildarríki,
- b) fjölda stofnana sem nýta sér undanþáguna í hverju aðildarríki,
- c) heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga sem fá undanþágu í hverju aðildarríki.

2. Eigi síðar en 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þeirra undanþága sem um getur í 4. mgr. 390. gr. og 2. mgr. 401. gr. að því er varðar aðferðirnar við útreikninginn á áhættuskuldbindingarvirði fjármögnunarviðskipta með verðbréf, einkum þörfina á því að taka tillit til breytinga í alþjóðlegum stöðlum sem tilgreina aðferðirnar fyrir slíkum útreikningi.“

138) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 510. gr.:

„4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með fjárhæð tilskilinnar stöðugar fjármögnunar til að mæta þeirri fjármögnunaráhættu sem tengist afleiðusamningunum sem tilgreindir eru í II. viðauka og skuldaafleiðum á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar, einkum framtíðarfjármögnunar-áhættu vegna þeirra afleiðusamninga sem um getur í 2. mgr. 428. gr. s og 2. mgr. 428. gr. at og gefa

framkvæmdastjórninni skýrslu um möguleikann á að samþykkja hærri stuðul tilskilinnar stöðugar fjármögnunar eða áhættunæmari ráðstöfun eigi síðar en 28. júní 2024. Í skýrslunni skal a.m.k. meta:

- a) möguleikann á að greina á milli afleiðusamninga sem samkomulag um tryggingafé gildir um og þeirra sem samkomulag um tryggingafé gildir ekki um,
- b) möguleikann á að afnema, auka við eða skipta út kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 428. gr. s og 2. mgr. 428. gr. at,
- c) möguleikann á að breyta á víðtækari hátt meðferð afleiðusamninga við útreikninginn á hlutfalli stöðugar fjármögnunar eins og sett er fram í 428. gr. d, 428. gr. k (4. mgr.) og 428. gr. s (2. mgr.), a- og b-lið 428. gr. ag, 428. gr. ah (2. mgr.), 428. gr. al (4. mgr.) og 428. gr. at (2. mgr.), a- og b-lið 428. gr. ay og 428. gr. az (2. mgr.), til að fanga betur fjármögnunaráhættuna sem tengist þessari fjármögnunaráhættu á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar,
- d) áhrifin af fyrirhuguðum breytingum á fjárhæð stöðugar fjármögnunar sem krafist er fyrir afleiðusamninga stofnana.

5. Hafi alþjóðlegir staðlar áhrif á meðferð afleiðusamninga sem tilgreindir eru í II. viðauka og skuldaafleiður að því er varðar útreikninginn á hlutfalli stöðugar fjármögnunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á og að teknu tillit til skýrslunnar sem um getur í 4. mgr., þessara breytinga á alþjóðlegum stöðlum og fjölbreytni bankageirans í Sambandinu leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig eigi að breyta ákvæðunum um meðferðina á afleiðusamningunum sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðum vegna útreikningsins á hlutfalli stöðugar fjármögnunar eins og sett er fram í IV. bálki sjötta hluta til að taka betur til greina fjármögnunaráhættuna sem tengist þessum viðskiptum.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta fjárhæð stöðugar fjármögnunar sem þarf til að mæta fjármögnunaráhættunni sem tengist fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þ.m.t. eignir sem tekið er við eða látnar af hendi í þessum viðskiptum og ótryggðum viðskiptum með styttri en sex mánaða binditíma við viðskiptavinum á fjármálamarkaði og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um tilhlýðileika þessarar meðferðar eigi síðar en 28. júní 2021. Í skýrslunni skal a.m.k. meta:

- a) möguleikann á að nota hærri eða lægri stuðla stöðugar fjármögnunar vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf við viðskiptavinum á fjármálamarkaði og vegna ótryggðra viðskipta með styttri en sex mánaða binditíma til að taka betur til greina fjármögnunaráhættu þeirra á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugar fjármögnunar og mögulegra smítáhrifa milli viðskiptavina á fjármálamarkaði,
- b) möguleikann á að nota meðferðina sem sett er fram í g-lið 1. mgr. 428. gr. r. vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem tryggð eru með öðrum tegundum af eignum,
- c) möguleikann á að nota stuðla stöðugar fjármögnunar vegna liða utan efnahagsreiknings sem notaðir eru í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf í stað möguleikans á meðferðinni sem sett er fram í 5. mgr. 428. gr. p,
- d) hentugleika ósamhverfar meðferðar á milli skuldbindinga með styttri binditíma en sex mánuði að því tilskildu að viðskiptavinir á fjármálamarkaði sem falla undir 0% stuðul tiltækrar stöðugar fjármögnunar í samræmi við c-lið 3. mgr. 428. gr. k og eignir sem stafa af viðskiptum með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavinum á fjármálamarkaði sem falla undir 0%, 5% eða 10% tilskilinnar stöðugar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. r (g-lið 1. mgr.), 428. gr. s (c-lið 1. mgr.) og 428. gr. v (b-lið),
- e) áhrifin af upptöku hærri eða lægri stuðla tilskilinnar fjármögnunar vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf, einkum þau sem eru með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, á seljanleika eigna á markaði sem tekið er við sem tryggingu vegna þessara viðskipta, einkum ríkisskuldabréf og fyrirtækjaskuldabréf,
- f) áhrifin af fyrirhuguðum breytingum á fjárhæð stöðugar fjármögnunar sem krafist er fyrir þessi viðskipti stofnana, einkum að því er varðar verðbréf sem eru með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavinum á fjármálamarkaði, þegar tekið er við ríkisskuldabréfum sem tryggingu í þessum viðskiptum.

7. Eigi síðar en 28. júní 2024 skal framkvæmdastjórnin, ef við á og að teknu tilliti til skýrslunnar sem um getur í 6. mgr., allra alþjóðlegra staðla og fjölbreytileika bankageirans í Sambandinu, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig breyta eigi ákvæðunum um meðferð fjármögnunarviðskipta með verðbréf, þ.m.t. eignir sem tekið er við eða látnar í té í þessum viðskiptum, og meðferðina á ótryggðum viðskiptum með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavinum á fjármálamarkaði vegna útreikningsins á hlutfalli stöðugar fjármögnunar eins og sett er fram í IV. bálki þriðja hluta þegar hún telur við hæfi, að

Því er varðar áhrif fyrirliggjandi meðferðar stofnana á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar og til að taka betur mið af fjármögnunaráhættunni sem tengist þessum viðskiptum.

8. Eigi síðar en 28. júní 2025 skal hækka tilskilda stuðla stöðugrar fjármögnunar sem notaðir eru í viðskiptunum sem um getur í 428. gr. r (g-lið 1. mgr.), 428. gr. s (b-lið 1. mgr.) og í 428. gr. v (a-lið) úr 0% í 10%, úr 5% í 15% og úr 10% í 15% eftir því sem við á nema annað sé tilgreint í lagagerð sem samþykkt er á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með fjárhæð stöðugrar fjármögnunar sem þarf til að mæta fjármögnunaráhættu sem tengist eignarhlutum stofnunarinnar í verðbréfum til að áhættuverja afleiðusamninga. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa skýrslu um tilhlýðileika meðferðarinnar eigi síðar en 28. júní 2023. Í skýrslunni skal a.m.k. meta:

- möguleg áhrif af meðferðinni á getu fjárfesta til að taka á sig áhættuskuldbindingu gagnvart eignum og áhrifin af meðferðinni á framboð lána í sambandi fjármagnsmarkaða,
- möguleikann á að beita aðlöguðum kröfum um stöðuga fjármögnun gagnvart verðbréfum sem höfð eru til að áhættuverja afleiður sem eru fjármagnaðar með upphafstryggingu að öllu leyti eða að hluta,
- möguleikann á að beita aðlöguðum kröfum um stöðuga fjármögnun gagnvart verðbréfum sem höfð eru til að áhættuverja afleiður sem ekki eru fjármagnaðar með upphafstryggingu,

10. Eigi síðar en 28. júní 2023 eða einu ári eftir samkomulag um alþjóðlega staðla sem þróaðir eru af Baselnefndinni um bankaeftirlit skal framkvæmdastjórnin, hvort heldur ber fyrir upp, ef við á og að teknu tilliti til skýrslunnar sem um getur í 9. mgr., allra alþjóðlegra staðla, fjölbreytileika bankageirans í Sambandinu og markmiða sambands fjármagnsmarkaða, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig breyta eigi ákvæðunum um meðferð eignarhluta stofnana í verðbréfum til að áhættuverja afleiðusamninga vegna útreikningsins á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar eins og sett er fram í IV. bálki sjötta hluta þegar hún telur við hæfi, að því er varðar áhrif fyrirliggjandi meðferðar stofnana á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar og til að taka betur mið af fjármögnunaráhættunni sem tengist þessum viðskiptum.

11. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta hvort réttlæta megi lækkun á stuðli tilskilinnar stöðugrar fjármögnunar vegna eigna sem notaðar eru vegna greiðslujöfnunar- og uppgjörspjónustu í tengslum við góðmálma, s.s. gull, silfur, platínu og palladíum eða í tengslum við eignir sem notaðar eru til að fjármagna góðmálma, s.s. gull, silfur, platínu og palladíum með 180 daga gildistíma eða skemmri tíma. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja skýrslu sína fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.“

139) Í stað 511. gr. kemur eftirfarandi:

„511. gr.

Vogun

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2020 um:

- hvort rétt sé að koma á viðbót við vogunarhlutfallið vegna annarra kerfislega mikilvægra stofnana og
- hvort skilgreiningin og útreikningurinn á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þ.m.t. meðferð þjónustu seðlabanka, sé við hæfi.

2. Að því er varðar skýrslugjöfina sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og alþjóðlegra samþykktu staðla. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

140) Í stað 513. gr. kemur eftirfarandi:

„513. gr.

Þjóðhagsvarúðarreglur

1. Eigi síðar en 30. júní 2022 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við evrópska kerfisáætturáðið og Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, endurskoða hvort þær þjóðhagsvarúðarreglur, sem er að finna í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB, nægi til að draga úr kerfisáhættu í geirum, á svæðum og í aðildarríkjum, þ.m.t. mat á því:

- hvort núgildandi þjóðhagsvarúðartæki í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB séu árangursrík, skilvirk og gagnsæ,
- hvort umfang og möguleg stig í skörun milli ólíkra þjóðhagsvarúðartækja til að takast á við áþekka áhættu í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB séu fullnægjandi og, ef við á, leggja til nýjar þjóðhagsvarúðarreglur,

- c) hvernig alþjóðlega viðurkenndir staðlar fyrir kerfistengdar stofnanir og ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB spila saman og, ef við á, leggja fram tillögu að nýjum reglum sem taka tillit til þessara alþjóðlega viðurkenndu staðla,
- d) hvort bæta ætti öðrum tegundum gerninga, s.s. gerningum sem tengjast lántakendum, við þjóðhagsvarúðartækin sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB auk þeirra gerninga sem tengjast fjármagni og skapa svigrúm fyrir samræmda notkun gerninganna á innri markaðinum; að teknu tilliti til þess hvort samræmdar skilgreiningar á þessum gerningum og skýrslugjöf um viðeigandi upplýsingar á vettvangi Sambandsins sé skilyrði fyrir upptöku slíkra gerninga,
- e) hvort útvíkka ætti kröfuna um vogunarhlutfallsaukann sem um getur í 1. mgr. a í 92. gr. þannig að hún nái til kerfislega mikilvægra stofnana annarra en kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og hvort kvörðun hans ætti að miðast við að hvaða marki stofnunin er kerfislega mikilvæg,
- f) hvort breyta eigi núverandi valfrjálsri gagnkvæmni þjóðhagsvarúðarráðstafana í skyldbundna gagnkvæmni og hvort núverandi rammí Evrópska kerfisáætturáðsins fyrir valfrjálsa gagnkvæmni sé viðeigandi grundvöllur fyrir því,
- g) hvernig hægt er að láta Sambandinu og innlendum þjóðhagsvarúðaryfirvöldum í té tæki til að bregðast við nýrri kerfisáættu sem leiðir af áhættuskuldbindingum lánastofnana gagnvart öðrum geira en bankageiranum, einkum af afleiðugerningum og fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, eignastýringargeiranum og váttryggingargeiranum.

2. Eigi síðar en 31. desember 2022 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin á grundvelli samráðs við evrópska kerfisáætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um matið sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að nýrri löggjöf.“

141) Í stað 514. gr. kemur eftirfarandi:

„514. gr.

Aðferð fyrir útreikninginn á áhættuskuldbindingarvirði afleiddra viðskipta

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 28. júní 2023 og á fimm ára fresti eftir það gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um áhrif og kvörðun aðferðanna sem settar eru fram í 3., 4. og 5. gr. 6. kafla II. bóls í þriðja hluta til að reikna áhættuskuldbindingarvirði afleiddra viðskipta.
2. Framkvæmdastjórnin skal eftir því sem við á og á grundvelli skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að breyta aðferðunum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla II. bóls í þriðja hluta.“

142) Eftirfarandi grein bætist við:

„518. gr. a

Endurskoðun á ákvæðum um gagnkvæmar ábyrgðir

Eigi síðar en 28. júní 2022 skal framkvæmdastjórnin endurskoða og meta hvort rétt sé að krefjast þess að hæfar skuldbindingar megi fá eftirgjöf án þess að það virki ákvæði um gagnkvæmar ábyrgðir í öðrum samningum, í því skyni að styrkja sem verða má skilvirkni eftirgjafarúrræðisins og meta hvort ákvæði um ógagnkvæmar ábyrgðir sem vísa til hæfra skuldbindinga ættu að vera felld inn í skilmálana eða samninga sem gilda um aðrar skuldbindingar. Endurskoðuninni og matinu skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

143) Eftirfarandi grein bætist við:

„519. gr. b

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáættu

1. Eigi síðar en 30. september 2019 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa skýrslu um áhrifin á stofnanir í Sambandinu af alþjóðlegum stöðlum til að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns í tengslum við markaðsáættu.
2. Eigi síðar en 30. júní 2020 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til niðurstaðna skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. og alþjóðlegu staðlanna og aðferðanna sem um getur í 1. kafla a og b í IV. bóli þriðja hluta leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á, um hvernig innleiða skuli alþjóðlegu staðlana um viðeigandi kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáættu.“

144) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við í tíunda hluta:

„II. BÁLKUR A

Framkvæmd reglna

519. gr. c

Hlítingarúrræði

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal þróa raftæknilegt tæki sem miðar að því að auðvelda stofnunum að hlíta þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB, sem og tæknilegum eftirlitsstöðlum og tæknilegum framkvæmdarstöðlum, viðmiðunarreglum og sniðmátum sem samþykkt eru til að framkvæma þessa reglugerð og téða tilskipun,

2. Í tækið sem um getur í 1. mgr. skal a.m.k. gera hverri stofnun kleift að:

- greina á skjótan hátt viðeigandi ákvæði til að hlíta með tilliti til stærðar stofnunarinnar og viðskiptalíkans,
- fylgja breytingunum sem gerðar eru í lagagerðum og tengdum framkvæmdarákvæðum, viðmiðunarreglum og sniðmátum.“

145) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 648/2012

Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 50. gr. a kemur eftirfarandi:

„2. Miðlægur mótaðili skal reikna út áætlað fjármagn sem hér segir:

$$K_{CCP} = \sum_i EAD_i \cdot RW \cdot \text{eiginfjárlutfall}$$

þar sem:

K_{CCP} = áætlaða fjármagnið,

i = stuðullinn sem auðkennir stöðustofnunaraðilann,

EAD_i = fjárhæð áhættuskuldbindingar miðlæga mótaðilans gagnvart stöðustofnunaraðila i , þ.m.t. eigin viðskipti stöðustofnunaraðilans gagnvart miðlæga mótaðilanum, viðskipti viðskiptavinarins sem tryggð eru af stöðustofnunaraðilanum og allt virði tryggingar í vörslu miðlæga mótaðilans, þ.m.t. forfjármögnuð framlög stöðustofnunaraðilans í vanskilasjóð vegna þessara viðskipta, sem tengjast matinu í lok skyldubundins skýrslu-gjafardags áður en veðkalli af lokaveðkalli þess dags hefur verið skipt,

RW = 20% áhættuvog og

eiginfjárlutfall = 8%.“

2) Í stað 50. gr. b kemur eftirfarandi:

„50. gr. b

Almennar reglur um útreikninginn á K_{CCP}

Eftirfarandi gildir að því er varðar útreikninginn á K_{CCP} sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. a:

a) miðlægir mótaðilar skulu reikna út virði áhættuskuldbindinga sinna á stöðustofnunaraðila sína sem hér segir:

- að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af samningum og viðskiptum sem tilgreind eru í a- og c-lið 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu miðlægir mótaðilar reikna virðið í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 3. þætti 6. kafla II. bóls í þriðja hluta þeirrar reglugerðar með því að nota áhættutímabil tryggingarfjár sem nemur 10 virkum dögum,
- að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af samningum og viðskiptum sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu miðlægir mótaðilar reikna virðið (EAD_i) í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$EAD_i = \max \{ EBRM_i - IM_i - DF_i; 0 \}$$

þar sem:

EAD_i = áhættuskuldbindingarvirðið,

i = stuðullinn sem auðkennir stöðustofnunaraðilann,

$EBRM_i$ = virði áhættuskuldbindingar fyrir mildun áhættu, sem er jafnt virði áhættuskuldbindingar miðlægs mótaðila gagnvart uppgjörsaðila i sem leiðir af öllum samningum og viðskiptum við þann uppgjörsaðila, reiknað án hliðsjónar af tryggingum sem sá uppgjöraðili leggur fram,

IM_i = upphafstryggingar sem uppgjörsaðili i leggur fram hjá miðlægum mótaðila,

DF_i = forfjármagnað framlag uppgjörsaðila i í vanskilasjóð,

Sérhvert virði í þessari formúlu skal tengjast matinu í dagslok áður en veðkalli af lokaveðkalli þess dags hefur verið skipt,

- iii. í aðstæðum sem um getur í þriðja málslið annarrar undirgreinar 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu miðlægir mótaðilar reikna virði viðskiptanna sem um getur í fyrsta málslið þeirrar undirgreinar í samræmi við formúluna sem sett er fram í ii. lið a-liðar þessarar greinar og ákvarða $EBRM_i$ í samræmi við V. bálk í þriðja hluta þeirrar reglugerðar,
- b) að því er varðar stofnanir, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru jöfnunarsöfnin hin sömu og þau sem skilgreind eru í 4. lið 272. gr. þeirrar reglugerðar,
- c) miðlægur mótaðili sem hefur áhættuskuldbindingar á einn eða fleiri miðlæga mótaðila skal fara með þessar áhættuskuldbindingar líkt og áhættuskuldbindingar á stöðustofnunaraðila og taka með allt tryggingarfé eða forfjármögnuð framlög frá þessum miðlægum mótaðilum við útreikninginn á K_{CCP} ,
- d) miðlægur mótaðili hefur komið á bindandi samningsbundnu fyrirkomulagi við stöðustofnunaraðila sína, sem heimilar honum að nota upphaflegt tryggingarfé frá þeim stöðustofnunaraðilum, í heild eða að hluta, á sama hátt og ef um forfjármögnuð framlög væri að ræða, skal líta á upphaflegt tryggingarfé sem forfjármögnuð framlög að því er varðar útreikninginn í 1. mgr. en ekki sem upphaflegt tryggingarfé,
- e) þegar trygging er höfð í vörslu vegna reiknings sem hefur að geyma fleiri en eina tegund af samningum og viðskipti sem um getur í 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal miðlægur mótaðilinn úthluta upphafstryggingunni sem stöðustofnunaraðilar hans eða viðskiptavinir hafa látið í té, eftir því sem við á, í hlutfalli við áhættuskuldbindingarvirði viðkomandi tegunda samninga og viðskipta sem reiknuð eru í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar, án þess að taka tillit til upphaflegs tryggingarfjár í útreikningunum,
- f) miðlægir mótaðilar sem hafa fleiri en einn vanskilasjóð skulu framkvæma útreikningana aðskilið fyrir hvern vanskilasjóð,
- g) þegar stöðustofnunaraðili veitir viðskiptavini þjónustu og viðskiptin og trygging viðskiptavina hans eru í vörslu í undirreikningum sem eru aðskildir undirreikningum fyrir eigin viðskiptastarfsemi stöðustofnunaraðilans, skal hann framkvæma útreikninginn á EAD_i fyrir hvern undirreikning aðskilið og skal reikna heildarfjárhæð EAD_i stöðustofnunaraðilans sem summu áhættuskuldbindingarvirðis í undirreikningum viðskiptavinanna og áhættuskuldbindingarvirðis viðskiptastarfsemi í undirreikningi stöðustofnunaraðilans,
- h) að því er varðar f-lið, þegar DF_i er ekki skipt milli undirreikninga viðskiptavinanna og eigin undirreikninga stöðustofnunaraðilans fyrir eigin viðskiptastarfsemi, skulu stöðustofnunaraðilar úthluta DF_i á hvern undirreikning samkvæmt viðeigandi hlutfalli upphafstryggingarinnar sem lögð er fram af stöðustofnunaraðilanum eða fyrir reikning stöðustofnunaraðilans,
- i) miðlægir mótaðilar skulu ekki framkvæma útreikninginn í samræmi við 2. mgr. 50. gr. a þegar vanskilasjóðir standa eingöngu undir peningagreiðslum.

Að því er varðar ii. mgr. a-liðar þessarar greinar skulu miðlægir mótaðilar nota aðferðina sem tilgreind er í 223. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með eftirlitsaðferð við jöfnun flökts sem sett er fram í 224. gr. þeirrar reglugerðar til að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið.“

- 3) Í 1. mgr. 50. gr. c fellur d- og e-liður brott.
- 4) Í 50. gr. d fellur c-liður brott.
- 5) Í stað 5. mgr. a í 89. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr. a Á aðlögunartímabilinu sem kveðið er á um í 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal miðlægi mótaðilinn sem um getur í þeirri grein fella inn í upplýsingarnar sem hann á að veita í samræmi við 1. mgr. 50. gr. c í þessari reglugerð heildarfjárhæð upphafstryggingar, eins og skilgreint er í 140. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem hann hefur fengið frá stöðustofnunaraðilum sínum ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) miðlægi mótaðilinn er ekki með vanskilasjóð,
- b) miðlægi mótaðilinn hefur ekki gert bindandi samkomulag við stöðustofnunaraðila sína sem gerir honum kleift að nota allar eða hluta upphafstrygginganna frá þessum stöðustofnunaraðilum sínum á sama hátt og væru þær forfjármögnuð framlög.“

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 28. júní 2021 með þeim undanþágum sem tilgreindar eru í 3. til 8. gr.
3. Eftirfarandi liðir í 1. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda frá 27. júní 2019:
 - a) 1. liður sem hefur að geyma ákvæði um gildissvið og eftirlitsheimildir,
 - b) 2. liður sem hefur að geyma skilgreiningarnar nema þær varði eingöngu ákvæði sem gilda í samræmi við þessa grein frá annarri dagsetningu, en í því tilviki skulu þau gilda frá þeirri dagsetningu,
 - c) b-liður 3. liðar, c-liður 6. liðar, 8. og 9. liður að því er varðar 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, 12. liður að því er varðar annan undirlið 1. mgr. 18. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 14. til 17. liður, 19. til 44. liður, 47. liður, 128. og 129. liður sem hafa að geyma ákvæðin um eiginfjárgrunn og ákvæði um innleiðingu nýrra krafna vegna eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga,
 - d) 9. liður að því er varðar ákvæðin um áhrif nýrra reglna um verðbréfun eins og mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - e) 57. liður sem hefur að geyma ákvæðin um áhættuvogir fyrir fjölbjóðlega þróunarbanka og 58. liður sem hefur að geyma ákvæðin um áhættuvogir fyrir alþjóðastofnanir,
 - f) 53. liður að því er varðar 104. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 89. og 90. liður, 118. liður að því er varðar 430. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og 124. liður sem hefur að geyma ákvæðin um skýrslugjafarkröfurnar vegna markaðsáhættu,
 - g) 130. liður sem hefur að geyma kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna áhættuskuldbindingar miðlægra mótaðila,
 - h) 133. liður að því er varðar ákvæðin um sölu í miklu magni eins og mælt er fyrir um í 500. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
 - i) 134. liður að því er varðar 501. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem hefur að geyma ákvæðin um undanþágu frá skýrslugjöf,
 - j) 144. liður sem hefur að geyma ákvæðin um hlítinagarræðið,
 - k) ákvæðin þar sem gerð er krafa um að Evrópskar eftirlitsstofnanir eða Evrópska kerfisáhætturáðið leggi fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlits- eða framkvæmdarstöðlum, ákvæðin þar sem gerð er krafa um að framkvæmdastjórnin taki saman skýrslur, ákvæðin sem veita framkvæmdastjórninni heimild til að samþykkja framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir, ákvæðin um endurskoðun og tillögur að nýrri löggjöf og ákvæðin sem gera kröfu um að Evrópsku eftirlitsstofnanirnar gefi út viðmiðunarreglur, einkum b-liður 2. liðar, 12. liður að því er varðar 9. lið 18. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b-liður 18. liðar, 31. liður að því er varðar 7. mgr. 72. gr. b í (ESB) nr. 575/2013, 38. liður að því er varðar 3. mgr. 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b-liður 57. liðar, 60. liður að því er varðar 4. og 5 mgr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 63. liður að því er varðar 4. mgr. 132. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 67. liður að því er varðar 8. og 9. mgr. 164. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 74. liður að því er varðar 5. mgr. 277. gr. og 3. mgr. 279. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 89. liður að því er varðar 9. mgr. 325. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 90. liður að því er varðar 325. gr. u (5. mgr.), 325. gr. w (8. mgr.), 325. gr. ap (3. mgr.), 325. gr. az (8. og 9. mgr.), 325. gr. bd (7. mgr.), 325. gr. be (3. mgr.), 325. gr. bf (9. mgr.), 325. gr. bg (4. mgr.), 325. gr. bh (3. mgr.), 325. gr. bk (3. mgr.), 325. gr. bp (12. mgr.) í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 93. liður að því er varðar 9. mgr. 390 gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 94. liður, 96. liður að því er varðar 4. mgr. 394. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b.

liður 98. liðar, 104. liður að því er varðar 4. mgr. 403. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b-liður 109. gr., b-liður 111. gr., 118. liður að því er varðar 7. og 8. mgr. 430., 6. mgr. 430. gr. b og 430. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 119. liður að því er varðar 1. og 2. mgr. 432. gr. og 434. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 123. liður, 124. liður, 125. liður, 134. liður að því er varðar 4. og 5. mgr. 501. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 136. liður, 137. liður, 138. liður, 139. liður), 140. liður, 141. liður að því er varðar 1. mgr. 514. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 142. liður, og 143. liður.

Með fyrirvara um f-lið fyrstu undirgreinar skulu ákvæðin um birtingu upplýsinga og skýrslugjöf gilda frá þeim degi þegar krafan um birtingu upplýsinga eða skýrslugjöf kemur til framkvæmda.

4. Eftirfarandi liðir í 1. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda frá 28. desember 2020:

- a) a-, b- og d-liður 6. liðar, 7. og 12. liður að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. og 2. til 8. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem hafa að geyma ákvæðin um varfærniskröfur vegna samstæðu,
- b) 60. liður sem hefur að geyma ákvæðin um áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði, 67. liður sem hefur að geyma ákvæðin um tap að gefnum vanefndum og 122. liður sem hefur að geyma ákvæðin um þjóðhagsvarúðar- eða kerfísáhættu sem greind er á vettvangi aðildarríkis.

5. 46. liður b-liðar 1. gr. þessarar reglugerðar sem hefur að geyma ákvæðin um innleiðingu nýrra krafna vegna eiginfjárgrunns fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu gildir frá 1. janúar 2022.

6. 53. liður að því er varðar 104. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og 55. og 69. liður 1. gr. þessarar reglugerðar sem hefur að geyma ákvæðin um innleiðingu nýrra krafna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu gilda frá 28. janúar 2023.

7. 18. liður 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar b-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem hefur að geyma ákvæðið um undanþágu frá frádrætti hugbúnaðareigna sem eru metnar á varfærinn hátt skal gilda frá gildistöku degi tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.“

8. 126. liður 1. gr. þessarar reglugerðar sem hefur að geyma ákvæðin um undanþágur frá frádrætti eignarhlutdeildar í eigin fé gildir afturvirktt frá 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. Tajani

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. Ciamba

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað e-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„e) valréttur að vöxtum.“

2) Í stað d-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„d) gjaldeyrisvalréttir.“

3) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Samningar sem eru svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið 1. liðar og a- til d-lið 2. liðar í þessum viðauka en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur. Þetta nær til, að lágmarki, allra gerninga sem tilgreindir eru í 4. til 7., 9. 10. og 11. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB sem ekki falla undir 1. eða 2. lið þessa viðauka.

Fylgiskjal 6.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/873**

frá 24. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar tiltekna aðlaganir til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum*(Texti sem varðar EES)*

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,
eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,
með hliðsjón af álit Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,
með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,
í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽⁴⁾ ásamt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽⁵⁾ myndar lagaramma um varfærnisreglur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki („stofnanir“) sem starfa innan Sambandsins. Þessi varfærnisreglur, sem var samþykktur í kjölfar fjármálakreppunnar sem brast á árin 2007-2008 og byggist að miklu leyti á alþjóðlegum stöðlum sem Baselnefndin um bankaefirlit samþykkti árið 2010, kallaður Basel III regluramminn, hefur átt þátt í því að auka viðnámsþrótt stofnana sem starfa innan Sambandsins og gera þær betur undirbúnar undir mögulega erfiðleika, þ.m.t. erfiðleika sem kunna að rísa vegna mögulegra kreppa í framtíðinni.
- 2) Frá því að reglugerð (ESB) nr. 575/2013 gekk í gildi hefur henni verið breytt nokkrum sinnum til að bregðast við þeim veikleikum sem enn voru í varfærnisreglurammnum og hrinda í framkvæmd nokkrum útistandandi þáttum hnattrænna umbóta á fjármálaþjónustu sem eru nauðsynlegir til þess að tryggja viðnámsþrótt stofnana. Meðal þeirra breytinga var umbreytingarfyrirkomulag sem innleitt var í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 ⁽⁶⁾ til að milda áhrifin á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar alþjóðlegs reikningsskilastaðals um fjármálagerninga (IFRS 9). Með breytingu sem gerð var á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 ⁽⁷⁾ er kveðið á um lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga, svokallaðar varfærnisreglur um varúðarráðstafanir.
- 3) Enn fremur voru nokkrir lokapættir Basel III reglurammans innleiddir í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 ⁽⁸⁾. Meðal þeirra þátta eru ný skilgreining á vogunarhlutfalli og vogunarhlutfallsauki sem hvort tveggja kemur í veg fyrir að stofnanir auki skuldsetningu úr hófi fram, auk ákvæða um hagstæðari varfærnismeðferð fyrir tiltekna hugbúnaðareignir og um hagstæðari meðferð vegna tiltekinnna lána sem tryggð eru með lífeyri eða launum, endurskoðaður stuðningsþáttur fyrir

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 180, 29.5.2020, bls. 4.

⁽²⁾ Álit frá 10. júní 2020 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 18. júní 2020 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 24. júní 2020.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærnisreglur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag til að milda áhrifin á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS-staðals 9 og fyrir meðhöndlun tiltekinnna áhættuskuldbindinga opinberra aðila sem tilgreindar eru í heimagjaldaáhrifum aðildarríkis sem stórra áhættuskuldbindinga (Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 27).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga (Stjtið. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáættu mótaðila, markaðsáættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).

lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja („stuðningsþáttur fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki“) og ný aðlögun á eiginfjárkröfum vegna útlánaáættu áhættuskuldbindinga gagnvart aðilum sem reka eða fjármagna efnislega innviði eða aðstöðu, kerfi eða net sem veita eða styðja mikilvæga almannþjónustu („stuðningsþáttur fyrir innviði“).

- 4) Hið mikla efnahagsáfall af völdum COVID-19-heimsfaraldursins og þær einstæðu aðgerðir sem gripið hefur verið til til að hefta útbreiðslu hans hafa haft víðtæk áhrif á efnahaginn. Fyrirtæki standa frammi fyrir röskun í aðfangakeðjum, tímabundnum lokunum og minni eftirspurn og heimili glíma við atvinnuleysi og tekju-samdrátt. Opinber yfirvöld á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna hafa gripið til afgerandi aðgerða til að styðja við heimili og gjaldfær fyrirtæki til þess að takast á við þann alvarlega en tímabundna samdrátt sem hefur orðið í hagkerfinu og lausafjárskortinn í kjölfar hans.
- 5) Stofnanir munu gegna lykilhlutverki við að stuðla að bata. Jafnframt er líklegt að þær verði fyrir áhrifum af versnandi efnahagsástandi. Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁹⁾, Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁰⁾ og lögbær yfirvöld hafa veitt stofnunum fjármagn tímabundið, lausafé og rekstrarstuðning til að tryggja að stofnanirnar geti haldið áfram að sinna hlutverki sínu í fjármögnun raunhagkerfisins þrátt fyrir meira krefjandi umhverfi. Einkum hafa framkvæmdastjórnin, Seðlabanki Evrópu og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitt skýra leiðsögn um beitingu þess sveigjanleika sem þegar er að finna í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með því að gefa út skýringar og leiðbeiningar um beitingu varfærnisreglurammans í tengslum við COVID-19. Meðal slíkra leiðbeininga er túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 2020 um beitingu reikningsskiðlaumgjáðar og varfærnisregluramma til að auðvelda lánveitingar banka í Evrópusambandinu - Stuðningur við fyrirtæki og heimili vegna COVID-19. Baselnefndin um bankaeftirlit hefur einnig veitt nokkuð svigrúm við beitingu á alþjóðlegum stöðlum til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldurinum.
- 6) Mikilvægt er að stofnanir nýti fjármagn sitt þar sem þörfin fyrir það er mest og að regluramm Sambandsins auðveldi það ásamt því að tryggja að stofnanirnar gæti varfærni. Auk þess sveigjanleika sem þegar er veittur í núgildandi reglum, myndu markvissar breytingar á reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 tryggja greiða samvirkni varfærnisreglurammans við ýmsar ráðstafanir til þess að takast á við COVID-19-heimsfaraldurinn.
- 7) Við hinar einstöku aðstæður COVID-19-heimsfaraldursins og fordæmalaugar áskoranir var kallað eftir tafarlausum aðgerðum til að tryggja að stofnanir gætu veitt fjármagni til fyrirtækja og heimila með árangursríkum hætti og dregið úr efnahagsáfallinu sem COVID-19-heimsfaraldurinn hefur valdið.
- 8) Tryggingar sem ríki eða aðrir opinberir aðilar, sem eru taldir jafn traustir lántakendur samkvæmt staðal-aðferðinni fyrir útlánaáættu sem sett er fram í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, veita í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn eru sambærilegar að því er varðar áhættumildunaráhrif við tryggingar sem opinberar útflutningslánastofnanir veita í samræmi við 47. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Því þykir rétt að samræma kröfur um lágmarks tryggingavernd fyrir vanefndar áhættuskuldbindingar sem þjóðríki eða aðrir opinberir aðilar ábyrgjast við þær kröfur sem eiga við um vanefndar áhættuskuldbindingar sem opinberar útflutningslánastofnanir ábyrgjast.
- 9) Í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn hefur komið í ljós að möguleikinn á að undanskilja tímabundið tilteknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum frá útreikningum á heildarmælistærð áhættuskuldbindinga stofnunar, eins og kveðið er á um í 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eins og henni er breytt með reglugerð (ESB) 2019/876, gæti reynst vera lykilatriði við neyðaraðstæður. Hins vegar verður ákvörðunarréttur til að undanskilja slíkar áhættuskuldbindingar ekki virkur fyrr en 28. júní 2021. Því gætu lögbær yfirvöld ekki nýtt sér þetta úrræði fyrir þann dag til að takast á við auknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum sem búast má við í kjölfar ráðstafana í peningamálastefnu sem gerðar eru til að draga úr efnahagslegum áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins. Auk þess virðist virkni þessa úrræðis takmarkast af minni sveigjanleika, sem til kemur vegna samjöfnunarfyrirkomulags sem fylgir slíkum tímabundnum undanþágum sem myndi takmarka getu stofnana til að auka áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum við neyðaraðstæður. Það gæti á endanum leitt til þess að stofnun neyðist til að draga úr útlánnum til heimila

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

og fyrirtækja. Þess vegna, til að koma í veg fyrir óæskilegar afleiðingar í tengslum við samjöfnunar-fyrirkomulagið og til að tryggja að slík undanþága skili tilætluðum árangri þegar tekist er á við mögulega erfiðleika og áföll í framtíðinni, ætti að gera breytingar á samjöfnunarfyrirkomulaginu. Auk þess, til þess að tryggja að þessi valmöguleiki sé tiltækur meðan á COVID-19-heimsfaraldrinum stendur, ætti möguleikinn á að undanskilja tilteknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum að vera fyrir hendi áður en vogunarlutfallskrafa d-liðar 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 tekur gildi 28. júní 2021. Ákvæði 429. gr. a ættu að gilda áfram eins og þau eru orðuð samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2015/62 þar til hin breyttu ákvæði um útreikninga á vogunarlutfalli koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2019/876 ⁽¹⁾.

- 10) Baselnefndin um bankaeftirlit endurskoðaði útreikninga á virði áhættuskuldbindinga vogunarlutfalls árið 2017 vegna reglubundinna kaupa eða sölu sem bíða uppgjörs til þess að tryggja að meðferðin á þeim endurspegli vogunina sem er innbyggð í þessi viðskipti og að möguleg mismunandi reikningsskil hafi ekki áhrif á útreikninga meðal stofnana með sambærilegar stöður. Í Sambandinu var þessi endurskoðun innleidd með reglugerð (ESB) 2019/876. Hins vegar kemur þessi hagstæðari meðferð ekki til framkvæmdar fyrr en 28. júní 2021. Þar sem hin endurskoðaða útreikningsaðferð myndi endurspeglar raunverulega vogun viðskipta betur og jafnframt auka getu stofnana til útlána og til að taka á sig tap á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir ættu stofnanir nú þegar að geta beitt endurskoðuðu útreikningsaðferðunum tímabundið áður en ákvæðin sem leidd eru í lög með reglugerð (ESB) 2019/876 taka gildi gagnvart öllum stofnunum Sambandsins.
- 11) Margar stofnanir sem starfa innan Sambandsins hafa fallið undir IFRS 9 frá 1. janúar 2018. Í samræmi við alþjóðlega staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti var með reglugerð (ESB) 2017/2395 innleitt í reglugerð (ESB) 575/2013 umbreytingarfyrirkomulag til að draga úr mögulegum umtalsverðum neikvæðum áhrifum vænts útlánataps á almennt eigið fé þáttar 1 stofnana samkvæmt IFRS-staðli 9.
- 12) Beiting IFRS 9 á meðan efnahagssamdrátturinn vegna COVID-19-heimsfaraldursins stendur yfir gæti leitt til skyndilegrar aukningar á varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps þar sem vera kynni að reikna þyrfti vænt tap á líftíma fyrir margar áhættuskuldbindingar. Baselnefndin um bankaeftirlit, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa tekið skýrt fram að þess er vænst að stofnanir beiti ekki núgildandi aðferðum á vænt útlánatap með vélrænum hætti í sérstökum undantekningartilvikum svo sem vegna COVID-19-heimsfaraldursins heldur nýti þann sveigjanleika sem innbyggður er í IFRS 9, t.d. með því að taka tilhlýðilegt tillit til langtíma efnahagsþróunar. Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti 3. apríl 2020 að veita meiri sveigjanleika við framkvæmd umbreytingarfyrirkomulags til þess að taka inn áhrif IFRS 9 í skrefum. Til þess að draga úr mögulegum óstöðugleika á lögbundnu eigin fé sem gæti komið til ef COVID-19-heimsfaraldurinn leiðir til verulegrar aukningar á varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps er nauðsynlegt að framlengja umbreytingarfyrirkomulagið einnig í lögum Sambandsins.
- 13) Til að draga úr mögulegum áhrifum skyndilegrar aukningar á varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps á getu stofnana til útlána til viðskiptavina þegar þörfin er mest ætti að framlengja umbreytingarfyrirkomulagið um tvö ár og stofnanir ættu að geta bætt að fullu við almennt eigið fé þáttar 1 allri aukningu í nýjum varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps sem þær færa árin 2020 og 2021 fyrir fjáreignir sínar sem ekki eru virðisrýrðar. Þessar breytingar myndu draga frekar úr áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins á mögulega aukna þörf stofnana til varúðarniðurfærslu samkvæmt IFRS 9 og jafnframt halda í umbreytingarfyrirkomulagið fyrir áætlað útlánatap sem komið var á áður en COVID-19-heimsfaraldurinn skall á.
- 14) Stofnanir sem hafa áður ákveðið að nýta eða nýta ekki umbreytingarfyrirkomulagið ættu að geta dregið þá ákvörðun til baka hvenær sem er á nýja umbreytingartímabilinu með fyrirvara um að þær fái fyrirframheimild til þess frá lögbærum yfirvöldum sínum. Lögbær yfirvöld ættu að tryggja að slík ákvörðunarbreyting ráðist ekki af sjónarmiðum um eftirlitshögnun. Þar af leiðandi og með fyrirvara um fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu ættu stofnanir að geta ákveðið að hætta að nýta umbreytingarfyrirkomulagið.
- 15) Hin einstöku áhrif COVID-19-heimsfaraldursins koma einnig fram í gríðarlegum óstöðugleika á fjármálamörkuðum sem ásamt óvissu leiðir til aukinna vaxta á opinberar skuldir sem leiðir aftur til óinnleysts taps eignarhlutdeilda stofnana í opinberum skuldum. Til þess að draga úr verulegum neikvæðum áhrifum óstöðugleika ríkisskuldamarkaða, á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir, á lögbundið eigið fé

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarlutfallið (Stjtið. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 37).

- stofnana og þar af leiðandi á svigrúm stofnana til útlána til viðskiptavina, ætti að koma aftur á fót tímabundinni varfærnisú sem hindraði þau áhrif.
- 16) Stofnanir þurfa að framkvæma afturvirka prófun eigin líkana sinna daglega til að meta hvort þessi líkön leiði af sér nægilegar eiginfjárkröfur til að taka við tapi í veltubók. Ef ágallar í kröfum afturvirkar prófunar, sem einnig nefnast yfirskot, kæmu fram oftar en sem nemur tiltekinni tölu á ári myndi það leiða til þess að viðbótar magnbundnum margfaldara væri beitt á eiginfjárkröfur að því er varðar markaðsáhættu þegar notað er eigið líkan. Kröfur afturvirkar prófunar eru mjög sveiflumagnandi á tímum gríðarlegs óstöðugleika svo sem þeim sem COVID-19-heimsfaraldurinn hefur valdið. Í kjölfar efnahagsáfallsins hefur magnbundni markaðsáhættumargfaldarinn sem beitt er á eigin líkön hækkað umtalsvert. Basel III regluramminn um markaðsáhættu heimilar lögbærum yfirvöldum að jafna út slíka óvenjulega atburði í eigin líkönum fyrir markaðsáhættu en slíkt ákvörðunarvald eftirlitsyfivalda er ekki fyllilega til staðar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Því ætti að veita lögbærum yfirvöldum aukið svigrúm til að milda neikvæðar afleiðingar gríðarlegs óstöðugleika á markaði á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir með því að undanskilja yfirskot sem verða frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021 sem ekki er hægt að rekja til annmarka í eigin líkönum. Á grundvelli reynslunnar af COVID-19-heimsfaraldurinum ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort einnig ætti að veita slíkt svigrúm þegar gríðarlegur óstöðugleiki verður á markaði í framtíðinni.
 - 17) Í mars 2020 endurskoðaði hópur seðlabankastjóra og forstöðumanna fjármálaeftirlita tímalínu framkvæmdar lokaatriða Basel III reglurammans. Þótt enn eigi eftir að innleiða flest lokaatriðin í lög Sambandsins hafa kröfur um vogunarhlutfallsauka fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu þegar verið innleiddar með breytingum sem gerðar eru með reglugerð (ESB) 2019/876. Þess vegna, og til þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavettvangi fyrir stofnanir sem komið hefur verið á fót í Sambandinu sem starfa einnig utan Sambandsins, ætti að fresta gildistökudegi kröfunnar um vogunarhlutfallsauka sem sett er fram í þeirri reglugerð til 1. janúar 2023. Með frestun á beitingu kröfunnar um vogunarhlutfallsauka myndi misbrestur á að uppfylla þá kröfu, sbr. 141. gr. c tilskipunar 2013/36/ESB, ekki hafa neinar afleiðingar á frestunartímabilinu og engar tengdar hömlur á útgreiðslur sem settar eru fram í 141. gr. b. þeirrar tilskipunar vera til staðar.
 - 18) Að því er varðar lán sem lánastofnanir veita lífeyrisþegum eða launþegum með ótímabundna ráðningar-samninga gegn skilyrðislausri millifærslu hluta lífeyris eða launa lánþegans til lánastofnunarinnar var 123. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 breytt með reglugerð (ESB) 2019/876 til að gera kleift að veita slíkum lánum hagstæðari meðferð. Beiting slíkrar meðferðar í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn myndi auka hvata fyrir stofnanir til að auka lánveitingar til launþega og lífeyrisþega. Því er nauðsynlegt að flýta gildistökudegi þeirra ákvæða svo stofnanir geti gripið til þeirra á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir.
 - 19) Þar sem stuðningsþátturinn fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki og stuðningsþátturinn fyrir innviði gerir hagstæðari meðferð tiltekinnna áhættuskuldbindinga vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og innviða mögulega, ætti beiting hans í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn að vera hvata fyrir stofnanir að auka mjög þarf lánveitingar. Því er nauðsynlegt að flýta gildistökudegi þessara tveggja stuðningsþátta svo stofnanir geti gripið til þeirra á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir.
 - 20) Varfærnis meðferð fyrir tiltekna hugbúnaðareignir var breytt með reglugerð (ESB) 2019/876 til þess að styðja betur við umbreytingu í átt að stafrænni bankageira. Í því samhengi að stafræn þjónusta hefur verið tekin í notkun hraðar vegna opinberra ráðstafana sem samþykktar voru til að takast á við COVID-19-heimsfaraldurinn ætti að flýta gildistöku þeirra breytinga.
 - 21) Opinber fjármögnun með útgáfu ríkisskuldabréfa í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis gæti reynst nauðsynleg til að styðja við ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins. Til þess að komast hjá ónauðsynlegum hömlum á stofnanir sem fjárfesta í slíkum skuldabréfum þykir rétt að taka upp aftur umbreytingarfyrirkomulagið fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum þegar þær áhættuskuldbindingar eru gefnar upp í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis að því er varðar meðferð slíkra áhættuskuldbindinga samkvæmt rammanum um útlánaáhættu og framlengja umbreytingarfyrirkomulagið að því er varðar meðferð slíkra áhættuskuldbindinga samkvæmt takmörkunum á stórum áhættuskuldbindingum.
 - 22) Við hinar óvenjulegu aðstæður sem komið hafa upp vegna COVID-19-heimsfaraldursins er ætlast til þess að hagsmunaaðilar leggi sitt af mörkum til aðgerða til að ná bata. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Seðlabanki Evrópu og önnur lögbær yfirvöld hafa gefið út tilmæli til stofnana um að stöðva tímabundið arðgreiðslur og endurkaup hlutabréfa á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir. Til þess að tryggja samræmda beitingu slíkra tilmæla ættu lögbær yfirvöld að nýta eftirlitsheimildir sínar til fulls, þ.m.t. heimildir til að setja bindandi hömlur á útgreiðslur eða skorður á breytileg launakjör, ef við á, í samræmi

við tilskipun 2013/36/ESB. Á grundvelli reynslunnar af COVID-19-heimsfaraldrinum ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort veita ætti lögbærum yfirvöldum viðbótar bindandi valdheimildir til þess að leggja hömlur á útgreiðslur við sérstakar aðstæður.

- 23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að hámarka getu stofnana til lánveitinga og taka á sig tap vegna COVID-19-heimsfaraldursins og jafnframt tryggja áframhaldandi viðnámsþrótt slíkra stofnana, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 24) Til þess að hinar sérstöku stuðningsráðstafanir, sem samþykktar eru til að draga úr áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins, nái fullri skilvirkni að því er varðar það að viðhalda viðnámsþrótti bankageirans og búa til hvata fyrir stofnanir til að halda áfram lánveitingum er nauðsynlegt að hin mildandi áhrif þessara ráðstafana endurspeglar strax í því hvernig lögbundnar eiginfjárkröfur eru ákvarðaðar. Með hliðsjón af því hve aðkallandi þessar aðlaganir á reglurammanum um varfærnisreglur eru ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 25) Í ljósi hinna brýnu, sérstöku aðstæðna, sem hafa skapast af völdum útbreiðslu COVID-19 heimsfaraldursins, var talið viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum, sem um getur í 4. gr. bókonar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 26) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað inngangsorða 4. mgr. 47. gr. c kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar skulu eftirfarandi stuðlar gilda um þann hluta vanefndrar áhættuskuldbindingar sem opinber útflutningslánastofnun ábyrgist eða tryggir eða sem hæfur veitandi útlánavarnar sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 201. gr. ábyrgist eða bakábyrgist ef ótryggðar áhættuskuldbindingar gagnvart honum myndu fá 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta.“
- 2) Í 114. gr. fellur 6. mgr. brott.
- 3) Í stað ii. liðar d-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 150. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum fá 0% áhættuvog skv. 2. eða 4. mgr. 114. gr.“.
- 4) Ákvæðum 429. gr. a, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/876, er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað inngangsorðanna í n-lið 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„n) eftirfarandi áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabanka stofnunarinnar, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 5. og 6. mgr.“.
 - b) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:
 - i. Eftirfarandi kemur í stað inngangsmálsliðarins:

„Stofnanir geta undanskilið áhættuskuldbindingar sem taldar eru upp í n-lið 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt.“
 - ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„c) lögbært yfirvald stofnunarinnar hefur ákvarðað að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka á hvaða degi hinar sérstöku aðstæður teljast hafa hafist og tilkynnt um þá dagsetningu opinberlega; sá dagur skal vera við lok ársfjórðungs.“
 - c) Í stað skilgreininga á „EM_{LR}“ og „CB“ í 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„EM_{LR} = heildarmælistærð áhættuskuldbindingar stofnunar eins og hún er reiknuð í samræmi við 4. mgr. 429. gr., þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem eru undanskildar í samræmi við n-lið 1. mgr. þessarar greinar, á þeim degi sem um getur í c-lið 5. mgr. þessarar greinar og

CB = dagsmeðaltal heildarvirðis áhættuskuldbindinga stofnunarinnar gagnvart seðlabanka sínum, reiknað yfir heilt bindiskyldutímabil seðlabankans sem kemur næst á undan þeim degi sem um getur í c-lið 5. mgr. sem hægt er að undanskilja í samræmi við n-lið 1. mgr.“

- 5) Ákvæði 467. gr. falla brott.
6) Í stað 468. gr. kemur eftirfarandi:

„468. gr.

Tímabundin meðferð óinnleysts hagnaðar og taps metið á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

1. Þrátt fyrir 35. gr. mega stofnanir, á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2022 („tímabil tímabundinnar meðferðar“) fjarlægja úr útreikningum á liðum í almennu eigin fé þáttar 1 fjárhæðina A sem er ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$A = a \cdot f$$

þar sem:

- a = fjárhæð óinnleysts hagnaðar og taps sem safnast hefur upp frá 31. desember 2019 sem flokkuð eru sem „breytingar á gangvirði fjármálagerninga sem metnir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu“ í efnahagsreikningi, sem samsvarar áhættuskuldbindingum gagnvart ríkjum, héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum sem um getur í 2. mgr. 115. gr. þessarar reglugerðar og opinberum aðilum sem um getur í 4. mgr. 116. gr. þessarar reglugerðar, að frátöldum þeim fjáreignum sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 („viðaukinn sem varðar IFRS 9“) og
- f = stuðullinn fyrir hvert skýrslugjafarar á tímabili tímabundinnar meðferðar í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu beita eftirfarandi stuðlum f við útreikning á fjárhæð A sem um getur í 1. mgr.:

- a) 1 á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,
b) 0,7 á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,
c) 0,4 á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022.

3. Ef stofnun ákveður að beita tímabundinni meðferð sem sett er fram í 1. mgr. skal hún upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína a.m.k. 45 dögum áður en skiladagurinn rennur upp fyrir framlagningu upplýsinganna sem byggðar eru á þeirri meðferð. Með fyrirvara um fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu má stofnun snúa við upphaflegri ákvörðun sinni einu sinni á því tímabili sem tímabundinni meðferð er beitt. Stofnanir skulu tilkynna opinberlega ef þær beita þeirri meðferð.

4. Ef stofnun fjarlægir fjárhæð óinnleysts taps úr liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal hún endurreikna allar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB sem eru reiknaðar með notkun einhverra af eftirfarandi liðum:

- a) fjárhæð frestaðrar skattinneignar sem er dregin frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við c-lið 1. mgr. 36. gr. eða áhættuvegin í samræmi við 4. mgr. 48. gr.,
b) fjárhæð sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu.

Þegar viðkomandi krafa er endurreiknuð skal stofnunin ekki taka tillit til þeirra áhrifa sem varúðar- niðurfærsla vegna áætlaðs útlánataps sem tengist áhættuskuldbindingum gagnvart ríkjum, héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum sem um getur í 2. mgr. 115. gr. þessarar reglugerðar og opinberum aðilum sem um getur í 4. mgr. 116. gr. þessarar reglugerðar, að undanskildum þeim fjáreignum sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, hefur á þá liði.

5. Á tímabilunum sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir sem hafa ákveðið að beita tímabundnu meðferðinni sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar, í viðbót við upplýsingamar sem birta skal samkvæmt áttunda hluta, birta fjárhæðir eiginfjárgrunns, almenns eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárþáttar 1, heildareiginfjárlutfall, hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1, hlutfall eiginfjárþáttar 1 og vögunarhlutfallið sem þær væru með ef þær beittu ekki þessari meðferð.“

- 7) Ákvæðum 473. gr. a er breytt sem hér segir:
a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
i. Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 50. gr. og þar til við lok umbreytingartímabilanna sem sett eru fram í 6. mgr. og 6. mgr. a þessarar greinar geta eftirfarandi stofnanir tekið með í sitt almenna eigið fé þáttar 1 fjárhæðina sem reiknuð er út í samræmi við þessa málsgrein:“.

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Fjárhæðin sem um getur í fyrstu undirgrein skal reiknuð út sem samtalan af eftirfarandi:

a) fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 2. kafla II. bálks þriðja hluta, fjárhæðin (AB_{SA}) reiknuð út í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$AB_{SA} = (A_{2,SA} - t_1) \cdot f_1 + (A_{4,SA} - t_2) \cdot f_2 + (A_{SA}^{old} - t_3) \cdot f_1$$

þar sem:

$A_{2,SA}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 2. mgr.,

$A_{4,SA}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr., á grundvelli fjárhæðanna sem reiknaðar eru í samræmi við 3. mgr.,

$$A_{SA}^{old} = \max\{P_{1.1.2020}^{SA} - P_{1.1.2018}^{SA}; 0\},$$

$P_{1.1.2020}^{SA}$ = samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2020,

$P_{1.1.2018}^{SA}$ = samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2018 eða á upphafsdegi beitingar IFRS 9, hvort sem ber upp síðar,

f_1 = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr.,

f_2 = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr. a,

t_1 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{2,SA}$ sem skattfrádrátt,

t_2 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{4,SA}$ sem skattfrádrátt,

t_3 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina A_{SA}^{old} sem skattfrádrátt,

b) fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 3. kafla II. bálks þriðja hluta, fjárhæðin (AB_{IRB}) reiknuð út í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$AB_{IRB} = (A_{2,IRB} - t_1) \cdot f_1 + (A_{4,IRB} - t_2) \cdot f_2 + (A_{IRB}^{old} - t_3) \cdot f_1$$

þar sem:

$A_{2,IRB}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 2. mgr., sem er aðlöguð í samræmi við a-lið 5. mgr.,

$A_{4,IRB}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr., byggðri á fjárhæðunum sem reiknaðar eru í samræmi við 3. mgr. sem eru aðlagðar í samræmi við b- og c-lið 5. mgr.,

$$A_{IRB}^{old} = \max\{P_{1.1.2020}^{IRB} - P_{1.1.2018}^{IRB}; 0\},$$

$P_{1.1.2020}^{IRB} =$ samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðaður er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknaðar eru út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. þessarar reglugerðar, 1. janúar 2020. Þegar útreikningar leiða til neikvæðrar tölu skal stofnunin setja virði $P_{1.1.2020}^{IRB}$ sem jafnt og núll,

$P_{1.1.2018}^{IRB} =$ samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðaður er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreignanna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, 1. Janúar 2018 eða á þeim degi sem IFRS 9 var upphaflega beitt, hvort sem ber upp síðar, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknað er út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. þessarar reglugerðar. Þegar útreikningar leiða til neikvæðrar tölu skal stofnunin setja virði $P_{1.1.2018}^{IRB}$ sem jafnt og núll,

$f_1 =$ gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr.,

$f_2 =$ gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr. a,

$t_1 =$ hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{2,IRB}$ sem skattfrádrátt,

$t_2 =$ hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{4,IRB}$ sem skattfrádrátt,

$t_3 =$ hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina A_{IRB}^{old} sem skattfrádrátt.“

b) Í stað a- og b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðaður er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, á skýrslugjafardegi og, þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu væntu útlánatapi sem ákvarðað er fyrir áhættuskuldbindingar sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A í viðaukanum sem varðar IFRS 9,

b) samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9 og þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu áætluðu útlánatapi sem er ákvarðað fyrir áhættuskuldbindingar sem metnar eru á gagnvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2. A og viðaukans sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2020 eða á upphafsdegi beitingar IFRS 9, hvort sem ber upp síðar.“

c) Í stað b- og c-liða 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) stofnanir skulu skipta út fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við a-lið 3. mgr. þessarar greinar með samtölu áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann

sem varðar IFRS 9, og þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu áætluðu útlánatapi sem ákvarðað er fyrir áhættuskuldbindingar sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A í viðaukanum sem varðar IFRS 9, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknað er út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. á skýrsluskiladeginum. Ef niðurstaða útreikningsins er neikvæð tala skal stofnun setja virðið á fjárhæðinni sem um getur í a-lið 3. mgr. þessarar greinar sem jafnt og núll,

- c) stofnanir skulu skipta út fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við b-lið 3. mgr. þessarar greinar með samtölu áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvörðuð er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, og þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu áætluðu útlánatapi fyrir áhættuskuldbindingar sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A í viðaukanum sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2020 eða á upphafsdegi beitingar IFRS 9, hvort sem ber upp síðar, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknað er út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. 1. janúar 2020 eða á þeim degi sem upphafleg beiting IFRS 9 hefst, hvort sem ber upp síðar. Ef niðurstaða útreikningsins er neikvæð tala skal stofnun setja virðið á fjárhæðinni sem um getur í b-lið 3. mgr. þessarar greinar sem jafnt og núll.“
- d) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Stofnanir skulu beita eftirfarandi stuðlum f_1 til að reikna út fjárhæðirnar AB_{SA} og AB_{IRB} sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.:

- 0,7 á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,
- 0,5 á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,
- 0,25 á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022,
- 0 á tímabilinu frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2024.

Stofnanir með fjárhagsár sem hefst eftir 1. janúar 2020 en fyrir 1. janúar 2021 skulu aðlaga dagsetningarnar í a- til d-liðar fyrstu undirgreinar svo að þær samsvari fjárhagsári þeirra, og skulu tilkynna aðlöguðu dagsetningarnar lögbærum yfirvöldum sínum og gera þær opinberar.

Stofnanir sem byrja að beita reikningsskilastöðlunum, eins og um getur í 1. mgr., 1. janúar 2021 eða síðar, skulu beita viðkomandi stuðlum í samræmi við b- til d-lið fyrstu undirgreinar og byrja með stuðulinn sem samsvarar árinu sem þessum reikningsskilastöðlum er beitt fyrst.“

- e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6a. Stofnanir skulu beita eftirfarandi stuðlum f_2 til að reikna út fjárhæðirnar AB_{SA} og AB_{IRB} sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.:

- 1 á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,
- 1 á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,
- 0,75 á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022,
- 0,5 á tímabilinu frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2023,
- 0,25 á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024.

Stofnanir með fjárhagsár sem hefst eftir 1. janúar 2020 en fyrir 1. janúar 2021 skulu aðlaga dagsetningarnar í a- til e-liðar fyrstu undirgreinar svo að þær samsvari fjárhagsári þeirra, og skulu tilkynna aðlöguðu dagsetningarnar lögbærum yfirvöldum sínum og gera þær opinberar.

Stofnanir sem byrja að beita reikningsskilastöðlunum, eins og um getur í 1. mgr., 1. janúar 2021 eða síðar skulu beita viðkomandi stuðlum í samræmi við b- til e-lið fyrstu undirgreinar og byrja með stuðulinn sem samsvarar árinu sem þessum reikningsskilastöðlum er beitt fyrst.“

- f) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7a. Þrátt fyrir b-lið 7. mgr. þessarar greinar, þegar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í tilskipun 2013/36/ESB eru endurreiknaðar, mega stofnanir úthluta 100% áhættuvog á fjárhæð AB_{SA} sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar. Að því er varðar útreikning á heildarmælistærð áhættuskuldbindinga sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þessarar reglugerðar skulu

stofnanir bæta fjárhæðum AB_{SA} og AB_{IRB} sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar við heildarmælistærð áhættuskuldbindinga.

Stofnanir geta aðeins einu sinni valið hvort þær noti útreikningana sem settir eru fram í b-lið 7. mgr. eða útreikningana sem settir eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Stofnanir skulu gera ákvörðun sína opinbera.“

g) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Á tímabilunum sem sett eru fram í 6. mgr. og 6. mgr. a þessarar greinar skulu stofnanir sem hafa ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein, í viðbót við upplýsingarnar sem birta skal samkvæmt áttunda hluta, tilkynna lögbærum yfirvöldum og birta fjárhæðir eiginfjárgrunns, almenns eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárþáttar 1, hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1, hlutfall eiginfjárþáttar 1, heildareiginfjárlutfallið og vagnarhlutfallið sem þær væru með ef þær beittu ekki þessari grein.“

h) Ákvæðum 9. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„9. Stofnanir skulu ákvarða hvort beita eigi fyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein á umbreytingartímabilinu og skulu upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína eigi síðar en 1. febrúar 2018. Ef stofnun hefur fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu getur hún, á umbreytingartímabilinu, snúið við ákvörðun sinni. Stofnanir skulu birta opinberlega sérhverja ákvörðun sem tekin er í samræmi við þessa undirgrein.“

Stofnun sem hefur ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein getur ákveðið að beita ekki 4. mgr. og skal í því tilviki upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína eigi síðar en 1. febrúar 2018. Í slíku tilviki skal stofnunin setja $A_{4,SA}$, $A_{4,IRB}$, A_{SA}^{old} , A_{IRB}^{old} , t_2 og t_3 sem um getur í 1. mgr. sem jafnt og núll. Ef stofnun hefur fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu getur hún, á umbreytingartímabilinu, snúið við ákvörðun sinni. Stofnanir skulu birta opinberlega sérhverja ákvörðun sem tekin er í samræmi við þessa undirgrein.“

ii. Eftirfarandi undirgreinar bætast við:

„Stofnun sem hefur ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein getur ákveðið að beita ekki 2. mgr. og skal í því tilviki upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína án tafar. Í slíku tilviki skal stofnunin setja $A_{2,SA}$, $A_{2,IRB}$ og t_1 sem um getur í 1. mgr. sem jafnt og núll. Stofnun getur snúið við ákvörðun sinni á umbreytingartímabilinu að því gefnu að hún hafi fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu.“

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni a.m.k. árlega um beitingu þessarar greinar af hálfu stofnana sem sæta eftirliti þeirra.“

8) Í 495. gr. fellur 2. mgr. brott.

9) Eftirfarandi greinar bætast við:

„500. gr. a

Tímabundin meðferð á opinberum skuldum sem gefnar eru út í gjaldmiðli annars aðildarríkis.

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 114. gr., þar til 31. desember 2024, að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum aðildarríkja, þegar þær áhættuskuldbindingar eru gefnar upp og fjármagnaðar í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis, gildir eftirfarandi:

- til 31. desember 2022, skal beita 0% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr., á virði áhættuskuldbindinganna,
- á árinu 2023 skal beita 20% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr., á virði áhættuskuldbindinganna,
- á árinu 2024 skal beita 50% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr., á virði áhættuskuldbindinganna.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 395. gr. og 4. mgr. 493. gr. geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að taka á sig áhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar upp að eftirfarandi mörkum:

- 100% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar fram til 31. desember 2023,
- 75% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar milli 1. janúar og 31. desember 2024,
- 50% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar milli 1. janúar og 31. desember 2025.

Mörkin sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu gilda um virði áhættuskuldbindinga eftir að tekið er tillit til áhrifanna af mildun útlánaáhættu í samræmi við 399. til 403. gr.

3. Þrátt fyrir ii. lið d-liðar 1. mgr. 150. gr. geta stofnanir, að fenginni fyrirframheimild frá lögbærum yfirvöldum og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 150. gr., einnig beitt staðaladferðinni á áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum þegar þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað 0% áhættuvog skv. 1. mgr. þessarar greinar.

500. gr. b

Tilteknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum tímabundið undanskildar heildarmælistærð áhættuskuldbindinga í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

1. Þrátt fyrir 4. mgr. 429. gr. má stofnun, þar til 27. júní 2021, undanskilja frá heildarmælistærð áhættuskuldbindinga eftirfarandi áhættuskuldbindingar stofnunarinnar gagnvart seðlabanka sínum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar:

- a) mynt og peningaseðla sem eru lögmætir gjaldmiðlar í lögsögu seðlabankans,
- b) eignir sem eru kröfur á seðlabankann, þ.m.t. varaforða í vörslu seðlabankans.

Fjárhæðin sem stofnun undanskilur skal ekki vera hærri en dagleg meðalfjárhæð þeirra áhættuskuldbindinga sem taldar eru upp í a- og b-lið fyrstu undirgreinar á síðastliðnu heila bindiskyldutímabili seðlabanka stofnunarinnar.

2. Stofnun má undanskilja þær áhættuskuldbindingar sem taldar eru upp í 1. mgr. ef lögbært yfirvald stofnunarinnar hefur ákveðið, að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka, og lýst því opinberlega yfir að sérstakar aðstæður ríki sem réttlæti að þær séu undanskildar til þess að auðvelda framkvæmd peningamálastefnu.

Áhættuskuldbindingar sem undanskildar eru skv. 1. mgr. skulu uppfylla bæði af eftirfarandi skilyrðum:

- a) þær eru gefnar út í sama gjaldmiðli og innstæðurnar sem stofnun tekur við,
- b) meðalbinitími þeirra er ekki umtalsvert lengri en meðalbinitími innstæða sem stofnunin tekur við.

Stofnun sem undanskilur áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabanka sínum frá heildarmælistærð áhættuskuldbindinga í samræmi við 1. mgr. skal einnig birta vogunarhlutfallið sem hún væri með ef hún beitti ekki þessari grein.

500. gr. c

Yfirkot undanskilin útreikningum á samleggjanda í afturvirkri prófun í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

Lögbær yfirvöld geta, þrátt fyrir 3. mgr. 366. gr., við sérstakar aðstæður og í stökum tilvikum leyft stofnunum að undanskilja yfirkot sem koma fram í afturvirkri prófun stofnana á hugsanlegum eða raunverulegum breytingum úr útreikningum á samleggjandanum sem settir eru fram í 3. mgr. 366. gr. að því tilskildu að þessi yfirkot séu ekki tilkomin vegna annmarka í eigin líkani og að því tilskildu að þau hafi átt sér stað milli 1. janúar 2020 og 31. desember 2021.

500. gr. d

Tímabundinn útreikningur á virði áhættuskuldbindinga vegna reglubundinna kaupa og sölu sem bíða uppgjors í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

1. Þrátt fyrir 4. mgr. 429. gr. mega stofnanir, þar til 27. júní 2021, reikna út áhættuskuldbindingarvirði reglubundinna kaupa og sölu sem bíða uppgjors í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Stofnanir skulu fara með reiðufé sem tengist reglubundinni sölu og verðbréf sem tengjast reglubundnum kaupum, sem halda áfram að vera á efnahagsreikningnum til uppgjorsdags, eins og eignir í samræmi við a-lið 4. mgr. 429. gr.

3. Stofnanir sem, í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, beita reikningshaldi sem miðast við viðskiptadag á reglubundin kaup og sölur sem bíða uppgjors skulu snúa við jöfnun viðskiptakrafna í reiðufé vegna reglubundinna sala sem bíða uppgjors og viðskiptaskulda í reiðufé vegna reglubundinna kaupa sem bíða uppgjors sem leyfð er samkvæmt þeirri reikningsskilaumgjörð. Þegar stofnanir hafa snúið við reikningshaldslegu jöfnuninni mega þær jafna saman þessum viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé ef tengdar reglubundnar sölur og kaup eru bæði gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu.

4. Stofnanir sem, í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, beita reikningshaldi sem miðast við uppgjörsdag á reglubundin kaup og sölur sem bíða uppgjörs skulu telja fullt nafnverð greiðsluskuldbindinga sem tengjast reglubundnum kaupum með í heildarmælistærð áhættuskuldbindinga.

Stofnanir geta einungis jafnað fullu nafnverði greiðsluskuldbindinga tengdum reglubundnum kaupum með fullu nafnverði viðskiptakrafna í reiðufé sem tengjast reglubundnum sölum sem bíða uppgjörs að báðum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) bæði reglubundnu kaupin og sölurnar eru gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu,
- b) fjáreignir sem eru keyptar og seldar sem eru tengdar við viðskiptaskuldir og viðskiptakröfur í reiðufé eru metnar á gangvirði í gegnum hagnað eða tap og eru í veltubók stofnunar.

5. Að því er varðar þessa grein merkja „reglubundin kaup eða sala“, kaup eða sölu á verðbréfum samkvæmt samningi með skilmálum sem kveða á um afhendingu verðbréfs innan tímabils sem komið er á með almennum hætti í lögum eða venju á viðkomandi markaði.“

10) Eftirfarandi grein bætist við:

„518 gr. b.

Tilkynningar um yfirkot og eftirlitsheimildir til að takmarka útgreiðslur

Eigi síðar en 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það hvort sérstakar aðstæður sem hafa valdið alvarlegri efnahagslegri truflun á eðlilegri virkni og heilbrigði fjármálamarkaða réttlæti:

- a) að lögbærum yfirvöldum sé heimilt á slíku tímabili að undanskilja úr eigin líkani markaðsáhættu stofnana yfirkot sem eru ekki tilkomin vegna annmarka í þessum líkönum,
- b) að veita lögbærum yfirvöldum viðbótar bindandi heimildir á slíku tímabili til að leggja hömlur á útgreiðslur stofnana.

Framkvæmdastjórnin skal íhuga frekari ráðstafanir ef við á.“

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/876

Ákvæðum 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/876 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Eftirfarandi liðir í 1. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda frá 27. júní 2020:

- a) ákvæði 59. liðar að því er varðar hvernig ber að fara með tiltekin lán sem lánastofnanir veita lífeyrisþegum eða launþegum sem mælt er fyrir um í 123. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- b) ákvæði 133. liðar að því er varðar aðlögun á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem ekki eru í vanskilum eins og mælt er fyrir um í 501. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) ákvæði 134. liðar að því er varðar aðlaganir á eiginfjárkröfum fyrir lánaáhættu vegna áhættuskuldbindinga gagnvart aðilum sem reka eða fjármagna efnislega innviði eða aðstöðu, kerfi eða net sem veita eða styðja mikilvæga almannatjónustu eins og mælt er fyrir um í 501. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.“

2) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Ákvæði b-liðar 46. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar nýjar kröfur um eiginfjárgrunn kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. a 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu gilda frá 1. Janúar 2023.“

3) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Ákvæði 18. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar b-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem hefur að geyma ákvæðið um undanþágu frá frádrætti hugbúnaðareigna sem eru metnar á varfærinna hátt, skulu gilda frá gildistöku tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.“

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. júní 2020.

Þrátt fyrir að aðra málsgrein þessarar greinar skal 4. liður 1. gr. gilda frá 28. júní 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. BRNJAC

forseti.